ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 5

27. árgangur

30.1.2020

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/5/01 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/864d frá 17. maí 2017 um Evrópuár menningararfsins (2018) 1

2020/EES/5/02 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1479 frá 3. október 2018 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 10

2020/EES/5/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1622 frá 29. október 2018 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni í sæfivörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 12

2020/EES/5/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1623 frá 29. október 2018 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt af *Wolbachia* og notaðar vegna smitferjuvarna 16

2020/EES/5/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2321 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um tiltækileika til endurvinnslu sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa 18

2020/EES/5/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2322 frá 19. desember 2016 um snið yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa 23

2020/EES/5/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa 25

2020/EES/5/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2324 frá 19. desember 2016 um snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa 35

2020/EES/5/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2325 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um birgðaskrá yfir hættuleg efni sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa 37

2020/EES/5/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/684 frá 4. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 42

2020/EES/5/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/296 frá 24. febrúar 2015 um verklag við samstarf milli aðildarríkjanna um rafræna auðkenningu skv. 7. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum 54

2020/EES/5/12 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1177 frá 10. júlí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gelatíni, bragðbætandi innyflaafurðum og bræddri fitu 61

2020/EES/5/13 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka tilskipunar ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE 65

2020/EES/5/14 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/230 frá 7. febrúar 2019 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2330 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og járndextrani sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 74

2020/EES/5/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/894 frá 28. maí 2019 um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 75

2020/EES/5/16 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum 79

2020/EES/5/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 frá 2. maí 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram 81

2020/EES/5/18 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað 112

2020/EES/5/19 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu 116

2020/EES/5/20 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1139 frá 3. júlí 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með matvælum úr dýraríkinu í tengslum við kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið og lagarafurðir og tilvísun í viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur og prófunaraðferðir fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk 120

2020/EES/5/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/552 frá 4. apríl 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, bísýklópýrón, klórmekvat, sýpródiníl, dífenókónasól, fenprópímorf, fenpýroxímat, flúópýram, fosetýl, ísóprópíólan, ísópýrasam, oxamýl, próþíókónasól, spínetóram, trífloxýstróbín og tríflúmesópýrím í eða á tilteknum afurðum (..... 123

2020/EES/5/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/973 frá 13. júní 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bispýribak, denatóníumbensóat, fenoxýkarb, flúrklóridón, kvisalófóp-P-etýl, kvisalófóp-P-tefúrýl, própakvisafóp og tebúfenósíð í eða á tilteknum afurðum 167

2020/EES/5/23 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/977 frá 13. júní 2019 um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aklónífen, *Beauveria bassiana* af stofni PPRI 5339, *Clonostachys rosea* af stofni J1446, fenpýrasamín, mefentríflúkónasól og penkónasól í eða á tilteknum afurðum 192

2020/EES/5/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1015 frá 20. júní 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amínópýralíð, kaptan, sýasófamíð, flútíaníl, kresoxímmetýl, lambda-sýhalótrín, mandíprópamíð, pýraklóstróbín, spírómesífen, spírótetramat, teflúbensúrón og tetrakónasól í eða á tilteknum afurðum 217

2020/EES/5/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1176 frá 10. júlí 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, mandíprópamíð og prófoxýdím í eða á tilteknum afurðum (..... 259

2020/EES/5/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/978 frá 14. júní 2019 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó 284

2020/EES/5/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1338 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli 287

2020/EES/5/28 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/828 frá 14. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur varðandi D-vítamín í ungbarnablöndum og kröfur varðandi erúkasýru í ungbarnablöndum og stoðblöndum 290

2020/EES/5/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1294 frá 1. ágúst 2019 um leyfi til að setja á markað betaín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 290

2020/EES/5/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1314 frá 2. ágúst 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa, sem er framleiddur með *Escherichia coli* K-12, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 299

2020/EES/5/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/957 frá 11. júní 2019 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetrióli og TDFA) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 302

2020/EES/5/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/291 frá 19. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, akrínatrín, asoxýstróbín, flúasífóp-p, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, oxýflúorfen, próklóras, próhexadíón, spíroxamín, teflútrín og terbútýlasín 305

2020/EES/5/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/324 frá 25. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bífentrín, karboxín, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílíkat 308

2020/EES/5/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/336 frá 27. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta 1-metýlsýklóprópen, famoxadón, mankóseb, metíókarb, metoxýfenósíð, pírimíkarb, pírimífosmetýl og þíaklópríð 311

2020/EES/5/35 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/337 frá 27. febrúar 2019 um samþykki fyrir virka efninu mefentríflúkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 315

2020/EES/5/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/344 frá 28. febrúar 2019 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu etóprófosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 320

2020/EES/5/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/481 frá 22. mars 2019 um samþykki fyrir virka efninu flútíaníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ... 323

2020/EES/5/38 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/677 frá 29. apríl 2019 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klóróþalóníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 330

2020/EES/5/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706 frá 7. maí 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karvóni, í samræmi við reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 333

2020/EES/5/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 frá 7. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþía-valíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól 338

2020/EES/5/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/717 frá 8. maí 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ísoxaflútóli, í samræmi við reglugerð Evrópu-þingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 342

2020/EES/5/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1067 frá 1. júlí 2016 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 347

2020/EES/5/43 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/724 frá 10. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar tilnefningu skýrslugjafaraðildarríkja og meðskýrslugjafaraðildarríkja fyrir virku efnin glýfosat, lambda-sýhalótrín, ímasamox og pendímetalín og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 að því er varðar þann möguleika að hópur aðildarríkja taki sameiginlega að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis 359

2020/EES/5/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1098 frá 2. ágúst 2018 um breytingu og leiðréttingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 363

2020/EES/5/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/335 frá 27. febrúar 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 að því er varðar að skrá brennda drykkinn „Tequila“ sem landfræðilega merkingu 367

2020/EES/5/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/674 frá 29. apríl 2019 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum 372

2020/EES/5/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1850 frá 21. nóvember 2018 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ (GI)) 375

2020/EES/5/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1871 frá 23. nóvember 2018 um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/ „Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“ (GI)) 379

2020/EES/5/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 frá 31. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki 381

2020/EES/5/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/123 frá 24. janúar 2019 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugum-ferðar og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 399

2020/EES/5/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 444

2020/EES/5/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 537

2020/EES/5/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/986 frá 7. mars 2019 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli 578

2020/EES/5/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/987 frá 29. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli 583

2020/EES/5/55 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1091 frá 18. júlí 2018 um samþættar hagskýrslur um landbúnað og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1166/2008 og (ESB) nr. 1337/2011 585

2020/EES/5/56 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/237 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28 614

2020/EES/5/57 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar0 (ESB) 2019/402 frá 13. mars 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19 617

2020/EES/5/58 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1618 frá 12. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila 622

2020/EES/5/59 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1686 frá 8. október 2019 um leyfi fyrir rýmkun á notkun basísks mysuprótíneinangurs úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/247 627

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/864d **2020/EES/5/01**

frá 17. maí 2017

um Evrópuár menningararfsins (2018) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 167. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þær hugsjónir, meginreglur og gildi sem eru greyptar í menningararfleifð Evrópu mynda sameiginlegan grunn minninga, skilnings, samsemdar, skoðanaskipta, samheldni og sköpunargáfu fyrir Evrópu. Menningararfleifð gegnir mikilvægu hlutverki í Evrópu og í formálsorðum sáttmálans um Evrópusambandið er því lýst yfir að arfleifð Evrópu á sviði menningar, trúarbragða og mannhyggjustefnu hafi veitt undirritunaraðilunum innblástur.

2) Í 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er því lýst yfir að Sambandið skuli virða þann auð sem er fólginn í margbreytileika menningar og tungumála og sjá til þess að staðinn sé vörður um menningararfleifð Evrópu og henni gert hátt undir höfði.

3) Samkvæmt 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Sambandinu falið að stuðla að því að menning aðildarríkjanna blómstri, jafnframt því að virða margbreytileika hennar eftir löndum og svæðum og halda á lofti sameiginlegri menningararfleifð. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því að ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, styðja og auka við aðgerðir þeirra, m.a. að því er varðar að auka þekkingu á menningu og sögu þjóða Evrópu og efla miðlun hennar og að varðveita og standa vörð um mikilvæga menningararfleifð Evrópu.

4) Eins og lögð er áhersla á í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. júlí 2014 sem ber heitið „Fram til samþættrar stefnu á sviði menningararfleifðar fyrir Evrópu“ er litið á menningararfleifð sem sameiginlega auðlind og gæði í almannaþágu sem varðveitt er í þágu komandi kynslóða. Því bera allir hagsmunaaðilar sameiginlega ábyrgð á að gæta menningararfleifðarinnar.

5) Menningararfleifð hefur mikið gildi fyrir evrópskt samfélag í menningarlegu, umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti. Af þeim sökum er sjálfbær stjórnun hennar stefnumótandi valkostur fyrir 21. öldina eins og ráðið lagði áherslu á í ályktunum sínum frá 21. maí 2014 ([3]). Framlag menningararfleifðar með tilliti til verðmætasköpunar, færni og starfa og lífsgæða er vanmetið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 88, 21.3.2017, bls. 7.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. apríl 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. maí 2017.

([3]) Ályktanir ráðsins frá 21. maí 2014 um menningararfleifð sem þýðingarmikla auðlind fyrir sjálfbæra Evrópu (Stjtíð. ESB C 183, 14.6.2014, bls. 36).

6) Menningararfleifð er afgerandi þáttur í áætlun Evrópusambandsins í menningarmálum ([1]) og stuðlar að því að ná markmiðum hennar, sem eru að efla menningarlega fjölbreytni og þvermenningarlega umræðu, að efla menningu sem hvata að skapandi starfi og að efla menningu sem ómissandi þátt í alþjóðasamskiptum Sambandsins. Sömuleiðis er hún eitt af fjórum forgangsatriðum Evrópusamstarfs á sviði menningarmála fyrir tímabilið 2015–2018, eins og fram kemur í núgildandi vinnuáætlun á sviði menningarmála, sem samþykkt var af ráðinu og fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 25. nóvember 2014 ([2]).

7) Í ályktunum sínum frá 21. maí 2014 lýsti ráðið því yfir að menningararfleifð nái yfir breitt svið gæða sem eru arfur fortíðar í öllum myndum og allri ásýnd — efnisleg, óefnisleg og stafræn (stafræn frá upphafi og færð á stafrænt form), þ.m.t. minnisvarðar, staðir, landslag, færni, siðvenjur, þekking og birtingarmyndir sköpunargáfu mannsins, sem og safneignir sem eru varðveittar og í umsjá opinberra aðila og einkaaðila á borð við söfn, bókasöfn og skjalasöfn. Menningararfleifð nær einnig yfir kvikmyndaarfinn.

8) Menningararfleifð hefur mótast í aldanna rás í samspili menningarlegra tjáningarforma hinna ýmsu menningarsamfélaga sem byggt hafa Evrópu. Evrópuár menningararfsins mun stuðla að því að efla og auka skilning á mikilvægi þess að vernda og halda fram fjölbreytileika menningarlegra tjáningarforma. Ein leið til að ná slíkum skilningi væri með námsáætlunum og áætlunum um að auka vitund almennings í samræmi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005 um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform, sem Sambandið og aðildarríkin eru aðilar að.

9) Í samræmi við 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Sambandið og flest aðildarríkin eru aðilar að, viðurkenna samningsaðilar rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fatlað fólk hafi m.a. aðgang að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðamannastöðum og hafi, eftir því sem við verður komið, aðgang að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlegu tilliti.

10) Evrópuverðlaunin fyrir borgir með gott aðgengi hafa sýnt að það er bæði gerlegt og góð venja að gera menningararfleifð borga aðgengilega fötluðu fólki, eldra fólki og þeim sem búa við skerta hreyfigetu eða aðra tímabundna skerðingu, með þeim hætti að eðli hennar og gildi séu virt.

11) Menningararfleifð gegnir mikilvægu hlutverki fyrir samheldni samfélagsins á tíma þegar menningarleg fjölbreytni vex í samfélögum Evrópu. Staðir sem hafa fengið menningarminjamerki Evrópu hafa sterka áherslu á Evrópuþáttinn, þar sem þeir hafa verið valdir vegna þess hlutverks sem þeir gegna í sögu Evrópu. Þessir staðir, ásamt menningarhöfuðborgum Evrópu, styrkja þá tilfinningu að tilheyra sameiginlegu evrópsku svæði. Því ætti að leita leiða til þeir og Evrópuár menningararfsins geti komið hvert öðru til fyllingar. Ný þátttökumiðuð og þvermenningarleg nálgun við menningararfsstefnur og framtaksverkefni á sviði menntunar, sem veita öllum birtingarmyndum menningararfleifðar jafnan virðingarsess, hefur möguleika til að efla traust, gagnkvæma viðurkenningu og félagslega samheldni, eins og alþjóðleg samvinna innan vébanda Evrópuráðsins hefur einnig leitt í ljós.

12) Hlutverk menningararfleifðar er einnig viðurkennt í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 (hér á eftir nefnd „Áætlun 2030“), sem viðurkennir að heimsborgararéttur, menningarleg fjölbreytni og þvermenningarleg umræða séu alhliða meginreglur sjálfbærrar þróunar. Í Áætlun 2030 er viðurkennt að allir menningarhópar og menningarheimar geti lagt sinn skerf til sjálfbærrar þróunar og gegni mikilvægu hlutverki í að ýta undir hana. Menning er nefnd sérstaklega í nokkrum af heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun í Áætlun 2030, einkum 11. markmiði (borgir-arfleifð), sem og 4. markmiði (menntun) og, í tengslum við ferðamál, 8. markmiði (sjálfbær hagvöxtur) og 12. markmiði (neyslumynstur).

13) Aukin viðurkenning á alþjóðavettvangi á nauðsyn þess að gera fólk og mannleg gildi að kjarnanum í víkkuðu og þverfaglegu menningararfshugtaki rennir stoðum undir nauðsyn þess að stuðla að víðtækari aðgangi að menningararfleifð, m.a. í ljósi jákvæðra áhrifa hennar á lífsgæði. Ná má þessum víðtækari aðgangi með því að beina sjónum að mismunandi markhópum og með því að auka aðgengi að stöðum, byggingum, vörum og þjónustu, með hliðsjón af sérþörfum og afleiðingum lýðfræðilegra breytinga.

([1]) Ályktun ráðsins frá 16. nóvember 2007 um áætlun Evrópusambandsins í menningarmálum (Stjtíð. ESB C 287, 29.11.2007, bls. 1).

([2]) Ályktanir ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, um vinnuáætlun á sviði menningarmála (2015–2018) (Stjtíð. ESB C 463, 23.12.2014, bls. 4).

14) Stefnur varðandi viðhald, enduruppbyggingu, varðveislu, endurnotkun, aðgengileika og kynningu á menningararfleifð og tengda þjónustu eru einkum á ábyrgð lands-, svæðis- eða staðaryfirvalda. Samt sem áður hefur menningararfleifð ótvíræða evrópska vídd, sem ekki aðeins er fjallað um í stefnu í menningarmálum heldur einnig í öðrum stefnum Sambandsins, s.s. á sviði menntunar, landbúnaðar og dreifbýlisþróunar, svæðaþróunar, félagslegrar samheldni, siglingamála, umhverfismála, ferðamála, stafrænu áætlunarinnar, rannsókna og nýsköpunar og fjarskipta.

15) Árið 2018 hefur táknrænt og sögulegt mikilvægi fyrir Evrópu og menningararfleifð hennar, þar sem á því ári er minnst fjölda mikilvægra atburða, s.s. þess að 100 ár eru frá lokum fyrri heimsstyrjaldar og því að nokkur aðildarríki fengu sjálfstæði, ásamt því að 400 ár eru frá upphafi þrjátíu ára stríðsins. Evrópuár menningararfsins getur þess vegna veitt tækifæri til þess að skilja nútímann betur í krafti dýpri og sameiginlegs skilnings á fortíðinni.

16) Til þess að leysa til fulls úr læðingi möguleika menningararfleifðar fyrir samfélög og hagkerfi í Evrópu þarf skilvirka þátttökumiðaða (þ.e. fjölhagsmuna- og á mörgum stigum) stjórnunarhætti og aukið samstarf þvert á geira til að standa vörð um menningararfleifðina, gera henni hátt undir höfði og stjórna henni, eins og ráðið lýsti yfir í ályktunum sínum frá 25. nóvember 2014 ([1]). Slíkir stjórnunarhættir og samstarf eru með aðkomu allra hagsmunaaðila, þ.m.t. opinberra yfirvalda, menningararfsgeirans, einkaaðila og borgaralegra samtaka, s.s. frjálsra félagasamtaka og skipulagsheilda á sviði sjálfboðastarfs.

17) Auk þess hvatti ráðið framkvæmdastjórnina, í ályktunum sínum frá 25. nóvember 2014, til að íhuga að leggja fram tillögu um Evrópuár menningararfsins.

18) Í samþykkt sinni frá 8. september 2015 mæltist Evrópuþingið til þess að tilnefnt yrði Evrópuár menningararfsins, helst árið 2018.

19) Í áliti sínu frá 16. apríl 2015 ([2]) fagnaði svæðanefndin hvatningu ráðsins um að íhugað yrði að halda Evrópuár menningararfsins og lagði áherslu á að það myndi stuðla að því að sameiginlegum markmiðum yrði náð í samevrópsku samhengi.

20) Tilnefning Evrópuárs menningararfsins er áhrifarík leið til að auka almenningsvitund, miðla upplýsingum um góðar starfsvenjur, ýta undir stefnumótandi umræðu, rannsóknir og nýsköpun og bæta söfnun og greiningu á eigindlegum vísbendingum og megindlegum gögnum, m.a. tölfræðilegum upplýsingum, um félagsleg og efnahagsleg áhrif menningararfleifðar. Með því að skapa umhverfi sem stuðlar að þessum markmiðum samtímis á vettvangi Sambandsins og á lands-, svæðis- og staðarvísu má ná fram meiri samlegðaráhrifum og betri nýtingu úrræða. Að því er þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin að veita Evrópuþinginu, ráðinu og aðildarríkjunum, svæðanefndinni, ásamt aðilum og samtökum sem starfa á sviði menningararfleifðar á vettvangi Sambandsins, tímanlega upplýsingar og eiga náið samstarf með þeim. Til þess að tryggja að aðgerðir sem eru þróaðar fyrir Evrópuár menningararfsins hafi evrópska vídd eru aðildarríkin einnig hvött til samstarfs sín í milli.

21) Menningararfleifð er einnig aðgerðasvið í nokkrum áætlunum á sviði samskipta við önnur ríki, einkum, en ekki einvörðungu, í Austurlöndum nær. Með því að leggja áherslu á gildi menningararfleifðar er einnig brugðist við vísvitandi eyðileggingu menningarverðmæta á átakasvæðum, eins og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórnin bentu á í sameiginlegri orðsendingu frá 8. júní 2016 með heitinu „Fram til stefnuáætlunar ESB um alþjóðleg samskipti á sviði menningarmála“. Mikilvægt er að tryggja að Evrópuár menningararfsins og öll framtaksverkefni á sviði samskipta við önnur ríki, sem eru þróuð innan viðeigandi ramma, komi hvert öðru til fyllingar. Aðgerðir til að vernda og efla menningararfleifð, samkvæmt viðeigandi gerningum um samskipti við önnur ríki, ættu m.a. að endurspegla gagnkvæma hagsmuni í tengslum við það að skiptast á reynslu og gildum við þriðju lönd. Evrópuár menningararfsins ætti að stuðla að gagnkvæmri þekkingu á, virðingu fyrir og skilningi á viðkomandi menningarheimi.

22) Umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd ættu að eiga náið samstarf um aðgerðir á vettvangi Evrópuárs menningararfsins. Einnig ætti að leita eftir þátttöku landa, sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, og annarra samstarfslanda eftir því sem við á. Hægt er að stefna að slíkri þátttöku innan viðeigandi ramma fyrir samvinnu og skoðanaskipti, einkum í tengslum við skoðanaskipti borgaralegs samfélags milli Sambandsins og þeirra landa.

([1]) Ályktanir ráðsins um þátttökumiðaða stjórnunarhætti á sviði menningararfleifðar (Stjtíð. ESB C 463, 23.12.2014, bls. 1).
([2]) Álit svæðanefndarinnar — Fram til samþættrar stefnu á sviði menningararfleifðar fyrir Evrópu (Stjtíð. ESB C 195, 12.6.2015, bls. 22).

23) Það að standa vörð um menningararfleifðina, varðveita hana og gera henni hátt undir höfði fellur undir markmið áætlana Sambandsins sem fyrir eru. Þess vegna er hægt að framkvæma Evrópuár menningararfsins með því að nota þessar áætlanir í samræmi við gildandi ákvæði þeirra og ákveða forgangsröð fjármögnunar, árlega eða til margra ára. Áætlanir og stefnur á sviðum á borð við menningu, menntun, landbúnað og dreifbýlisþróun, svæðaþróun, félagslega samheldni, siglingamál, umhverfismál, ferðamál, áætlunina um stafrænan innri markað, rannsóknir og nýsköpun og fjarskipti stuðla með beinum og óbeinum hætti að því að vernda menningararfleifð Evrópu, gera henni hátt undir höfði, endurnota hana með nýstárlegum hætti og kynna hana og þær geta stutt við Evrópuár menningararfsins í samræmi við lagaramma þeirra hverra um sig. Íhuga má framlög einstakra aðildarríkja til viðbótar við sameiginlega fjármögnun á vettvangi Sambandsins, m.a. með hjálp sveigjanlegs fjármögnunarfyrirkomulags á borð við samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila eða hópfjármögnun, til þess að styðja við markmið Evrópuárs menningararfsins.

24) Vernda ætti fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með viðeigandi ráðstöfunum meðan á öllu útgjaldatímabilinu stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, með stjórnsýslulegum og fjárhagslegum viðurlögum.

25) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan Evrópuár menningararfsins varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð, í skilningi 17. liðar samstarfssamningsins frá 2. desember 2013 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ([1]), fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð.

26) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. að hvetja til þess að menningararfleifð Evrópu sé miðlað og hún metin að verðleikum, að efla vitund um sameiginlega sögu og gildi og að styrkja þá tilfinningu að tilheyra sameiginlegu evrópsku svæði, vegna þess að til þess þarf upplýsingaskipti milli landa og útbreiðslu góðra starfsvenja um allt Sambandið, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Árið 2018 skal vera „Evrópuár menningararfsins“ (hér á eftir nefnt „Evrópuárið“).

2. Tilgangur Evrópuársins skal vera að hvetja til þess að menningararfleifð Evrópu sé miðlað og hún metin að verðleikum sem sameiginleg auðlind, að efla vitund um sameiginlega sögu og gildi og að styrkja þá tilfinningu að tilheyra sameiginlegu evrópsku svæði.

2. gr.

Markmið

1. Almenn markmið Evrópuársins skulu vera að hvetja og styðja viðleitni Sambandsins, aðildarríkjanna og svæðis- og staðaryfirvalda, í samvinnu við menningararfsgeirann og borgaralegt samfélag á breiðari grundvelli, til að vernda menningararfleifð Evrópu, standa vörð um hana, endurnota, gera henni hátt undir höfði, viðhalda verðgildi hennar og kynna hana. Evrópuárið skal einkum:

a) stuðla að því að ýta undir hlutverk menningararfleifðar Evrópu sem lykilþáttar í menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegri umræðu. Jafnframt því að virða að fullu valdheimildir aðildarríkjanna skal það varpa ljósi á bestu leiðir til að tryggja að menningararfleifð Evrópu sé varðveitt og að staðinn sé vörður um hana og að breiðari og fjölbreyttari hópur fái notið hennar, m.a. með ráðstöfunum til að þróa markhópa og fræða þá um arfleifðina, og stuðla þannig að félagslegri aðild og aðlögun,

([1]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

b) efla framlag menningararfleifðar Evrópu til samfélagsins og hagkerfisins, í krafti beinna og óbeinna efnahagslegra möguleika hennar, sem ná yfir getu til að renna stoðum undir menningargeirann og skapandi greinar, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og að örva sköpun og nýsköpun, stuðla að sjálfbærri þróun og ferðamennsku, efla félagslega samheldni og skapa atvinnu til lengri tíma,

c) stuðla að því að halda fram menningararfleifð sem mikilvægum þætti í samskiptum milli Sambandsins og þriðju landa með því að byggja á áhuga og þörfum samstarfslanda og sérfræðiþekkingu Evrópu á sviði menningararfleifðar.

2. Sértæk markmið Evrópuársins eru:

a) að hvetja til nálgunar varðandi menningararfleifð sem setur fólk í forgrunn, er fyrir alla, framsýn, samþættari, sjálfbær og liggur þvert á geira,

b) að ýta undir nýstárleg líkön fyrir þátttökumiðaða stjórnunarhætti og stjórnun menningararfleifðar með aðkomu allra hagsmunaaðila, þ.m.t. opinberra yfirvalda, menningararfsgeirans, einkaaðila og borgaralegra samtaka,

c) stuðla að umræðu, rannsóknum og gagnkvæmri miðlun góðra starfsvenja um gæði í varðveislu og hvernig standa má vörð um menningararfleifðina, endurnota hana með nýstárlegum hætti og gera henni hátt undir höfði og um nútímainngrip í sögulegt umhverfi,

d) kynna lausnir sem gera menningararfleifð aðgengilega öllum, m.a. með stafrænum leiðum, og ryðja þannig félagslegum, menningarlegum og efnislegum hindrunum úr vegi, með tilliti til fólks með sérþarfir,

e) leggja áherslu á og efla jákvætt framlag menningararfleifðar til samfélagsins og hagkerfisins með rannsóknum og nýsköpun, m.a. með því að styrkja heimildagrunn slíks framlags á vettvangi Sambandsins,

f) hvetja til samlegðaráhrifa milli stefna á sviði menningararfleifðar og umhverfismála með því að fella menningararfleifð inn í umhverfis-, byggingarlistar- og skipulagsstefnur og með því að stuðla að orkunýtni,

g) hvetja til svæðis- og staðbundinna þróunaráætlana sem nýta möguleika menningararfleifðar, m.a. með því að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu,

h) styðja við þróun sérhæfðrar færni og bæta þekkingarstjórnun og yfirfærslu þekkingar innan menningararfsgeirans, með tilliti til afleiðinga stafvæðingarinnar,

i) stuðla að því að menningararfleifð verði uppspretta innblásturs fyrir sköpun og nýsköpun í samtímanum og leggja áherslu á möguleikann á frjóu og öflugra samspili milli menningararfsgeirans og annarra geira menningar og skapandi greina,

j) efla vitund um mikilvægi menningararfleifðar Evrópu með menntun og ævinámi, einkum með því að beina sjónum að börnum, ungmennum og eldra fólki, nærsamfélaginu og hópum sem erfitt er að ná til,

k) leggja áherslu á möguleika samvinnu á sviði menningararfleifðar til að þróa sterkari tengsl innan Sambandsins og við lönd utan þess og til að hvetja til þvermenningarlegrar umræðu, sátta í kjölfar átaka og að fyrirbyggja átök,

l) stuðla að rannsóknum og nýsköpun í tengslum við menningararfleifð, greiða fyrir því að allir hagsmunaaðilar, einkum opinber yfirvöld og einkageirinn, taki upp og nýti niðurstöður rannsókna og auðvelda miðlun rannsóknarniðurstaðna til breiðari hópa,

m) hvetja til samlegðaráhrifa milli Sambandsins og aðildarríkjanna, einnig með því að efla framtaksverkefni um að koma í veg fyrir ólögleg viðskipti með menningarverðmæti og

n) leggja áherslu, á árinu 2018, á mikilvæga atburði sem hafa táknrænt mikilvægi fyrir sögu og menningararfleifð Evrópu.

3. gr.

Inntak ráðstafana

1. Þær ráðstafanir, sem gera skal til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 2. gr., skulu ná yfir eftirfarandi aðgerðir á vettvangi Sambandsins og á lands-, svæðis eða staðarvísu í tengslum við markmið Evrópuársins:

a) framtaksverkefni og viðburði til að stuðla að umræðu og efla vitund um mikilvægi og gildi menningararfleifðar og til að greiða fyrir þátttöku borgara og hagsmunaaðila,

b) upplýsingaherferðir, sýningar, fræðslu- og vitundarvakningarherferðir til þess að miðla gildum á borð við fjölbreytileika og þvermenningarlega umræðu með því að nota fordæmi úr auðugri menningararfleifð Evrópu og til þess að hvetja almenning til að leggja sitt af mörkum til verndar og stjórnunar menningararfleifðar og, almennt séð, til að ná markmiðum Evrópuársins,

c) miðlun reynslu og góðra starfsvenja af hálfu landsbundinna stjórnvalda, svæðisbundinna og staðbundinna yfirvalda og samtaka og miðlun upplýsinga um menningararfleifð, m.a. í gegnum Europeana-vettvanginn,

d) framkvæmd rannsókna og aðgerða á sviði rannsókna og nýsköpunar og miðlun niðurstaðna þeirra á Evrópu- eða landsvísu og

e) kynningu á verkefnum og netum sem tengjast Evrópuárinu, þ.m.t. í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta, á Sambands- eða landsvísu, eftir því sem við á, tiltekið aðrar aðgerðir en þær sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að þær stuðli að því að ná markmiðum Evrópuársins sem sett eru fram í 2. gr.

3. Stofnunum og aðilum Sambandsins, sem og aðildarríkjunum, á Sambands- eða landsvísu eftir því sem við á, er heimilt að vísa til Evrópuársins og nota kennimerki þess við kynningu á aðgerðum sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. gr.

Samræming á vettvangi aðildarríkja

Skipulagning þátttöku í Evrópuárinu á landsvísu er á ábyrgð aðildarríkjanna. Aðildarríkin skulu tilnefna landsbundna samræmingaraðila í þeim tilgangi. Landsbundnu samræmingaraðilarnir skulu sjá um að samræma viðeigandi aðgerðir á landsvísu.

5. gr.

Samræming á vettvangi Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal kveðja landsbundnu samræmingaraðilana reglulega saman til fundar til þess að samræma starfsemi Evrópuársins. Fundirnir skulu einnig veita tækifæri til að skiptast á upplýsingum um framkvæmd Evrópuársins á landsvísu og á Sambandsvísu; fulltrúum Evrópuþingsins er heimilt að sitja þessa fundi sem áheyrnarfulltrúar.

2. Samræming Evrópuársins á vettvangi Sambandsins skal vera með þverlægri nálgun með það í huga að skapa samlegðaráhrif milli hinna ýmsu áætlana og framtaksverkefna Sambandsins sem fjármagna verkefni á sviði menningararfleifðar.

3. Framkvæmdastjórnin skal kveðja reglulega saman til fundar hagsmunaaðila og fulltrúa samtaka eða aðila sem starfa á sviði menningararfleifðar, m.a. fjölþjóðleg menningarnet sem fyrir eru og viðeigandi frjáls félagasamtök, ásamt æskulýðssamtökum, til að aðstoða við framkvæmd Evrópuársins á vettvangi Sambandsins.

6. gr.

Alþjóðleg samvinna

Framkvæmdastjórnin skal, að því er varðar Evrópuárið, efna til samstarfs við þar til bærar alþjóðastofnanir, einkum Evrópuráðið og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, en gæta þess að tryggja að þátttaka Sambandsins sé sýnileg.

7. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari ákvörðun, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits og -skoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt þessari ákvörðun.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([1]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([2]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari ákvörðun.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar ákvörðunar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýra heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

8. gr.

Fjármögnun

Sameiginleg fjármögnun á vettvangi Sambandsins á aðgerðum til framkvæmdar Evrópuárinu skal vera í samræmi við gildandi reglur um fyrirliggjandi áætlanir, s.s. áætlunina Skapandi Evrópa, og innan núverandi möguleika til forgangsröðunar, árlega eða til margra ára. Aðrar áætlanir og stefnur mega einnig, eftir því sem við á og innan ramma gildandi laga- og fjárhagsákvæða þeirra, styðja Evrópuárið.

9. gr.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsrammi vegna framkvæmdar þessarar ákvörðunar skal vera átta milljónir evra fyrir tímabilið frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2018.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans til margra ára.

10. gr.

Eftirlit og mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2019, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina skýrslu um framkvæmd, niðurstöður og heildarmat á þeim framtaksverkefnum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun. Skýrslan skal innihalda hugmyndir að frekari sameiginlegri viðleitni á sviði menningararfleifðar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([2]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

11. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 17. maí 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	C. ABELA
forseti.	*forseti.*

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS

Í samræmi við 9. gr. ákvörðunarinnar er fjárhagsramminn vegna framkvæmdar Evrópuárs menningararfsins (2018) ákvarðaður 8 milljónir evra. Til þess að fjármagna undirbúning Evrópuárs menningararfsins verður einni milljón evra veitt af fyrirliggjandi fjármagni innan fjárlaga ársins 2017. Á fjárlögum ársins 2018 verða sjö milljónir evra settar til Evrópuárs menningararfsins og færðar á sérstakan fjárlagalið. Þar af koma þrjár milljónir evra af fjármagni sem fyrir liggur í áætluninni Skapandi Evrópa og fjórum milljónum evra verður endurúthlutað af öðru fyrirliggjandi fjármagni, án þess að nota fyrirliggjandi svigrúm (e. existing margins) og með fyrirvara um valdheimildir fjárveitingavaldsins.

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Framkvæmdastjórnin tekur tillit til samkomulags þeirra aðila sem samábyrgir eru um löggjöfina um að ákvarða fjárhagsramma sem nemur átta milljónum evra í 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um Evrópuár menningararfsins. Framkvæmdastjórnin minnir á að það er á forræði fjárveitingavaldsins að heimila fjárhæð fjárveitinga í árlegum fjárlögum í samræmi við 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1479 **2020/EES/5/02**

frá 3. október 2018

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efninu súlfúrýlflúoríði var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 rennur út 31. desember 2018. Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni 28. júní 2017.

3) Hinn 14. febrúar 2018 upplýsti Svíþjóð, sem lögbært matsyfirvald, þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar um ákvörðun sína, skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat. Gefinn er 365 daga frestur fyrir framkvæmd fullnaðarmats skv. 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Á meðan á matinu stendur er lögbæru matsyfirvaldi heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema það sé réttlætanlegt vegna eðlis gagnanna, sem krafist er, eða vegna sérstakra aðstæðna.

4) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

5) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þess tíma sem gefinn er fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar þykir rétt að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 30. júní 2021.

6) Samþykki fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir súlfúrýlflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 30. júní 2021.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 3. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

SFRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1622 **2020/EES/5/03**

frá 29. október 2018

um að samþykkja ekki tiltekin virk efni í sæfivörur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,s

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]), eins og henni var breytt með framseldri reglugerð (ESB) 2017/698 ([3]), er komið á fót skrá yfir samsetningar virks efnis/vöruflokks sem eru með í endurskoðunaráætluninni á fyrirliggjandi virkum efnum í sæfivörum 3. febrúar 2017.

2) Að því er varðar nokkrar samsetningar virks efnis/vöruflokks sem eru tilgreindar í þeirri skrá hafa allir þátttakendur dregið stuðning sinn tímanlega til baka.

3) Að því er varðar sum virk efni sem verða til á staðnum þá hafa heiti þessara virku efna og forefna þeirra, sem eru studd í endurskoðunaráætluninni, verið skýrð á nákvæmari hátt. Í tilteknum tilvikum hefur þetta leitt til endurskilgreiningar á virka efninu í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014.

4) Tilkynning var birt með boði til aðila sem vilja styðja þessar samsetningar virks efnis/vöruflokks sem hafa verið endurskilgreindar og njóta sem stendur ekki stuðnings, þ.m.t. þau virku efni sem verða til á staðnum, í vöruflokkana sem tilgreindir eru í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014, þannig að unnt sé að taka yfir hlutverk þátttakenda.

5) Að því er varðar sumar samsetningar virks efnis/vöruflokks hefur engin tilkynning verið lögð fram eða þá að tilkynning hefur verið lögð fram og henni hafnað skv. 4. eða 5. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014.

6) Í samræmi við 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 ætti ekki að samþykkja þessar samsetningar virks efnis/vöruflokks til notkunar í sæfivörur.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Virku efnin, sem skráð eru í viðaukanum, eru ekki samþykkt í vöruflokkana sem þar eru tilgreindir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/698 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Samsetningar virks efnis/vöruflokks sem eru ekki samþykktar, þ.m.t. öll nanóefnaform:

— virku efnin, sem verða til á staðnum, í vöruflokkana sem skráðir eru í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014, nema þegar virka efnið verður til úr forefni/forefnum sem um getur í færslunni fyrir viðkomandi samsetningu virks efnis/vöruflokks í töflunni í þeim viðauka,

— samsetningar efnis/vöruflokks sem eru skráðar í töflunni hér á eftir, þ.m.t. öll efni sem verða til á staðnum þar sem notað er forefni sem ekki er minnst á í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014:

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafarað-ildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
60	Sítrónusýra	BE	201-069-1	77-92-9	1
172	Setýlpýridíníumklóríð	UK	204-593-9	123-03-5	2
195	Natríum-2-bífenýlat	ES	205-055-6	132-27-4	1, 2, 3
288	N-díklórflúormetýlþíó-N',N'-dímetýl-N-fenýlsúlfamíð (díklóflúaníð)	UK	214-118-7	1085-98-9	7
365	Pýridín-2-þíól-1-oxíð, natríumsalt (natríumpýriþíón)	SE	223-296-5	3811-73-2	3
401	Silfur	SE	231-131-3	7440-22-4	9
405	Brennisteinstvíoxíð	DE	231-195-2	7446-09-5	4
424	Natríumbrómíð	NL	231-599-9	7647-15-6	2, 11, 12
458	Ammóníumsúlfat	UK	231-984-1	7783-20-2	11,12
1016	Silfurklóríð	SE	232-033-3	7783-90-6	10, 11
515	Ammóníumbrómíð	SE	235-183-8	12124-97-9	11, 12
526	Kalíum-2-bífenýlat	ES	237-243-9	13707-65-8	6, 9, 10, 13
529	Brómklóríð	NL	237-601-4	13863-41-7	11
541	Natríum-p-klór-m-kresólat	FR	239-825-8	15733-22-9	1, 2, 3, 6, 9, 13
609	Blanda cis- og trans-p-mentan-3,8-dióls (sítríódíól)	UK	Ekki fyrir hendi	Ekki fyrir hendi	19
620	Tetrakis(hýdroxýmetýl)fosfóníum súlfat (2:1) (THPS)	MT	259-709-0	55566-30-8	2
673	Dídekýldímetýlammóníumklóríð (DDAC (C_{8-10}))	IT	270-331-5	68424-95-3	5
785	6-(þalimíð)peroxýhexansýra (PAP)	IT	410-850-8	128275-31-0	3, 4

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafaraðildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
792	Tetraklórdekaoxíðflóki (TCDO)	DE	420-970-2	92047-76-2	1
952	*Bacillus sphaericus*, að undanskildum *Bacillus sphaericus* 2362, stofn ABTS-1743	IT	Örvera	143447-72-7	18
955	*Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis* sermigerð H14, að undanskildum stofni AM65-52 og að undanskildum stofni SA3A	IT	Örvera	Ekki fyrir hendi	18
957	*Bacillus subtilis*	DE	Örvera	Ekki fyrir hendi	3
939	Virkur klór: framleiddur með efnahvarfi hýpóklórsýru og natríumhýpóklóríts sem eru framleidd á staðnum	SK	Blanda	Ekki fyrir hendi	2, 3, 4, 5, 11, 12
824	Silfursinkseólít	SE	Ekki fyrir hendi	130328-20-0	5
1013	Silfurkoparseólít	SE	Ekki fyrir hendi	130328-19-7	5
835	Esfenvalerat/(S)-α-sýanó-3-fenoxýbensýl-(S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat (esfenvalerat)	PT	Plöntuverndarvara	66230-04-4	18

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1623 **2020/EES/5/04**

frá 29. október 2018

skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt af *Wolbachia* og notaðar vegna smitferjuvarna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 28. september 2017 fór Frakkland þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tæki ákvörðun um hvort bakteríur af ættkvíslinni *Wolbachia* (hér á eftir nefndar bakteríurnar) eða sérhver blanda, sem inniheldur bakteríur sem á að sprauta í moskítóflugur, og moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt með bakteríunni (hér á eftir nefndar moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt) og notaðar vegna smitferjuvarna séu sæfivörur í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eða meðhöndlaðar vörur í skilningi l-liðar 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar eða hvorugt.

2) Samkvæmt upplýsingum sem Frakkland lagði fram dreifast þessar innanfrumubakteríur lóðrétt, erfast frá móður og eru til staðar frá náttúrunnar hendi í u.þ.b. 40% liðdýra. Sýking moskítóflugnanna með bakteríunum kann að draga úr getu sumra moskítóflugna til að dreifa tilteknum sjúkdómsvaldandi veirum og sníklum með því að trufla þessa sjúkdómsvalda í moskítóflugunum, og stuðla að fjölgun sýktra kvendýra og útbreiðslu bakteríunnar innan moskítóflugnastofnsins. Þar eð karldýr moskítóflugna sem eru smituð af bakteríunum eru ósamrýmanleg við staðbundin kvendýr dregur innsetning þessara sýktu karldýra í markþýðið enn fremur úr möguleikum þess til fjölgunar. Þess vegna byggjast smitferjuvarnaherferðir á því að sleppa moskítóflugum, sem eru sýktar á tilbúinn hátt, í stofn moskítóflugna til að stjórna stærð stofnsins og/eða til að draga úr getu þeirra til að dreifa tilteknum sjúkdómsvöldum til manna.

3) Samkvæmt upplýsingum sem Frakkland lagði fram eru ekki allar tegundir moskítóflugna, eða einstaklingar innan einnar tegundar, náttúrulega sýktar af bakteríunum eða af stofni bakteríanna sem hægt er að nýta til smitferjuvarna. Þess vegna þarf sýking á tilbúinn hátt að fara fram við rannsóknarstofuskilyrði til að skapa moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt með viðeigandi bakteríustofni. Þessu er hægt að ná fram með mismunandi sýkingaraðferðum, þ.m.t. að sprauta bakteríunum í fullvaxin moskítóflugukvendýr eða í umfrymið í eggjum moskítóflugnanna.

4) Að því er varðar ákvæði 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er því viðeigandi að meta á aðskilinn hátt stöðu bakteríanna eða sérhverrar blöndu, sem inniheldur bakteríur sem á að sprauta í moskítóflugurnar, og stöðu moskítóflugna sem eru sýktar á tilbúinn hátt, óháð aðferð sem er notuð til sýkingar.

5) Bakteríurnar eru örverur í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Moskítóflugur eru skaðlegar lífverur í skilningi g-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð tilvist þeirra kann að teljast óæskileg eða hafa skaðleg áhrif á menn eða dýr.

7) Bakteríurnar hafa óbein áhrif á stofn moskítóflugna, annaðhvort með því að stjórna stærð hans eða með því að draga úr getu hans til að dreifa tilteknum sjúkdómsvöldum, og ættu því að teljast virkt efni í skilningi c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Sæfivöruflokkur 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, nær yfir vörur sem eru notaðar til að verjast liðdýrum með öðrum aðferðum en fælingu eða aðlöðun. Þar eð bakteríunum er sprautað í moskítóflugurnar í þeim tilgangi að halda moskítóflugustofnum í skefjum fellur slík notkun undir lýsinguna á sæfivöruflokki 18.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

9) Bakteríurnar eða blandan sem inniheldur bakteríurnar heldur moskítóflugum í skefjum með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.

10) Að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 ætti að líta á bakteríurnar eða blöndu sem inniheldur bakteríurnar sem efni eða blöndu, eftir því sem við á, sem samanstendur af eða inniheldur virkt efni. Af þessum sökum eru bakteríurnar eða sérhver blanda sem inniheldur bakteríurnar, eins og hún er afhent notandanum sem innir það af hendi að sprauta í moskítóflugurnar, sæfivara í skilningi fyrsta undirliðar a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og fellur undir vöruflokk 18.

11) Moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt eru ekki örverur í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

12) Moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt eru ekki efni eða blanda í skilningi 1. og 2. liðar 3. gr., í þeirri röð, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([1]). Samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 eru þær því hvorki efni né blanda að því er varðar þá reglugerð.

13) Af þessum sökum eru moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt ekki virkt efni í skilningi c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Þess vegna geta moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt ekki verið sæfivara í skilningi fyrsta undirliðar a-liðar 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

14) Moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt eru ekki hlutir í skilningi 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 teljast þær því ekki vera hlutir að því er varðar þá reglugerð. Af þessum sökum geta moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt ekki talist meðhöndlaðar vörur í skilningi l-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Bakteríur af ættkvíslinni *Wolbachia* eða sérhver blanda, sem inniheldur þessar bakteríur, sem er notuð til að sprauta þessum bakteríum í moskítóflugur með það að markmiði að skapa moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt og notaðar vegna smitferjuvarna skulu teljast sæfivara í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

Moskítóflugur sem eru sýktar á tilbúinn hátt, án tillits til aðferðar sem er notuð til sýkingar, skulu hvorki teljast sæfivara né meðhöndluð vara í skilningi a- og l-liðar 1. mgr. 3. gr., í þeirri röð, reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 29. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2321 **2020/EES/5/05**

frá 19. desember 2016

um snið vottorðs um tiltækileika til endurvinnslu sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 9. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 er mælt fyrir um kröfur til eigenda skipa, stjórnvalda og viðurkenndra stofnana varðandi útgáfu, áritun og framlengingu vottorða um tiltækileika til endurvinnslu ásamt kröfu um að vottorðin séu fyrir hendi um borð.

2) Í samræmi við kröfur í c-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 skulu skip sem ætluð eru til endurvinnslu hafa vottorð um tiltækileika til endurvinnslu.

3) Endurvinnsluáætlun, sem er bundin við hvert einstakt skip, skal gerð skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 áður en nokkur endurvinnsla skips hefst. Endurvinnsluáætlun skipsins skal taka á atriðum sem tengjast skipinu sérstaklega og er ekki fjallað um í áætluninni fyrir skipaendurvinnslustöðina eða þarfnast sérstaks verklags.

4) Skip skulu, skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skoðuð af fulltrúum stjórnvalda eða viðurkenndra stofnana sem hafa leyfi frá stjórnvöldum. Markmiðið með skoðunum er að staðfesta að birgðaskrár yfir hættuleg efni séu í samræmi við gildandi kröfur í þeirri reglugerð.

5) Að lokinni jákvæðri lokaskoðun skv. 9. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 skal stjórnvald eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því gefa út vottorð um tiltækileika til endurvinnslu. Því vottorði skal fylgja birgðaskráin yfir hættuleg efni og endurvinnsluáætlun skipsins. Snið vottorðs um tiltækileika til endurvinnslu skal vera í samræmi við 4. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem var samþykktur í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vottorð um tiltækileika til endurvinnslu, sem eru gefin út í samræmi við 9. mgr. 9. gr. og árituð í samræmi við 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

VOTTORÐ UM TILTÆKILEIKA TIL ENDURVINNSLU

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa

(Aths.: Þessu vottorði skal fylgja birgðaskráin yfir hættuleg efni og endurvinnsluáætlun skips)

(Opinbert kennimerki) *(Ríki)*

Gefið út samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 í umboði ríkisstjórnar

.....
(Heiti ríkis)

af .....
(Fullt heiti einstaklings eða stofnunar sem hefur heimild samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013)

Upplýsingar um skip

Heiti skips	
Einkennisnúmer eða einkennisstafir	
Skráningarhöfn	
Brúttótonn	
IMO-númer	
Nafn og heimilisfang skipseiganda	
IMO-auðkennisnúmer skráðs eiganda	
IMO-auðkennisnúmer fyrirtækis	
Smíðadagsetning	

Upplýsingar um skipaendurvinnslustöð(var)

Heiti skipaendurvinnslustöðvar	
Sérstakt kenninúmer endurvinnslufyrirtækis ([1])	
Fullt heimilisfang	
Gildislok innfærslu skipaendurvinnslustöðvarinnar í Evrópu-skrána.	

([1]) Kenninúmer eins og það er tilgreint í Evrópuskránni.

Upplýsingar um birgðaskrá yfir hættuleg efni

Auðkennis-/sannprófunarnúmer birgðaskrár yfir hættuleg efni: .....

Aths.: Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1257/213 fylgir birgðaskrá fyrir hættuleg efni með vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu. Birgðaskráin yfir hættuleg efni skal tekin saman á grundvelli staðlaða sniðsins sem sýnt er í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og henni skulu fylgja, eftir atvikum, leiðbeiningar varðandi þætti sem eru bundnir við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, s.s. efni sem eru skráð í þeirri reglugerð en ekki í Hong Kong-samningnum.

Upplýsingar um endurvinnsluáætlun skips

Auðkennis-/sannprófunarnúmer endurvinnsluáætlunarinnar skips: .....

Aths.: Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1257/213 fylgir endurvinnsluáætlun skips með vottorðinu um tiltækileika til endurvinnslu.

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ:

1. að skipið hefur verið skoðað í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013,

2. að skipinu fylgir gild birgðaskrá yfir hættuleg efni í samræmi við 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013,

3. að endurvinnsluáætlun skips hefur verið tekin saman í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, og

4. að skipaendurvinnslustöð/-stöðvar, þar sem viðkomandi skip verður endurunnið, séu skráðar í Evrópuskrána í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

Þetta vottorð gildir til (dd/mm/áááá) .....
(Dagsetning)

Útgefið í .....
(Útgáfustaður skírteinis)

(dd/mm/áááá) ....
(Útgáfudagur) *(undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til að gefa skírteinið út)*

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN TIL AÐ FRAMLENGJA GILDISTÍMA VOTTORÐSINS ÞAR TIL KOMIÐ ER TIL HAFNAR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVARINNAR UM TILTEKINN TÍMA ÞEGAR ÁKVÆÐI 5. MGR. 10. GR. GILDA (*)

Þetta vottorð skal, í samræmi við 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa, gilda fyrir eina beina siglingu

frá höfninni: .....

til hafnarinnar: .....

Undirskrift: .....

(Undirskrift embættismanns sem til þess hefur fullt umboð)

Staður: .....

Dagsetning: (dd/mm/áááá) .....

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

(*) Taka skal afrit af þessari blaðsíðu áritunarinnar og láta hana fylgja vottorðinu ef stjórnvöld telja það nauðsynlegt.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2322 **2020/EES/5/06**

frá 19. desember 2016

um snið yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 er mælt fyrir um kröfur til skipaendurvinnslufyrirtækja, skipaendurvinnslustöðva og rekstraraðila skipaendurvinnslustöðva varðandi endurvinnslu skipa sem sigla undir fána aðildarríkis Sambandsins.

2) Rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar skal, þegar endurvinnslu skips er að öllu leyti eða hluta til lokið skv. c-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr 1257/2013, senda stjórnvaldinu, sem gaf út vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu fyrir skipið, yfirlýsingu um verklok innan 14 daga frá lokadagsetningu endurvinnslu að hluta til eða öllu leyti í samræmi við endurvinnsluáætlun skipsins. Snið yfirlýsingarinnar um verklok skal vera í samræmi við 7. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem var samþykktur í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).

3) Endurvinnsla skipa skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er starfsemi sem miðar að sundurhlutun skipa, algerri eða að hluta til. Því er þörf á yfirlýsingu um verklok endurvinnslu ef um er að ræða sundurhlutun að hluta til. Snið yfirlýsingar um verklok á við staka skipaendurvinnslustöð. Ef um er að ræða sundurhlutun staks skips sem fer fram á nokkrum stöðvum þarf sérstaka yfirlýsingu um verklok fyrir hverja stöð sem kemur að ferlinu.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa, sem krafist er skv. c-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 117. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

VIÐAUKI

YFIRLÝSING UM VERKLOK ENDURVINNSLU SKIPA

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa

Skjal þetta er yfirlýsing um verklok endurvinnslu skipa fyrir

.....

(Heiti skipsins þegar tekið var við því til endurvinnslu/við afskráningu)

Upplýsingar um skipið eins og tekið var við því til endurvinnslu

Einkennisnúmer eða einkennisstafir	
Skráningarhöfn	
Brúttótonn	
IMO-númer	
Nafn og heimilisfang skipseiganda	
IMO-auðkennisnúmer skráðs eiganda	
IMO-auðkennisnúmer fyrirtækis	
Smíðadagsetning	

ÞETTA STAÐFESTIR AÐ:

Skipið hefur verið endurunnið í samræmi við endurvinnsluáætlun skipsins og við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 hjá

.....

(Heiti og staðsetning viðurkenndrar skipaendurvinnslustöðvar)

og að endurvinnslu skipsins, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, var lokið

(dd/mm/áááá) .....

(Dagsetning verkloka)

Útgefið í .....

(Útgáfustaður yfirlýsingar um verklok)

(dd/mm/áááá) .....

(Útgáfudagur)

(Undirskrift rekstraraðila eða viðurkennds fulltrúa skipaendurvinnslustöðvarinnar)

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2323 **2020/EES/5/07**

frá 19. desember 2016

um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 16. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar innan Sambandsins og aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við 14. gr. (3. mgr.) þeirrar reglugerðar og yfir skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi og innfærsla þeirra er byggð á mati á upplýsingum og sönnunum þeim til stuðnings sem eru lagðar fram eða er aflað í samræmi við 15. gr. sömu reglugerðar.

2) Aðildarríkin hafa alls tilkynnt um 18 skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar innan Sambandsins og fara að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) nr.1257/2013. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar ætti að færa þær stöðvar á Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar.

3) Að því er varðar skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi þar sem umsókn um innfærslu í Evrópuskrána hefur verið lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, stendur enn yfir mat á viðeigandi upplýsingum og stuðningsgögnum sem liggja fyrir eða er aflað. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir er varða þær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar utan Sambandsins um leið og matinu er lokið.

4) Upplýsingarnar sem eiga að koma fram í Evrópuskránni eru tilgreindar í annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Til að endurspeglar þær kröfur ætti Evrópuskráin að vera byggð upp í samræmi við þau ákvæði. Í Evrópuskránni skal einnig tilgreina gildislok innfærslu skipaendurvinnslustöðvarinnar skv. 3. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Evrópuskránni yfir skipaendurvinnslustöðvar skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 skal komið á fót eins og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

EVRÓPUSKRÁ YFIR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 16. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1257/2013

Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki Sambandsins

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslu-stöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
BELGÍA						
NV Galloo Recycling Ghent Scheepszatestraat 9 9000 Gent Belgía Símanúmer: +32 92512521 Tölvupóstfang: peter.wyntin@galloo.com	Samhliða (legupláss á floti), hallandi	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 265 metrar Breidd: 36 metrar Djúprista: 12,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunar-tímabils er 30 dagar	34 000 (4)	31. mars 2020
DANMÖRK						
Fornæs ApS Rolshøjvej 12–16 8500 Grenå Danmörk www.fornaes.dk	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frá-rennsliskerfi	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 25 metrar Djúprista: 6 metrar BT: 10 000	Sveitarfélagið Norddjurs hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunar-tímabils er 2 vikur	30 000 (5)	30. júní 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Smedegaarden A/S Vikingkaj 5 6700 Esbjerg Danmörk www.smedegaarden.net	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 170 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 7,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 2 vikur	20 000 (6)	15. september 2021
FRAKKLAND						
GARDET & DE BEZENAC Recycling/Groupe BAUDELET ENVIRONNEMENT — GIE MUG 616, Boulevard Jules Durand 76600 Le Havre Frakkland Símanúmer: +33 235557750 Tölvupóstfang: p.dupalut@gardet-bezenac.com	Á floti og á dráttarbraut	Allar gerðir fara eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 18 metrar EÞT: 7 000	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	16 000 (7)	30. desember 2021
Grand Port Maritime de Bordeaux 152, Quai de Bacalan — CS 41320 — 33082 Bordeaux Cedex Frakkland Símanúmer: +33 556905800 Tölvupóstfang: p-brocart@bordeaux-port.fr	Samhliða, þurrkví	Allar gerðir fara eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 240 metrar Breidd: 37 metrar Dýpt: 17 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	18 000 (8)	21. október 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslu-stöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Les Recycleurs bretons Zone Industrielle de Kerbriant — 29 610 Plouigneau Plouigneau Frakkland Símanúmer: +33 611747401 Tölvupóstfang: Jm.abiven@recycleurs-bretons.fr	Samhliða, þurrkví	Allar gerðir fara eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 225 metrar Breidd: 34 metrar Dýpt: 27 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	5 500 (9)	24. maí 2021
LETTLAND						
A/S „Tosmares kuģubūvētava“ Ģenerāļa Baloža street 42/44, Liepaja, LV-3402 Lettland Símanúmer: +371 63401919 Tölvupóstfang: shipyard@tosmare.lv	Sundurhlutun skipa (legupláss á floti og þurrkví)	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 165 m Breidd: 22 m Dýpt: 7 m BG: 14 000 BT: 200–12 000 Þyngd: 100–5 000 tonn EÞT: 100–5 000	Sjá landsbundið leyfi nr. LI-10-IB-0024.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	0 (10)	11. júní 2020.

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslu-stöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
			LITÁEN			
UAB APK Minijos 180 (legupláss 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 46365776 Símbréf +370 46365776 Tölvupóstfang: uab.apk@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 130 metrar Breidd: 35 metrar Dýpt: 10 metrar BT: 3 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-15/2015.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	1 500 (11)	17. mars 2020
UAB Armar Minijos 180 (legupláss 127A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 68532607 Tölvupóstfang: armar.uab@gmail.com; albatrosas33@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 6 metrar BT: 1 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-16/2015.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	3 910 (12)	17. mars 2020
UAB Vakaru refonda Minijos 180 (legupláss 129, 130, 131A, 131, 132, 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 46483940/483891 Símbréf +370 46483891 Tölvupóstfang: refonda@wsy.lt	Samhliða (legupláss á floti)	Allar gerðir skipa eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 230 metrar Breidd: 55 metrar Dýpt: 14 metrar BT: 70 000	Sjá landsbundið leyfi nr. (11.2)-30-161/2011/ TL-KL.1-18/2015	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	20 140 (13)	21. maí 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslu-stöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
HOLLAND						
Keppel-Verolme Prof. Gerbrandyweg 25 3197 KK Rotterdam-Botlek Holland Símanúmer: +31 181234353 Tölvupóstfang: mzoethout@keppelverolme.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 405 metrar Breidd: 90 metrar Dýpt: 11,6 metrar	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	52 000 (14)	21. júlí 2021
Scheepsrecycling Nederland B.V. Havenweg 1; 3295 XZ s-Gravendeel Postbus 5234; 3295 ZJ s-Gravendeel Holland Símanúmer: +31 786736055 Tölvupóstfang: info@sloperijnederland.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Breidd: 33 metrar Dýpt: 6 metrar Hæð: 45 metrar (Botlek-brú) Endurvinnsluaðgerðir hefjast á floti til að létta skrokkinn; vindan til að draga skipin upp á rampinn getur dregið 2 000 tonn.	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	9 300 (15)	27. september 2021
PÓLLAND						
ALMEX Sp. Z o.o. ul. Ks. Stanislawa Kujota 1 70-605 Szczecin Pólland	Hafnargarðar og endurvinnslustaðir við strönd	Allar gerðir fara. Hámarksmál skipa: Lengd: 120 metrar Breidd: 20 metrar Dýpt: 6 metrar BG: 6 000 BT: 2 500 EÞT: 2 500	Sjá leyfi WOŚ.II.7243.7.4.2014.IB.	Beint samþykki (upplýsingar skal leggja fram snemma á árinu 2017, um leið og ný innlend löggjöf öðlast gildi)	4 000 (16)	30. júní 2017

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
PORTÚGAL						
Navalria — Docas, Construções e Reparações Navais Porto Comercial, Terminal Sul, Apartado 39, 3811-901 Aveiro Portúgal	Sundurhlutun í þurrkví, afmengun og sundurhlutun á láréttum og hallandi fleti í þurrkví, í samræmi við stærð skipsins	Nafnrúmtak lárétta flatarins: 700 tonn Nafnrúmtak hallandi flatarins: 900 tonn		Skilyrði sem gilda um starfsemina eru skilgreind í forskriftum sem fylgja bálknum (AL n.º 5/2015/ CCDRC frá 26. janúar 2016)	1 900 tonn (17)	26. janúar 2020
SPÁNN						
DDR VESSELS XXI, S.L. Höfnin „El Musel“ Gijón Spánn Símanúmer: +34 630144416 Tölvupóstfang: abarredo@ddr-vessels.com	Sundurhlutunar-rampur	Allar gerðir fara, að undanskildum kjarnorkuknúnum skipum Hámarksmál skipa: Lengd: 84,95 metrar (Samþykkja má skip allt að 169,9 m að lengd með enga eða takmarkaða hreyfingu á rampinum, með hliðsjón af niðurstöðu úr nákvæmri hagkvæmniathugun)	Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu.	Engin sértæk málsmeðferð hefur enn verið skilgreind.	0 (18)	28. júlí 2020.

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
BRETLAND						
Able UK Limited Teesside Environmental Reclamation and Recycling Centre Graythorp Dock Tees Road Hartlepool Cleveland TS25 2DB Bretland Símanúmer: +44 1642806080 Tölvupóstfang: info@ableuk.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll för í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 337,5 metrar Mesta breidd skips: 120 metrar Djúprista: 6,65 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerðum ESB. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/VP3296ZM) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Samþykkið er veitt með sameiginlegu samkomulagi lögbærra yfirvalda (Umhverfisstofnunar og Heilbrigðis- og öryggismálastofnunar (e. *Health and Safety Executive*) um áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem er formlega samþykkt með breytingu á gildandi umhverfisleyfi.	66 340 (19)	6. október 2020
Harland and Wolff Heavy Industries Limited Queen's Island Belfast BT3 9DU Bretland Símanúmer: +44 2890458456 Tölvupóstfang: trevor.hutchinson@harland-wolff.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll för í stærð sem tilgreind er í samþykktri vinnuáætlun. Hámarksmál skipa: Aðalskipakvíin (sú stærsta) hefur burðargetu sem nemur 556 m × 93 m × 1,2 m og getur tekið för allt að þeirri stærð. Stærsta þurrkvíin hefur burðargetu sem nemur 1,2 millj.	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerðum ESB. Stöðin er samþykkt með leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs, leyfisnúmer LN/07/21/V2, sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Samþykkið er veitt með sameiginlegu samkomulagi lögbærra yfirvalda milli Umhverfisstofnunar Norður-Írlands (NIEA) og Heilbrigðis- og öryggismálastofnunar Norður-Írlands (HSENI) um áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem er formlega samþykkt með breytingu á gildandi leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs (WML).	13 200 (20)	3. ágúst 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslu-stöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Swansea Drydock Ltd Prince of Wales Dry Dock Swansea Wales SA1 1LY Bretland Símanúmer: +44 1792654592 Tölvupóstfang: info@swanseadrydocks.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll för í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Mesta breidd skips: 27 metrar Djúprista: 7 metrar	Staðurinn hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerðum ESB. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/UP3298VL) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Samþykkið er veitt með sameiginlegu samkomulagi lögbærra yfirvalda (Náttúruauðlindastofnun Wales (e. *Natural Resources Wales*) og Heilbrigðis- og öryggis-málastofnun) um áætlun fyrir skipaendurvinnslu-stöðvar sem er formlega leyfð með breytingu á gildandi umhverfisleyfi.	7 275 (21)	2. júlí 2020

(1) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa

(2) „Hámarksskipaendurvinnslufrálagið er ákvarðað með því að velja hæsta gildið frá undanförnum tíu árum fyrir hverja skipaendurvinnslustöð eða, ef um er að ræða skipaendurvinnslustöð sem er nýbúin að fá stafsleyfi, hæsta árlega gildið sem náðst hefur á þeirri starfsstöð“, skv. 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.

(3) Gildislok innfærslu í Evrópuskrána samsvarar lokadagsetningu gildistíma leyfisins eða starfsleyfisins sem stöðinni var veitt í aðildarríkinu.

(4) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.

(5) Sjá athugasemd 4.

(6) Sjá athugasemd 4.

(7) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 18 000 EÞT á ári.

(8) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 23 000 EÞT á ári.

(9) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 10 000 EÞT á ári.

(10) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.

(11) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.

(12) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 6 000 EÞT á ári.

(13) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 45 000 EÞT á ári.

(14) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 100 000 tonn á ári.

(15) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.

(16) Sjá athugasemd 9.

(17) Engar upplýsingar voru lagðar fram um fræðilega árlega hámarksafkastagetu skipaendurvinnslu.

(18) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.

(19) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 230 000 tonn á ári.

(20) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 300 000 tonn á ári.

(21) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 74 999 tonn á ári.

Skammstafanir:

BG Burðargeta

BT Brúttótonn

EÞT Eigin þyngd í tonnum

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2324 **2020/EES/5/08**

frá 19. desember 2016

um snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum a-lið 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 er mælt fyrir um kröfur til skipaendurvinnslufyrirtækja, skipaendurvinnslustöðva og rekstraraðila skipaendurvinnslustöðva varðandi endurvinnslu skipa sem sigla undir fána aðildarríkis Sambandsins.

2) Samkvæmt b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er þess krafist að rekstraraðili skipaendurvinnslustöðvar tilkynni stjórnvaldinu að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins. Snið tilkynninganna skal vera í samræmi við 6. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem var samþykktur í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).

3) Endurvinnsla skipa skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er starfsemi sem miðar að sundurhlutun skipa, algerri eða að hluta til. Því er þörf á tilkynningu um áætlað upphaf endurvinnslu skips ef um er að ræða sundurhlutun að hluta til. Snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skips á við fyrir staka skipaendurvinnslustöð. Ef um er að ræða sundurhlutun staks skips sem fer fram á nokkrum stöðvum þarf sérstaka tilkynningu um áætlað upphaf endurvinnslu skips frá hverri stöð sem kemur að ferlinu.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilkynningar um upphaf endurvinnslu skipa, sem krafist er skv. b-lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 129. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

VIÐAUKI

TILKYNNING UM ÁÆTLAÐ UPPHAF ENDURVINNSLU SKIPA

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa

Stöðin .....
(Heiti skipaendurvinnslustöðvar)

staðsett í .....
(Fullt heimilisfang skipaendurvinnslustöðvar)

skráð í Evrópuskrána sem komið var á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1257/2013

tilkynnir hér með að skipaendurvinnslustöðin sé að öllu leyti tilbúin til að hefja endurvinnslu skipsins .....
(IMO-númer)

Vottorðið um tiltækileika til endurvinnslu var gefið út í umboði ríkisstjórnar

.....
(Heiti ríkis)

af .....
(Fullt heiti einstaklings eða stofnunar sem hefur heimild samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013)

þann (dd/mm/áááá) .....

(Útgáfudagur) .....

.....
(Undirskrift rekstraraðila eða viðurkennds fulltrúa skipaendurvinnslustöðvarinnar)

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2325 **2020/EES/5/09**

frá 19. desember 2016

um snið vottorðs um birgðaskrá yfir hættuleg efni sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 1257 er mælt fyrir um kröfur til eigenda skipa, stjórnvalda og viðurkenndra stofnana varðandi það að taka saman birgðaskrár yfir hættuleg efni sem finnast í skipum og skoðanir og vottorð varðandi þær.

2) Í samræmi við kröfurnar í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 skal birgðaskrá yfir hættuleg efni vera um borð í skipum.

3) Samkvæmt 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skal sú skylda að hafa birgðaskrá yfir hættuleg efni um borð gilda um gömul skip frá 31. desember 2020, um ný skip eigi síðar en 31. desember 2018 og um skip á leið í endurvinnslu frá dagsetningu útgáfu Evrópuskrárinnar sem birt er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013.

4) Skip skulu, skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skoðuð af fulltrúum stjórnvalda eða viðurkenndra stofnana sem hafa leyfi frá stjórnvöldum. Markmiðið með skoðunum er að staðfesta að birgðaskrár yfir hættuleg efni séu í samræmi við gildandi kröfur í þeirri reglugerð.

5) Að lokinni jákvæðri upphafs- eða endurnýjunarskoðun skal stjórnvaldið eða viðurkennd stofnun sem hefur leyfi frá því gefa út birgðaskrárvottorð skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Snið birgðaskrárvottorðs skal vera í samræmi við 3. viðbæti við alþjóðlega Hong Kong-samninginn um örugga og umhverfisvæna endurvinnslu skipa, sem samþykktur var í Hong Kong 15. maí 2009 (hér á eftir nefndur Hong Kong-samningurinn).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um reglur um endurvinnslu skipa sem komið var á fót skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Birgðaskrárvottorð, sem eru gefin út og árituð í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 131. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

VOTTORÐ UM BIRGÐASKRÁ YFIR HÆTTULEG EFNI

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa

(*Aths.*: Vottorðinu skal fylgja I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni)

(Opinbert kennimerki) *(Ríki)*

Gefið út samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 í umboði ríkisstjórnar

.....
(Heiti ríkis)

af .....
(Fullt heiti einstaklings eða stofnunar sem hefur heimild samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013)

Upplýsingar um skip

Heiti skips	
Einkennisnúmer eða einkennisstafir	
Skráningarhöfn	
Brúttótonn	
IMO-númer	
Nafn og heimilisfang skipseiganda	
IMO-auðkennisnúmer skráðs eiganda	
IMO-auðkennisnúmer fyrirtækis	
Smíðadagsetning	

Upplýsingar í I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni

Auðkennis-/sannprófunarnúmer I. hluta birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni: .....

Aths.: Í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 fylgir I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni með þessu vottorði. I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni skal tekinn saman á grundvelli staðlaða sniðsins sem sýnt er í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og honum skulu fylgja, eftir atvikum, leiðbeiningar varðandi þætti sem eru bundnir við reglugerð (ESB) nr. 1257/2013, s.s. efni sem eru skráð í þeirri reglugerð en ekki í Hong Kong-samningnum.

ÞAÐ VOTTAST HÉR MEÐ

Að skipið hefur verið skoðað í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 og að skoðunin sýnir að I. hluti birgðaskrárinnar yfir hættuleg efni uppfylli allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar.

Lokadagsetning skoðunarinnar sem vottorð þetta byggist á: ..... (dd/mm/áááá)

Þetta vottorð gildir til ..... (dd/mm/áááá)

Gefið út í .....
(Útgáfustaður vottorðsins)

(dd/mm/áááá) .....
(Útgáfudagur) *(Undirskrift embættismanns sem hefur fullt umboð til að gefa vottorðið út)*

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN TIL AÐ FRAMLENGJA GILDISTÍMA VOTTORÐSINS, EF HANN ER SKEMMRI EN 5 ÁR, ÞEGAR ÁKVÆÐI 5. MGR. 9. GR. GILDA (*)

Skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og í samræmi við 5. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar telst þetta vottorð gilt til

(dd/mm/áááá): .....

Undirskrift: .....
(Undirskrift embættismanns sem til þess hefur fullt umboð)

Staður: .....

Dagsetning: (dd/mm/áááá) .....

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN ÞEGAR ENDURNÝJUNARSKOÐUN ER LOKIÐ OG ÁKVÆÐI 4. MGR. 9. GR. GILDA (*)

Skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa og í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar telst þetta vottorð gilt til (dd/mm/áááá): .....

Undirskrift: .....
(Undirskrift embættismanns sem til þess hefur fullt umboð)

Staður: .....

Dagsetning: (dd/mm/áááá) .....

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN TIL FRAMLENGINGAR GILDISTÍMA VOTTORÐSINS ÞAR TIL KOMIÐ ER TIL HAFNAR EÐA AKKERISLÆGIS, ÞAR SEM SKOÐUN FER FRAM, EÐA FRAMLENGINGAR UM TILTEKINN TÍMA ÞEGAR ÁKVÆÐI 7. MGR. 9. GR. EÐA 8. MGR. 9. GR. GILDA (*)

Í samræmi við 7. mgr. 9. gr. eða 8. mgr. 9. gr. (**) reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa telst þetta vottorð gilt til (dd/mm/áááá): .....

Undirskrift: .....

(Undirskrift embættismanns sem til þess hefur fullt umboð)

Staður: .....

Dagsetning: (dd/mm/áááá) .....

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

ÁRITUN UM VIÐBÓTARSKOÐUN ÞEGAR ÁKVÆÐI 2. MGR. 9. GR. GILDA (*)

Viðbótarskoðun sem var framkvæmd í samræmi við 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa leiddi í ljós að skipið uppfyllir viðeigandi ákvæði þeirrar reglugerðar.

Undirskrift: .....

(Undirskrift embættismanns sem til þess hefur fullt umboð)

Staður: .....

Dagsetning: (dd/mm/áááá) .....

(Kennimerki eða stimpill yfirvalds, eftir því sem við á)

(*) Taka skal afrit af þessari blaðsíðu áritunarinnar við skoðun og láta hana fylgja vottorðinu ef stjórnvöld telja það nauðsynlegt.
(**) Strikið yfir það sem á ekki við.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/684 **2020/EES/5/10**

frá 4. maí 2018

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópuskránni yfir skipaendurvinnslustöðvar var komið á fót með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 ([2]) samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1257/2013.

2) Nokkur aðildarríki hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um skrár yfir stöðvar sem þau hafa veitt leyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 til innfærslu í Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar. Aðildarríki hafa einnig tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppfærð gögn sem varða stöðvar sem þegar eru á þeirri skrá.

3) Því er rétt að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323.

4) Að því er varðar skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi þar sem umsókn um innfærslu í Evrópuskrána hefur verið lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, stendur enn yfir mat á viðeigandi upplýsingum og stuðningsgögnum sem liggja fyrir eða er aflað. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir er varða þær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar utan Sambandsins um leið og matinu er lokið.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 4. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

EVRÓPUSKRÁ YFIR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 16. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1257/2013

Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki Sambandsins

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
BELGÍA						
NV Galloo Recycling Ghent Scheepszatestraat 9 9000 Gent Belgía Símanúmer: +32 92512521 Tölvupóstfang: peter.wyntin@galloo.com	Samhliða (legupláss á floti), hallandi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 265 metrar Breidd: 36 metrar Djúprista: 12,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 30 dagar	34 000 ([4])	31. mars 2020
DANMÖRK						
Fornæs ApS Rolshøjvej 12-16 8500 Grenå Danmörk www.fornaes.dk	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 25 metrar Djúprista: 6 metrar BT: 10 000	Sveitarfélagið Norddjurs hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar	30 000 ([5])	30. júní 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Smedegaarden A/S Vikingkaj 5 6700 Esbjerg Danmörk www.smedegaarden.net	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 170 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 7,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar	20 000 (6)	15. september 2021
EISTLAND						
OÜ BLRT Refonda Baltic	Á floti við viðlegubryggju og í flotkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 197 metrar Breidd: 32 metrar Djúprista: 9,6 metrar BT: 28 000	Leyfi fyrir úrgangi nr. L.JÄ/327249. Leyfi fyrir meðhöndlun hættulegs úrgangs nr. 0222. Reglur hafnarinnar Vene-Balti, handbók um endurvinnslu skipa MSR-Refonda. Umhverfisstjórnunarkerfi, meðhöndlun úrgangs EP 4.4.6-1-13 Stöðin getur einungis endurunnið þau hættulegu efni sem hún hefur fengið leyfi fyrir.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 30 dagar	21 852 (7)	15. febrúar 2021
SPÁNN						
DDR VESSELS XXI, S.L. Höfnin „El Musel“ Gijón Spánn Símanúmer: +34 630144416 Tölvupóstfang: abarredo@ddr-vessels.com	Sundurhlutunarrampur	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, að undanskildum kjarnorkuknúnum skipum. Hámarksmál skipa: Lengd: 84,95 metrar	Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu.	Engin sértæk málsmeðferð hefur enn verið skilgreind.	0 (8)	28. júlí 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
		(Samþykkja má skip allt að 169,9 m að lengd með enga eða takmarkaða hreyfingu á rampinum, með hliðsjón af niðurstöðu úr nákvæmri hagkvæmniathugun)				
FRAKKLAND						
Démonaval Recycling ZI du Malaquis Rue François Arago 76580 LE TRAIT Símanúmer: +33 769791280 Tölvupóstfang: patrick@demonaval-recycling.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 140 metrar Breidd: 25 metrar Dýpt: 5 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	0 (9)	11. desember 2022
GARDET & DE BEZENAC Recycling/Groupe BAUDELET ENVIRONNEMENT — GIE MUG 616, Boulevard Jules Durand 76600 Le Havre Frakkland Símanúmer: +33 235951634 Tölvupóstfang: infos@gardet-bezenac.com	Á floti og á dráttarbraut	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 18 metrar EÞT: 7 000	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	16 000 (10)	30. desember 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Grand Port Maritime de Bordeaux 152, Quai de Bacalan — CS 41320 — 33082 Bordeaux Cedex Frakkland Símanúmer: +33 556905800 Tölvupóstfang: maintenance@bordeaux-port.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 240 metrar Breidd: 37 metrar Dýpt: 17 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	18 000 (11)	21. október 2021
Les Recycleurs bretons Zone Industrielle de Kerbriant — 29 610 Plouigneau Frakkland Símanúmer: +33 298011106 Tölvupóstfang: navaleo@navaleo.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 225 metrar Breidd: 34 metrar Dýpt: 27 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki — Lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið.	5 500 (12)	24. maí 2021
LETTLAND						
A/S „Tosmares kuģubūvētava“ Ģenerāļa Baloža street 42/44, Liepaja, LV-3402 Lettland Símanúmer: +371 63401919 Tölvupóstfang: shipyard@tosmare.lv	Sundurhlutun skipa (legupláss á floti og þurrkví)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 165 m Breidd: 22 m Dýpt: 7 m	Sjá landsbundið leyfi nr. LI10IB0024.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	0 (13)	11. júní 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
		BG: 14 000 BT: 200–12 000 Þyngd: 100–5 000 tonn EÞT: 100–5 000				
LITÁEN						
UAB APK Minijos 180 (legupláss 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 46365776 Símbréf +370 46365776 Tölvupóstfang: uab.apk@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 130 metrar Breidd: 35 metrar Dýpt: 10 metrar BT: 3 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-15/2015.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	1 500 (14)	17. mars 2020
UAB Armar Minijos 180 (legupláss 127A, 131A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 68532607 Tölvupóstfang: armar.uab@gmail.com; albatrosas33@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (legupláss 127A): Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 6 metrar BT: 1 500 Hámarksmál skipa (legupláss 131A): Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 5 metrar BT: 1 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-16/2015 (legupláss 127A) Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-51/2017 (legupláss 131A)	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	3 910 (15)	17. mars 2020 (legupláss 127A) 19. apríl 2022 (legupláss 131A)

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
UAB Vakaru refonda Minijos 180 (legupláss 129, 130, 131A, 131, 132, 133A), LT 93269, Klaipėda, Litáen Símanúmer: +370 46483940/483891 Símbréf +370 46483891 Tölvupóstfang: refonda@wsy.lt	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 230 metrar Breidd: 55 metrar Dýpt: 14 metrar BT: 70 000	Sjá landsbundið leyfi nr. (11.2)-30-161/2011/TL-KL.1-18/2015	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	20 140 ([16])	21. maí 2020
HOLLAND						
Keppel-Verolme Prof. Gerbrandyweg 25 3197 KK Rotterdam-Botlek Holland Símanúmer: +31 181234353 Tölvupóstfang: mzoethout@keppelverolme.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 405 metrar Breidd: 90 metrar Dýpt: 11,6 metrar	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	52 000 ([17])	21. júlí 2021
Scheepssloperij Nederland B.V. Havenweg 1; 3295 XZ s-Gravendeel Postbus 5234; 3295 ZJ s-Gravendeel Holland Símanúmer: +31 786736055 Tölvupóstfang: info@sloperij-nederland.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Breidd: 33 metrar Dýpt: 6 metrar Hæð: 45 metrar (Botlek-brú)	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	9 300 ([18])	27. september 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
		Endurvinnsluaðgerðir hefjast á floti til að létta skrokkinn; vindan til að draga skipin upp á rampinn getur dregið 2 000 tonn.				
PÓLLAND						
ALMEX Sp. Z o.o. ul. Ks. Stanislawa Kujota 1 70-605 Szczecin Pólland Símanúmer: +48 914624862 Tölvupóstfang: biuro@almex-recycling.pl almex-recycling.pl	Hafnargarðar og endurvinnslustaðir við strönd	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 120 metrar Breidd: 20 metrar Dýpt: 6 metrar BG: 6 000 BT: 2 500 EÞT: 2 500	Sjá leyfi WOŚ.II.7243.7.4.2014.IB.	Beint samþykki	4 000 (19)	28. apríl 2018
Stocznia Marynarki Wojennej S.A. ul. Śmidowicza 48, 81-127 Gdynia Pólland Símanúmer: +48 586258318 Tölvupóstfang: mrybka@navship.pl www.navship.pl	Legupláss á floti, þurrkví, hafnargarðar og endurvinnslustaðir við strönd	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 100 m Þyngd: 2 500 tonn (þyngri skip þarf að sundurhluta að hluta til. Sundurhlutun að hluta til hefst á floti til að létta skrokkinn)	Sjá leyfi DROŚ S.7243.24.2016.EB	Beint samþykki	5 000 (20)	28. apríl 2018

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
PORTÚGAL						
Navalria — Docas, Construções e Reparações Navais Porto Comercial, Terminal Sul, Apartado 39, 3811-901 Aveiro Portúgal Símanúmer: +351 234378970, +351 232767700 Tölvupóstfang: info@navalria.pt	Sundurhlutun í þurrkví, afmengun og sundurhlutun á láréttum og hallandi fleti, í samræmi við stærð skipsins	Nafnrúmtak lárétta flatarins: 700 tonn Nafnrúmtak hallandi flatarins: 900 tonn		Skilyrði sem gilda um starfsemina eru skilgreind í forskriftum sem fylgja bálknum (AL n.º 5/2015/CCDRC frá 26. janúar 2016)	1 900 tonn (21)	26. janúar 2020
BRETLAND						
Able UK Limited Teesside Environmental Reclamation and Recycling Centre Graythorp Dock Tees Road Hartlepool Cleveland TS25 2DB Bretland Símanúmer: +44 1642 806080 Tölvupóstfang: info@ableuk.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 337,5 metrar Mesta breidd skips: 120 metrar Djúprista: 6,65 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/VP3296ZM) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	66 340 (22)	6. október 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Harland and Wolff Heavy Industries Limited Queen's Island Belfast BT3 9DU Bretland Símanúmer: +44 2890458456 Tölvupóstfang: trevor.hutchinson@harland-wolff.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í stærð sem tilgreind er í samþykktri vinnuáætlun. Hámarksmál skipa: Aðalskipakvíin (sú stærsta) hefur burðargetu sem nemur 556 m × 93 m × 1,2 m og getur tekið för allt að þeirri stærð. Stærsta þurrkvíin hefur burðargetu sem nemur 1,2 millj.	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs, leyfisnúmer LN/07/21/V2, sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	13 200 ([23])	3. ágúst 2020
Swansea Drydock Ltd Prince of Wales Dry Dock Swansea Wales SA1 1LY Bretland Símanúmer: +44 1792654592 Tölvupóstfang: info@swanseadrydocks.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru samþykkt í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Mesta breidd skips: 27 metrar Djúprista: 7 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/UP3298VL) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	7 275 ([24])	2. júlí 2020

([1]) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa
([2]) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013
([3]) Gildislok innfærslu í Evrópuskrána samsvarar lokadagsetningu gildistíma leyfisins eða starfsleyfisins sem stöðinni var veitt í aðildarríkinu.
([4]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([5]) Sjá athugasemd 4.
([6]) Sjá athugasemd 4.
([7]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([8]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.

([9]) Sjá athugasemd 7.
([10]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 18 000 EÞT á ári.
([11]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 23 000 EÞT á ári.
([12]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 10 000 EÞT á ári.
([13]) Sjá athugasemd 7.
([14]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([15]) Samkvæmt leyfunum er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 12 000 tonn EÞT á ári (6 000 EÞT á hvert legupláss).
([16]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 45 000 EÞT á ári.
([17]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 100 000 tonn á ári.
([18]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.
([19]) Sjá athugasemd 12.
([20]) Sjá athugasemd 12.
([21]) Engar upplýsingar voru lagðar fram um fræðilega árlega hámarksafkastagetu skipaendurvinnslu.
([22]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 230 000 tonn á ári.
([23]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 300 000 tonn á ári.
([24]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 74 999 tonn á ári.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/296 **2020/EES/5/11**

frá 24. febrúar 2015

um verklag við samstarf milli aðildarríkjanna um rafræna auðkenningu skv. 7. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB ([1]), einkum 7. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samstarf milli aðildarríkjanna um samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana (e. electronic identification schemes) er nauðsynlegt til að stuðla að háu stigi trausts og öryggis sem hæfir áhættustigi slíkra skipana.

2) Samkvæmt g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 skal tilkynningaraðildarríkið láta hinum aðildarríkjunum í té lýsingu á slíkri skipan með sex mánaða fyrirvara, til að aðildarríkin geti haft með sér samstarf eins og lýst er í 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

3) Samstarf milli aðildarríkjanna krefst einfaldaðrar málsmeðferðar. Ekki er hægt að ná fram samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana með verklagsreglum sem eru notaðar á mismunandi tungumálum. Það að nota ensku í samstarfinu ætti að gera það auðveldara að ná fram samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana en þó ætti þýðing gagna, sem þegar liggja fyrir, ekki að leiða til óhóflegrar byrði.

4) Hin ýmsu yfirvöld eða aðilar í aðildarríkjunum fara með mismunandi þætti rafrænu auðkenningarskipananna. Til að ná fram skilvirku samstarfi og einfalda stjórnsýslumeðferð er við hæfi að tryggja að í hverju aðildarríki sé einn vettvangur þar sem hægt er að hafa samband við viðeigandi yfirvöld og aðila.

5) Skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum milli aðildarríkjanna greiða fyrir þróun rafrænna auðkenningarskipana og þjóna þeim tilgangi að ná fram tæknilegri samvirkni. Þörfin á slíkri samvinnu er einkum réttlætanleg þegar um er að ræða aðlögun þegar tilkynntra rafrænna auðkenningarskipana, breytingar á rafrænum auðkenningarskipunum sem aðildarríkjunum hafa verið veittar upplýsingar um áður en tilkynning á sér stað og þegar mikilvæg þróun eða atvik eiga sér stað sem geta haft áhrif á samvirkni eða öryggi rafrænna auðkenningarskipana. Aðildarríkin ættu einnig að hafa þann möguleika að geta beðið um slíkar upplýsingar varðandi samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana frá öðrum aðildarríkjum.

6) Líta ætti á jafningjarýni á rafrænum auðkenningarskipunum sem gagnkvæmt lærdómsferli sem stuðlar að því að byggja upp traust milli aðildarríkjanna og tryggir samvirkni og öryggi tilkynntra, rafrænna auðkenningarskipana. Þetta krefst þess að tilkynningaraðildarríkið láti í té nægar upplýsingar um rafrænar auðkenningarskipanir sínar. Þó verður einnig að taka tillit til þess að aðildarríki þurfi að halda tilteknum upplýsingum leyndum þegar slíkt skiptir sköpum varðandi öryggi.

7) Til að tryggja að jafningjarýni sé kostnaðarhagkvæm og gefi skýrar og afgerandi niðurstöður og til þess að forðast að leggja óþarfa byrði á aðildarríkin ættu aðildarríkin að framkvæma jafningjarýni í eitt skipti í sameiningu.

8) Aðildarríkin ættu að taka til greina mat óháðra þriðju aðila, liggi það fyrir, þegar þau starfa saman að málum sem tengjast rafrænum auðkenningarskipunum, þ.m.t. þegar þau framkvæma jafningjarýni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 53, 25.2.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73.

9) Til að greiða fyrir verklagi til að ná markmiðum 5. og 6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 ætti að koma á fót samstarfsneti. Með því má tryggja að fyrir hendi sé vettvangur sem getur náð til allra aðildarríkjanna og virkjað þau með formlegum hætti til samstarfs um hagnýt atriði í sambandi við viðhald á umgjörð samvirkni (e. interoperability framework).

10) Samstarfsnetið ætti að fara yfir drög að tilkynningareyðublöðum sem aðildarríkin leggja fram skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og gefa álit á því hvort skipanirnar, sem þar er lýst, uppfylli kröfur 7. gr., 8. gr. (1.–2. mgr.) og 12. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar og framkvæmdargerðarinnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Í e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014 er þess krafist að tilkynningaraðildarríkin lýsi því hvernig tilkynnt, rafræn auðkenningarskipan uppfyllir kröfur um samvirkni skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014. Aðildarríkin ættu einkum að taka tillit til álitsgerða samstarfsnetsins þegar þau búa sig undir að uppfylla skyldu sína skv. e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, þ.e. að lýsa því fyrir framkvæmdastjórninni hvernig tilkynnta, rafræna auðkenningarskipanin fullnægir kröfunum um samvirkni skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

11) Allir aðilar, sem koma að tilkynningunni, ættu að taka mið af álitsgerð samstarfsnetsins og hafa hana til leiðbeiningar varðandi alla samstarfs-, tilkynningar- og samvirkniferla.

12) Til að tryggja skilvirkni jafningjarýniferlisins, sem er framkvæmt samkvæmt þessari ákvörðun, er við hæfi að samstarfsnetið veiti aðildarríkjunum leiðbeiningar.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Í samræmi við 7. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar er í þessari ákvörðun mælt fyrir um verklag til að greiða fyrir samstarfi aðildarríkjanna eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana sem aðildarríkin hyggjast tilkynna eða hafa þegar tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar. Verklagið varðar einkum:

a) skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum í tengslum við rafrænar auðkenningarskipanir og rannsókn á þróun sem máli skiptir á sviði rafrænnar auðkenningar eins og sett er fram í II. kafla,

b) jafningjarýni á rafrænum auðkenningarskipunum, eins og sett er fram í III. kafla, og

c) samstarf í gegnum samstarfsnetið, eins og sett er fram í IV. kafla.

2. gr.

Samstarfstungumál

1. Samstarfið skal fara fram á ensku nema hlutaðeigandi aðildarríki komi sér saman um annað.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal aðildarríkjunum ekki vera skylt að þýða stuðningsgögn, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., ef það veldur óhóflegri byrði.

3. gr.

Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna upplýsinga- og þjónustumiðstöð vegna samstarfs aðildarríkjanna skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

2. Sérhvert aðildarríki skal senda hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um upplýsinga- og þjónustumiðstöðina. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar á Netinu.

II. KAFLI

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM, REYNSLU OG GÓÐUM STARFSVENJUM

4. gr.

Skipti á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum

1. Aðildarríkin skulu miðla upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum í tengslum við rafrænar auðkenningarskipanir til hinna aðildarríkjanna.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það þegar það tekur upp einhverja af eftirtöldum breytingum, þróun eða aðlögun sem tengjast samvirkni eða fullvissustigum skipanarinnar:

a) þróun eða aðlögun á þegar tilkynntri, rafrænni auðkenningarskipan ef ekki er krafist tilkynningar vegna þeirra skv. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,

b) breytingar, þróun eða aðlögun á lýsingunni á rafrænni auðkenningarskipan þess, sem látin er í té skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014, ef þær áttu sér stað áður en tilkynningin fór fram.

3. Komist aðildarríki á snoðir um mikilvæga þróun eða atvik sem ekki tengist tilkynntri rafrænni auðkenningarskipan þess en gæti haft áhrif á öryggi annarra tilkynntra rafrænna auðkenningarskipana, skal það gera hinum aðildarríkjunum viðvart um það.

5. gr.

Beiðni um upplýsingar um samvirkni og öryggi

1. Telji aðildarríki að til þess að tryggja samvirkni milli rafrænna auðkenningarskipana þurfi það meiri upplýsingar en þær sem aðildarríki lét í té þegar það tilkynnti um rafræna auðkenningarskipan sína getur það beðið síðarnefnda ríkið um slíkar upplýsingar. Tilkynningaraðildarríkið skal láta slíkar upplýsingar í té nema:

a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,

b) upplýsingarnar varði almannaöryggi eða þjóðaröryggi,

c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.

2. Til að bæta öryggi rafrænna auðkenningarskipana getur aðildarríki, sem hefur áhyggjur af öryggismálum í tengslum við skipan sem tilkynnt hefur verið um eða er í tilkynningarferli, beðið um upplýsingar varðandi áhyggjuefnið. Aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, skal þá veita öllum aðildarríkjunum nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar til að sýna fram á hvort um öryggisrof er að ræða, eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, eða hvort raunveruleg hætta er á slíku rofi nema:

a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,

b) upplýsingarnar varði almannaöryggi eða þjóðaröryggi,

c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.

6. gr.

Upplýsingaskipti gegnum upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

Aðildarríkin skulu skiptast á upplýsingum skv. 4. og 5. gr. í gegnum upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar og láta í té viðeigandi umbeðnar upplýsingar án ótilhlýðilegrar tafar.

III. KAFLI

JAFNINGJARÝNI

7. gr.

Meginreglur

1. Jafningjarýni er tæki til samstarfs milli aðildarríkjanna sem er hannað með það í huga að tryggja samvirkni og öryggi tilkynntra rafrænna auðkenningarskipana.

2. Þátttaka rýniaðildarríkjanna er valfrjáls. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, getur ekki synjað neinu rýniaðildarríki um þátttöku í jafningjarýniferlinu.

3. Sérhvert aðildarríki, sem tekur þátt í jafningjarýniferlinu, skal bera þann kostnað sem það stofnar til við þátttöku í þessu ferli.

4. Upplýsingar, sem aflað er í jafningjarýniferlinu, skulu eingöngu notaðar í þessum tilgangi. Fulltrúar aðildarríkjanna, sem framkvæma jafningjarýnina, skulu ekki gefa þriðju aðilum upp neinar viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar sem aflað er meðan á henni stendur.

5. Aðildarríki, sem taka þátt í jafningjarýni, skulu gera grein fyrir hvers kyns hugsanlegum hagsmunaárekstri tilnefndra fulltrúa þeirra í jafningjarýninni.

8. gr.

Jafningjarýniferli hafið

1. Hægt er að hefja jafningjarýniferli á tvo vegu:

a) Aðildarríki biður um jafningjarýni á rafræna auðkenningarskipan sína.

b) Aðildarríki, eitt eða fleiri, óska eftir að fá að framkvæma jafningjarýni á rafrænni auðkenningarskipan annars aðildarríkis. Í beiðni sinni skulu þau taka fram ástæðurnar fyrir ósk sinni um að fá að framkvæma jafningjarýnina og útskýra hvernig hún myndi stuðla að samvirkni eða öryggi rafrænna auðkenningarskipana aðildarríkjanna.

2. Tilkynna skal um beiðni skv. 1. mgr. til samstarfsnetsins í samræmi við 3. mgr. Hvert það aðildarríki sem hyggst taka þátt í jafningjarýninni skal tilkynna samstarfsnetinu um það innan eins mánaðar.

3. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal láta samstarfsnetinu í té upplýsingar um eftirfarandi:

a) rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni,

b) aðildarríkið eða -ríkin sem taka þátt í jafningjarýninni,

c) hvenær áætlað er að samstarfsnetinu verði kynntar niðurstöðurnar og

d) fyrirkomulagið við framkvæmd jafningjarýninnar skv. 2. mgr. 9. gr.

4. Rafræn auðkenningarskipan skal ekki sæta frekari jafningjarýni næstu tvö árin eftir að slík rýni fer fram nema samstarfsnetið samþykki það.

9. gr.

Undirbúningur jafningjarýni

1. Innan 2ja vikna frá því að rýniaðildarríkin tilkynntu um þá fyrirætlan sína að taka þátt í henni í samræmi við 2. mgr. 8. gr. skulu þau gefa aðildarríkinu, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, upp nöfn og samskiptaupplýsingar þeirra fulltrúa sinna sem annast rýnina. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, getur synjað fulltrúa um þátttöku ef um hagsmunaárekstur er að ræða.

2. Með hliðsjón af leiðbeiningum samstarfsnetsins skulu aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, og rýniaðildarríkin komast að samkomulagi um:

a) umfang jafningjarýninnar og fyrirkomulag hennar, á grundvelli gildissviðs g-liðar 7. gr. eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og þess áhuga sem rýniaðildarríkin tjáðu í upphafsáfanganum,

b) tímasetningu jafningjarýniaðgerða með því að ákveða lokafrest sem ekki má vera meira en 3 mánuðum eftir að rýniaðildarríkin létu í té nöfn og samskiptaupplýsingar fulltrúa sinna skv. 1. mgr.,

c) aðrar skipulagsráðstafanir sem tengjast jafningjarýniferlinu.

Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal tilkynna samstarfsnetinu um samkomulagið.

10. gr.

Jafningjarýni

1. Aðildarríkin, sem taka þátt, skulu framkvæma jafningjarýnina sameiginlega. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu velja einn úr sínum hópi til að annast samræmingu jafningjarýninnar.

2. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem á að sæta jafningjarýni, skal láta rýniaðildarríkjunum í té tilkynningareyðublaðið, sem lagt var fyrir framkvæmdastjórnina, eða lýsingu á skipaninni, skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014, hafi viðkomandi rafræn auðkenningarskipan enn ekki verið tilkynnt. Einnig skal láta í té öll stuðningsgögn og viðbótarupplýsingar sem máli skipta.

3. Jafningjarýni getur falið í sér, en takmarkast þó ekki við, eitt eða fleiri af eftirfarandi:

a) mat á viðkomandi gögnum,

b) athugun á ferlum,

c) tæknilegar málstofur og

d) athugun á mati óháðs þriðja aðila.

4. Rýniaðildarríkin geta krafist viðbótargagna í tengslum við tilkynninguna. Aðildarríkið, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem sætir jafningjarýni, skal láta í té slíkar upplýsingar nema:

a) það búi ekki yfir þessum upplýsingum og það hefði í för með sér óhóflega stjórnsýslubyrði að útvega þær,

b) upplýsingarnar varði almannaöryggi eða þjóðaröryggi,

c) upplýsingarnar varði viðskipta-, atvinnu- eða fyrirtækjaleyndarmál.

11. gr.

Niðurstaða jafningjarýni

Rýniaðildarríkin skulu semja skýrslu og leggja hana fyrir samstarfsnetið innan mánaðar frá því að jafningjarýniferlinu lýkur. Aðilar að samstarfsnetinu geta krafist frekari upplýsinga eða skýringa frá aðildarríkinu, sem á rafrænu auðkenningarskipanina sem sætti jafningjarýni, eða frá rýniaðildarríkjunum.

IV. KAFLI

SAMSTARFSNETIÐ

12. gr.

Stofnun og starfshættir

Hér með er komið á fót neti sem á að stuðla að samstarfinu skv. 5.–6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 („samstarfsnetið“). Starf samstarfsnetsins skal felast í fundum í bland við skriflega málsmeðferð.

13. gr.

Drög að tilkynningareyðublaði

Þegar tilkynningaraðildarríki lætur í té lýsingu á rafrænni auðkenningarskipan sinni skv. g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 skal það afhenda samstarfsnetinu drög að tilkynningareyðublaði, útfyllt með tilhlýðilegum hætti, og öll nauðsynleg fylgigögn eins og tilgreint er í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og í framkvæmdargerðinni sem um getur í 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014.

14. gr.

Verkefni

Samstarfsnetið skal hafa umboð til að:

a) greiða fyrir samstarfi milli aðildarríkjanna um að koma á fót og framkvæma umgjörð samvirkni skv. 5.–6. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 með upplýsingaskiptum,

b) koma á aðferðum til skilvirkra upplýsingaskipta um öll málefni sem varða rafræna auðkenningu,

c) rannsaka þróun sem máli skiptir á sviði rafrænnar auðkenningar og ræða og þróa góðar starfsvenjur um samvirkni og öryggi rafrænna auðkenningarskipana,

d) samþykkja álitsgerðir um þróun í tengslum við umgjörð samvirkni sem um getur í 2.–4. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014,

e) samþykkja álitsgerðir um þróun að því er varðar lágmarkstækniforskriftir, -staðla og -ferla varðandi fullvissustigin, sem sett eru fram í framkvæmdargerðinni sem samþykkt var skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 910/2014 og leiðbeiningunum sem fylgja þeirri framkvæmdargerð,

f) samþykkja leiðbeiningar um umfang jafningjaryni og fyrirkomulag hennar,

g) kanna niðurstöður jafningjaryni skv. 11. gr.,

h) fara yfir útfylltu drögin að tilkynningareyðublaði,

i) samþykkja álitsgerðir um það hvernig rafræn auðkenningarskipan, sem tilkynna á um og lýsing hefur verið gefin á í samræmi við g-lið 7. gr. reglugerðar (ESB) 910/2014, uppfyllir kröfur 7. gr., 8. gr. (1.–2. mgr.) og 12. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar og framkvæmdargerðarinnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.

15. gr.

Aðild

1. Aðildarríkin og lönd Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera aðilar að samstarfsnetinu.

2. Formaðurinn skal bjóða fulltrúum inngöngulanda að sitja fundi samstarfsnetsins sem áheyrnarfulltrúar frá og með undirritunardegi aðildarsáttmála.

3. Formaðurinn getur boðið sérfræðingum utan samstarfsnetsins með sérþekkingu á því máli sem er á dagskrá til að taka þátt í starfi samstarfsnetsins eða undirhóps í sérstökum tilvikum, að höfðu samráði við samstarfsnetið. Auk þess getur formaðurinn veitt einstaklingum og stofnunum stöðu áheyrnarfulltrúa, að höfðu samráði við samstarfsnetið.

16. gr.

Starfsemi

1. Framkvæmdastjórnin skal gegna formennsku í samstarfsnetinu.

2. Í samráði við framkvæmdastjórnina getur samstarfsnetið komið á undirhópum til að skoða sérstök álitaefni í samræmi við þá starfsskilmála sem samstarfsnetið skilgreinir. Slíkir undirhópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem falla undir umboð þeirra.

3. Aðilar að samstarfsnetinu, sem og sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sem hefur verið boðin þátttaka, skulu virða þagnarskyldu þá sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og framkvæmdarreglum þeirra, sem og reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi hvað varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE ([1]). Virði þeir ekki þessar skuldbindingar getur framkvæmdastjórnin gripið til allra viðeigandi ráðstafana.

4. Samstarfsnetið skal halda fundi sína í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal láta í té skrifstofuþjónustu.

5. Samstarfsnetið skal birta álitsgerðir sínar sem samþykktar eru skv. i-lið 14. gr. á sérstöku vefsetri. Hafi slík álitsgerð að geyma trúnaðarupplýsingar skal samstarfsnetið samþykkja útgáfu af þeirri álitsgerð þar sem trúnaðarupplýsingum er sleppt, til slíkrar birtingar.

6. Samstarfsnetið skal setja sér starfsreglur með einföldum meirihluta aðila þess.

17. gr.

Kostnaður vegna fundarhalda

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki greiða þeim sem taka þátt í starfsemi samstarfsnetsins fyrir þjónustu þeirra.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að endurgreiða ferðakostnað vegna útgjalda þátttakenda í fundum samstarfsnetsins. Endurgreiðsla skal vera í samræmi við þau ákvæði sem í gildi eru innan framkvæmdastjórnarinnar og vera innan marka tiltækra fjárveitinga til þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar sem úthlutað er samkvæmt árlegri málsmeðferð við úthlutun fjármagns.

18. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 24. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum (Stjtíð. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1).

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1177 **2020/EES/5/12**

frá 10. júlí 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gelatíni, bragðbætandi innyflaafurðum og bræddri fitu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 41. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra vegna innflutnings á gelatíni, bragðbætandi innyflaafurðum og bræddri fitu.

2) Í töflu 1 í 1. þætti I. kafla og töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur sem varða innflutning á aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins.

3) Egyptaland lét framkvæmdastjórninni í té fullnægjandi ábyrgðir varðandi eftirlit með framleiðslu á gelatíni af hálfu lögbærs yfirvalds. Því er viðeigandi að bæta Egyptalandi á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má gelatín inn í Sambandið.

4) Bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri má fá úr húsdýrum en einnig úr villtum dýrum sem er slátrað eða eru aflífuð til manneldis. Það er heppilegt að aðlaga skrána yfir þriðju lönd, þaðan sem flytja má inn bragðbætandi innyflaafurðir, að skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á kjöti af villtum veiðidýrum til manneldis er leyfður.

5) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1261 ([3]) var innleidd staðgönguaðferð, sem byggist á mati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ([4]), fyrir framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti. Það er heppilegt að leyfa innflutning á bræddri fitu, sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til notkunar í nýju staðgönguaðferðina þar eð notkun sömu efniviða er leyfð í Sambandinu. Því ætti að breyta II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við textann í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 185, 11.7.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1261 frá 12. júlí 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar staðgönguaðferð við vinnslu á tiltekinni bræddri fitu (Stjtíð. ESB L 182, 13.7.2017, bls. 31).

([4]) Scientific Opinion on a continuous multiple-step catalytic hydro-treatment for the processing of rendered animal fat (Category 1) (Vísindalegt álit um samfellda fjölþrepa hvataða vetnismeðhöndlun til vinnslu á bræddri dýrafitu (flokkur 1)) (*Tíðindi Matvæla-öryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4307).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. línu í töflu 1 í I. þætti I. kafla kemur eftirfarandi:

„5	Gelatín og vatnsrofin prótín	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr. og, ef um er að ræða vatnsrofið prótín: Efni í 3. flokki sem um getur í d-, h- og k-lið 10. gr.	Gelatínið og vatnsrofna prótínið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 5. þátt II. kafla X. viðauka.	a) Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan (EG) Egyptaland b) Ef um er að ræða gelatín og vatnsrofið prótín úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða gelatín: 11. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða vatnsrofið prótín: 12. kafli XV. viðauka.“

b) Í stað 13. línu í töflu 2 í I. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„13	Bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri	Efni sem um getur í a-lið 35. gr.	Bragðbætandi innyflaafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við III. kafla XIII. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr alifuglum, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr tilteknum villtum landspendýrum og dýrum af héraætt, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum.	E-liður 3. kafla XV. viðauka.“

c) Í stað 17. línu í töflu 2 í I. þætti II. kafla kemur eftirfarandi:

„17	Brædd fita til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr	a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu, vörum úr líffituefni eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í L-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr. b) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 2. og 3. flokki sem um getur í 9. og 10. gr. c) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum: Efni í 2. flokki sem um getur í c-og d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið. d) Ef um er að ræða efni ætluð til annars: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.	Brædda fitan skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 9. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og, ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	B-liður 10. kafla í XV. viðauka.“

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/990 **2020/EES/5/13**

frá 17. júní 2019

um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka tilskipunar ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ([1]), einkum 2. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2008/72/EB frá 15. júlí 2008 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi ([2]), einkum 3. og 22. mgr. 1. gr.,

með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE frá 2. júlí 1993 um yfirlit yfir skilyrðin sem uppfylla þarf að því er varðar fjölgunar- og plöntunarefni matjurta, að undanskildu fræi, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/33/EBE ([3]), einkum 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipunum 2002/55/EB og 2008/72/EB er kveðið á um tegundirnar sem falla undir þær með töflu í tveimur dálkum, þar sem vísindaheiti tegundar er skráð í öðrum dálknum en eitt eða fleiri almenn heiti fyrir hverja tegund í hinum dálknum.

2) Tiltekin yrki grænmetistegunda tilheyra tegundum sem eru skráðar undir vísindaheitum sínum en ekki þeim gerðum af yrkjum sem er lýst með almennum heitum. Þess vegna ætti að tilgreina hvort yrki falli undir gildissvið tilskipana 2002/55/EB og 2008/72/EB.

3) Í þeirri lýsingu ætti að taka tillit til þess að sum yrki tiltekinna, mismunandi grænmetistegunda eru markaðssett víðsvegar um Sambandið en önnur eru takmörkuð við landsbundna eða svæðisbundna markaði. Því væri ekki rétt að öll yrki þeirra grænmetistegunda féllu undir gildissviðið. Af þessum sökum ætti að tilgreina að öll yrki tiltekinna tegunda skuli falla undir gildissviðið en að því er varðar tilteknar aðrar tegundir ættu eingöngu tiltekin yrki að falla undir gildissviðið.

4) Í alþjóðlega nafnakerfinu fyrir ræktaðar plöntur (e. *International Code of Nomenclature for Cultivated Plants* (ICNCP)) var innleiddur formlegi flokkurinn „hópur“ til að flokka yrki ræktaðra tegunda. Flokkurinn „hópur“ er hentugt tæki til að skilgreina yrki sem tilheyra tiltekinni tegund og falla undir gildissvið tilskipana 2002/55/EB og 2008/72/EB.

5) Í þeim tilgangi að tilgreina hvort öll yrki grænmetistegundar eða eingöngu tilteknir hópar falli undir gildissviðið ætti að breyta töflunum yfir tegundirnar sem kveðið er á um í tilskipunum 2002/55/EB og 2008/72/EB. Viðkomandi grasafræðiheiti grænmetistegunda og heiti hópa sem tilheyra þeim ættu að koma fram í stigskiptri röð til að útrýma hugsanlegri tvíræðni að því er varðar gildissvið yrkjanna í viðkomandi tegund.

6) Það að nota tegundablandaða kynblöndun og kynblöndun yrkja innan tegundar getur leitt af sér yrki grænmetistegunda sem tilheyra ekki neinni fastri tegund eða föstum hóp. Til þess að gildissvið tilskipunar 2002/55/EB nái yfir slíkar gerðir yrkja ætti skráin yfir tegundir að innihalda blendinga milli tegunda og hópa sem eru tilgreind í skránni í b-lið 1. mgr. 2. gr. í þeirri tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([2]) Stjtíð. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 28.

([3]) Stjtíð. EB L 250, 7.10.1993, bls. 19.

7) Hóparnir, sem tilgreindir eru í skránni í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/55/EB, ættu einnig að koma fram, eftir því sem við á, í skránum í a-lið 3. liðar II. viðauka og 2. lið III. viðauka við þá tilskipun.

8) Því ætti að breyta tilskipunum 2002/55/EB, 2008/72/EB og 93/61/EBE til samræmis við það.

9) Enn fremur kom tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE til framkvæmdar 4. gr. tilskipunar ráðsins 92/33/EB ([4]) sem hefur verið felld úr gildi og 4. gr. tilskipunar 2008/72/EB kom í hennar stað. Með viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er komið á fót skrá þar sem tilgreind eru þau skilyrði sem grænmetisfjölgunarefni þarf að uppfylla og þær tegundir skráðar ásamt skaðlegum lífverum sem geta haft áhrif á gæði þeirra.

10) Uppfæra ætti grasafræðiheiti tiltekinna tegunda í tilskipun 93/61/EBE í samræmi við þróun vísindaþekkingar sem hluta af uppfærslu á viðkomandi skrá.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/55/EB

Tilskipun 2002/55/EB er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/72/EB

Í stað II. viðauka við tilskipun 2008/72/EB kemur texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Breytingar á tilskipun 93/61/EBE

Viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er breytt í samræmi við C-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

4. gr.

Lögleiðing

Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júlí 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([4]) Tilskipun ráðsins 92/33/EBE frá 28. apríl 1992 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi (Stjtíð. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1).

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Tilskipun 2002/55/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„*Allium cepa* L.

— Cepa-yrkishópur (laukur, bananaskalottlaukur)

— Aggregatum-yrkishópur (skalottlaukur)

Allium fistulosum L. (pípulaukur)

— öll yrki

Allium porrum L. (blaðlaukur)

— öll yrki

Allium sativum L. (hvítlaukur)

— öll yrki

Allium schoenoprasum L. (graslaukur)

— öll yrki

Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm. (kerfill)

— öll yrki

Apium graveolens L.

— Selleríhópur

— Hnúðsilluhópur

Asparagus officinalis L. (spergill)

— öll yrki

Beta vulgaris L.

— Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)

— Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

Brassica oleracea L.

— Grænkálshópur

— Blómkálshópur

— Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)

— Rósakálshópur

— Hnúðkálshópur

— Blöðrukálshópur

— Spergilkálshópur (sprotakál)

— Pálmakálshópur

— Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

Brassica rapa L.

— Kínakálshópur

— Næpugrænmetishópur

Capsicum annuum L. (eldpipar eða paprikur)

— öll yrki

Cichorium endivia L. (salatfífill)

— öll yrki

Cichorium intybus L.

— Jólasalatshópur

— Kaffifífilshópur (stórblaða kaffifífill eða ítalskur kaffifífill)

— Kaffifífilsrótarhópur

Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

— öll yrki

Cucumis melo L. (melónur)

— öll yrki

Cucumis sativus L.

— Gúrkuhópur

— Smágúrkuhópur

Cucurbita maxima Duchesne (tröllagrasker)

— öll yrki

Cucurbita pepo L. (grasker, þ.m.t. þroskuð risagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

— öll yrki

Cynara cardunculus L.

— Ætiþistlahópur

— Salatþistlahópur

Daucus carota L. (gulrætur og fóðurgulrætur)

— öll yrki

Foeniculum vulgare Mill. (fennikur)

— Azoricum-hópur

Lactuca sativa L. (salat)

— öll yrki

Solanum lycopersicum L. (tómatar)

— öll yrki

Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

— Steinseljublaðahópur

— Steinseljurótarhópur

Phaseolus coccineus L. (glæsibaunir)

— öll yrki

Phaseolus vulgaris L.

— Buskabaunahópur

— Stangarbaunahópur

Pisum sativum L.

— Hýðisertuhópur

— Mergertuhópur

— Sykurertuhópur

Raphanus sativus L.

— Radísuhópur

— Vetrarhreðkuhópur

Rheum rhabarbarum L. (rabarbari)

— öll yrki

Scorzonera hispanica L. (svartrætur)

— öll yrki

Solanum melongena L. (eggaldin)

— öll yrki

Spinacia oleracea L. (spínat)

— öll yrki

Valerianella locusta (L.) Laterr. (strábrúða eða vorsalat)

— öll yrki

Vicia faba L. (breiðbaunir)

— öll yrki

Zea mays L.

— Sykurmaíshópur

— Poppmaíshópur

Öll yrki þeirra tegunda og hópa sem talin eru upp hér að framan.“

2) Í stað færslnanna milli „*Asparagus officinalis*“ og „*Cichorium endivia*“ í fyrsta dálki töflunnar í a-lið 3. liðar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„*Beta vulgaris* (rauðrófuhópur)

Beta vulgaris (annað en rauðrófuhópur)

Brassica oleracea (blómkálshópur)

Brassica oleracea (annað en blómkálshópur)

Brassica rapa (kínakálshópur)

Brassica rapa (næpugrænmetishópur)

Capsicum annuum

Cichorium intybus (jólasalatshópur, kaffifífilblaðahópur)

Cichorium intybus (kaffifífilsrótarhópur).“

3) Í stað færslnanna milli „*Capsicum annuum*“ og „*Cichorium endivia*“ í fyrsta dálki töflunnar í 2. lið III. viðauka kemur eftirfarandi:

„*Cichorium intybus* (jólasalatshópur, kaffifífilblaðahópur)

Cichorium intybus (kaffifífilsrótarhópur).“

B-HLUTI

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir ættkvíslir og tegundir sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

„*Allium cepa* L.

— Cepa-yrkishópur (laukar, bananaskalottlaukur)

— Aggregatum-yrkishópur (skalottlaukur)

Allium fistulosum L. (pípulaukur)

— öll yrki

Allium porrum L. (blaðlaukur)

— öll yrki

Allium sativum L. (hvítlaukur)

— öll yrki

Allium schoenoprasum L. (graslaukur)

— öll yrki

Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm. (kerfill)

— öll yrki

Apium graveolens L.

— Selleríhópur

— Hnúðsilluhópur

Asparagus officinalis L. (sperglar)

— öll yrki

Beta vulgaris L.

— Rauðrófuhópur (rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur)

— Blaðbeðjuhópur (blaðbeðjur)

Brassica oleracea L.

— Grænkálshópur

— Blómkálshópur

— Höfuðkálshópur (rauðkál og hvítkál)

— Rósakálshópur

— Hnúðkálshópur

— Blöðrukálshópur

— Spergilkálshópur (sprotakál)

— Pálmakálshópur

— Tronchuda-hópur (portúgalskt hvítkál)

Brassica rapa L.

— Kínakálshópur

— Næpugrænmetishópur

Capsicum annuum L. (eldpipar eða paprikur)

— öll yrki

Cichorium endivia L. (salatfífill)

— öll yrki

Cichorium intybus L.

— Jólasalatshópur

— Kaffiífilshópur (stórblaða kaffiífill eða ítalskur kaffiífill)

— Kaffiífilsrótarhópur

Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai (vatnsmelónur)

— öll yrki

Cucumis melo L. (melónur)

— öll yrki

Cucumis sativus L.

— Gúrkuhópur

— Smágúrkuhópur

Cucurbita maxima Duchesne (tröllagrasker)

— öll yrki

Cucurbita pepo L. (grasker, þ.m.t. þroskuð rísagrasker og pattypan-grasker eða dvergbítar, þ.m.t. óþroskuð pattypan-grasker)

— öll yrki

Cynara cardunculus L.

— Ætiþistlahópur

— Salatþistlahópur

Daucus carota L. (gulrætur og fóðurgulrætur)

— öll yrki

Foeniculum vulgare Mill. (fennikur)

— Azoricum-hópur

Lactuca sativa L. (salat)

— öll yrki

Solanum lycopersicum L. (tómatar)

— öll yrki

Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)

— Steinseljublaðahópur

— Steinseljurótarhópur

Phaseolus coccineus L. (glæsibaunir)

— öll yrki

Phaseolus vulgaris L.

— Buskabaunahópur

— Stangarbaunahópur

Pisum sativum L.

— Hýðisertuhópur

— Mergertuhópur

— Sykurertuhópur

Raphanus sativus L.

— Radísuhópur

— Vetrarhreðkuhópur

Rheum rhabarbarum L. (rabarbari)

— öll yrki

Scorzonera hispanica L. (svartrætur)

— öll yrki

Solanum melongena L. (eggaldin)

— öll yrki

Spinacia oleracea L. (spínat)

— öll yrki

Valerianella locusta (L.) Laterr. (strábrúða eða vorsalat)

— öll yrki

Vicia faba L. (breiðbaunir)

— öll yrki

Zea mays L.

— Sykurmaíshópur

— Poppmaís-hópur.“

C-HLUTI

Í viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er dálkinum „ættkvísl eða tegund“ breytt sem hér segir:

a) Í stað orðanna „*Allium ascalonicum*“ koma orðin „*Allium cepa* – Aggregatum-yrkishópur“.

b) Í stað orðanna „*Allium cepa*“ koma orðin „*Allium cepa* – Cepa-yrkishópur“.

c) Í stað orðanna „*Brassica pekinensis*“ koma orðin „*Brassica rapa* – Kínakálshópur“.

d) Í stað orðanna „*Lycopersicon lycopersicum*“ koma orðin „*Solanum lycopersicum*“.

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/230 **2020/EES/5/14**

frá 7. febrúar 2019

um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2330 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og járndextrani sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í króatísku, tékknesku og frönsku tungumálaútgáfunum af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 ([2]) er villa í 3. gr. að því er varðar notkun járnoxíðs í fóður.

2) Því ætti að leiðrétta króatísku, tékknesku og frönsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2330 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 111. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og járndextrani sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 (Stjtíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 41).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/894 **2020/EES/5/15**

frá 28. maí 2019

um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar (EB).

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. október 2018 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-þreónín, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri hugsanlega húðnæmir og augn- og húðertingarefni og tók fram að notendum stafaði hætta af aukefninu við innöndun. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-þreóníns fyrir allar dýrategundir og til að aukefnið sé jafn áhrifaríkt fyrir jórturdýr og dýr sem ekki eru jórturdýr ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5458.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c410	—	L-þreónín	*Samsetning aukefnis:* Duft með a.m.k. 98% af L-þreóníni (miðað við þurrt efni). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-þreónín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* CGMCC 7.232 Efnaformúla: $C_4H_9NO_3$ CAS-númer: 72-19-5. *Greiningaraðferðir* (1): Til að ákvarða L-þreónín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-threonine monograph“ og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FD) — EN ISO 17180.	Allar tegundir	—	—	—	1. Setja má L-þreónín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts (2). 4. L-þreónín má nota í drykkjarvatn. 5. Tilgreina skal rakainnihald aukefnisins á merkimiða.	18. júní 2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að ákvarða þreónín í forblöndum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FD) – EN ISO 17180 og — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka). Til að ákvarða þreónín í fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS): Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III viðauka). Til að ákvarða þreónín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FD).					6. Á merkimiða aukefnis og forblandna skal tilgreina eftirfarandi: „Ef aukefnið er gefið í drykkjarvatn skal forðast ofskömmtun prótíns.“	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5458), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/478 **2020/EES/5/16**

frá 14. janúar 2019

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót ramma um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi til að sannreyna að löggjöf Sambandsins um matvæli og fóður sé beitt með réttum hætti. Þessi rammi nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum.

2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er þess krafist, að því er varðar tiltekna flokka dýra og vara, að hver sending falli undir opinbert eftirlit á tilnefndri landamæraeftirlitsstöð þar sem þær komu fyrst inn til Sambandsins vegna þeirrar áhættu sem þessir flokkar dýra og vara geta skapað fyrir heilbrigði manna og dýra.

3) Til viðbótar þeim flokkum sendinga sem þegar eru skráðir í reglugerð (ESB) 2017/625 ættu matvæli sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), sem og hey og hálmur, að hlíta opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum þar eð þau geta einnig skapað áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/625 til samræmis við það.

5) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 kemur eftirfarandi:

„b) afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, heyi og hálmi og matvælum sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu („samsettar afurðir“)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/723 **2020/EES/5/17**

frá 2. maí 2019

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 2. mgr. 113. gr. og f-lið fyrstu málsgreinar 134. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um að hvert aðildarríki eigi að leggja ársskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, um opinbert eftirlit sitt, tilvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og framkvæmd landsbundinnar eftirlitsáætlunar sinnar til margra ára. Fyrstu skýrsluna af því tagi á að leggja fram eigi síðar en 31. ágúst 2021.

2) Samþykkja ætti staðlaða fyrirmynd að eyðublaði til að tryggja samræmda framlagningu á ársskýrslum aðildarríkjanna.

3) Í staðlaðri fyrirmynd að eyðublaði, sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríkin leggja fram, ætti að samþætta aðrar fyrirliggjandi staðlaðar fyrirmyndir að eyðublöðum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt vegna framlagningar á skýrslum um opinbert eftirlit sem lögbærum yfirvöldum er skylt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við reglurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Þetta er til að koma í veg fyrir margfalda skýrslugjöf og að til verði óþarfa stjórnsýsluálag.

4) Aðildarríkin ættu að vera skyldug til að fylla stöðluðu fyrirmyndina að eyðublaðinu út á rafrænu formi þar eð slíkt stuðlar að samantekt upplýsinga og gagna og kemur einnig í veg fyrir umritunarskekkjur.

5) Til að gera það kleift að nota þróuð boðskipti svo og skilvirkustu notkun á gögnum og upplýsingum í ársskýrslunum ætti að láta stöðluðu fyrirmyndina að eyðublaðinu í té gegnum tölvuvædda upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit (IMSOC) og aðildarríkin ættu að senda ársskýrslurnar með því að nota upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

6) Í stöðluðu fyrirmyndinni að eyðublaðinu koma fram tilteknar upplýsingar og gögn sem aðildarríkin eiga að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um, þ.m.t. upplýsingar og gögn um velferð dýra sem eru notuð í landbúnaði. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/778/EB ([2]) eru sem stendur settar fram kröfur um söfnun upplýsinga við skoðanir á framleiðslustöðum þar sem tiltekin dýr eru notuð í landbúnaði og um skýrslugjöf varðandi slíkar upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar. Til að tryggja samfellu og réttarvissu ætti því að fella tilskipun 2006/778/EB úr gildi og þessi reglugerð að koma í hennar stað.

7) Í stöðluðu fyrirmyndinni að eyðublaðinu eru einnig upplýsingar og gögn um vernd dýra í flutningi sem aðildarríkin eiga að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/188/ESB ([3]) er sem stendur mælt fyrir um reglur um ársskýrslur um skoðanir varðandi vernd dýra í flutningi. Vegna samfellu og réttarvissu ætti því að fella framkvæmdarákvörðun 2013/188/ESB úr gildi og þessi reglugerð að koma í hennar stað.

8) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er komið á fót staðlaðri fyrirmynd að eyðublaði fyrir upplýsingar og gögn sem eiga að koma fram í ársskýrslu sem hvert aðildarríki leggur fram í samræmi við 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2. gr.

Stöðluð fyrirmynd að eyðublaði

Aðildarríki skulu leggja upplýsingarnar og gögnin, sem um getur í 1. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, fram með því að nota stöðluðu fyrirmyndina að eyðublaðinu sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð. Þetta skal gert með því að nota rafrænu útgáfuna af stöðluðu fyrirmyndinni að eyðublaðinu í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit (IMSOC).

3. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2006/778/EB og framkvæmdarákvörðun 2013/188/ESB falla úr gildi frá og með 14. desember 2019.

4. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/778/EB frá 14. nóvember 2006 um lágmarkskröfur varðandi söfnun upplýsinga við skoðanir á framleiðslustöðum þar sem tiltekin dýr eru haldin í landbúnaði (Stjtíð. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 39).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/188/ESB frá 18. apríl 2013 um ársskýrslur um skoðanir án mismununar sem fara fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtíð. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 107).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ársskýrsla sem (aðildarríki) leggur fram fyrir tímabilið frá 1/1/(xxxx) til 31/12/(xxxx)

I. HLUTI

1. Inngangur

2. Ráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja skilvirka framkvæmd landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára, þ.m.t. framfylgdaraðgerðir og niðurstöður slíkra ráðstafana

3. Breytingar á landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára

4. Gjöld eða álögur

II. HLUTI

1. Matvæli og matvælaöryggi, heilleiki og heilnæmi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu, og dreifingar matvæla, þ.m.t. reglur sem er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti og vernda hagsmuni neytenda og upplýsingagjöf til þeirra, og framleiðsla og notkun á efnivið og hlutum sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli

1.1 Heildarniðurstaða um þá fylgni við tilskilin ákvæði sem náðst hefur

1.2 Opinbert eftirlit með rekstraraðilum/starfsstöðvum

Samþykktar starfsstöðvar	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi skipta sem opinbert eftirlit var innt af hendi
Starfsstöðvar með almenna starfsemi (kæligeymslur, starfsstöðvar til að endurpakka í innri og ytri umbúðir, heildsölumarkaðir, kæliskip)		
Kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum		
Kjöt af alifuglum og nörturum		
Kjöt af öldum veiðidýrum		
Kjöt af villtum veiðidýrum		
Hakkað kjöt, unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt		
Kjötafurðir		
Lifandi samlokur		
Lagarafurðir		
Broddur, hrámjólk, afurðir að stofni til úr broddi og mjólkurafurðir		
Egg og eggjaafurðir		
Froskalappir og sniglar		
Brædd dýrafita og hamsar		
Meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og garnir		
Gelatín		

Kollagen		
Mikið unnið kondróitínsúlfat, hýalúrónsýra, aðrar vatnsrofnar brjóskafurðir, kítósan, glúkósamín, ostahleypir, fiskilím og amínósýrur (HRP)		
Hunang		
Spírur		
Skráðir rekstraraðilar/skráðar starfsstöðvar	Fjöldi rekstraraðila/starfsstöðva	Fjöldi skipta sem opinbert eftirlit var innt af hendi
Ræktun nytjaplantna		
Búfjárframleiðsla		
Blandaður búskapur		
Veiðar		
Fiskveiðar		
Lagareldi		
Vinnsla og geymsla aldina og grænmetis		
Framleiðsla á jurtaolíu og feiti		
Framleiðsla á kornvöru, sterkju og sterkjuafurðum		
Framleiðsla á bakarísvörum og mjölkenndum vörum		
Framleiðsla á öðrum matvælum		
Framleiðsla á drykkjarvörum		
Heildsala		
Smásala		
Flutningar og geymsla		
Veitingasala og -þjónusta		
Annað		

	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi skipta sem opinbert eftirlit var innt af hendi
Starfsstöðvar sem framleiða snertiefni matvæla		

1.3 Opinbert eftirlit sem útheimtir stöðuga eða reglulega viðveru starfsfólks eða fulltrúa lögbærra yfirvalda á athafnasvæði rekstraraðila

Tegundir athafnasvæða rekstraraðila	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi skipta sem opinbert eftirlit var innt af hendi (fjöldi skrokka eða þyngd í tonnum)	Hafnanir
Kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum — sláturhús			
Kjöt af alifuglum og nörturum — sláturhús			
Kjöt af öldum veiðidýrum — sláturhús			
Kjöt af villtum veiðidýrum — starfsstöðvar sem meðhöndla veiðidýr			

1.4 Opinbert eftirlit með afurðum/vörum samkvæmt láréttri reglu og matvælaflokki

Samkvæmt láréttri reglu / Samkvæmt matvælaflokki	Örveru-fræðilegar viðmiðanir	Varnarefni í matvælum	Aðskotaefni í matvælum	Leifar dýralyfja í matvælum	Merking og næringar- og heilsufullyrð-ingar	Erfðabreyttar lífverur í matvælum	Bætandi efni (aukefni, ensím, bragðefni, hjálparefni við vinnslu)	Geislun	Mengun með/flæði snertiefna matvæla	Annað
1. Mjólkurafurðir										
2. Staðgöngukostir mjólkurafurða										
3. Fita og olíur og ýrðar fitu- og olíulausnir										
4. Ís til neyslu										
5. Aldin og grænmeti										
6. Sælgæti										

7. Korn og kornafurðir										
8. Kaffibrauð										
9. Nýtt kjöt										
*Tamin hóf- og klaufdýr**										
*Alifuglar og nartarar**										
*Alin veiðidýr**										
*Villt veiðidýr**										
10. Hakkað kjöt, unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt										
*Hakkað kjöt**										
*Unnar kjötvörur**										
*Vélúrbeinað kjöt**										
11. Kjötafurðir										
*Meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og garnir**										
*Gelatín, kollagen og HRP**										
12. Fiskur og lagarafurðir										
*Lifandi samlokur**										
*Lagarafurðir**										
13. Egg og eggjaafurðir										
14. Sykrur, síróp, hunang og borðsætuefni										
15. Salt, krydd, súpur, sósur, salöt og prótínafurðir										

16. Matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 (1)										
17. Drykkjarvörur										
*Óáfengir drykkir**										
*Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum**										
18. Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl										
19. Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4										
20. Fæðubótarefni eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB (2), að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn										
21. Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 17, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn										
22. Annað – matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 21										
Snertiefni matvæla										

1.5 Athugasemdareitur*

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

1.6 Ekki farið að tilskildum ákvæðum				Aðgerðir/ráðstafanir	
	Rekstraraðilar/starfsstöðvar sem fara ekki að tilskildum ákvæðum				
	Kom í ljós meðan framkvæmd opinbers eftirlits stóð yfir	*Heildarfjöldi rekstraraðila/starfsstöðva sem eftirlit er haft með**	*Fjöldi rekstraraðila/starfsstöðva sem eftirlit er haft með þar sem í ljós kom að ekki var farið að tilskildum ákvæðum**	Stjórnsýslulegar	Réttarfarslegar
Samþykktar starfsstöðvar					
Starfsstöðvar með almenna starfsemi (kæligeymslur, starfsstöðvar til að endurpakka í innri og ytri umbúðir, heildsölumarkaðir, kæliskip)					
Kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum					
Kjöt af alifuglum og nörturum					
Kjöt af öldum veiðidýrum					
Kjöt af villtum veiðidýrum					
Hakkað kjöt, unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt					
Kjötafurðir					
Lifandi samlokur					
Lagarafurðir					
Broddur, hrámjólk, afurðir að stofni til úr broddi og mjólkurafurðir					
Egg og eggjaafurðir					
Froskalappir og sniglar					
Brædd dýrafita og hamsar					
Meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og garnir					
Gelatín					
Kollagen					
HRP					
Hunang					
Spírur					

Skráðir rekstraraðilar/skráðar starfsstöðvar					
Ræktun nytjaplantna					
Búfjárframleiðsla					
Blandaður búskapur					
Veiðar					
Fiskveiðar					
Lagareldi					
Vinnsla og geymsla aldina og grænmetis					
Framleiðsla á jurtaolíu og feiti					
Framleiðsla á kornvöru, sterkju og sterkjuafurðum					
Framleiðsla á bakarísvörum og mjölkenndum vörum					
Framleiðsla á öðrum matvælum					
Framleiðsla á drykkjarvörum					
Heildsala					
Smásala					
Flutningar og geymsla					
Veitingasala og -þjónusta					
Annað					
Starfsstöðvar sem framleiða snertiefni matvæla					

Matvæli voru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði								Aðgerðir/ráðstafanir	
	Tilvik þar sem kom í ljós meðan framkvæmd opinbers eftirlits stóð yfir að ekki var farið að tilskildum ákvæðum							Stjórnsýslulegar	Réttarfarslegar
	Örverufræðilegar viðmiðanir	Varnarefni í matvælum	Aðskotaefni í matvælum	Leifar dýralyfja í matvælum	Merking og næringar- og heilsufullyrðingar	Bætandi efni (aukefni, ensím, bragðefni, hjálparefni við vinnslu)	Annað		
1. Mjólkurafurðir									
2. Staðgöngukostir mjólkurafurða									
3. Fita og olíur og ýrðar fitu- og olíulausnir									
4. Ís til neyslu									
5. Aldin og grænmeti									
6. Sælgæti									
7. Korn og kornafurðir									
8. Kaffibrauð									
9. Nýtt kjöt									
*Tamin hóf- og klaufdýr**									
*Alifuglar og nartarar**									
*Alin veiðidýr**									
*Villt veiðidýr**									
10. Hakkað kjöt, unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt									
*Hakkað kjöt**									
*Unnar kjötvörur**									
*Vélúrbeinað kjöt**									

11. Kjötafurðir									
*Meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og garnir**									
*Gelatín, kollagen og HRP**									
12. Fiskur og lagarafurðir									
*Lifandi samlokur**									
*Lagarafurðir**									
13. Egg og eggjaafurðir									
14. Sykrur, síróp, hunang og borðsætuefni									
15. Salt, krydd, súpur, sósur, salöt og prótínafurðir									
16. Matvæli sem eru ætluð til sérstakra, næringarlegra nota eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013									
17. Drykkjarvörur									
*Óáfengir drykkir**									
*Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum**									
18. Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl									
19. Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4									
20. Fæðubótarefni eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn									

21. Unnin matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 17, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn									
22. Annað – matvæli sem ekki falla undir flokk 1 til 21									

Tilvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við láréttar reglur		Aðgerðir/ráðstafanir	
	Tilvik þar sem kom í ljós meðan framkvæmd opinbers eftirlits stóð yfir að ekki var farið að tilskildum ákvæðum	Stjórnsýslulegar	Réttarfarslegar
Erfðabreyttar lífverur í matvælum:			
Óleyfilegar erfðabreyttar lífverur			
Merking erfðabreyttra lífvera			
Geislun			
Nýfæði			
Snertiefni matvæla			

Sviksamlegir og villandi viðskiptahættir

1.7 Athugasemdareitur*

* *Aðildarríki geta valið að fylla inn í textareitina eða dálkana sem eru merktir með stjörnu (*) eða skilja eftir eyðu*

2. Slepping erfðabreyttra lífvera út í umhverfið af ásettu ráði í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður

2.1 Heildarniðurstaða um þá fylgni við tilskilin ákvæði sem náðst hefur

2.2 Opinbert eftirlit

	Fjöldi skipta sem opinbert eftirlit var innt af hendi
Ræktun erfðabreyttra lífvera í viðskiptaskyni í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður (C-hluti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([3]))	
Tilraunaslepping erfðabreyttra lífvera í tengslum við matvæli og fóður (B-hluti tilskipunar 2001/18/EB)	
Fræ og plöntufjölgunarefni í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður	

2.3 Athugasemdareitur*

2.4 Ekki farið að tilskildum ákvæðum				Aðgerðir/ráðstafanir	
	Kom í ljós meðan framkvæmd opinbers eftirlits stóð yfir	*Heildarfjöldi rekstraraðila sem eftirlit er haft með**	*Fjöldi rekstraraðila sem eftirlit er haft með þar sem í ljós kom að ekki var farið að tilskildum ákvæðum**	Stjórnsýslulegar	Réttarfarslegar
1. Ræktun erfðabreyttra lífvera í viðskiptaskyni í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður					
2. Tilraunaslepping erfðabreyttra lífvera í tengslum við matvæli og fóður					
3. Fræ og plöntufjölgunarefni í þeim tilgangi að framleiða matvæli og fóður					
3.1 Óleyfilegar erfðabreyttar lífverur í fræi og plöntufjölgunarefni					
3.2 Merking erfðabreyttra lífvera í fræi og plöntufjölgunarefni					

0610000	**Te**	**0,05** (*)	
0620000	**Kaffibaunir**	**0,05** (*)	
0630000	**Jurtate úr**	**0,05** (*)	
0631000	a) *Blómum*		
0631010	Gæsajurt		
0631020	Læknakólfur		
0631030	Rósir		
0631040	Jasmína		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*		
0632010	Jarðarber		
0632020	Rauðrunnalauf		
0632030	Indíánaþyrnislauf		
0632990	Annað (2)		
0633000	c) *Rótum*		
0633010	Garðabrúða		
0633020	Ginseng		
0633990	Annað (2)		
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*		
0640000	**Kakóbaunir**	**0,06**	
0650000	**Jóhannesarbrauð**	**0,05** (*)	
0700000	**HUMLAR**	90	**0,05** (*)
0800000	**KRYDD**		
0810000	**Krydd úr fræjum**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0810010	Anís/anísfræ		
0810020	Ilmfrú		
0810030	Sellerí		
0810040	Kóríander		
0810050	Kúmín		
0810060	Dill		
0810070	Fennikur		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað (2)		
0820000	**Aldinkrydd**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0820010	Allrahanda		
0820020	Kínapipar		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		
0820050	Einiber		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		
0820070	Vanilla		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
0830000	**Barkarkrydd**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0830010	Kanill		
0830990	Annað (2)		
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**		
0840010	Lakkrís	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840020	Engifer (10)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840040	Piparrót (11)		
0840990	Annað (2)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað (2)		
0860000	**Frævukrydd**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0860010	Saffran		
0860990	Annað (2)		
0870000	**Frækápukrydd**	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0870010	Múskatblóm		
0870990	Annað (2)		
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	0,01 (*)	**0,01** (*)
0900010	Sykurrófurætur		
0900020	Sykurreyr		
0900030	Kaffifífilsrætur		
0900990	Annað (2)		
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**		
1010000	**Vörur úr**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1011000	a) *Svínum*		
1011010	Vöðvi		
1011020	Fita		
1011030	Lifur		
1011040	Nýru		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1011990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
1012000	b) *Nautgripum*		
1012010	Vöðvi		
1012020	Fita		
1012030	Lifur		
1012040	Nýru		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1012990	Annað (2)		
1013000	c) *Sauðfé*		
1013010	Vöðvi		
1013020	Fita		
1013030	Lifur		
1013040	Nýru		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1013990	Annað (2)		
1014000	d) *Geitum*		
1014010	Vöðvi		
1014020	Fita		
1014030	Lifur		
1014040	Nýru		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1014990	Annað (2)		
1015000	e) *Hestum*		
1015010	Vöðvi		
1015020	Fita		
1015030	Lifur		
1015040	Nýru		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1015990	Annað (2)		
1016000	f) *Alifuglum*		
1016010	Vöðvi		
1016020	Fita		
1016030	Lifur		
1016040	Nýru		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1016990	Annað (2)		
1017000	g) *Öðrum öldum landdýrum*		
1017010	Vöðvi		
1017020	Fita		
1017030	Lifur		
1017040	Nýru		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1017990	Annað (2)		

(1)	(2)	(3)	(4)
1020000	**Mjólk**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað (2)		
1030000	**Fuglsegg**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað (2)		
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)**	0,05 (*)	**0,05** (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	**0,01** (*)	**0,01** (*)
1100000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)**		
1200000	**AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAM-LEIÐSLU (8)**		
1300000	**UNNIN MATVÆLI (9)**		

(*) Greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(F) = Fituleysanlegt

Mandíprópamíð (öll hlutföll skyldra hverfna)

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um eiturhrif umbrotsefna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 11. júlí 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0211000 (a) Kartöflur

0220020 Laukar

0220040 Vorlaukar og pípulaukar

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 11. júlí 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0231010 Tómatar

0232030 Dvergbítar“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

Dálkarnir fyrir mandíprópamíð og prófoxýdím í A-hluta falla brott.

3) Eftirfarandi dálki fyrir 2,5-díklóróbensósýrumetýlester er bætt við í V. viðauka:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	2,5-díklóróbensósýrumetýlester (summa 2,5-díklóróbensensýru og estera hennar, gefin upp sem 2,5-díklóróbensósýrumetýlester)
(1)	(2)	(3)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	**0,01** (*)
0110000	**Sítrusávextir**	
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	**Trjáhnetur**	
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	**Kjarnaávextir**	
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0140000	**Steinaldin**	
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	**Ber og smá aldin**	
0151000	a) *Þrúgur*	
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) *Jarðarber*	
0153000	c) *Klungurber*	
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað (2)	
0160000	**Ýmis aldin með**	
0161000	a) *Ætu hýði*	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað (2)	
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	

(1)	(2)	(3)
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) *Óætu hýði, stór*	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjualdin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvövur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað (2)	
0200000	**NÝTT eða FRYST GRÆNMETI**	**0,01** (*)
0210000	**Rótar- og hnýðisgrænmeti**	
0211000	a) *Kartöflur*	
0212000	b) *Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti*	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarrætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) *Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum*	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0220000	**Laukar**	
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	
0230000	**Aldingrænmeti**	
0231000	a) *Náttskuggaætt og stokkrósaætt*	
0231010	Tómatar	
0231020	Paprikur	
0231030	Eggaldin	
0231040	Okrur	
0231990	Annað (2)	
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*	
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbítar	
0232990	Annað (2)	
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*	
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) *Sykurmaís*	
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	
0241000	a) *Blómstrandi kál*	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	
0242000	b) *Kálhöfuð*	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) *Blaðkál*	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0244000	d) *Hnúðkál*	
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**	
0251000	a) *Salat og salatplöntur*	
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettasalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica)	
0251990	Annað (2)	
0252000	b) *Spínat og ápekk blöð*	
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) *Vínviðarlauf og ápekkar tegundir*	
0254000	d) *Brunnperla*	
0255000	e) *Jólasalat/salatfíflar*	
0256000	f) *Kryddjurtir og æt blóm*	
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af selleríi	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	**Belgávextir**	
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0270000	**Stöngulgrænmeti**	
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað (2)	
0280000	**Sveppir, mosar og fléttur**	
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og fléttur	
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	
0300000	**BELGÁVEXTIR**	**0,01** (*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	**0,01** (*)
0401000	**Olíufræ**	
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúafræ	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ	
0401110	Litunarþistilsfræ	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufræ	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0402000	**Olíurík aldin**	
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	**KORNTEGUNDIR**	**0,01** (*)
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrra	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	**0,01** (*)
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	**Jurtate úr**	
0631000	a) *Blómum*	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) *Rótum*	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*	

(1)	(2)	(3)
0640000	**Kakóbaunir**	
0650000	**Jóhannesarbrauð**	
0700000	**HUMLAR**	**0,01** (*)
0800000	**KRYDD**	
0810000	**Krydd úr fræjum**	**0,01** (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	
0820000	**Aldinkrydd**	**0,01** (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	**Barkarkrydd**	**0,01** (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**	
0840010	Lakkrís	**0,01** (*)
0840020	Engifer (10)	**0,01** (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	**0,01** (*)
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	**0,01** (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	**0,01** (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0860000	**Frævukrydd**	**0,01** (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	**Frækápukrydd**	**0,01** (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	**0,01** (*)
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffifífilsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**	**0,01** (*)
1010000	**Vörur úr**	
1011000	a) *Svínum*	
1011010	Vöðvi	
1011020	Fita	
1011030	Lifur	
1011040	Nýru	
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað (2)	
1012000	b) *Nautgripum*	
1012010	Vöðvi	
1012020	Fita	
1012030	Lifur	
1012040	Nýru	
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1012990	Annað (2)	
1013000	c) *Sauðfé*	
1013010	Vöðvi	
1013020	Fita	
1013030	Lifur	
1013040	Nýru	
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1013990	Annað (2)	
1014000	d) *Geitum*	
1014010	Vöðvi	
1014020	Fita	
1014030	Lifur	

(1)	(2)	(3)
1014040	Nýru	
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1014990	Annað (2)	
1015000	e) *Hestum*	
1015010	Vöðvi	
1015020	Fita	
1015030	Lifur	
1015040	Nýru	
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1015990	Annað (2)	
1016000	f) *Alifuglum*	
1016010	Vöðvi	
1016020	Fita	
1016030	Lifur	
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað (2)	
1017000	g) *Öðrum öldum landdýrum*	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fita	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað (2)	
1020000	**Mjólk**	
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	**Fuglsegg**	
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)**	
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	
1060000	**Landhryggleysingjar**	
1070000	**Villt landhryggdýr**	

(1)	(2)	(3)
1100000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)**	**0,01** (*)
1200000	**AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)**	**0,01** (*)
1300000	**UNNIN MATVÆLI (9)**	**0,01** (*)

(*) Greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/978 **2020/EES/5/26**

frá 14. júní 2019

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 ([2]) er kveðið á um undanþágu frá 4. lið IV. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu, sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis, með hafskipum við sérstök skilyrði.

2) Þessi skilyrði tengjast búnaði og starfsvenjum við flutning sem og viðmiðunum að því er varðar efni sem eru ætluð til flutnings með hafskipi sem fyrri farmur. Efni sem uppfylla þessi skilyrði eru skráð í viðaukann við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 (skrá yfir tækan fyrri farm).

3) Í áliti sínu frá 24. nóvember 2016 ([3]) lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat á tækileika metýlasetats, etýltertbútýleters, ammóníumsúlfats og kalsíumlignósúlfónats sem fyrri farms. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að metýlasetat og etýltertbútýleter uppfylli viðmiðanir fyrir tækileika sem fyrri farmur, að því er varðar ammóníumsúlfat uppfylli einungis vörur af matvælagæðum viðmiðanir fyrir tækileika og að kalsíumlignósúlfónat uppfylli ekki þessar viðmiðanir.

4) Því er rétt að breyta skránni yfir tækan fyrri farm sem sett er fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 17.6.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 579/2014 frá 28. maí 2014 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 að því er varðar flutning á fljótandi olíum og fitu á sjó (Stjtíð. ESB L 160, 29.5.2014, bls. 14).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4656.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 579/2014 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „2-etýlhexanól“:

„Etýltertbútýleter	637-92-3“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir „metanól“:

„Metýlasetat	79-20-9“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1338 **2020/EES/5/27**

frá 8. ágúst 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 5. gr. (a-, d-, e- og i-liður 1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (3. og 6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]) er tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni sem má nota við framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.

2) Eftir að síðasta breyting var gerð á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit um leyfilega notkun á efni, sem þegar hefur verið leyft, sem má nota í snertiefni matvæla [áður: efniviður sem kemst í snertingu við matvæli]. Til að tryggja að reglugerð (ESB) nr. 10/2011 endurspegli nýjustu niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að breyta þeirri reglugerð.

3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/37 ([3]) var efnið pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdróhexanóat) (ESM-efni nr. 1059, CAS-númer 147398-31-0) leyft til notkunar, annað hvort eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður, í snertingu við matvæli í þurru eða föstu formi sem matvælahermir E hefur verið valinn fyrir í töflu 2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, á grundvelli tveggja vísindalegra álita ([4]) ([5]) sem Matvælaöryggisstofnunin hefur birt. Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt nýtt jákvætt vísindalegt álit ([6]) sem rýmkar notkun á þessu efni, annað hvort eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður, við framleiðslu á plasti sem ætlað er að komast í snertingu við öll matvæli. Í seinna álitinu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að efnið skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur, ef það er annað hvort notað eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður, í snertingu við öll matvæli við skilyrði þar sem snerting á sér stað í 6 mánuði eða lengur við stofuhita eða lægri hita, þ.m.t. heitir áfyllingarfasar eða stuttir upphitunarfasar, að því tilskildu að flæði allra fáliða með sameindamassa undir 1000 Da fari ekki yfir 5,0 mg/kg af matvælum eða matvælahermi. Ályktun Matvælaöryggisstofnunarinnar byggist á verstu hugsanlegu skilyrðum flæðiprófunar, sem sett eru fram í lið 2.1.4 í 2. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, við skilyrði þar sem snerting á sér stað í langan tíma (6 mánuði eða lengur) með matvælum við stofuhita eða lægri hita. í samræmi við ákvæðin í lið 2.1.5 í 2. kafla V. viðauka við þá reglugerð ná þessi verstu hugsanlegu skilyrði flæðiprófunar einnig til skilyrða þar sem snerting á sér stað í skemmri tíma en 6 mánuði við stofuhita eða lægri hita. Því hefur notkun á þessu efni, annað hvort eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður, við framleiðslu á plasti sem ætlað er að komast í snertingu við öll matvæli við skilyrði þar sem snerting á sér stað í 6 mánuði eða skemur við stofuhita eða lægri hita, þ.m.t. heitir áfyllingarfasar eða stuttir upphitunarfasar, heldur engan öryggisvanda í för með sér að því tilskildu að flæði allra fáliða með sameindamassa undir 1000 Da fari ekki yfir 5,0 mg/kg af matvælum eða matvælahermi. Að auki staðfesti Matvælaöryggisstofnunin einnig í þessu áliti að sértæku flæðimörkin 0,05 mg/kg af matvælum, sem sett voru fyrir niðurbrotsefnið krótónsýru í fyrra leyfinu fyrir ESM-efni nr. 1059, ættu einnig að gilda fyrir þessa rýmkuðu notkun. Færslan fyrir þetta efni í töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 ætti því að innihalda notkun þessa efnis með öllum matvælum og við öll skilyrði í 10. dálki þeirrar töflu.

4) Leyfi fyrir ESM-efni nr. 1059, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, útheimtir að heildarflæði allra fáliða með sameindamassa undir 1000 Da fari ekki yfir 5,0 mg/kg af matvælum eða matvælahermi. Þar eð greiningaraðferðir til að ákvarða flæði þessara fáliða eru flóknar er lýsing á þessum aðferðum ekki endilega aðgengileg fyrir lögbær yfirvöld. Án

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2019, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/37 frá 10. janúar 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 88).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4464.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5326.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5551.

þessarar lýsingar getur lögbært yfirvald ekki sannprófað að flæði fáliða úr efniviðnum eða hlutnum samræmist flæðimörkunum fyrir þessar fáliður. Því ætti að krefjast þess að rekstraraðilar, sem setja endanlegan hlut eða efnivið sem inniheldur þetta efni á markað, láti koma fram í fylgiskjölunum, sem um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011, lýsingu á aðferðinni og kvörðunarsýni ef þess er krafist í aðferðinni.

5) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Efniviði og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 sem gilti fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má setja á markað fram til 29. ágúst 2020 og mega þeir vera áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar varðandi ESM-efni nr. 1059 í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 kemur eftirfarandi:

„1059		147398-31-0	Pólý((R)-3-hýdroxý-bútýrat-co-(R)-3-hýdróhexanóat)	nei	já	nei		(35)	Eingöngu til notkunar, annað hvort eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður, í snertingu við öll matvæli við skilyrði þar sem snerting á sér stað í allt að 6 mánuði og/eða í 6 mánuði eða meira við stofuhita eða lægri hita, þ.m.t. heitir áfyllingarfasar eða stuttir upphitunarfasar. Flæði allra fálíða með minni sameindamassa en 1000 Da skal ekki fara yfir 5,0 mg/kg matvæla.	(23)“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/828 **2020/EES/5/28**

frá 14. mars 2019

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur varðandi D-vítamín í ungbarnablöndum og kröfur varðandi erúkasýru í ungbarnablöndum og stoðblöndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ([2]) er m.a. mælt fyrir um reglur um samsetningar og merkingar fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur.

2) Í framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 er einkum kveðið á um að ungbarnablöndur skuli innihalda D-vítamín í magni á bilinu 2–3 µg/100 kcal.

3) Áhyggjur hafa vaknað af því að mikil neysla á ungbarnablöndum, sem innihalda 3 µg/100 kcal af D-vítamíni, ásamt innteknu D-vítamíni til viðbótar sem bætt er við fæðu geti leitt til þess að sum ungbörn neyti D-vítamíns í magni sem gæti valdið öryggisáhættu. Til að tryggja hámarksvernd fyrir ungbörn óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) legði mat á öryggi þess að ungbörn neyti ungbarnablandna sem innihalda 3 µg/100 kcal af D-vítamíni.

4) Í vísindalegu áliti sínu frá 28. júní 2018 um uppfærslu á efri mörkum þolanlegrar inntöku á D-vítamíni fyrir ungbörn ([3]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að notkun á ungbarnablöndum, sem innihalda 3µg/100 kcal af D-vítamíni, geti leitt til þess að sum ungbörn, allt að 4 mánaða aldri, neyti D-vítamíns í magni sem er yfir efri mörkum þolanlegrar inntöku úr ungbarnablöndunni einni og sér.

5) Í því áliti var einnig komist að þeirri niðurstöðu að notkun á D-vítamíni í magni sem nemur að hámarki 2,5 µg/100 kcal í ungbarnablöndum leiði ekki til þess að inntaka D-vítamíns úr ungbarnablöndunni einni og sér fari yfir efri mörk fyrir þolanlega inntöku. Á grundvelli þessa álits ætti að lækka hámarksinnihald D-vítamíns, sem leyft er í ungbarnablöndum samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2016/127, í 2,5 µg/100 kcal í samræmi við 6. gr. og 1. til 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013.

6) Hámarksgildi fyrir erúkasýru í ungbarnablöndum og stoðblöndum voru fastsett með framseldri reglugerð (ESB) 2016/127.

7) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit um tilvist erúkasýru í fóðri og matvælum ([4]). Í því áliti var komist að þeirri niðurstöðu að hundraðshlutamarkið 95 fyrir mörk fæðutengdra váhrifa væri hæst hjá ungbörnum og öðrum börnum sem getur bent til áhættu fyrir unga einstaklinga sem verða fyrir miklum váhrifum af erúkasýru.

8) Að teknu tilliti til niðurstaðna úr álitinu þykir rétt að lækka hámarksgildin fyrir erúkasýru í ungbarnablöndum og stoðblöndum.

9) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 23.5.2019, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls 1.)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16(8), 5365, 118 bls.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(11), 4593, 173 bls.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir D-vítamín í 11. lið kemur eftirfarandi:

	Í 100 kJ		Í 100 kkal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
„D-vítamín (μg)	0,48	0,6	2	2,5“

b) Í stað liðar 5.3 kemur eftirfarandi:

„5.3. Erúkasýruinnihald skal ekki vera meira en 0,4% heildarfituinnihalds.“

2) Í stað liðar 4.3 í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„4.3. Erúkasýruinnihald skal ekki vera meira en 0,4% heildarfituinnihalds.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1294 **2020/EES/5/29**

frá 1. ágúst 2019

um leyfi til að setja á markað betaín sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) samþykkt en í henni er skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Hinn 12. júní 2015 fór fyrirtækið DuPont Nutrition Biosciences ApS. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) fram á það við lögbært yfirvald í Finnlandi að fá að setja betaín á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum í skilningi e-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]). Í umsókninni er farið fram á að fá að nota betaín í korn- og prótínstangir, drykkjarduft, jafnþrýstnar drykkjarvörur sem eru tilbúnar til drykkjar fyrir einstaklinga, eldri en 10 ára, sem stunda íþróttir og í korn- og prótínstangir og matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og/eða í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([4]), að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn.

5) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

6) Þó að umsóknin um að setja betaín á markað sem nýfæði innan Sambandsins hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfyllir hún einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.

7) Lögbært yfirvald í Finnlandi gaf út skýrslu um frummat 21. október 2015. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að betaín uppfylli þær viðmiðanir um ný innihaldsefni í matvælum sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 204, 2.8.2019, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

8) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 23. október 2015. Önnur aðildarríki báru fram rökstudd andmæli innan 60 daga frestsins, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, að því er varðar skaðleg áhrif sem komu í ljós við mörkin um engin merkjanleg skaðleg áhrif sem umsækjandinn lagði til fyrir rannsókn á langvinnum eiturhrifum um munn og rannsókn á krabbameinsvaldandi eiginleikum, lág váhrifamörk milli betaínskammta þar sem áhrif komu fram í eiturefnafræðilegu rannsóknunum og tillagða daglega inntöku á betaíni.

9) Í ljósi þessara rökstuddu andmæla ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 4. apríl 2016 og bað hana að annast viðbótarmat á betaíni sem nýju innihaldsefni í matvælum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97.

10) Hinn 25. október 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of Betaine as a novel food pursuant to Regulation (EC) No 258/97 ([5])“. Þó svo að Matvælaöryggisstofnunin hafi sett þetta álit saman og samþykkt það samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97 er álitið í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

11) Í vísindalegu áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, með því að nota nálgun með viðmiðunarskammti ([6]), að betaín sé öruggt fyrir fyrirhugaða íbúahópa ef því er bætt í matvæli í hámarksdagsskammti sem nemur 400 mg/dag (6 mg/kg líkamsþyngdar á dag). Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að öryggi betaíns, við þá notkun og notkunarmagn sem umsækjandinn lagði til sem myndi leiða til þess að inntakan færi í 2 500 mg af betaíni á dag, hafi ekki verið staðfest.

12) Hinn 25. janúar 2018 fór umsækjandinn þess á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar í tengslum við níu rannsóknir sem lagðar voru fram til stuðnings umsókninni, þ.e. skýrslur um rannsókn á bráðum eiturhrifum um munn ([7]), tvær rannsóknir á meðalbráðum eiturhrifum um munn (14 daga ([8]) og 28 daga ([9])) og ein rannsókn á hálflangvinnum eiturhrifum um munn ([10]) (42 daga), þrjár rannsóknir á stökkbreytandi hrifum og erfðaeiturhrifum ([11]), rannsókn á langvinnum eiturhrifum um munn og rannsókn á krabbameinsvaldandi eiginleikum ([12]) og langvinn (6 mánaða) fæðisrannsókn á mönnum ([13]).

13) Hinn 18. febrúar 2018 leit Matvælaöryggisstofnunin ([14]) svo á að við vinnslu álits hennar á betaíni sem nýfæði hefðu gögnin úr rannsókninni á langvinnum eiturhrifum um munn og rannsókninni á krabbameinsvaldandi eiginleikum legið til grundvallar greiningu á viðmiðunarskammti og til að reikna út öruggt gildi betaíns til inntöku fyrir markhópinn, að gögnin úr langvinnu fæðisrannsókninni á mönnum hefðu legið til grundvallar útreikningi á öruggri inntöku betaíns hjá markhópnum og að gögnin úr rannsóknunum þremur á erfðaeiturhrifum hefðu legið til grundvallar því að draga úr áhyggjum að því er varðar hugsanleg erfðaeiturhrif betaíns. Því er talið að ekki hefði verið hægt að komast að niðurstöðu um öryggi betaíns án gagnanna í óbirtu skýrslunum um þessar rannsóknir.

14) Eftir viðtöku athugana Matvælaöryggisstofnunarinnar fór framkvæmdastjórnin þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna rannsóknarinnar á langvinnum eiturhrifum um munn, rannsóknarinnar á krabbameinsvaldandi eiginleikum, langvinnu fæðisrannsóknarinnar á mönnum og rannsóknanna þriggja á stökkbreytandi hrifum og erfðaeiturhrifum og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þessara rannsókna eins og um getur í b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

15) Umsækjandinn lýsti því yfir að þegar umsóknin var lögð fram hafi hann haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi rannsóknirnar samkvæmt landslögum og því gætu þriðju aðilar ekki nálgast eða notað þessar rannsóknir með lögmætum hætti.

16) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að umsækjandinn hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Þess vegna ætti Matvælaöryggisstofnunin ekki að nota rannsóknina á langvinnum eiturhrifum um munn og rannsóknina á krabbameinsvaldandi eiginleikum, langvinnu fæðisrannsóknina á mönnum og rannsóknirnar þrjár á erfðaeiturhrifum, sem finna má í skrá umsækjandans, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Til samræmis við það ætti setning betaíns, sem leyft er með þessari reglugerð, á markað innan Sambandsins að vera takmörkuð við umsækjandann í þennan tíma.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5057.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4658.
([7]) Life Science Research Limited, 1990, óbirt.
([8]) TNO BIBRA, 2001, óbirt.
([9]) TNO BIBRA, 2001, óbirt.
([10]) Imasde Aglomentaria, 2012, óbirt.
([11]) Asquith 1989 a, b, c. Óbirt.
([12]) Hatano Research Institute. 2002, óbirtar rannsóknir.
([13]) Óbirt skýrsla, ódagsett.
([14]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfæðu, næringu og ofnæmi, fundargerð 83. allsherjarfundar 7.–8. febrúar 2018 og samþykkt 18. febrúar 2018 (https://www.efsa.europa.eu/sites/default/files/event/180207-1-m.pdf).

17) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir betaíni, og á tilvísunum í rannsóknirnar sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun umsækjandans ekki í veg fyrir að aðrir umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings leyfinu samkvæmt þessari reglugerð.

18) Hinn 2. nóvember 2018 óskaði umsækjandinn eftir því við framkvæmdastjórnina, í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, að fá að breyta þeim skilyrðum fyrir notkun betaíns sem voru í beiðni umsækjandans frá 12. júní 2015 til lögbærs yfirvalds í Finnlandi um að fá að setja betaín á markað í Sambandinu sem nýtt innihaldsefni í matvælum. Breytingarnar sem óskað var eftir vörðuðu breytingar á fyrirhugaðri notkun og notkunarmagni betaíns í drykkjarduft, jafnþrýstna drykki, prótín- og kornstangir og staðgöngumáltíðir sem eru ætlaðar fyrir íþróttafólk og á notkun betaíns í þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn. Þessar breytingar sem óskað var eftir myndu tryggja að inntaka almennings á betaíns færi ekki yfir 400 mg/dag (6 mg/kg líkamsþyngdar á dag) sem Matvælaöryggisstofnunin taldi örugga í áliti sínu frá 2017.

19) Hinn 12. desember 2018 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnunina og bað hana um að framkvæma viðbótarmat á breytingunum á fyrirhugaðri notkun og notkunarmagni betaíns sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

20) Hinn 14. mars 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of Betaine as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283 ([15]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

21) Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að betaín sé öruggt við nýju tillögðu notkunarskilyrðin. Þess vegna eru í þessu vísindalega áliti tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða notkun og notkunarmagn sé betaín í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ef það er notað sem innihaldsefni í drykkjarduft, jafnþrýstna drykki, prótín- og kornstangir og staðgöngumáltíðir sem eru ætlaðar fyrir íþróttafólk og í þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn.

22) Þegar matvæla sem innihalda betaín er neytt ásamt fæðubótarefnum sem innihalda betaín gæti komið til þess að farið sé yfir öruggt gildi inntöku. Því er rétt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að ekki ætti að neyta matvæla sem innihalda betaín ef fæðubótarefna sem innihalda betaín er einnig neytt á sama degi.

23) Því ætti að leyfa notkun betaíns með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 609/2013 þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Betaín, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð öðlast gildi má einungis upphaflegi umsækjandinn:

Fyrirtæki: DuPont Nutrition Biosciences ApS,

Heimilisfang: Langebrogade 1 DK-1411 Copenhagen K, Danmörk,

setja nýfæðið, sem um getur í 1. mgr., á markað í Sambandinu nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í gögnin sem eru vernduð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar eða með samþykki DuPont Nutrition Biosciences ApS.

([15]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5658.

3. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 609/2013.

2. gr.

Ekki skal nota rannsóknirnar í umsóknarskránni, sem voru grundvöllurinn fyrir mat Matvælaöryggisstofnunarinnar á nýfæðinu, sem um getur í 1. gr., og sem umsækjandinn hefur krafist einkaleyfisverndar fyrir og sem var forsenda þess að nýfæðið var leyft, í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema DuPont Nutrition Biosciences ApS samþykki það.

3. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 1 (leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur	Gagnavernd
„**Betaín**	*Tilgreindur matvælaflokkur*	*Hámarksgildi* (*)	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „betaín“. Á merkimiða matvæla sem innihalda betaín skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli neyta matvælanna ef fæðubótarefna, sem innihalda betaín, er neytt sama dag.		Leyft 22. ágúst 2019. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: DuPont Nutrition Biosciences ApS, Langebrogade 1 Copenhagen K, DK-1411, Danmörk. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis DuPont Nutrition Biosciences ApS leyfilegt að setja nýfæðið betaín á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki DuPont Nutrition Biosciences ApS. Lokadagur gagnaverndar: 22. ágúst 2024.
	Drykkjarduft, jafnþrýstnir drykkir og orkudrykkir sem eru ætlaðir fyrir íþróttafólk	60 mg/100 g			
	Prótín- og kornstangir sem eru ætlaðar fyrir íþróttafólk	500 mg/100 g			
	Staðgöngumáltíðir sem eru ætlaðar fyrir íþróttafólk	20 mg/100 g			
	Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013	500 mg/100 g (stöng) 136 mg/100 g (súpa) 188 mg/100 g (grautur) 60 mg/100 mg (drykkjarvörur)			
	Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 fyrir fullorðna	400 mg/dag			

(*) Hámarksnotkunarmagn í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.“

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í stafrófsröð í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„**Betaín**	**Lýsing/Skilgreining:** Betaín (N,N,N-trímetýlglýsín eða karboxý-N,N,N-trímetýlmetanamíníum), í vatnsfríu formi $(CH_3)_3N^+CH_2COO^-$ (CAS-nr.: 107-43-7) og mónóhýdratsformi $(CH_3)_3N^+CH_2COO^-.H_2O$ (CAS-nr.: 590-47-6) er fengið með vinnslu á sykurrófum (þ.e. melassa, eimingardreggjum eða betaínglýseróli). **Eiginleikar/samsetning** Útlit: Lausir hvítir kristallar Betaín: ≥ 99,0% (massahlutfall miðað við þurrvigt) Raki: ≤ 2,0% (vatnsfrítt); ≤ 15,0% (mónóhýdrat) Aska: ≤ 0,1% pH-gildi: 5,0–7,0 Prótínleifar: ≤ 1,0 mg/g **Þungmálmar:** Arsen: < 0,1 mg/kg Kvikasilfur: < 0.005 mg/kg Kadmíum: < 0,01 mg/kg Blý: < 0,05 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 100 CFU/g Kólígerlar: Ekkert/10 g *Salmonella* sp.: Ekkert/25 g Gersveppir: ≤ 10 CFU/g Myglusveppir: ≤ 10 CFU/g

CFU: Þyrpingamyndandi einingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1314 **2020/EES/5/30**

frá 2. ágúst 2019

um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-*N*-neótetraósa, sem er framleiddur með *Escherichia coli* K-12, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) samþykkt en í henni er skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]), að setja á markað laktó-*N*-neótetraósa, sem er framleiddur með efnafræðilegum aðferðum, sem nýtt innihaldsefni í matvælum.

5) Hinn 1. september 2016 upplýsti fyrirtækið Glycom A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) framkvæmdastjórnina, skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, um þá fyrirætlun sína að setja á markað laktó-*N*-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna, sem er framleiddur með *Escherichia coli* af stofni K-12, sem nýtt innihaldsefni í matvælum.

6) Með tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar lagði umsækjandinn einnig fram skýrslu, sem lögbært yfirvald á Írlandi gaf út skv. 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, á grundvelli rannsóknarniðurstaðna sem umsækjandinn lagði fram, að laktó-*N*-neótetraósi, sem er framleiddur með *Escherichia coli* af stofni K12, samsvari í aðalatriðum tilbúnum laktó-*N*-neótetraósa sem var leyfður með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375. Af þessum sökum var laktó-*N*-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna bætt á skrá Sambandsins yfir nýfæði.

7) Hinn 18. desember 2018 óskaði umsækjandinn eftir því, skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, að fá að breyta nákvæmum skilgreiningum á laktó-*N*-neótetraósa með *Escherichia coli* af stofni K-12 til að draga úr orku- og umhverfisálagi framleiðsluferlis laktó-N-neótetraósa og lækka kostnaðinn fyrir hverja framleidda einingu. Breytingarnar varða lækkun á gildum laktó-*N*-neótetraósa úr 92% eða meira í 80% eða meira og hækkun á gildum smærri sykra sem eru fyrir hendi í nýfæðinu, þ.e.a.s. hækkun á gildum D-laktósa úr allt að 3,0% í allt að 10% og hækkun á gildum *para*-laktó-*N*-neóhexaósa úr allt að 3,0% í allt að 5,0%.

8) Til að tryggja að heildarhreinleiki nýfæðisins, eftir að breytingarnar sem óskað er eftir hafa verið færðar inn í nákvæmar skilgreiningar þess, haldist jafn mikill og í laktó-*N*-neótetraósa, sem er sem stendur leyfður, lagði umsækjandinn einnig til að summa gilda laktó-*N*-neótetraósa og smærri sykra (D-laktósa, laktó-*N*-tríósa II, *para*-laktó-*N*-neóhexaósa og hverfu laktó-*N*-neótetraósafrúktósa) í nýfæðinu verði 92% eða meira.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 frá 11. mars 2016 um leyfi til að setja laktó-N-neótetraósa á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 22).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

9) Breytingarnar sem óskað er eftir á nákvæmri skilgreiningu nýfæðisins stafa af breytingum á framleiðsluferli þess sem felur í sér að í stað hreinsunarþreps með kristöllun kemur úðaþurrkunarþrep sem er sem stendur notað við framleiðslu á laktó-*N*-neótetraósa með *Escherichia coli* af stofni K-12. Umsækjandinn óskaði því eftir að fá að breyta færslunni fyrir laktó-*N*-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði til að endurspegla þessa breytingu á hreinsunarþrepi framleiðsluferlisins.

10) Framkvæmdastjórnin taldi að breytingarnar sem óskað er eftir, sem varða sykrur í leyfða nýfæðinu sem eru einnig efnisþættir í móðurmjólk, breyti ekki þeim öryggissjónarmiðum sem studdu leyfið fyrir tilbúnum laktó-*N*-neótetraósa og laktó-*N*-neótetraósa, sem er framleiddur með *Escherichia coli* af stofni K-12, meðan hárri heildarsummu þeirra og annarra smærri sykra, sem eru fyrir hendi í nýfæðinu, er viðhaldið og að því sé ekki þörf á samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

11) Í ljósi ofangreindra atriða eru breytingarnar, sem óskað er eftir, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Því þykir rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum nýfæðisins laktó-*N*-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna, sem er framleiddur með *Escherichia coli* af stofni K-12, í tillögð gildi laktó-*N*-neótetraósa, D-laktósa og *para*-laktó-*N*-neóhexaósa og heildargildum laktó-*N*-neótetraósa ásamt smærri sykrum (D-laktósa, laktó-*N*-tríósa II, para-laktó-*N*-neóhexaósa og hverfu laktó-*N*-neótetraósafrúktósa).

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, þar sem vísað er til efnisins laktó-*N*-neótetraósa, sem er framleiddur með *Escherichia coli* af stofni K-12, skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir laktó-*N*-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2017/2470 kemur eftirfarandi:

„Laktó-*N*-neótetraósi (örverufræðilegur uppruni)	**Skilgreining:** Efnaheiti: β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-2-asetamíðó-2-deoxý-β-D-glúkópýranósýl-(1→3)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Efnaformúla: $C_{26}H_{45}NO_{21}$ CAS-nr.: 13007-32-4 Sameindaþyngd: 707,63 g/mól **Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli* K-12 **Lýsing:** Laktó-*N*-neótetraósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örveruferli. **Hreinleiki:** Magngreining (vatnslaust): ≥ 80% D-laktósi: ≤ 10,0% Laktó-*N*-tríósi II: ≤ 3,0% *para*-laktó-*N*-neóhexaósi: ≤ 5,0% Hverfa laktó-*N*-neótetraósafrúktósa: ≤ 1,0% Summa sykra (laktó-*N*-neótetraósa, D-laktósa, laktó-*N*-tríósa II, *para*-laktó-*N*-neóhexaósa, hverfu laktó-*N*-neótetraósafrúktósa): ≥ 92% pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 4,0–7,0 Vatn: ≤ 9,0% Súlfataska: ≤ 0,4% Leysiefnaleifar (metanól): ≤ 100 mg/kg Prótínleifar: ≤ 0,01% **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 500 CFU/g Gersveppir: ≤ 10 CFU/g Myglusveppir: ≤ 10 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg

CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/957 **2020/EES/5/31**

frá 11. júní 2019

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóli og TDFA) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. apríl 2016 lagði Konungsríkið Danmörk málsskjöl fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir eins og sett er fram í 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka). Í málsskjölunum skv. XV. viðauka var bent á að váhrif frá (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóli og ein-,tví- eða þrí-O-(alkýl)-afleiðum þess (hér á eftir nefndar TDFA) í samsetningu með lífrænum leysum í úðavörum valdi alvarlegum og bráðum skaða á lungum og skapi því áhættu fyrir heilbrigði manna. Til samræmis við það var lagt til að bannað yrði að setja þessar blöndur í úðavörum á markað til sölu til almennings. Danmörk komst að þeirri niðurstöðu að málsskjölin skv. XV. viðauka sýndu að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins.

2) Danmörk lagði til styrkleikamörk, sem nema 2 milljarðshlutum miðað við þyngd, fyrir (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól og TDFA í blöndum sem innihalda lífræna leysa þar eð þessi styrkleikamörk svara til greiningarmarkanna.

3) Hinn 10. mars 2017 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að áhættu fyrir almenning vegna notkunar á úðavörum til hlífðarmeðhöndlunar eða gegndreypingar sem innihalda (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól eða TDFA ásamt lífrænum leysum sé ekki haldið nægilega í skefjum og að tillögð takmörkun sé viðeigandi ráðstöfun til að draga úr áhættunni. Enn fremur taldi áhættumatsnefndin að blanda TDFA og/eða (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóls með lífrænum leysum ætti að vera merkt þannig að tryggt sé að þeir sem nota vörurnar í atvinnuskyni geri sér grein fyrir tiltekinni hættu í tengslum við notkun þessara blandna.

4) Hinn 15. júní 2017 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem bent var á að tillögð takmörkun, með fyrirvara um breytingar sem áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu lögðu til, væri sú ráðstöfun á vettvangi Sambandsins sem hentaði best til að bregðast við áhættu í tengslum við váhrif af völdum úðavara, sem innihalda blöndur af (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóli og TDFA með lífrænum leysum, með tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og félagslegs og hagræns kostnaðar. Með tilliti til óvissu í tengslum við tilvist viðkomandi úðavara á markaði til sölu til almennings, skilvirkni fyrirhugaðrar ráðstöfunar og líklega lítils kostnaðar af tillögunni komst nefndin um félagshagfræðilega greiningu að þeirri niðurstöðu að tillögð ráðstöfun væri ekki óhófleg.

5) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var sammála Danmörku um að 18 mánaða frestun á beitingu takmörkunarinnar virtist fullnægjandi til að veita hagsmunaaðilum nægan tíma til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að fara að tillagðri takmörkun.

6) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð í samræmi við h-lið 4. mgr. 77. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og var tekið tillit til ráðlegginga þess.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 154, 12.6.2019, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

7) Hinn 29. ágúst 2017 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina ([1]) og á grundvelli þeirra komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að setning úðavara, sem innihalda (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól og/eða TDFA ásamt lífrænum leysum, á markað til sölu til almennings skapi óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna sem þarf að bregðast við á vettvangi Sambandsins.

8) Með tilliti til málsskjalanna skv. XV. viðauka og álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, þ.m.t. um tiltækileika staðgöngukosta, telur framkvæmdastjórnin að tillagða takmörkunin, með áorðnum breytingum, myndi leysa þau vandamál sem greinst hafa án þess að leggja verulegar byrðar á iðnaðinn, aðfangakeðjuna eða neytendur. Framkvæmdastjórnin komst því að þeirri niðurstöðu að takmörkunin sem Danmörk lagði til, eins og henni var breytt í samræmi við tillögur áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, sé viðeigandi ráðstöfun á vettvangi Sambandsins til að bregðast við áhættu fyrir almenning af völdum úðavara sem innihalda blöndu af (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóli og TDFA ásamt lífrænum leysum.

9) Setning úðavara, sem innihalda (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól og/eða TDFA ásamt lífrænum leysum, á markað til sölu til almennings nær yfir það að gera þær aðgengilegar almenningi.

10) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að tillögðu takmörkuninni. Af þessum sökum ætti að fresta beitingu nýju takmörkunarinnar.

11) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([1]) https://echa.europa.eu/previous-consultations-on-restriction-proposals/-/substance-rev/13918/term

VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er eftirfarandi færslu bætt við:

„73. (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól Ein-, tví- eða þrí-O-(alkýl)-afleiður (TDFA) þess	1. Skulu ekki sett á markað til sölu til almennings eftir 2. janúar 2021, ein og sér eða í samsetningu, í styrk sem nemur 2 milljarðshlutum eða meira miðað við þyngd að því er varðar blöndur, sem innihalda lífræna leysa, í úðavörum. 2. Að því er varðar þessa færslu merkir „úðavara“ úðabrúsi, úðadæluvökvi og úðaílát með úðagikk sem eru sett á markað til hlífðarmeðhöndlunar eða gegndreypingar. 3. Með fyrirvara um framkvæmd annarra ákvæða Sambandsins varðandi flokkun, pökkun og merkingu efna og blandna skulu umbúðir úðavara sem innihalda (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríól og/eða TDFA ásamt lífrænum leysum, eins og um getur í 1. mgr. og eru settar á markað til nota í atvinnuskyni, greinilega merktar og óafmáanlega: „Einungis til notkunar fyrir fagfólk“ og „Banvænt við innöndun“ með hættumerki HSK06. 4. Í lið 2.3 í öryggisblöðunum skulu vera eftirfarandi upplýsingar: „blöndur af (3,3,4,4,5,5,6,6,7,7,8,8,8-trídekaflúoróoktýl)sílanetríóli og/eða ein-,tví- eða þrí-O-(alkýl)-afleiðum þess í styrk sem nemur 2 milljarðshlutum eða meira ásamt lífrænum leysum í úðavörum eru einungis til notkunar fyrir fagfólk og merktar „Banvænt við innöndun““. 5. Lífrænir leysar sem um getur í 1., 3. og 4. lið ná yfir lífræna leysa sem eru notaðir sem úðadrifefni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/291 **2020/EES/5/32**

frá 19. febrúar 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, akrínatrín, asoxýstróbín, flúasífóp-p, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, oxýflúorfen, próklóras, próhexadíón, spíroxamín, teflútrín og terbútýlasín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilin fyrir efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, akrínatrín, asoxýstróbín, flúasífóp-p, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, oxýflúorfen, próklóras, próhexadíón, spíroxamín, teflútrín og terbútýlasín renna út 31. desember 2021.

3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum, sem falla undir þessa reglugerð, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]). Líklegt er að samþykki fyrir þessum efnum renni út, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, áður en ákvörðun hefur verið tekin um að endurnýja viðkomandi samþykki. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Með hliðsjón af þeim tíma og úrræðum sem þarf til að ljúka mati á umsóknum um endurnýjun á samþykki fyrir fjölda virkra efna, sem samþykki fyrir renna út á árunum 2019 til 2021, var komið á fót vinnuáætlun, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016)6104 ([4]), þar sem svipuð, virk efni eru flokkuð saman og forgangsröð ákveðin út frá verndarsjónarmiðum fyrir heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið, eins og kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Forgangsraða ætti efnum, sem talin eru áhættulítil, í samræmi við framkvæmdarákvörðun C(2016) 6104. Því ætti að framlengja samþykki fyrir þeim efnum um eins stuttan tíma og unnt er. Að teknu tilliti til skiptingar ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir ætti fyrrgreindur tími að vera eitt ár fyrir virka efnið próhexadíón.

6) Að því er varðar virku efnin sem falla ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C(2016)6104 ætti að framlengja samþykkistímabilið um annaðhvort tvö eða þrjú ár, að teknu tilliti til núgildandi loka gildistíma, þeirrar staðreyndar að skv. 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 skal leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir virkt efni eigi síðar en 30 mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, með tilliti til nauðsynjar þess að tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir. Því er rétt að framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin 1-naftýlasetamíð, 1-naftýlediksýru, akrínatrín, flúasífóp-p, próklóras og spíroxamín um tvö ár og framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin asoxýstróbín, flúroxýpýr, imasalíl, kresoxímmetýl, oxýflúorfen, teflútrín og terbútýlasín um þrjú ár.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 48, 20.2.2019, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2016 um að koma á fót vinnuáætlun til að meta umsóknir um endurnýjun á samþykkjum fyrir virkum efnum, sem renna út 2019, 2020 og 2021, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtíð. ESB C 357, 29.9.2016, bls. 9).

7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 4, asoxýstróbín, kemur „31. desember 2024“.
2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 5, imasalíl, kemur „31. desember 2024“.
3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 6, próhexadíón, kemur „31. desember 2022“.
4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 7, spíroxamín, kemur „31. desember 2023“.
5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 8, kresoxímmetýl, kemur „31. desember 2024“.
6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 9, flúroxýpýr, kemur „31. desember 2024“.
7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 10, teflútrín, kemur „31. desember 2024“.
8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 11, oxýflúorfen, kemur „31. desember 2024“.
9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 12, 1-naftýlasetamíð, kemur „31. desember 2023“.
10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 13, 1-naftýlediksýra, kemur „31. desember 2023“.
11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, flúasífóp-P, kemur „31. desember 2023“.
12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 16, terbútýlasín, kemur „31. desember 2024“.
13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 19, akrínatrín, kemur „31. desember 2023“.
14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 20, próklóras, kemur „31. desember 2023“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/324 **2020/EES/5/33**

frá 25. febrúar 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin bífentrín, karboxín, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílíkat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eru skráð virk efni sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið bífentrín var framlengt frá 31. júlí 2019 til 31. júlí 2021 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 ([3]).

3) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílíkat voru framlengd frá 31. ágúst 2019 til 31. ágúst 2020 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/195.

4) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið karboxín var framlengt frá 31. maí 2021 til 31. maí 2023 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 ([4]).

5) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára) var framlengt frá 31. október 2020 til 31. október 2021 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/184 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 26.2.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjtíð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 21).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 frá 20 september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 6-bensýladenín, álsúlfat, asadíraktín, búpírímat, karboxín, kletódím, sýkloxýdím, dasómet, díklófóp, díþíanón, dódín, fenasakín, flúómetúrón, flútríafól, hexýþíasox, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, ísoxaben, brennisteinskalk, metaldehýð, paklóbútrasól, pensýkúrón, sintófen, táflúvalínat og tebúfenósíð (Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 81).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/184 frá 7. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára) og súlfúrýlflúoríð (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 10).

6) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum bífentríni, karboxíni, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), útdráttarleifum úr pipardufti og natríumálsílíkati voru lagðar fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([6]). Hins vegar voru engin viðbótarmálsskjöl lögð fram til stuðnings endurnýjun að því er varðar útdráttarleifar úr pipardufti og natríumálsílíkat í samræmi við 6. gr. þeirrar reglugerðar. Að því er varðar bífentrín, karboxín og FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára) hafa umsækjendurnir staðfest að þeir styðja ekki lengur endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum.

7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eru framlengingarnar á samþykkistímabilunum fyrir þessi virku efni, sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2017/195, (ESB) nr. 2018/1266 og (ESB) 2018/184, ekki lengur réttlætanlegar. Því er rétt að kveða á um að samþykki fyrir bífentríni, karboxíni, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), útdráttarleifum úr pipardufti og natríumálsílíkati falli úr gildi þann dag sem það hefði fallið úr gildi án framlengingar.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

   a) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 239, útdráttarleifar úr pipardufti (PDER), kemur „31. ágúst 2019“.

   b) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 253, natríumálsílíkat, kemur „31. ágúst 2019“.

   c) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 308, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), kemur „31. október 2020“.

   d) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 337, karboxín, kemur „31. maí 2021“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki í B-hluta, „Samþykki rennur út“, í línu 23, bífentrín, kemur „31. júlí 2019“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/336 **2020/EES/5/34**

frá 27. febrúar 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar skýrslugjafaraðildarríki til að meta 1-metýlsýklóprópen, famoxadón, mankóseb, metíókarb, metoxýfenósíð, pírimíkarb, pírimífosmetýl og þíaklópríð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([3]) var Bretlandi, sem skýrslugjafaraðildarríki, úthlutað mati á tilteknum virkum efnum sem plöntuverndarvörur innihalda.

2) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.

3) Drög að útgöngusamningnum sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um og leiðtogaráðið styður (50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið) hefur að geyma fyrirkomulag um beitingu lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabili eftir daginn sem sáttmálarnir falla úr gildi um Bretland og í Bretlandi. Ef sá samningur tekur gildi mun löggjöf Sambandsins á sviði plöntuverndarvara gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi við lok þess tímabils. Jafnvel þó að Evrópusambandið og Bretland fullgildi útgöngusamninginn skal Bretland ekki gegna hlutverki forystuyfirvalds á umbreytingartímabilinu fyrir áhættumöt, rannsóknir, samþykki eða heimildir á vettvangi Sambandsins eða á vettvangi aðildarríkjanna í samstarfi eins og um getur, meðal annars, í reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

4) Því er nauðsynlegt að úthluta mati á virkum efnum, sem Bretland er skýrslugjafaraðildarríki fyrir og þar sem ekki er búist við ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þeim fyrir 30. mars 2019, til annarra aðildarríkja. Virku efnin sem um er að ræða eru 1-metýlsýklóprópen, famoxadón, mankóseb, metíókarb, metoxýfenósíð, pírimíkarb, pírimífosmetýl og þíaklópríð.

5) Úthlutunin ætti að tryggja að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

6) Þar eð matið á virku efnunum sem um er að ræða er á lokastigi og búist er við að sú vinna sem inna þarf af hendi sé minni háttar ætti ekki að úthluta meðskýrslugjafaraðildarríki fyrir það mat.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 og reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 til samræmis við það.

8) Reglugerð þessi ætti að koma til framkvæmda frá og með 30. mars 2019. Hafi þó tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið verið framlengt ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að löggjöf á sviði plöntuverndarvara hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi, þar eð, í sam

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, sem samþykki fyrir rennur út eigi síðar en 31. desember 2018, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

ræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ([4]) öll ákvæði gerða, þegar tiltekin dagsetning hefur verið fastsett, falla úr gildi þegar síðasta klukkustund dagsins, sem fellur á þá dagsetningu, hefur runnið sitt skeið.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. mars 2019.

Hafi ákvörðun hins vegar verið tekin um að framlengja tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandsins skal þessi reglugerð koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að löggjöf á sviði plöntuverndarvara hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjtíð EB L 124, 8.6.1971, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir 1-metýlsýklópren kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„1-metýlsýklóprópen	NL“	

b) Í stað færslunnar fyrir mankóseb kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Mankóseb	EL“	

c) Í stað færslunnar fyrir metíókarb kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Metíókarb	DE“	

d) Í stað færslunnar fyrir metoxýfenósíð kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Metoxýfenósíð	SK“	

e) Í stað færslunnar fyrir pírimíkarb kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Pírimíkarb	SE“	

f) Í stað færslunnar fyrir pírimífosmetýl kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Pírimífosmetýl	FR“	

g) Í stað færslunnar fyrir þíaklópríð kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Þíaklópríð	DE“	

II. VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir famoxadón í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1141/2010 kemur eftirfarandi:

A-dálkur		B-dálkur	C-dálkur	D-dálkur
„Famoxadón	2012	FI		31. ágúst 2012“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/337 **2020/EES/5/35**

frá 27. febrúar 2019

um samþykki fyrir virka efninu mefentríflúkónasóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Bretlandi umsókn frá BASF Agro B.V. 29. febrúar 2016 um samþykki fyrir virka efninu mefentríflúkónasóli.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 tilkynnti Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 30. mars 2016.

3) Hinn 25. apríl 2017 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 1. febrúar 2018.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið mefentríflúkónasól uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 5. júlí 2018. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Að því er varðar nýju viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([3]) sem tók gildi 10. nóvember 2018, og sameiginlega leiðbeiningarskjalið til að greina innkirtlatruflandi efni ([4]) er niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú að það sé ólíklegt að mefentríflúkónasól sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, skjaldkirtilsvirkni og steramyndunarvirkni. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna og samkvæmt leiðbeiningum um greiningu á innkirtlatruflandi efnum er enn fremur ólíklegt að mefentríflúkónasól sé innkirtlatruflandi efni fyrir fiska með tilliti til þess að farið var yfir prófunaraðferðirnar með fullnægjandi hætti. Því telur framkvæmdastjórnin að ekki skuli líta á mefentríflúkónasól sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance BAS 750 F (mefentrifluconazole).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5379, 32 bls., https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5379

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([4]) Efnastofnun Evrópu (ECHA) og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) með tæknilegum stuðningi frá Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni (JRC), Andersson N, Arena M, Auteri D, Barmaz S, Grignard E, Kienzler A, Lepper P, Lostia AM, Munn S, Parra Morte JM, Pellizzato F, Tarazona J, Terron A og Van der Linden S, 2018. „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5311, 135 bls., https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5311. ECHA-18-G-01-EN.

7) Hinn 12. desember 2018 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um mefentríflúkónasól og 25. janúar 2019 lagði hún fram drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir mefentríflúkónasóli.

8) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

9) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

10) Því er rétt að samþykkja mefentríflúkónasól.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið mefentríflúkónasól, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Mefentríflúkónasól CAS-nr.: 1417782-03-6 CIPAC-nr.: Ekki úthlutað	(2RS)-2-[4-(4-klóró-fenoxý)-2-(tríflúórómetýl)fenýl]-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)própan-2-ól	≥ 970 g/kg Óhreinindin N,N-dímetýlformamíð skulu ekki vera meiri en 0,5 g/kg í tæknilega efninu. Óhreinindin tólúen skulu ekki vera meiri en 1 g/kg í tæknilega efninu Óhreinindin 1,2,4-(1H)-tríasól skulu ekki vera meiri en 1 g/kg í tæknilega efninu	20. mars 2019	20. mars 2029	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um mefentríflúkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum, — vernd lagarlífvera. Í notkunarskilyrðunum skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. með varðbeltum og/eða gróðurræmum, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni) og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif, 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. lið eigi síðar en 20. mars 2020 og upplýsingarnar sem um getur í 2. lið innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„132	Mefentríflúkónasól CAS-nr.: 1417782-03-6 CIPAC-nr.: Ekki úthlutað	(2RS)-2-[4-(4-klórófenoxý)-2-(tríflúórómetýl)fenýl]-1-(1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)própan-2-ól	≥ 970 g/kg Óhreinindin N,N-dímetýlformamíð skulu ekki vera meiri en 0,5 g/kg í tæknilega efninu. Óhreinindin tólúen skulu ekki vera meiri en 1 g/kg í tæknilega efninu Óhreinindin 1,2,4-(1H)-tríasól skulu ekki vera meiri en 1 g/kg í tæknilega efninu	20. mars 2019	20. mars 2029	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um mefentríflúkónasól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum, — vernd lagarlífvera. Í notkunarskilyrðunum skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. með varðbeltum og/eða gróðurræmum, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni) og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif, 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns.

	Almennt heiti Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. lið eigi síðar en 20. mars 2020 og upplýsingarnar sem um getur í 2. lið innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/344 **2020/EES/5/36**

frá 28. febrúar 2019

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu etóprófosi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Etóprófosi var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/52/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu etóprófosi, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir etóprófosi var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 15. febrúar 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að etóprófos uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 18. maí 2018.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi sértæk áhyggjuefni. Einkum var ekki hægt að komast að niðurstöðu um hugsanleg erfðaeiturhrif etóprófoss og því var ekki hægt að fastsetja heilbrigðismiðuð viðmiðunargildi. Þar af leiðandi var ekki unnt að vinna áhættumat fyrir neytendur eða áhættumat sem ekki er fæðutengt. Enn fremur greindist mikil og bráð áhætta fyrir fugla og mikil áhætta fyrir liðdýr utan markhóps í jarðvegi og jarðvegslífverur vegna notkunar á etóprófosi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/52/EB frá 16. ágúst 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum etóprófosi, pírimífosmetýli og fípróníli (Stjtíð ESB L 214, 17.8.2007, bls. 3).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance ethoprophos“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16(10), 5290, 34 bls., doi:10.2903/j.efsa.2018.5290. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

Að auki komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ljúka nokkrum þáttum áhættumatsins, þ.m.t. mat fyrir neytendur að því er varðar leifar í matvælum úr plöntu- og dýraríkinu, mat á taugaeiturhrifum á þroskun, váhrifamat fyrir grunnvatn, langvarandi áhættu fyrir fugla, mat á fylgieitrun að því er varðar fugla og spendýr ásamt áhættu fyrir jarðvegslífverur vegna váhrifa af umbrotsefnum etóprófoss og áhættu fyrir ánamaðka. Loks komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ljúka mati á innkirtlatruflandi getu etóprófoss.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, drögin að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

12) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur etóprófos, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu etóprófosi í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda etóprófos.

15) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda etóprófos ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 21. mars 2020.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir etóprófos framlengt til 31. júlí 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

17) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir etóprófosi skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu etóprófosi er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 155. lína, etóprófos, brott.

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 frá 27. júní 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, Gliocladium catenulatum af stofni J1446, ísoxaflútól, metalaxýl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metríbúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, Paecilomyces lilacinus, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, pýmetrósín og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda etóprófos sem virkt efni eigi síðar en 21. september 2019.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 21. mars 2020.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/481 **2020/EES/5/37**

frá 22. mars 2019

um samþykki fyrir virka efninu flútíaníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Bretlandi umsókn frá Otsuka AgriTechno Co., Ltd 23. febrúar 2011 um samþykki fyrir virka efninu flútíaníli.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 21. október 2011.

3) Hinn 19. júní 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 2. júní 2014.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið flútíaníl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 29. júlí 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að flokka ætti flútíaníl sem krabbameinsvald í 2. undirflokki og sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun (að því er varðar þroskun) í 2. undirflokki. Því telst virka efnið ekki uppfylla viðmiðanirnar fyrir samþykki sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

7) Hinn 4. desember 2014 tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið um þá fyrirætlan sína að leggja fram beiðni um samræmda flokkun samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([3]). Samkvæmt þeirri tillögu var ekki rétt að flokka flútíaníl sem krabbameinsvald eða efni sem hefur eiturhrif á æxlun og því taldist flútíaníl uppfylla viðmiðanirnar fyrir samþykki sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Bretland lagði umsóknina fyrir Efnastofnun Evrópu 23. febrúar 2015.

8) Hinn 10. desember 2015 lagði framkvæmdastjórnin drög að endurskoðunarskýrslu um að samþykkja ekki flútíaníl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Vegna hugsanlegra afleiðinga fyrir ákvarðanatöku ákvað framkvæmdastjórnin að bíða eftir niðurstöðu flokkunarferlisins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 áður en hún sendi drög að reglugerð til fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(8), 3805 (89 bls.). doi: 10.2903/j.efsa.2014.3805.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

9) Í mars 2016 lagði áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu til að virka efnið flútíaníl væri hvorki flokkað sem krabbameinsvaldandi né sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun ([4]). Hinn 5. júlí 2018 birti Matvælaöryggisstofnunin, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, „Statement on the impact of the harmonised classification on the conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance flutianil“ (yfirlýsing um áhrif samræmdrar flokkunar á niðurstöður um ritrýni á áhættumati á varnarefnum með virka efninu flútíaníli) ([5]). Í yfirlýsingunni viðurkenndi Matvælaöryggisstofnunin að samræmda flokkunin sem áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu lagði til væri, á grundvelli nýrra viðbótarupplýsinga, ólík bráðabirgðaflokkuninni sem var notuð í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Hinn 4. október 2018 var virka efnið flútíaníl tilgreint í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 án flokkunar sem krabbameinsvaldandi efni eða sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun ([6]).

10) Framkvæmdastjórnin endurskoðaði drögin að endurskoðunarskýrslunni til að samræma þau við niðurstöðurnar úr flokkunarferlinu og lagði þau fyrir umsækjandann, til að fá athugasemdir hans, ásamt drögum að reglugerð 20. mars 2018. Skjölin voru lögð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 21. mars 2018.

11) Hinn 24. október 2018, í kjölfar birtingar yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar, lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðaða endurskoðunarskýrslu og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir flútíaníli.

12) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðuðu endurskoðunarskýrsluna og við yfirlýsingu Matvælaöryggisstofnunarinnar.

13) Að því er varðar nýju viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru settar fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]) sem tók gildi 10. nóvember 2018, og sameiginlega leiðbeiningarskjalið til að greina innkirtlatruflandi efni ([8]) er unnt að draga þær ályktanir út frá upplýsingunum í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar að það sé mjög ólíklegt að flútíaníl sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, skjaldkirtilsvirkni og steramyndunarvirkni. Þótt áhrif á skjaldkirtil (þyngdaraukning) hafi greinst komu þau einungis fram við stóra skammta sem voru yfir ráðlögðum hámarksskömmtum fyrir þá tegund rannsóknar þar sem áhrifin komu fram. Þau áhrif á eistu, blöðruhálskirtil og leg sem komu fram (vefjameinafræðilegur breytingar) voru innan sögulegra samanburðargilda eða þá að þau endurtóku sig ekki í rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum né heldur komu fram áhrif á frjósemisbreytur. Rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum var framkvæmd í samræmi við aðferðarlýsingu prófunar samkvæmt nýjasta leiðbeiningarskjali Efnahags- og framfarastofnunarinnar ([9]) eins og mælt er fyrir um í sameiginlega leiðbeiningarskjalinu til að greina innkirtlatruflandi efni og engar innkirtlanæmar æxlunar- og þroskunarbreytur greindust, s.s. lengd gangmála, mökunarstuðull, meðalfjöldi tilvika hreiðrunar, aðskilnaður forhúðar og opnun legganga.

14) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

15) Því er rétt að samþykkja flútíaníl.

16) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að fara fram á frekari upplýsingar til stuðnings, m.a. til að staðfesta að flútíaníl sé ekki innkirtlatruflandi efni í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, í því skyni að auka tiltrú, í samræmi við b-lið 2. undirliðar 2. liðar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, á niðurstöðum framkvæmdastjórnarinnar í 13. forsendu.

([4]) Álit áhættumatsnefndarinnar þar sem lögð er til samræmd flokkun og merking á vettvangi ESB á flútíaníli (ISO); (2Z)-{[2-flúoró-5-(tríflúorómetýl)fenýl]þió}[3-(2-metoxýfenýl)-1,3-þíasólídín-2-ýlíden]asetónítríl, EB-númer: -, CAS-númer: 958647-10-4 CLH-O-0000001412-86-101/F. Samþykkt 10. mars 2016. https://echa.europa.eu/documents/10162/efc05a0b-a819-51d6-6f43-5396ee76e29f.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5383 (19 bls.). doi: 10.2903/j.efsa.2018.5383.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1480 frá 4. október 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 (Stjtíð. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009“, https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.2903/j.efsa.2018.5311.

([9]) Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), 2001. Test No 416: Two-Generation Reproduction Toxicity. Í: OECD Guidelines for the Testing of Chemicals, Section 4. Útgáfa Efnahags- og framfarastofnunarinnar, París. 13 bls. https://doi.org/10.1787/9789264070868-en.

17) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([10]) til samræmis við það.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið flútíaníl, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Flútíaníl CAS-nr. [958647-10-4] CIPAC-nr. 835	(*Z*)-[3-(2-metoxýfenýl)-1,3-þíasólídín-2-ýlíden](α,α,α,4-tetraflúoró-*m*-tólýl)asetónítríl	≥ 985 g/kg	14. apríl 2019	14. apríl 2029	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flútíaníl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, — áhættu fyrir lagarlífverur, — áhættu fyrir grunnvatn vegna umbrotsefna ef efnið er notað við viðkvæm jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni) og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif, 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 3. uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar þar sem staðfest er að flútíaníl sé ekki innkirtlatruflandi efni í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, einnig með notkun leiðbeininga Efnastofnunar Evrópu og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um greiningu innkirtlatruflandi efna (2). Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar: — sem um getur í 1. lið eigi síðar en 14. apríl 2020,

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
					— sem um getur í 2. lið innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni og — sem um getur í 3. lið eigi síðar en 14. apríl 2021.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
(2) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5311. ECHA-18-G-01-EN.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er eftirfarandi færslu bætt við:

„133	Flútíaníl CAS-nr. [958647-10-4] CIPAC-nr. 835	(*Z*)-[3-(2-metoxý-fenýl)-1,3-þíasólídín-2-ýlíden](α,α,α,4-tetraflúoró-*m*-tólýl)asetónítríl	≥ 985 g/kg	14. apríl 2019	14. apríl 2029	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um flútíaníl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda og starfsmanna, — áhættu fyrir lagarlífverur, — áhættu fyrir grunnvatn vegna umbrotsefna ef efnið er notað við viðkvæm jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni) og samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftarinnar að því er varðar eiturhrif, 2. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 3. uppfært mat á framlögðum upplýsingum og, ef við á, frekari upplýsingar þar sem staðfest er að flútíaníl sé ekki innkirtlatruflandi efni í samræmi við liði 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, einnig með notkun leiðbeininga Efnastofnunar Evrópu og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um greiningu innkirtlatruflandi efna (*). Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar: — sem um getur í 1. lið eigi síðar en 14. apríl 2020,

						— sem um getur í 2. lið innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni og — sem um getur í 3. lið eigi síðar en 14. apríl 2021.

(*) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5311. ECHA-18-G-01-EN.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/677 **2020/EES/5/38**

frá 29. apríl 2019

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klóróþalóníli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Klóróþalóníli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/53/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu klóróþalóníli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir klóróþalóníli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 2. september 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að klóróþalóníl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 6. desember 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 30.4.2019, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/53/EB frá 16. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klórþalóníli, klórtólúróni, sýpermetríni, damínósíði og þíófanatmetýli (Stjtíð ESB L 241, 17.9.2005, bls. 51).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance chlorothalonil.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16(1), 5126, 40 bls. https://doi.org/10.2903/j.efsa.2018.5126.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi verulegt áhyggjuefni í tengslum við mengun grunnvatns af umbrotsefnum klóróþalóníls. Einkum er búist við að umbrotsefnin R417888, R419492, R471811, SYN507900, M3, M11, M2, M7 og M10 fari yfir gildi breytunnar 0,1 µg/L í öllum viðeigandi sviðsmyndum að því er varðar alla tillagða notkun á klóróþalóníli. Sem stendur er því ekki hægt að staðhæfa að tilvist umbrotsefna klóróþalóníls í grunnvatni hafi ekki óviðunandi áhrif á grunnvatn og skaðleg áhrif á heilbrigði manna eins og krafist er skv. b-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Enn fremur gat Matvælaöryggisstofnunin ekki útilokað áhyggjur að því er varðar erfðaeiturhrif vegna leifa sem neytendur komast í snertingu við og greindi mikla áhættu fyrir froskdýr og fiska að því er varðar alla þá notkun sem var metin.

10) Enn fremur var ekki unnt að ljúka nokkrum þáttum áhættumatsins vegna ófullnægjandi gagna í málsskjölunum. Einkum var ekki unnt að ljúka við mat á áhættu fyrir neytendur m.t.t. fæðutengdra váhrifa vegna skorts á gögnum til að staðfesta skilgreininguna á efnaleifum í plöntum og váhrifamat á búfé, þ.m.t. eiturefnafræðilegt mat á umbrotsefni.

11) Auk þess er klóróþalóníl flokkað sem krabbameinsvaldur í 2. undirflokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]) og tilgreint er í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar að klóróþalóníl ætti að vera flokkað sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1B. Að því er varðar þá dæmigerðu notkun sem fjallað er um var ekki unnt að staðfesta gildi leifa, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, fyrir plöntur og dýraafurðir vegna skorts á gögnum um umfang og eiturhrif umbrotsefna sem eru tekin með í skilgreiningu á efnaleifum vegna áhættumats. Af þessum sökum er krafan, sem sett er fram í lið 3.6.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, ekki uppfyllt.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjendunum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að leggja fram athugasemdir um drögin að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjendurnir lögðu fram athugasemdir sem hafa verið athugaðar vandlega.

13) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjendurnir settu fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.

14) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu klóróþalóníli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda klóróþalóníl.

17) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda klóróþalóníl ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 20. maí 2020.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1262 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir klóróþalóníl framlengt til 31. október 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

19) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir klóróþalóníli í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1262 frá 20. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúrón, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, díúrón, flúdíoxóníl, flúfenaset, flúrtamón, fosþíasat, indoxakarb, MCPA, MCPB, prósúlfókarb, þíófanatmetýl og tríbenúrón (Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 62).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu klóróþalóníli er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 101. lína, klóróþalóníl, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda klóróþalóníl sem virkt efni eigi síðar en 20. nóvember 2019.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 20. maí 2020.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/706 **2020/EES/5/39**

frá 7. maí 2019

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karvóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Karvóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/44/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu karvóni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karvóni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 31. maí 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að karvón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 12. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin lagði frumdrög að endurnýjunarskýrslunni um karvón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 24. janúar 2019.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/44/EB frá 4. apríl 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum benþíavalíkarbi, boskalíði, karvóni, flúoxastróbíni, *Paecilomyces lilacinus* og próþíókónasóli (Stjtíð ESB L 94, 5.4.2008, bls. 13).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5390. EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance carvone.“ Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

10) Að því er varðar nýju viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]) er niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar sú að það sé afar ólíklegt að karvón sé innkirtlatruflandi efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, skjaldkirtilsvirkni og steramyndunarvirkni. Enn fremur gefa fyrirliggjandi gögn og vísindalegt áhættumat Matvælaöryggisstofnunarinnar til kynna að ólíklegt sé að karvón hafi innkirtlatruflandi áhrif. Því telur framkvæmdastjórnin að ekki skuli líta á karvón sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið karvón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir karvóni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda karvón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem plöntuvaxtarstýriefni. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir karvóni.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Reglugerð þessi ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu karvóni rennur út.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu karvóni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2019.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
karvón 244-16-8 (d-karvón= S-karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(*S*)-5-ísóprópenýl-2-metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 165 um karvón brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„135	karvón 244-16-8 (d-karvón= S-karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(*S*)-5-ísóprópenýl-2-metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvæla-öryggisstofnunina að því er varðar: — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndl-unarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/707 **2020/EES/5/40**

frá 7. maí 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin famoxadón, flúmíoxasín og metalaxýl-m voru framlengd til 30. júní 2019 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 ([3]). Umsóknir um endurnýjun á skráningu virku efnanna famoxadóns, flúmíoxasíns og metalaxýls-m í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([4]) voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([5]).

3) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýníl, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, etefón, etoxasól, fenamífos, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól og s-metólaklór voru framlengd til 31. júlí 2019 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/917.

4) Samþykkistímabilið fyrir virka efnið díúrón var framlengt til 30. september 2019 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1262 ([6]).

5) Samþykki fyrir virka efninu tebúkónasóli rennur út 31. ágúst 2019 ([7]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 frá 27. júní 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, Gliocladium catenulatum af stofni J1446, ísoxaflútól, metalaxýl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metríbúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, Paecilomyces lilacinus, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, pýmetrósín og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13).

([4]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1262 frá 20. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúrón, klómasón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, díúrón, flúdíoxóníl, flúfenaset, flúrtamón, fosþíasat, indoxakarb, MCPA, MCPB, prósúlfókarb, þíófanatmetýl og tríbenúrón (Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 62).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

6) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum, sem um getur í 3. til 5. forsendu, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([8]).

7) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, kemur „30. júní 2020“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-m, kemur „30. júní 2020“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, kemur „30. júní 2020“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 44, foramsúlfúrón, kemur „31. júlí 2020“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 46, sýasófamíð, kemur „31. júlí 2020“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 83, alfasýpermetrín, kemur „31. júlí 2020“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 84, benalaxýl, kemur „31. júlí 2020“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 85, brómoxýníl, kemur „31. júlí 2020“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 86, desmedífam, kemur „31. júlí 2020“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, kemur „31. júlí 2020“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, kemur „31. júlí 2020“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 99, etoxasól, kemur „31. júlí 2020“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 109, bífenasat, kemur „31. júlí 2020“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, kemur „31. júlí 2020“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 141, fenamífos, kemur „31. júlí 2020“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, kemur „31. júlí 2020“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, kemur „31. júlí 2020“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, kemur „31. júlí 2020“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, kemur „31. júlí 2020“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 148, metíókarb, kemur „31. júlí 2020“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 149, dímetóat, kemur „31. júlí 2020“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, kemur „31. júlí 2020“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, kemur „31. júlí 2020“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 153, fosmet, kemur „31. júlí 2020“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, kemur „31. júlí 2020“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, kemur „31. júlí 2020“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, kemur „31. júlí 2020“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, kemur „31. júlí 2020“.

29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, kemur „31. júlí 2020“.

30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, kemur „31. júlí 2020“.

31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 167, *Paecolomyces lilacinus* af stofni 251, kemur „31. júlí 2020“.

32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, próþíókónasól, kemur „31. júlí 2020“.

33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 192, díúrón, kemur „30. september 2020“.

34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 268, tebúkónasól, kemur „31. ágúst 2020“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/717 **2020/EES/5/41**

frá 8. maí 2019

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu ísoxaflútóli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ísoxaflútóli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu ísoxaflútóli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir ísoxaflútóli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 28. janúar 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að ísoxaflútól uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 18. febrúar 2016. Framkvæmdastjórnin lagði frumdrög að endurnýjunarskýrslunni um ísoxaflútól fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 12. júlí 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 10.5.2019, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB frá 11. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum trífloxýstróbíni, karfentrasónetýli, mesótríoni, fenamídoni og ísoxaflútóli (Stjtíð ESB L 177, 16.7.2003, bls. 12).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance isoxaflutole.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(3), 4416, 115 bls., doi:10.2903/j.efsa.2016.4416. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

9) Að því er varðar nýju viðmiðanirnar til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, sem voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([7]) sem tók gildi 10. nóvember 2018, gefa niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar til kynna að þótt engar sértækar rannsóknir hafi legið fyrir að því er varðar lífverur utan markhóps sé afar ólíklegt að ísoxaflútól sé innkirtlatruflandi efni á grundvelli vísindaþekkingar og að ekki sé þörf á frekari rannsóknum. Því telur framkvæmdastjórnin að ekki skuli líta á ísoxaflútól sem efni með innkirtlatruflandi eiginleika.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur ísoxaflútól, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir ísoxaflútóli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda ísoxaflútól. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir ísoxaflútóli.

12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

13) Framkvæmdastjórnin telur að ísoxaflútól hafi ekki innkirtlatruflandi eiginleika á grundvelli fyrirliggjandi vísindalegra upplýsinga sem teknar eru saman í niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Í því skyni að auka tiltrú á þessum niðurstöðum ætti umsækjandinn þó að leggja fram uppfært mat, í samræmi við b-lið í lið 2.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605 og í samræmi við leiðbeiningar um greiningu á innkirtlatruflandi efnum ([8]).

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu ísoxaflútóli rennur út.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu ísoxaflútóli, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2019.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

([8]) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2018.5311

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ísoxaflútól CAS-nr. 141112-29-0 CIPAC-nr. 575	(5-sýklóprópýl-1,2-oxasól-4-ýl)(α,α,α-tríflúoró-2-mesýl-p-tólýl)metanón	≥ 972 g/kg	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunar-skýrslunni um ísoxaflútól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd lagarlífvera, villtra spendýra og landplantna utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeð-höndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbein-ingarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni. Umsækjandinn skal einnig leggja fram uppfært mat þar sem staðfest er að ísoxaflútól sé ekki innkirtlatruflandi efni í skilningi liða 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605, og í samræmi við leiðbeiningarnar um greiningu á innkirtlatruflandi efnum (2) eigi síðar en 10. maí 2021.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.

(2) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ https://efsa.onlinelibrarv.wilev.eom/doi/epdt710.2903/i.efsa.2018.5311

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta fellur færsla 63 um ísoxaflútól brott.

2) Í B-hluta er eftirfarandi færslu bætt við:

„134	Ísoxaflútól CAS-nr. 141112-29-0 CIPAC-nr. 575	(5-sýklóprópýl-1,2-oxasól-4-ýl)(α,α,α-tríflúoró-2-mesýl-p-tólýl)metanón	≥ 972 g/kg	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um ísoxaflútól, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd lagarlífvera, villtra spendýra og landplantna utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni. Umsækjandinn skal einnig leggja fram uppfært mat þar sem staðfest er að ísoxaflútól sé ekki innkirtlatruflandi efni í skilningi liða 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605, og í samræmi við leiðbeiningarnar um greiningu á innkirtlatruflandi efnum (*) eigi síðar en 10. maí 2021.

(*) „Guidance for the identification of endocrine disruptors in the context of Regulations (EU) No 528/2012 and (EC) No 1107/2009.“ https://efsa.onlinelibrarv.wilev.eom/doi/epdt710.2903/i.efsa.2018.5311“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1067 2020/EES/5/42

frá 1. júlí 2016

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina tækniskjal fyrir hverja gildandi landfræðilega merkingu sem skráð er í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eigi síðar en 20. febrúar 2015.

2) Fram til 20. febrúar 2015 bárust framkvæmdastjórninni tækniskjöl fyrir 243 landfræðilegar merkingar af 330 gildandi landfræðilegum merkingum. Engin tækniskjöl voru lögð fram vegna hinna 87 gildandi landfræðilegu merkinganna innan gefins frests.

3) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að fjarlægja þessar 87 gildandi landfræðilegar merkingar úr III. viðauka við reglugerðina ef engin tækniskjöl hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina vegna þeirra fyrir 20. febrúar 2015.

4) Hinar 243 gildandi landfræðilegu merkingarnar þar sem tækniskjöl hafa verið lögð fram fyrir 20. febrúar 2015 skulu fyrst um sinn vera áfram í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 110/2008. Í samræmi við 9. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([2]) mun framkvæmdastjórnin meta hvort tækniskjölin sem lögð voru fram vegna þeirra landfræðilegu merkinga uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) |nr. 110/2008.

5) Í ljósi framangreinds ætti viðaukinn við þessa reglugerð að koma í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 178, 2.7.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
1. Romm		
	Rhum de la Martinique	Frakkland
	Rhum de la Guadeloupe	Frakkland
	Rhum de la Réunion	Frakkland
	Rhum de la Guyane	Frakkland
	Rhum de sucrerie de la Baie du Galion	Frakkland
	Rhum des Antilles françaises	Frakkland
	Rhum des départements français d'outre-mer	Frakkland
	Rum da Madeira	Portúgal
	Ron de Guatemala	Gvatemala
2. Whisky/Whiskey		
	Scotch Whisky	Breska konungsríkið (Skotland):
	Irish Whiskey/Uisce Beatha Eireannach/Irish Whisky (1)	Írland
	Whisky breton/Whisky de Bretagne	Frakkland
	Whisky alsacien/Whisky d'Alsace	Frakkland
3. Kornbrennivín		
	Korn/Kornbrand	Þýskaland, Austurríki, Belgía (samfélag þýskumælandi íbúa)
	Münsterländer Korn/Kornbrand	Þýskaland
	Sendenhorster Korn/Kornbrand	Þýskaland
	Emsländer Korn/Kornbrand	Þýskaland
	Haselünner Korn/Kornbrand	Þýskaland
	Hasetaler Korn/Kornbrand	Þýskaland
	Samanė	Litáen
4. Brennd vín		
	Eau-de-vie de Cognac	Frakkland
	Eau-de-vie des Charentes	Frakkland
	Cognac (Við söluheitið „Cognac“ má bæta eftirfarandi hugtökum: — *Fine* — *Grande Fine Champagne* — *Grande Champagne* — *Petite Fine Champagne*	Frakkland

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	— *Petite Champagne* — *Fine Champagne* — *Borderies* — *Fins Bois* — *Bons Bois)*	
	Fine Bordeaux	Frakkland
	Fine de Bourgogne	Frakkland
	Armagnac (Við söluheitið „*Armagnac*“ má bæta eftirfarandi hugtökum: — *Bas-Armagnac* — *Haut-Armagnac* — *Armagnac-Ténarèze* — *Blanche Armagnac)*	Frakkland
	Eau-de-vie de vin de la Marne	Frakkland
	Eau-de-vie de vin originaire du Bugey	Frakkland
	Eau-de-vie de vin des Côtes-du-Rhône	Frakkland
	Eau-de-vie de Faugères/Faugères	Frakkland
	Eau-de-vie de vin originaire du Languedoc	Frakkland
	Aguardente de Vinho Douro	Portúgal
	Aguardente de Vinho Ribatejo	Portúgal
	Aguardente de Vinho Alentejo	Portúgal
	Aguardente de Vinho da Região dos Vinhos Verdes	Portúgal
	Aguardente de Vinho Lourinhã	Portúgal
	Сунгурларска гроздова ракия/Гроздова ракия от Сунгурларе/Sungurlarska grozdova rakya/Grozdova rakya frá Sungurlare	Búlgaría
	Сливенска перла (Сливенска гроздова ракия/Гроздова ракия от Сливен)/Slivenska perla (Slivenska grozdova rakya/Grozdova rakya frá Sliven)	Búlgaría
	Стралджанска Мускатова ракия/Мускатова ракия от Стралджа/Straldjanska Muscatova rakya/Muscatova rakya frá Straldja	Búlgaría
	Поморийска гроздова ракия/Гроздова ракия от Поморие/Pomoriyska grozdova rakya/Grozdova rakya frá Pomorie	Búlgaría

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Бургаска Мускатова ракия/Мускатова ракия от Бургас/Bourgaska Muscatova rakya/Muscatova rakya frá Bourgas	Búlgaría
	Сухиндолска гроздова ракия/Гроздова ракия от Сухиндол/Suhindolska grozdova rakya/Grozdova rakya frá Suhindol	Búlgaría
	Карловска гроздова ракия/Гроздова Ракия от Карлово/Karlovska grozdova rakya/Grozdova Rakya frá Karlovo	Búlgaría
	Vinars Târnave	Rúmenía
	Vinars Vaslui	Rúmenía
	Vinars Murfatlar	Rúmenía
	Vinars Vrancea	Rúmenía
	Vinars Segarcea	Rúmenía
5. Brandy/Weinbrand		
	Brandy de Jerez	Spánn
	Brandy del Penedés	Spánn
	Brandy italiano	Ítalía
	Deutscher Weinbrand	Þýskaland
	Wachauer Weinbrand	Austurríki
	Pfälzer Weinbrand	Þýskaland
6. Þrúguhratsbrennivín		
	Marc de Champagne/Eau-de-vie de marc de Champagne	Frakkland
	Marc de Bourgogne/Eau-de-vie de marc de Bourgogne	Frakkland
	Marc du Bugey/Eau-de-vie de marc originaire de Bugey	Frakkland
	Marc de Savoie/Eau-de-vie de marc originaire de Savoie	Frakkland
	Marc des Côtes-du-Rhône/Eau-de-vie de marc des Côtes du Rhône	Frakkland
	Marc de Provence/Eau-de-vie de marc originaire de Provence	Frakkland
	Marc du Languedoc/Eau-de-vie de marc originaire du Languedoc	Frakkland
	Marc d'Alsace Gewürztraminer	Frakkland
	Marc d'Auvergne	Frakkland
	Marc du Jura	Frakkland
	Aguardente Bagaceira Bairrada	Portúgal
	Aguardente Bagaceira Alentejo	Portúgal
	Aguardente Bagaceira da Região dos Vinhos Verdes	Portúgal

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Orujo de Galicia	Spánn
	Grappa	Ítalía
	Grappa di Barolo	Ítalía
	Grappa piemontese/Grappa del Piemonte	Ítalía
	Grappa lombarda/Grappa di Lombardia	Ítalía
	Grappa trentina/Grappa del Trentino	Ítalía
	Grappa friulana/Grappa del Friuli	Ítalía
	Grappa veneta/Grappa del Veneto	Ítalía
	Südtiroler Grappa/Grappa dell'Alto Adige	Ítalía
	Grappa siciliana/Grappa di Sicilia	Ítalía
	Grappa di Marsala	Ítalía
	Τσικουδιά/Tsikoudia	Grikkland
	Τσικουδιά Κρήτης/Tsikoudia frá Krít	Grikkland
	Τσίπουρο/Tsipouro	Grikkland
	Τσίπουρο Μακεδονίας/Tsipouro frá Makedóníu	Grikkland
	Τσίπουρο Θεσσαλίας/Tsipouro frá Þessalíu	Grikkland
	Τσίπουρο Τυρνάβου/Tsipouro frá Tyrnavos	Grikkland
	Ζιβανία/Τζιβανία/Ζιβάνα/Zivania	Kýpur
	Törkölypálinka	Ungverjaland
9. Ávaxtabrennivín		
	Schwarzwälder Kirschwasser	Þýskaland
	Schwarzwälder Mirabellenwasser	Þýskaland
	Schwarzwälder Williamsbirne	Þýskaland
	Schwarzwälder Zwetschgenwasser	Þýskaland
	Fränkisches Zwetschgenwasser	Þýskaland
	Fränkisches Kirschwasser	Þýskaland
	Fränkischer Obstler	Þýskaland
	Mirabelle de Lorraine	Frakkland
	Kirsch d'Alsace	Frakkland
	Quetsch d'Alsace	Frakkland
	Framboise d'Alsace	Frakkland
	Mirabelle d'Alsace	Frakkland
	Kirsch de Fougerolles	Frakkland
	Südtiroler Williams/Williams dell'Alto Adige	Ítalía
	Südtiroler Marille/Marille dell'Alto Adige	Ítalía
	Südtiroler Kirsch/Kirsch dell'Alto Adige	Ítalía
	Südtiroler Zwetschgeler/Zwetschgeler dell'Alto Adige	Ítalía
	Südtiroler Obstler/Obstler dell'Alto Adige	Ítalía

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Südtiroler Gravensteiner/Gravensteiner dell'Alto Adige	Ítalía
	Südtiroler Golden Delicious/Golden Delicious dell'Alto Adige	Ítalía
	Williams friulano/Williams del Friuli	Ítalía
	Sliwovitz del Veneto	Ítalía
	Sliwovitz del Friuli-Venezia Giulia	Ítalía
	Distillato di mele trentino/Distillato di mele del Trentino	Ítalía
	Williams trentino/Williams del Trentino	Ítalía
	Sliwovitz trentino/Sliwovitz del Trentino	Ítalía
	Aprikot trentino/Aprikot del Trentino	Ítalía
	Medronho do Algarve	Portúgal
	Kirsch Friulano/Kirschwasser Friulano	Ítalía
	Kirsch Trentino/Kirschwasser Trentino	Ítalía
	Kirsch Veneto/Kirschwasser Veneto	Ítalía
	Wachauer Marillenbrand	Austurríki
	Szatmári Szilvapálinka	Ungverjaland
	Kecskeméti Barackpálinka	Ungverjaland
	Békési Szilvapálinka	Ungverjaland
	Szabolcsi Almapálinka	Ungverjaland
	Gönci Barackpálinka	Ungverjaland
	Pálinka	Ungverjaland, Austurríki (fyrir apríkósubrennivín sem eingöngu er framleitt í þessum sambandslöndum: Niederösterreich, Burgenland, Steiermark, Wien)
	Újfehértói meggypálinka	Ungverjaland
	Brinjevec	Slóvenía
	Dolenjski sadjevec	Slóvenía
	Троянска сливова ракия/Сливова ракия от Троян/Troyanska slivova rakya/Slivova rakya frá Troyan	Búlgaría
	Ловешка сливова ракия/Сливова ракия от Ловеч/Loveshka slivova rakya/Slivova rakya frá Lovech	Búlgaría
	Pălincă	Rúmenía
	Ţuică Zetea de Medieşu Aurit	Rúmenía
	Ţuică de Argeş	Rúmenía
	Horincă de Cămârzana	Rúmenía
	Hrvatska loza	Króatía
	Hrvatska stara šljivovica	Króatía
	Slavonska šljivovica	Króatía
	Pisco (2)	Perú

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
10. Eplabrennivín og perubrennivín		
	Calvados	Frakkland
	Calvados Pays d'Auge	Frakkland
	Calvados Domfrontais	Frakkland
	Eau-de-vie de cidre de Bretagne	Frakkland
	Eau-de-vie de cidre de Normandie	Frakkland
	Eau-de-vie de poiré de Normandie	Frakkland
	Eau-de-vie de cidre du Maine	Frakkland
	Aguardiente de sidra de Asturias	Spánn
	Somerset Cider Brandy (3)	Bretland
15. Vodka		
	Svensk Vodka/Sænskt vodka	Svíþjóð
	Suomalainen Vodka/Finsk Vodka/Finnskt vodka	Finnland
	Polska Wódka/Pólskt vodka	Pólland
	Originali lietuviška degtinė/Upprunalegt, litháískt vodka	Litáen
	Eistneskt vodka	Eistland
17. Geist		
	Schwarzwälder Himbeergeist	Þýskaland
18. Maríuvandarbrennivín		
	Bayerischer Gebirgsenzian	Þýskaland
	Südtiroler Enzian/Genziana dell'Alto Adige	Ítalía
	Genziana trentina/Genziana del Trentino	Ítalía
19. Brenndir drykkir, bragðbættir með einiberjum		
	Genièvre/Jenever/Genever	Belgía, Holland, Frakkland (sýslurnar Nord (59) og Pas-de-Calais (62)), Þýskaland (sambandslöndin Nordrhein-Westfalen og Niedersachsen)
	Genièvre de grains/Graanjenever/ Graangenever	Belgía, Holland, Frakkland (sýslurnar Nord (59) og Pas-de-Calais (62))
	Jonge jenever/jonge genever	Belgía, Holland
	Oude jenever/oude genever	Belgía, Holland
	Hasseltse jenever/Hasselt	Belgía (Hasselt, Zonhoven, Diepenbeek)

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Balegemse jenever	Belgía (Balegem)
	O' de Flander-Oost-Vlaamse Graanjenever	Belgía (Oost-Vlaanderen)
	Peket-Pekêt/Pèket-Pèkèt de Wallonie	Belgía (Région wallonne)
	Genièvre Flandres Artois	Frakkland (sýslurnar Nord (59) og Pas-de-Calais (62))
	Ostfriesischer Korngenever	Þýskaland
	Steinhäger	Þýskaland
	Gin de Mahón	Spánn
	Vilniaus Džinas/Vilnius Gin	Litáen
	Spišská borovička	Slóvakía
24. Akvavit/aquavit		
	Svensk Aquavit/Svensk Akvavit/Sænskt ákavíti	Svíþjóð
25. Brenndir drykkir, bragðbættir með anísfræi		
	Anís Paloma Monforte del Cid	Spánn
	Hierbas de Mallorca	Spánn
	Hierbas Ibicencas	Spánn
	Chinchón	Spánn
	Janeževec	Slóvenía
29. Eimað anis		
	Ouzo/Ούζο	Kýpur, Grikkland
	Ούζο Μυτιλήνης/*Ouzo* frá Mitilene	Grikkland
	Ούζο Πλωμαρίου/Ouzo frá Plomari	Grikkland
	Ούζο Καλαμάτας/Ouzo frá Kalamata	Grikkland
	Ούζο Θράκης/Ouzo frá Þrakíu	Grikkland
	Ούζο Μακεδονίας/Ouzo frá Makedóníu	Grikkland
30. Beiskir brenndir drykkir eða bitter		
	Rheinberger Kräuter	Þýskaland
	Trejos devynerios	Litáen
	Slovenska travarica	Slóvenía

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
31. Bragðbætt vodka		
	Kryddjurtavodka frá Norður-Podlasie sléttunni, bragðbætt með kjarna úr reyrgresi/*Wódka ziołowa z Niziny Północnopodlaskiej aromatyzowana ekstraktem z trawy żubrowej*	Pólland
	Polska Wódka/Pólskt vodka (4)	Pólland
	Originali lietuviška degtinė/Upprunalegt lithájskt vodka (4)	Litáen
32. Líkjör		
	Berliner Kümmel	Þýskaland
	Hamburger Kümmel	Þýskaland
	Münchener Kümmel	Þýskaland
	Chiemseer Klosterlikör	Þýskaland
	Bayerischer Kräuterlikör	Þýskaland
	Irish Cream (5)	Írland
	Palo de Mallorca	Spánn
	Mirto di Sardegna	Ítalía
	Liquore di limone di Sorrento	Ítalía
	Liquore di limone della Costa d'Amalfi	Ítalía
	Genepì del Piemonte	Ítalía
	Genepì della Valle d'Aosta	Ítalía
	Benediktbeurer Klosterlikör	Þýskaland
	Ettaler Klosterlikör	Þýskaland
	Ratafia de Champagne	Frakkland
	Ratafia catalana	Spánn
	Suomalainen Marjalikööri/Suomalainen Hedelmälikööri/Finsk Bärlikör/Finsk Fruktlikör/ Finnskur berjalíkjör/Finnskur ávaxtalíkjör	Finnland
	Mariazeller Magenlikör	Austurríki
	Steinfelder Magenbitter	Austurríki
	Wachauer Marillenlikör	Austurríki
	Jägertee/Jagertee/Jagatee	Austurríki
	Hüttentee	Þýskaland
	Polish Cherry	Pólland
	Karlovarská Hořká	Tékkland

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Pelinkovec	Slóvenía
	Blutwurz	Þýskaland
	Cantueso Alicantino	Spánn
	Licor café de Galicia	Spánn
	Licor de hierbas de Galicia	Spánn
	Génépi des Alpes/Genepì degli Alpi	Frakkland, Ítalía
	Μαστίχα Χίου/Masticha frá Chios	Grikkland
	Κίτρο Νάξου/Kitro frá Naxos	Grikkland
	Κουμκουάτ *Κέρκυρας/Koum Kouat* frá Korfú	Grikkland
	Τεντούρα/Tentoura	Grikkland
	Poncha da Madeira	Portúgal
	Hrvatski pelinkovac	Króatía
34. Crème de cassis		
	Cassis de Bourgogne	Frakkland
	Cassis de Dijon	Frakkland
	Cassis de Saintonge	Frakkland
37a. Brenndur drykkur, bragðbættur með þyrniplómum eða *Pacharán*	*Pacharán navarro*	Spánn
39. Maraschino/Marrasquino/ Maraskino	*Zadarski maraschino*	Króatía
40. Nocino		
	Nocino di Modena	Ítalía
	Orehovec	Slóvenía
Aðrir brenndir drykkir		
	Pommeau de Bretagne	Frakkland
	Pommeau du Maine	Frakkland
	Pommeau de Normandie	Frakkland
	Svensk Punsch/Swedish Punch	Svíþjóð
	Inländerrum	Austurríki
	Bärwurz	Þýskaland
	Aguardiente de hierbas de Galicia	Spánn
	Aperitivo Café de Alcoy	Spánn
	Herbero de la Sierra de Mariola	Spánn
	Königsberger Bärenfang	Þýskaland
	Ostpreußischer Bärenfang	Þýskaland

Vöruflokkur	Landfræðileg merking	Upprunaland (nákvæmri, landfræðilegri staðsetningu er lýst í tækniskjalinu)
	Ronmiel de Canarias	Spánn
	Genièvre aux fruits/Vruchtenjenever/Jenever met vruchten/Fruchtgenever	Belgía, Holland (Niðurland), Þýskaland (þýsku sambandslöndin Nordhrein-Westfalen og Niedersachsen)
	Domači rum	Slóvenía
	Irish Poteen/Irish Poitín	Írland
	Trauktinė	Litáen
	Trauktinė Palanga	Litáen
	Trauktinė Dainava	Litáen
	Hrvatska travarica	Króatía

([1]) Landfræðilega merkingin *Irish Whiskey/Uisce Beatha Eireannach/Irish Whisky* nær til *whiskys/whiskeys* sem framleitt er á Írlandi og Norður-Írlandi.

([2]) Verndun landfræðilegu merkingarinnar *Pisco* samkvæmt þessari reglugerð hefur ekki áhrif á notkun heitisins *Pisco* þegar um er að ræða vörur, upprunnar í Chile (Síle), sem eru verndaðar samkvæmt samstarfssamningnum milli Sambandsins og Chile (Síle) frá 2002.

([3]) Landfræðilegu merkingunni *Somerset Cider Brandy* skal fylgja söluheitið „eplabrennivín“.

([4]) Á merkimiða þessarar vöru verður að koma fram söluheitið „bragðbætt vodka“. Heimilt er að heiti ríkjandi bragðefnis komi í stað heitisins „bragðbætt“.

([5]) Landfræðilega merkingin *Irish Cream* nær yfir samsvarandi líkjör sem er framleiddur á Írlandi og Norður-Írlandi.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/724 **2020/EES/5/43**

frá 10. maí 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar tilnefningu skýrslugjafaraðildarríkja og meðskýrslugjafaraðildarríkja fyrir virku efnin glýfosat, lambda-sýhalótrín, ímasamox og pendímetalín og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 að því er varðar þann möguleika að hópur aðildarríkja taki sameiginlega að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) er mati á virku efni úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Þar eð mati á virku efnunum glýfosati, ímasamoxi og pendímetalíni hefur ekki enn verið úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis eða meðskýrslugjafaraðildarríkis og samþykki fyrir þeim rennur út á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024 er rétt að slík úthlutun fari fram nú.

2) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

3) Í undantekningartilvikum getur vinnuálag sem búist er við og flækjustig í tengslum við mat á tilteknu virku efni verið of mikið fyrir eitt aðildarríki sem er skýrslugjafaraðildarríki og nýtur stuðnings eins meðskýrslugjafaraðildarríkis. Í þeim tilvikum má tryggja breiðari skiptingu vinnuálags og samnýtingu sérfræðiþekkingar nokkurra aðildarríkja með því að tilnefna hóp af aðildarríkjum sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki. Því ætti að koma skýrt fram að hópur aðildarríkja getur tekið að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis í sameiningu. Í því tilviki þarf ekki að tilnefna meðskýrslugjafaraðildarríki. Þegar nokkur aðildarríki taka að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis í sameiningu ættu þau, til samræmis við það, að ná samkomulagi um fyrirkomulag vinnuskipulagsins. Í ljósi þessa ætti að úthluta mati á virka efninu glýfosati til hóps aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki.

4) Að því er varðar ímasamox ætti að úthluta matinu til Grikklands sem skýrslugjafaraðildarríkis og til Ítalíu sem meðskýrslugjafaraðildarríkis.

5) Að því er varðar pendímetalín ætti að úthluta matinu til Svíþjóðar sem skýrslugjafaraðildarríkis og til Hollands sem meðskýrslugjafaraðildarríkis.

6) Í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki er einnig talið nauðsynlegt að breyta skýrslugjafaraðildarríkinu fyrir virka efnið lambda-sýhalótrín en virða um leið jafna dreifingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkjanna. Úthluta ætti mati á lambda-sýhalótríni, að því er varðar málsmeðferð við endurnýjun, til Grikklands sem skýrslugjafaraðildarríkis en úthlutunin til Frakklands sem meðskýrslugjafaraðildarríkis helst óbreytt.

7) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]) er kveðið á um framkvæmd málsmeðferðar við endurnýjun að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

8) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 er kveðið á um afgreiðslu umsókna og viðbótarmálsskjala sem lögð eru fram síðar og mat á þeim af hálfu eins aðildarríkis sem skýrslugjafaraðildarríkis með stuðningi eins aðildarríkis sem vinnur sem meðskýrslugjafaraðildarríki. Þó ætti að skýra fyrirkomulag málsmeðferðar fyrir undantekningartilvikin, sem um getur hér að framan, þegar matinu er úthlutað til hóps aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012. Hópurinn ætti að taka sameiginlega að sér það hlutverk sem skýrslugjafaraðildarríkinu er úthlutað með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012.

9) Að því er varðar málsmeðferð við endurnýjun ætti að gera skýra grein fyrir þeim möguleika að fara fram á þóknanir og gjöld í samræmi við 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 686/2012 og (ESB) nr. 844/2012 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun skal matinu fyrir hvert virkt efni, sem sett er fram í fyrsta dálki viðaukans, úthlutað annað hvort til skýrslugjafaraðildarríkis, eins og sett er fram í öðrum dálki þessa viðauka, og til meðskýrslugjafaraðildarríkis, eins og sett er fram í þriðja dálki þessa viðauka, eða til hóps aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki, eins og sett er fram í fjórða dálki þessa viðauka, eftir atvikum. Í síðara tilvikinu er ekkert meðskýrslugjafaraðildarríki tilnefnt.“

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. mgr. 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um fjórðu undirgrein skal framleiðandi virks efnis leggja umsókn um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu fyrir skýrslugjafaraðildarríkið, eins og sett er fram í öðrum dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 (*) og fyrir meðskýrslugjafaraðildarríkið, eins og sett er fram í þriðja dálki þess viðauka, eða fyrir hvert og eitt þeirra aðildarríkja í hópi aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki, eins og sett er fram í fjórða dálki þess viðauka, eigi síðar en þremur árum áður en samþykkið rennur út.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).“

b) Eftirfarandi fjórða, fimmta og sjötta undirlið er bætt við:

„Þegar hópur aðildarríkja tekur sameiginlega að sér hlutverk skýrslugjafaraðildarríkis, eins og sett er fram í fjórða dálki viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012, skal ekki tilnefna meðskýrslugjafaraðildarríki. Í því tilviki skal líta á allar tilvísanir í „skýrslugjafaraðildarríki“ í þessari reglugerð sem tilvísanir í „hóp aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki“.

Áður en frestur til framlagningar á umsókn rennur út skulu aðildarríki sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki komast að samkomulagi um skiptingu allra verkefna og vinnuálags.

Aðildarríki, sem mynda hluta af hópi aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki, skulu leitast við að ná samstöðu á meðan á matinu stendur.“

2) Í stað h-liðar 2. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„h) þar sem við á, þau atriði þar sem meðskýrslugjafaraðildarríkið var ekki sammála mati skýrslugjafaraðildarríkisins, eða, eftir atvikum, þau atriði þar sem ekkert samkomulag ríkir milli aðildarríkjanna sem mynda hóp aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki.“

3) Eftirfarandi 13. gr. a er bætt við:

„13. gr. a

Þóknanir og gjöld

Aðildarríkjum er heimilt að fara fram á greiðslu þóknana og gjalda í samræmi við 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 til að endurheimta kostnað sem tengist vinnu sem þau inna af hendi innan gildissviðs þessarar reglugerðar.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í B-hluta er eftirfarandi fjórða dálki bætt við með fyrirsögninni:

„Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)“,

2) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi fjórða dálki er bætt við með fyrirsögninni: „Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)“,

b) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir geraníól:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki	Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)
„Glýfosat			FR, HU, NL, SE“

c) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru (HearNPV):

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki	Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)
„Ímasamox	EL	IT“	

d) Í stað færslunnar fyrir virka efnið lambda-sýhalótrín kemur eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki	Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)
„Lambda-sýhalótrín	EL	FR“	

e) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir *Paecilomyces fumosoroseus* stofn Fe9901:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki	Hópur aðildarríkja sem vinna í sameiningu sem skýrslugjafaraðildarríki (í stafrófsröð á þjóðtungu)
„Pendímetalín	SE	NL“	

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1098 **2020/EES/5/44**

frá 2. ágúst 2018

um breytingu og leiðréttingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 3. mgr. 20. gr. og 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 áttu aðildarríkin að leggja fyrir framkvæmdastjórnina tækniskjal fyrir hverja gildandi landfræðilega merkingu sem skráð er í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eigi síðar en 20. febrúar 2015. Í kjölfar grannskoðunar á þessum tækniskjölum skv. 9. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([2]) þarf að breyta nokkrum landfræðilegum merkingum sem skráðar eru í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eða leiðrétta þær.

2) Frakkland lagði fram eitt tækniskjal fyrir landfræðilegu merkinguna *„Eau-de-vie de Cognac/Eau-de-vie des Charentes/Cognac“*. Þessi nöfn eru skráð í vöruflokki 4 „Brennt vín“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem þrjár mismunandi landfræðilegar merkingar: *„Eau-de-vie de Cognac“, „Eau-de-vie des Charentes“* og *„Cognac“*. Í kjölfar beiðni frá Frakklandi er nauðsynlegt að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 og skrá þessi þrjú heiti þannig að þau vísi aðeins til einnar vöru þar eð eitt einstakt tækniskjal hefur verið lagt fram með tilvísun til þeirra.

3) Að auki hefur Frakkland lagt fram fimm tækniskjöl fyrir eftirtaldar landfræðilegar merkingar: *„Eau-de-vie de Faugères“, „Marc du Bugey“, „Marc de Savoie“, „Marc de Provence“, „Marc du Languedoc“*. Þessi tækniskjöl vísa ekki til samsvarandi heitanna *„Faugères“*, *„Eau-de-vie de marc originaire de Bugey“, „Eau-de-vie de marc originaire de Savoie“, „Eau-de-vie de marc originaire de Provence“* og *„Eau-de-vie de marc originaire du Languedoc“*, sem eru skráð í vöruflokki 4 „Brennt vín“ og 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem önnur heiti á þeim fimm landfræðilegu merkingum sem tækniskjölin hafa verið lögð fram fyrir. Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að fjarlægja gildandi landfræðilegar merkingar úr III. viðauka við reglugerðina ef engin tækniskjöl hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina vegna þeirra fyrir 20. febrúar 2015. Af þessum sökum ætti að fjarlægja þessi önnur heiti úr III. viðauka.

4) Grikkland lagði fram eitt tækniskjal fyrir landfræðilegu merkinguna *„Τσικουδιά/Tsikoudia/Τσίπουρο/Tsipouro“*. Þessi nöfn eru skráð í vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 110/2008 sem tvær aðskildar landfræðilegar merkingar: *„Τσικουδιά/Tsikoudia“* og *„Τσίπουρο/Tsipouro“*. Því er nauðsynlegt að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 og skrá þessi heiti þannig að þau vísi aðeins til einnar vöru þar eð eitt einstakt tækniskjal hefur verið lagt fram með tilvísun til þeirra.

5) Landfræðilega merkingin *„Grappa lombarda/Grappa di Lombardia“* er skráð í vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Vegna málfræðivillu er nauðsynlegt að leiðrétta heiti landfræðilegu merkingarinnar í *„Grappa lombarda/Grappa della Lombardia“*.

6) Landfræðilega merkingin *„Marc d'Alsace Gewürztraminer“* er skráð í vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Frönsk flokkun á vínþrúguyrkjum skv. 81. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([3]) inniheldur heiti vínþrúguyrkisins „Gewurztraminer“ en ekki „Gewürztraminer“. Af þessum sökum þarf að leiðrétta heiti þessarar landfræðilegu merkingar í *„Marc d'Alsace Gewurztraminer“*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

7) Landfræðilega merkingin *„Genièvre Flandres Artois“* er skráð í vöruflokki 19 „Brenndir drykkir, bragðbættir með einiberjum“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Stafsetningarvilla hefur fundist í skráða heitinu og af þessum sökum þarf að leiðrétta heiti þessarar landfræðilegu merkingar í *„Genièvre Flandre Artois“*.

8) Landfræðilega merkingin *„Génépi des Alpes/Genepì degli Alpi“* er skráð í vöruflokki 32 „Líkjör“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Vegna málfræðivillu er nauðsynlegt að leiðrétta heiti landfræðilegu merkingarinnar í *„Génépi des Alpes/Genepì delle Alpi“*.

9) Landfræðilega merkingin *„Irish Poteen/Irish Poitín“* er skráð í vöruflokki „Aðrir brenndir drykkir“ í III. viðauka við reglugerð 110/2008 sem upprunnin á Írlandi. Nauðsynlegt er að skýra að sú landfræðilega merking nær einnig til samsvarandi vöru sem er framleidd á Norður-Írlandi.

10) Því ætti að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

11) Til að gera rekstraraðilum kleift að nota merkimiða sem prentaðir voru í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 110/2008 eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt og hún leiðrétt með þessari reglugerð, ætti að heimila setningu fyrirliggjandi birgða á markað.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Merkimiða, sem eru prentaðir fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má nota áfram þar til þeir eru uppurnir.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

1) í stað færslnanna *„Eau-de-vie de Cognac“ „Eau-de-vie des Charentes“* og *„Cognac“* undir vöruflokki 4 „Brennt vín“ í öðrum dálki töflunnar komi færslan *„Eau-de-vie de Cognac/Eau-de-vie des Charentes/Cognac“,*

2) í stað færslunnar *„Eau-de-vie de Faugères/Faugères“* undir vöruflokki 4 „Brennt vín“ í öðrum dálki töflunnar komi færslan *„Eau-de-vie de Faugères“*,

3) í stað færslnanna *„Marc du Bugey/Eau-de-vie de marc originaire de Bugey“, „Marc de Savoie/Eau-de-vie de marc originaire de Savoie“, „Marc de Provence/Eau-de-vie de marc originaire de Provence“* og *„Marc du Languedoc/Eau-de-vie de marc originaire du Languedoc“* undir vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Marc du Bugey“, „Marc de Savoie“, „Marc de Provence“* og *„Marc du Languedoc“*;

4) í stað færslnanna *„Τσικουδιά/Tsikoudia“ og „Τσίπουρο/Tsipouro“* undir vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Τσικουδιά/Tsikoudia/Τσίπουρο/Tsipouro“,*

5) í stað færslunnar „Írland“ í tengslum við „*Irish Poteen/Irish Poitín*“ undir vöruflokknum „Aðrir brenndir drykkir“ komi „Írland (*).

(*) Landfræðilega merkingin *„Irish Poteen/Irish Poitín“* nær yfir samsvarandi brenndan drykk sem er framleiddur á Írlandi og Norður-Írlandi.“

II. VIÐAUKI

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 eru leiðrétt sem hér segir:

1) *í stað færslunnar „Grappa lombarda/Grappa di Lombardia“* undir vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Grappa lombarda/Grappa della Lombardia“,*

2) *í stað færslunnar „Marc d'Alsace Gewürztraminer“* undir vöruflokki 6 „Þrúguhratsbrennivín“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Marc d'Alsace Gewurztraminer“,*

3) *í stað færslunnar „Genièvre Flandres Artois“* undir vöruflokki 19 „Brenndir drykkir, bragðbættir með einiberjum“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Genièvre Flandre Artois“,*

4) *í stað færslunnar „Génépi des Alpes/Genepì degli Alpi“* undir vöruflokki 32 „Líkjör“ í öðrum dálki töflunnar komi *„Génépi des Alpes/Genepì delle Alpi“.*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/335 **2020/EES/5/45**

frá 27. febrúar 2019

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 að því er varðar að skrá brennda drykkinn „Tequila“ sem landfræðilega merkingu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mexíkóskur aðili, stofnaður samkvæmt mexíkóskum lögum, Consejo Regulador del Tequila (hér á eftir nefndur umsækjandinn), sótti um að „Tequila“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Tequila“ er brenndur drykkur sem hefð er fyrir að sé framleiddur í Mexíkóska ríkjasambandinu með því að eima safa sem er fenginn úr *Agave tequilana* F.A.C. Weber (blátt yrki).

2) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn um að skrá heitið „Tequila“ sem umsækjandinn sendi inn.

3) Þar eð framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008, birti hún meginskilgreininguna í tækniskjalinu fyrir „Tequila“ í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]) skv. 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 í tengslum við andmælaferlið.

4) Í samræmi við 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 og 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([3]) lögðu *Unión Española del Licor* frá Spáni og *Vinum et Spiritus* frá Belgíu fram andmæli, innan tilgreindra tímamarka, gegn því að heitið „Tequila“ yrði skráð sem landfræðileg merking. Framkvæmdastjórnin taldi þessi tvennu andmæli tæk skv. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013. Andmæli bárust einnig frá *Unión de Licoristas Cataluña*, sem og frekari upplýsingar frá *Unión Española del Licor* og frá *Vinum et Spiritus*, en þau töldust ekki vera tæk í samræmi við 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013 þar eð þau voru ekki lögð fram innan þeirra tímamarka sem um getur í 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

5) Með bréfi dagsettu 4. apríl 2017 tilkynnti framkvæmdastjórnin umsækjandanum um þessi tvennu tæku andmæli og gaf honum kost á að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða í samræmi við 1. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013. Umsækjandinn sendi athugasemdir sínar 3. júní 2017, innan tilskilins frests.

6) Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013 tilkynnti framkvæmdastjórnin andmælendunum tveim um athugasemdir umsækjandans með bréfi frá 31. júlí 2017 og fengu þeir tvo mánuði til að leggja fram athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar. Framkvæmdastjórninni barst svar frá *Unión Española del Licor* 22. september 2017.

7) Andmæli *Unión Española del Licor* og *Vinum et Spiritus* tengjast lögboðnum kröfum sem mælt er fyrir um í opinbera staðlinum NOM-006-SCFI-2012 (áfengir drykkir — Tequila — nákvæm skilgreining) sem birtur var í Diario Oficial de la Federación 13. desember 2012 ([4]) (hér á eftir nefndur opinberi mexíkóski staðallinn) og vísað er til hans í tækniskjalinu fyrir „Tequila“, varðandi: a) kröfur um merkingar vegna markaðssetningar og heilsufarsupplýsinga og vegna tilvísunarnúmera heimilaðra framleiðenda; b) takmarkanir á viðskiptafyrirkomulagi milli birgja og átappara að því er varðar heimild til að nota skráð vörumerki eða önnur einkennandi merki og takmarka þannig möguleika átappara til að kaupa inn

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 255, 14.7.2016, bls. 5.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

([4]) NORMA Oficial Mexicana NOM-006-SCFI-2012, Bebidas alcohólicas — Tequila — Especificaciones birt í Diario Oficial í Mexíkó 13. desember 2012.

mexíkóskar vörur og takmarka markaðssetningu „Tequila“ eftir átöppun við tiltekin heimiluð vörumerki og koma þannig í veg fyrir markaðssetningu undir eigin vörumerkjum rekstraraðila án sérstakrar heimildar; c) reglur um heimildir rekstraraðila í Sambandinu sem hafa heimild til að átappa „Tequila“ og forskriftir fyrir átöppunaraðferðir; d) kröfur um eftirlit sem gilda um átappara sem hafa heimild á yfirráðasvæði Sambandsins sem og afleiðingarnar sem mælt er fyrir um í opinbera mexíkóska staðlinum ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum; e) bann við verslun með vöruflokkinn blandað „Tequila“ í lausu (sem inniheldur allt að 49% af afoxandi sykrum af öðrum uppruna en úr sykrum úr bláu yrki *Agave tequilana* F.A.C. Weber) innan Sambandsins og bann við innkaupum á flokknum blandað „Tequila“ í lausu fyrir milligöngu þriðju landa og f) krafa um að „Tequila“ í flokknum 100% agave verði að fara í átöppun í verksmiðju sem heimilaðir framleiðendur, sem staðsettir eru á tilteknu landsvæði í Mexíkóska ríkjasambandinu, stjórna. Andmælendur fullyrða að þessar kröfur fari í kringum og séu ósamrýmanlegar við fríverslun og frjálsa samkeppni með „Tequila“ í aðildarríkjunum og brjóti sérstaklega í bága við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

8) Umsækjandinn heldur því fram að vísa ætti andmælunum frá sem ótækum vegna þess að andmælendur notuðu ekki sniðmátið, sem krafist er í 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013, við framlagningu sína og að andmælendurnir hafi ekki sýnt fram á hvaða tilteknu skilyrði fyrir skráningu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 110/2008, séu ekki uppfyllt. Umsækjandinn heldur því fram að meginmarkmið eftirlitskerfisins fyrir átöppun, markaðssetningu og dreifingu sé að tryggja rekjanleika og þar af leiðandi ósvikni „Tequila“. Auk þess heldur umsækjandinn því fram að hvaða rekstraraðili sem er, sem vill tappa „Tequila“ í lausu á flöskur, geti gert það svo fremi að hann fái samþykkisvottorð Tequila-átappara og geri samning um sameiginlega ábyrgð um skráða vörumerkið eða önnur einkennandi merki.

9) Enn fremur lítur umsækjandinn svo á að engar þeirra athugasemda sem draga í efa beitingu opinbera mexíkóska staðalsins gefi ástæðu til andmæla í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 þar eð heitið „Tequila“ sé þegar bindandi samkvæmt ákvæðum samningsins á milli Sambandsins og Mexíkóska ríkjasambandsins frá 27. maí 1997 um gagnkvæma viðurkenningu og verndun á auðkenningu brenndra drykkja (hér eftir nefndur samningurinn frá 1997) ([5]) þar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. að á yfirráðasvæði Sambandsins megi ekki nota verndaða heitið „Tequila“ nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum Mexíkóska ríkjasambandsins.

10) Að því er varðar snið andmælanna sem umsækjandinn nefndi taldi framkvæmdastjórnin andmælin frá *Unión Española del Licor* and *Vinum et Spiritus* tæk þar eð þau uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013 því allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu „Beiðni um andmæli gegn landfræðilegri merkingu“ sem sett er fram í III. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, voru veittar í andmælunum.

11) Að því er varðar gildissvið reglnanna í opinbera mexíkóska staðlinum lítur framkvæmdastjórnin svo á að þar eð hann er reglugerð þriðja lands hafi þær ekki bein áhrif utan svæðisbundins gildissviðs í Sambandinu. Með birtingu meginskilgreiningarinnar í tækniskjalinu fyrir „Tequila“ í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eru þó tilteknar reglur úr opinbera mexíkóska staðlinum sérstaklega nefndar og þess vegna er fullyrt að þær gildi um vöru sem ætluð er til útflutnings. Þær ná yfir framleiðslukröfur, ákvæði um merkingar og reglur um átöppun á „Tequila“ í flokknum 100% agave sem eru settar fram eða vísað til í fyrrnefndri birtingu í *Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins*. Ekki er hægt að vernda kerfi með reglugerð (EB) nr. 110/2008 sem gerir rekstraraðilum eða yfirvöldum í þriðja landi kleift að hindra dreifingu vöru á innri markaðinum, með aðferðum sem samræmast ekki meginreglum í lögum Sambandsins, eftir að hún hefur verið flutt inn.

12) Að því er varðar tengingu við samninginn frá 1997 sem verndar „Tequila“ á yfirráðasvæði Sambandsins ber að hafa hugfast að möguleg vernd samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008 fylgir öðrum lagareglum sem eru óháðar þeim sem mælt er fyrir um í samningnum frá 1997. Í ljósi þess að umsækjandinn hefur ákveðið að sækja um einstaka vernd á landfræðilegu merkingunni „Tequila“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008, til viðbótar við verndina samkvæmt samningnum frá 1997, ætti að taka skýrt fram að vernd samkvæmt þessum tveimur gerningum gildir samkvæmt reglum hvors gernings fyrir sig.

13) Framkvæmdastjórnin lagði mat á röksemdir og sannanir sem andmælendur og umsækjandinn lögðu fram og komst að þeirri niðurstöðu að skrá ætti heitið „Tequila“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 á grundvelli eftirfarandi atriða.

([5]) Stjtíð. ESB L 152, 11.6.1997, bls. 15. Samningurinn frá 1997 var innleiddur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 936/2009 (Stjtíð. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 5).

14) Að því er varðar kröfur um merkingar, sem um getur í a-lið 7. forsendu, er kveðið á um í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 að aðildarríki megi mæla fyrir um viðbótarreglur um framleiðslu, lýsingu, framsetningu og merkingar sem eru strangari en þær sem kveðið er á um í II. viðauka við þá reglugerð (EB) svo fremi að þær séu samrýmanlegar lögum Sambandsins. Ákvæðum 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar skal beitt, að breyttu breytanda, varðandi reglur sem yfirvöld þriðju landa mæla fyrir um. Í opinbera mexíkóska staðlinum og í 9. lið meginskilgreiningarinnar í tækniskjalinu fyrir „Tequila“ virðist sem Mexíkóska ríkjasambandið kveði á um strangari reglur um merkingar á öllum „Tequila“ vörum til viðbótar við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 110/2008. Reglurnar sem um er að ræða varða upplýsingar um markaðssetningu og heilbrigði, tilvísunarnúmer og nöfn og heimilisföng sem auðkenna heimilaðan framleiðanda eða átapparann. Þessar kröfur eru ekki í ósamræmi við reglur Sambandsins um merkingar, einkum þær sem eru í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1169/2011 ([6]). Krafan um að rekstraraðilar séu auðkenndir með tilvísunarnúmeri eða heiti og heimilisfangi er réttlætanleg í þágu gagnsæis og rekjanleika og ekki ósanngjörn krafa. Af þessum sökum lítur framkvæmdastjórnin svo á að forsendur andmælanna að því er varðar kröfur um merkingar séu órökstuddar og þeim skuli hafnað.

15) Takmarkanir á viðskiptafyrirkomulagi milli birgja og átappara, sem um getur í b-lið 7. forsendu, og reglur um heimildir átappara í Sambandinu og málsmeðferðarreglur um fyrrnefndar heimildir, sem um getur í c-lið 7. forsendu, eru rökstuddar með tilliti til þess að þörf er á því að tryggja rekjanleika og koma í veg fyrir svik. Reglunum er sérstaklega beitt varðandi merkingar á vörum sem ætlaðar eru til útflutnings eins og tekið er fram í annarri málsgrein 9. liðar meginskilgreiningarinnar í tækniskjalinu fyrir „Tequila“, sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, sem vísar til notkunar á heitinu „Tequila“ og skráðum vörumerkjum eða öðrum einkennandi merkjum samkvæmt samningnum um sameiginlega ábyrgð sem skráður var hjá mexíkósku einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofunni. Framkvæmdastjórnin lítur svo á að þessar reglur og ráðstafanir, að svo miklu leyti sem þær gilda um notkun á heitinu „Tequila“ innan Sambandsins, séu hóflegar og rökstuddar og að forsendur andmælanna séu órökstuddar og þeim skuli hafnað.

16) Að því er varðar kröfur um eftirlit, sem gilda um átappara sem hafa heimild á yfirráðasvæði Sambandsins, sem og afleiðingarnar sem mælt er fyrir um í opinbera mexíkóska staðlinum ef um er að ræða að ekki er farið að tilskildum ákvæðum, sem um getur í d-lið 7. forsendu, er í 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 mælt fyrir um ákvæði um staðfestingu á því að nákvæmu skilgreiningarnar séu virtar áður en vara er sett á markað sem, að því er varðar „Tequila“ til sölu til neytenda, nær yfir átöppunarstarfsemi og þess krafist sérstaklega að opinber yfirvöld í þriðja landi eða einn eða fleiri vottunaraðilar fyrir afurðir skuli tryggja staðfestingu á því að farið sé að tilskildum ákvæðum varðandi vörur sem eru upprunnar í þriðja landi. Framkvæmdastjórnin veitir því athygli að málsmeðferðarreglur um staðfestingu og aðgerðir ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum eru rökstuddar með vísan til þess að nauðsynlegt sé að tryggja rekjanleika og koma í veg fyrir íblöndun og svik sem erfitt er að greina að því er varðar slíka vöru. Að svo miklu leyti sem kveðið er á um í opinbera mexíkóska staðlinum að staðfest sé að nákvæmu skilgreiningarnar í tækniskjalinu séu virtar áður en „Tequila“ til sölu til neytenda er sett á markað Sambandsins eru reglurnar í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Af þessum sökum lítur framkvæmdastjórnin svo á að forsendur andmælanna að því er varðar kröfur um eftirlit séu órökstuddar og þeim skuli hafnað.

17) Að því er varðar meint bann við viðskiptum með flokkinn blandað „Tequila“ í lausu innan Sambandsins, sem um getur í e-lið 7. forsendu, veitir framkvæmdastjórnin því athygli að í birtingu á meginskilgreiningunni í tækniskjalinu fyrir „Tequila“ í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* er eingöngu getið um sértæka reglu um bann við viðskiptum í lausu með „Tequila“ í flokknum 100% agave; það er engin tilvísun sem bannar viðskipti með flokkinn blandað „Tequila“ í lausu á innri markaðnum eftir að það hefur verið flutt inn í Sambandið.

18) Að því er varðar meint bann við innkaupum á flokknum blandað „Tequila“ í lausu fyrir milligöngu þriðju landa, sem leiði af kröfunni um að gera samning um sameiginlega ábyrgð sem skráður er hjá mexíkósku einkaleyfa- og vörumerkjaskrifstofunni fyrir afhendingu á vörum í lausu og í ljósi þess að nauðsynlegt er að tryggja rekjanleika og koma í veg fyrir svik, telur framkvæmdastjórnin réttlætanlegt að krefjast þess að einungis megi kaupa vörur í lausu utan Sambandsins frá framleiðendum í upprunalandinu. Af þessum sökum lítur framkvæmdastjórnin svo á að forsendur andmælanna, að því er varðar takmarkanir á vörum í lausu, séu órökstuddar og þeim skuli hafnað.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

19) Að því er varðar þau andmæli að krafan um skyldubundna átöppun innan afmarkaðs landfræðilegs svæðis, sem gildir um „Tequila“ í flokknum 100% agave sem um getur í f-lið 7. forsendu, sé ekki í samræmi við lög Sambandsins ætti að taka það fram að í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013 skal rökstyðja allar takmarkanir, sem varða átöppun á brenndum drykkjum innan afmarkaðs landfræðilegs svæðis, í tækniskjalinu þar eð þær hafa í för með sér mögulegar takmarkanir á frjálsum vöruflutningum og frelsi til að veita þjónustu á innri markaðinum. Lög Sambandsins gilda ekki um það að ákvarða hvort þriðja land geti takmarkað átöppun innan yfirráðasvæðis síns eða ekki en þau gilda um að koma í veg fyrir takmarkanir á endurátöppun eða átöppun á vöru í lausu innan Sambandsins ef þessar vörur í lausu voru útfluttar frá þriðja landi til Sambandsins. Einungis má leyfa slíkar takmarkanir ef þær eru nauðsynlegar, hóflegar og til þess gerðar að vernda orðstír landfræðilegrar merkingar. ([7])

20) Í 7. lið meginskilgreiningarinnar í tækniskjalinu heldur umsækjandinn því fram að markmiðið með því að takmarka átöppun sé að varðveita æðri skynmatsmargbreytileika sem gæti verið stefnt í hættu með flutningum í lausu þar eð engum öðrum sykrum en þeim sem fengnar eru úr *Agave tequilana* F.A.C. Weber (blátt yrki) er bætt við. Umsækjandinn heldur því einnig fram að önnur ástæða fyrir takmörkunum á átöppun sé að varðveita orðspor „Tequila“ 100% agave sem er í meginatriðum byggt á sérstökum eiginleikum vörunnar og almennt séð á gæðum hennar sem aftur á móti leiðir af þekkingu heimilaðra framleiðenda á hverjum stað og kann að verða stofnað í hættu vegna áhættu á íblöndun og svikum sem erfitt er að greina. Krafan sem um ræðir verður að teljast vera samrýmanleg við lög Sambandsins þrátt fyrir hamlandi áhrif hennar ef sýnt er fram á að hún sé nauðsynleg og hófleg og geti viðhaldið því góða orðspori mexíkóska heitisins „Tequila“ sem óumdeilt er meðal viðskiptavina. Það leiðir af upplýsingunum í tækniskjalinu að takmarkanir á átöppun takmarkist einungis við einn flokk „Tequila“ en skapi ekki hindrun fyrir innflutningi á flokknum blandað „Tequila“ í lausu til Sambandsins (sem inniheldur allt að 49% sykur af öðrum uppruna en úr hráefninu) sem þessi takmörkun gildir ekki um. Gildissvæði takmörkunarinnar er bundið við afmarkað landfræðilegt svæði fyrir „Tequila“ sem nær til fimm ríkja í Mexíkó. Sannanirnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að þessi takmörkun er réttlætanleg sem hófleg og viðeigandi ráðstöfun til að viðhalda tryggingu á samsetningu vörunnar og orðspori hennar meðal neytenda. Enn fremur hefur ekki verið bent á neinar aðrar minna takmarkandi ráðstafanir sem náð geta fram fullnægjandi eftirliti. Því er nauðsynlegur rökstuðningur fyrir takmörkun á skyldubundinni átöppun „Tequila“ í flokknum 100% agave samrýmanlegur við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013.

21) Af framangreindum ástæðum telur framkvæmdastjórnin að forsendurnar, sem lagðar eru fram í andmælum við skráningu á landfræðilegu merkingunni „Tequila“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, að því er varðar skyldubundna átöppun innan afmarkaðs landfræðilegs svæðis sem á við um „Tequila“ í flokknum 100% agave, séu órökstuddar og þeim skuli hafnað.

22) Í ljósi framangreinds og í samræmi við 8. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 telur framkvæmdastjórnin að umsóknin um að „Tequila“ verði skráð sem landfræðileg merking uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Því ætti að vernda heitið „Tequila“ og skrá það sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

23) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er eftirfarandi færslu bætt við í vöruflokkinn „Aðrir brenndir drykkir“:

	„*Tequila*	Mexíkóska ríkjasambandið“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([7]) 6. forsenda í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 716/2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/674 **2020/EES/5/46**

frá 29. apríl 2019

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 lögðu aðildarríkin fram tækniskjöl fyrir 243 af 330 gildandi landfræðilegum merkingum fyrir brennda drykki.

2) Í samræmi við 1. mgr. 9. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 ([2]) lagði framkvæmdastjórnin mat á tækniskjölin á grundvelli krafna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 og ákvað frest til að hlutaðeigandi aðildarríki geti breytt tækniskjölunum eða afturkallað þau.

3) Tækniskjölin fyrir „Königsberger Bärenfang“, „Grappa di Marsala“, „Kirsch Veneto“/“Kirschwasser Veneto“ og „Sliwovitz del Veneto“ voru afturkölluð af hálfu Þýskalands annars vegar og Ítalíu hins vegar.

4) Ef aðildarríki bætir ekki úr ágöllum sem finnast í tækniskjali fyrir gildandi landfræðilega merkingu, sem lagt var fram skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin ákvað, skal líta svo á, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 716/2013, að tækniskjalið hafi ekki verið lagt fram.

5) Ekki var bætt úr ágöllum sem fundust í tækniskjölum fyrir „Karlovarská Hořká“, „Polish Cherry“, „Orehovec“, „Janeževec“ og „Slovenska travarica“.

6) Því ætti að fjarlægja gildandi landfræðilegu merkingarnar „Karlovarská Hořká“, „Königsberger Bärenfang“, „Grappa di Marsala“, „Kirsch Veneto“/“Kirschwasser Veneto“, „Sliwovitz del Veneto“, „Polish Cherry“, „Orehovec“, „Janeževec“ og „Slovenska travarica“ úr III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

7) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 30.4.2019, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 39, 13.2. 2008, bls. 16.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013 frá 25. júlí 2013 um reglur vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjtíð. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 21).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í vöruflokki 6, þrúguhratsbrennivín, fellur línan „*Grappa di Marsala* Ítalía“

	„*Grappa di Marsala*	Ítalía“

brott.

2) Í vöruflokki 9, ávaxtabrennivín, falla línurnar „*Sliwovitz del Veneto* Kirsch Veneto/Kirschwasser Veneto Ítalía Ítalía“

	„*Sliwovitz del Veneto* Kirsch Veneto/Kirschwasser Veneto	Ítalía Ítalía“

brott.

3) Í vöruflokki 25, brenndir drykkir, bragðbættir með anísfræi, fellur línan

	„*Janeževec*	Slóvenía“

brott.

4) Í vöruflokki 30, beiskir, brenndir drykkir eða bitter, fellur línan

	„*Slovenska travarica*	Slóvenía“

brott.

5) Í vöruflokki 32, líkjör, falla línurnar

	„*Polish Cherry* *Karlovarská Hořká*	Pólland Tékkland“

brott.

6) Í vöruflokki 40, Nocino, fellur línan

	„*Orehovec*	Slóvenía“

brott.

7) Í vöruflokknum aðrir brenndir drykkir fellur línan

	„*Königsberger Bärenfang*	Þýskaland“

brott.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1850 2020/EES/5/47

frá 21. nóvember 2018

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ (GI)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin tók til athugunar umsókn Búlgaríu um skráningu á landfræðilegu merkingunni „Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

2) Þar eð framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008, birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]) skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að skrá merkinguna „Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð.

4) Heitið, eins og það var birt í Stjórnartíðindunum til að hægt væri að leggja fram andmæli, inniheldur umritunarvillu. Eftir að sú villa hefur verið leiðrétt ætti að birta leiðrétta útgáfu af meginskilgreiningunum í tækniskjalinu til upplýsinga.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist við eftirfarandi færsla undir vöruflokknum „Brennt vín“:

„Brennt vín	*Гроздова ракия от Търговище/Grozdova rakya ot Targovishte*	Búlgaría“

2. gr.

Leiðrétta útgáfan af meginskilgreiningunum í tækniskjalinu er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 294, 5.9.2017, bls. 15.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Phil HOGAN

framkvæmdastjóri.

———

VIÐAUKI

MEGINSKILGREININGIN Í TÆKNISKJALINU

„ГРОЗДОВА РАКИЯ ОТ ТЪРГОВИЩЕ“/„GROZDOVA RAKYA OT TARGOVISHTE“

ESB nr.: PGI-BG-01864 – 7.1.2014

1. **Landfræðileg merking sem á að skrá:** „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“

2. **Flokkur brenndra drykkja:** Brennt vín

3. **Lýsing á brennda drykknum:**

3.1. **Eðlisfræðilegir eiginleikar, efnafræðilegir eiginleikar og/eða skynmatseinkenni**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er fölgult á litinn, með ljúfan ilm af vanillu og milt, samstillt bragð. Hin sérstöku eðlisefnafræðilegu einkenni þess og skynmatseinkenni stafa af eftirtöldum þáttum: hráefnunum, landsvæðinu, framleiðsluaðferðinni og mannlegum þáttum, sem fela í sér beitingu góðra framleiðsluhátta sem sameina hefðir og nútímatækni.

3.2. **Sérstakir eiginleikar (samanborið við brennda drykki í sama flokki)**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt með hefðbundinni búlgarskri aðferð og hefur eftirtalda eðlisefnafræðilega eiginleika:

— lágmarksalkóhólstyrkleiki drykkjarins er 40% miðað við rúmmál,

— innihald rokgjarnra efna (þ.m.t. stærri alkóhóla, heildarsýra, estera, og aldehýða) er 267–365 g/hl af 100% vínanda miðað við rúmmál,

— hámarksinnihald metanóls er 120 g/hl af 100% vínanda miðað við rúmmál.

Viðurinn sem notaður er í tunnurnar, sem notaðar eru til að þroska eimið, og ölkelduvatnið, sem er notað til að þynna víneimið eftir mýkingu, hafa einnig áhrif á einkennandi bragð drykkjarins.

4. **Landsvæði sem um ræðir:**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt í héraðinu Targovishte sem er staðsett á austurhluta Dónarsléttunnar. Vínekrurnar eru staðsettar í sveitarfélaginu Targovishte, á svæðum sem tilheyra eftirtöldum sex þorpum: Kralevo, Dalgach, Ovcharovo, Pevets, Strazha og Ruets.

5. **Aðferð við vinnslu brennda drykkjarins:**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt úr eftirtöldum þrúguyrkjum:

— hvít — Chardonnay, Rkatsiteli, Muscat Ottonel, Dimyat, Tamyanka, Traminer, Sauvignon Blanc, Aligoté, Riesling Italico,

— rauð — Cabernet Sauvignon og Pamid.

Framleiðslan hefst á tínslu þrúganna, sem eru flokkaðar eftir yrki, almennu útliti og sykurinnihaldi og síðan pressaðar. Maukið sem þannig verður til er bleytt upp í síum sem snúast í 4–12 klukkustundir. Þrúgumustið er síðan grugghreinsað og grugghreinsuðu þættirnir fluttir til gerjunar. Alkóhólgerjun á sér stað á u.þ.b. 20 dögum við hitastig á bilinu 14–18 °C. Eimið sem fæst fer í gegnum einfalda eða tvöfalda eimingu í K-5 eimingarsúlu þar til það nær 65% vínanda miðað við rúmmál. K-5 eimingarkerfið er búlgörsk hönnun. Brennda vínið sem til verður er geymt í aðskildum rýmum til þroskunar í eikartunnum og blöndunar.

6. **Tengsl við landfræðilegt umhverfi eða uppruna:**

6.1. **Upplýsingar um landsvæðið eða upprunann sem varða tengslin**

Landsvæðið er aðallega hæðótt eða öldótt. Meðallandhæð er 200–520 m yfir sjávarmáli. Þar ríkir milt temprað meginlandsloftslag með áhrifum frá hafi. Haustin eru hlý, þurr og löng sem er mjög hagstætt fyrir uppsöfnun sykra í þrúgunum. Árlegur meðalhiti á svæðinu er u.þ.b. 10,7 °C. Hvað varðar árlega meðalúrkomu er mesta úrkoman oftast seint á vorin og snemma sumars. Jarðvegurinn á svæðinu er sendin, myldin svartjörð og grár skógarjarðvegur.

6.2. **Sérstakir eiginleikar brennda drykkjarins sem rekja má til landsvæðisins**

Brennt vín með landfræðilegu merkinguna „Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ er framleitt í héraðinu Targovishte þar sem svæðislýsing, jarðvegur og loftslag skapa í sameiningu kjöraðstæður fyrir ræktun á gæðaþrúgum sem ná hámarksþroska. Margir af einkennandi eiginleikum drykkjarins stafa af sérstakri eik af tegundinni *Quercus Frainetto* (ungversk eik) sem tunnurnar, sem notaðar eru til að þroska eimið, eru gerðar úr. Mýkt ölkelduvatn frá Boaza-lindinni, sem er 8 km suðvestur af borginni Targovishte, er notað til að þynna eimið. Síðari blöndun leiðir af sér gæðavöru með stöðug skynmatseinkenni — fölgulan lit, ljúfan ilm af vanillu og milt, samstillt bragð. Bragðbætandi efni sem eru í þrúgunum, sem draga fram ilmvönd og angan drykkjarins, eru varðveitt með því að nota bæði hefðbundnar og nútímalegar framleiðsluaðferðir.

7. **Ákvæði Evrópusambandsins eða innlend/svæðisbundin ákvæði:**

Í Búlgaríu er málsmeðferðin við samþykki á brenndum drykkjum með landfræðilega merkingu sett fram í VII. þætti, „Framleiðsla brenndra drykkja með landfræðilega merkingu“ í 9. kafla „Brenndir drykkir“ í lögunum um vín og brennda drykki (ZVSN) sem birt voru í Stjórnartíðindum nr. 45 frá 15. júní 2012.

„Гроздова ракия от Търговище“/„Grozdova rakya ot Targovishte“ var samþykkt sem brennt vín með landfræðilega merkingu með fyrirmælum ráðherra efnahagsmála nr. T-RD-27-13 frá 27. nóvember 2013, sem voru birt á vefsetri ráðuneytis efnahagsmála: http://www.mi.government.bg/bg/library/zapoved-za-utvarjdavane-na-vinena-destilatna-spirtna-napitka-grozdova-rakiya-s-geografsko-ukazanie-t-68-c28-m361-1.html.

8. **Umsækjandi:**

Aðildarríki, þriðja land eða lögaðili/einstaklingur: **Република България, Министерство на икономиката/ Lýðveldið Búlgaría, ráðuneyti efnahagsmála**.

— Fullt heimilisfang (götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land):

гр. София 1052, ул. „Славянска“ № 8, Република България/8 ul. Slavyanska, 1052 Sofia, Búlgaríu

9. **Sértækar reglur um merkingar:**

Mælt er fyrir um reglur um merkingar á brenndum drykkjum með landfræðilegar merkingar, sem framleiddir eru í Búlgaríu og ætlaðir fyrir búlgarskan markað, í 1. mgr. 170. gr. og 1. mgr. 172. gr. í lögum um vín og brennda drykki.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1871 **2020/EES/5/48**

frá 23. nóvember 2018

um skráningu landfræðilegrar merkingar fyrir brenndan drykk í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 („Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“ (GI)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ([1]), einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 tók framkvæmdastjórnin til athugunar umsókn Búlgaríu um skráningu á landfræðilegu merkingunni „Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“.

2) Eftir að framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008 birti hún meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]) eins og krafist er skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að skrá merkinguna „Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“ sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við þá reglugerð.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er eftirfarandi færslu bætt við í vöruflokkinn „Brennt vín“:

„Brennt vín	„Карнобатска гроздова ракия“/„Гроздова ракия от Карнобат“/„Karnobatska grozdova rakya“/„Grozdova rakya ot Karnobat“	Búlgaría“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 30.11.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB C 296, 7.9.2017, bls. 23.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Phil HOGAN

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1119 2020/EES/5/49

frá 31. júlí 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 6. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í VII. viðauka (ORA-hluti) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ([2]) þurfa aðilar sem sjá um þjálfun flugmanna að koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi, þ.m.t. eftirlit með því að farið sé að tilskildum kröfum, sem og öryggisstjórnunarkerfi. Greina þarf frá heildarskipulagi, ferlum, verklagi og starfsemi þess á ítarlegan hátt (handbækur).

2) Ákvæði VII. viðauka (ORA-hluti) mynda viðeigandi lagaramma um vottun fyrirtækja sem veita þjálfun í því skyni að veita atvinnuflugmannsskírteini. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í honum, eru þó óþarflega íþyngjandi og ekki í samræmi við fyrirtæki sem einungis veita þjálfun í því skyni að veita flugmannsskírteini sem er ekki í atvinnuskyni og sértækar áritanir, réttindi og vottorð, með tilliti til þess kostnaðar sem stofnað er til, eðlis og umfangs starfseminnar og áhættu og ávinnings fyrir flugöryggi. Eins og tekið er fram í vegvísi Flugöryggisstofnunar Evrópu um almannaflug ([3]) ætti því að þróa einfaldara kerfi fyrir þessi fyrirtæki.

3) Af þessum ástæðum ættu þessi fyrirtæki að uppfylla sértækar kröfur og ekki þurfa að uppfylla kröfu um fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds. Í staðinn ætti þeim að vera heimilt að lýsa því yfir við lögbæra yfirvaldið að þau uppfylli þær kröfur sem gilda um þau.

4) Sértæku kröfurnar um slík yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO) ættu að fela í sér einfaldaðar öryggisreglur þannig að tekið sé bæði tillit til áhættulítils umhverfis þar sem flugmenn starfa ekki í ábataskyni og þeirrar nauðsynjar að lögbært yfirvald beiti viðeigandi eftirliti. Í öryggisskyni ætti einnig að kveða á um reglur um að leggja eigi þjálfunaráætlanir fyrir lögbært yfirvald, ásamt yfirlýsingu, skráningum, eftirlit með því að farið sé að tilskildum reglum, með því að nota árlega innri endurskoðun, og tilnefna fulltrúa yfirlýstra þjálfunarfyrirtækja sem bera ábyrgð á stefnumálum á sviði öryggis.

5) Af sömu ástæðum ætti, þar að auki, að breyta reglum um eftirlit og framkvæmd lögbærra yfirvalda að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (ARA-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, til að tryggja að þær séu hóflegar, nægilega sveigjanlegar, byggðar á áhættumiðaðri stefnu og í samræmi við sértæku kröfurnar um yfirlýst þjálfunarfyrirtæki.

6) Einnig þykir rétt að breyta tilteknum öðrum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar aðila sem sjá um þjálfun flugmanna, einkum til að veita nánari útskýringar, fella brott umbreytingarákvæði, sem eiga ekki lengur við, og breyta I. viðauka (FCL-hluti) við þá reglugerð þannig að hún vísi bæði til samþykktra og yfirlýstra þjálfunarfyrirtækja.

7) Kveða ætti á um viðbótartíma til að innleiða ráðstafanir um þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við uppnámi.

8) Í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 lagði Flugöryggisstofnun Evrópu fyrir framkvæmdastjórnina drög að framkvæmdarreglum í áliti nr. 11/2016.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 315/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

([3]) http://www.easa.europa.eu/easa-and-you/general-aviation

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi skilgreiningar bætast við 2. gr.:

„14) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC)“: staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að tryggja að kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar séu uppfylltar,

15) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur (AltMoC)“: tillaga um valkost annan en núverandi viðurkennda aðferð til að uppfylla kröfur eða tillaga um nýja aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þar sem Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,

16) „samþykkt þjálfunarfyrirtæki (ATO)“: fyrirtæki sem hefur rétt til að annast þjálfun flugmanna á grundvelli samþykkis sem gefið er út í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a,

17) „grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD)“: þjálfunartæki á jörðu niðri, notað við þjálfun flugmanna, sem líkir eftir starfsstöð flugnemans í tilteknum flokki flugvéla, sem getur verið útbúið mælaborðum í formi skjáa og fjaðurspenntum stýrisbúnaði og er þjálfunarvettvangur fyrir a.m.k. verklag við blindflug,

18) „vottunarforskriftir (CS)“: tæknistaðlar sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt og þar sem tilgreindar eru aðferðir sem fyrirtæki eiga að nota við vottun,

19) „flugkennari (FI)“: kennari sem hefur réttindi til að veita þjálfun, í samræmi við J-kafla í I. viðauka (FCL-hluti), í loftfari,

20) „flughermisþjálfi (FSTD)“: búnaður til þjálfunar flugmanna sem er:

a) ef um er að ræða flugvélar, flughermir með fullri hreyfingu (FFS), flugþjálfunartæki (FTD), flugleiðsöguþjálfi (FNPT) eða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD),

b) ef um er að ræða þyrlur, flughermir með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfi,

21) „viðurkenning flughermisþjálfa“: tæknileg geta flughermisþjálfa, eins og skilgreint er í vottunarforskriftunum, að því er varðar þann flughermisþjálfa sem um er að ræða,

22) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,

23) „handbók um viðurkenningarpróf (QTG)“: skjal sem er útbúið til að sýna fram á að afkastageta og stjórnunareiginleikar flughermisþjálfa samsvari því loftfari, þeim flokki flugvélar eða tegundar þyrlu sem líkt er eftir, innan settra marka, og að allar viðeigandi kröfur hafi verið uppfylltar. Í handbókinni um viðurkenningarpróf er bæði að finna upplýsingar um loftfarið, flokk flugvélar eða tegund þyrlu og upplýsingar um flughermisþjálfann sem notaðar eru sem stuðningur við fullgildinguna,

24) „yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO)“: fyrirtæki sem hefur rétt til að veita flugmönnum þjálfun á grundvelli yfirlýsingar sem gerð er í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 10. gr. a,

25) „þjálfunaráætlun yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis“: skjal sem yfirlýst þjálfunarfyrirtæki útbýr þar sem lýst er í smáatriðum þjálfunarnámskeiðinu sem það yfirlýsta þjálfunarfyrirtæki heldur.“

2) Ákvæðum 10. gr. a er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Fyrirtæki skulu, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, hafa rétt til að annast þjálfun flugmanna sem taka þátt í starfrækslu loftfarsins, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, en þó einungis í þeim tilvikum þar sem lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki þar sem staðfest er að fyrirtækin uppfylli nauðsynlegu kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2016/2008 og kröfurnar í VII. viðauka við þessa reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu fyrirtækin hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í DTO.GEN.110 við VIII. viðauka við þessa reglugerð, án slíks samþykkis, þegar þau hafa lagt fram yfirlýsingu hjá lögbæru yfirvaldi í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í DTO.GEN.115 í þeim viðauka og þar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt þjálfunaráætlunina, ef þess er krafist samkvæmt c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka.“,

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þjálfunarfyrirtækjum, sem uppfylla JAR-kröfur, skal heimilt að veita þjálfun í tengslum við einkaflugmannsskírteini, samkvæmt FCL-hluta, fyrir tengdar áritanir sem fylgja skráningunni, og í tengslum við flugmannsskírteini fyrir létt loftför til 8. apríl 2019, án þess að þurfa að uppfylla ákvæði VII. og VIII. viðauka, að því tilskildu að þau hafi verið skráð fyrir 8. apríl 2015.“

3) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 2. mgr. a:

„2a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki, fyrr en 8. apríl 2020:

1) ákvæðum I. viðauka sem tengjast flugmannsskírteinum fyrir svifflugur og loftbelgi,

2) ákvæðum VII. og VIII. viðauka að því er varðar þjálfunarfyrirtæki sem veitir aðeins flugþjálfun fyrir þjóðarskírteini, sem eru tæk, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, til umbreytingar í flugmannsskírteini samkvæmt FCL-hluta fyrir létt loftför, fyrir svifflugur eða fyrir loftbelgi, svifflugmannsskírteini samkvæmt FCL-hluta eða flugmannsskírteini fyrir loftbelgi samkvæmt FCL-hluta,

3) ákvæðum B-kafla í I. viðauka.“,

b) eftirfarandi ný 8. mgr. bætist við:

„8. Þrátt fyrir 1. lið í FCL.315.A, skal annar málsliður a-liðar í FCL.410.A og c-liður í FCL.725.A í I. viðauka (FCL-hluti) gilda frá 8. apríl 2019.“

4) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæði VIII. viðauka bætist við, eins og sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (FCL-hluti) er breytt sem hér segir:

1) í FCL.010 falli skilgreiningin á „grunnþjálfunartæki fyrir blindflug“ brott.

2) Ákvæðum FCL.025 er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. og 3. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„2) Umsækjendur skulu aðeins taka próf í bóklegri þekkingu þegar þeir hafa lokið viðkomandi hlutum bóklegs námskeiðs með fullnægjandi árangri og þegar yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið eða samþykkta þjálfunarfyrirtækið, sem ber ábyrgð á þjálfun þeirra, mælir með því.

3) Meðmælin frá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið eða samþykkta þjálfunarfyrirtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.“,

b) ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrstu málsgreinar 3. liðar komi eftirfarandi:

„3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist eitt af prófunum í bóklegri þekkingu eftir fjórar tilraunir eða hefur ekki staðist öll prófin eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið skal umsækjandinn þreyta öll prófin á ný.

Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur í bóklegri þekkingu skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandans.“,

ii. önnur málsgrein falli brott.

3) í stað FCL.115 komi eftirfarandi:

„**FCL.115 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Þjálfunarnámskeið**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

b) Námskeiðið skal fela í sér bóklegt og verklegt flugnám sem samsvarar réttindum sem veitt eru í tengslum við flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem sótt er um.

c) Heimilt er að ljúka bóklegu og verklegu flugnámi hjá öðru yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki en þar sem umsækjendur hófu þjálfun sína.“

4) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar FCL.110.A:

„b) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur eða svifflugmannsskírteini sem í eru skráð viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu. Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, sem eru handhafar skírteinis svifflugmanns fyrir léttar svifflugur eða svifflugmannsskírteinis sem í eru skráð viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu, skulu hafa lokið við a.m.k. 21 klukkustunda fartíma í ferðavélsvifflugu eftir að hafa fengið viðbótarréttindi skráð í skírteini sitt fyrir ferðavélsvifflugu og eftir að hafa farið að kröfum a-liðar í FCL.135.A um flugvélar.

c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af yfirlýsta eða samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafnanna í 2. lið a-liðar.“

5) Í stað b-liðar í FCL.110.H komi eftirfarandi:

„b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af yfirlýsta eða samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafnanna í 2. lið a-liðar.“

6) Í stað c-liðar í FCL.110.S komi eftirfarandi:

„c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af yfirlýsta eða samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafnanna í 2., 3. og 4. lið a-liðar.“

7) Í stað inngangssetningarinnar í FCL.135.S komi eftirfarandi:

„Flugmaður með skírteini sem veitir réttindi til að stjórna léttum sviffflugum skal hljóta viðbótarréttindi til að stjórna ferðavélsviffflugum þegar hann hefur lokið a.m.k. eftirfarandi hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki:“.

8) Í stað b-liðar í FCL.110.B komi eftirfarandi:

„b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af yfirlýsta eða samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri á loftbelgjum,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafnanna í 2. og 3. lið a-liðar.“

9) Í stað inngangssetningarinnar í FCL.135.B komi eftirfarandi:

„Réttindi sem fylgja flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi skulu takmarkast við þann flokk loftbelgja sem notaður var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. eftirfarandi í hinum flokknum hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki:“.

10) Í stað FCL.210 komi eftirfarandi:

„**FCL.210 Þjálfunarnámskeið**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sviffflugmannsskírteini eða einkaflugmannsskírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

b) Námskeiðið skal fela í sér bóklegt og verklegt flugnám sem samsvarar réttindum sem veitt eru í tengslum við flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sviffflugmannsskírteini eða einkaflugmannsskírteini sem sótt er um.

c) Heimilt er að ljúka bóklegu og verklegu flugnámi hjá öðru yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki en þar sem umsækjendur hófu þjálfun sína.“

11) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar FCL.210.A:

„b) Sértækar kröfur fyrir umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem eru handhafar flugmannsskírteinis fyrir léttar flugvélar, skulu hafa lokið a.m.k. 15 klukkustunda fartíma í flugvélum eftir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir léttar flugvélar, þar sem a.m.k. 10 klukkustundir skulu samanstanda af flugkennslu sem fór fram á þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. 4 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 2 einflugstíma í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 270 km langt (150 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini sviffflugmanns fyrir léttar sviffflugur eða sviffflugmannsskírteini með viðbótarréttindi fyrir ferðavélsviffflugu. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem hafa skírteini sviffflugmanns fyrir léttar sviffflugur eða sviffflugmannsskírteini með viðbótarréttindi fyrir ferðavélsviffflugu, skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 24 klukkustunda fartíma í ferðavélsviffflugu eftir að hafa fengið viðbótarréttindi fyrir ferðavélsviffflugu skráð í skírteini sitt og

2) a.m.k. 15 klukkustunda flugkennslu í flugvélum á þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t. a.m.k. kröfurnar í 2. lið a-liðar.“

12) Í stað b-liðar í FCL.210.H komi eftirfarandi:

„b) Sértækar kröfur fyrir umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis fyrir léttar þyrlur. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur, skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. fimm fartíma með kennara og a.m.k. eitt einflug í landflugi undir umsjón sem er a.m.k. 185 km langt (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.“

13) Í stað a-liðar í FCL.725 komi eftirfarandi:

„a) Þjálfunarnámskeið. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umsækjanda um flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu, flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur, sem um getur í c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka (DTO-hluti) er heimilt að ljúka þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki. Þjálfunarnámskeiðið fyrir tegundaráritun skal fela í sér hina skyldubundnu þjálfunarþætti fyrir viðeigandi tegund, eins og það er skilgreint í gögnum um örugga starfrækslu í samræmi við I. viðauka (21. hluti) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.“

14) Í stað b-liðar í FCL.740 komi eftirfarandi:

„b) Endurnýjun. Ef flokks- eða tegundaráritun hefur runnið út skal umsækjandi grípa til eftirfarandi ráðstafana:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan viðauka,

2) áður en hann undirgengst hæfniprófið, sem um getur í 1. lið, fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki þegar það er nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem krafist er til að tryggja örugga starfrækslu viðeigandi flokks eða tegundar loftfars. Hins vegar getur umsækjandi lokið þjálfuninni:

i. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki þar sem útrunna áritunin var flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu, flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu eða tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur sem um getur í lið c-lið 2. liðar a-liðar í DTO.GEN.110 í VIII. viðauka (DTO-hluti),

ii. hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða hjá kennara, ef áritunin rann út fyrir allt að þremur árum og áritunin var flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli án mikillar afkastagetu eða flokksáritun fyrir ferðavélsvifflugu.“

15) Í stað inngangssetningarinnar í 2. lið b-liðar FCL.800 komi eftirfarandi:

„2) þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:“.

16) Ákvæðum FCL.805 er breytt sem hér segir:

a) í stað inngangsorðanna í 2. lið b-liðar komi eftirfarandi:

„2) þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:“.

b) Í stað inngangsorðanna í 2. lið c-liðar komi eftirfarandi:

„2) þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:“.

17) Ákvæðum FCL.810 er breytt sem hér segir:

a) í stað inngangsorðanna í 1. lið a-liðar komi eftirfarandi:

„1) Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, svifflugmannsskírteinis eða einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:“,

b) Í stað inngangsorðanna í 2. lið b-liðar komi eftirfarandi:

„2) lokið þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðinu skal ljúka á innan við sex mánuðum og það samanstanda af:“.

18) Í stað b-liðar í FCL.815 komi eftirfarandi:

„b) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um fjallaflugsáritun skulu hafa lokið, innan 24 mánaða tímabils, námskeiði í bóklegri þekkingu og flugþjálfun hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Efni námskeiðsins skal vera í samræmi við þau réttindi fyrir fjallaflugsáritun sem sótt er um.“

19) Í stað inngangssetningarinnar í 2. lið b-liðar FCL.830 komi eftirfarandi:

„2) þjálfunarnámskeiði hjá yfirlýstu eða samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:“.

20) Í stað FCL.930 komi eftirfarandi:

„**FCL.930 Þjálfunarnámskeið**

a) Umsækjandi um kennaravottorð skal hafa lokið námskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umsækjandi um kennaravottorð fyrir svifflugur eða loftbelgi má hafa lokið námskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki.

b) Til viðbótar við hina tilteknu þætti sem settir eru fram í þessum viðauka (FCL-hluti) fyrir hvern flokk kennara skal þjálfunarnámskeiðið fela í sér þættina sem krafist er í FCL.920.“

21) Í stað inngangssetningarinnar í a-lið FCL.910.FI komi eftirfarandi:

„a) Réttindi flugkennara skulu takmarkast við það að veita flugkennslu undir umsjón flugkennara á sömu gerð loftfars og yfirlýst eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki ákvarðar í þessum tilgangi, í eftirfarandi tilvikum:“.

22) Í stað a-liðar í FCL.1015 komi eftirfarandi:

„a) Umsækjandi um prófdómaravottorð skal fara á samræmingarnámskeið sem lögbært yfirvald eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og sem lögbæra yfirvaldið samþykkir. Umsækjandi um prófdómaravottorð fyrir svifflugur eða loftbelgi getur farið á samræmingarnámskeið sem yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og sem lögbært yfirvald samþykkir.“

23) Í stað 2. liðar b-liðar í FCL.1025 komi eftirfarandi:

„2) sótt, á síðasta ári gildistímans, upprifjunarnámskeið fyrir prófdómara sem lögbært yfirvald eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og sem lögbært yfirvald samþykkir. Prófdómari með vottorð fyrir svifflugur eða loftbelgi má hafa, á síðasta ári gildistímans, sótt upprifjunarnámskeið fyrir prófdómara sem yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur og lögbært yfirvald samþykkir.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (ARA-hluti) er breytt sem hér segir:

1) ARA.GEN.105 falli brott.

2) Í stað c-liðar ARA.GEN.200 komi eftirfarandi:

„c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. upplýsingum um öll frávik sem koma upp og eftirfylgniaðgerðum til úrbóta, sem gripið er til í kjölfar slíkra frávika og framfylgdarráðstafana í tengslum við eftirlit með einstaklingum og fyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá eða hafa gefið út yfirlýsingu til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnunarinnar.“

3) Ákvæðum ARA.GEN.220 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„4) vottunar- og yfirlýsingarferli sem og eftirlit með vottuðum og yfirlýstum fyrirtækjum,“,

b) í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal taka saman og viðhalda uppfærðri skrá yfir öll þau fyrirtækjavottorð, FSTD-viðurkenningarvottorð og flugstarfaskírteini, vottorð og staðfestingar sem það hefur gefið út, DTO-yfirlýsingar sem það hefur móttekið og DTO-þjálfunaráætlanir sem það hefur sannreynt eða samþykkt til að farið sé að ákvæðum I. viðauka (FCL-hluti).“

4) Í stað 2. liðar a-liðar ARA.GEN.300 komi eftirfarandi:

„2) óslitið samræmi við þær kröfur sem gilda um handhafa skírteina, áritana og vottorða, fyrirtækin sem það hefur vottað, handhafa FSTD-viðurkenningarvottorðs og fyrirtækin sem það hefur móttekið yfirlýsingu frá,“.

5) Eftirfarandi f-liður bætist við ARA.GEN.305:

„f) Þrátt fyrir liði b, c og ca skal eftirlitsáætlun yfirlýstra þjálfunarfyrirtækja mótuð að teknu tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er og niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á þeirri áhættu sem tengist þeirri gerð þjálfunar sem veitt er. Eftirlitsstarfsemi skal taka til skoðana, þ.m.t. fyrirvaralausra skoðana og getur, ef lögbært yfirvald telur það nauðsynlegt, tekið til úttekta.“

6) Eftirfarandi d-liður bætist við ARA.GEN.330:

„d) Þrátt fyrir a-, b- og c-lið, ef um er að ræða breytingar á upplýsingum sem er að finna í yfirlýsingum frá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki eða breytingar á þjálfunaráætlun sem notuð er af yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu og því hefur verið tilkynnt um í samræmi við DTO.GEN.116 í VIII. viðauka (DTO-hluti), skal lögbæra yfirvaldið fara að kröfunum í ARA.DTO.105 og ARA.DTO.110, eftir því sem við á.“

7) Ákvæðum ARA.GEN.350 er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður da bætist við:

„da) Þrátt fyrir a- til d-lið gildir það um yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, að ef lögbært yfirvald finnur gögn við eftirlitsstarfsemi sína eða á annan hátt, sem gefa til kynna að yfirlýst þjálfunarfyrirtæki fari ekki að grunnkröfunum, sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða að kröfunum í I. viðauka (FCL-hluti) og VIII. viðauka (DTO-hluti) við þessa reglugerð, skal lögbæra yfirvaldið:

1) vekja máls á frávikinu, skrá það og gera fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins kunnugt um það með skriflegum hætti og ákvarða hæfilegan frest sem yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur til að grípa til þeirra ráðstafana sem tilteknar eru í DTO.GEN.150 í VIII. viðauka (DTO-hluti),

2) grípa til tafarlausra og viðeigandi aðgerða til að takmarka eða banna þá þjálfunarstarfsemi þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum þar til yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur gripið til aðgerðanna til úrbóta, sem um getur í 1. lið, við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

i. öryggisvandamál hefur verið auðkennt,

ii. yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið grípur ekki til aðgerða til úrbóta í samræmi við DTO.GEN.150,

3) takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykki fyrir þjálfunaráætluninni að því er varðar þjálfunaráætlanirnar sem um getur í c-lið DTO.GEN.230 í VIII. viðauka (DTO-hluti),

4) grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að binda enda á vanefndir þess að fara að tilskildum kröfum og, þar sem við á, ráða bót á afleiðingum þess að ekki sé farið að tilskildum kröfum.“,

b) í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir, gildir það að ef yfirvald í aðildarríki, sem starfar í samræmi við d-lið ARA.GEN.300, uppgötvar að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnun eða sem fyrirtækið hefur gefið út yfirlýsingu til, fari ekki að grunnkröfunum í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða kröfunum í I. viðauka (FCL-hluti) og VIII. viðauka (DTO-hluti) við þessa reglugerð, skal það upplýsa viðkomandi lögbæra yfirvald um þessar vanefndir.“

8) Eftirfarandi DTO-kafla er bætt við á eftir MED-kafla:

„DTO-kafli

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI YFIRLÝST ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKI

ARA.DTO.100 Yfirlýsing til lögbærs yfirvalds

a) Þegar lögbært yfirvald tekur á móti yfirlýsingu frá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki skal það ganga úr skugga um að í yfirlýsingunni komi fram allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt DTO.GEN.115 í VIII. viðauka (DTO-hluti) og staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks DTO-tilvísunarnúmers til fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins.

b) Ef yfirlýsingin inniheldur ekki tilskildar upplýsingar eða inniheldur upplýsingar, sem gefa til kynna að ekki sé farið að grunnkröfunum sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða kröfunum í I. viðauka (FCL-hluti) og VIII. viðauka (DTO-hluti) við þessa reglugerð, skal lögbæra yfirvaldið starfa samkvæmt lið da í ARA.GEN.350.

ARA.DTO.105 Breytingar á yfirlýsingum

Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti tilkynningu um breytingu á upplýsingum sem er að finna í yfirlýsingu frá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, skal það starfa samkvæmt ARA.DTO.100.

ARA.DTO.110 Sannprófun á því að þjálfunaráætlun uppfylli tilskilin ákvæði

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti þjálfunaráætlun frá yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki og hvers konar breytingum á henni, sem það hefur fengið tilkynningu um í samræmi við c-lið DTO.GEN.115 í VIII. viðauka (DTO-hluti) eða tekur á móti umsókn um samþykki fyrir þjálfunaráætlun yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis, sem lögð hefur verið fyrir það í samræmi við c-lið DTO.GEN.230 í þeim viðauka, skal það sannreyna hvort þessar þjálfunaráætlanir uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti).

b) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur fullvissað sig um að þjálfunaráætlun yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins og allar síðari breytingar á henni samrýmist þessum kröfum, skal það upplýsa fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins um það skriflega eða, í því tilviki sem um getur í c-lið DTO.GEN.230 í VIII. viðauka (DTO-hluti), samþykkja þjálfunaráætlunina. Fyrir slíkt samþykki skal lögbæra yfirvaldið nota eyðublaðið sem er að finna í VIII. viðbæti við þennan viðauka (ARA-hluti).

c) Hafi einhverjar kröfur ekki verið uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið starfa í samræmi við lið da í ARA.GEN.350 eða, í því tilviki sem um getur í c-lið í DTO.GEN.230 í VIII. viðauka (DTO-hluti), hafna umsókninni um samþykki fyrir þjálfunaráætluninni.“

9) Eftirfarandi VIII. viðbætir bætist við:

„VIII. viðbætir við VI. viðauka (ARA-hluti)

Samþykki fyrir þjálfunaráætlun

fyrir yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO)

Evrópusambandið (*)

Lögbært yfirvald:

Útgáfustjórnvald:

Heiti yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis:

Tilvísunarnúmer yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis:

Samþykkt þjálfunaráætlun/þjálfunaráætlanir Samræmingarnámskeið prófdómara — FE(S), FIE(S), FE(B), FIE(B) (**) Upprifjunarnámskeið prófdómara — FE(S), FIE(S), FE(B), FIE(B) (**)	*Tilvísun í skjöl:*	*Athugasemdir:*

Framangreint lögbært yfirvald hefur sannreynt framangreinda/framangreindar þjálfunaráætlun/þjálfunaráætlanir og telst/teljast hún/þær uppfylla kröfur I. viðauka (FCL-hluti) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [lögbært yfirvald]

(*) „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB.
(**) Breyta skal, eftir því sem við á.
EASA-eyðublað XXX, 1. útgáfa, bls. 1/1.“

III. VIÐAUKI

Í stað inngangsorðanna í ORA.ATO.120 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (ORA-hluti) komi eftirfarandi:

„Eftirfarandi gögn skal geyma meðan á námskeiðinu stendur og í þrjú ár að þjálfun lokinni:“.

———

IV. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI YFIRLÝST ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKI (DTO)

[DTO-HLUTI]

DTO.GEN.100 Almennt

Í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 10. gr. a, eru í þessum viðauka (DTO-hluti) settar fram þær kröfur sem gilda um fyrirtæki sem sjá um þjálfun flugmanna og veitir þá þjálfun sem um getur í DTO.GEN.110 á grundvelli yfirlýsingar sem gerð er í samræmi við DTO.GEN.115.

DTO.GEN.105 Lögbært yfirvald

Varðandi þennan viðauka (DTO-hluti) skal lögbært yfirvald, að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, vera það yfirvald sem tilnefnt er af aðildarríki á því yfirráðasvæði sem yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur höfuðstöðvar sínar.

DTO.GEN.110 Gildissvið þjálfunarinnar

a) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal hafa rétt til að veita eftirfarandi þjálfun, að því tilskildu að það hafi lagt fram yfirlýsingu í samræmi við DTO.GEN.115:

   1) fyrir flugvélar:

      a) bóklega kennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar og einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar,

      b) flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar og einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar,

      c) þjálfun fyrir flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli (á landi), eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli (á sjó) og ferðavélsvifflugur,

      d) þjálfun fyrir viðbótaráritanir: næturflug, listflug, fjallaflug, svifflug og flugtog á borðum,

   2) fyrir þyrlur:

      a) bóklega kennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur og einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur,

      b) flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur og einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur,

      c) tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur þar sem skráður hámarkssætafjöldi fer ekki umfram fimm sæti,

      d) þjálfun fyrir næturflugsáritun,

   3) fyrir svifflugur:

      a) bóklega kennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur og svifflugmannsskírteini,

      b) flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur og svifflugmannsskírteini,

      c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu í samræmi við FCL.135.S,

      d) þjálfun fyrir viðbótarflugtaksaðferðir í samræmi við FCL.130.S,

      e) þjálfun fyrir viðbótaráritanir: áritun fyrir listflug, flugtog á svifflugum og skýjaflug,

      f) þjálfun fyrir flugkennaraáritun á svifflugu (FI(S)),

      g) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á svifflugu,

   4) fyrir loftbelgi:

      a) bóklega kennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi (LAPL(B)) og flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL),

      b) flugkennslu fyrir flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi (LAPL(B)) og flugmannsskírteini fyrir loftbelgi (BPL),

      c) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir flokk í samræmi við FCL.135.B,

d) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir flokk eða hóp í samræmi við FCL.225.B,

e) þjálfun fyrir viðbótarréttindi fyrir flug í tjóðruðum loftbelg í samræmi við FCL.130.B,

f) þjálfun fyrir næturflugsáritun,

g) þjálfun fyrir flugkennaraáritun á loftbelg (FI(B)),

h) upprifjunarnámskeið fyrir flugkennara á loftbelg.

b) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal einnig hafa rétt til að halda prófdómaranámskeiðin, sem um getur í a-lið í FCL.1015 og 2. lið b-liðar FCL.1025 í I. viðauka (FCL-hluti) fyrir flugprófdómara fyrir sviffflugu (FE(S)), flugkennaraprófdómara fyrir sviffflugu (FIE(S)), flugprófdómara fyrir loftbelg (FE(B)) og flugkennaraprófdómara fyrir loftbelg (FIE(B)), að því tilskildu að yfirlýst þjálfunarfyrirtæki hafi lagt fram yfirlýsingu í samræmi við DTO.GEN.115 og lögbært yfirvald hafi samþykkt þjálfunaráætlunina í samræmi við c-lið DTO.GEN.230.

DTO.GEN.115 Yfirlýsing

a) Ef fyrirtæki óskar eftir því að bjóða upp á þjálfunina, sem tilgreind er í DTO.GEN.110, skal það fyrst leggja yfirlýsingu fyrir lögbært yfirvald. Yfirlýsingin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1) heiti yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,

2) samskiptaupplýsingar höfuðstöðva yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins og, eftir atvikum, samskiptaupplýsingar flugvalla og starfrækslusvæðis yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,

3) nöfn og samskiptaupplýsingar eftirfarandi einstaklinga:

i. fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,

ii. skólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu og

iii. allra aðstoðarskólastjóra, ef þess er krafist skv. 1. lið b-liðar DTO.GEN.250,

4) tegund þjálfunar, eins og tilgreint er í DTO.GEN.110, sem býðst á hverjum flugvelli og/eða starfrækslusvæði,

5) skrá yfir öll loftför og flughermisþjálfa sem nota skal fyrir þjálfunina, ef við á,

6) dagsetningu sem áætlað er að hefja þjálfun,

7) yfirlýsingu sem staðfestir að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hafi mótað öryggisstefnu og muni beita þeirri stefnu, í tengslum við þjálfunarstarfsemi sem yfirlýsingin tekur til, í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar DTO.GEN.210,

8) yfirlýsingu sem staðfestir að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið uppfylli grunnkröfur og muni, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla þær grunnkröfur sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þær kröfur í I. viðauka (FCL-hluti) og VIII. viðauka (DTO-hluti) við þessa reglugerð.

b) Yfirlýsingin og hvers konar breytingar á henni, skal gerð með því að nota eyðublaðið sem er að finna í 1. viðbæti.

c) Auk yfirlýsingarinnar skal yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið leggja fyrir lögbæra yfirvaldið þjálfunaráætlun eða -áætlanir, sem það notar eða hyggst nota við þjálfunina, sem og umsókn sína um samþykki fyrir þjálfunaráætluninni eða -áætlunum, ef slíks samþykkis er krafist í samræmi við c-lið DTO.GEN.230.

d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar er fyrirtæki sem hefur hlotið samþykki, sem gefið er út í samræmi við ATO-kafla í VII. viðauka (ORA-hluti), heimilt að leggja aðeins fram tilvísun í þjálfunarhandbókina eða -bækurnar sem samþykktar hafa verið, ásamt yfirlýsingunni.

DTO.GEN.116 Tilkynning um breytingar og stöðvun þjálfunarstarfsemi

Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu án ótilhlýðilegrar tafar um eftirfarandi:

a) allar breytingar á upplýsingunum sem er að finna í yfirlýsingunni sem tilgreind er í a-lið DTO.GEN.115 og á þjálfunaráætluninni eða -áætlunum eða á samþykktu þjálfunarhandbókinni eða -handbókunum sem um getur í c-lið og d-lið DTO.GEN.115,

b) stöðvun hluta eða allrar þjálfunarstarfseminnar sem yfirlýsingin tekur til.

DTO.GEN.135 Niðurfelling réttinda til að veita þjálfun

Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal ekki lengur hafa rétt til að veita hluta af þjálfunarstarfseminni eða alla starfsemina sem tilgreind er í yfirlýsingu þess á grundvelli þeirrar yfirlýsingar, ef eitt af eftirfarandi á sér stað:

a) yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um stöðvun hluta af þjálfunarstarfseminni eða allrar starfseminnar sem yfirlýsingin tekur til í samræmi við b-lið DTO.GEN.116,

b) yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur ekki veitt þjálfun í meira en 36 mánuði samfellt.

DTO.GEN.140 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort yfirlýst þjálfunarfyrirtæki starfi í samræmi við yfirlýsingu sína, skal það veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, aðgang, hvenær sem er, að allri aðstöðu, loftförum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur þjálfunarstarfsemi þess sem yfirlýsingin tekur til.

DTO.GEN.150 Frávik

Eftir að lögbæra yfirvaldið hefur gert yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu kunnugt um frávik, í samræmi við 1. lið liðar da í ARA.GEN.350, skal yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið gera eftirfarandi ráðstafanir innan þeirra tímamarka sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar:

a) greina frumorsök þess að ekki hefur verið farið að tilskildum kröfum,

b) grípa til aðgerða til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að binda enda á vanefndir þess að fara að tilskildum kröfum og, þar sem við á, ráða bót á afleiðingum þess að ekki sé farið að tilskildum kröfum,

c) upplýsa lögbæra yfirvaldið um þær aðgerðir til úrbóta sem það hefur gripið til.

DTO.GEN.155 Viðbrögð við öryggisvandamáli

Sem viðbrögð við öryggisvandamáli skal yfirlýst þjálfunarfyrirtæki innleiða:

a) öryggisráðstafanirnar sem lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað í samræmi við c-lið ARA.GEN.135,

b) viðeigandi öryggisupplýsingar, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út, þ.m.t. lofthæfifyrirmæli.

DTO.GEN.210 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

a) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal tilnefna:

   1) fulltrúa sem skal bera ábyrgð á og hefur fullt umboð til að gera a.m.k. eftirfarandi:

      i. tryggja að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið og starfsemi þessi uppfylli viðeigandi kröfur og yfirlýsingu sína,

      ii. þróa og marka öryggisstefnu, sem tryggir að starfsemi yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins sé framkvæmd á öruggan hátt, tryggja að yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið fylgi þeirri öryggisstefnu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að ná markmiðum þeirrar öryggisstefnu,

      iii. stuðla að öryggi innan yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,

      iv. tryggja að nægileg úrræði séu fyrir hendi innan yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins svo hægt sé að framkvæma starfsemina, sem um getur í i., ii. og iii. lið, á skilvirkan hátt.

   2) skólastjóra sem skal bera ábyrgð á og hafa menntun og hæfi til að tryggja a.m.k. eftirfarandi:

      i. að þjálfunin, sem er veitt, uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti) og ákvæði þjálfunaráætlunar yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins,

      ii. fullnægjandi samþættingu milli flugkennslu í loftfari eða flughermisþjálfa og kennslu í bóklegri þekkingu,

      iii. eftirlit með framförum nemenda,

      iv. í tilvikinu, sem um getur í b-lið DTO.GEN.250, eftirlit með aðstoðarskólastjóra eða aðstoðarskólastjórum.

b) Yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki er heimilt að tilnefna sama einstaklinginn í starf fulltrúa síns og skólastjóra.

c) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal ekki tilnefna einstakling sem fulltrúa sinn eða skólastjóra ef fram koma hlutlægar vísbendingar um að ekki sé hægt að treysta viðkomandi til að framkvæma þau verkefni sem talin eru upp í a-lið á þann hátt sem tryggir og eflir flugöryggi. Hafi einstaklingur sætt framfylgdarráðstöfun, sem gripið hefur verið til í samræmi við ARA.GEN.355 síðastliðin þrjú ár, telst það vera hlutlæg vísbending, nema einstaklingurinn geti sýnt fram á að niðurstaðan, sem hafði þessa ráðstöfun í för með sér, vegna eðlis hennar, umfangs eða áhrifa á flugöryggi, bendi til þess að viðkomandi sé ekki treystandi til að framkvæma þessi verkefni á viðeigandi hátt.

d) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal tryggja að kennarar bóklegra greina hafi aðra hvora eftirfarandi menntun og hæfi:

1) starfsreynslu í flugi á sviðum sem máli skipta fyrir þá þjálfun sem veitt er og hafa tekið námskeið í kennslutækni,

2) reynslu af kennslu í bóklegum greinum og hafa viðeigandi fræðilegan bakgrunn í þeirri námsgrein sem þeir munu kenna.

e) Flugkennarar og kennarar sem starfa í flughermisþjálfa skulu hafa menntun og hæfi sem gerð er krafa um í I. viðauka (FCL-hluti) fyrir þá tegund kennslu sem þeir annast.

DTO.GEN.215 Kröfur um aðstöðu

Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal hafa yfir að ráða aðstöðu svo það geti framkvæmt og stýrt allri starfsemi sinni í samræmi við grunnkröfurnar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og kröfurnar í þessum viðauka (DTO-hluti).

DTO.GEN.220 Skráahald

a) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal geyma eftirfarandi gögn um einstaka nemendur meðan á þjálfunarnámskeiði stendur og í þrjú ár að lokinni síðustu þjálfunarlotu:

1) upplýsingar um þjálfun á jörðu niðri, í flugi og í flugþjálfa,

2) upplýsingar um framfarir hvers og eins,

3) upplýsingar um skírteini og tengdar áritanir sem varða þá þjálfun sem veitt er, þ.m.t. þær dagsetningar þegar heilbrigðisvottorð eða áritanir falla úr gildi.

b) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal halda skrá yfir árlegu innri endurskoðunina og ársskýrsluna um starfsemi, sem um getur í a- og b-lið í DTO.GEN.270, í þrjú ár frá þeim degi sem yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið tók þessi gögn saman.

c) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal geyma þjálfunaráætlun sína í þrjú ár frá þeim degi sem það hélt síðasta þjálfunarnámskeið sitt í samræmi við þá áætlun.

d) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal, í samræmi við gildandi lög um vernd persónuupplýsinga, varðveita skrárnar, sem um getur í a-lið, á þann hátt að vernd sé tryggð með viðeigandi verkfærum og samskiptareglum og grípa til viðeigandi ráðstafana til að takmarka aðgang að þessum skrám við einstaklinga sem hafa tilhlýðilega heimild til að hafa aðgang að þeim.

DTO.GEN.230 Þjálfunaráætlun yfirlýsts þjálfunarfyrirtækis

a) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal koma á fót þjálfunaráætlun fyrir hvert það þjálfunarnámskeið, sem tilgreint er í DTO.GEN.110, sem yfirlýst þjálfunarfyrirtæki heldur.

b) Þjálfunaráætlanirnar skulu uppfylla kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti).

c) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal einungis hafa rétt til að veita þjálfunina, sem um getur í b-lið DTO.GEN.110, þegar lögbært yfirvald hefur gefið út samþykki fyrir þjálfunaráætlun viðkomandi þjálfunarnámskeiðs og allar breytingar á áætluninni, eftir að umsókn hefur borist frá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu, með samþykki sem staðfestir að þjálfunaráætlunin og allar breytingar á henni uppfylli kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti) í samræmi við ARA.DTO.110. Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal sækja um slíkt samþykki um leið og það leggur fram yfirlýsingu sína í samræmi við DTO.GEN.115.

d) Ákvæði c-liðar skulu ekki gilda um fyrirtæki sem einnig er handhafi samþykkisins, sem gefið er út í samræmi við ATO-kafla VII. viðauka (ORA-hluti), sem tekur til réttinda til að halda það þjálfunarnámskeið.

DTO.GEN.240 Loftför sem notuð eru til þjálfunar og flughermisþjálfar

a) Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal hafa nægilega stóran flota af loftförum, sem notuð eru til þjálfunar, eða flughermisþjálfum sem hæfa þeim þjálfunarnámskeiðum sem það heldur.

b) Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal taka saman og halda uppfærða skrá yfir öll loftför sem notuð eru við þjálfunina sem það veitir, þ.m.t. skrásetningarmerki þeirra.

DTO.GEN.250 Flugvellir og starfrækslusvæði

a) Þegar flugþjálfun er veitt í loftfari skal yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið aðeins nota flugvelli eða starfrækslusvæði, sem hafa viðeigandi aðstöðu og einkenni til að þjálfa viðeigandi flugbrögð, að teknu tilliti til þeirrar þjálfunar sem boðið er upp á og þess flokks og þeirrar tegundar loftfars sem notað er.

b) Þegar yfirlýst þjálfunarfyrirtæki notar fleiri en einn flugvöll til að veita þjálfunina, sem tilgreind er í 1. og 2. lið a-liðar DTO.GEN.110, skal það:

1) fyrir hvern þann flugvöll sem bætist við, tilgreina aðstoðarskólastjóra, sem skal bera ábyrgð á þeim verkefnum sem um getur í i. til iii. lið 2. liðar a-liðar DTO.GEN.210 á þeim flugvelli og

2) tryggja að nægileg úrræði séu fyrir hendi til að tryggja örugga starfrækslu á öllum flugvöllum í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka (DTO-hluti).

DTO.GEN.260 Kennsla í bóklegum greinum

a) Þegar yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið annast bóklega kennslu er því heimilt að kenna á tilteknum stað eða með því að nýta fjarnám.

b) Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki skal vakta og skrá framvindu allra nemenda sem stunda bóklegt nám.

DTO.GEN.270 Árleg innri endurskoðun og ársskýrsla um starfsemina

Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) framkvæma árlega innri endurskoðun á þeim verkefnum og ábyrgð sem tilgreind eru í DTO.GEN.210 og semja skýrslu um þá endurskoðun,

b) semja ársskýrslu um starfsemina,

c) leggja fyrir lögbært yfirvald skýrslu um árlegu innri endurskoðunina og ársskýrslu um starfsemina eigi síðar en þann dag sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar.

———

1. viðbætir við VIII. viðauka (DTO-hluti)

YFIRLÝSING

samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011

☐ Upprunaleg yfirlýsing
☐ Tilkynning um breytingar (1) – DTO-tilvísunarnúmer:

1.	**Yfirlýst þjálfunarfyrirtæki (DTO)** Heiti:
2.	**Starfsstöð eða starfsstöðvar** Samskiptaupplýsingar (heimilisfang, sími, tölvupóstur) höfuðstöðva yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins:
3.	**Starfsfólk** Nafn og samskiptaupplýsingar (heimilisfang, sími, tölvupóstur) fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins: Nafn og samskiptaupplýsingar (heimilisfang, sími, tölvupóstur) skólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu og, ef við á, eins eða fleiri aðstoðarskólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu:
4.	**Gildissvið þjálfunar** Skrá yfir alla þjálfun sem veitt er: Skrá yfir allar þjálfunaráætlanir, sem notaðar eru til að veita þjálfun, (skjöl eiga að fylgja þessari yfirlýsingu) eða, í tilvikinu sem um getur í d-lið DTO.GEN.230 í VIII. viðauka (DTO-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, tilvísun í allar samþykktar þjálfunarhandbækur sem notaðar eru til að veita þjálfunina:
5.	**Loftför sem notuð eru til þjálfunar og flughermisþjálfar** Skrá yfir loftför sem notuð eru við þjálfunina: Skrá yfir viðurkennda flughermisþjálfa sem notaðir eru við þjálfunina (þ.m.t. bókstafskóðar, eins og tilgreint er á viðurkenningavottorðinu, ef við á):
6.	**Flugvöllur eða flugvellir og starfrækslusvæði** Samskiptaupplýsingar (heimilisfang, sími, tölvupóstur) allra flugvalla og starfrækslusvæða sem yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið notar til að veita þjálfun:
7.	**Dagsetning sem áætlað er að hefja þjálfun:**
8.	**Umsókn um samþykki fyrir samræmingarnámskeiði fyrir prófdómara og upprifjunarnámskeiði (ef við á)** ☐ Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið sækir hér með um samþykki fyrir framangreindri þjálfunaráætlun eða þjálfunaráætlunum fyrir prófdómaranámskeið í tengslum við sviffflugur eða loftbelgi í samræmi við b-lið DTO.GEN.110 og c-lið DTO.GEN.230 í VIII. viðauka (DTO-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.
9.	**Yfirlýsingar** Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið hefur mótað öryggisstefnu, í samræmi við VIII. viðauka (DTO-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, einkum í samræmi við ii. lið 1. liðar a-liðar DTO.GEN.210, og mun beita þeirri stefnu í tengslum við hvers konar þjálfunarstarfsemi sem yfirlýsingin tekur til. Yfirlýsta þjálfunarfyrirtækið uppfyllir grunnkröfur og mun, í tengslum við þjálfunarstarfsemina sem yfirlýsingin tekur til, halda áfram að uppfylla grunnkröfurnar, sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008, og kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluti) og VIII. viðauka (DTO-hluti) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

	Við staðfestum að allar upplýsingar, sem er að finna í þessari yfirlýsingu, þ.m.t. í viðaukum hennar (ef við á), séu tæmandi og réttar. Nafn, dagsetning og undirskrift fulltrúa yfirlýsta þjálfunarfyrirtækisins. Nafn, dagsetning og undirskrift skólastjóra hjá yfirlýsta þjálfunarfyrirtækinu.

([1]) Ef um er að ræða breytingar þarf aðeins að fylla út 1. lið og þá reiti sem innihalda breytingar.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/123 **2020/EES/5/50**

frá 24. janúar 2019

um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ([1]), einkum 4. og 7. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Starfsemi neta ætti að vera þjónusta í almannaþágu sem nýtt er fyrir/í tengslum við evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Starfsemin ætti að stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins með því að tryggja tilskilda frammistöðu, rekstrarsamhæfi, samhæfi og samræmingu aðgerða, þ.m.t. aðgerðir sem tryggja að takmörkuð úrræði verði nýtt sem best.

2) Hönnun Evrópunets flugleiða, stjórnun afkastagetu netsins og flæðis flugumferðar sem og samræming takmarkaðra úrræða, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 551/2004, ætti að vera með fyrirvara um yfirráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og ábyrgð þeirra að því er varðar allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ([2]).

3) Netið ætti að fela í sér alla áþreifanlega og rekstrarlega þætti sem ákvarða frammistöðu loftfara, einkum stundvísi og skilvirkni flugs, sem eru starfrækt innan loftrýmis Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), þar sem aðildarríkin eru ábyrg fyrir veitingu flugumferðarþjónustu.

4) Hanna ætti Evrópunet flugleiða með hliðsjón af því að auka skilvirkni flugleiða út frá hugmyndinni „frá hliði að hliði“ (e. *gate-to-gate*) á öllum stigum flugs, einkum með tilliti til skilvirkni flugs og umhverfisþátta.

5) Í því skyni að tryggja samfelldar úrbætur á starfsemi netsins í samevrópska loftrýminu og stuðla að því að ná frammistöðumarkmiðum í gervallri Evrópu er þörf á rekstraraðgerðum til að þróa skilvirkt skipulag loftrýmis og stýra tiltækri afkastagetu. Þessar aðgerðir ættu að gera mögulegt að nota loftrýmið með skilvirkum hætti og tryggja að loftrýmisnotendur geti notað ákjósanlegustu flugleiðirnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3. 2004, bls. 20.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

6) Starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) er óaðskiljanlegur hluti af starfsemi neta í því skyni að hámarka tiltæka afkastagetu í tengslum við nýtingu loftrýmis. Því ætti að gera nánari grein fyrir þessari starfsemi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 ([3]).

7) Í reglugerð (EB) nr. 551/2004 er kveðið á um að samþykktar verði ítarlegar framkvæmdarreglur til að samræma og samhæfa ferli og verklag til að auka skilvirkni tíðnistjórnunar fyrir flug. Í ítarlegu framkvæmdarreglunum myndi einnig þurfa að kveða á um miðlæga starfsemi til að samræma tímanlega auðkenningu og uppfyllingu tíðniþarfa til að styðja við hönnun og rekstur netsins.

8) Starf Alþjóðaflugmálastofnunarinnar við hönnun flugleiða, flæðisstjórnun flugumferðar, tíðnistjórnun og stjórnun ratsjársvarakóða ætti að nota sem grunn til að hámarka þróun og rekstur netsins.

9) Aðildarríki ættu að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni að því er varðar hönnun flugleiða, flæðisstjórnun flugumferðar, tíðnistjórnun og stjórnun ratsjársvarakóða og þau ættu að framkvæma þær með skilvirkari hætti fyrir netið. Netstjórnandi ætti að annast samræmingu og stuðning á því sviði.

10) Framkvæmd starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar ætti ekki að hafa áhrif á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 ([4]). Flugvellir sem eru inn- og útflugspunktar að netinu gegna lykilhlutverki í heildarframmistöðu netsins. Af þeim sökum ætti, í tengslum við starfsemi neta, að hafa samráð við rekstraraðila flugvalla sem eru helstu samræmingaraðilarnir á jörðu niðri og vinna að því að hámarka afkastagetuna á jörðu niðri. Þetta myndi bæta heildarafkastagetu netsins. Til þess að hámarka tiltæka afkastagetu netsins, þ.m.t. á flugvöllum, ætti enn fremur að ákvarða verklag til að auka samræmi milli afgreiðslutíma flugvalla og flugáætlana.

11) Úthlutun fjarskiptatíðnirófs fer fram innan Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU). Aðildarríkin bera ábyrgð á að tilkynna Alþjóðafjarskiptasambandinu um þarfir sínar í tengslum við almenningsflug og nota síðan tíðnisviðið, sem almennri flugumferð er úthlutað, á sem hagkvæmastan hátt. Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB ([5]) er mótuð stefna og settur fram lagarammi á þessu sviði.

12) Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samið viðeigandi leiðbeiningar fyrir starfsemi ratsjársvarakóða, þ.m.t. spurnarkóða sem nota S-starfshátt, og fjarskiptatíðnieininga. Stofnunin starfrækir einnig skráningarkerfi fyrir tíðniúthlutanir til almennrar flugumferðar á Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessi starfsemi er sem stendur í höndum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu sem gegnir hlutverki netstjórnanda.

13) Atburðirnir í tengslum við flug MH 17 þar sem loftfar var skotið niður innan loftrýmis Úkraínu 17. júlí 2014 og hryðjuverkaárásin á flugvellinum í Brussel 22. mars 2016 hafa sýnt fram á nauðsyn þess að koma á fót miðlægri einingu sem getur lagt sitt af mörkum til að samræma gagnaðgerðir á staðar- og svæðisvísu sem og á vettvangi netsins, til að tryggja að hægt sé að bregðast tímanlega við hættuástandi í framtíðinni sem hefur áhrif á flugsamgöngur.

14) Netstjórnandi ætti að gegna hlutverki óhlutdrægrar og þar til bærrar stofnunar sem framkvæmir, með skilvirkum hætti og með viðeigandi úrræðum, þau verkefni sem nauðsynleg eru fyrir framkvæmd í tengslum við starfsemi neta sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 551/2004. Umsækjandi um stöðu netstjórnanda ætti að leggja fram gögn um þær aðferðir og þau úrræði sem hann hyggst beita til að uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til þessarar stofnunar. Stjórnandi hjá stofnuninni, sem er tilnefndur sem netstjórnandi, ætti að vera fulltrúi netstjórnandans.

15) Það er hagkvæmt að fela einni stofnun að samræma mismunandi starfsemi neta í því skyni að styðja við aðgerðir á staðarvísu eða á vettvangi undirsvæða til að þróa og greiða fyrir samræmdum rekstrar- og stefnumarkmiðum netsins til skemmri og lengri tíma í samræmi við frammistöðumarkmiðin. Starfsemi neta ætti því að vera í höndum hagsmunaaðila í flugrekstri og netstjórnanda og, að því er varðar aðildarríkin og starfræn loftrýmisumdæmi, í samræmi við þá ábyrgð sem sett er fram í þessari reglugerð.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

([4]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum (Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 1).

([5]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1).

16) Árið 2017 gerði framkvæmdastjórnin úttekt á starfsemi neta að því er varðar stjórnunarhætti, fjárhagsráðstafanir, kostnaðargrunn og kostnaðarhagkvæmni. Ein af niðurstöðum úttektarinnar var sú að netstjórnandinn myndi njóta góðs af styrkari stjórnunarháttum og auknu sjálfræði til stjórnunar.

17) Útfæra ætti starfsemi neta þannig að hún sé kostnaðarhagkvæm, einkum með því að forðast allan tvíverknað.

18) Skyldur og verkefni netstjórnanda ætti að setja skýrt fram að því er varðar framkvæmd í tengslum við starfsemi neta og frammistöðu netsins. Þetta ætti að fela í sér hvers konar þjónustu eða aðgerðir sem þarf að framkvæma á miðlægan hátt í þágu hagsmunaaðila í flugrekstri í samræmi við samkomulag um vinnutilhögun og rekstrarferli sem þeir hagsmunaaðilar hafa samþykkt.

19) Framkvæma ætti verkefnin, sem netstjórnandanum eru falin í tengslum við vöktun grunnvirkisþjónustu og sameiginlegrar netstuðningsþjónustu, að teknu fullu tilliti til álits aðildarríkja og hagsmunaaðila í flugrekstri.

20) Netstjórnandinn ætti að taka þátt í undirbúningi áætlana og rekstraraðgerða, sem varða starfsemi neta á landsbundnum vettvangi eða á vettvangi undirsvæða neta, þegar þessar áætlanir og aðgerðir hafa áhrif á frammistöðu netsins.

21) Í því skyni að tryggja fullnægjandi frammistöðu netsins ætti aðgerðaáætlun netanna að fela í sér rekstraraðgerðir og staðbundin viðmiðunargildi sem taka mið af breytilegum skilyrðum netsins og miða að því að ná frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins. Netstjórnandinn ætti enn fremur að tilgreina rekstrarlegar takmarkanir og flöskuhálsa sem og að leggja til viðeigandi aðgerðir.

22) Í ljósi fyrirsjáanlegrar aukningar á flugumferð er nauðsynlegt að beita traustum meginreglum um stjórnun til að stuðla að stöðugum umbótum á flæðisstjórnun flugumferðar í Sambandinu og nýta tiltæka afkastagetu sem best ásamt því að draga úr umhverfisáhrifum af völdum flæðis flugumferðar. Því er nauðsynlegt að ákvarða sameiginlegan ramma fyrir skipulag og framkvæmd umbóta á sviði frammistöðu netsins. Í því skyni ætti að semja skipulags- og aðgerðaáætlun fyrir netið.

23) Netstjórnandi og hagsmunaaðilar í flugrekstri ættu að hafa samstarf um að bæta flæðisstjórnun flugumferðar og gera ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem við á. Netstjórnandi ætti einkum að geta innleitt ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til þess að nýta tiltæka afkastagetu sem best og til að stuðla að því að undirsvæði flugumferðarstjórnar geti veitt afkastagetuna á sem ákjósanlegastan hátt.

24) Starfsemi neta ætti ekki að hafa áhrif á 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 sem ætlað er að standa vörð um grundvallarhagsmuni í verndar- eða varnarmálum. Starfsemi neta ætti ekki heldur að hafa áhrif á beitingu hugmyndarinnar um sveigjanlega notkun loftrýmis eins og kveðið er á um í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

25) Samræmi ætti að vera á milli starfsemi neta og reksturs sem er skipulagður á vettvangi starfrænu loftrýmisumdæmanna.

26) Skilvirkni hernaðaraðgerða, samvinna og samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda eru afar mikilvægir þættir til að ná þeim markmiðum sem krafist er. Þessi reglugerð ætti ekki að taka til ákvarðana sem varða inntak, gildissvið eða framkvæmd hernaðaraðgerða og -þjálfunar samkvæmt reglum um herflug. Þó er mikilvægt að fjalla um tengingarnar á milli þessara aðgerða og þeirra aðgerða sem falla undir þessa reglugerð, í öryggisskyni og í þágu gagnkvæmrar skilvirkni.

27) Nauðsynlegt er að tryggja tímanlega og skilvirka framkvæmd í tengslum við starfsemi neta og styðja netstjórnandann við að annast verkefni sín með því að ákvarða skilvirkan ramma um samráð við hagsmunaaðila í flugrekstri og ítarlegt samkomulag um vinnutilhögun og rekstrarferli.

28) Hafa ætti skilvirkt samráð við hagsmunaaðila á landsbundnum vettvangi, á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma og á vettvangi netsins.

29) Til að tryggja viðeigandi stjórnunarhætti í tengslum við framkvæmd starfsemi neta ætti að skipa stjórnarnefnd netanna.

30) Til að tryggja árangursríka ákvörðunartöku ætti stjórnarnefndin að vera skipuð takmörkuðum fjölda aðila sem hafa rekstrar- og stjórnunarskyldur og yfirgripsmikla þekkingu og sérfræðiþekkingu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar. Þessir aðilar ættu að tryggja jafnt vægi hagsmuna meðal allra hagsmunaaðila. Veitendur flugleiðsöguþjónustu í samstarfslöndum, sem leggja sitt af mörkum til vinnu netstjórnandans fyrir milligöngu fulltrúa sinna, ættu einnig að fá að taka þátt í starfi stjórnarnefndar netanna.

31) Við ákvarðanatöku sína ætti stjórnarnefnd netanna að njóta stuðnings vinnuhóps um rekstur sem samanstendur af rekstrarstjórum sem veitir henni viðeigandi rekstrarinnsýn og -ráðgjöf.

32) Til að tryggja skilvirkni hættustjórnunar á vettvangi netsins og til að styðja við starf evrópska samráðshópsins vegna hættuástands í flugi ætti að stofna net tengiliða í hverju aðildarríki. Þegar um hættuástand er að ræða ættu tengiliðirnir að greiða fyrir þátttöku landsyfirvalda og tryggja nána samvinnu við samsvarandi fyrirkomulag í aðildarríkjunum.

33) Að því er varðar yfirráðarétt aðildarríkjanna yfir eigin loftrými og kröfur aðildarríkjanna varðandi allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmál sem og ábyrgð þeirra að því er varðar starfsemi neta, ætti að tilkynna aðildarríkjum og hafa við þau samráð um allar ráðstafanir sem hafa veruleg áhrif á frammistöðu netsins. Framkvæmdastjórnin ætti að nýta sér sem best fyrirliggjandi nefndarfundi í því skyni að taka tillit til sjónarmiða þeirra.

34) Fjárhagsáætlun netstjórnandans ætti að gera honum kleift að ná sértæku markmiðunum, sem tilgreind eru í frammistöðukerfinu, og að hrinda vinnuáætlun sinni í framkvæmd. Fjárhagsáætlunin ætti að vera auðgreinanleg frá öðrum hluta fjárhagsáætlunar stofnunarinnar, sem er tilnefnd sem netstjórnandi, ef sú stofnun sinnir annarri starfsemi. Stjórnarnefnd netanna ætti að staðfesta samræmi fjárhagsáætlunar netstjórnandans við árlegra starfsáætlun hans.

35) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja viðeigandi eftirlit með netstjórnandanum. Við þetta eftirlit ætti að taka tillit til hlutverks Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins sem lögbært yfirvald sem annast vottun og eftirlit með netstjórnandanum.

36) Þriðju lönd, sem gert hafa samning við Sambandið, ættu að koma að stofnun og framkvæmd í tengslum við starfsemi neta í því skyni að stuðla að samevrópskri vídd samevrópska loftrýmisins.

37) Með þessari reglugerð er tekið tilhlýðilegt tillit til fenginnar reynslu af framkvæmd í tengslum við starfsemi neta frá árinu 2011 og með henni eru settar endurskoðaðar sameiginlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta. Því ætti að fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 677/2011 ([6]) úr gildi.

38) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004. Í henni er einnig mælt fyrir um reglur um stjórnun hættuástands netsins.

2. Starfsemi neta, sem fellur undir þessa reglugerð, er eftirfarandi:

a) starfsemi í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða (ERND),

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1).

b) flæðisstjórnun flugumferðar, eins og um getur í 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og í reglugerð (ESB) nr. 255/2010,

c) að því er varðar samræmingu takmarkaðra úrræða:

i. fjarskiptatíðni innan flugtíðnisviða sem notuð eru í almennri flugumferð,

ii. ratsjársvarakóðar.

3. Að því er varðar framkvæmd í tengslum við starfsemi neta gildir þessi reglugerð um aðildarríki, netstjórnanda, Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunina“), loftrýmisnotendur, veitendur flugleiðsöguþjónustu, rekstraraðila flugvalla, samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum, á staðbundnum vettvangi, landsbundnum vettvangi eða á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma.

4. Þessi reglugerð gildir um loftrýmið innan Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar sem aðildarríkin eru ábyrg fyrir veitingu flugumferðarþjónustu í skilningi 11. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Þessi reglugerð getur einnig gilt um loftrými innan Evrópusvæðis (EUR), Norður-Atlantshafssvæðis (NAT), Afríku- og Indlandshafssvæðis (AFI) og Miðausturlandasvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þar sem þriðju lönd, eins og um getur í 1. mgr. 24. gr., eru ábyrg fyrir veitingu flugumferðarþjónustu.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 og 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 ([7]).

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „takmörkuð úrræði“: úrræði með takmarkaðan tiltækileika sem notuð eru til að tryggja skilvirka rekstrarstjórnun flugumferðar sem netstjórnandinn samræmir miðlægt til að tryggja framkvæmd evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,

2) „flugtíðnisvið“: skráning í töfluna yfir úthlutun tíðnisviða í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins fyrir úthlutað tíðnisvið þar sem úthlutað er tíðnisviðum fyrir almenna flugumferð,

3) „rekstraraðili flugvallar“: aðili sem hefur það hlutverk, auk annarrar starfsemi, samkvæmt landslögum eða -reglum, að hafa umsjón með og stjórna flugvallarmannvirkjum ásamt því að samræma og hafa eftirlit með starfsemi ýmissa flugrekenda sem starfa á flugvellinum eða innan flugvallarkerfisins sem um ræðir,

4) „samræmingarstjóri afgreiðslutíma á flugvöllum“: hæfur einstaklingur eða lögaðili sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 95/93,

5) „hagsmunaaðilar í flugrekstri“: borgaralegir og hernaðarlegir notendur loftrýmis, borgaralegir og hernaðarlegir veitendur flugleiðsöguþjónustu og rekstraraðilar flugvalla sem eru með starfsemi í loftrýminu sem um getur í 4. mgr. 1. gr.,

6) „netstjórnandi“: stofnun sem annast nauðsynleg verkefni fyrir starfsemina sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004,

7) „samstarfslönd“: þriðju lönd sem eru aðilar að Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, að undanskildum þeim sem taka þátt í starfi netstjórnandans í samræmi við 1. mgr. 24. gr.,

8) „frammistöðukerfi“: reglurammi til að bæta frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta í samevrópska loftrýminu, eins og um getur 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004,

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005 frá 23. desember 2005 um sameiginlegar reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis (Stjtíð. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 20).

9) „sameiginleg ákvarðanataka“: ferli þar sem ákvarðanir eru byggðar á samskiptum og samráði við aðildarríki, hagsmunaaðila í flugrekstri og aðra aðila, eins og við á, í samræmi við 15.–17. gr.,

10) „frammistöðumatsnefnd“: óháður sérfræðingahópur um frammistöðu flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta í samevrópska loftrýminu sem var skipaður með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2296 ([8]),

11) „stjórnarnefnd netanna“: nefnd sem komið er á fót með þessari reglugerð sem vaktar og stýrir framkvæmdum í tengslum við starfsemi neta, þ.m.t. framkvæmd verkefna netstjórnandans í samræmi við 18. gr.,

12) „rekstraraðgerð“: aðgerð á staðbundnum vettvangi, landsbundnum vettvangi, vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma eða á vettvangi netsins, eins og ákvarðað er í aðgerðaáætlun neta með sameiginlegri ákvarðanatöku hagsmunaaðila í flugrekstri og netstjórnandans,

13) „hættuástand netsins“: ástand þar sem ekki er mögulegt að veita flugleiðsöguþjónustu á því stigi sem krafist er, sem leiðir til alvarlegrar skerðingar á afkastagetu netsins eða verulegs ójafnvægis á milli afkastagetu netsins og eftirspurnar, eða alvarlegs skorts á upplýsingaflæði í einum eða fleiri þáttum netsins í kjölfar óvenjulegs og ófyrirsjáanlegs ástands,

14) „samvinna milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda“: samskipti milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda og þeir þættir rekstrarstjórnunar flugumferðar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. sem nauðsynlegir eru til að tryggja örugga, skilvirka og samræmda notkun loftrýmisins,

15) „skilyrt flugleið“: flugþjónustuleið sem er aðeins aðgengileg í tengslum við gerð flugáætlana og til notkunar við tiltekin skilyrði,

16) „evrópsk fulltrúasamtök“: sérhver lögaðili eða lögformlegur aðili sem gætir hagsmuna hóps eða nokkurra hópa hagsmunaaðila í flugrekstri á evrópskum vettvangi,

17) „tengiliður aðildarríkis“: í tengslum við hættustjórnun, aðilar í aðildarríkjunum sem setja sig í samband við viðeigandi landsbundið fyrirkomulag og stofnanir sem vinna við hættustjórnun og evrópska samráðshópinn vegna hættuástands í flugi,

18) „áhrif á netið“: í tengslum við starfsemi fjarskiptatíðnieiningar, sem sett er fram í III. viðauka, er um að ræða ástand þar sem úthlutuð fjarskiptatíðni mun draga úr, hindra eða trufla aðgerðir einnar eða fleiri úthlutaðra fjarskiptatíðna netsins eða mun vinna gegn bestu notkun flugtíðnisviða innan gildissviðs þessarar reglugerðar,

19) „hönnun loftrýmis“: ferli sem tryggir að þróað verði og hrint í framkvæmt háþróaðri færni og tækni í flugleiðsögu, bættu neti flugleiða og tilheyrandi skiptingu undirsvæða, bestun skipulags loftrýmis og verklagi við rekstrarstjórnun flugumferðar sem bæta afkastagetu,

20) „nýting loftrýmis“: aðferðin við að nýta loftrýmið í rekstrarlegum tilgangi,

21) „loftrými með frjálsum flugleiðum“: tiltekið loftrými þar sem notendur þess geta skipulagt flugleiðir sínar frjálst á milli inn- og útflugspunkta án þess að vísa í flugleiðanet flugumferðarþjónustu,

22) „undirsvæði flugumferðarstjórnar“: skilgreindur hluti loftrýmis þar sem flugumferðarstjórn er á ábyrgð hóps flugumferðarstjóra hverju sinni,

23) „þarfagreind flugleið“: flugleið sem flugrekendur hafa lýst yfir á hönnunarstigi loftrýmisins að muni uppfylli þarfir sínar,

24) „tilhögun undirsvæða“: áætlun sem sameinar undirsvæði loftrýmis í því skyni að tryggja að rekstrarlegar kröfur séu uppfylltar á sem bestan hátt og tiltækileiki loftrýmisins hámarkað,

([8]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2296 frá 16. desember 2016 um skipun óháðs sérfræðingahóps sem er tilnefndur sem frammistöðumatsnefnd samevrópska loftrýmisins

25) „flugþjónustuleið“ (e. *ATS route*): tiltekinn hluti í skipulagi loftrýmis sem er ætlaður til að beina umferðarflæðinu í ákveðinn farveg, eins og nauðsynlegt þykir, þegar flugumferðarþjónusta er veitt,

26) „úthlutun tíðnisviðs“: heimild sem aðildarríki gefur út til notkunar á fjarskiptatíðni eða fjarskiptarás við tilteknar aðstæður.

3. gr.

Þættir netsins

1. Til netsins teljast, að því er þessa reglugerð varðar, flugvellirnir, skipulag loftrýmisins og skilfletirnir sem tengja þau saman, auk grunnvirkis og rekstrargetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem í sameiningu veita borgaralegum og hernaðarlegum notendum loftrýmisins þjónustu.

2. Hagsmunaaðilar í flugrekstri og netstjórnandinn skulu, innan ramma skyldustarfa sinna, skipuleggja, hanna, starfrækja og vakta þá þætti netsins sem um getur í 1. mgr. í samræmi við skipulagsáætlun og aðgerðaáætlun neta, sem tilgreindar eru í 8. og 9. gr., með það fyrir augum að bæta skilvirkni netsins, rekstrarsamhæfi þess og tengingu og að ná staðbundnum frammistöðumarkmiðum og frammistöðumarkmiðum alls Sambandsins eins og sett er fram í frammistöðukerfinu.

II. KAFLI

SKIPULAG OG STJÓRNUN Í TENGSLUM VIÐ STARFSEMI NETA

4. gr.

Tilnefning netstjórnanda og skyldustörf hans í kjölfar tilnefningar hans

1. Tilnefning netstjórnanda skal vera í formi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Í þeirri ákvörðun skulu vera skilmálar og skilyrði fyrir tilnefningunni, þ.m.t. fjármögnun stöðu netstjórnandans.

2. Tilnefningartímabil netstjórnandans skal vera a.m.k. tvö viðmiðunartímabil frammistöðukerfisins, eins og sem er sett fram í 8. gr. framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 ([9]).

3. Tilnefna skal stofnun sem netstjórnanda ef hún uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hún hafi sýnt fram á hæfni sína og getu til að inna af hendi verkefnin sem sett eru fram í 7. gr.,

b) hún hafi gefið lýsingu á meginmarkmiðunum sem hún áætlar að ná á tilnefningartímabilinu, auk þess hvernig hún muni tryggja hagsmunaaðilum í flugrekstri góða þjónustu,

c) hún hafi lýst nálgun sinni og hvaða úrræðum hún hyggst beita og hún hafi lýst hvernig hún áætli að inna af hendi verkefni netstjórnandans,

d) ef hún sinnir einnig annarri starfsemi en þeirri sem skiptir máli við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, að hún hafi sýnt fram á að sú starfsemi fari fram óháð verkefnum netstjórnandans sem sett eru fram í 7. gr.

4. Þegar netstjórnandinn hefur verið tilnefndur skal hann:

a) vottaður af Flugöryggisstofnuninni í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 ([10]),

b) viðhalda rekstrarlegri og tæknilegri sérfræðikunnáttu sem er nauðsynleg til að inna af hendi verkefnin, sem eru sett fram í 7. gr., á óháðan, óhlutdrægan og kostnaðarhagkvæman hátt,

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta (Stjtíð. ESB L 128, 9.5.2013, bls. 1).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373 frá 1. mars 2017 um sameiginlegar kröfur fyrir veitendur þjónustu á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og á sviði starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og eftirlit með þeim, um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 482/2008, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1034/2011, (ESB) nr. 1035/2011 og (ESB) 2016/1377 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 677/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 8.3.2017, bls. 1).

c) starfa í samræmi við ákvæðin um stjórnunarhætti og samráð sem eru sett fram í III. og V. kafla,

d) forðast hagsmunaárekstra,

e) fara að viðeigandi löggjöf Sambandsins þegar hann innir af hendi verkefni sín,

f) meðhöndla viðkvæm gögn á öruggan hátt,

g) hafa forstöðumann sem kemur fram fyrir hans hönd og ber ábyrgð á að netstjórnandinn inni af hendi verkefni sín og stýri mannauði sínum og fjármagni.

5. Framkvæmdastjórnin skal reglubundið vakta starf netstjórnandans og meta hvort hann uppfylli skilyrðin, sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, og hvort hann inni af hendi verkefnin sem eru sett fram í 7. gr.

5. gr.

Mat

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en við lok hvers viðmiðunartímabils frammistöðukerfisins, meta hvort starfsemi neta hafi verið framkvæmd á skilvirkan hátt og hvort netstjórnandinn inni af hendi verkefni sín á skilvirkan hátt í samræmi við 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Skilyrði afturköllunar

1. Framkvæmdastjórnin hefur rétt á, samkvæmt eftirfarandi skilyrðum, að afturkalla tilnefningu netstjórnandans:

a) ef kröfurnar, sem um getur í 4. gr. og í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um tilnefningu netstjórnandans, eru ekki uppfylltar,

b) ef alvarlegur og viðvarandi misbrestur verður hjá netstjórnandanum að ná frammistöðumarkmiðum sínum.

2. Netstjórnandinn skal ákvarða og grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja samfelldni í þjónustu, með hliðsjón af framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, ef tilnefning er afturkölluð, þar til önnur stofnun hefur verið tilnefnd sem netstjórnandi.

7. gr.

Verkefni netstjórnanda

1. Netstjórnandinn skal styðja við framkvæmdir í tengslum við starfsemi neta og, í þeim tilgangi, skal hann:

a) koma á fót og uppfæra skipulagsáætlun netanna, sem er tilgreind í 8. gr., í samræmi við frammistöðukerfið og evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar, að teknu tilliti til viðeigandi flugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópusvæðið og tilheyrandi gagna,

b) koma á fót aðgerðaáætlun netanna, sem tilgreind er í 9. gr., til að hrinda skipulagsáætlun netanna í framkvæmd sem nær yfir almanaksár viðmiðunartímabilsins og árlegt, árstíðabundið, vikulegt og daglegt tímabil,

c) þróa, skipuleggja og veita samþætta aðgerð í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða, eins og sett er fram í I. viðauka,

d) samræma flæðis- og afkastagetustýringu flugumferðar og, fyrir milligöngu yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, samræma og gera ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, eins og sett er fram í II. viðauka,

e) sinna því miðlæga hlutverki að samræma fjarskiptatíðni, eins og krafist er í a- og b-lið 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og sett er fram í III. viðauka, þ.m.t. að halda miðlæga skrá til að skrá öll gögn um tíðniúthlutanir,

f) samræma úthlutunarferli ratsjársvarakóða, eins og sett er fram í IV. viðauka,

g) skipuleggja stjórnun og rekstur starfsemi netanna,

h) samræma og styðja stjórnun hættuástands netsins, í samræmi við 19. og 21. gr., og leita til evrópska samráðshópsins vegna hættuástands í flugi, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina,

i) tryggja samræmingu, í tengslum við starfsemi neta, við svæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að undanskildum Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og löndum sem taka ekki þátt í starfi netstjórnandans,

j) koma á fót, uppfæra og hrinda í framkvæmd starfsáætlun netstjórnandans til margra ára og tilheyrandi fjárhagsáætlun,

k) þróa og hrinda í framkvæmd viðvörunarkerfi til að útvega framkvæmdastjórninni gögn, sem byggjast á greiningu flugáætlana, svo hún geti vaktað hvort flugrekstrarbanni, sem flugrekendur sæta samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 ([11]), sé fylgt ásamt öðrum öryggis- og verndarráðstöfunum, eða hvort tveggja,

l) veita stuðning sem Alþjóðaflugmálastofnunin óskar eftir við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta innan Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sbr. þó niðurstöður samstarfsfyrirkomulags við Alþjóðaflugmálastofnunina.

2. Netstjórnandinn skal einnig leggja sitt af mörkum til að stuðla að samfelldum úrbótum á starfsemi netsins í samevrópska loftrýminu og heildarframmistöðu netsins, einkum að því er varðar framkvæmd frammistöðukerfisins. Netstjórnandinn skal einkum:

a) tryggja að skipulagsáætlun netanna og aðgerðaáætlun netanna leggi sitt af mörkum til að markmiðin innan alls Sambandsins og tilheyrandi staðbundin frammistöðumarkmið náist og einnig vakta framkvæmd áætlananna,

b) undirbúa frammistöðuáætlun neta í samræmi við frammistöðukerfið og hrinda áætluninni í framkvæmd þegar framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hana,

c) hefja, styðja og samræma samstarf milli hagsmunaaðila í flugrekstri við þróun og framkvæmd rekstraraðgerða til að tryggja skilvirka nýtingu á tiltæku loftrými og tiltækri afkastagetu og til að draga úr seinkunum innan netsins,

d) auðkenna í aðgerðaáætlun netanna öll framtaksverkefni sem styðja við þróun samræmingar yfir landamæri og veitingu rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu yfir landamæri, með áherslu á verkefnin sem eru sérstaklega háð framkvæmd frammistöðuáætlun netanna,

e) auðkenna öryggisáhættu í flugrekstri á vettvangi netsins í samstarfi við hagsmunaaðila í flugrekstri, meta tengda öryggisáhættu netsins og tilkynna Flugöryggisstofnuninni um hana,

f) veita hagsmunaaðilum í flugrekstri og viðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni upplýsingar um spá um netumferð og greiningu á rekstrarlegri frammistöðu í tengslum við framkvæmd frammistöðukerfisins,

g) styðja hagsmunaaðila í flugrekstri við undirbúning og framkvæmd umbreytingaráætlana þegar gerðar eru umfangsmiklar úrbætur á loftrými eða á kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar,

h) þróa verklag við eignun seinkunar innan flæðisstjórnunar flugumferðar með sameiginlegri ákvarðanatöku og með skipulagningu á aðlögunarferli í kjölfar aðgerða, með aðkomu veitenda flugleiðsöguþjónustu, flugvalla og landsbundinna eftirlitsyfirvalda til að fjalla um málefni sem varða mælingu, flokkun og eignun seinkunar innan flæðisstjórnunar flugumferðar,

i) styðja hagsmunaaðila í flugrekstri við framkvæmd sveigjanlegrar notkunar loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005.

3. Til að inna af hendi verkefnin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal netstjórnandinn:

a) tryggja aðgang að tólum, vinnsluferlum og samræmdum gögnum til að styðja við sameiginlega ákvarðanatökuferlið á vettvangi netsins og að slíkum gögnum sé deilt; slík gögn skulu einkum fela í sér vinnslu flugáætlana, evrópsk gagnastjórnunarkerfi og flugupplýsingar sem skipta máli við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta auk rafrænnar, samþættrar upplýsingagáttar sem hagsmunaaðilar hafa aðgang að, sbr. þó ákvæði 3. gr. a í reglugerð (EB) nr. 551/2004,

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

b) beita heildstæðri og samræmdri nálgun fyrir alla áætlanagerð og rekstrarstarfsemi netsins, þ.m.t. vöktun og úrbætur á heildarframmistöðu netsins í því skyni að bæta skilvirkni netsins, rekstrarsamhæfi þess og tengingu,

c) leggja sitt af mörkum, í kjölfar ESB-vinnsluferla, við breytingar á gögnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem tengjast starfsemi neta,

d) veita hagsmunaaðilum í flugrekstri stuðning varðandi þær skyldur sem þeir þurfa að uppfylla í tengslum við útfærslu kerfa og verklag fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu og verklag í samræmi við evrópska mynsturáætlun um rekstrarstjórnun flugumferðar, einkum sameiginlegu verkefnin sem komið er á fót í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 ([12]),

e) aðstoða framkvæmdastjórnina og útfærslustjórnina, eins og um getur í 9. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 409/2013, við að undirbúa, samþykkja og inna af hendi sameiginlegu verkefnin í samræmi við 5. gr. þeirrar reglugerðar,

f) stofna til samstarfssamkomulags við útfærslustjórnina í samræmi við a-lið 7. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 409/2013,

g) vakta frammistöðu grunnvirkisins sem skiptir máli við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, t.d.:

   i. umfang leiðsögukerfa á jörðu niðri til að styðja við framkvæmd og rekstur leiðsöguhugbúnaðar,

   ii. umfang leiðsögukerfa í geimnum til að styðja við framkvæmd og rekstur leiðsöguhugbúnaðar á grundvelli upplýsinga frá:

      a) Galíleó-tilvísunarmiðstöðinni fyrir gervihnetti hnattræna gervihnattaleiðsögukerfisins (GNSS),

      b) þjónustuveitanda evrópska, víðfeðma leiðréttingakerfisins fyrir EGNOS-kerfið,

   iii. kögunarsvarratsjá og rafeindabúnaði loftfars,

   iv. gagnatengingu fjarskipta,

   v. árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS),

   vi. hæðarmæli í flugi,

h) þróa, skipuleggja og veita sameiginlega netstuðningsþjónustu í tengslum við starfsemi neta sem hagsmunaaðilar í flugþjónustu fara fram á og veitt er á miðlægan hátt vegna rekstrarlegrar frammistöðu netsins og kostnaðarhagkvæmni, þ.e.:

   i. skilaboðamiðstöð rekstrarstjórnunar flugumferðar,

   ii. þjónustu sem stýrir stjórnun netfanga,

i) styðja við einingar sem er falið að rannsaka slys eða flugatvik í almenningsflugi eða að greina atvik, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([13]), þegar þeir óska eftir slíkri aðstoð,

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarhátta og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtíð. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

j) skipta á rekstrargögnum við hagsmunaaðila í flugrekstri í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

k) safna, steypa saman og greina öll gögnin, sem tilgreind eru í I.–VI. viðauka, og, að fenginni beiðni, leggja þau fyrir framkvæmdastjórnina, Flugöryggisstofnunina og frammistöðumatsnefndina.

4. Netstjórnandinn skal svara sérstökum beiðnum frá framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum eða Flugöryggisstofnuninni um upplýsingar, ráðgjöf, greiningu eða önnur sambærileg hliðarverkefni sem tengjast mismunandi verkefnum.

8. gr.

Skipulagsáætlun netanna

1. Netstjórnandinn skal koma á fót og uppfæra skipulagsáætlun netanna, í samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar og með sameiginlegri ákvarðanatöku. Skipulagsáætlun netanna skal stýra langtímaþróun netsins, hún skal falla saman við viðmiðunartímabil frammistöðukerfisins og ná yfir tilnefningartímabil netstjórnandans.

2. Skipulagsáætlun netanna skal byggjast á fyrirmyndinni, sem sett er fram í V. viðauka. Stjórnarnefnd netanna skal styðja áætlunina og framkvæmdastjórnin skal samþykkja hana, að höfðu samráði við aðildarríkin.

3. Skipulagsáætlun netanna skal miða að því að ná frammistöðumarkmiðunum, að því er varðar starfsemi neta, sem kveðið er á um í frammistöðukerfinu.

4. Skipulagsáætlun netanna skal uppfærð a.m.k. tólf mánuðum áður en hvert viðmiðunartímabil hefst.

9. gr.

Aðgerðaáætlun netanna

1. Netstjórnandinn skal koma á fót ítarlegri aðgerðaáætlun neta, í samstarfi við hagsmunaaðila í flugrekstri, til að hrinda skipulagsáætlun netanna í framkvæmd á starfrækslustigi til skamms og meðallangs tíma með sameiginlegri ákvarðanatöku.

2. Aðgerðaáætlun netanna skal ná yfir almanaksár viðmiðunartímabilsins og árlegu tímabilin, þ.m.t. rekstraraðgerðirnar sem þar er að finna.

3. Í aðgerðaáætlun netanna skulu vera upplýsingarnar sem settar eru fram í VI. viðauka. Stjórnarnefnd netanna skal samþykkja aðgerðaáætlun netanna.

4. Aðgerðaáætlun netanna skal einkum ná yfir:

a) kröfur um rekstrarlega frammistöðu netsins og staðbundin viðmiðunargildi seinkana innan flæðisstjórnunar flugumferðar í því skyni að leggja sitt af mörkum við að ná frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins,

b) rekstraraðgerðir sem stuðla að því að frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins og staðbundin frammistöðumarkmið náist innan frammistöðukerfisins sem ná yfir almanaksár viðmiðunartímabilsins og árlegt, árstíðabundið, vikulegt og daglegt tímabil, að teknu tilliti til síðustu spár um netumferð og þróunar hennar.

5. Aðgerðaáætlun netanna skal ná yfir rekstraraðgerðir í tengslum við alla starfsemi neta og kröfur um herafla, ef aðildarríkin kveða á um þessar kröfur. Þessar aðgerðir skulu ákvarðaðar með sameiginlegri ákvarðanatöku og netstjórnandinn skal leggja mat á gagnkvæmt samræmi þeirra.

6. Ef netstjórnandinn tilgreinir rekstrarlegar takmarkanir og flöskuhálsa, sem koma í veg fyrir að frammistöðumarkmiðum innan alls Sambandsins verði náð, skal hann leggja til viðbótarrekstraraðgerðir. Slíkar aðgerðir skulu ákvarðaðar með sameiginlegri ákvarðanatöku.

7. Veitendur flugleiðsöguþjónustu og rekstraraðilar flugvalla skulu tryggja að áætlanir þeirra samrýmist aðgerðaáætlun netanna og skulu þeir hrinda í framkvæmd rekstraraðgerðunum sem um getur í b-lið 4. mgr.

8. Netstjórnandinn skal uppfæra aðgerðaáætlun netanna eftir þörfum og á a.m.k. sex mánaða fresti.

10. gr.

Ráðstafanir til úrbóta

1. Ef tilskildum afköstum, sem eru samþykkt með sameiginlegri ákvarðanatöku, er ekki náð, eða ef rekstraraðgerðirnar, sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr., eru ekki framkvæmdar, skal netstjórnandinn, sem liður í framkvæmd verkefna sinna og án þess að það hafi áhrif á skyldur aðildarríkjanna, leggja til ráðstafanir til úrbóta sem hagsmunaaðilar í flugrekstri eiga að grípa til. Í því skyni skal hann, til að byrja, með hafa samráð við hagsmunaaðila í flugrekstri, sem verða fyrir áhrifum af völdum þessara ráðstafana, síðan skal hann leggja tillögu að ráðstöfunum fyrir vinnuhópinn um rekstur, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., til umfjöllunar og að lokum fá samþykki stjórnarnefndar netanna á tillögunni að ráðstöfununum til úrbóta. Hagsmunaaðilar í flugrekstri, sem verða fyrir áhrifum af völdum þessara ráðstafana, skulu grípa til þeirra eða tilkynna stjórnarnefnd netanna um ástæður þess ef það er ekki gert.

2. Netstjórnandinn skal tilkynna aðildarríkjum og landsbundnu eftirlitsyfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti með hagsmunaaðilum í flugrekstri sem ráðstafanir til úrbóta hafa áhrif á, hvað felst í ráðstöfunum og um alla þætti í tengslum við breytingar á rekstrarlegri frammistöðu.

3. Aðildarríki skulu, án ástæðulausrar tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina og netstjórnandann ef skyldur þeirra koma í veg fyrir að gripið sé til ráðstafana til úrbóta eða ef framkvæmdir þeirra leiða til ósamræmis við frammistöðuáætlanirnar.

4. Netstjórnandinn skal taka saman og uppfæra skrá yfir rekstraraðgerðir og ráðstafanir til úrbóta sem hagsmunaaðilar í flugrekstri hafa ekki gripið til, þ.m.t. ástæður þess að ekki hafi verið gripið til þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

11. gr.

Tengsl við hagsmunaaðila í flugrekstri

1. Í því skyni að vakta og bæta heildarframmistöðu netsins skal netstjórnandinn innleiða viðeigandi samkomulag um vinnutilhögun með hagsmunaaðilum í flugrekstri í samræmi við 17. gr.

2. Netstjórnandinn og hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu samræma þróun og útfærslu tóla og kerfa sem eru nauðsynleg við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta til að uppfylla kröfur 2. mgr. 3. gr.

3. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu tryggja að rekstraraðgerðir, sem eru framkvæmdar á staðbundnum vettvangi eða á vettvangi starfræns loftrýmisumdæmis, samrýmist þeim sem eru ákvarðaðar með sameiginlegri ákvarðanatöku.

4. Hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu láta netstjórnandanum í té viðeigandi gögn, sem tilgreind eru í I.–VI. viðauka, og virða tímamörkin og kröfurnar sem eru ákvörðuð með sameiginlegri ákvarðanatöku.

12. gr.

Tengsl við aðildarríki

1. Við framkvæmd verkefna sinna skal netstjórnandinn taka tilhlýðilegt tillit til ábyrgðar aðildarríkjanna í tengslum við yfirráðarétt þeirra yfir eigin loftrými og allsherjarreglu, almannaöryggi og varnarmálum.

2. Aðildarríkin skulu áfram bera ábyrgð á nákvæmri þróun, samþykki og innleiðingu skipulags loftrýmis fyrir það loftrými sem þau bera ábyrgð á.

3. Þegar yfirvöld aðildarríkis eiga hlut að máli í rekstrarlegum álitamálum sem varða starfsemi neta, einkum samræmingu takmörkuðu úrræðanna, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., skal netstjórnandinn hafa samráð við þau innan sameiginlega ákvarðanatökuferlisins og skulu þau hrinda niðurstöðunum, sem samþykktar eru í þessu ferli, í framkvæmd á landsvísu.

13. gr.

Tengsl við starfræn loftrýmisumdæmi

1. Netstjórnandinn skal starfa náið með og samræma störf sín við veitendur flugleiðsöguþjónustu á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma, einkum að því er varðar stefnumótandi áætlanagerð og úrlausnarstjórnun á daglegu umferðarflæði og daglegri afkastagetu.

2. Netstjórnandinn skal koma á, í nánu samstarfi við veitendur flugleiðsöguþjónustu á vettvangi starfrænna loftrýmisumdæma, samræmdum ferlum, verklagi og tengingum, til að greiða fyrir tengjanleika milli starfrænna loftrýmisumdæma.

3. Aðildarríki, sem starfa saman innan starfræns loftrýmisumdæmis, skulu leitast við að setja fram heildstætt yfirlit yfir stefnumótandi málefni sem varða starfsemi netanna sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

4. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem starfa saman innan starfræns loftrýmisumdæmis, skulu leitast við að setja fram heildstætt yfirlit til að styðja við sameiginlega ákvarðanatöku.

14. gr.

Borgaralegt-/hernaðarlegt samstarf

1. Aðildarríkin skulu tryggja viðeigandi þátttöku landsbundinna hermálayfirvalda í aðgerðum varðandi framkvæmd í tengslum við starfsemi neta.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að hernaðarlegir veitendur flugleiðsöguþjónustu og hernaðarlegir notendur loftrýmis hafi viðeigandi fyrirsvar í samráðsferlinu og vinnutilhöguninni, sem netstjórnandinn kemur á.

3. Netstjórnandinn skal tryggja að viðeigandi fyrirkomulag sé fyrir hendi, sem gerir kleift og styður við að samræmi náist milli landsbundinna hermálayfirvalda og annarra viðkomandi stofnana á sviði hermála, þ.m.t. Varnarmálastofnun Evrópu (EDA). Umfang samræmingarinnar skal ná til allra þeirra þátta sem varða framkvæmd í tengslum við starfsemi neta sem hafa áhrif á herstarfsemi.

4. Starfsemi í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða og flæðisstjórnun flugumferðar skal fara fram án þess að það hafi áhrif á að tiltekinn hluti loftrýmisins sé tekinn frá eða að á hann séu sett höft vegna einkanota eða sérstakra nota aðildarríkjanna. Netstjórnandinn skal hvetja til og samræma tiltækileika skilyrtra flugleiða fyrir tilstilli þessara loftrýma og greiða fyrir því að tillit verði tekið til krafna heraflans og viðbragða við hættustjórnun.

III. KAFLI

STJÓRNUNARHÆTTIR STARFSEMI NETA

15. gr.

Sameiginleg ákvarðanataka

1. Aðildarríki og hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu hrinda starfsemi neta í framkvæmd með stuðningi netstjórnandans fyrir tilstuðlan sameiginlegrar ákvarðanatöku sem felur í sér eftirfarandi þætti:

a) samráðsferlið sem kveðið er á um í 16. gr.,

b) ítarlega vinnutilhögun og rekstrarferli sem kveðið er á um í 17. gr.

2. Netstjórnandinn skal aðstoða stjórnarnefnd netanna við að samþykkja ráðstafanir í tengslum við stjórnunarhætti starfsemi neta sem kveðið er á um í 18. gr.

3. Ef einn eða fleiri hagsmunaaðilar í flugrekstri andmæla aðgerðum netstjórnandans skal netstjórnandinn vísa málinu til stjórnarnefndar netanna til úrlausnar.

16. gr.

Samráðsferli

1. Netstjórnandinn skal koma á viðeigandi og reglulegu samráðsferli milli hagsmunaaðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

2. Samráðið skal taka til ítarlegu vinnutilhögunarinnar og rekstrarferlanna, sem kveðið er á um í 17. gr., skipulagsáætlunar netanna, aðgerðaáætlunar netanna og frammistöðuáætlunar netanna, auk framvindu framkvæmdar áætlananna, skýrslna til framkvæmdastjórnarinnar og rekstrarlegra álitamála.

3. Netstjórnandinn skal laga samráðsferlið að þörfum hlutaðeigandi starfsemi netanna. Til þess að tryggja að hægt sé að skera úr um stjórnsýsluleg álitamál skulu yfirvöld aðildarríkis taka þátt í því ferli þegar þess er krafist.

4. Ef hagsmunaaðilar í flugrekstri fullyrða að ekki sé tekið tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða þeirra varðandi tiltekið álitamál skal því fyrst vísað til netstjórnandans til frekari umfjöllunar. Þegar ekki hægt að skera úr um álitamálið á þann hátt skal því vísað til stjórnarnefndar netanna til úrlausnar.

17. gr.

Vinnutilhögun og rekstrarferli

1. Netstjórnandinn skal koma á ítarlegri vinnutilhögun með hagsmunaaðilum í flugrekstri, aðildarríkjum, þriðju löndum, eins og um getur í 1. mgr. 24. gr., og samstarfslöndum eins og við á, og rekstrarferlum til að finna lausn á skipulagslegum og rekstrarlegum þáttum varðandi framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, að teknu sérstöku tilliti til séreinkenna og krafna hlutaðeigandi starfsemi netanna, eins og tilgreint er í I.–VI. viðauka.

2. Netstjórnandinn skal tryggja að ítarlega vinnutilhögunin og rekstrarferlin feli í sér reglur um tilkynningar um ráðstafanir til úrbóta, sem leiða af sameiginlegri ákvarðanatöku, til hagsmunaaðilanna sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

3. Þessi ítarlega vinnutilhögun og rekstrarferli skulu samrýmast kröfunum um aðgreiningu þjónustuveitingar og stjórnsýslulegra álitaefna sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

18. gr.

Stjórnarnefnd netanna

1. Stjórnarnefnd netanna skal bera ábyrgð á að:

a) styðja drög að skipulagsáætlun netanna,

b) samþykkja aðgerðaáætlun netanna,

c) samþykkja tillögur að ráðstöfunum til úrbóta sem um getur í 10. gr.,

d) samþykkja forskriftirnar fyrir samráðsferlin og ítarlegu vinnutilhögunina og rekstrarferlin fyrir starfsemi netanna, sem um getur í 15. og 17. gr., auk aðlögunarferlisins í kjölfar aðgerðanna sem um getur í h-lið 2. mgr. 7. gr.,

e) samþykkja starfsreglur fyrir evrópska samráðshópinn vegna hættuástands í flugi sem kveðið er á um í 5. mgr. 19. gr. og vinnuáætlun þeirra,

f) vakta framvindu framkvæmdar skipulagsáætlunar netanna, aðgerðaáætlunar netanna og frammistöðuáætlunar netanna, sem um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr., og fjalla um möguleg frábrigði frá frumáætlunum,

g) vakta samráðsferli hagsmunaaðila í flugrekstri,

h) vakta starfsemi í tengslum við stjórnun á starfsemi neta og framkvæmd verkefna netstjórnandans, þ.m.t. gæði þjónustunnar sem hann veitir hagsmunaaðilum í flugrekstri,

i) vakta starfsemi netstjórnandans í tengslum við hættuástand netsins,

j) samþykkja ársskýrsluna sem um getur í 3. mgr. 22. gr.,

k) fjalla um álitamálin, sem um getur í 3. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 16. gr., sem ekki var skorið úr um á vettvangi hlutaðeigandi starfsemi neta,

l) styðja árlega fjárhagsáætlun netstjórnandans,

m) samþykkja starfsreglur stjórnarnefndarinnar,

n) samþykkja starfsáætlunina, sem um getur í j-lið 1. mgr. 7. gr., og vakta framkvæmd hennar,

o) styðja frammistöðuáætlun netanna sem um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr.,

p) gefa álit sitt á mögulegri viðbótarstarfsemi sem mætti úthluta netstjórnanda í tengslum við beitingu 3. mgr. 6. gr. eða c-liðar 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004,

q) veita ráð að því er varðar vöktun frammistöðu grunnvirkisins, sem um getur í g-lið 3. mgr. 7. gr., þ.m.t. samsvarandi kostnaðar- og ábatagreiningar,

r) gefa álit á þróun og veitingu sameiginlegu netstuðningsþjónustunnar, sem um getur í h-lið 3. mgr. 7. gr., þ.m.t. samsvarandi kostnaðar- og ábatagreiningar,

s) samþykkja samstarfsfyrirkomulagið sem um getur í 7. gr. (l-lið 1. mgr.), 7. gr. (f-lið 3. mgr.) og 24. gr.,

t) gefa álit sitt á tilnefningu yfirmanns netstjórnandans, eins og um getur í g-lið 4. mgr. 4. gr.

2. Stjórnarnefnd netanna skal stofna starfshópa til að styðja við starf sitt, einkum starfshóp um rekstur sem samanstendur af rekstrarstjórum hagsmunaaðila í flugrekstri.

3. Eftirtaldir fulltrúar skulu hafa atkvæðisrétt í stjórnarnefnd netanna:

a) einn fulltrúi frá veitendum flugleiðsöguþjónustu fyrir hvert starfrænt loftrýmisumdæmi, sem hefur verið komið á fót eða verið er að koma á fót, með fjögur atkvæði í heildina fyrir alla veitendur flugleiðsöguþjónustu,

b) fjórir fulltrúar frá borgaralegum notendum loftrýmisins sem stunda rekstur í ábataskyni eða rekstur sem er ekki í ábataskyni,

c) tveir fulltrúar frá rekstraraðilum flugvalla,

d) tveir fulltrúar frá hernum sem veitendur flugleiðsöguþjónustu og loftrýmisnotendur.

4. Eftirtaldir fulltrúar skulu vera án atkvæðisréttar í stjórnarnefnd netanna:

a) formaður stjórnarnefndar netanna,

b) einn fulltrúi fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

c) yfirmaður netstjórnandans, eins og um getur í g-lið 4. mgr. 4. gr.,

d) formaður starfshóps um rekstur sem um getur í 2. mgr.,

e) tveir fulltrúar fyrir hönd veitenda flugleiðsöguþjónustu í samstarfslöndum sem leggja sitt af mörkum til starfs netstjórnandans,

f) einn fulltrúi fyrir hönd Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu.

5. Allir fulltrúar í stjórnarnefnd netanna skulu hafa varamann.

6. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna formann stjórnarnefndar netanna á grundvelli tæknilegrar færni og sérþekkingar hans, að fenginni tillögu frá fulltrúum í stjórnarnefnd netanna sem hafa atkvæðisrétt. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilnefna tvo varamenn úr röðum þeirra sem hafa atkvæðisrétt.

7. Að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi stofnunum skal framkvæmdastjórnin tilnefna fulltrúa sem hafa atkvæðisrétt og varamenn þeirra sem um getur í a-lið 3. mgr. Að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi evrópskum fulltrúasamtökum skal framkvæmdastjórnin tilnefna fulltrúa sem hafa atkvæðisrétt og varamenn þeirra sem um getur í b- og c-lið 3. mgr. Að fengnum tillögum frá Varnarmálastofnun Evrópu skal framkvæmdastjórnin tilnefna fulltrúa sem hefur atkvæðisrétt og varamann hans sem um getur í d-lið 3. mgr. Að fenginni tillögu frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu skal framkvæmdastjórnin tilnefna fulltrúa sem hafa ekki atkvæðisrétt, sem um getur í e-lið 4. mgr., bæði á grundvelli tilfærslufyrirkomulags, sem gerir kleift að tilnefna samstarfslöndin til skiptis, og á grundvelli rekstrarþarfa við tilnefningu.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skipa áheyrnarfulltrúa og óháða sérfræðinga sem ráðgjafa, sem skulu starfa í krafti sérþekkingar sinnar og vera fulltrúar hinna ýmsu vísindagreina sem ná yfir starfsemi netanna.

9. Fulltrúarnir, sem um getur í a- og b-lið 4. mgr., skulu hafa heimild til að synja tillögum sem hafa áhrif á:

a) samrýmanleika starfsemi stjórnarnefndar netanna við markmið þessarar reglugerðar,

b) óhlutdrægni og sanngirni við framkvæmd í tengslum við starfsemi neta.

10. Stjórnarnefnd netanna skal samþykkja ákvarðanirnar, sem um getur í a- til e-lið, j-lið, l- til o-lið og s-lið 1. mgr., með einföldum meirihluta aðila með atkvæðisrétt.

11. Formaður stjórnarnefndar netanna skal boða til funda. Stjórnarnefndin skal halda minnst þrjá almenna fundi á ári. Að auki skal stjórnarnefndin koma saman að beiðni formanns eða framkvæmdastjórnarinnar. Netstjórnandinn skal annast skrifstofuhald fyrir stjórnarnefnd netanna og formanninn.

12. Netstjórnandinn skal leggja til þau úrræði sem krafist er fyrir stofnun og starfsemi stjórnarnefndar netanna og starfshópa hennar.

IV. KAFLI

STJÓRNUN HÆTTUÁSTANDS NETANNA

19. gr.

Evrópski samráðshópurinn vegna hættuástands í flugi

1. Styðja skal við stjórnun hættuástands netanna með því að stofna evrópskan samráðshóp vegna hættuástands í flugi („evrópski hættuástandshópurinn“ (EACCC)). Með vinnu sinni skal evrópski hættuástandshópurinn stuðla að samræmingu viðbragða við hættuástandi netanna.

2. Af fastafulltrúum í evrópska hættuástandshópnum skal vera einn fulltrúi frá eftirfarandi:

a) aðildarríki sem hefur fengið umboð frá öllum aðildarríkjunum í þessum tilgangi,

b) framkvæmdastjórninni,

c) Flugöryggisstofnuninni,

d) Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu,

e) netstjórnandanum,

f) hermálayfirvöldum,

g) veitendum flugleiðsöguþjónustu,

h) rekstraraðilum flugvalla,

i) loftrýmisnotendum.

Framkvæmdastjórnin skal tilnefna þessa fulltrúa og varamenn þeirra. Tilnefningin skal gerð í kjölfar tillögu frá:

1) aðildarríkjunum, í því tilviki sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar,

2) Flugöryggisstofnuninni, Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu og netstjórnandanum, í því tilviki sem um getur í c-, d- og e-lið fyrstu undirgreinar, eftir því sem við á,

3) Varnarmálastofnun Evrópu, í því tilviki sem um getur í f-lið fyrstu undirgreinar,

4) viðkomandi evrópskum fulltrúasamtökum, í því tilviki sem um getur í g-, h- og i-lið fyrstu undirgreinar.

3. Hvert aðildarríki skal tilnefna tengilið (tengilið aðildarríkis) og einn til vara í evrópska hættuástandshópinn og greiða fyrir aðgangi þeirra að viðeigandi upplýsingum frá landsbundnu hættustjórnunarfyrirkomulagi sem takmarkast ekki við flugsviðið. Tengiliður aðildarríkis skal annast skyldur sínar í samræmi við starfsreglur evrópska hættuástandshópsins.

4. Með hliðsjón af eðli tiltekins hættuástands er evrópska hættuástandshópnum heimilt, í hverju tilviki fyrir sig, að leita aðstoðar sérfræðinga til að ákvarða viðbrögð sín við hættustjórnun.

5. Evrópski hættuástandshópurinn skal setja sér starfsreglur og gera breytingar á þeim til samþykktar hjá stjórnarnefnd netanna í samræmi við e-lið 1. mgr. 18. gr.

6. Netstjórnandinn skal leggja til þau úrræði sem krafist er fyrir stofnun og starfsemi evrópska hættuástandshópsins.

20. gr.

Ábyrgð netstjórnandans

Netstjórnandinn skal, ef þörf krefur, með stuðningi evrópska hættuástandshópsins:

a) samræma viðbrögð við hættuástandi netanna í nánu samstarfi við samsvarandi fyrirkomulag í aðildarríkjunum,

b) styðja við virkjun viðbragðsáætlana og samræmingu þeirra á vettvangi aðildarríkjanna, einkum fyrir tilstilli nets tengiliða í hverju ríki,

c) gera mildandi ráðstafanir á vettvangi netanna til að tryggja að brugðist sé tímanlega við hættuástandi netanna til að vernda netið og tryggja áframhaldandi rekstraröryggi þess. Í þessum tilgangi skal netstjórnandinn á óháðan hátt:

   i. vakta stöðu netanna allan sólarhringinn til að greina hættuástand netanna,

   ii. tryggja skilvirka upplýsingastjórnun og skilvirk samskipti með því að miðla nákvæmum, tímaréttum og samræmdum gögnum til að styðja aðildarríki og hagsmunaaðila í flugrekstri til að taka ákvarðanir um hvernig eigi að endurreisa netið í kjölfar hættuástands þess og/eða draga úr áhrifum hættuástandsins á netið,

   iii. greiða fyrir skipulagðri öflun og miðlægri geymslu þessara gagna,

d) upplýsa, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnina, Flugöryggisstofnunina eða aðildarríki um tækifæri til viðbótarstuðnings til þess að draga úr hættuástandinu, þ.m.t. samskipti við rekstraraðila annarra flutningsmáta sem geta greint og framkvæmt samþættar lausnir,

e) vakta og gefa evrópska hættuástandshópnum skýrslu um endurreisn netsins og viðnámsþol,

f) skipuleggja, greiða fyrir og framkvæma samþykkta áætlun um hermiæfingar í tengslum við hættuástand netsins með þátttöku aðildarríkja og hagsmunaaðila í flugrekstri í því skyni að undirbúa sig fyrir raunverulegt hættuástand,

g) þróa, framkvæma og vakta starfsáætlun og áhættuskrá.

V. KAFLI

SAMRÁÐ MILLI AÐILDARRÍKJANNA, VÖKTUN, SKÝRSLUGJÖF OG EFTIRLIT

21. gr.

Upplýsingar og samráð við aðildarríkin

1. Netstjórnandinn skal reglulega gefa framkvæmdastjórninni uppfærðar upplýsingar um framvindu framkvæmda í tengslum við starfsemi neta og ráðstafanir sem gripið hefur verið til. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríki um þessa framvindu og þessar ráðstafanir.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við aðildarríkin um mikilvæg málefni sem varða starfsemi neta og taka mið af áliti þeirra.

Þessi málefni skulu fela í sér:

a) heildarframmistöðu netsins,

b) framkvæmd netstjórnanda á ráðstöfunum til úrbóta sem um getur í 10. gr.,

c) tilnefningu formanns og fulltrúa í stjórnarnefnd netanna,

d) drög að skipulagsáætlun netanna og einkum markmið áætlunarinnar á fyrstu stigum,

e) drög að frammistöðuáætlun netanna,

f) drög að árlegri fjárhagsáætlun netstjórnandans,

g) ársskýrslu netstjórnandans,

h) drög að starfsreglum evrópska hættuástandshópsins,

i) nákvæmar skilgreiningar á samráðsferlinu auk ítarlegu vinnutilhögunarinnar og rekstrarferlisins sem um getur í 16. og 17. gr.,

j) álitamálin, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., sem ekki var skorið úr um á vettvangi hlutaðeigandi starfsemi netanna,

k) tilvikin sem um getur í 3. mgr. 10. gr.,

l) matið sem um getur í 5. gr.,

m) þróun og veitingu vöktunarverkefna, sem tengjast ATM/CNS-grunnvirkjum, og sameiginlegrar netstuðningsþjónustu varðandi framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, þ.m.t. samsvarandi kostnaðar- og ábatagreiningar.

Samráð um a-lið annarrar undirgreinar skal fara fram reglulega.

22. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Netstjórnandinn skal innleiða ferli fyrir stöðuga vöktun á öllu eftirfarandi:

a) rekstrarframmistöðu netsins,

b) ráðstöfunum sem gerðar eru og frammiðstöðu sem hagsmunaaðilar í flugrekstri og aðildarríkin hafa náð,

c) skilvirkni og hagkvæmni sameiginlegrar ákvarðanatöku við framkvæmd sérhvers starfsþáttar,

d) gæðum þjónustu sinnar í garð hagsmunaaðila í flugrekstri með sértækum vísum.

2. Markmið stöðugrar vöktunar skal vera að greina öll hugsanleg frábrigði frá skipulagsáætlun netanna og aðgerðaáætlun netanna. Í þessu ferli skulu hagsmunaaðilar í flugrekstri leggja netstjórnandanum lið með því að leggja fram gögn.

3. Netstjórnandinn skal árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina, stjórnarnefnd netanna og Flugöryggisstofnunina um ráðstafanirnar sem hann hefur gert til að inna af hendi verkefni sín og fara eftir ráðleggingum til að skera úr um álitamál sem varða netið. Skýrslan skal fjalla um hlutaðeigandi starfsemi netanna sem og heildarástand netanna og framkvæmd skipulagsáætlunar netanna, aðgerðaáætlunar netanna og frammistöðuáætlunar netanna auk árangursins við að ná markmiðum netstjórnandans til að tryggja gæði þjónustu í garð hagsmunaaðila í flugrekstri. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrsluna til aðildarríkjanna.

23. gr.

Eftirlit með netstjórnandanum

Framkvæmdastjórnin skal tryggja eftirlit með netstjórnandanum, að því er varðar að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og annarri löggjöf Sambandsins, einkum reglugerð (EB) nr. 2150/2005, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 390/2013 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 ([14]), framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 409/2013, og sameiginlegum verkefnum sem er komið á í samræmi við þá reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um niðurstöðu eftirlitsins.

([14]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu (Stjtíð ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31).

VI. KAFLI

SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

24. gr.

Þátttaka þriðju landa í starfi netstjórnandans

1. Þriðju lönd taka þátt í starfi netstjórnandans í samræmi við lög Sambandsins, sbr. þó og í samræmi við samkomulag við Sambandið.

2. Samstarfslönd, ásamt hagsmunaaðilum sínum í flugrekstri, geta tekið þátt í starfi netstjórnandans.

3. Netstjórnandinn getur hafið samstarf við veitendur flugleiðsöguþjónustu með staðfestu í öðrum löndum en þeim sem um getur í 1. og 2. mgr. innan Evrópusvæðis, Norður-Atlantshafssvæðis, Afríku- og Indlandshafssvæðis og Miðausturlandasvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ef þessi lönd eru þátttakendur í starfrænu loftrýmisumdæmi eða ef þátttaka þeirra hefur bein áhrif á frammistöðu netsins og til að tryggja viðeigandi svæðisbundið rekstrarsamhæfi og svæðisbundna samtengingu.

4. Í því skyni að bæta framkvæmd í tengslum við starfsemi neta og frammistöðu netsins getur netstjórnandinn einnig komið á samstarfi við veitendur flugleiðsöguþjónustu með staðfestu í löndum innan annarra svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar en þeim sem um getur í 3. mgr. í því skyni að skiptast á upplýsingum varðandi starfsemi neta.

VII. KAFLI

FJÁRMÖGNUN OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

25. gr.

Fjármögnun og fjárhagsáætlun netstjórnandans

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fjármagna verkefnin sem netstjórnandanum er falin á grundvelli flugleiðsögugjalda.

2. Netstjórnandinn skal ákvarða útgjöld sín með skýrum og gagnsæjum hætti.

3. Netstjórnandinn skal semja fjárhagsáætlun sem er:

a) fullnægjandi til að ná frammistöðumarkmiðunum í samræmi við frammistöðuáætlun netanna sem um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr.,

b) fullnægjandi til að hrinda í framkvæmd starfsáætlun hans sem um getur í j-lið 1. mgr. 7. gr.,

c) færð í aðskilið bókhald við aðstæður þar sem stofnunin, sem er tilnefnd sem netstjórnandi, innir einnig af hendi önnur verkefni en þau sem um getur í 7. gr.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 677/2011 er felld úr gildi.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

STARFSEMI Í TENGSLUM VIÐ HÖNNUN EVRÓPUNETS FLUGLEIÐA

A-HLUTI

Markmið og gildissvið

1. Markmið starfsemi í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða er að:

   a) þróa og hrinda í framkvæmd áætlun um úrbætur á Evrópuneti flugleiða til að tryggja örugga og skilvirka starfrækslu flugumferðar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til umhverfisáhrifa,

   b) greiða fyrir þróun á skipulagi loftrýmis, innan ramma áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða, sem tryggir nauðsynlegt öryggisstig, afkastagetu, sveigjanleika, viðbrögð, frammistöðu í umhverfismálum og veitingu flugleiðsöguþjónustu með skjótum og snurðulausum hætti, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þarfa er varða öryggi og varnir,

   c) tryggja svæðisbundinn tengjanleika og rekstrarsamhæfi Evrópunets flugleiða innan Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og aðliggjandi svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

2. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða er breytileg áætlun sem netstjórnandinn undirbýr í samstarfi við aðildarríki og hagsmunaaðila í flugrekstri. Áætlunin felur í sér niðurstöður rekstraraðgerða hans í tengslum við hönnun á neti flugleiða til skamms tíma og meðallangs tíma í samræmi við leiðbeinandi meginreglur skipulagsáætlunar netanna. Hún skal endurspegla alla þætti sem eru nauðsynlegir til að tryggja að evrópskt loftrými sé hannað sem ein eining og hún skal uppfylla frammistöðumarkmiðin innan alls Sambandsins sem eru ákvörðuð fyrir netstjórnandann í frammistöðukerfinu.

3. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða er hluti af sértækum hluta aðgerðaáætlunar netanna sem tengist hönnun Evrópunets flugleiða og felur í sér ítarlegar reglur um framkvæmd þess hluta skipulagsáætlunar netanna sem snýr að hönnun Evrópunets flugleiða.

4. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skal fela í sér:

   a) sameiginlegar almennar meginreglur til viðbótar við tækniforskriftir fyrir hönnun loftrýmis,

   b) kröfur fyrir herafla varðandi notkun loftrýmis,

   c) Evrópunet flugleiða og, ef mögulegt er, skipulag loftrýmis með frjálsum flugleiðum, sem er hannað til að uppfylla allar kröfur notenda með upplýsingum um öll verkefni sem varða breytingar á loftrýminu,

   d) reglur um notkun og tiltækileika flugleiðanetsins og loftrýmis með frjálsum flugleiðum,

   e) skiptingu loftrýmis í undirsvæði flugumferðarstjórnar til stuðnings við loftrými flugumferðarþjónustu,

   f) verklag við stjórnun loftrýma,

   g) ítarlega tímatöflu fyrir þróun breytinga á hönnun loftrýmis,

   h) tímatöflu um sameiginlegt birtingar- og framkvæmdarferli fyrir breytingar á reglum um skipulag og notkun loftrýmis fyrir tilstilli aðgerðaáætlunar netanna,

   i) yfirlit yfir núverandi og væntanlega stöðu netsins, þ.m.t. væntanleg frammistaða á grundvelli gildandi og samþykktra áætlana um hönnun loftrýmis.

B-HLUTI

Verklag við þróun áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða

1. Netstjórnandinn, aðildarríkin, loftrýmisnotendur og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig, skulu þróa áætlunina um úrbætur á Evrópuneti flugleiða með sameiginlegri ákvarðanatöku eins og um getur í 15. gr. Þau skulu beita meginreglunum um hönnun loftrýmisins sem settar eru fram í C-hluta þessa viðauka.

2. Við sameiginlegu ákvarðanatökuna skal fylgja ítarlegu vinnutilhöguninni og rekstrarferlinu sem netstjórnandinn á að ákvarða í samráði við sérfræðinga, þ.m.t. borgaraleg-/hermálaleg sjónarmið. Þessi vinnutilhögun skal þróuð í kjölfar samráðs við alla hagsmunaaðila. Samráð um vinnutilhögunina skal fara fram með reglulegu millibili sem endurspeglar þarfir starfseminnar í tengslum við hönnun Evrópunets flugleiða.

3. Til að tryggja fullnægjandi tengjanleika áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skulu netstjórnandinn og aðildarríkin taka þriðju lönd með í hið sameiginlega ákvarðanatökuferli í samræmi við 24. gr. Tryggja skal viðeigandi samstarf annars vegar á milli netstjórnandans og sérfræðinga stofnunarinnar hvað varðar ítarlega vinnutilhögun til að styðja við þróun áætlunarinnar um úrbætur á Evrópuneti flugleiða og hins vegar sérfræðinga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hvað varðar viðeigandi vinnutilhögun sem tekur til úrbóta á skilfleti flugleiðanetsins.

4. Verkefni varðandi hönnun loftrýmisins skulu vera samrýmanleg og í samræmi við áætlunina um úrbætur á Evrópuneti flugleiða. Hið minnsta eftirfarandi breytingar á verkefnum varðandi hönnun loftrýmis krefjast athugunar á samrýmanleika og nauðsynlegt er að tilkynna netstjórnandanum um þær:

   a) breytingar á legu flugleiðar,

   b) breytingar á stefnu flugleiðar,

   c) breytingar á tilgangi flugleiðar,

   d) lýsing á loftrými með frjálsum flugleiðum, þ.m.t. tilheyrandi reglur um notkun,

   e) reglur um notkun flugleiðar og tiltækileika hennar,

   f) breytingar á lóðréttum eða láréttum mörkum undirsvæða,

   g) viðbót við leiðarmið (e. *significant points*) eða fjarlæging þeirra,

   h) breytingar á nýtingu loftrýmis yfir landamæri,

   i) breytingar á hnitum leiðarmiða,

   j) breytingar sem hafa áhrif á gagnaflutninga,

   k) breytingar sem hafa áhrif á gögn sem eru birt í flugupplýsingahandbókum,

   l) breytingar sem hafa áhrif á samstarfssamninga að því er varðar hönnun loftrýmis og notkun þess.

5. Áætlunin um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skal háð stöðugri endurskoðun meðan á starfrækslu hennar stendur til að taka tilliti til nýrra eða breyttra krafna til loftrýmisins. Í því endurskoðunarferli skal tryggja stöðuga samræmingu við hermálayfirvöld.

C-HLUTI

Meginreglur um hönnun loftrýmis

1. Við þróun á áætluninni um úrbætur á Evrópuneti flugleiða skulu netstjórnandinn, aðildarríki og veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig, innan sameiginlega ákvarðanatökuferlisins, fylgja eftirfarandi meginreglum við hönnun loftrýmisins:

   a) ákvörðun og tilhögun skipulags loftrýmis skal byggjast á rekstrarlegum kröfum, óháð því hvort um sé að ræða svæðamörk landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis eða svæðamörk flugupplýsingasvæðis og skal ekki afmarkast af skilum á milli efra og neðra loftrýmis,

   b) hönnun loftrýmisskipulags skal byggjast á gagnsæju ferli sem gerir mögulegt að draga lærdóm af ákvörðunum, sem hafa verið teknar, og rökstuðningi fyrir þeim og skal við hönnunina tekið tillit til krafna allra notenda á sama tíma og öryggis-, afkastagetu- og umhverfisþættir eru samræmdir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hernaðarþarfa og þjóðaröryggis,

   c) núverandi umferðarþörf og spár um umferðarþörf, á vettvangi netsins og á staðarvísu, auk frammistöðumarkmiða skulu lögð til grundvallar áætluninni um úrbætur á Evrópuneti flugleiða í því skyni að fullnægja þörfum meginumferðarflæðis og flugvalla,

d) tryggja skal lóðrétta og lárétta tengingu, þ.m.t. tengiloftrými (e. *terminal airspace*) og skipulag loftrýmisins við skilflötinn,

e) möguleiki á að starfrækja flug á þarfagreindum flugleiðum og flugsniðum, eða eins nálægt þeim og mögulegt er, í leiðarhluta flugsins,

f) samþykkja skal mat og mögulega þróun á öllum tillögum að skipulagi loftrýmis frá hagsmunaaðilum sem þurfa að fara inn á svæðið starfs síns vegna, þ.m.t. loftrými með frjálsum flugleiðum, flugleiðir með mörgum möguleikum og skilyrtar flugleiðir,

g) við hönnun á skipulagi loftrýmis, þ.m.t. loftrými með frjálsum flugleiðum og undirsvæði flugumferðarstjórnar, skal tillit tekið til fyrirliggjandi eða fyrirhugaðs skipulags loftrýmis sem er ætlað fyrir starfsemi sem krefst þess að loftrými sé tekið frá eða höft sett á notkun þess. Í þessu skyni skal aðeins ákvarða skipulag sem er í samræmi við sveigjanlega notkun loftrýmis; slíkt skipulag skal samhæfa og skal það vera samræmt í gervöllu Evrópunetinu, að svo miklu leyti sem mögulegt er,

h) vinnan við hönnun undirsvæða flugumferðarstjórnar skal hefjast á þeirri flugleið sem er krafist eða með aðlögun á umferðarflæði innan endurtekningarferlis sem tryggir samrýmanleika milli flugleiða eða umferðarflæðis og undirsvæða,

i) undirsvæði flugumferðarstjórnar skulu hönnuð með þeim hætti að tilhögun undirsvæða fullnægi kröfum um umferðarflæði og sé sveigjanleg og í réttu hlutfalli við breytilega umferðarþörf,

j) í þeim tilvikum þegar hanna verður undirsvæði flugumferðarstjórnar, af ástæðum er varða rekstur, yfir landamæri eða svæðismörk landsbundins eða starfræns loftrýmisumdæmis eða svæðismörk flugupplýsingasvæðis, skal koma á samkomulagi um þjónustuveitingu milli viðkomandi hagsmunaaðila.

2. Netstjórnandinn, aðildarríki, starfræn loftrýmisumdæmi og veitendur flugleiðsöguþjónustu (þeir síðastnefndu sem hluti af starfrænu loftrýmisumdæmi eða hver fyrir sig), skulu tryggja, fyrir tilstilli sameiginlegrar ákvarðanatöku, að eftirfarandi meginreglur gildi að því er varðar nýtingu loftrýmis og stjórnun afkastagetu:

a) að skipulag loftrýmis sé þannig að það greiði fyrir notkun og stjórnun loftrýmis með sveigjanlegum og tímanlegum hætti að því er varðar valkosti í tengslum við flugleiðir, umferðarflæði, áætlanir fyrir tilhögun undirsvæða og tilhögun annars skipulags loftrýmis,

b) að skipulag loftrýmis gefi fleiri valkosti í tengslum við flugleiðir á sama tíma og tryggt sé að þær séu samræmdar með tilliti til fyrirliggjandi afkastagetu og takmarkana á hönnun undirsvæða.

D-HLUTI

Viðvarandi vöktun með árangri í tengslum við frammistöðu á vettvangi netsins

1. Til að tryggja að gerðar séu reglulegar úrbætur á frammistöðu skal netstjórnandinn, í kjölfar aðgerða og með sameiginlegri ákvarðanatöku, endurskoða reglulega skilvirkni loftrýmisskipulags sem hrint hefur verið í framkvæmd.

2. Í þessari endurskoðun skal einkum koma fram:

a) þróun umferðarþarfar,

b) frammistaða og takmarkanir í tengslum við afkastagetu og skilvirkni flugs að því er varðar ríkin, starfræn loftrýmisumdæmi eða á vettvangi netsins,

c) mat á nýtingu loftrýmis bæði út frá borgaralegu og hernaðarlegu sjónarhorni,

d) mat á skiptingu og tilhögun undirsvæða sem eru í notkun,

e) mat á heildstæði og samfellu skipulags loftrýmis.

———

II. VIÐAUKI

STARFSEMI FLÆÐISTJÓRNUNAR FLUGUMFERÐAR

A-HLUTI

Markmið og gildissvið

1. Markmið starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar er að:

   a) tryggja kostnaðarhagkvæma notkun tiltækrar afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,

   b) greiða fyrir skipulagningu, samræmingu og framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem hagsmunaaðilar grípa til,

   c) greiða fyrir að tillit sé tekið krafna heraflans og viðbragða við hættustjórnun,

   d) tryggja svæðisbundna samtengingu og rekstrarsamhæfi Evrópunetsins innan Evrópusvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og aðliggjandi svæða Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

2. Verklag við flæðisstjórnun flugumferðar og viðlagaverklagið, sem um getur í 15. lið B-hluta þessa viðauka, skulu tryggja betri fyrirsjáanleika í tengslum við flugumferð, hámarka tiltæka afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (þ.m.t. flugvellir) og miða að því að auka samræmi milli afgreiðslutíma flugvalla og flugáætlana.

3. Starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar skal fylgja ítarlegum vinnutilhögunum við framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar. Allir viðkomandi hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu fylgja reglum og verklagi sem tryggir að afkastageta flugumferðarstjórnar sé nýtt með öruggum hætti og til hins ítrasta.

4. Starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar skal ná yfir öll stig flæðisstjórnunar flugumferðar (skipulags-, forlausna-, úrlausna- og eftiraðgerðastig) eins og tilgreint er í ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í viðbætinum. Starfsemin skal vera í samræmi við þessi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

5. Starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar skal gilda um eftirfarandi aðila eða fulltrúa sem starfa fyrir þeirra hönd að flæðisstjórnunarferlum flugumferðar:

   a) flugrekendur,

   b) veitendur flugumferðarþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustudeildir, flugvarðstofur og flugturnsþjónustudeildir,

   c) veitendur upplýsingaþjónustu flugmála,

   d) einingar sem taka þátt í stjórnun loftrýma,

   e) rekstraraðila flugvalla,

   f) yfirstjórn flæðisstjórnunardeildar flugumferðar sem netstjórnandinn starfrækir,

   g) staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar, eins og um getur í 6. lið A-hluta þessa viðauka,

   h) samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma.

6. „Staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar“: flæðisstjórnunareining sem starfar fyrir hönd einnar eða fleiri annarra flæðistjórnunareininga sem skilflötur á milli yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildar eða hóps slíkra deilda. Deildina má starfrækja á vettvangi flugumferðarþjónustudeilda, á landsvísu, innan starfrænna loftrýmisumdæma eða annarra undirsvæða,

7. Staðbundnar flæðisstjórnunardeildir og netstjórnandinn, fyrir milligöngu yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar, skulu styðja við framkvæmd starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar.

B-HLUTI

Meginreglur um áætlanagerð og rekstrarstarfsemi

1. Netstjórnandinn og hagsmunaaðilar í flugrekstri skulu gera áætlun um og hrinda í framkvæmd verkefnum sem styðja við starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar að því er varðar:

a) öll stig flugs sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð og í samræmi við blindflugsreglur, að öllu leyti eða að hluta til,

b) öll stig flugs, sem um getur í a-lið, og rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. Tryggja skal viðeigandi samstarf og samræmingu milli netstjórnandans og vinnutilhögunar hans, sem styður við starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar, og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og viðeigandi vinnutilhögunar hennar sem nær yfir þætti flæðisstjórnunar flugumferðar á skilflötunum.

3. Herloftför, sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð, skulu falla undir ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar þegar þau eru starfrækt eða fyrirhugað er að starfrækja þau innan loftrýmis eða flugvalla þar sem ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar gilda.

4. Starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar skal byggjast á eftirfarandi meginreglum:

a) ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar skulu:

i. stuðla að rekstraröryggi og koma í veg fyrir óhóflega umferðarþörf samanborið við uppgefna afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvalla, þ.m.t. flugbrauta,

ii. nýta afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar til hins ýtrasta til þess að hámarka skilvirkni evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og lágmarka neikvæð áhrif á flugrekendur,

iii. hámarka afkastagetu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með því að flugumferðarþjónustudeildir þrói og beiti ráðstöfunum sem auka afköst,

iv. styðja við meðhöndlun hættulegra atburða.

b) við úthlutun afgreiðslutíma brottflugs, sem flæðistjórnun flugumferðar úthlutar, skal flugum forgangsraðað samkvæmt áætlaðri komu þeirra á þann stað sem ráðstöfun vegna flæðisstjórnunar flugumferðar mun gilda nema sérstakar aðstæður, t.d. þær sem eiga rætur sínar að rekja til þarfa um vernd og varnir, krefjist beitingar annarrar forgangsreglu sem er samþykkt og gagnast evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar,

c) tími flugleiða í áætlunar- og framkvæmdaráfanga skal samrýmast öllum ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem er beitt og skal netstjórnandinn senda flugrekendum, flugumferðarþjónustudeildum og staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar tilkynningu um það,

d) flug sem starfrækt eru frá landfræðilegu svæði þar sem ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar er beitt og aðliggjandi flugupplýsingasvæðum, eins og lýst er í viðeigandi gögnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, skulu falla undir afgreiðslutíma sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað. Flug sem starfrækt eru frá öðrum svæðum skulu undanþegin úthlutuðum afgreiðslutíma flæðisstjórnunar flugumferðar en skulu þó vera háð skilyrðum vegna flugleiða, umferðarstefnukerfa og flugtíma leiðar.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) aðgerðir flæðisstjórnunar flugumferðar séu aðgengilegar viðkomandi aðilum allan sólarhringinn og að staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar nái yfir tiltekið svæði, á grundvelli einkaréttar, að því er varðar loftrými á þeirra ábyrgð innan landfræðilega svæðisins þar sem ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar er beitt,

b) í því skyni að tryggja skilvirkt skipulag við loftrýmisúthlutun og skilvirka notkun loftrýmis, auk beinna tengsla milli stjórnunar loftrýma og flæðisstjórnunar flugumferðar, sé ákvarðað samræmt verklag fyrir samstarf milli aðila sem taka þátt í aðgerðum flæðisstjórnunar flugumferðar, flugumferðarþjónustudeilda og -eininga sem taka þátt í stjórnun loftrýmis,

c) sameiginlegt verklag um beiðni um undanþágu frá afgreiðslutíma brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar samrýmist ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í viðbætinum. Það verklag skal samræmt verklagi netstjórnandans fyrir milligöngu yfirstjórnar flæðisstjórnunardeildar flugumferðar og birt í flugupplýsingahandbók í hverju ríki fyrir sig.

6. Netstjórnandinn skal:

a) hámarka, með sameiginlegri ákvarðanatöku, heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar í tengslum við áætlanagerð, samræmingu og framkvæmd samþykktra ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, þ.m.t. umbreytingaráætlanir í tengslum við umfangsmiklar úrbætur á loftrými eða á kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar og slæm veðurskilyrði,

b) hafa samráð við flugrekendur um skilgreiningu á ráðstöfunum sem gerðar eru vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

c) komast að samkomulagi um vinnutilhögun við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar,

d) tryggja þróun, tiltækileika og skilvirka framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar (á öllum stigum) í samvinnu við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar; ef slíkar ráðstafanir hafa víðtækari netáhrif skal netstjórnandinn ákvarða, með sameiginlegri ákvarðanatöku, eðli þeirra ráðstafana sem grípa á til,

e) auðkenna varaflugleiðir, í samráði við staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar, til að forðast svæði þar sem flugumferð er mikil eða til að létta á þeim, að teknu tilliti til heildarframmistöðu evrópska netsins fyrir rekstrar-stjórnun flugumferðar,

f) bjóðast til að breyta flugleið þeirra fluga sem hefði í för með sér að áhrifin, sem um getur í e-lið, nýttust sem best,

g) í samráði við flugumferðarþjónustudeildir og staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar ákvarða, samræma og tryggja framkvæmd viðeigandi ráðstafana sem miða að því að veita nauðsynlega afkastagetu til að anna umferðarþörf á viðeigandi hlutum ábyrgðarsviðs þeirra,

h) veita flugrekendum, staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar og flugumferðarþjónustudeildum upplýs-ingar um aðgerðir flæðisstjórnunar flugumferðar með góðum fyrirvara, þ.m.t.:

i. um áætlaðar ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

ii. um áhrif ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar á flugtakstíma og flugsnið einstakra fluga,

i) vakta hve oft flugáætlanir vantar og hve oft margfaldar flugáætlanir eru skráðar,

j) fresta flugáætlun þegar ekki er hægt að nýta afgreiðslutíma brottflugs, að teknu tilliti til vikmarka fyrir tíma, sem flæðisstjórnun flugumferðar hefur úthlutað og nýr áætlaður hlaðfarartími er ekki þekktur,

k) vakta fjölda veittra undanþága frá ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

l) þróa, viðhalda og birta viðbragðsáætlanir þar sem tilgreindar eru aðgerðir sem viðkomandi hagsmunaaðilar eiga að grípa til ef upp kemur bilun í mikilvægum þætti í starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar á vettvangi netsins sem gæti dregið til muna úr afkastagetu eða valdið verulegri röskun á umferðarflæði, eða hvorttveggja,

m) deila viðeigandi greiningum og matsgerðum að loknum aðgerðum með hagsmunaaðilum í flugrekstri,

n) gera mögulegan viðeigandi undirbúning og fyrirsjáanleika fyrir evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, tryggja innleiðingu vinnutilhögunar til að safna í tæka tíð, frá loftrýmisnotendum, uppfærðum upplýsingum um umferðarþörf fyrir öll stig flæðisstjórnunar flugumferðar og deila þeim með staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar.

7. Flugumferðarþjónustudeildir skulu:

a) hafa samráð við netstjórnandann um ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, fyrir milligöngu staðbundinnar eða staðbundinna flæðisstjórnunardeilda flugumferðar, í því skyni að tryggja að valdar ráðstafanir miði að því að nýta heildaráhrif frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem best.

b) tryggja að ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar, sem gerðar eru á flugvelli, séu í samráði við viðkomandi rekstraraðila flugvallar til þess að tryggja skilvirkni í skipulagningu og notkun flugvalla í þágu allra viðkomandi hagsmunaaðila í flugrekstri,

c) tilkynna netstjórnandanum, fyrir milligöngu staðbundinnar flæðistjórnunardeildar flugumferðar, um alla atburði, þ.m.t. umbreytingaráætlanir í tengslum við umfangsmiklar úrbætur á loftrými eða á kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar og slæm veðurskilyrði, sem geta haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþörf og fyrirhugaðar mildandi ráðstafanir,

d) láta netstjórnandanum og staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar í té eftirfarandi gögn og síðari uppfærslur þeirra, eftir því sem er tæknilega mögulegt, með góðum fyrirvara og tryggja gæði þeirra:

i. um skipulag loftrýmis og flugleiða,

ii. um tiltækileika loftrýmis og flugleiða, þ.m.t. tiltækileiki með því að beita hugmyndinni um sveigjanlega notkun loftrýmis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2150/2005,

iii. um tilhögun undirsvæða flugumferðarþjónustudeildar og virkjun þeirra,

iv. um aksturstíma á flugvöllum og tilhögun flugbrauta,

v. um afkastagetu undirsvæða flugumferðarstjórnar og flugvalla, þ.m.t. flugbrauta,

vi. um uppfærða staðsetningu flugs,

vii. um frábrigði frá flugáætlunum,

viii. um raunverulegan flugtakstíma,

ix. um upplýsingar um starfhæfi grunnvirkja fyrir fjarskipti, leiðsögu og kögun og rekstrarstjórnunar flugumferðar.

8. Gögnin, sem um getur í d-lið 7. mgr., skulu gerð aðgengileg netstjórnandanum og hagsmunaaðilum í flugrekstri og þeir skulu gera þau aðgengileg öðrum.

9. Í því skyni að tryggja fyrirsjáanleika neta skal flugumferðarþjónustudeildin á brottfararflugvellinum tryggja að flug fái ekki heimild til flugtaks ef þau fylgja ekki áætluðum hlaðfarartíma, að teknu tilliti til fastsettra vikmarka fyrir tíma, eða ef flugáætlun hefur verið synjað eða frestað.

10. Staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar skulu:

a) gegna hlutverki tengiliðar og skilflatar milli netstjórnandans, sem veitir miðlæga flæðisstjórnun flugumferðar, annars vegar, og tilgreindra svæða og tengdra flugvalla, og flugumferðarþjónustudeilda (fyrir herflug eða almenningsflug), innan ábyrgðarsviða þeirra, hins vegar, á grundvelli hlutverka og ábyrgðarsviða sem eru samþykkt fyrir tilstilli viðeigandi vinnutilhögunar með netstjórnandanum,

b) ákvarða viðeigandi staðbundið verklag sem samrýmist því verklagi sem netstjórnandinn, sem veitir miðlæga flæðisstjórnun flugumferðar, hefur ákvarðað, þ.m.t. tímabundið verklag,

c) útvega netstjórnandanum, sem veitir miðlæga flæðisstjórnun flugumferðar, öll nauðsynleg staðbundin gögn vegna framkvæmdar í tengslum við starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar,

d) tryggja, í samráði við viðeigandi flugumferðarþjónustudeildir og netstjórnanda, sem veitir miðlæga flæðisstjórnun flugumferðar, viðeigandi framkvæmd ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar fyrir ákjósanlegasta flæði umferðar og jafnvægi milli þarfar og afkastagetu með því að samræma skilvirka notkun tiltækrar afkastagetu; ef þessar ráðstafanir hafa víðtækari áhrif á netið skal tryggja svæðisbundið samstarf á vegum netstjórnandans,

e) tilkynna netstjórnandanum um alla atburði, þ.m.t. umbreytingaráætlanir í tengslum við umfangsmiklar úrbætur á loftrými eða á kerfi rekstrarstjórnunar flugumferðar og slæm veðurskilyrði, sem geta haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþörf og fyrirhugaðar mildandi ráðstafanir,

f) tryggja, í samræmi við viðeigandi flugumferðarþjónustudeildir og netstjórnandann, greiningu að loknum aðgerðum í því skyni að greina úrræði til að betrumbæta frammistöðu netsins,

g) vera með reglulega uppfærðar og fyrirframskilgreindar viðbragðsáætlanir, þar sem tilgreint er hvernig stjórn svæðis á þeirra ábyrgð verði háttað til að gera netstjórnandanum kleift að aðstoða staðbundnar flæðisstjórnunardeildir flugumferðar við aðgerðir í tengslum við viðbragðsáætlanir. Þessum staðbundnu áætlunum skal deilt með netstjórnandanum og þær unnar í samráði við hann.

11. Ef flugvarðstofu er komið á fót skal hún greiða fyrir upplýsingaskiptum milli flugmanna eða flugrekenda og staðbundinna flæðisstjórnunardeildar flugumferðar eða netstjórnandans sem veitir miðlæga flæðisstjórnun flugumferðar.

12. Flugrekendur skulu:

a) leggja fram eina flugáætlun fyrir hvert fyrirhugað flug; skráð flugáætlun skal endurspegla með réttum hætti fyrirhugað flugsnið,

b) tryggja að allar viðeigandi ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar og breytingar þar að lútandi séu felldar inn í fyrirhugaða flugaðgerð,

c) taka þátt í vinnutilhöguninni, sem netstjórnandinn kemur á, sem greiðir fyrir framlagningu tímanlegra og uppfærðra upplýsinga um umferðarþörf fyrir öll stig flæðisstjórnunar flugumferðar.

13. Rekstraraðilar flugvalla skulu:

a) gera samkomulag við staðbundnar flugumferðarþjónustudeildir um að:

i. skiptast á og samræma allar upplýsingar um afkastagetu og umferðarþörf flugumferðar og þróun þeirra fyrir öll stig flæðisstjórnunar flugumferðar við starfsemi viðkomandi staðbundinna flæðisstjórnunardeilda flugumferðar, einkum áður en flugáætlanir eru birtar,

ii. tilkynna viðeigandi staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar og netstjórnandanum um alla atburði sem geta haft áhrif á afkastagetu flugumferðarstjórnar eða umferðarþörf.

b) koma á ferlum til að meta þörfina og áhrif á þörfina á sérstökum atburðum sem gilda um öll stig flæðisstjórnunar flugumferðar.

14. Að því er varðar samræmi á milli flugáætlana og afgreiðslutíma á flugvöllum:

a) ef samræmingarstjóri afgreiðslutíma á flugvöllum eða rekstraraðili flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma óskar eftir því, skal netstjórnandinn eða staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar láta þeim í té flugáætlunina fyrir flug, sem er starfrækt á þessum flugvelli, áður en flugið hefst; samræmingarstjórar afgreiðslutíma á flugvöllum eða rekstraraðilar flugvalla með skammtaðan afgreiðslutíma skulu hafa tiltækt grunnvirki sem er nauðsynlegt svo unnt sé að taka á móti flugáætlum frá netstjórnandanum eða staðbundinni flæðisstjórnunardeild flugumferðar,

b) fyrir brottför flugs skulu flugrekendur veita brottfarar- og komuflugvöllum nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera saman flugnúmerið sem kemur fram í flugáætluninni og flugnúmerið sem er tilkynnt fyrir samsvarandi afgreiðslutíma á flugvelli; netstjórnandinn, staðbundin flæðisstjórnunardeild flugumferðar, staðbundin flugumferðar-þjónustudeild eða rekstraraðili flugvallar skal annast þessa samsvörun, eftir því sem við á,

c) allir flugrekendur, rekstraraðilar flugvalla og flugumferðarþjónustudeildir skulu tilkynna samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvöllum um það þegar flugþjónusta er hvað eftir annað innt af hendi á tímum sem eru verulega frábrugðnir úthlutuðum afgreiðslutímum á flugvelli eða þegar afgreiðslutímar eru notaðir á þann hátt sem víkur verulega frá því sem tilgreint var við úthlutun afgreiðslutíma, ef það hefur áhrif á rekstur flugvallar eða aðgerðir flugumferðar,

d) netstjórnandinn skal tilkynna samræmingarstjóra afgreiðslutíma á flugvelli um það þegar flugþjónusta er hvað eftir innt af hendi á tímum sem eru verulega frábrugðnir úthlutuðum afgreiðslutíma á flugvelli eða þegar afgreiðslutímar eru notaðir á þann hátt sem víkur verulega frá því sem tilgreint var við úthlutun afgreiðslutíma, ef það hefur áhrif á flæðisstjórnun flugumferðar.

15. Við innleiðingu upplýsingakerfis um skipulagningu komu- og brottfaraflugs skulu hagsmunaaðilar í flugrekstri á tilteknum flugvelli tryggja fulla samræmingu við starfsemi netstjórnandans í því skyni að koma á og starfrækja upplýsingakerfið og tilheyrandi gagnaskipti.

16. Að því er varðar hættulega atburði:

a) skal netstjórnandinn þróa, viðhalda og birta verklag um flæðisstjórnun flugumferðar varðandi það hvernig meðhöndla skuli hættulega atburði. Í því skal tilgreina þær aðgerðir sem viðkomandi hagsmunaaðilar í flugrekstri eiga að grípa til ef upp kemur bilun í mikilvægum þætti netsins sem gæti dregið til muna úr afkastagetu eða valdið verulegri röskun á umferðarflæði, eða hvorttveggja,

b) við undirbúning fyrir hættulega atburði, skulu flugumferðarþjónustudeildir og rekstraraðilar flugvalla samræma mikilvægi og innihald viðlagaverklags með netstjórnandanum, staðbundnum flæðisstjórnunardeildum flugumferðar, flugrekendum sem verða fyrir áhrifum af völdum hættulegra atburða og, eins og við á, samræmingarstjórum afgreiðslutíma á flugvöllum, þ.m.t. hvers konar breytingar á forgangsreglum. Viðlagaverklag skal fela í sér:

i. skipulags- og samræmingarráðstafanir,

ii. ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til þess að stýra aðgangi að þeim svæðum sem urðu fyrir áhrifum í því skyni að hindra óhóflega umferðarþörf flugumferðar samanborið við afkastagetu sem gefin var upp fyrir allt loftrýmið, eða hluta þess, eða viðkomandi flugvelli,

iii. aðstæður, skilyrði og verklag við beitingu forgangsreglna fyrir flug þar sem tekið er tillit til mikilvægra hagsmuna aðildarríkjanna að því er varðar verndar- eða varnarstefnu þeirra.

iv. ráðstafanir til að endurheimta eðlilegt ástand.

C-HLUTI

Vöktun starfsemi flæðisstjórnun flugumferðar

1. Í því skyni að tryggja fyrirsjáanleika og frammistöðu evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skipta upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir og ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar og að farið sé eftir þeim höfuðmáli. Því skal koma á tiltekinni vöktun varðandi starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar 80% fluga, eða þar undir, fara að afgreiðslutíma brottflugs á ári sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar á brottfararflugvelli, eins og netstjórnandinn tilgreinir, skal flugumferðarþjónustudeild á þeim flugvelli veita viðeigandi upplýsingar um það þegar ekki er farið að afgreiðslutímanum og um aðgerðir, sem gripið er til, í því skyni að tryggja að farið sé að afgreiðslutímum brottflugs sem flæðisstjórnun flugumferðar úthlutar. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem hlutaðeigandi aðildarríki á að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

3. Flugumferðarþjónustudeild á viðkomandi flugvelli skal veita netstjórnandanum viðeigandi upplýsingar um þau tilvik þar sem ekki hefur verið farið að synjun eða frestun flugáætlunar og um aðgerðir sem gripið er til í því skyni að tryggja að farið sé að þeim. Tilgreina skal slíkar aðgerðir í skýrslu sem netstjórnandinn á að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

4. Ef veittar undanþágur eru yfir 0,6% af árlegum brottförum aðildarríkis skal netstjórnandinn tilkynna viðkomandi aðildarríki um það. Ef aðildarríki hefur fengið senda slíka tilkynningu skal það semja skýrslu, þar sem veittar eru upplýsingar um veittar undanþágur, og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina.

5. Netstjórnandinn skal tryggja að flugrekandanum sé tilkynnt þegar ekki er farið að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar sem hefur í för með sér beitingu krafna að því er varðar flugáætlanir sem vantar eða margfaldar skráningar flugáætlana. Ef flugrekandinn hefur fengið slíka tilkynningu skal hann semja skýrslu, þar sem veittar eru upplýsingar um aðstæðurnar og aðgerðirnar sem gripið er til, í því skyni að tryggja að farið sé að slíkum ráðstöfunum. Netstjórnandinn skal semja ársskýrslu, sem á að leggja fyrir framkvæmdastjórnina, þar sem er að finna upplýsingar um það þegar flugáætlanir vantar eða þegar skráðar eru margfaldar flugáætlanir.

6. Netstjórnandinn skal árlega meta að hve miklu leyti farið sé að ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar til að tryggja að allir hagsmunaaðilar í flugrekstri bæti samræmi sitt við þessar ráðstafanir.

7. Netstjórnandinn skal semja ársskýrslur og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina. Í skýrslunum skal tilgreina gæði starfsemi flæðisstjórnunar flugumferðar og ítarlegar upplýsingar um:

a) ástæður fyrir ráðstöfunum vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

b) áhrif ráðstafana vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

c) samræmi við ráðstafanir vegna flæðisstjórnunar flugumferðar,

d) framlag allra hagsmunaaðila í flugrekstri til að nýta heildaráhrif netsins sem best,

e) ráðleggingar um þessa mismunandi liði til að bæta frammistöðu netsins.

8. Netstjórnandinn skal tryggja að safnað sé saman og viðhaldið gögnum flæðisstjórnunar flugumferðar, sem tilgreind eru í þessum viðauka, þ.m.t. flugáætlanir, aðgerðaskrár og viðeigandi gögn sem málið varðar. Gögnin skulu varðveitt í tvö ár frá því þau voru lögð fram og gerð aðgengileg framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, flugumferðarþjónustudeildunum og flugrekendum, eftir því sem þörf krefur. Þessi gögn skulu einnig gerð aðgengileg samræmingarstjórum afgreiðslutíma á flugvöllum og rekstraraðilum flugvalla til að aðstoða þá við reglubundið mat á uppgefinni afkastagetu.

viðbætir

Skrá yfir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flæðisstjórnun flugumferðar

1. Liður 3.7.5 í 3. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í 11. viðauka við Chicago-samninginn — Flugumferðarþjónusta (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50A).
2. Ákvæði 3. kafla (Afkastageta flugumferðarþjónustu og flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 4444, Verklagsreglur fyrir flugleiðsöguþjónustu — Rekstrarstjórnun flugumferðar (PANS-ATM) (16. útgáfa, 2016 með breytingu nr. 7A).
3. Ákvæði 2. og 8. kafla (Flæðisstjórnun flugumferðar) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 7030, svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur fyrir Evrópu (5. útgáfa, 2007).

———

III. VIÐAUKI

STARFSEMI FJARSKIPTATÍÐNIEININGAR

A-HLUTI

Markmið og gildissvið

1. Markmiðin með þessari starfsemi er:

   a) að hámarka notkun evrópska fjarskiptatíðnirófsins fyrir flug með því að bæta verklagið við tíðnistjórnun og áætlunarviðmið í því skyni að koma í veg fyrir skort á tíðnisviðum sem myndi draga úr afkastagetu netsins,

   b) að auka gagnsæi starfsvenja við tíðnistjórnun svo hægt sé að framkvæma nákvæmt mat á skilvirkri tíðninotkunar og ákvarða lausnir til að mæta tíðniþörf í framtíðinni,

   c) að auka skilvirkni ferla við tíðnistjórnun með því að stuðla að bestu starfsvenjum og þróun samsvarandi aðferða.

2. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur skulu vera einhuga um heildarforgangsröðun starfseminnar í því skyni að bæta hönnun og rekstur evrópska flugnetsins. Þessi forgangsröðun skal skráð í formi tíðnihluta í skipulags- og aðgerðaáætlun netanna og skal haft samráð við hagsmunaaðila þar að lútandi. Einkum mætti í forgangsröðuninni taka til athugunar tiltekið tíðnisvið, svæði og þjónustu.

B-HLUTI

Kröfur um framkvæmd starfseminnar

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbæran aðila, yfirvald eða stofnun eða fyrirtæki sem landsbundinn tíðnistjórnanda sem ber ábyrgð á því að tryggja að úthlutun tíðni, breytingar á henni og afturköllun hennar fari fram í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og netstjórnandanum tímanlega nöfn og heimilisföng landsbundinna tíðnistjórnenda og um allar breytingar á tilnefningum.

2. Netstjórnandinn skal undirbúa og samræma skipulagsþætti tíðnirófsins er varða netið og skulu þeir skráðir með viðeigandi hætti í skipulags- og aðgerðaáætlun netanna. Netstjórnandinn skal styðja framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við undirbúning á sameiginlegri afstöðu á sviði flugsamgangna til að samræma framlag aðildarríkjanna á alþjóðavettvangi og einkum á sviði Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) og Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU).

3. Netstjórnandinn skal, að beiðni aðildarríkis, upplýsa framkvæmdastjórnina og grípa til aðgerða í samstarfi við framkvæmdastjórnina og Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu til að ráða bót á hvers konar álitamálum innan annarra atvinnugreina.

4. Landsbundnu tíðnistjórnendurnir skulu tilkynna netstjórnandanum um tilvik þar sem rafsegultruflanir hafa áhrif á evrópska flugnetið. Netstjórnandinn skal skrá tilvik um rafsegultruflanir og veita landsbundnum tíðnistjórnendum stuðning við mat sitt. Netstjórnandinn skal, að beiðni landsbundinna tíðnistjórnenda, samræma eða veita allan nauðsynlegan stuðning til að ráða bót á eða draga úr hættunni á slíkum tilvikum.

5. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur skulu halda áfram að þróa og bæta verklag við tíðnistjórnun, áætlunarviðmið, gagnasöfn og ferli til að bæta á hvaða hátt notendur almennrar flugumferðar nota og eigna sér fjarskiptatíðnirófið. Netstjórnandinn skal, að beiðni aðildarríkjanna, leggja til að gildissvið þessarar þróunar verði rýmkað þannig að það taki til svæðisbundna stigsins.

6. Þegar þörf er á tíðniúthlutun skal einstaklingurinn eða stofnunin, sem sækir um notkun á tíðni, leggja beiðni fyrir viðkomandi landsbundinn tíðnistjórnanda, þ.m.t. öll viðeigandi gögn og rökstuðning.

7. Landsbundnir tíðnistjórnendur og netstjórnandinn skulu meta og forgangsraða tíðnibeiðnum á grundvelli rekstrarlegra krafna og samþykktra viðmiðana. Netstjórnandinn skal, í samstarfi við landsbundna tíðnistjórnendur, ákvarða hvaða áhrif tíðnibeiðnir hafa á netið. Netstjórnandinn skal ákvarða viðmiðanir vegna mats og forgangsröðunar í samráði við landsbundna tíðnistjórnendur og viðhalda og uppfæra þær eftir það, eins og þörf krefur.

8. Þegar ekki gætir neinna áhrifa á netið skulu landsbundnir tíðnistjórnendur ákvarða hæfilega tíðni/tíðnir sem svar við tíðnibeiðninni, að teknu tilliti til krafnanna í 12. lið.

9. Þegar áhrifa gætir á netið skal netstjórnandinn ákvarða hæfilega tíðni/tíðnir sem svar við tíðnibeiðninni, að teknu tilliti til eftirfarandi krafna:

   a) nauðsynjar þess að tryggja örugga fjarskipta-, leiðsögu- og kögunargrunnvirkjaþjónustu,

   b) nauðsynjar þess að hámarka notkun úrræða sem takmarkast við fjarskiptatíðniróf,

   c) nauðsynjar þess að aðgangur að fjarskiptatíðnirófi sé kostnaðarhagkvæmur, réttlátur og gagnsær,

   d) rekstrarlegra krafna umsækjanda/umsækjenda og hagsmunaaðila í flugrekstri,

   e) áætlaðrar þarfar fyrir fjarskiptatíðniróf í framtíðinni,

   f) ákvæða í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um evrópska tíðnistjórnun (*ICAO European Frequency Management Manual*).

10. Ef ekki er mögulegt að ákvarða hentuga tíðni, eins og um getur í 11. og 12. lið, geta landsbundnir tíðnistjórnendur óskað eftir því að netstjórnandinn framkvæmi sérstaka leit að tíðni. Til þess að auðkenna lausnir fyrir landsbundna tíðnistjórnendur getur netstjórnandinn, með stuðningi landsbundinna tíðnistjórnenda, framkvæmt sérstaka skoðun á stöðu tíðninotkunar á hlutaðeigandi landfræðilegu svæði.

11. Landsbundni tíðnistjórnandinn skal úthluta viðeigandi tíðni eða tíðnum, eins og skilgreint er í 12. eða 13. lið.

12. Landsbundni tíðnistjórnandinn skal skrá hverja úthlutun tíðni í miðlægu skrána með eftirfarandi upplýsingum:

   a) gögnum samkvæmt skilgreiningu í handbók Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um evrópska tíðnistjórnun, þ.m.t. tilheyrandi tæknileg og rekstrarleg gögn,

   b) strangari kröfum um gögn eins og um getur í 6. lið,

   c) lýsingu á rekstrarlegri notkun þeirrar tíðni sem var úthlutað,

   d) samskiptaupplýsingum um hagsmunaaðila í flugrekstri sem nýtir sér úthlutunina.

   Aðildarríkin skulu nota miðlægu skrána til að uppfylla stjórnsýslulega skyldu sína gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni hvað varðar skráningu á tíðniúthlutunum.

13. Við úthlutun tíðni til umsækjanda skal landsbundni tíðnistjórnandinn tilgreina skilyrði fyrir notkun. Í þessum skilyrðum skal að lágmarki tilgreina að tíðniúthlutun:

   a) heldur gildi sínu svo framarlega sem hún er notuð til að uppfylla þær rekstrarlegu kröfur sem umsækjandinn hefur lýst,

   b) geti haft í för með sér beiðni um tíðnihliðrun og að framkvæma verði slíka hliðrun innan takmarkaðs tímaramma,

   c) geti verið breytingum háð þegar rekstrarleg notkunin, sem umsækjandinn lýsir, breytist.

14. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu tryggja að einstaklingur eða stofnun eða fyrirtæki, sem fær úthlutað viðkomandi tíðni, sjái um að hliðra tíðninni, breyta henni eða afturkalla hana, innan samþykkts tímaramma og að miðlæga skráin sé uppfærð til samræmis við það. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu áframsenda viðeigandi rökstuðning til netstjórnandans þegar ekki er unnt að framkvæma þessar aðgerðir.

15. Landsbundnir tíðnistjórnendur skulu tryggja að upplýsingarnar, sem um getur í B-hluta 12. liðar, um allar tíðniúthlutanir, sem notaðar eru í evrópska flugnetinu, séu tiltækar í miðlægu skránni.

16. Netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur skulu sjá um að vakta og leggja mat á flugtíðnisvið og tíðniúthlutanir á grundvelli gagnsæs verklags til þess að tryggja rétta og skilvirka notkun. Netstjórnandinn skal ákvarða slíkt verklag í samráði við landsbundna tíðnistjórnendur og viðhalda því og uppfæra það, eins og nauðsyn krefur. Netstjórnandinn skal einkum greina hvers konar misræmi milli miðlægu skrárinnar, rekstrarlegs tilgangs og raunverulegrar notkunar úthlutaðrar tíðni sem gæti haft skaðleg áhrif á starfsemi fjarskiptatíðnieiningarinnar. Netstjórnandinn skal tilkynna landsbundna tíðnistjórnandanum um slíkt misræmi í því skyni að finna lausn á því innan samþykkts tímaramma.

17. Netstjórnandinn skal tryggja að sameiginleg verkfæri séu tiltæk til að styðja við miðlæga og landsbundna áætlanagerð, samræmingu, skráningu, endurskoðun og bestun. Einkum skal netstjórnandinn þróa verkfæri til að styðja við greiningu á gögnum í miðlægu skránni með hliðsjón af því að vakta skilvirkni starfseminnar og til að skipuleggja bestunarferli fyrir tíðnina ásamt því að hrinda ferlinu í framkvæmd skv. 7. lið.

C-HLUTI

Kröfur varðandi skipulag starfsemi fjarskiptatíðnieiningar

1. Sameiginlega ákvarðanatakan meðal landsbundinna tíðnistjórnenda og netstjórnandans skal byggjast á fyrirkomulagi sem felur a.m.k. í sér:

   a) viðmiðanir vegna mats á rekstrarlegum kröfum og forgangsröðun þeirra,

   b) lágmarkstímamörk vegna samræmingar á nýjum eða breyttum úthlutunum fjarskiptatíðna,

   c) kerfi sem tryggir að netstjórnandinn og landsbundnir tíðnistjórnendur uppfylli viðeigandi frammistöðumarkmið á vettvangi Evrópusambandsins,

   d) að bætt verklag, viðmiðanir og ferli við tíðnistjórnun hafi ekki truflandi áhrif á það sem notað er í öðrum löndum innan ramma svæðisbundins verklags Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

   e) kröfur til að tryggja að aðildarríkin efni til samráðs sín á milli um nýtt eða breytt stjórnunarfyrirkomulag og við alla hagsmunaaðilum, sem verða fyrir áhrifum, á landsvísu og á evrópskum vettvangi.

2. Þróun þessa fyrirkomulags við samræmingu fjarskiptatíðni skal fara fram í samstarfi við landsbundna tíðnistjórnendur og skal dregið úr fastakostnaði eftir því sem kostur er.

3. Samræming við þriðju lönd, sem taka ekki þátt í starfi netstjórnandans, varðandi notkun fjarskiptatíðni á skipulags- eða úrlausnarstiginu, skal fara fram fyrir tilstilli svæðisbundinnar vinnutilhögunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þetta skal gert með það fyrir augum að veita þriðju löndum aðgang að starfi netstjórnandans.

4. Aðildarríki skulu tryggja að notkun hernaðarlegra notenda á flugtíðnisviðum sé, með sameiginlegri ákvarðanatöku, samræmd á viðeigandi hátt við starfsemi landsbundnu tíðnistjórnendanna og netstjórnandans.

———

IV. VIÐAUKI

STARFSEMI RATSJÁRSVARAKÓÐAEININGAR

A-HLUTI

Markmið og almennar kröfur

Ratsjársvarakóði:

1. Markmiðin með þessari starfsemi eru:

   a) að bæta áreiðanleika ferlisins við kóðaúthlutun með því að úthluta öllum hlutaðeigandi hagsmunaaðilum skýr hlutverk og ábyrgðarsvið, með heildarframmistöðu netsins sem miðpunkt ákvörðunar fyrir úthlutun kóða,

   b) að tryggja aukið gagnsæi í úthlutun kóða og varðandi raunverulega notkun kóðans sem gerir kleift að fá betra mat á heildarskilvirkni netsins.

2. Netstjórnandi skal úthluta aðildarríkjunum og veitendum flugleiðsöguþjónustu ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá með þeim hætti að tryggt sé að dreifing þeirra sé eins örugg og skilvirk og hugsast getur, að teknu tilliti til eftirfarandi:

   a) rekstrarlegra krafna allra hagsmunaaðila í flugrekstri,

   b) raunverulegs og áætlaðs stigs flugumferðar,

   c) krafna um notkun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá í samræmi við viðeigandi ákvæði svæðisbundinnar flugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (framkvæmdarskjal um búnað og þjónustu (FASID)) fyrir Evrópusvæðið ásamt tilheyrandi leiðbeiningarefni (*ICAO Regional Air Navigation Plan, European Region Facilities and Services Implementation Document and guidance material*).

3. Netstjórnandinn skal veita aðildarríkjunum, veitendum flugleiðsöguþjónustu og þriðju löndum aðgang að skrá yfir úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá þar sem er að finna fullnægjandi og uppfærða lýsingu á úthlutun kóða fyrir kögunarsvarratsjá.

4. Netstjórnandinn skal innleiða formlegt ferli fyrir ákvörðun, mat og samræmingu krafna fyrir úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, að teknu tilliti til ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sem krafist er til allra almennra og hernaðarlegra nota.

5. Formlega ferlið, sem mælt er fyrir um í 4. lið, skal að lágmarki fela í sér viðeigandi umsamda málsmeðferð, tímamörk og frammistöðumarkmið til að ljúka eftirfarandi verkefnum:

   a) framlagningu umsókna um úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   b) mati á umsóknum um úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   c) samræmingu tillagna að breytingum á úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá meðal aðildarríkjanna í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta,

   d) reglulegri endurskoðun á úthlutunum kóða og þörf á þeim í því skyni að besta ástandið, þ.m.t. endurúthlutun á fyrirliggjandi kóðum,

   e) reglulegri breytingu, samþykki og dreifingu á heildarskrá yfir úthlutanir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sem um getur í 3. lið,

   f) tilkynningu, mati og lausn á ófyrirséðum ágreiningi varðandi úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

   g) tilkynningu, mati og leiðréttingu á röngum úthlutunum ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem uppgötvast við eftirlit með varðveittum kóðum,

   h) tilkynningu, mati og lausn á ófyrirséðum skorti á úthlutunum ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

   i) framlagningu gagna og upplýsinga í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í C-hluta.

6. Netstjórnandinn skal hafa eftirlit með því hvort umsóknir um úthlutanir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá, sem eru mótteknar sem hluti af ferlinu sem mælt er fyrir um í 4. lið, samrýmist kröfum ferlisins að því er varðar viðteknar reglur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar loffari er úthlutað ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sé stuðst við skrána yfir úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sem um getur í 3. lið.

8. Netstjórnandinn skal, fyrir hönd aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu, starfrækja miðlægt úthlutunar- og stjórnunarkerfi fyrir ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá vegna sjálfvirkrar úthlutunar ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá til almennrar flugumferðar.

9. Netstjórnandinn skal innleiða verklag og aðferðir við reglulegt mat og úttekt á raunverulegri notkun aðildarríkja og veitenda flugleiðsöguþjónustu á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá.

10. Netstjórnandinn, aðildarríki og veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu koma sér saman um áætlanir og verklag til að styðja við reglubundna greiningu og auðkenningu krafna sem gerðar verða til ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá í framtíðinni. Þessi greining skal fela í sér auðkenningu mögulegra áhrifa á frammistöðu af völdum fyrirséðs skorts á úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá.

11. Netstjórnandinn skal þróa og viðhalda rekstrarhandbókum sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að starfsemi neta geti farið fram í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Þessum rekstrarhandbókum skal dreift og þeim viðhaldið í samræmi við viðeigandi ferli gæða- og skjalastjórnunar.

Spurnarkóði S-starfsháttar:

12. Markmiðin með þessu ferli eru sem hér segir:

    a) framkvæma samræmda úthlutun spurnarkóða S-starfsháttar til að auka heildarskilvirkni netsins,

    b) tryggja lagalegan grundvöll til að bæta framfylgd og eftirlit.

13. Netstjórnandinn skal úthluta spurnarkóðum til spyrjenda sem nota S-starfsháttar við almenna og hernaðarlega notkun með þeim hætti að kögun fyrir flugumferð og samræming milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda sé sem öruggust og skilvirkust, að teknu tilliti til eftirfarandi:

    a) rekstrarlegra krafna allra hagsmunaaðila í flugrekstri,

    b) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 ([1]),

    c) nauðsynlegrar stjórnunar á spurnarkóðum sem nota S-starfsháttar í samræmi við ákvæði evrópskra meginreglna og aðferða við úthlutun spurnarkóða fyrir kögunarsvarratsjá í S-starfshætti (EUR-skjal Alþjóðaflugmálastjórnarinnar nr. 024).

14. Netstjórnandinn skal, fyrir hönd aðildarríkjanna, starfrækja miðlægt úthlutunarkerfi fyrir spurnarkóða ([2]) að því er varðar samræmda úthlutun spurnarkóða til spyrjenda sem nota S-starfsháttar.

15. Aðildarríki skulu veita notendum S-starfsháttar miðlæga úthlutunarþjónustu fyrir spurnarkóða með því að nota úthlutunarkerfið fyrir spurnarkóða.

16. Netstjórnandinn skal ávallt hafa tiltæka fyrir aðildarríki, notendur S-starfsháttar og þriðju lönd úthlutunaráætlun fyrir spurnarkóða sem felur í sér nýjasta samþykkta heildarsafn úthlutunar á spurnarkóðum á Evrópusvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

17. Netstjórnandinn skal innleiða formlegt ferli fyrir ákvörðun, mat og samræmingu krafna fyrir úthlutun spurnarkóða, að teknu tilliti til spurnarkóða sem krafist er til allra almennra eða hernaðarlegra nota.

18. Formlega ferlið, sem mælt er fyrir um í 17. lið, skal að lágmarki fela í sér viðeigandi umsamda málsmeðferð, tímamörk og frammistöðumarkmið til að ljúka eftirfarandi verkefnum:

    a) framlagningu umsókna um úthlutun spurnarkóða,

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 262/2009 frá 30. mars 2009 um kröfur um samræmda úthlutun og notkun á spurnarkóðum kögunarsvarratsjár (Mode S) fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð ESB L 84. 31.3.2009, bls. 20).

([2]) Eins og skilgreint er í 11. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 262/2009.

b) mati á umsóknum um úthlutun spurnarkóða,

c) samræmingu tillagna að breytingum á úthlutun spurnarkóða meðal aðildarríkjanna í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta,

d) reglulegri endurskoðun á úthlutunum spurnarkóða og þörf á þeim í því skyni að bæta ástandið, þ.m.t. endurúthlutun á fyrirliggjandi spurnarkóðum,

e) reglulegri breytingu, samþykki og dreifingu á heildaráætlun yfir úthlutanir spurnarkóða sem um getur í 16. lið,

f) tilkynningu, mati og lausn á ófyrirséðu misræmi spurnarkóða meðal spyrjanda sem nota S-starfshátt,

g) tilkynningu, mati og lausn á ófyrirséðum skorti á úthlutun á spurnarkóðum,

h) framlagningu gagna og upplýsinga í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í C-hluta.

19. Netstjórnandinn skal hafa eftirlit með því hvort umsóknir um úthlutanir spurnarkóða, sem mótteknar eru sem hluti af ferlinu sem mælt er fyrir um í 18. lið, samrýmist kröfum ferlisins að því er varðar viðteknar reglur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning.

20. Sem hluti af ferlinu, sem mælt er fyrir um í 18. lið, skal netstjórnandinn:

a) framkvæma sýndaruppfærslu á úthlutunaráætlun fyrir spurnarkóða á grundvelli þeirra umsókna sem bíða afgreiðslu,

b) undirbúa fyrirhugaða uppfærslu á úthlutunaráætluninni fyrir spurnarkóða til samþykktar hjá aðildarríkjunum sem verða fyrir áhrifum af henni,

c) tryggja að fyrirhuguð uppfærsla á úthlutunaráætluninni fyrir spurnarkóða uppfylli, eftir því sem frekast er unnt, rekstrarlegar kröfur umsóknarinnar um spurnarkóða,

d) uppfæra og tilkynna aðildarríkjunum um úthlutunaráætlunina fyrir spurnarkóða um leið og hún hefur verið samþykkt, með fyrirvara um landsbundna málsmeðferð við tilkynningu upplýsinga um spyrjendur sem nota S-starfshátt og herinn starfrækir.

21. Netstjórnandinn skal innleiða verklag og aðferðir við reglulegt mat og úttekt á almennri og hernaðarlegri notkun í raun á spurnarkóðum sem nota S-starfshátt.

22. Netstjórnandinn, aðildarríki og notendur S-starfsháttar skulu koma sér saman um áætlanir og verklag til að styðja við reglubundna greiningu og auðkenningu krafna sem gerðar verðar til spurnarkóða S-starfsháttar í framtíðinni. Þessi greining skal fela í sér auðkenningu á mögulegum áhrifum á frammistöðu af völdum fyrirséðs skorts á úthlutun á spurnarkóðum.

23. Netstjórnandinn skal þróa og viðhalda rekstrarhandbókum sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að starfsemi neta geti farið fram í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar. Þessum rekstrarhandbókum skal dreift og þeim viðhaldið í samræmi við viðeigandi ferli gæða- og skjalastjórnunar.

B-HLUTI

Kröfur varðandi sérstaka samráðsfyrirkomulagið

Ratsjársvarakóði:

1. Netstjórnandinn skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til samræmingar og samráðs varðandi ítarlegt fyrirkomulag við úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá. Þetta fyrirkomulag skal:

a) tryggja að tekið sé tillit til áhrifa vegna notkunar á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá í þriðju löndum með því að taka þátt í vinnutilhögun um stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum svæðisbundinnar flugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (framkvæmdarskjali um búnað og þjónustu (FASID)) fyrir Evrópusvæðið (*ICAO Regional Air Navigation Plan, European Region Facilities and Services Implementation Document*),

b) tryggja að skráin yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá, sem um getur í 3. lið A-hluta, sé samrýmanleg áætluninni um kóðastjórnun sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum svæðisbundinnar flugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (framkvæmdarskjali um búnað og þjónustu (FASID)) fyrir Evrópusvæðið,

c) tilgreina kröfur til að tryggja að viðeigandi samráð eigi sér stað við hlutaðeigandi aðildarríki um nýtt eða breytt fyrirkomulag í tengslum við stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

d) tilgreina kröfur til að tryggja að viðeigandi samráð eigi sér stað á landsvísu milli aðildarríkja og allra hagsmunaaðila, sem málið snertir, um nýtt eða breytt fyrirkomulag í tengslum við stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá,

e) tryggja að samræming á notkun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá á skipulags- og úrlausnarstiginu fari fram fyrir tilstuðlan vinnutilhögunar um stjórnun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá sem sett er fram í viðeigandi ákvæðum svæðisbundinnar flugleiðsöguáætlunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (framkvæmdarskjali um búnað og þjónustu (FASID)) fyrir Evrópusvæðið,

f) tilgreina lágmarkstímamörk fyrir samræmingu og samráð vegna tillagna um nýjar eða breyttar úthlutanir á spyrjendakóðum og ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

g) tryggja að breytingar á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá séu háðar samþykki þeirra aðildarríkja sem breytingin hefur áhrif á,

h) tilgreina kröfur til að tryggja að breytingar á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá séu sendar öllum hagsmunaaðilum um leið og þær hafa verið samþykktar, sbr. þó landsbundið verklag við miðlun upplýsinga um hvernig hermálayfirvöld nota ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár,

2. Netstjórnandinn skal, í samráði við landsbundin hermálayfirvöld, tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að staðfesta að úthlutun og notkun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá til hernaðarnota hafi engin skaðleg áhrif á öryggi eða skilvirkt flæði almennrar flugumferðar.

Spurnarkóði S-starfsháttar:

3. Netstjórnandinn skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til samræmingar og samráðs varðandi ítarlegt fyrirkomulag við úthlutun spurnarkóða S-starfsháttar. Þetta fyrirkomulag skal:

a) tilgreina lágmarkstímamörk fyrir samræmingu og samráð vegna tillagna um nýjar eða breyttar úthlutanir á spurnarkóða S-starfsháttar,

b) tryggja að breytingar á skránni yfir úthlutanir á spurnarkóða S-starfsháttar séu háðar samþykki þeirra aðildarríkja sem breytingin hefur áhrif á,

c) tryggja að samræming á notkun spurnarkóða sem nota S-starfsháttar á skipulags- og úrlausnarstiginu fari fram fyrir tilstuðlan vinnutilhögunar um stjórnun spurnarkóða S-starfsháttar,

d) tilgreina kröfur til að tryggja að breytingar á áætluninni yfir úthlutanir á spurnarkóðum S-starfsháttar séu sendar öllum hagsmunaaðilum um leið og þær hafa verið samþykktar, sbr. þó landsbundið verklag vegna miðlunar upplýsinga um hvernig hermálayfirvöld nota spurnarkóða S-starfsháttar eða ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár,

4. Netstjórnandinn skal tryggja að viðeigandi samráð með sameiginlegri ákvarðanatöku eigi sér stað við hlutaðeigandi aðildarríki um nýtt eða breytt fyrirkomulag í tengslum við stjórnun spurnarkóða.

5. Netstjórnandinn skal, í samráði við landsbundin hermálayfirvöld, tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að staðfesta að úthlutun og notkun spurnarkóða S-starfsháttar til hernaðarnota hafi engin skaðleg áhrif á öryggi eða skilvirkt flæði almennrar flugumferðar.

C-HLUTI

Kröfur um veitingu gagna

Ratsjársvarakóði:

1. Umsóknir, sem lagðar eru fram í tengslum við nýjar eða breyttar úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá, skulu samrýmast kröfum ferlisins að því er varðar viðteknar reglur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning sem mælt er fyrir um í 4. lið í A-hluta.

2. Aðildarríkin skulu láta netstjórnandanum í té eftirfarandi gögn og upplýsingar, innan samþykktra tímamarka sem netstjórnandinn setur, til að styðja við útfærslu á starfsemi neta vegna ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá:

   a) uppfærða skrá yfir úthlutun og notkun allra ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjár, sem fellur undir þeirra ábyrgðarsvið, með fyrirvara um verndartakmarkanir í tengslum við fullnægjandi upplýsingar um tilteknar úthlutanir á kóðum til hernaðarlegra nota sem eru ekki notaðir fyrir almenna flugumferð,

   b) rökstuðning til að sýna fram á að þær úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár sem fyrir eru og sem sótt er um séu það lágmark sem nauðsynlegt er til að uppfylla rekstrarlegar kröfur,

   c) upplýsingar um allar úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá sem ekki er þörf á lengur með tilliti til rekstursins og sem mætti því endurúthluta innan netsins,

   d) tilkynningar um allan raunverulegan og ófyrirséðan skort í tengslum við úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár,

   e) upplýsingar um allar breytingar á fyrirkomulagi uppsetningar eða rekstrarstöðu kerfa eða kerfishluta sem geta haft áhrif á úthlutun ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá fyrir flugferðir.

3. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu láta netstjórnandanum í té eftirfarandi gögn og upplýsingar, innan samþykktra tímamarka sem netstjórnandinn setur, til að styðja við útfærslu á starfsemi neta vegna ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá:

   a) samtengdar stöðutilkynningar að því er varðar bætt úrlausnakerfi við flæðistjórnun (*Enhanced Tactical Flow Management System*) sem innihalda úthlutaða ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá fyrir almenna flugumferð vegna starfrækslu flugs samkvæmt blindflugsreglum,

   b) skýrslur um raunverulegt, ófyrirséð misræmi eða hættu vegna raunverulegrar rekstrarúthlutunar á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjár, þ.m.t. upplýsingar um hvernig fundin var lausn á misræminu.

4. Í svörum aðildarríkjanna og veitenda flugleiðsöguþjónustu við samræmingu á tillögum að breytingum á úthlutunum á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá og uppfærslu á skránni yfir úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá skal að lágmarki unnt að:

   a) greina hvort fyrirséð sé misræmi eða hætta í tengslum við úthlutanir á ratsjársvarakóðum fyrir kögunarsvarratsjá,

   b) staðfesta hvort rekstrarlegar kröfur eða skilvirkni verði fyrir neikvæðum áhrifum,

   c) staðfesta að mögulegt sé að hrinda í framkvæmd breytingum á úthlutunum á ratsjársvarakóða fyrir kögunarsvarratsjá í samræmi við kröfur um tímamörk.

Spurnarkóði S-starfsháttar:

5. Umsóknir, sem lagðar eru fram í tengslum við nýjar eða breyttar úthlutanir á spurnarkóða, skulu samrýmast kröfum ferlisins að því er varðar viðteknar reglur um snið og gögn, heildstæðni, nákvæmni, tímanleika og rökstuðning sem mælt er fyrir um í 17. lið í A-hluta.

6. Aðildarríkin skulu láta netstjórnandanum í té eftirfarandi gögn og upplýsingar, innan samþykktra tímamarka sem netstjórnandinn setur, til að styðja við úthlutunarþjónustu fyrir spurnarkóða:

   a) eiginleika spyrjenda sem nota S-starfsháttar, eins og tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 262/2009,

   b) upplýsingar um allar breytingar á fyrirkomulagi uppsetningar eða rekstrarstöðu spyrjenda sem nota S-starfsháttar eða kerfishluta sem geta haft áhrif á úthlutun spurnarkóða til spyrjenda sem nota S-starfsháttar.

   c) rökstuðning til að sýna fram á þær úthlutanir á spurnarkóðum sem fyrir eru og sem sótt er um séu það lágmark sem nauðsynlegt er til að uppfylla rekstrarlegar kröfur,

   d) úthlutanir á spurnarkóðum sem ekki er þörf á lengur með tilliti til rekstursins og sem mætti því endurúthluta innan netsins,

   e) tilkynningar um allan raunverulegan og ófyrirséðan skort í tengslum við úthlutanir á spurnarkóðum.

7. Netstjórnandinn skal nota svör aðildarríkja við gerð tillögu að úthlutunaráætluninni fyrir spurnarkóða, þ.m.t:

   a) greiningu á öllu fyrirséðu misræmi eða hættu í tengslum við úthlutanir á spurnarkóðum S-starfsháttar,

   b) staðfestingu á því hvort rekstrarlegar kröfur eða skilvirkni verði fyrir neikvæðum áhrifum,

   c) staðfestingu á því hvort mögulegt sé að hrinda í framkvæmd breytingum á úthlutunum á spurnarkóðum S-starfsháttar í samræmi við kröfur um tímamörk.

8. Netstjórnandinn skal styðja aðildarríkin við að finna lausn á misræmi í tengslum við úthlutanir á spurnarkóðum S-starfsháttar sem aðildarríki eða notendur S-starfháttar greina frá.

———

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ SKIPULAGSÁÆTLUN NETANNA

Skipulagsáætlun netanna skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. INNGANGUR

1.1. Gildissvið skipulagsáætlunar netanna (landfræðilegt og gildistími).

1.2. Undirbúningur áætlunarinnar og fullgildingarferli.

2. HEILDARSAMHENGI OG KRÖFUR

2.1. Lýsing á núverandi og áætlaðri stöðu netsins, þ.m.t. hönnun Evrópunets flugleiða (European Route Network Design (ERND)), flæðisstjórnun flugumferðar (ATFM), flugvellir og takmörkuð úrræði.

2.2. Áskoranir og tækifæri í tengslum við gildistíma áætlunarinnar (þ.m.t. spá um umferðarþörf og þróun á heimsvísu).

2.3. Frammistöðumarkmið og viðskiptalegar kröfur, sem mismunandi hagsmunaaðilar setja fram, og frammistöðumarkmið innan alls Sambandsins.

3. SKIPULAGSLEG SÝN

3.1. Lýsing á skipulagslegum aðferðum netsins til þróunar og framfara til að uppfylla með fullnægjandi hætti frammistöðumarkmiðin og viðskiptalegar kröfur.

3.2. Samræmi við frammistöðukerfið

3.3. Samræmi við evrópsku mynsturáætlunina um rekstrarstjórnun flugumferðar

3.4. Samræmi við sameiginleg verkefni sem komið er á í samræmi við framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013

4. SKIPULAGSLEG MARKMIÐ

4.1. Lýsing á skipulagslegum markmiðum fyrir netin, þ.m.t.:

a) sjónarmið hagsmunaaðila í flugrekstri í tengslum við samstarf með tilliti til hlutverka og ábyrgðarsviða,

b) upplýsingar um hvernig skipulagsmarkmiðin munu uppfylla kröfurnar,

c) upplýsingar um hvernig þróunin í þá átt að ná þessum markmiðum verður metin,

d) upplýsingar um hvernig skipulagsmarkmiðin munu hafa áhrif á iðnaðinn og önnur hlutaðeigandi svið.

5. SKIPULAGSMÓTANDI ÁÆTLANAGERÐ

5.1. Lýsing á áætlunum til skamms tíma og meðallangs tíma:

a) forgangsverkefni hvers skipulagsmarkmiðs,

b) framkvæmd hvers skipulagsmarkmiðs að því er varðar kröfur í tengslum við nýtingu tækni, áhrif á byggingarlist, mannleg sjónarmið, tilheyrandi kostnað, ávinning ásamt nauðsynlegum stjórnunarháttum, tilföngum og reglusetningu,

c) nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið,

d) hve mikil þátttaka netstjórnandans eigi að vera til að styðja við framkvæmd hvers þáttar áætlunarinnar fyrir hverja tegund starfsemi.

5.2. Lýsing á langtímaáætlunum:

a) ásetningurinn að ná skipulagsmarkmiðum, með tilliti til nauðsynlegrar tækni og samsvarandi þátta rannsóknar og þróunar, áhrifa á byggingarlist, mannlegra sjónarmiða, viðskiptaáætlana, nauðsynlegrar stjórnunarhátta ásamt tilheyrandi öryggis- og efnahagslegum rökstuðningi fyrir þessum fjárfestingum,

b) nauðsynleg þátttaka hagsmunaaðila í flugrekstri í hverjum þætti áætlunarinnar, þ.m.t. hlutverk þeirra og ábyrgðarsvið.

6. ÁHÆTTUMAT

6.1. Lýsing á áhættunni í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar.

6.2. Lýsing á vöktunarferlinu (þ.m.t. möguleg frábrigði frá upphaflegum markmiðum).

7. TILMÆLI

7.1. Tilgreining þeirra aðgerða sem Sambandið og aðildarríkin eiga að grípa til í því skyni að styðja við framkvæmd áætlunarinnar.

———

VI. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ AÐGERÐAÁÆTLUN NETANNA

Aðgerðaáætlun netanna skal byggjast á eftirfarandi almennri fyrirmynd (sem verður sérsniðin að hinum ýmsu einstöku starfssviðum og að tímaramma aðgerðaáætlunar netanna til að endurspegla breytilegt eðli hennar og tímabil hennar sem spannar þrjú til fimm ár sem og árlegt, árstíðabundið, vikulegt og daglegt tímabil):

1. INNGANGUR

1.1. Gildissvið aðgerðaáætlunar netanna (landfræðilegt og gildistími)

1.2. Undirbúningur áætlunarinnar og fullgildingarferli

2. LÝSING Á AÐGERÐAÁÆTLUN NETANNA, REKSTRARLEGUM OG ALMENNUM MARKMIÐUM

— að meðtöldum sjónarmiðum hagsmunaaðila í flugrekstri í tengslum við samstarf með tilliti til hlutverka og ábyrgðarsviðs,

— upplýsingar um hvernig eigi að meðhöndla rekstrarleg og almenn markmið á forlausna- og úrlausnastigi áætlunarinnar, í tengslum við áfanga áætlunarinnar til skamms tíma og meðallangs tíma og önnur frammistöðumarkmið sem ákveðin eru samkvæmt frammistöðukerfinu,

— nauðsynleg forgangsmál og tilföng á áætlunartímabilinu,

— upplýsingar um áhrifin á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og önnur viðkomandi svið.

3. HEILDARFERLIÐ FYRIR GERÐ AÐGERÐAÁÆTLUNAR NETANNA

— lýsing á heildarferlinu fyrir gerð aðgerðaáætlunar netanna,

— lýsing á því hvernig aðgerðaáætlun netanna muni þróast skipulagslega séð og uppfylla með fullnægjandi hætti kröfur um rekstrarlega frammistöðu og önnur frammistöðumarkmið sem sett eru samkvæmt frammistöðukerfinu,

— lýsing á þeim verkfærum og gögnum sem voru notuð.

4. HEILDARSAMHENGI OG REKSTRARLEGAR KRÖFUR

4.1. Stutt lýsing á rekstrarlegri frammistöðu netsins hingað til

4.2. Áskoranir og tækifæri í tengslum við tímaramma áætlunarinnar

4.3. Spá um netumferð, í samræmi við 1. og 2. viðbæti, þ.m.t.:

— spá fyrir netið,

— spá fyrir veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfrænt loftrýmisumdæmi og flugstjórnarmiðstöð,

— spá fyrir helstu flugvelli,

— greining á umferðarspám, þ.m.t. við margs konar aðstæður,

— greining á áhrifum sérstakra atburða.

4.4. Rekstrarlegar frammistöðukröfur netsins, þ.m.t.:

— heildarkröfur um afkastagetu netsins,

— kröfur um afkastagetu fyrir veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfrænt loftrýmisumdæmi og flugstjórnarmiðstöð,

— afkastageta flugvalla,

— greining á kröfum um afkastagetu,

— heildarkröfur um skilvirkni netumhverfis/skilvirkni flugferða,

— heildarkröfur um öryggi netsins,

— kröfur vegna viðbúnaðar og samfelldni í þjónustu sem hefur áhrif á netið.

4.5. Rekstrarlegar þarfir samkvæmt mismunandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. hernaðarlegir hagsmunaaðilar.

5. ÁÆTLANIR OG AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA REKSTRARFRAMMISTÖÐU NETSINS Á VETTVANGI NETSINS

— lýsing á þeim áætlunum og aðgerðum sem fyrirhugað er að hrinda í framkvæmd á vettvangi netsins, þ.m.t. loftrými, takmörkuð úrræði og flæðisstjórnun flugumferðar,

— lýsing á framlagi hverrar áætlunar og aðgerðar til rekstrarframmistöðu.

6. ÁÆTLANIR OG AÐGERÐIR TIL AÐ BÆTA REKSTRARFRAMMISTÖÐU OG REKSTRARAÐGERÐIR Á STAÐARVÍSU

— að meðtalinni lýsingu á öllum áætlunum og rekstraraðgerðum sem gert er ráð fyrir að verði framkvæmdar á staðarvísu,

— lýsing á framlagi hverrar áætlunar og aðgerðar til rekstrarframmistöðu,

— lýsing á tengslum við þriðju lönd og starfi sem tengist Alþjóðaflugmálastofnuninni.

7. SÉRSTAKIR ATBURÐIR

— yfirlit yfir sérstaka atburði sem hafa umtalsverð áhrif á rekstrarstjórnun flugumferðar,

— einstakir sérstakir atburðir og meðhöndlun þeirra út frá sjónarhóli netsins,

— umfangsmiklar heræfingar.

8. HERNAÐARLEGAR LOFTRÝMISKRÖFUR

— tiltækileiki loftrýmis: sjálfgefnir dagar/tími varðandi tiltækileika frátekins loftrýmis,

— sérstakar beiðnir um ófyrirséða notkun frátekins loftrýmis,

— frátekið loftrými er afhent til almennrar notkunar, þegar það er ekki í notkun, með eins miklum fyrirvara og mögulegt er.

9. SAMANTEKIN SPÁ OG GREINING Á REKSTRARFRAMMISTÖÐU NETSINS

— seinkanir/afköst innan flæðisstjórnunar flugumferðar og spá fyrir netið í heild sinni, á vettvangi veitanda flugleiðsöguþjónustu, starfræns loftrýmisumdæmis og flugstjórnarmiðstöðvar,

— rekstrarframmistaða flugvalla,

— frammistöðumarkmið og spá fyrir skilvirkni netumhverfis/skilvirkni flugferða,

— áhrif sérstakra atburða,

— greining á rekstrarlegum frammistöðumarkmiðum og spám.

10. AUÐKENNING REKSTRARLEGRA FLÖSKUHÁLSA OG LAUSNIR TIL AÐ MILDA ÁHRIFIN Á VETTVANGI NETSINS OG Á STAÐARVÍSU

— auðkenning rekstrarlegra flöskuhálsa (öryggi, afkastageta, skilvirkni flugs) og mögulegra flöskuhálsa, orsakir þeirra og samþykktar lausnir eða aðgerðir til að milda áhrifin, þ.m.t. möguleikar á að koma á jafnvægi milli þarfar og afkastagetu.

———

1. viðbætir

Flugstjórnarmiðstöðvar

Í aðgerðaáætlun netanna skal vera ítarleg lýsing á öllum svæðum fyrir hverja flugstjórnarmiðstöð, sem tilgreindar eru í þessum viðbæti, þar sem lýst er fyrirhuguðum aðgerðum til að bæta reksturinn, horfum fyrir tímabilið, umferðarspám, markmiðum og spám í tengslum við seinkanir, mikilvægum atburðum sem geta haft áhrif á umferðina og rekstrarlegum tengiliðum.

Fyrir hverja flugstjórnarmiðstöð skal netstjórnandinn gefa upp eftirfarandi:

— umferðarspá,

— greiningu á núverandi rekstrarframmistöðu,

— magnbundið mat á þeirri afkastagetu sem hefur verið náð (grunnviðmið afkastagetu),

— magnbundið mat á nauðsynlegri afkastagetu fyrir mismunandi sviðsmyndir umferðarþróunar (snið fyrir nauðsynlega afkastagetu),

— magnbundið mat á fyrirhuguðum aðgerðum til að bæta rekstur á vettvangi flugstjórnarmiðstöðva, í samræmi við samkomulag við veitendur flugleiðsöguþjónustu,

— markmið og spár um seinkanir,

— greiningu á áætlaðri rekstrarframmistöðu (öryggi, afkastageta, umhverfi).

Sérhver veitandi flugleiðsöguþjónustu skal veita netstjórnandanum eftirfarandi upplýsingar sem skulu svo vera til staðar í einstökum lýsingum flugstjórnarmiðstöðva:

— staðbundin markmið varðandi seinkun,

— mat/staðfesting á umferðarspám, að teknu tilliti til staðbundinnar þekkingar,

— fjöldi tiltækra undirsvæða: tilhögun undirsvæða/opnunarkerfa fyrir hverja árstíð/vikudag/tíma dagsins,

— afkastageta/vöktunargildi fyrir hvert undirsvæði/umferðarþunga fyrir hverja tilhögun/opnunarkerfi,

— áætlaðir eða þekktir sérstakir atburðir, þ.m.t. dagsetningar/tímasetningar og tilheyrandi áhrif á rekstrarframmistöðu,

— nánari upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að bæta reksturinn, framkvæmdaráætlun og tilheyrandi neikvæð/jákvæð áhrif á afkastagetu og/eða skilvirkni,

— nánari upplýsingar um fyrirhugaðar og staðfestar breytingar á skipulagi og notkun loftrýmis,

— viðbótaraðgerðir samkvæmt samkomulagi við netstjórnandann,

— rekstrarlegir tengiliðir flugstjórnarmiðstöðva.

———

2. viðbætir

Flugvellir

Að því er varðar þá evrópsku flugvelli sem hafa áhrif á frammistöðu netsins skal í aðgerðaáætlun netanna vera ítarleg lýsing á öllum þeim svæðum sem eru tilgreind í þessum viðbæti sem og lýsing á fyrirhuguðum ráðstöfunum til að bæta reksturinn, horfum fyrir tímabilið, spá um umferð og seinkanir, mikilvægum atburðum sem geta haft áhrif á umferð og rekstrarlegum tengiliðum.

Fyrir hvern flugvöll skal netstjórnandinn, einkum á grundvelli upplýsinga frá rekstraraðilum flugvalla og veitendum flugleiðsöguþjónustu, láta koma fram:

— umferðarspá,

— greiningu á áætlaðri rekstrarframmistöðu að því er varðar fyrirhugaðar ráðstafanir til að bæta reksturinn (öryggi, afkastageta, umhverfi).

Fyrir hvern flugvöll, sem er tilgreindur í aðgerðaáætlun netanna, skal rekstraraðili flugvallar og staðbundin flugumferðarþjónustudeild hafa komist að samkomulagi um að veita netstjórnandanum eftirfarandi upplýsingar, sem skulu svo vera til staðar í einstökum lýsingum flugvalla:

— mat/staðfestingu á umferðarspám, að teknu tilliti til staðbundinnar þekkingar,

— afkastagetu flugbrauta fyrir hverja tilhögun flugbrauta, núverandi og áætlaðar komur og brottfarir,

— lýsingu á afkastagetu fyrir næturtímabilið og tímalengd þess, ef við á,

— nánari upplýsingar um fyrirhugaðar ráðstafanir til þess að bæta reksturinn, framkvæmdaráætlun og tilheyrandi neikvæð/jákvæð áhrif á afkastagetu og/eða skilvirkni,

— áætlaða eða þekkta sérstaka atburði, þ.m.t. dagsetningar/tímasetningar og tilheyrandi áhrif á rekstrarframmistöðu,

— aðrar áætlaðar aðgerðir sem geta bætt afkastagetuna,

— viðbótaraðgerðir samkvæmt samkomulagi við netstjórnandann.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2066 **2020/EES/5/51**

frá 19. desember 2018

um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (e. *Carbon Offsetting and Reduction Scheme for International Aviation* (CORSIA)) (IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018, sem er ætlað að koma til framkvæmda frá og með 2019.

2) Altæk, samræmd, gagnsæ og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við samræmdar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru grundvallaratriði fyrir skilvirkan rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (EU ETS) sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

3) Á þriðja viðskiptatímabili viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir (2013 til 2020) hafa rekstraraðilar í iðnaði, umráðendur loftfara, sannprófendur og lögbær yfirvöld aflað sér reynslu af vöktun og skýrslugjöf samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 ([2]). Sú reynsla hefur sýnt að þörf er á endurbótum, nánari skýringum og einföldun á reglum um vöktun og skýrslugjöf til að stuðla að frekari samræmingu og gera kerfið skilvirkara. Reglugerð (ESB) nr. 601/2012 hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að skipta henni út til glöggvunar.

4) Skilgreiningin á „lífmassa“ í þessari reglugerð ætti að vera í samræmi við skilgreiningarnar á „lífmassa“, „fljótandi lífeldsneyti“ og „lífeldsneyti“ í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ([3]), einkum þar sem fríðinda-meðferð með tilliti til skuldbindinga um innskil losunarheimilda samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir felur í sér „stuðningskerfi“ í skilningi k-liðar 2. gr. og síðan fjárstuðning í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr þeirrar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 frá 21. júní 2012 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 30).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

5) Til að gæta samræmis ættu skilgreiningarnar, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ([5]), að gilda að því er varðar þessa reglugerð.

6) Til að tryggja bestu hugsanlegu starfrækslu vöktunar- og skýrslugjafarkerfisins ættu aðildarríki, sem tilnefna fleiri en eitt lögbært yfirvald, að tryggja að þessi lögbæru yfirvöld samræmi vinnu sína í samræmi við þær meginreglur sem settar er fram í þessari reglugerð.

7) Vöktunaráætlunin, þar sem sett eru fram nákvæm, tæmandi og gagnsæ upplýsingaskjöl varðandi aðferðir tiltekinnar stöðvar eða umráðanda loftfars, skal vera grundvallarþáttur kerfisins sem komið er á fót með þessari reglugerð. Krefjast ætti reglulegrar uppfærslu á áætluninni, bæði til að bregðast við niðurstöðum sannprófanda og að frumkvæði rekstraraðila eða umráðanda loftfars. Meginábyrgð á framkvæmd vöktunaraðferðarinnar, en hlutar hennar eru tilgreindir í verklagsreglum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, skal vera áfram í höndum rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

8) Þar eð vöktunaráætlunin er grundvallarþáttur vöktunar- og skýrslugjafarreglnanna ættu allar verulegar breytingar á henni að vera með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds. Til að draga úr stjórnsýsluálagi á lögbær yfirvöld og rekstraraðila ættu þó tilteknar gerðir breytinga á áætluninni ekki að teljast mikilvægar og þurfa því ekki formlegt samþykki.

9) Nauðsynlegt er að koma á grunnaðferðum við vöktun til að draga sem mest úr álagi á rekstraraðila og umráðendur loftfara og auðvelda skilvirka vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Þessar aðferðir ættu að fela í sér grunnaðferðir við útreikninga og mælingar. Aðferðir við útreikninga ættu að samanstanda af stöðluðum aðferðum og massajöfnuðaraðferðum. Það ætti að vera unnt að setja saman mælingaraðferðir, staðlaðar reikniaðferðir og massajöfnuðaraðferðir í sömu stöð, að því tilskildu að rekstraraðilinn tryggi að ekki verði úrfellingar eða tvítalning.

10) Til að lágmarka álag á rekstraraðila og umráðendur loftfara ætti að koma á einföldun með tilliti til óvissumats sem krafist er, án þess að dregið sé úr nákvæmni. Gera ætti umtalsvert minni kröfur að því er varðar óvissumat þegar mælitæki eru notuð við skilyrði sem eru í samræmi við gerð tækisins, einkum þegar þessi tæki eru undir lögmælifræðilegu eftirliti aðildarríkis.

11) Nauðsynlegt er að skilgreina reiknistuðla sem geta annaðhvort verið sjálfgefnir stuðlar eða stuðlar sem ákvarðaðir eru með greiningu. Greiningarkröfur ættu að tryggja að helst séu notaðar rannsóknarstofur sem hafa fengið faggildingu í samræmi við samhæfða staðalinn Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa (ÍST EN ISO/IEC 17025) fyrir viðkomandi greiningaraðferðir og koma á kröfum til að sýna fram á traust jafngildi ef um er að ræða rannsóknarstofur sem ekki hafa fengið faggildingu, þ.m.t. í samræmi við samhæfða staðalinn Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur (ÍST EN ISO/IEC 9001) eða önnur vottuð gæðastjórnunarkerfi sem við eiga.

12) Mæla ætti fyrir um gagnsæjar og samræmdar aðferðir til að ákvarða óhóflegan kostnað.

13) Ákvarða ætti frekara jafngildi milli reiknimiðaðra aðferða og mælimiðaðra aðferða. Þetta mun útheimta betri samræmingu krafna um aðferðarþrep. Í þeim tilgangi að ákvarða lífmassahlutana í koltvísýringi þegar notuð eru kerfi fyrir samfellda mælingu á losun ætti að taka tillit til nýlegra tækniframfara. Þess vegna ætti að fastsetja sveigjanlegri reglur til að ákvarða lífmassahlutann, einkum að heimila aðrar aðferðir en reiknimiðaðar aðferðir í þessu skyni.

14) Þar eð losun frá lífmassa er yfirleitt metin sem núll, að því er varðar viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, ætti að mæla fyrir um einfaldaðar vöktunarreglur fyrir hreina lífmassaefnisstrauma. Þegar eldsneyti eða efni eru blöndur af lífmassa og jarðefnaefnisþáttum ætti að skýra vöktunarkröfurnar nánar. Gera ætti betri greinarmun á bráðabirgða-losunarstuðli, sem vísar til heildarkolefnisinnihalds, og losunarstuðli sem vísar einungis til jarðefnahluta

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr 1013/2006 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

koltvísýringsins. Í þessu skyni ætti að koma á aðskildum skilgreiningum á aðferðarþrepum fyrir bráðabirgðalosunarstuðulinn og lífmassa-/jarðefnahlutann. Eins og varðandi aðra reiknistuðla ætti í kröfunum að taka tillit til stærðar stöðvarinnar og losunar gróðurhúsalofttegunda í tengslum við eldsneytið eða efnið. Í þessu skyni ætti að skilgreina lágmarkskröfur.

15) Forðast ætti að leggja óhóflega vöktun á stöðvar með minni, áhrifaminni árlega losun á sama tíma og tryggt er að viðunandi nákvæmni sé viðhaldið. Í þessu sambandi ætti að mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrir stöðvar sem teljast vera með litla losun og umráðendur loftfara sem teljast smálosendur.

16) Með 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja litlar stöðvar frá viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, með fyrirvara um jafngildar ráðstafanir og að því tilskildu að skilyrðin í þeirri grein séu uppfyllt. Með 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja stöðvar, sem losa minna en 2500 tonn, frá viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, að því tilskildu að skilyrðin í þeirri grein séu uppfyllt. Þessi reglugerð ætti ekki að gilda beint um stöðvar, sem eru undanskildar skv. 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, nema aðildarríkið ákveði annað.

17) Til að loka mögulegum smugum í tengslum við flutning innifalins eða hreins koltvísýrings ættu slíkir flutningar aðeins að vera heimilaðir við mjög sértæk skilyrði. Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 19. janúar 2017, í máli C-460/15 ([6]), að annar málsliður 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 og B-liður 10. liðar í IV. viðauka við þá reglugerð séu ógildir að því marki að þeir telja koltvísýring (CO_2), sem er fluttur í aðra stöð til framleiðslu á útfelldu kalsíumkarbónati, á kerfisbundinn hátt með í losun kalkbrennslustöðvarinnar, óháð því hvort koltvísýringurinn er losaður út í andrúmsloftið eða ekki. Til að taka dóm dómstólsins í máli C-460/15 til greina ætti að viðurkenna koltvísýring, sem er fluttur til framleiðslu á útfelldu kalsíumkarbónati og endar sem bundinn því með efnatengjum, þannig að hann sé ekki losaður út í andrúmsloftið. Þessi skilyrði ættu þó ekki að útiloka mögulegar nýjungar í framtíðinni. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til samræmis við það.

18) Þar eð mögulegt er að ekki einungis koltvísýringur heldur einnig nituroxíð (N_2O) sé flutt milli stöðva ætti að innleiða vöktunarreglur vegna flutnings á nituroxíði sem eru svipaðar og þær sem gilda um flutning koltvísýrings. Enn fremur þykir rétt að rýmka skilgreininguna á inniföldum koltvísýringi þannig að hún nái ekki eingöngu yfir koltvísýring í eldsneyti heldur einnig yfir koltvísýring í sérhverjum efnisstraumi sem á að vakta.

19) Mæla ætti fyrir um sértæk ákvæði, í tengslum við flugsamgöngur, um vöktunaráætlanir og vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda.

20) Gera ætti mat á gögnum sem vantar samræmt með því að gera kröfu um að notaðar séu varfærnislegar matsaðferðir, sem eru viðurkenndar í vöktunaráætluninni, eða, þar sem það er ekki hægt, með því að lögbært yfirvald samþykki viðeigandi aðferð og að hún sé felld inn í vöktunaráætlunina.

21) Gera ætti kröfu um að rekstraraðilar endurskoði vöktunaraðferðina reglulega til að bæta hana og til að taka til athugunar tilmæli sannprófenda sem lið í sannprófunarferlinu. Ef rekstraraðilar nota ekki aðferð sem byggir á aðferðarþrepakerfinu eða ná ekki hæsta aðferðarþrepinu ættu þeir að gefa skýrslu reglulega um þær ráðstafanir sem þeir gera til að fara eftir vöktunaraðferð, sem byggist á aðferðarþrepakerfinu, og til að ná hæsta aðferðarþrepi sem krafist er. Til að draga úr stjórnsýsluálagi sem tengist skýrslugjöf um umbætur ætti að aðlaga millibil og ástæður fyrir skýrslugjöf um umbætur, að teknu tilliti til reynslu aðildarríkjanna af stjórnsýsluframkvæmd.

22) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. e og. 2. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er umráðendum loftfara heimilt að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, að því er varðar starfsemi sem talin er upp í I. viðauka við þá tilskipun, á grundvelli sannprófaðra gagna um tonnkílómetra.

23) Stuðla ætti að notkun upplýsingatækni, þ.m.t. kröfur um snið fyrir gagnaskipti og notkun sjálfvirkra kerfa, og aðildarríkjum ætti því að vera heimilt að krefjast þess að atvinnurekendur noti slík kerfi. Aðildarríkjum ætti einnig að vera heimilt að útfæra sín eigin rafrænu sniðmát og nákvæmar skilgreiningar fyrir skráasnið sem ættu samt sem áður að vera í samræmi við lágmarksstaðla sem framkvæmdastjórnin birtir.

24) Mæla ætti fyrir um reglur um efni sem innihalda kolefni í öðru formi sem leiða til koltvísýringslosunar, önnur en efni sem innihalda karbónat, til að auka skýrleika varðandi vöktunar- og skýrslugjafarreglur vegna losunar frá vinnslu. Geta ætti sérstaklega um notkun þvagefnis við hreinsun brunagasreyks og samsvarandi sjálfgefna losunarstuðla ætti að skrá.

([6]) Dómur Evrópudómstólsins frá 19. janúar 2017, Schaefer *Kalk GmbH & Co. KG v Bundesrepublik Deutschland*, C-460/15, ECLI:EU:C:2017:29.

25) Aðildarríkin ættu að fá nægan tíma til að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir og koma á fót viðeigandi landsbundnum stofnanaramma til að tryggja skilvirka beitingu þessarar reglugerðar. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda, þ.m.t. eftir aðra endurskoðun, áður en hún tekur gildi, til þess að taka frekari þróun með í reikninginn og til að fjarlægja tilvísanir í heimildir utan laga Sambandsins, ef unnt er, frá upphafi fjórða viðskiptatímabilsins, að undanskildum breytingum á reglugerð (ESB) nr. 601/2012 sem ættu að taka gildi eins fljótt og unnt er.

26) Fella ætti reglugerð (ESB) nr. 601/2012 úr gildi frá og með 1. janúar 2021. Þó ætti að viðhalda áhrifum hennar að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og sannprófun gagna um losun og starfsemi sem eiga sér stað á þriðja viðskiptatímabili viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

27) Þessi reglugerð inniheldur umbætur á vöktun og skýrslugjöf, sem taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (CORSIA) (IV. bindi 16. viðauka við samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018. Einnig er verið að breyta reglugerðinni um sannprófun á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnkílómetra og faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, og til viðbótar við þessa tvo gerninga er framseld gerð skv. 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 601/2012 til samræmis við það.

28) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Efni og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og gögn um starfsemi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB á viðskiptatímabili viðskiptakerfis Sambandsins fyrir losunarheimildir, sem hefst 1. janúar 2021, og síðari viðskiptatímabil.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerðin skal gilda um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, sem tilgreind er í tengslum við starfsemi sem skráð er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og gögn um starfsemi frá staðbundnum stöðvum, frá flugstarfsemi og um vöktun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um tonnkílómetra í flugstarfsemi.

Hún skal gilda um gögn um losun og starfsemi frá og með 1. janúar 2021.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gögn um starfsemi“: gögn um magn eldsneytis eða efna sem er notað eða framleitt með vinnsluferli sem skiptir máli í tengslum við reiknimiðuðu vöktunaraðferðina, gefið upp í terajúlum, massa í tonnum eða (þegar um er að ræða lofttegundir) í rúmmáli af normalrúmmetrum, eins og við á,

2) „viðskiptatímabil“: tímabil eins og um getur í 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

3) „tonnkílómetri“: flutningur á einu tonni farmþunga um einn kílómetra,

4) „efnisstraumur“: eitthvað af eftirtöldu:

   a) tiltekin eldsneytistegund, hráefni eða vara sem hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda frá einum eða fleiri upptökum losunar eftir notkun eða framleiðslu,

   b) tiltekin eldsneytistegund, hráefni eða vara sem inniheldur kolefni og er hluti af útreikningi á losun gróðurhúsalofttegunda með massajöfnuðaraðferð,

5) „upptök losunar”: stakur og sanngreinanlegur hluti stöðvar eða ferli innan stöðvar, þaðan sem viðkomandi gróðurhúsalofttegundir losna, eða stakt loftfar ef um flugstarfsemi er að ræða,

6) „óvissa”: þáttur er tengist niðurstöðum ákvörðunar á stærð, sem lýsir dreifingu gildanna, sem raunhæft er að tengja tiltekinni stærð, þ.m.t. áhrif frá kerfisbundnum eða handahófskenndum þáttum, sem gefinn er upp í hundraðshlutum og lýsir öryggisbili í kringum meðalgildið, sem tekur til um 95% af reiknuðum gildum, að teknu tilliti til hugsanlegrar ósamhverfu í dreifingu gilda,

7) „reiknistuðlar“: nettóvarmagildi, losunarstuðull, bráðabirgðalosunarstuðull, oxunarstuðull, breytistuðull, kolefnisinnihald eða lífmassahluti,

8) „aðferðarþrep“: tiltekin krafa sem notuð er við að ákvarða gögn um starfsemi, reiknistuðla, árlega losun og árlega meðallosun á klukkustund og farmþunga,

9) „eðlislæg áhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu um árlega losun eða skýrslu um tonnkílómetra fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, áður en tillit er tekið til áhrifa tengdrar eftirlitsstarfsemi,

10) „eftirlitsáhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu um árlega losun eða skýrslu um tonnkílómetra fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða greina og leiðrétta tímanlega með eftirlitskerfinu,

11) „losun við brennslu”: losun gróðurhúsalofttegunda við útvermið efnahvarf eldsneytis og súrefnis,

12) „skýrslutímabil“: almanaksár þar sem vakta þarf losun og gefa skýrslu um hana eða, að því er varðar gögn um tonnkílómetra, vöktunarár eins og um getur í 3. gr. e og 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB,

13) „losunarstuðull“: meðallosunarhlutfall gróðurhúsalofttegundar miðað við gögn um starfsemi fyrir efnisstraum þar sem ráð er fyrir því gert að fullkomin oxun verði við bruna og fullkomin ummyndun í tengslum við öll önnur efnahvörf,

14) „oxunarstuðull“: hlutfall kolefnis sem oxast í koltvísýring við bruna miðað við heildarkolefnisinnihald eldsneytisins, gefið upp sem brot, þar sem kolsýringur, sem losaður er í andrúmsloftið, er metinn sem móljafngildi koltvísýrings,

15) „breytistuðull“: hlutfall kolefnis sem losað er sem koltvísýringur miðað við heildarkolefnisinnihald efnisstraums áður en losunarferlið á sér stað, gefið upp sem brot, þar sem kolsýringur, sem losaður er í andrúmsloftið, er metinn sem móljafngildi koltvísýrings,

16) „nákvæmni”: samræmi milli niðurstaðna úr mælingum og sanngildis viðkomandi stærðar eða viðmiðunargildis sem er ákvarðað með athugunum þar sem notað er alþjóðlega samþykkt og rekjanlegt kvörðunarefni og staðalaðferðir, að teknu tilliti til handahófskenndra og kerfisbundinna þátta,

17) „kvörðun”: röð aðgerða sem, við tilteknar aðstæður, staðfesta tengslin milli gilda, sem koma fram á mælitækjum eða í mælikerfum, eða gilda, sem efnismál eða viðmiðunarefni sýnir, og samsvarandi gilda stærðar sem er fengin með viðmiðunarstaðli,

18) „flugferð“: flugferð eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. liðar viðaukans við ákvörðun 2009/450/EB,

19) „farþegar“: einstaklingar, að undanskildum flugverjum á vakt, sem eru um borð í loftfarinu meðan á flugi stendur,

20) „varfærnislegur“: hugtak sem vísar til þess að tilteknar forsendur eru skilgreindar til að koma í veg fyrir vanmat á árlegri losun eða ofmat á tonnkílómetrum,

21) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af lífrænum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs, en hugtakið nær til fljótandi lífeldsneytis og lífeldsneytis,

22) „fljótandi lífeldsneyti“: fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum, við raforkuframleiðslu, upphitun og kælingu,

23) „lífeldsneyti“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,

24) „lögmælifræðilegt eftirlit“: eftirlit með mælingaverkefnum á notkunarsviði mælitækis af ástæðum er varða almannaheill, lýðheilsu, almannaöryggi, allsherjarreglu, umhverfisvernd, skatt- og gjaldheimtu, vernd neytenda og góða viðskiptahætti,

25) „heimilað hámarksfrávik“: leyfileg mæliskekkja eins og hún er skilgreind í I. viðauka og sértækum viðaukum um mælitæki við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB ([7]) eða í landsbundnum reglum um lögmælifræðilegt eftirlit, eins og við á,

26) „starfsemi í tengslum við gagnaflæði“: starfsemi í tengslum við öflun, vinnslu og meðferð gagna sem nauðsynleg eru til að gera drög að losunarskýrslu með gögnum úr upprunalegum gagnalindum,

27) „tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings ($CO_{2(e)}$)“: tonn af koltvísýringi eða jafngildiseiningum koltvísýrings,

28) „jafngildiseining koltvísýrings ($CO_{2(e)}$)“: gróðurhúsalofttegund, önnur en koltvísýringur, sem gefin er upp í II. viðauka við tilskipun 2003/87/EB með jafngildan hnatthlýnunarmátt og koltvísýringur,

29) „mælikerfi”: heilt sett af mælitækjum og öðrum búnaði, t.d. sýnatöku- og gagnavinnslubúnaði, sem er notað til að ákvarða mæliþætti á borð við gögn um starfsemi, kolefnisinnihald, varmagildi eða losunarstuðul fyrir losun á koltvísýringi,

30) „nettóvarmagildi“: tiltekið magn orku sem losnar sem varmi við algjöran bruna eldsneytis eða efnis með súrefni við staðalskilyrði, að undanskildum varma við hugsanlega uppgufun vatns sem myndast,

31) „losun við vinnslu”: losun gróðurhúsalofttegunda, önnur en losun við brennslu sem til kemur vegna vísvitandi eða óvísvitandi efnahvarfa eða ummyndunar efna, þ.m.t. efnafræðileg afoxun málmgrýtis eða afoxun með rafgreiningu, varmafræðilegt niðurbrot efna og myndun efna til að nota sem vörur eða hráefni,

32) „staðlað eldsneyti á markaði“: alþjóðlega staðlað markaðseldsneyti sem sýnir 95% öryggisbil og fer ekki meira en 1% yfir tilgreint brennslugildi þess, þ.m.t. gasolía, létt brennsluolía, bensín, lampaolía, steinolía, etan, própan, bútan, steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A), þotubensín (Jet B) og flugvélabensín (AvGas),

33) „lota”: magn þess eldsneytis eða efnis sem sýni eru tekin úr og sem er flutt í einu lagi eða jafnt og þétt á tilteknu tímabili,

34) „blandað eldsneyti“: eldsneyti sem inniheldur bæði lífmassa og jarðefnakolefni,

35) „blandað efni“: efni sem inniheldur bæði lífmassa og jarðefnakolefni,

36) „bráðabirgðalosunarstuðull“: áætlaður heildarlosunarstuðull eldsneytis eða efnis á grundvelli kolefnisinnihalds lífmassahluta þess og jarðefnahluta áður en hann er margfaldaður með jarðefnahlutanum til að fá út losunarstuðulinn,

37) „jarðefnahluti“: hlutfall jarðefnakolefnis á móti heildarkolefnisinnihaldi eldsneytis eða efnis, gefið upp sem brot,

38) „lífmassahluti“: hlutfall kolefnis sem upprunnið er úr lífmassa á móti heildarkolefnisinnihaldi eldsneytis eða efnis, gefið upp sem brot,

39) „orkujöfnuðaraðferð”: aðferð til að meta magn orku sem knýr tiltekinn ketil, reiknað sem summa nýtanlegs varma og alls viðeigandi orkutaps vegna geislunar, flutnings og útblásturs,

40) „samfelld mæling á losun”: röð aðgerða til að ákvarða gildi stærðar með reglubundnum mælingum, sem fela annaðhvort í sér mælingar í reykháfnum eða með útdrætti með mælitæki, sem staðsett er nálægt reykháfnum; slíkt felur ekki í sér mæliaðferðir sem byggjast á söfnun einstakra sýna úr reykháfnum,

41) „innifalinn koltvísýringur”: koltvísýringur sem er hluti efnisstraums,

42) „jarðefnakolefni“: ólífrænt og lífrænt kolefni sem er ekki lífmassi,

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).

43) „mælipunktur“: upptök losunar þar sem losun er mæld með kerfi fyrir samfellda mælingu á losun (CEMS) eða þversnið leiðslukerfis þar sem flæði koltvísýrings er ákvarðað með kerfum fyrir samfellda mælingu,

44) „massa- og jafnvægisskrá“: skrár sem eru tilgreindar í alþjóðlegri eða landsbundinni framkvæmd á stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum (e. *Standards and Recommended Practices* (SARPs)) sem mælt er fyrir um í 6. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944, og sem eru tilgreindar í 3. þætti C-kafla IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ([8]) eða í jafngildum gildandi alþjóðareglum,

45) „vegalengd“: stórbaugsbogi milli brottfararflugvallar og komuflugvallar, auk 95 km fasts viðbótarstuðuls,

46) „brottfararflugvöllur“: flugvöllur þar sem flugferð, sem telst vera flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, hefst,

47) „komuflugvöllur“: flugvöllur þar sem flugferð, sem telst vera flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, endar,

48) „farmþungi“: heildarmassi vöru, pósts, farþega og farangurs um borð í loftfari meðan á flugi stendur,

49) „lekalosun“: óregluleg eða óviljandi losun frá upptökum sem ekki eru staðbundin eða eru of ólík eða of smá til að hægt sé að vakta þau hvert fyrir sig,

50) „flugvöllur“: flugvöllur eins og hann er skilgreindur í 2. lið 1. liðar viðaukans við ákvörðun 2009/450/EB,

51) „flugvallarpar“: par sem samanstendur af brottfararflugvelli og komuflugvelli,

52) „staðalaðstæður”: aðstæður, þar sem hitastigið er 273,15 K og loftþrýstingurinn 101 325 Pa, en við þær aðstæður er normalrúmmetri (Nm^3) skilgreindur,

53) „geymslusvæði“: geymslusvæði eins og það er skilgreint í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

54) „föngun koltvísýrings“: föngun koltvísýrings úr gasstreymi, sem annars væri losaður, í þeim tilgangi að flytja hann og geyma í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

55) „flutningur koltvísýrings“: flutningur koltvísýrings um leiðslur til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

56) „geymsla koltvísýrings í jörðu“: geymsla koltvísýrings í jörðu eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

57) „loftuð losun“: losun sem sleppt er vísvitandi frá stöð á skilgreindum losunarpunkti,

58) „aukin endurheimt vetniskolefna“: kolefni sem endurheimtist umfram það sem er dregið út með vatnsinndælingu eða með öðrum aðferðum,

59) „óbein gögn (e. *proxy data*)“: ársgildi, sem rökstudd eru með athugunum eða unnin úr viðurkenndum heimildum, sem rekstraraðili notar til að skipta út gögnum um starfsemi eða reiknistuðlum í þeim tilgangi að tryggja heilleika skýrslugjafar þegar ekki er unnt að fá öll gögn um starfsemi eða reiknistuðla sem krafist er í viðkomandi vöktunaraðferð,

60) „vatnssúla“: vatnssúla eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

61) „leki“: leki eins og hann er skilgreindur í 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

62) „geymslusamstæða“: geymslusamstæða eins og hún er skilgreind í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

63) „flutninganet“: flutninganet eins og það er skilgreint í 22. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/31/EB.

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. ÞÁTTUR

Almennar meginreglur

4. gr.

Almennar skyldur

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu uppfylla skyldur sínar í tengslum við vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun 2003/87/EB í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. til 9. gr.

5. gr.

Heilleiki

Vöktun og skýrslugjöf skal vera fullgerð og taka til allrar losunar við vinnslu og brennslu frá öllum upptökum losunar og efnisstraumum, sem tengjast starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og annarri viðeigandi starfsemi sem er talin með skv. 24. gr. tilskipunarinnar, og allra þeirra gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í tengslum við þessa starfsemi, án þess þó að tvítelja.

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eyður í gögnum á skýrslutímabilinu.

6. gr.

Samræmi, samanburðarhæfi og gagnsæi

1. Vöktun og skýrslugjöf skal vera samræmd og samanburðarhæf yfir tíma. Í þeim tilgangi skulu rekstraraðilar og umráðendur loftfara nota sömu vöktunaraðferðir og gagnasöfn með fyrirvara um breytingar og undanþágur sem lögbært yfirvald samþykkir.

2. Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu afla, skrá, taka saman, greina og skjalfesta vöktunargögn, þ.m.t. forsendur, viðmið, gögn um starfsemi og reiknistuðla á gagnsæjan hátt sem gerir sannprófanda og lögbæru yfirvaldi kleift að endurtaka ákvörðun losunar.

7. gr.

Nákvæmni

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu tryggja að ákvörðun losunar sé hvorki kerfisbundið né vísvitandi ónákvæm.

Þeir skulu greina og draga úr upptökum ónákvæmni eins og unnt er.

Þeir skulu beita tilhlýðilegri kostgæfni til að tryggja að útreikningar og mælingar á losun séu eins nákvæm og auðið er.

8. gr.

Heildstæði aðferðar og losunarskýrslu

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu sjá til þess að viðunandi vissa sé um heildstæði tilkynntra losunargagna. Þeir skulu ákvarða losun með viðeigandi vöktunaraðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Tilkynnt gögn um losun og tengdar greinargerðir skulu ekki innihalda neinar verulegar rangfærslur, eins og skilgreint er í 6. mgr. 3. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 ([9]), vera án skekkja í vali og framsetningu upplýsinga og gefa trúverðuga og jafna mynd af losun stöðvar eða umráðanda loftfars.

Við val á vöktunaraðferð skal vega og meta umbætur sem fást vegna meiri nákvæmni með hliðsjón af viðbótarkostnaði. Vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun skal miða að sem mestri nákvæmni nema það sé ekki tæknilega framkvæmanlegt eða hefur í för með sér óhóflegan kostnað.

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2067 frá 19. desember 2018 um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94).

9. gr.

Samfelldar úrbætur

Rekstraraðilar og umráðendur loftfara skulu hafa hliðsjón af tilmælum í sannprófunarskýrslum sem birtar eru skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB í síðari vöktun og skýrslugjöf.

10. gr.

Samræming

Þegar aðildarríki tilnefnir fleiri en eitt lögbært yfirvald skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal það samræma verk sem þessi yfirvöld inna af hendi samkvæmt reglugerðinni.

II. KAFLI

VÖKTUNARÁÆTLUN

1. ÞÁTTUR

Almennar reglur

11. gr.

Almennar skyldur

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal vakta losun gróðurhúsalofttegunda á grundvelli vöktunaráætlunar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við 12. gr., með tilliti til eðlis og reksturs stöðvarinnar eða flugstarfseminnar sem hún á við um.

Vöktunaráætluninni skulu fylgja skriflegar verklagsreglur sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars setur, skráir, framkvæmir og viðheldur fyrir starfsemi sem fellur undir vöktunaráætlunina, eins og við á.

2. Í vöktunaráætluninni, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skýrar og rökréttar leiðbeiningar fyrir rekstraraðilann eða umráðanda loftfars og skal koma í veg fyrir tvíverknað og taka tillit til kerfanna sem fyrir eru í stöðinni eða eru í notkun hjá rekstraraðilanum eða umráðanda loftfars.

12. gr.

Efni og framlagning vöktunaráætlunarinnar

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram vöktunaráætlun hjá lögbæru yfirvaldi til samþykktar.

Í vöktunaráætluninni skulu vera nákvæm, tæmandi og gagnsæ gögn um vöktunaraðferðina hjá tiltekinni stöð eða umráðanda loftfars og í henni skulu koma fram a.m.k. þeir þættir sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

Ásamt vöktunaráætluninni skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leggja fram eftirtalin fylgiskjöl:

a) að því er varðar stöðvar: gögn fyrir hvern meiri háttar og óverulegan efnisstraum sem sýna fram á að viðmiðunarmörk fyrir óvissu í gögnum um starfsemi og reiknistuðlum, eftir atvikum, séu virt fyrir aðferðarþrepin, sem notuð eru, eins og skilgreint er í II. og IV. viðauka, og fyrir hver upptök losunar sem sýna fram á að viðmiðunarmörk fyrir óvissu séu virt fyrir aðferðarþrepin, sem notuð eru, eins og skilgreint er í VIII. viðauka, eftir atvikum,

b) niðurstöður áhættumats til sönnunar á því að fyrirhuguð eftirlitsstarfsemi og verklagsreglur fyrir eftirlitsstarfsemina séu í réttu samræmi við greinda eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu.

2. Þar sem í I. viðauka er vísað í aðferð skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda slíkri aðferð aðskilinni frá vöktunaráætluninni.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal taka saman aðferðirnar í vöktunaráætluninni og leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrirsögn aðferðarinnar,

b) rekjanlega og sannprófanlega tilvísun til að auðkenna aðferðina,

c) auðkenningu starfsstöðvar eða deildar sem ábyrg er fyrir framkvæmd aðferðarinnar og fyrir gögnum sem verða til með aðferðinni eða er stjórnað með henni,

d) stutta lýsingu á aðferðinni til að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars, lögbært yfirvald og sannprófandi geti skilið helstu mæliþætti og aðgerðir sem framkvæmdar eru,

e) staðsetningu viðeigandi skráa og upplýsinga,

f) heiti tölvukerfis sem notað er, þar sem við á,

g) skrá yfir EN-staðla eða aðra staðla sem notaðir eru, þar sem við á.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal hafa skrifleg gögn um aðferðirnar tiltæk lögbæru yfirvaldi að beiðni þeirra. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal einnig hafa þau tiltæk til sannprófunar samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

3. Auk þeirra þátta sem vísað er til í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er aðildarríkjunum heimilt að fara fram á að fleiri þættir séu hafðir með í vöktunaráætlun stöðva til að uppfylla kröfur í framseldum gerðum, sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, og framkvæmdargerðum sem eru samþykktar í samræmi við 21. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun.

13. gr.

Staðlaðar og einfaldaðar vöktunaráætlanir

1. Aðildarríkin geta heimilað rekstraraðilum og umráðendum loftfara að nota staðlaðar eða einfaldaðar vöktunaráætlanir, sbr. þó 3. mgr. 12. gr.

Í þeim tilgangi geta aðildarríkin birt sniðmát fyrir þessar vöktunaráætlanir, þ.m.t. lýsing á gagnaflæði og eftirlitsaðferðum sem um getur í 58. og 59. gr, sem byggjast á sniðmátum og leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin birtir.

2. Áður en einfölduð vöktunaráætlun, eins og um getur í 1. mgr., er samþykkt skal lögbært yfirvald láta fara fram einfaldað áhættumat með tilliti til þess hvort fyrirhuguð eftirlitsstarfsemi og aðferðir við eftirlitsstarfsemi samsvari eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu, sem greind hefur verið, og rökstyðja notkun slíkrar einfaldaðrar vöktunaráætlunar.

Aðildarríki geta farið fram á að rekstraraðili eða umráðandi loftfars láti fara fram áhættumat samkvæmt fyrri undirgrein, eftir því sem við á.

14. gr.

Breytingar á vöktunaráætluninni

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal hafa reglulegt eftirlit með því hvort vöktunaráætlunin endurspegli eðli og rekstur stöðvarinnar eða flugstarfseminnar í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2003/87/EB og hvort hægt sé að bæta vöktunaraðferðina.

2. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal breyta vöktunaráætluninni, a.m.k. við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) ný losun verður vegna nýrrar starfsemi eða vegna notkunar nýrra eldsneytistegunda eða efna sem enn er ekki að finna í vöktunaráætluninni,

b) breytingar á tiltækileika gagna vegna notkunar nýrra gerða mælitækja, sýnatöku- eða greiningaraðferða, eða af öðrum ástæðum, leiða til meiri nákvæmni við ákvörðun á losun,

c) þegar í ljós kemur að gögnin, sem fengin eru með vöktunaraðferðinni sem áður var beitt, eru ekki rétt,

d) breytingar á vöktunaráætluninni auka nákvæmni skýrslugagna, nema það sé tæknilega ómögulegt eða hafi í för með sér óhóflegan kostnað,

e) vöktunaráætlunin er ekki í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og lögbært yfirvald fer þess á leit að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars breyti henni,

f) nauðsynlegt er að bregðast við tillögum til úrbóta á vöktunaráætluninni sem er að finna í sannprófunarskýrslu.

15. gr.

Samþykkt breytinga á vöktunaráætluninni

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um tillögur að breytingum á vöktunaráætluninni án ástæðulausrar tafar.

Lögbæru yfirvaldi er hins vegar heimilt að leyfa rekstraraðilanum eða umráðanda loftfars að tilkynna um breytingar á vöktunaráætluninni, sem ekki eru mikilvægar í skilningi 3. og 4. mgr., eigi síðar en 31. desember á sama ári.

2. Allar mikilvægar breytingar á vöktunaráætluninni í skilningi 3. og 4. mgr. skulu vera háðar samþykki lögbærs yfirvalds.

Þegar lögbært yfirvald telur að breytingin sé ekki mikilvæg skal það upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfars um það án ástæðulausrar tafar.

3. Mikilvægar breytingar á vöktunaráætlun stöðvar eru meðal annars:

a) breytingar á flokkun stöðvarinnar ef slíkar breytingar útheimta breytingu á vöktunaraðferð eða leiða til breytingar á viðeigandi mikilvægisstigi skv. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2067,

b) þrátt fyrir 8. mgr. 47. gr.: breytingar er varða það hvort stöðin telst stöð með litla losun,

c) breytingar á upptökum losunar,

d) breyting úr reiknimiðaðri aðferð í mælimiðaða aðferð, eða öfugt, eða úr varaaðferð í aðferðarþrepamiðaða aðferð til ákvörðunar á losun, eða öfugt,

e) breyting á aðferðarþrepi sem beitt er,

f) innleiðing nýrra efnisstrauma,

g) breyting á flokkun efnisstrauma – á milli meiri háttar, óverulegra eða minni háttar efnisstrauma ef slík breyting útheimtir breytingu á vöktunaraðferð,

h) breyting á sjálfgildi fyrir reiknistuðul, þar sem mæla á fyrir um gildið í vöktunaráætluninni,

i) innleiðing nýrra aðferða eða breytingar á aðferðum sem til eru í tengslum við sýnatöku, greiningu eða kvörðun, þar sem þetta hefur bein áhrif á áreiðanleika gagna um losun,

j) framkvæmd eða aðlögun aðferðar til magnákvörðunar fyrir losun frá leka á geymslusvæðum.

4. Mikilvægar breytingar á vöktunaráætlunum umráðanda loftfars eru meðal annars:

a) að því er varðar vöktunaráætlun um losun:

   i. breyting á gildum losunarstuðuls sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,

   ii. breyting á milli aðferða við útreikning, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka, eða breyting frá notkun aðferðar við útreikning yfir í notkun á matsaðferð í samræmi við 2. mgr. 55. gr. eða öfugt,

   iii. innleiðing nýrra efnisstrauma,

   iv. breytingar á stöðu umráðanda loftfars sem smálosanda í skilningi 1. mgr. 55. gr. eða að því er varðar eitt af viðmiðunarmörkunum sem kveðið er á um í 6. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

b) að því er varðar vöktunaráætlun fyrir gögn um tonnkílómetra:

   i. breyting flutningaþjónustunnar í lofti á milli þess að vera ekki í atvinnuskyni og að vera í atvinnuskyni,

   ii. breyting á tilgangi flutningaþjónustunnar í lofti, þar sem tilgangurinn er farþega-, frakt- eða póstflutningar.

16. gr.

Framkvæmd og skráning breytinga

1. Áður en samþykkt eða upplýsingar berast í samræmi við 2. mgr. 15. gr. má rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars láta fara fram vöktun og skýrslugjöf með breyttri vöktunaráætlun ef unnt er, með raunhæfum hætti, að gera ráð fyrir að fyrirhugaðar breytingar séu óverulegar eða ef vöktun í samræmi við upphaflega vöktunaráætlun myndi leiða til ófullnægjandi gagna um losun.

Í vafatilvikum skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars annast alla vöktun og skýrslugjöf samhliða, og í bráðabirgðagögnum, bæði samkvæmt breyttri og upphaflegri vöktunaráætlun.

2. Við móttöku samþykkis eða upplýsinga í samræmi við 2. mgr. 15. gr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars aðeins nota gögnin er varða breyttu vöktunaráætlunina og láta alla vöktun og skýrslugjöf eingöngu fara fram samkvæmt breyttri vöktunaráætlun frá og með þeim degi sem sú útgáfa vöktunaráætlunarinnar gildir.

3. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal halda skrár yfir allar breytingar á vöktunaráætluninni. Hver skrá skal innihalda:

a) gagnsæja lýsingu á breytingunni,

b) rökstuðning fyrir breytingunni,

c) dagsetningu tilkynningarinnar um breytinguna til lögbærs yfirvalds skv. 1. mgr. 15. gr.,

d) dagsetningu staðfestingar lögbærs yfirvalds á móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. 15. gr , þar sem hún er tiltæk, og dagsetningu samþykktar eða upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 15. gr.,

e) dagsetningu upphafs framkvæmdar breyttu vöktunaráætlunarinnar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

2. ÞÁTTUR

Tæknilegur gerleiki og óhóflegur kostnaður

17. gr.

Tæknilegur gerleiki

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars fullyrðir að beiting tiltekinnar vöktunaraðferðar sé tæknilega ekki gerleg skal lögbært yfirvald meta tæknilegan gerleika með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans eða umráðanda loftfars. Rökstuðningur þessi skal byggjast á því að rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hafi tæknilega getu til að ráða við fyrirhugað kerfi eða kröfur sem hægt er að framkvæma innan þess tíma sem krafist er að því er varðar þessa reglugerð. Þessi tæknilega geta skal fela í sér aðgengi að nauðsynlegri tækni og tækniþekkingu.

18. gr.

Óhóflegur kostnaður

1. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars fullyrðir að beiting tiltekinnar vöktunaraðferðar myndi stofna til óhóflegs kostnaðar skal lögbært yfirvald meta það hvort kostnaðurinn sé óhóflegur, með tilliti til rökstuðnings rekstraraðilans.

Lögbært yfirvald skal telja kostnað óhóflegan ef áætlaður kostnaður er meiri en ávinningurinn. Í því skyni skal reikna út ávinning með því að margfalda úrbótastuðulinn með 20 evru viðmiðunarverði á hverja losunarheimild og kostnaður skal fela í sér viðeigandi afskriftartíma á grundvelli efnahagslegs endingartíma búnaðarins.

2. Við mat á því hvort kostnaðurinn sé óhóflegur með tilliti til vals rekstraraðilans á aðferðarþrepi fyrir gögn um starfsemi skal lögbært yfirvald nota sem úrbótastuðulinn, sem um getur í 1. mgr., mismuninn milli núverandi óvissu og óvissumarka aðferðarþrepsins sem myndi nást með úrbótunum, margfaldað með meðaltali árlegrar losunar þriggja síðustu ára frá þeim efnisstraumi.

Þar sem slík gögn um meðaltal árlegrar losunar síðustu þriggja ára frá þeim efnisstraumi liggja ekki fyrir skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leggja fram varfærnislegt mat á meðaltali árlegrar losunar, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá. Að því er varðar mælitæki, sem falla undir lögmælifræðilegt eftirlit í aðildarríki, má skipta út núverandi óvissu fyrir heimilað hámarksfrávik við notkun sem leyfilegt er samkvæmt viðeigandi landslöggjöf.

3. Þegar lögbært yfirvald metur það hvort kostnaður sé óhóflegur með tilliti til ráðstafana til að auka gæði losunarskýrslna en án beinna áhrifa á nákvæmni gagna um starfsemi skal yfirvaldið nota 1% úrbótastuðul fyrir meðaltal árlegrar losunar viðkomandi efnisstrauma síðustu þrjú skýrslutímabil. Þessar ráðstafanir geta falið í sér:

a) að skipt sé yfir í greiningar í stað sjálfgilda til ákvörðunar á reiknistuðlum,

b) aukinn fjölda greininga fyrir hvern efnisstraum,

c) ef sértæka mælingaverkefnið fellur ekki undir lögmælifræðilegt eftirlit í hverju ríki fyrir sig: að mælitækjum sé skipt út fyrir tæki, sem eru í samræmi við viðeigandi kröfur lögmælifræðilegs eftirlits í aðildarríkinu við svipaða notkun, eða fyrir mælitæki sem standast landsreglur sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB ([10]) eða tilskipun 2014/32/ESB,

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða ósjálfvirkan vogarbúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).

d) styttingu millibils kvörðunar og viðhalds fyrir mælitæki,

e) úrbætur á starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi sem draga umtalsvert úr eðlislægri áhættu eða eftirlitsáhættu.

4. Ráðstafanir í tengslum við úrbætur á vöktunaraðferð stöðvar skulu ekki teljast stofna til óhóflegs kostnaðar allt að samanlagðri upphæð sem nemur 2000 evrum fyrir hvert skýrslutímabil. Fyrir stöðvar með litla losun skulu þessi viðmiðunarmörk vera 500 evrur fyrir hvert skýrslutímabil.

III. KAFLI

VÖKTUN LOSUNAR FRÁ STAÐBUNDNUM STÖÐVUM

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

19. gr.

Flokkun stöðva, efnisstrauma og upptaka losunar

1. Í þeim tilgangi að vakta losun og ákvarða lágmarkskröfur fyrir aðferðarþrep skal hver rekstraraðili ákvarða flokk stöðvar sinnar skv. 2. mgr. og, þar sem við á, hvers efnisstraums skv. 3. mgr. og hverra upptaka losunar skv. 4. mgr.

2. Rekstraraðilinn skal flokka hverja stöð í einn eftirfarandi flokka:

a) í flokk A ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili jafngildir eða er undir 50 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

b) í flokk B ef meðaltal staðfestrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili er yfir 50 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings og jafngildir eða er undir 500 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

c) í flokk C ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir viðskiptatímabilið næst á undan núgildandi viðskiptatímabili er yfir 500 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur.

Þrátt fyrir 2. mgr. 14. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa rekstraraðilanum að breyta ekki vöktunaráætluninni ef, á grundvelli sannprófaðrar losunar, farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir flokkun stöðvar, sem um getur í fyrstu undirgrein, en rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir þessi viðmiðunarmörk á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur á síðari skýrslutímabilum

3. Rekstraraðilinn skal flokka hvern efnisstraum í einn af eftirfarandi flokkum, bera hann saman við samtölu allra algilda fyrir koltvísýring úr jarðefnaeldsneyti og jafngildiseiningar koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti sem svarar til allra efnisstrauma í reiknimiðuðum aðferðum og allrar losunar frá upptökum losunar sem vöktuð eru með mælimiðuðum aðferðum, áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá:

a) óverulegir efnisstraumar: ef efnisstraumar sem rekstraraðilinn velur eru samtals undir 5000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 10%, þó ekki samtals yfir 100 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi,

b) minni háttar efnisstraumar: ef efnisstraumar sem rekstraraðilinn velur eru samtals undir 1000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 2%, þó ekki samtals yfir 20 000 tonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi,

c) meiri háttar efnisstraumar: þar sem efnisstraumar falla ekki í neinn flokk sem um getur í a- og b-lið.

Þrátt fyrir 2. mgr. 14. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa rekstraraðilanum að breyta ekki vöktunaráætluninni ef, á grundvelli sannprófaðrar losunar, farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir flokkun efnisstraums sem óverulegs efnisstraums eða minni háttar efnisstraums, sem um getur í fyrstu undirgrein, en rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir þessi viðmiðunarmörk á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur á síðari skýrslutímabilum

4. Rekstraraðilinn skal flokka hver upptök losunar, þar sem mælimiðuðum aðferðum er beitt, í einn af eftirfarandi flokkum:

a) óveruleg upptök losunar: ef upptök losunar valda losun sem er undir 5000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti á ári eða undir 10% af heildarlosun stöðvarinnar úr jarðefnaeldsneyti, þó ekki yfir 100 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti á ári, eftir því hvort hefur hærra algildi,

b) meiri háttar upptök losunar, ef upptök losunar flokkast ekki sem óveruleg upptök losunar.

Þrátt fyrir 2. mgr. 14. gr. er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa rekstraraðilanum að breyta ekki vöktunaráætluninni ef, á grundvelli sannprófaðrar losunar, farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir flokkun upptaka losunar sem óveruleg upptök losunar, sem um getur í fyrstu undirgrein, en rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir þessi viðmiðunarmörk á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur á síðari skýrslutímabilum

5. Ef meðaltal sannprófaðrar árlegrar losunar fyrir stöðina á viðskiptatímabili næst á undan gildandi viðskiptatímabili er ekki tiltækt eða er ekki lengur dæmigert, að því er varðar 2. mgr., skal rekstraraðilinn nota varfærnislegt mat á árlegri meðallosun, að undanskildum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur, til að ákvarða flokk stöðvarinnar.

20. gr.

Mörk vöktunar

1. Rekstraraðilar skulu skilgreina mörk vöktunar fyrir hverja stöð.

Innan þeirra marka skal rekstraraðilinn taka með alla viðkomandi losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum upptökum losunar og efnisstraumum sem tilheyra starfseminni, sem fer fram í stöðinni og tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og frá starfsemi og gróðurhúsalofttegundum sem aðildarríkið, þar sem stöðin er staðsett, tekur með skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar.

Rekstraraðilinn skal einnig taka með losun frá eðlilegri starfsemi og óeðlilegum atvikum, þ.m.t. ræsing, stöðvun og neyðartilvik á skýrslutímabilinu, að undanskilinni losun frá færanlegum vélum sem notaðar eru við flutninga.

2. Við ákvörðun á vöktunar- og skýrslugjafarferli skal rekstraraðilinn taka með sértækar kröfur fyrir geirann sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

3. Þegar leki frá geymslusamstæðu, í skilningi tilskipunar 2009/31/EB, er greindur og leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal líta á hann sem upptök losunar fyrir viðkomandi stöð og vakta hann í samræmi við 23. lið IV. viðauka við þessa reglugerð.

Lögbært yfirvald getur heimilað að upptök losunar frá leka séu undanskilin frá vöktunar- og skýrslugjafarferlinu þegar gripið hefur verið til ráðstafana til úrbóta skv. 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping í vatnssúluna vegna lekans er hætt að mælast.

21. gr.

Val á vöktunaraðferð

1. Við vöktun losunar frá stöð skal rekstraraðilinn velja að beita annaðhvort reiknimiðaðri aðferð eða mælimiðaðri aðferð, með fyrirvara um sértæk ákvæði þessarar reglugerðar.

Reiknimiðuð aðferð skal fela í sér ákvörðun losunar frá efnisstraumum á grundvelli gagna um starfsemi sem aflað er með mælikerfum og viðbótarmæliþáttum frá greiningu á rannsóknarstofu eða sjálfgildum. Reiknimiðuðu aðferðina er hægt að framkvæma samkvæmt staðlaðri aðferð sem sett er fram í 24. gr. eða massajöfnuðaraðferð sem sett er fram í 25. gr.

Mælimiðuð aðferð skal fela í sér ákvörðun losunar frá upptökum losunar með samfelldri mælingu á styrk viðkomandi gróðurhúsalofttegundar í útblæstri og á útblástursstreyminu, þ.m.t. vöktun á flutningum koltvísýrings milli stöðva þar sem styrkur koltvísýrings og streymi fluttra lofttegunda er mælt.

Þegar reiknimiðaðri aðferð er beitt skal rekstraraðilinn ákvarða fyrir hvern efnisstraum í vöktunaráætluninni hvort notuð er stöðluð aðferð eða massajöfnuðaraðferð, þ.m.t. viðkomandi aðferðarþrep í samræmi við II. viðauka.

2. Rekstraraðili getur sameinað, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds, staðlaða aðferð, massajöfnuðaraðferð og mælimiðaða aðferð fyrir mismunandi upptök losunar og efnisstrauma í einni stöð, að því tilskildu að það verði hvorki eyður né tvítalning varðandi losun.

3. Ef sértækar kröfur fyrir geirann, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, útheimta notkun á sérstakri vöktunaraðferð skal rekstraraðilinn nota þá aðferð eða mælimiðaða aðferð. Rekstraraðilinn má því aðeins velja aðra aðferð ef hann leggur fyrir lögbært yfirvald gögn þess efnis að notkun tilskilinnar aðferðar sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar eða að önnur aðferð leiði af sér nákvæmari gögn um losun á heildina litið.

22. gr.

Vöktunaraðferð sem ekki byggir á aðferðarþrepum

Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr., getur rekstraraðilinn notað vöktunaraðferð sem ekki byggist á aðferðarþrepum (hér á eftir nefnd „varaaðferð“) fyrir valda efnisstrauma eða upptök losunar, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) beiting a.m.k. 1. aðferðarþreps samkvæmt reiknimiðuðu aðferðinni fyrir einn eða fleiri meiri háttar efnisstrauma eða óverulega efnisstrauma ásamt mælimiðuðu aðferðinni fyrir minnst ein upptök losunar sem tengjast sama efnisstraumi er tæknilega ógerleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar,

b) rekstraraðilinn metur og magngreinir ár hvert óvissu allra mæliþátta, sem notaðir eru til að ákvarða árlega losun í samræmi við ISO-staðalinn „*Guide to the expression of uncertainty in measurement*“ (JCGM 100:2008) eða annan, jafngildan alþjóðlega viðurkenndan staðal, og lætur niðurstöðurnar fylgja með í skýrslunni um árlega losun,

c) rekstraraðilinn sýnir með fullnægjandi hætti, að mati lögbærs yfirvalds, fram á að með því nota slíka varaaðferð við vöktun fari heildaróvissumörkin fyrir árlegt magn losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir stöðina í heild sinni ekki umfram 7,5% fyrir stöðvar í flokki A, 5,0% fyrir stöðvar í flokki B og 2,5% fyrir stöðvar í flokki C.

23. gr.

Tímabundnar breytingar á vöktunaraðferð

1. Ef ekki hægt að beita vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, tímabundið af tæknilegum ástæðum skal viðkomandi rekstraraðili beita hæsta aðferðarþrepinu, sem unnt er að ná, eða varfærnislegri þrepalausri aðferð ef ekki er unnt að beita aðferðarþrepi, þar til skilyrðum fyrir beitingu aðferðarþrepsins, sem var samþykkt í vöktunaráætluninni, hefur verið komið aftur á.

Rekstraraðilinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að beiting vöktunaráætlunarinnar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hefjist að nýju sem fyrst.

2. Viðkomandi rekstraraðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi án ástæðulausrar tafar um tímabundnu breytinguna á vöktunaraðferðinni sem um getur í 1. mgr. og tilgreina:

a) ástæðurnar fyrir því að vikið er frá vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

b) nákvæmar upplýsingar um vöktunaraðferð til bráðabirgða sem rekstraraðilinn notar til að ákvarða losun þar til skilyrðum fyrir beitingu vöktunaráætlunarinnar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hefur verið komið aftur á,

c) ráðstafanir sem rekstraraðilinn hefur gert til að koma aftur á skilyrðum fyrir beitingu vöktunaráætlunarinnar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

d) væntanlega tímasetningu þegar beiting vöktunaráætlunarinnar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hefst aftur.

2. ÞÁTTUR

Reiknimiðuð aðferð

1. undirþáttur

Almennt

24. gr.

Útreikningur losunar með staðalaðferðinni

1. Samkvæmt staðalaðferðinni skal rekstraraðilinn reikna út losun við bruna efnisstraums með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn eldsneytis sem er brennt, gefið upp sem terajúl á grundvelli nettóvarmagildis, með samsvarandi losunarstuðli, gefinn upp sem tonn af koltvísýringi á hvert terajúl (t CO_2/TJ), í samræmi við notkun nettóvarmagildis, og samsvarandi oxunarstuðli.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að leyfa notkun losunarstuðla fyrir eldsneyti, gefnir upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3. Í slíkum tilvikum skal rekstraraðilinn ákvarða losun við bruna með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn eldsneytis sem brennt er, gefið upp sem tonn eða normalrúmmetrar, með samsvarandi losunarstuðli og samsvarandi oxunarstuðli.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða losun við vinnslu fyrir hvern efnisstraum með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við efnisnotkun, gegnumstreymi eða framleiðsluafköst, gefin upp sem tonn eða normalrúmmetrar, með samsvarandi losunarstuðli, gefinn upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, og samsvarandi breytistuðli.

3. Þar sem losunarstuðull 1. aðferðarþreps eða 2. aðferðarþreps felur þegar í sér áhrif ófullkominna efnahvarfa skal oxunarstuðullinn eða breytistuðullinn vera 1.

25. gr.

Útreikningur á losun með massajöfnuðaraðferð

1. Rekstraraðilinn skal nota massajöfnuðaraðferð til að reikna út magn koltvísýrings fyrir hvern efnisstraum í massajöfnuðinum, með því að margfalda gögn um starfsemi í tengslum við magn eldsneytis eða efnis, sem fer inn eða út fyrir mörk massajöfnuðar, með kolefnisinnihaldi eldsneytisins eða efnisins, margfaldað með 3,664 t CO_2/t C, með því að beita 3. lið II. viðauka.

2. Þrátt fyrir 49. gr. skal losun heildarferlisins, sem fellur undir massajöfnuðinn, vera summa koltvísýringsmagnsins sem samsvarar öllum efnisstraumum sem falla undir massajöfnuðinn. Kolsýring, sem losaður er í andrúmsloftið, skal reikna út í massajöfnuðinum sem losun á móljafngildi koltvísýrings.

26. gr.

Viðeigandi aðferðarþrep

1. Við skilgreiningu á viðkomandi aðferðarþrepum fyrir meiri háttar og óverulega efnisstrauma, í samræmi við 1. mgr. 21. gr., til að ákvarða gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul, skal hver rekstraraðili beita eftirfarandi:

a) að minnsta kosti þeim aðferðarþrepum sem talin eru upp í V. viðauka ef um er að ræða stöð í flokki A eða þegar krafist er reiknistuðuls fyrir efnisstraum sem er hefðbundið markaðseldsneyti,

b) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið: hæsta aðferðarþrepi eins og það er skilgreint í II. viðauka.

Fyrir meiri háttar efnisstrauma er rekstraraðila þó heimilt að beita aðferðarþrepi einu stigi lægra en þess sem krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein fyrir stöðvar í flokki C og allt að tveimur stigum neðar fyrir stöðvar í flokki A og B, að lágmarki 1. aðferðarþrepi, ef hann getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að beiting aðferðarþrepsins, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt, á umbreytingartímabili sem rekstraraðilinn hefur samþykkt, að leyfa rekstraraðilanum að beita aðferðarþrepum, sem eru lægri en þau sem um getur í annarri undirgrein, að lágmarki 1. aðferðarþrepi, við meiri háttar efnisstrauma að því tilskildu að:

a) rekstraraðilinn sýni lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að beiting aðferðarþreps, sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar, og

b) rekstraraðilinn leggi fram áætlun um úrbætur þar sem tilgreint er a.m.k. hvenær og hvernig því aðferðarþrepi, sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein, verði náð.

2. Að því er varðar losun frá óverulegum efnisstraumum er rekstraraðilanum heimilt að beita lægra aðferðarþrepi en krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., að lágmarki 1. aðferðarþrepi, ef hann getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að beiting aðferðarþrepsins, sem krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

3. Að því er varðar minni háttar efnisstrauma er rekstraraðilanum heimilt að ákvarða gögn um starfsemi og hvern reiknistuðul með því að nota varfærnislegt mat í stað aðferðarþrepa, nema unnt sé að ná skilgreindu aðferðarþrepi án viðbótaraðgerða.

4. Að því er varðar oxunarstuðulinn og breytistuðulinn skal rekstraraðilinn að lágmarki beita lægstu aðferðarþrepunum sem tilgreind eru í II. viðauka.

5. Ef lögbært yfirvald hefur heimilað notkun losunarstuðla fyrir eldsneyti, sem gefnir eru upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, og fyrir eldsneyti, sem notað er sem vinnsluílag eða í massajöfnuði í samræmi við 25. gr., er hægt að vakta nettóvarmagildið með því að nota varfærnislegt mat í stað þess að nota aðferðarþrep nema unnt sé að ná skilgreindu aðferðarþrepi án viðbótaraðgerða.

2. undirþáttur

Gögn um starfsemi

27. gr.

Ákvörðun gagna um starfsemi

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða gögn um starfsemi fyrir efnisstraum með öðrum af eftirfarandi háttum:

a) á grundvelli samfelldrar mælingar í tengslum við vinnsluna sem veldur losuninni,

b) á grundvelli samantektar á mælingum á magni, sem er afhent sérstaklega, að teknu tilliti til viðkomandi breytinga á birgðum.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal reikna magn eldsneytis eða efnis sem unnið er á skýrslutímabilinu sem magn eldsneytis eða efnis sem berst á skýrslutímabilinu, að frádregnu magni eldsneytis eða efnis sem flutt er út af stöðinni, að viðbættu magni eldsneytis eða efnis í birgðum í upphafi skýrslutímabilsins, að frádregnu magni eldsneytis eða efnis í birgðum í lok skýrslutímabilsins.

Þegar ekki er tæknilega gerlegt eða það myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að ákvarða birgðamagn með beinum mælingum getur rekstraraðilinn metið þetta magn á grundvelli annars af eftirfarandi:

a) gagna frá næstliðnum árum í samhengi við frálag skýrslutímabilsins,

b) skjalfestra aðferða og viðkomandi gagna í endurskoðuðum reikningsskilum fyrir skýrslutímabilið.

Ef það er tæknilega ógerlegt eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að ákvarða gögn um starfsemi fyrir allt almanaksárið er rekstraraðilanum heimilt að velja næstmest viðeigandi dag til að aðgreina eitt skýrslugjafarár frá því næsta og samrýma við tilskilið almanaksár til samræmis við það. Frávikin, sem tengjast einum eða fleiri efnisstraumum, skulu skýrt skráð, þau skulu vera grundvöllur fyrir gildi sem er dæmigert fyrir almanaksárið og þau skulu metin á samræmdan hátt í tengslum við næsta ár.

28. gr.

Mælikerfi undir stjórn rekstraraðilans

1. Við ákvörðun gagna um starfsemi í samræmi við 27. gr. skal rekstraraðilinn nota niðurstöður mælinga sem byggjast á mælikerfum undir hans stjórn á stöðinni, að því tilskildu að öll eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

a) rekstraraðilinn verður að láta fara fram óvissumat og tryggja að óvissumörk viðkomandi aðferðarþreps séu uppfyllt,

b) rekstraraðilinn verður að tryggja að minnst einu sinni á ári og eftir hverja kvörðun mælitækja séu niðurstöður kvörðunarinnar, margfaldaðar með varfærnislegum leiðréttingarstuðli, bornar saman við viðeigandi óvissumörk. Varfærnislegur leiðréttingarstuðull skal byggjast á viðeigandi tímaröðum fyrri kvarðana sömu eða svipaðra mælitækja til að taka tillit til áhrifa óvissu í notkun.

Ef farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir aðferðarþrep, sem samþykkt eru í samræmi við 12. gr., eða búnaður reynist ekki vera í samræmi við aðrar kröfur skal rekstraraðilinn grípa til aðgerða til úrbóta án ástæðulausrar tafar og tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um.

2. Þegar rekstraraðilinn tilkynnir um nýja vöktunaráætlun eða þegar það skiptir máli fyrir breytingu á samþykktri vöktunaráætlun skal hann leggja óvissumatið, sem um getur í a-lið 1. mgr., fyrir lögbært yfirvald.

Matið skal taka til tilgreindu óvissunnar í tengslum við þau mælitæki sem notuð eru, óvissunnar í tengslum við kvörðunina og allrar frekari óvissu í tengslum við hvernig mælitækin eru notuð í reynd. Óvissumatið skal taka til óvissu sem tengist breytingum í birgðahaldi þegar geymsluaðstaða getur innihaldið minnst 5% af árlegu magni þess eldsneytis eða efnis sem er til athugunar. Þegar matið fer fram skal rekstraraðilinn taka tillit til þess að uppgefin gildi, sem notuð eru til að skilgreina óvissumörk í aðferðarþrepi í II. viðauka, vísa til óvissu á öllu skýrslutímabilinu.

Rekstraraðilinn getur einfaldað óvissumatið með því að gera ráð fyrir að litið sé á heimilað hámarksfrávik, sem tilgreint er fyrir mælitækið í notkun, eða, sé hún minni, óvissuna, sem fæst með kvörðun, margfölduð með varfærnislegum leiðréttingarstuðli til að tekið sé tillit til áhrifa óvissunnar við notkun, sem óvissu allt skýrslutímabilið eins og krafist er í skilgreiningu aðferðarþrepa í II. viðauka, að því tilskildu að mælitæki séu sett upp í umhverfi sem hæfir nákvæmri skilgreiningu um notkun þeirra.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. getur lögbært yfirvald heimilað að rekstraraðilinn noti niðurstöður mælinga, sem byggjast á mælikerfum undir hans stjórn á stöðinni, ef rekstraraðilinn leggur fram gögn þess efnis að mælitækin sem notuð eru falli undir viðkomandi lögmælifræðilegt eftirlit í viðkomandi aðildarríki.

Í þeim tilgangi má nota heimilað hámarksfrávik við notkun, sem er heimilað í viðkomandi landslöggjöf um lögmælifræðilegt eftirlit fyrir viðkomandi mælingaverkefni, sem óvissugildi án þess að leggja fram frekari gögn.

29. gr.

Mælikerfi sem ekki eru undir stjórn rekstraraðilans

1. Ef notkun mælikerfa, sem eru ekki undir stjórn rekstraraðilans, miðað við notkun þeirra mælikerfa, sem eru undir stjórn rekstraraðilans skv. 28. gr., gerir rekstraraðilanum kleift, á grundvelli einfaldaðs óvissumats, að uppfylla kröfurnar um a.m.k. jafnhátt aðferðarþrep, gefur áreiðanlegri niðurstöður og er síður í eftirlitsáhættu skal rekstraraðilinn ákvarða gögnin um starfsemi með mælikerfum sem ekki eru undir hans stjórn.

Í því skyni getur rekstraraðilinn gripið til annarrar af eftirtöldum gagnalindum:

a) upphæða á reikningum sem viðskiptafélagi gefur út, að því tilskildu að viðskipti eigi sér stað á milli tveggja sjálfstæðra viðskiptafélaga,

b) beins lesturs af mælikerfunum.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja samræmi við viðeigandi aðferðarþrep skv. 26. gr.

Í þeim tilgangi má nota heimilað hámarksfrávik við notkun, sem er heimilað í viðkomandi löggjöf um lögmælifræðilegt eftirlit í aðildarríki fyrir viðkomandi viðskiptagjörning, sem óvissu án þess að leggja fram frekari gögn.

Þar sem gildandi kröfur samkvæmt landsbundnu lögmælifræðilegu eftirliti eru ekki jafn strangar og viðeigandi aðferðarþrep samkvæmt 26. gr. skal rekstraraðilinn afla gagna um viðeigandi óvissu hjá viðskiptafélaganum sem ábyrgur er fyrir mælikerfinu.

3. undirþáttur

Reiknistuðlar

30. gr.

Ákvörðun á reiknistuðlum

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða reiknistuðla annaðhvort sem sjálfgildi eða gildi sem byggjast á greiningu, allt eftir viðeigandi aðferðarþrepi.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða og tilkynna um reiknistuðla í samræmi við ástandið sem notað er fyrir tengd gögn um starfsemi, með vísun í það ástand sem eldsneytið eða efnið er í þegar það keypt eða notað í ferlinu sem veldur losuninni, áður en það er þurrkað eða meðhöndlað með öðrum hætti fyrir greiningu á rannsóknarstofu.

Þegar slík aðferð leiðir til óhóflegs kostnaðar eða þegar hægt er að ná meiri nákvæmni getur rekstraraðilinn með samræmdum hætti tilkynnt um gögn um starfsemi og reiknistuðla með vísun í ástandið þegar greining á rannsóknarstofu fer fram.

Þess skal krafist að rekstraraðilinn ákvarði lífmassahlutann einungis fyrir blandað eldsneyti eða efni. Fyrir önnur eldsneyti eða efni skal nota sjálfgildið 0% fyrir lífmassahluta jarðefnaeldsneytis eða efna og sjálfgildið 100% lífmassahluti fyrir lífmassa-eldsneyti eða efni sem samanstanda eingöngu af lífmassa.

31. gr.

Sjálfgildi fyrir reiknistuðla

1. Þegar rekstraraðili ákvarðar reiknistuðla sem sjálfgildi skal hann nota eitt af eftirfarandi gildum, í samræmi við kröfur samkvæmt viðeigandi aðferðarþrepi, eins og fram kemur í II. og VI. viðauka:

a) staðlaða stuðla og hvarfhlutfallslega stuðla sem tilgreindir eru í VI. viðauka,

b) staðlaða stuðla sem aðildarríki notar í landsskrá sinni, sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,

c) gildi í heimildum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. staðlaðir stuðlar sem lögbært yfirvald birtir, sem eru samrýmanlegir stuðlum sem um getur í b-lið, en eru dæmigerðir fyrir aðgreindari upptök eldsneytisstrauma,

d) gildi sem birgir eldsneytis eða efnis tilgreinir og ber ábyrgð á ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að kolefnisinnihaldið sé með 95% öryggisbil sem fer ekki yfir 1%,

e) gildi, sem byggjast á fyrri greiningum, ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að þessi gildi séu dæmigerð fyrir síðari framleiðslulotur af sama eldsneytinu eða efninu.

2. Rekstraraðilinn skal tilgreina öll sjálfgildi sem notuð eru í vöktunaráætluninni.

Þegar sjálfgildi breytast árlega skal rekstraraðilinn tilgreina viðkomandi opinberar heimildir fyrir gildinu í vöktunaráætluninni.

3. Lögbæru yfirvaldi er einungis heimilt að samþykkja breytingu á sjálfgildum fyrir reiknistuðul í vöktunaráætluninni skv. 2. mgr. 15. gr. ef rekstraraðilinn leggur fram gögn þess efnis að nýja sjálfgildið leiði til nákvæmari ákvörðunar á losun.

4. Ef rekstraraðilinn sækir um það getur lögbært yfirvald heimilað að nettóvarmagildi og losunarstuðlar eldsneytis séu ákvarðaðir með því að beita sömu aðferðarþrepum og krafist er fyrir hefðbundin markaðseldsneyti, að því tilskildu að rekstraraðilinn leggi fram, minnst þriðja hvert ár, gögn þess efnis að 1% bilið fyrir tilgreint varmagildi hafi verið uppfyllt undanfarin þrjú ár.

5. Ef rekstraraðilinn sækir um það getur lögbært yfirvald samþykkt að litið sé svo á að hvarfhlutfallslegt kolefnisinnihald í hreinu efni uppfylli aðferðarþrep, sem myndi annars útheimta greiningu sem væri gerð í samræmi við 32. til 35. gr., ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að notkun greininga myndi leiða til óhóflegs kostnaðar og að notkun á hvarfhlutfallslegu gildi muni ekki leiða til vanmats á losuninni.

32. gr.

Reiknistuðlar byggðir á greiningum

1. Rekstraraðilinn skal tryggja að greiningar, sýnataka, kvörðun og fullgilding til ákvörðunar á reiknistuðlum fari fram með því að beita aðferðum sem byggjast á samsvarandi EN-stöðlum.

Þegar engir slíkir staðlar eru tiltækir skulu aðferðirnar byggjast á viðeigandi ISO-stöðlum eða landsstöðlum. Ef ekki eru til neinir viðeigandi útgefnir staðlar skal nota viðeigandi drög að stöðlum, leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði eða aðrar vísindalega sannreyndar aðferðir og takmarka með því skekkjur í sýnatöku og mælingum.

2. Þegar notaðar eru beinlínutengdar gasskiljur og gasgreinar, með eða án útdráttar, til að ákvarða losun skal rekstraraðilinn afla samþykkis lögbærs yfirvalds fyrir notkun slíks búnaðar. Búnaðurinn skal aðeins vera notaður með tilliti til gagna um samsetningu loftkennds eldsneytis og efnis. Sem lágmarksráðstöfun til að tryggja gæði skal rekstraraðilinn sjá til þess að upphafleg sannprófun og endurteknar árlegar sannprófanir mælitækja fari fram.

3. Niðurstöður sérhverra greininga skulu aðeins notaðar fyrir afhendingartímabilið eða framleiðslulotu eldsneytis eða efnis, sem sýnin eru tekin fyrir, og sem sýnin eiga að vera dæmigerð fyrir.

Þegar rekstraraðilinn ákvarðar sértækan mæliþátt skal hann nota niðurstöður allra greininga sem gerðar hafa verið að því er varðar þann mæliþátt.

33. gr.

Sýnatökuáætlun

1. Þegar reiknistuðlar eru ákvarðaðir með greiningum skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykkis fyrir hverja eldsneytistegund eða efni sýnatökuáætlun í formi skriflegra verklagsreglna með upplýsingum um aðferðir við undirbúning sýna, þ.m.t. upplýsingar um ábyrgðarsvið, staðsetningar, tíðni og magn svo og um aðferðir við geymslu og flutning sýna.

Rekstraraðilinn skal tryggja að fengin sýni séu dæmigerð fyrir viðkomandi framleiðslulotu eða afhendingartímabil og skekkjulaus. Viðeigandi þættir í sýnatökuáætluninni skulu vera í samráði við rannsóknarstofuna sem sér um greiningu viðkomandi eldsneytis eða efnis og upplýsingar um þann samning skulu fylgja með í áætluninni. Rekstraraðilinn skal hafa áætlunina tiltæka til sannprófunar samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

2. Rekstraraðilinn skal, í samráði við rannsóknarstofuna sem sér um greiningu viðkomandi eldsneytis eða efnis og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, aðlaga þætti sýnatökuáætlunarinnar ef greiningarniðurstöður benda til þess að misleitni eldsneytisins eða efnisins sé umtalsvert frábrugðin þeim upplýsingum um misleitni sem upphaflega sýnatökuáætlunin fyrir þetta tiltekna eldsneyti eða efni var byggð á.

34. gr.

Notkun rannsóknarstofa

1. Rekstraraðilinn skal tryggja að rannsóknarstofur, sem notaðar eru við greiningar til ákvörðunar reiknistuðla, séu faggiltar í samræmi við EN ISO/IEC 17025, fyrir viðkomandi greiningaraðferðir.

2. Rannsóknarstofur, sem ekki eru faggiltar í samræmi við EN ISO/IEC 17025, má aðeins nota til að ákvarða reiknistuðla þegar rekstraraðilinn getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að aðgangur að rannsóknarstofum, sem um getur í 1. mgr., sé tæknilega ekki mögulegur eða hefði óhóflegan kostnað í för með sér og að rannsóknarstofan, sem ekki hefur faggildingu, standist kröfur sem jafngilda EN ISO/IEC 17025.

3. Lögbært yfirvald skal telja að rannsóknarstofa standist kröfur sem jafngilda EN ISO/IEC 17025 í skilningi 2. mgr. þegar rekstraraðilinn leggur fram, að því marki sem það er mögulegt, gögn í samræmi við aðra og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar á því sniði og með sambærilegri sundurliðun og krafist er fyrir aðferðir skv. 2. mgr. 12. gr.

Að því er varðar gæðastjórnun skal rekstraraðilinn leggja fram faggilda vottun rannsóknarstofunnar í samræmi við EN ISO/IEC 9001 eða önnur vottuð gæðastjórnunarkerfi sem ná yfir rannsóknarstofuna. Séu slík vottuð gæðastjórnunarkerfi ekki fyrir hendi skal rekstraraðilinn leggja fram önnur viðeigandi gögn þess efnis að rannsóknarstofan geti stjórnað starfsfólki sínu, aðferðum, skjölum og verkefnum með áreiðanlegum hætti.

Að því er varðar tæknilega færni skal rekstraraðilinn leggja fram gögn þess efnis að rannsóknarstofan sé hæf og geti skilað tæknilega gildum niðurstöðum með notkun viðeigandi greiningaraðferða. Í slíkum gögnum skal tilgreina a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) stjórnun í tengslum við hæfi starfsfólks að því er varðar sértæk verk sem því eru falin,

b) hentugleika vistarvera og umhverfisaðstæður,

c) val á greiningaraðferðum og viðeigandi stöðlum,

d) eftir atvikum, stjórnun sýnatöku og undirbúnings sýna, þ.m.t. stjórnun á heildstæði sýna,

e) eftir atvikum, þróun og fullgildingu nýrra greiningaraðferða eða beitingu aðferða sem ekki falla undir alþjóðlega staðla eða landsstaðla,

f) óvissumat,

g) stjórnun búnaðar, þ.m.t. aðferðir við kvörðun, stillingu, viðhald og viðgerðir á búnaði og skráning þeirra,

h) stjórnun og eftirlit með gögnum, skjölum og hugbúnaði,

i) stjórnun kvörðunarhluta og viðmiðunarefna,

j) gæðatryggingu fyrir niðurstöður kvarðana og prófana, þ.m.t. regluleg þátttaka í hæfnisprófunaráætlunum þar sem beitt er greiningaraðferðum á vottað viðmiðunarefni eða samanburði milli rannsóknarstofa sem hafa fengið faggildingu,

k) stjórnun útvistaðra ferla,

l) stjórnun verkefna, kvartana viðskiptavina og tryggingu tímanlegra aðgerða til úrbóta.

35. gr.

Tíðni greininga

1. Rekstraraðilinn skal að lágmarki beita þeirri tíðni greininga fyrir viðkomandi eldsneyti og efni sem tilgreind er í VII. viðauka.

2. Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðilanum að nota aðra tíðni en þá sem um getur í 1. mgr. þegar lágmarkstíðni er ekki tiltæk eða þegar rekstraraðilinn sýnir fram á annað af eftirfarandi:

a) að miðað við söguleg gögn, þ.m.t. greiningargildi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni á skýrslutímabilinu strax á undan núgildandi skýrslutímabili, séu breytingar á greiningargildum fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni ekki yfir 1/3 af óvissugildinu sem rekstraraðilinn verður að halda sig við að því er varðar ákvörðun á gögnum um starfsemi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni,

b) að notkun þeirrar tíðni sem er krafist myndi stofna til óhóflegs kostnaðar.

Ef stöð er einungis starfrækt hluta af árinu eða ef eldsneyti eða efni eru afhent í framleiðslulotum sem eru notaðar á lengri tíma en á einu almanaksári er lögbæru yfirvaldi heimilt að sammælast við rekstraraðilann um greiningaráætlun sem á betur við, að því tilskildu að hún hafi í för með sér óvissu sem er sambærileg þeirri sem fram kemur í a-lið fyrstu undirgreinar.

4. undirþáttur

Sértækir reiknistuðlar

36. gr.

Losunarstuðlar fyrir koltvísýring

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða sértæka losunarstuðla fyrir tiltekna starfsemi fyrir losun koltvísýrings.

2. Losunarstuðlar fyrir eldsneyti, þ.m.t. það sem er notað sem vinnsluílag, skulu gefnir upp sem t CO_2/TJ.

Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðilanum að nota losunarstuðul fyrir eldsneyti, gefinn upp sem t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3, fyrir losun við brennslu þegar notkun losunarstuðuls, gefinn upp sem t CO_2/TJ, leiðir til óhóflegs kostnaðar eða þegar er unnt að ná fram a.m.k. jafnmikilli nákvæmni í útreikningum losunar með því að nota slíkan losunarstuðul.

3. Við umreikning kolefnisinnihalds í viðkomandi gildi koltvísýringstengds losunarstuðuls og öfugt skal rekstraraðilinn nota stuðulinn 3,664 t CO_2/t C.

37. gr.

Oxunar- og breytistuðlar

1. Rekstraraðilinn skal nota að lágmarki 1. aðferðarþrep til að ákvarða oxunar- eða breytistuðla. Rekstraraðilinn skal nota gildið 1 fyrir oxunar- eða breytistuðul þegar losunarstuðull felur í sér áhrif ófullkominnar oxunar eða ummyndunar.

Hins vegar getur lögbært yfirvald krafist þess að rekstraraðilar noti ávallt 1. aðferðarþrep.

2. Þegar notaðar eru margar eldsneytistegundir á sömu stöðinni og nota á 3. aðferðarþrep fyrir tiltekna oxunarstuðulinn getur rekstraraðilinn beðið um samþykki lögbærs yfirvalds fyrir öðrum eða báðum eftirtöldum liðum:

a) ákvörðun á einum sameiginlegum oxunarstuðli fyrir allt brennsluferlið og notkun hans fyrir allar eldsneytistegundir,

b) tenging ófullkomnu oxunarinnar við einn meiri háttar efnisstraum og notkun gildisins 1 fyrir oxunarstuðul annarra efnisstrauma.

Þegar notaður er lífmassi eða blandað eldsneyti skal rekstraraðilinn leggja fram gögn þess efnis að beiting a- eða b-liðar fyrstu undirgreinar leiði ekki til þess að losun verði vanmetin.

5. undirþáttur

Meðhöndlun lífmassa

38. gr.

Efnisstraumar lífmassa

1. Rekstraraðilanum er heimilt að ákvarða gögn um starfsemi að því er varðar lífmassaefnisstraum án þess að nota aðferðarþrep og leggja fram greiningargögn varðandi lífmassainnihald þegar sá efnisstraumur er eingöngu lífmassi og rekstraraðilinn getur tryggt að hann sé ekki mengaður öðrum efnum eða eldsneyti.

2. Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll.

Losunarstuðull hvers eldsneytis eða efnis skal reiknaður út og hann tilkynntur sem bráðabirgðalosunarstuðull, sem er ákvarðaður í samræmi við 30. gr., margfaldaður með jarðefnahluta eldsneytisins eða efnisins.

3. Mór, xýlít og jarðefnahlutar blandaðs eldsneytis eða efna teljast ekki til lífmassa.

4. Þegar lífmassahluti blandaðs eldsneytis eða efnis jafngildir eða er meiri en 97% eða þar sem hann telst, vegna losunarmagns í tengslum við jarðefnahluta eldsneytisins eða efnisins, vera minni háttar efnisstraumur getur lögbært yfirvald heimilað rekstraraðilanum að beita þrepalausum aðferðum, þ.m.t. orkujöfnuðaraðferð, við ákvörðun gagna um starfsemi og viðeigandi reiknistuðla.

39. gr.

Ákvörðun lífmassa- og jarðefnahluta

1. Að því er varðar blandað eldsneyti eða efni er rekstraraðilanum heimilt að gera annaðhvort ráð fyrir því að lífmassi sé ekki fyrir hendi og beita stöðluðum jarðefnahluta, sem nemur 100%, eða ákvarða lífmassahlutann í samræmi við 2. mgr. og beita aðferðarþrepum eins og skilgreint er í lið 2.4 í II. viðauka.

2. Ef rekstraraðilinn þarf að framkvæma greiningar til að ákvarða lífmassahlutann, með fyrirvara um nauðsynlegt aðferðarþrep, skal hann gera þetta á grundvelli viðeigandi staðals og greiningaraðferða sem í honum felast að því tilskildu að lögbært yfirvald samþykki notkun þessa staðals og greiningaraðferða.

Ef rekstraraðilinn þarf að framkvæma greiningar til að ákvarða lífmassahlutann, með fyrirvara um nauðsynlegt aðferðarþrep, en beiting fyrstu undirgreinar er tæknilega ekki möguleg eða hefði óhóflegan kostnað í för með sér skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykkis staðgöngumatsaðferð til að ákvarða lífmassahlutann. Að því er varðar eldsneyti eða efni, sem koma frá framleiðsluferli þar sem ílagsstreymi eru skilgreind og rekjanleg, getur rekstraraðilinn byggt matið á massajöfnuði jarðefna- og lífmassakolefnis sem fer inn í ferlið og út úr því.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fram leiðbeiningar um nánari, viðeigandi matsaðferðir.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. og 30. gr., þar sem upprunaábyrgð hefur verið komið á í samræmi við j-lið 2. gr. og 15. gr. tilskipunar 2009/28/EB fyrir lífgas sem sprautað er inn í gaskerfi og síðan tekið út úr því, skal rekstraraðilinn ekki nota greiningar til að ákvarða lífmassahlutann.

3. ÞÁTTUR

Mælimiðaðar aðferðir

40. gr.

Notkun mælimiðaðrar vöktunaraðferðar

Rekstraraðilinn skal nota mælimiðaðar aðferðir fyrir alla losun nituroxíðs (N_2O) eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka og til að ákvarða magn koltvísýrings sem er flutt skv. 49. gr.

Auk þess getur rekstraraðilinn notað mælimiðaðar aðferðir fyrir upptök koltvísýringslosunar ef hann getur lagt fram gögn þess efnis að fyrir hver upptök losunar séu aðferðarþrep, sem krafist er í samræmi við 41. gr., uppfyllt.

41. gr.

Kröfur um aðferðarþrep

1. Fyrir hver meiri háttar upptök losunar skal rekstraraðilinn beita eftirfarandi:

a) ef um er að ræða stöð í flokki A: a.m.k. aðferðarþrepunum sem eru tilgreind í 2. lið VIII. viðauka,

b) í öðrum tilvikum: hæsta aðferðarþrepinu sem er tilgreint í 1. lið VIII. viðauka.

Hins vegar getur rekstraraðilinn beitt aðferðarþrepi einu stigi lægra en þess sem krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein fyrir stöðvar í flokki C og allt að tveimur stigum neðar fyrir stöðvar í flokki A og B, að lágmarki 1. aðferðarþrepi, ef hann getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að beiting aðferðarþrepsins, sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

2. Að því er varðar losun frá óverulegum upptökum losunar er rekstraraðilanum heimilt að beita lægra aðferðarþrepi en krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., að lágmarki 1. aðferðarþrepi, ef hann getur með fullnægjandi hætti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að beiting aðferðarþrepsins, sem krafist er í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

42. gr.

Mælistaðlar og rannsóknarstofur

1. Allar mælingar skulu gerðar með aðferðum sem byggjast á:

a) EN 14181 (Stationary source emissions — Quality assurance of automated measuring systems),

b) EN 15259 (Air quality — Measurement of stationary source emissions — Requirements for measurement sections and sites and for the measurement objective, plan and report),

c) öðrum viðeigandi EN-stöðlum, einkum EN ISO 16911-2 (Stationary source emissions — Manual and automatic determination of velocity and volume flow rate in ducts).

Ef engir slíkir staðlar eru tiltækir skulu aðferðirnar byggjast á viðeigandi ISO-stöðlum, stöðlum sem framkvæmdastjórnin birtir eða landsstöðlum. Ef ekki eru til neinir viðeigandi útgefnir staðlar skal nota viðeigandi drög að stöðlum, leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði eða aðrar vísindalega sannreyndar aðferðir og takmarka með því skekkjur í sýnatöku og mælingum.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar alla viðkomandi þætti samfellda mælikerfisins, þ.m.t. staðsetningu búnaðarins, kvörðun, mælingar, gæðatryggingu og gæðastjórnun.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að rannsóknarstofur, sem annast mælingar, kvörðun og mat á viðkomandi búnaði fyrir kerfi fyrir samfelldar mælingar á losun hafi fengið faggildingu í samræmi við EN ISO/IEC 17025 fyrir viðkomandi greiningaraðferðir eða kvarðanir.

Þegar rannsóknarstofan hefur ekki fengið slíka faggildingu skal rekstraraðilinn tryggja að jafngildar kröfur og þær sem fram koma í 2. og 3. mgr. 34. gr séu uppfylltar.

43. gr.

Ákvörðun losunar

1. Rekstraraðilinn skal ákvarða árlega losun frá upptökum losunar á skýrslutímabilinu með því að leggja saman á skýrslutímabilinu öll klukkustundargildi mælds styrks gróðurhúsalofttegundar margfaldað með klukkustundargildum útblásturstreymis, þar sem klukkustundargildin skulu vera meðaltöl allra einstakra mælingarniðurstaðna fyrir viðkomandi klukkustund í starfrækslu.

Ef um er að ræða koltvísýringslosun skal rekstraraðilinn ákvarða árlega losun á grundvelli jöfnu 1 í VIII. viðauka. Fara skal með kolsýring, sem losaður er í andrúmsloftið, sem móljafngildi koltvísýrings.

Ef um er að ræða nituroxíð skal rekstraraðilinn ákvarða árlega losun á grundvelli jöfnunnar í undirlið B.1 í 16. lið IV. viðauka.

2. Ef upptök losunar eru margs konar í einni stöð og ekki er hægt að mæla þau sem ein upptök losunar skal rekstraraðilinn mæla losun frá þessum upptökum aðskilið og leggja niðurstöðurnar saman til að fá heildarlosunina á skýrslutímabilinu fyrir lofttegundina sem um er að ræða.

3. Rekstraraðilinn skal ákvarða styrk gróðurhúsalofttegundarinnar í útblæstri með samfelldri mælingu á dæmigerðum mælipunkti með því að beita öðru af eftirfarandi:

a) beinni mælingu,

b) ef um er að ræða mikinn styrk í útblæstri: útreikningi á styrk með óbeinni mælingu á styrk með því að beita jöfnu 3 í VIII. viðauka og að teknu tilliti til mældra styrkgilda fyrir alla aðra þætti gasstreymisins eins og mælt er fyrir um í vöktunaráætlun rekstraraðilans.

4. Þar sem það á við skal rekstraraðilinn ákvarða sérstaklega allt koltvísýringsmagn frá lífmassa og draga það frá mældri heildarlosun koltvísýrings. Í þessum tilgangi er rekstraraðilanum heimilt að nota :

a) reiknimiðaða aðferð, þ.m.t. aðferðir þar sem notuð er greining og sýnataka sem byggist á EN ISO 13833 (Stationary source emissions — Determination of the ratio of biomass (biogenic) and fossil-derived carbon dioxide — Radiocarbon sampling and determination),

b) aðra aðferð sem byggist á viðeigandi staðli, þ.m.t. ISO 18466 (Stationary source emissions — Determination of the biogenic fraction in CO_2 in stack gas using the balance method),

c) matsaðferð sem framkvæmdastjórnin birtir.

Ef aðferð, sem rekstraraðilinn leggur til, felur í sér samfellda sýnatöku úr útblástursstreyminu skal nota EN 15259 (Air quality — Measurement of stationary source emissions — Requirements for measurement sections and sites and for the measurement objective, plan and report).

5. Rekstraraðilinn skal ákvarða útblástursstreymi fyrir útreikninginn í samræmi við 1. mgr. með annarri af eftirfarandi aðferðum:

a) útreikningi með viðeigandi massajöfnuði, að teknu tilliti til allra mikilvægra mæliþátta að því er varðar ílag, þ.m.t. að minnsta kosti magn ílagsefna, streymi inntakslofts og vinnslugeta að því er varðar losun koltvísýrings, og, að því er varðar frálag, þ.m.t. að minnsta kosti framleiðsla vöru, styrkur súrefnis, (O_2), brennisteinsdíoxíðs (SO_2) og köfnunarefnisoxíðs (NO_x),

b) ákvörðun með samfelldri streymismælingu á dæmigerðum mælipunkti.

44. gr.

Söfnun upplýsinga

1. Rekstraraðilinn skal reikna út klukkustundarmeðaltöl fyrir hvern mæliþátt, þ.m.t. styrk og útblástursstreymi, sem skiptir máli við ákvörðun á losun með því að nota mælimiðaða aðferð og alla tiltæka gagnapunkta fyrir tilteknu klukkustundina.

Ef rekstraraðili getur aflað gagna fyrir styttri viðmiðunartímabil án viðbótarkostnaðar skal hann nota þessi tímabil til að ákvarða árlega losun í samræmi við 1. mgr. 43. gr.

2. Ef búnaður fyrir samfellda mælingu á einum mæliþætti starfar ekki eðlilega, er utan tiltekins bils eða ekki í rekstri hluta af þeirri klukkustund eða því viðmiðunartímabili, sem um getur í 1. mgr., skal rekstraraðilinn reikna út viðkomandi klukkustundarmeðaltal í hlutfalli við þá gagnapunkta sem eftir eru fyrir þá tilteknu klukkustund eða styttra viðmiðunartímabil, að því tilskildu að minnst 80% af hámarksfjölda gagnapunkta fyrir mæliþátt séu tiltæk.

Ákvæði 2. til 4. mgr. 45. gr. skulu gilda ef minna en 80% af hámarksfjölda gagnapunkta fyrir mæliþátt eru tiltæk.

45. gr.

Ef gögn vantar

1. Ef hluti af mælingabúnaðinum innan samfellds vöktunarkerfis fyrir losun er ekki í rekstri lengur en í fimm daga í röð á almanaksári skal rekstraraðilinn upplýsa lögbært yfirvald um það án ástæðulausrar tafar og leggja til viðeigandi ráðstafanir til að bæta gæði viðkomandi samfellds vöktunarkerfis fyrir losun.

2. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn eða styttra viðmiðunartímabil gagna í samræmi við 1. mgr. 44. gr. fyrir einn eða fleiri mæliþætti í mælimiðuðu aðferðinni vegna þess að búnaðurinn starfar ekki eðlilega, er utan tiltekins bils eða ekki í rekstri skal rekstraraðilinn ákvarða staðgöngugildi fyrir þau klukkustundargögn sem vantar.

3. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn eða styttra viðmiðunartímabil gagna fyrir mæliþátt, sem er mældur beint sem styrkur, skal rekstraraðilinn reikna út staðgöngugildi sem summu af meðalstyrk og tvisvar sinnum staðalfrávik í tengslum við það meðaltal, með því að nota jöfnu 4 í VIII. viðauka.

Ef ekki er unnt að nota skýrslutímabilið til að ákvarða staðgöngugildin vegna verulegra tæknibreytinga í stöðinni skal rekstraraðilinn, í samráði við lögbært yfirvald, fastsetja dæmigerðan tímaramma til að ákvarða meðaltalið og staðalfrávikið, sem skal vara í eitt ár ef unnt er.

4. Ef ekki er unnt að gefa upp gild klukkustundargögn fyrir annan mæliþátt en styrk skal rekstraraðilinn reikna staðgöngugildi þessara mæliþátta með massajöfnuðarlíkani eða orkujöfnuðaraðferðinni fyrir ferlið. Rekstraraðilinn skal fullgilda niðurstöðurnar með því að nota eftirstandandi mælda þætti úr mælimiðuðu aðferðinni og gögn við venjuleg starfsskilyrði innan tímabils sem varir jafnlengi og eyðan í gögnunum.

46. gr.

Staðfesting útreikninga losunar

Rekstraraðilinn skal staðfesta losun sem ákvörðuð er með mælimiðaðri aðferð, að undanskilinni losun á nituroxíði (N_2O) frá framleiðslu á saltpéturssýru og gróðurhúsalofttegundum sem fluttar eru í flutninganet eða á geymslusvæði, með því að reikna út árlega losun fyrir hverja gróðurhúsalofttegund sem er til athugunar fyrir sömu upptök losunar og efnisstrauma.

Ekki verður krafist notkunar aðferðarþrepa.

4. ÞÁTTUR

Sérákvæði

47. gr.

Stöðvar með litla losun

1. Lögbært yfirvald getur heimilað rekstraraðila að leggja fram einfaldaða vöktunaráætlun í samræmi við 13. gr., að því tilskildu að hann reki stöð með litla losun.

Fyrsta undirgrein skal ekki eiga við um stöðvar með starfsemi þar sem nituroxíð er talið með skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

2. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. skal stöð teljast vera með litla losun þegar minnst annað af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) meðaltal árlegrar losunar stöðvarinnar sem tilkynnt er í sannprófuðum losunarskýrslum á viðskiptatímabilinu næst á undan núgildandi viðskiptatímabili var undir 25 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings árlega, að frátöldum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur,

b) meðaltal árlegrar losunar, sem um getur í a-lið, er ekki lengur tiltækt eða í gildi vegna breytinga á mörkum stöðvarinnar eða breytinga á vinnsluskilyrðum stöðvarinnar en árleg losun þessarar stöðvar næstu fimm árin verður, á grundvelli varfærnislegrar matsaðferðar, undir 25 000 tonnum af jafngildiseiningum koltvísýrings árlega, að undanskildum koltvísýringi frá lífmassa og áður en dreginn er frá fluttur koltvísýringur.

3. Rekstraraðili stöðvar með litla losun skal ekki þurfa að leggja fram fylgiskjölin, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 12. gr, og skal vera undanþeginn kröfunni um að leggja fram skýrslu um úrbætur, eins og um getur í 4. mgr. 69. gr., samkvæmt tilmælum um úrbætur sem sannprófandinn tilgreinir í sannprófunarskýrslunni.

4. Þrátt fyrir 27. gr. getur rekstraraðili stöðvar með litla losun ákvarðað magn eldsneytis eða efnis með því að nota tiltækar og skjalfestar innkaupskrár og áætlaðar breytingar á birgðum. Rekstraraðilinn skal einnig vera undanþeginn kröfunni um að leggja fyrir lögbært yfirvald óvissumatið sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

5. Rekstraraðili stöðvar með litla losun skal undanþeginn kröfunni í 2. mgr. 28. gr. um að taka óvissu, sem tengist breytingum á birgðum, með í óvissumati.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. 26. gr og 1. mgr. 41. gr. getur rekstraraðili stöðvar með litla losun beitt að lágmarki 1. aðferðarþrepi í þeim tilgangi að ákvarða gögn um starfsemi og reiknistuðla fyrir alla efnisstrauma og til að ákvarða losun með mælimiðuðum aðferðum, nema unnt sé að ná fram meiri nákvæmni án viðbótaraðgerða rekstraraðilans, án þess að leggja fram gögn þess efnis að beiting hærri aðferðarþrepa sé tæknilega ómöguleg eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar.

7. Að því er varðar ákvörðun reiknistuðla á grundvelli greininga í samræmi við 32. gr. getur rekstraraðili stöðvar með litla losun notað sérhverja rannsóknarstofu sem er tæknilega hæf og fær um að skila tæknilega gildum niðurstöðum með því að nota viðeigandi greiningarferli og færir sönnur fyrir ráðstöfunum vegna gæðatryggingar eins og um getur í 3. mgr. 34. gr.

8. Ef stöð með litla losun, sem fellur undir kröfur um einfaldaða vöktun, fer yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 2. mgr., á einu almanaksári skal rekstraraðili hennar tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um án ástæðulausrar tafar.

Rekstraraðilinn skal, án ástæðulausrar tafar, leggja umtalsverða breytingu á vöktunaráætluninni í skilningi b-liðar 3. mgr. 15. gr. fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

Hins vegar skal lögbært yfirvald heimila að rekstraraðilinn haldi áfram einfaldaðri vöktun að því tilskildu að rekstraraðilinn sýni lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 2. mgr., á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur frá og með næsta skýrslutímabili.

48. gr.

Innifalinn koltvísýringur

1. Innifalinn koltvísýringur sem er fluttur inn í stöð, þ.m.t. koltvísýringur sem er að finna í jarðgasi, úrgangsgasi, (þ.m.t. háofnagas og koksofnagas) eða í vinnsluílagi (þ.m.t. tilbúið gas) skal tekinn með í losunarstuðlinum fyrir viðkomandi efnisstraum.

2. Ef innifalinn koltvísýringur kemur frá starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða telst með skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar, og er síðan fluttur út af stöðinni sem hluti efnisstraums til annarrar stöðvar og starfsemi, sem fellur undir tilskipunina, skal ekki telja hann sem losun frá stöðinni sem hann er upprunalega frá.

Ef innifalinn koltvísýringur er losaður eða fluttur út af stöðinni til aðila sem ekki falla undir tilskipunina skal þó telja hann sem losun frá stöðinni sem hann er upprunalega frá.

3. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn innifalins koltvísýrings, sem fluttur er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í því tilviki skal magn þess innifalda koltvísýrings, sem flutt er og tekið er við, vera það sama.

Þegar magn þess innifalda koltvísýrings sem flutt er og tekið er við er ekki það sama skal nota meðalgildi beggja ákvarðaðra gilda í losunarskýrslum, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni, ef hægt er að skýra frávikið á milli gildanna með óvissu í mælikerfunum eða ákvörðunaraðferðinni. Í slíkum tilvikum skal í losunarskýrslunni vísa til samræmingar þess gildis.

Ef ekki er hægt að skýra frávik í gildum með viðurkenndu óvissubili í mælikerfunum eða ákvörðunaraðferðinni skulu rekstraraðilar flutningsstöðvanna og viðtökustöðvanna samræma gildin með varfærnislegum leiðréttingum sem samþykktar eru af lögbærum yfirvöldum.

49. gr.

Fluttur koltvísýringur

1. Rekstraraðilinn skal draga frá losun stöðvarinnar magn koltvísýrings sem er úr jarðefnakolefnum í starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem ekki er losað á stöðinni heldur:

a) flutt út af stöðinni á einhvern eftirfarandi stað:

   i. föngunarstöð til flutnings og geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

   ii. flutninganet til geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

   iii. geymslusvæði sem hefur fengið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB fyrir geymslu í jörðu til lengri tíma,

b) flutt út af stöðinni og notað til að framleiða útfellt kalsíumkarbónat sem notaði koltvísýringurinn er bundinn við með efnatengjum.

2. Rekstraraðili flutningsstöðvarinnar skal í árlegri losunarskýrslu sinni leggja fram auðkenniskóða viðtökustöðvarinnar sem viðurkenndur er í samræmi við gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ef viðtökustöðin fellur undir þá tilskipun. Í öllum öðrum tilvikum skal rekstraraðili flutningsstöðvarinnar leggja fram heiti, heimilisfang og tengiliðaupplýsingar tengiliðar fyrir viðtökustöðina.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um viðtökustöð að því er varðar auðkenniskóða flutningsstöðvarinnar.

3. Við ákvörðun á koltvísýringsmagninu sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita mælimiðaðri aðferð, m.a. í samræmi við 43., 44. og 45. gr. Upptök losunar skulu svara til mælipunktsins og losunina skal gefa upp sem magn flutts koltvísýrings.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal rekstraraðilinn beita reiknimiðaðri aðferð.

4. Við ákvörðun á koltvísýringsmagni sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita hæsta aðferðarþrepi eins og skilgreint er í 1. lið VIII. viðauka.

Rekstraraðilinn getur hins vegar beitt næsta aðferðarþrepi fyrir neðan, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að beiting hæsta aðferðarþreps, eins og það er skilgreint í 1. lið VIII. viðauka, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

Við ákvörðun á koltvísýringsmagni, sem er bundið við útfellt kalsíumkarbónat með efnatengjum, skal rekstraraðilinn nota gagnalindir sem sýna mestu nákvæmni sem unnt er að ná.

5. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn koltvísýrings, sem fluttur er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í slíkum tilvikum skal 3. mgr. 48. gr. gilda.

50. gr.

Notkun eða flutningur á nituroxíði

1. Ef nituroxíð kemur frá starfsemi sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, og nituroxíð er tilgreint þannig í þeim viðauka að það skipti máli, og stöð losar ekki nituroxíð heldur flytur það til annarrar stöðvar sem vaktar losun og gefur skýrslu um hana í samræmi við þessa reglugerð skal ekki telja það sem losun frá stöðinni sem það er upprunalega frá.

Stöð, sem tekur á móti nituroxíði frá stöð og starfsemi í samræmi við fyrstu undirgrein, skal vakta viðkomandi gasstreymi með notkun sömu aðferða og krafist er samkvæmt þessari reglugerð alveg eins og ef nituroxíðið myndaðist innan viðtöku-stöðvarinnar sjálfrar.

Ef nituroxíð er sett í hylki eða notað sem gas í vörur þannig að það er losað utan stöðvarinnar eða ef það er flutt út úr stöðinni til aðila sem ekki falla undir tilskipun 2003/87/EB skal þó telja það sem losun frá stöðinni sem það er upprunalega frá, að undanskildu því magni nituroxíðs sem rekstraraðili stöðvarinnar, sem nituroxíðið er upprunalega frá, getur sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að sé eytt með notkun hentugs búnaðar til mildunar á losun.

2. Rekstraraðili flutningsstöðvarinnar skal í árlegri losunarskýrslu sinni leggja fram auðkenniskóða viðtökustöðvarinnar sem viðurkenndur er í samræmi við gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ef við á.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um viðtökustöð að því er varðar auðkenniskóða flutningsstöðvarinnar.

3. Við ákvörðun á niturоxíðmagninu sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita mælimiðaðri aðferð, þ.m.t. í samræmi við 43., 44. og 45. gr. Upptök losunar skulu svara til mælipunktsins og losunina skal gefa upp sem magn flutts niturоxíðs.

4. Til að ákvarða magn niturоxíðs sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita hæsta aðferðarþrepi eins og skilgreint er í 1. lið VIII. viðauka til að ákvarða losun niturоxíðs.

Rekstraraðilinn getur hins vegar beitt næsta aðferðarþrepi fyrir neðan, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að beiting hæsta aðferðarþreps, eins og það er skilgreint í 1. lið VIII. viðauka, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

5. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn niturоxíðs, sem flutt er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í slíkum tilvikum skal 3. mgr. 48. gr. gilda að breyttu breytanda.

IV. KAFLI

VÖKTUN LOSUNAR OG GÖGN UM TONNKÍLÓMETRA FRÁ FLUGSTARFSEMI

51. gr.

Almenn ákvæði

1. Hver umráðandi loftfars skal vakta og tilkynna um losun frá flugstarfsemi fyrir allar flugferðir sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB á vegum viðkomandi umráðanda loftfars á skýrslutímabilinu og sem hann er ábyrgur fyrir.

Í því skyni skal umráðandi loftfars rekja allar flugferðir til almanaksárs samkvæmt brottfarartíma mældum á alheimstíma.

2. Umráðandi loftfars, sem hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, skal einnig vakta gögn um tonnkílómetra fyrir sömu flugferðir á viðkomandi vöktunarári.

3. Í þeim tilgangi að tilgreina sérstakan umráðanda loftfars, sem um getur í o-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ber ábyrgð á tilteknu flugi, skal nota kallmerkið sem flugumferðarstjórn notar. Kallmerkið skal vera annað af eftirfarandi:

a) kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem mælt er fyrir um í reit 7 á flugáætluninni,

b) þar sem kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir umráðanda loftfars er ekki tiltækt: skrásetningarmerki loftfarsins.

4. Þegar kenni umráðanda loftfars er ekki þekkt skal lögbært yfirvald líta á eiganda loftfarsins sem umráðanda loftfars nema hann færi sönnur á kenni umráðanda loftfarsins sem er ábyrgur.

52. gr.

Vöktunaráætlanir lagðar fram

1. Eigi síðar en fjórum mánuðum áður en umráðandi loftfars hefur flugstarfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, skal hann leggja fyrir lögbært yfirvald vöktunaráætlun fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar í samræmi við 12. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal umráðandi loftfars, sem stundar flugstarfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, í fyrsta sinn, sem ekki var fyrirsjáanleg fjórum mánuðum fyrir starfsemina, leggja fyrir lögbært yfirvald vöktunaráætlun án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en sex vikum eftir að þessi starfsemi fór fram. Umráðandi loftfars skal leggja fyrir lögbært yfirvald viðunandi rökstuðning um það hvers vegna ekki var hægt að leggja fram vöktunaráætlun fjórum mánuðum áður en starfsemin fór fram.

Ef ekki er vitað fyrirfram hvert ábyrgðaraðildarríkið, sem um getur í 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, er skal umráðandi loftfars án ástæðulausrar tafar leggja fram vöktunaráætlunina þegar upplýsingar um lögbært yfirvald ábyrgðaraðildarríkis liggja fyrir.

2. Ef umráðandi loftfars hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal hann einnig leggja fram vöktunaráætlun fyrir vöktun og skýrslugjöf að því er varðar gögn um tonnkílómetra. Vöktunaráætlunina skal leggja fram eigi síðar en fjórum mánuðum áður en annað af eftirfarandi hefst:

a) vöktunarárið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. e í tilskipun 2003/87/EB fyrir umsóknir samkvæmt þeirri grein,

b) annað almanaksár tímabilsins sem um getur í 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB fyrir umsóknir skv. 3. gr f í tilskipuninni.

53. gr.

Vöktunaraðferð fyrir losun frá flugstarfsemi

1. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða árlega losun koltvísýrings frá flugstarfsemi með því að margfalda árlega notkun á hverri eldsneytistegund (gefin upp sem tonn) með viðkomandi losunarstuðli.

2. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða eldsneytisnotkun fyrir hverja flugferð og fyrir hverja tegund eldsneytis, þ.m.t. eldsneytisnotkun aukaaflstöðvar. Í þeim tilgangi skal umráðandi loftfars nota eina af þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í 1. lið III. viðauka. Umráðandi loftfars skal velja þá aðferð sem skilar heillegustu og tímaréttustu gögnunum með sem minnstri óvissu án þess að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér.

3. Hver umráðandi loftfars skal ákvarða áfyllt eldsneytismagn, sem um getur í 1. lið III. viðauka, á grundvelli annars af eftirfarandi:

a) mælinga eldsneytisbirgis eins og skjalfest er á afhendingarseðlum eldsneytis eða reikningum fyrir hvert flug,

b) gagna frá innbyggðum mælikerfum í loftfarinu tekin úr massa- og jafnvægisskrám eða tækniflugbók loftfarsins eða sem eru send rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins.

4. Umráðandi loftfars skal ákvarða eldsneytismagn í geyminum með því að nota innbyggt mælikerfi í loftfarinu og skrá upplýsingarnar í massa- og jafnvægisskrárnar eða í tækniflugbók loftfarsins eða senda þær rafrænt frá loftfarinu til umráðanda loftfarsins.

5. Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal umráðandi loftfars umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi eðlismassa. Umráðandi loftfars skal nota eðlismassa eldsneytis (sem getur verið raunverulegt gildi eða staðalgildi sem nemur 0,8 kg á hvern lítra), sem er notað, af ástæðum sem varða rekstur og öryggi.

Aðferðinni til að gera grein fyrir notkun á raunverulegum eðlismassa eða stöðluðum eðlismassa skal lýst í vöktunaráætluninni ásamt tilvísun í gögn viðkomandi umráðanda loftfars.

6. Að því er varðar útreikning, sem um getur í 1. mgr., skal umráðandi loftfars nota sjálfgefna losunarstuðla sem settir eru fram í töflu 1 í III. viðauka.

Að því er varðar eldsneyti sem ekki er að finna í þeirri töflu skal umráðandi loftfars ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við 32. gr. Að því er varðar slíkar eldsneytistegundir skal ákvarða og tilkynna nettóvarmagildið sem minnisatriði.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. er umráðanda loftfars heimilt, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, að leiða losunarstuðullinn eða kolefnisinnihaldið, sem hann byggir á, eða nettóvarmagildið fyrir eldsneyti á markaði, af innkaupaskrám fyrir umrætt eldsneyti frá eldsneytisbirgi, að því tilskildu að afleiðslan hafi verið gerð á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra staðla og ekki sé hægt að nota losunarstuðlana sem tilgreindir eru í töflu 1 í III. viðauka.

54. gr.

Sérákvæði fyrir lífmassa

Ákvæði 39. gr. gilda um ákvörðun á lífmassahlutanum í blönduðu eldsneyti til samræmis við það.

Þrátt fyrir 2. mgr. 39. gr. skal lögbært yfirvald heimila notkun aðferðar sem er hægt að beita til ákvörðunar á lífmassahlutanum með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjum, eins og við á.

Samkvæmt þeirri aðferð skal ákvarða lífmassahlutann, nettóvarmagildið og losunarstuðulinn eða kolefnisinnihald eldsneytis sem er notað í flugstarfsemi í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, með því að nota innkaupaskrár fyrir eldsneyti.

Aðferðin skal byggjast á leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar til að auðvelda samræmda beitingu hennar í öllum aðildarríkjunum.

Notkun lífeldsneytis í flugi skal meta í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

55. gr.

Smálosendur

1. Umráðendur loftfara, sem annast færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld, fjögurra mánaða tímabil, og umráðendur loftfara, sem annast flugferðir þar sem árleg heildarlosun er minni en 25 000 tonn koltvísýrings, teljast smálosendur.

2. Þrátt fyrir 53. gr. geta smálosendur áætlað eldsneytisnotkun með tækjum sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur tekið upp eða önnur viðeigandi stofnun sem getur tekið til meðferðar allar viðeigandi upplýsingar um flugumferð og komist hjá vanmati losunar.

Eingöngu má nota viðkomandi tæki hafi framkvæmdastjórnin samþykkt þau, þ.m.t. beiting leiðréttingarstuðla til að bæta upp ónákvæmni í þeim aðferðum sem hafðar eru til að setja upp líkön.

3. Þrátt fyrir 12. gr. má smálosandi, sem hefur í hyggju að nota eitthvert af þeim tækjum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eingöngu leggja fram eftirfarandi upplýsingar í vöktunaráætluninni fyrir losun:

a) upplýsingar sem krafist er skv. 1. lið í 2. lið I. viðauka,

b) gögn þess efnis að viðmiðunarmörk fyrir smálosendur sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt,

c) heiti tækisins eða tilvísun í tækið, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem notað verður við mat á eldsneytisnotkun.

Smálosandi skal vera undanþeginn kröfunni um að leggja fram fylgiskjöl sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 12. gr.

4. Ef umráðandi loftfars notar eitthvert af þeim tækjum sem um getur í 2. mgr. og fer yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr., á skýrslugjafarári skal umráðandi loftfars tilkynna lögbæru yfirvaldi um það án ástæðulausrar tafar.

Umráðandi loftfars skal, án ástæðulausrar tafar, leggja umtalsverða breytingu á vöktunaráætluninni, í skilningi iv. liðar a-liðar 4. mgr. 15. gr., fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

Hins vegar skal lögbært yfirvald heimila að umráðandi loftfars haldi áfram að nota tæki, sem um getur í 2. mgr., að því tilskildu að umráðandi loftfars sýni lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að ekki hafi þegar verið farið yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr., á síðustu fimm skýrslutímabilum og að ekki verði farið yfir þau aftur frá og með næsta skýrslutímabili.

56. gr.

Atriði sem valda óvissu

1. Umráðandi loftfars skal taka til athugunar atriði sem valda óvissu og viðkomandi óvissustig þeirra við val á vöktunaraðferð skv. 2. mgr. 53. gr.

2. Umráðandi loftfars skal reglulega láta fara fram viðeigandi eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. tvöfalda gátun milli áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram á reikningum og áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram í innbyggðum mælingum, og grípa til aðgerða til úrbóta ef fram koma merkjanleg frávik.

57. gr.

Ákvörðun gagna um tonnkílómetra

1. Umráðandi loftfars, sem hefur í hyggju að sækja um úthlutun heimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, skal vakta gögn um tonnkílómetra fyrir allar flugferðir sem falla undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB á þeim vöktunarárum sem skipta máli fyrir slíkar umsóknir.

2. Umráðandi loftfars skal reikna út gögn um tonnkílómetra með því að margfalda vegalengdina, reiknuð út í samræmi við 3. lið III. viðauka og gefin upp í kílómetrum (km), með farmþunga, reiknaður út sem summa massa farms, pósts, farþega og skráðs farangurs, gefinn upp í tonnum (t).

3. Umráðandi loftfars skal ákvarða massa farms og pósts á grundvelli raunverulegs massa eða staðalmassa í massa- og jafnvægisskrám fyrir viðkomandi flug.

Umráðendur loftfara sem ekki þurfa að vera með massa- og jafnvægisskrá skulu leggja til í vöktunaráætluninni nothæfa aðferð til ákvörðunar á massa farms og pósts og undanskilja töruþunga allra vörubretta og gáma sem ekki telst farmþungi og þyngd í rekstri (e. *service weight*).

4. Umráðandi loftfars skal ákvarða massa farþega með því að nota annað af eftirfarandi aðferðarþrepum:

a) 1. aðferðarþrep: 100 kg sjálfgildi fyrir hvern farþega ásamt skráðum farangri hans,

b) 2. aðferðarþrep: massinn fyrir farþega og skráðan farangur, sem finna má í massa- og jafnvægisskránni fyrir hvert flug.

Hins vegar skal valið aðferðarþrep gilda um öll flug vöktunarárin sem skipta máli vegna umsókna skv. 3. gr. e og 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB.

V. KAFLI

GAGNASTJÓRNUN OG -EFTIRLIT

58. gr.

Starfsemi í tengslum við gagnaflæði

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði vegna vöktunar og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og tryggja að skýrsla um árlega losun, sem tekin er saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, sé laus við rangfærslur og sé í samræmi við vöktunaráætlunina, skriflegu verklagsreglurnar og þessa reglugerð.

Ef umráðandi loftfars hefur í hyggju að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal fyrsta undirgrein einnig gilda um vöktun og skýrslugjöf fyrir gögn um tonnkílómetra.

2. Lýsingar á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði í vöktunaráætluninni skulu ná a.m.k. yfir eftirfarandi þætti:

a) upplýsingarnar sem taldar eru upp í 2. mgr. 12. gr.,

b) greiningu upprunalegra gagnalinda,

c) hvert skref í gagnaflæðinu frá upprunalegum gögnum til gagna um árlega losun eða tonnkílómetra sem skal endurspegla röð og samspil starfsemi í tengslum við gagnaflæði, þ.m.t. viðkomandi formúlur og gagnasöfnunarskref sem notuð eru,

d) viðkomandi úrvinnsluskref sem tengjast hverri sértækri starfsemi í tengslum við gagnaflæði, þ.m.t. formúlur og gögn sem notuð eru til að ákvarða gögn um losun eða tonnkílómetra,

e) viðkomandi úrvinnslu rafrænna gagna og geymslukerfi sem eru notuð og samspil milli slíkra kerfa og annars ílags, þ.m.t. handvirk innfærsla,

f) hvernig frálag starfsemi í tengslum við gagnaflæði er skráð.

59. gr.

Eftirlitskerfi

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að árleg losunarskýrsla og, þar sem það á við, skýrsla um tonnkílómetra, sem teknar eru saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, innihaldi ekki rangfærslur og séu í samræmi við vöktunaráætlunina og þessa reglugerð.

2. Eftirlitskerfið, sem um getur í 1. mgr., skal samanstanda af:

a) mati rekstraraðila eða umráðanda loftfars á eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu, á grundvelli skriflegra verklagsreglna um framkvæmd matsins,

b) skriflegum verklagsreglum í tengslum við vöktunarstarfsemi sem fer fram til að draga úr sanngreindri áhættu.

3. Skriflegar verklagsreglur sem tengjast vöktunarstarfsemi sem um getur í b-lið 2. mgr. skulu a.m.k. fela í sér:

a) gæðatryggingu mælingabúnaðarins,

b) gæðatryggingu upplýsingatæknikerfisins sem er notað í starfsemi í tengslum við gagnaflæði, þ.m.t. tölvutækni fyrir eftirlit með verkferlum,

c) aðgreiningu verkefna í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi og stjórnun nauðsynlegrar hæfni,

d) innri endurskoðun og sannprófun gagna,

e) leiðréttingar og úrbætur,

f) eftirlit með útvistuðum ferlum,

g) skráningu og skjalfestingu, þ.m.t. stjórnun skjalaútgáfa.

4. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal fylgjast með skilvirkni eftirlitskerfisins, m.a. með því að láta fara fram innri endurskoðun og taka tillit til niðurstaðna sannprófanda við sannprófun árlegra losunarskýrslna og, þar sem það á við, skýrslna með gögnum um tonnkílómetra sem unnar eru samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

Þegar eftirlitskerfið reynist ekki vera skilvirkt eða í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars leitast við að bæta eftirlitskerfið og uppfæra vöktunaráætlunina eða skriflegar verklagsreglur til grundvallar starfsemi í tengslum við gagnaflæði, áhættumat og eftirlitsstarfsemi, eins og við á.

60. gr.

Gæðatrygging

1. Að því er varðar a-lið 3. mgr. 59. gr skal rekstraraðilinn tryggja að allur viðkomandi mælibúnaður sé kvarðaður, stilltur og yfirfarinn með reglulegu millibili, þ.m.t. fyrir notkun, með tilliti til mælistaðla sem hægt er að rekja til alþjóðlegra mælistaðla, þar sem þeir liggja fyrir, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu.

Ef ekki er hægt að kvarða íhluti í mælikerfunum skal rekstraraðilinn tilgreina þá í vöktunaráætluninni og leggja til annars konar eftirlitsstarfsemi.

Ef búnaðurinn uppfyllir ekki kröfur skal rekstraraðilinn þegar í stað grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

2. Að því er varðar kerfi fyrir samfellda mælingu á losun skal rekstraraðilinn beita gæðatryggingu sem byggist á staðlinum „Quality assurance of automated measuring systems“ (EN 14181), þ.m.t. samhliða mælingar með stöðluðum tilvísunaraðferðum a.m.k. einu sinni á ári sem hæft starfsfólk sér um.

Ef slík gæðatrygging krefst þess að viðmiðunarmörk fyrir losun séu nauðsynlegir mæliþættir til grundvallar athugun á kvörðun og afköstum skal nota árlegan meðalstyrk gróðurhúsalofttegundarinnar á klukkustund í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun. Ef rekstraraðili verður var við að ekki er farið að kröfum fyrir gæðatryggingu, m.a. að endurkvörðun verði að fara fram, skal hann tilkynna um það til lögbærs yfirvalds og grípa til aðgerða til úrbóta án ástæðulausrar tafar.

61. gr.

Gæðatrygging upplýsingatækni

Að því er varðar b-lið 3. mgr. 59. gr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tryggja að upplýsingatæknikerfið sé hannað, skjalfest, prófað, framkvæmt, undir eftirliti og því viðhaldið þannig að unnið sé með áreiðanleg, nákvæm og tímarétt gögn í samræmi við sanngreinda áhættu skv. a-lið 2. mgr. 59. gr.

Eftirlit með upplýsingatæknikerfinu skal taka til aðgangsstýringar, eftirlits með öryggisafritun, endurheimtar gagna, samfelldra áætlanagerða og öryggis.

62. gr.

Aðgreining verkefna

Að því er varðar c-lið 3. mgr. 59. gr skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilnefna ábyrgðaraðila fyrir alla starfsemi í tengslum við gagnaflæði og fyrir alla eftirlitsstarfsemi þannig að verkefni sem stangast á séu aðgreind. Ef engin önnur eftirlitsstarfsemi er fyrir hendi skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tryggja, fyrir alla starfsemi í tengslum við gagnaflæði í réttu hlutfalli við sanngreinda eðlislæga áhættu, að allar viðkomandi upplýsingar og gögn séu staðfest af minnst einum aðila sem hefur ekki tekið þátt í ákvörðun og skráningu þeirra upplýsinga eða gagna.

Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal stjórna nauðsynlegri færni fyrir þá ábyrgð sem í þessu felst, m.a. viðeigandi úthlutun ábyrgðar, þjálfun og eftirlit með frammistöðu.

63. gr.

Innri endurskoðun og sannprófun gagna

1. Að því er varðar d-lið 3. mgr. 59. gr og á grundvelli eðlislægrar áhættu og eftirlitsáhættu, sem greinast í áhættumatinu sem um getur í a-lið 2. mgr. 59. gr, skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars endurskoða og fullgilda gögn sem leiða af starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem um getur í 58. gr.

Slík endurskoðun og fullgilding gagna skal a.m.k. fela í sér:

a) athugun á því hvort gögnin eru fullnægjandi,

b) samanburð á gögnum sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur aflað, stjórnað og tilkynnt á nokkurra ára tímabili,

c) samanburð á gögnum og gildum sem fengin eru úr mismunandi gagnasöfnunarkerfum, þ.m.t. eftirfarandi samanburður, eftir atvikum:

   i. samanburður á upplýsingum um kaup á eldsneyti eða efni og gögnum um breytingar á birgðum og gögnum um notkun er varða viðkomandi efnisstrauma,

   ii. samanburður á reiknistuðlum, sem hafa verið ákvarðaðir með greiningu, reiknaðir út eða fengnir frá birgi eldsneytis eða efnis, og landsbundnum eða alþjóðlegum viðmiðunarstuðlum fyrir sambærilegar tegundir eldsneytis eða efni,

   iii. samanburður á losun sem fengin er með mælimiðuðum aðferðum og niðurstöðum útreikninga til staðfestingar skv. 46. gr.,

   iv. samanburður á samanteknum gögnum og óunnum gögnum.

2. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal, að því marki sem það er mögulegt, tryggja að viðmiðanir fyrir höfnun gagna sem hluti af endurskoðun og fullgildingu séu fyrirfram þekktar. Í þeim tilgangi skal mælt fyrir um viðmiðanir fyrir höfnun gagna í upplýsingaskjölum viðkomandi skriflegra verklagsreglna.

64. gr.

Leiðréttingar og úrbætur

1. Ef einhver hluti starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, sem um getur í 58. gr., eða eftirlitsstarfseminnar, sem um getur í 59. gr., reynist ekki starfa á skilvirkan hátt eða starfa utan þeirra marka, sem sett eru í upplýsingaskjölum um verklagsreglur fyrir starfsemina í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemina, skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars grípa til viðeigandi leiðréttinga og leiðrétta gögn sem var hafnað og jafnframt koma í veg fyrir vanmat á losun.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars takast á hendur a.m.k. alla eftirfarandi þætti:

a) mat á gildi niðurstaðna viðkomandi þrepa í starfseminni í tengslum við gagnaflæði sem um getur í 58. gr. eða eftirlits-starfseminni sem um getur í 59. gr.,

b) ákvörðun á orsökum bilunarinnar eða skekkjunnar sem um er að ræða,

c) framkvæmd viðeigandi aðgerða til úrbóta, þ.m.t. leiðrétting gagna í losunarskýrslunni eða skýrslunni um tonnkílómetra sem hafa orðið fyrir áhrifum, eins og við á.

3. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal gera leiðréttingar og grípa til aðgerða til úrbóta skv. 1. mgr. þessarar greinar þannig að hann bregðist við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í 59. gr.

65. gr.

Útvistun ferla

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvistar einni eða fleiri starfsemi í tengslum við gagnaflæði, sem um getur í 58. gr., eða eftirlitsstarfsemi, sem um getur í 59. gr., skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars takast á hendur alla eftirtalda þætti:

a) hafa eftirlit með gæðum útvistaðrar starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi í samræmi við þessa reglugerð,

b) skilgreina viðeigandi kröfur fyrir niðurstöður útvistaðra ferla og aðferða sem notaðar eru í þessum ferlum,

c) hafa eftirlit með gæðum niðurstaðna og aðferða sem um getur í b-lið þessarar greinar,

d) tryggja að útvistuð starfsemi sé unnin þannig að brugðist sé við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í 59. gr.

66. gr.

Meðhöndlun eyðna í gögnum

1. Ef gögn vantar sem skipta máli við ákvörðun á losun stöðvar skal rekstraraðilinn nota viðeigandi matsaðferð til að ákvarða varfærnislega staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil og þá mæliþætti sem vantar.

Ef rekstraraðilinn hefur ekki mælt fyrir um matsaðferðina í skriflegum verklagsreglum skal hann koma á slíkum skriflegum verklagsreglum og leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykkis viðeigandi breytingu á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr.

2. Ef gögn vantar um eina flugferð eða fleiri flugferðir, sem skipta máli við ákvörðun á losun umráðanda loftfars, skal umráðandi loftfars nota staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil sem reiknuð er út í samræmi við staðgönguaðferðina sem skilgreind er í vöktunaráætluninni.

Ef ekki er hægt að ákvarða staðgöngugögn í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar getur umráðandi loftfars metið losun fyrir þá flugferð eða þær flugferðir út frá eldsneytisnotkuninni sem er ákvörðuð með því að nota tæki sem um getur í 2. mgr. 55. gr.

Ef fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum koma fyrir, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinunum, fara yfir 5% af árlegum flugferðum sem skýrsla er gefin um skal rekstraraðilinn upplýsa lögbært yfirvald þar um án ástæðulausrar tafar og skal grípa til aðgerða til úrbóta til að bæta vöktunaraðferðina.

67. gr.

Skrár og skjalahald

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal halda skrár yfir öll viðeigandi gögn og upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem taldar eru upp í IX. viðauka, í minnst 10 ár.

Vöktunargögn, sem eru skráð og geymd, skulu gera það kleift að sannprófa skýrslurnar um árlega losun eða skýrslurnar um tonnkílómetra í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067. Gögn sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur tilkynnt gegnum rafrænt skýrslugjafar- og upplýsingastjórnunarkerfi, sem lögbært yfirvald setur upp, geta talist varðveitt af rekstraraðila eða umráðanda loftfars, hafi þeir aðgang að þessum gögnum.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal sjá til þess að viðeigandi skjöl séu tiltæk þegar og þar sem þeirra er þörf fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi.

Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal, sé þess óskað, hafa þessi gögn aðgengileg lögbæru yfirvaldi og sannprófanda sem sannprófar losunarskýrsluna eða skýrsluna um tonnkílómetra í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

VI. KAFLI

KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

68. gr.

Tímasetning og skyldur við skýrslugjöf

1. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal leggja fyrir lögbært yfirvald, fyrir 31. mars ár hvert, skýrslu um losun sem tekur til árlegrar losunar á skýrslugjafartímabilinu og sem er sannprófuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

Hins vegar getur lögbært yfirvald krafist þess að rekstraraðilar eða umráðendur loftfara leggi fram sannprófaða skýrslu um árlega losun fyrir 31. mars, en í fyrsta lagi 28. febrúar.

2. Ef umráðandi loftfars kýs að sækja um úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB skal umráðandi loftfars leggja fyrir lögbært yfirvald, eigi síðar en 31. mars árið eftir vöktunarárið sem um getur í 3. gr. e eða 3. gr. f í þeirri tilskipun, skýrslu um tonnkílómetra sem tekur til gagna um tonnkílómetra á vöktunarárinu og sem er sannprófuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

3. Skýrslur um árlega losun og skýrslur um tonnkílómetra skulu í það minnsta hafa að geyma upplýsingarnar sem tilgreindar eru í X. viðauka.

69. gr.

Skýrslugjöf um úrbætur á vöktunaraðferðinni

1. Hver rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal athuga reglulega hvort hægt sé að bæta vöktunaraðferðina sem beitt er.

Rekstraraðili stöðvar skal leggja skýrslu fyrir lögbært yfirvald til samþykktar með upplýsingunum sem um getur í 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, fyrir eftirfarandi tímafresti:

a) fyrir stöð í flokki A: fyrir 30. júní á fjögurra ára fresti,

b) fyrir stöð í flokki B: fyrir 30. júní á tveggja ára fresti,

c) fyrir stöð í flokki C: fyrir 30. júní ár hvert.

Hins vegar getur lögbært yfirvald ákveðið aðra dagsetningu fyrir skýrsluskil, þó eigi síðar en 30. september sama ár.

Þrátt fyrir aðra og þriðju undirgrein og með fyrirvara um fyrstu undirgrein er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja framlengingu á tímafrestinum sem gildir samkvæmt annarri undirgrein, ásamt með vöktunaráætlun eða skýrslu um úrbætur, ef rekstraraðilinn færir lögbæru yfirvaldi sönnur fyrir því með fullnægjandi hætti, við framlagningu vöktunaráætlunar í samræmi við 12. gr. eða við tilkynningu um uppfærslur í samræmi við 15. gr. eða við framlagningu skýrslu um úrbætur í samræmi við þessa grein, að ástæðurnar fyrir óhóflegum kostnaði eða fyrir því að ráðstafanir til úrbóta eru tæknilega ógerlegar séu réttmætar til lengri tíma litið. Í framlengingunni skal taka tillit til fjölda ára sem rekstraraðilinn leggur fram sannanir fyrir. Heildartímabilið milli skýrslna um úrbætur skal ekki vera lengra en þrjú ár fyrir stöð í flokki C, fjögur ár fyrir stöð í flokki B eða fimm ár fyrir stöð í flokki A.

2. Þegar rekstraraðili beitir ekki a.m.k. þeim aðferðarþrepum, sem krafist er fyrir meiri háttar og óverulega efnisstrauma samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 26. gr og fyrir upptök losunar skv. 41. gr., skal rekstraraðilinn rökstyðja hvers vegna það er tæknilega ógerlegt eða myndi stofna til óhóflegs kostnaðar að beita aðferðarþrepunum sem krafist er.

Hins vegar, þegar vísbendingar eru um að nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þessum aðferðarþrepum séu orðnar tæknilega gerlegar og hafa ekki lengur í för með sér óhóflegan kostnað, skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðeigandi breytingar á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr. og leggja fram tillögur um framkvæmd ráðstafana í því sambandi og tímasetningu.

3. Þegar rekstraraðilinn beitir varaaðferð við vöktun, sem um getur í 22. gr., skal hann leggja fram: rökstuðning fyrir því hvers vegna það er tæknilega ógerlegt eða myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað að beita a.m.k. 1. aðferðarþrepi fyrir einn eða fleiri meiri háttar eða óverulegan efnisstraum.

Hins vegar, þegar vísbendingar eru um að nauðsynlegar ráðstafanir til að ná 1. aðferðarþrepinu fyrir þessa efnisstrauma séu orðnar tæknilega gerlegar og hafa ekki lengur í för með sér óhóflegan kostnað, skal rekstraraðilinn tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðeigandi breytingar á vöktunaráætluninni í samræmi við 15. gr. og leggja fram tillögur um framkvæmd ráðstafana í því sambandi og tímasetningu.

4. Ef fram kemur í sannprófunarskýrslu, sem gerð er í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067, óafgreitt ósamræmi eða tilmæli um úrbætur, í samræmi við 27., 29. og 30. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars leggja fyrir lögbært yfirvald til samþykktar skýrslu fyrir 30. júní árið sem sannprófandinn birtir sannprófunar-skýrsluna. Í skýrslunni skal vera lýsing á því hvernig og hvenær rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt eða áformar að leiðrétta ósamræmið sem sannprófandinn hefur greint og framkvæma þær úrbætur sem lagðar eru til.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að ákveða aðra dagsetningu fyrir framlagningu skýrslunnar, eins og um getur í þessari málsgrein, en eigi síðar en 30. september sama ár. Eftir atvikum skal slík skýrsla vera sameinuð skýrslunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Ef ráðlagðar úrbætur myndu ekki leiða til bættrar vöktunaraðferðar skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars rökstyðja hvers vegna svo er. Ef ráðlagðar úrbætur myndu hafa í för með sér óhóflegan kostnað skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars færa sönnur á eðli óhóflegs kostnaðar.

5. Ákvæði 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur þegar leyst úr öllum tilvikum þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum og tilmælum um úrbætur og hefur lagt tengdar breytingar á vöktunaráætluninni fyrir lögbært yfirvald til samþykkis, í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar, fyrir þann dag sem er ákvarðaður skv. 4. mgr.

70. gr.

Ákvörðun lögbærs yfirvalds á losun

1. Lögbært yfirvald skal gera varfærnislegt mat á losun stöðvar eða umráðanda loftfars við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki lagt fram sannprófaða skýrslu um árlega losun fyrir tilskilinn tímafrest skv. 1. mgr. 68. gr.,

b) sannprófuð skýrsla um árlega losun, sem um getur í 1. mgr. 68. gr., er ekki í samræmi við þessa reglugerð,

c) árleg losunarskýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars hefur ekki verið sannprófuð í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067.

2. Ef sannprófandinn hefur tekið fram í sannprófunarskýrslunni samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2067 að fyrir hendi séu óverulegar rangfærslur, sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars hefur ekki leiðrétt áður en sannprófunarskýrslan var birt, skal lögbært yfirvald meta þessar rangfærslur og vinna varfærnislegt mat á losun stöðvarinnar eða umráðanda loftfars, eftir því sem við á. Lögbært yfirvald skal upplýsa rekstraraðila eða umráðanda loftfars um það hvort og hvaða leiðréttinga á árlegu losunarskýrslunni sé krafist. Rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar sannprófanda.

3. Aðildarríki skulu koma á skilvirkum upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir samþykkt vöktunaráætlana og lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir samþykkt skýrslna um árlega losun.

71. gr.

Aðgangur að upplýsingum

Lögbært yfirvald skal gera skýrslur um losun, sem það hefur í vörslu sinni, aðgengilegar almenningi með fyrirvara um landsreglur sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([11]). Að því er varðar beitingu undanþágunnar, sem tilgreind er í d-lið 2. mgr. 4.gr. tilskipunar 2003/4/EB, er rekstraraðilum eða umráðendum loftfara heimilt að tilgreina í skýrslum sínum hvaða upplýsingar þeir telja vera viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum.

72. gr.

Námundun gagna

1. Árleg heildarlosun skal gefin upp sem námunduð tonn af koltvísýringi eða jafngildiseiningum koltvísýrings.

Tonnkílómetrar skulu gefnir upp sem námunduð gildi tonnkílómetra.

2. Allar breytur sem notaðar eru við útreikning losunar skulu námundaðar þannig að fram komi allir marktækir aukastafir að því er varðar útreikning og skýrslugjöf um losun.

3. Öll gögn fyrir hvert flug skulu námunduð með öllum marktækum aukastöfum að því er varðar útreikning vegalengdar og farmþunga skv. 57. gr. og tilkynnt gögn um tonnkílómetra.

73. gr.

Samræmi tryggt við aðra skýrslugjöf

Öll starfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars annast skal vera merkt með kóðum, eftir atvikum, úr eftirfarandi skýrslugjafaráætlunum:

a) staðlaða skýrslusniðinu fyrir landsskráningarkerfi gróðurhúsalofttegunda sem var samþykkt af viðkomandi aðilum að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar,

b) auðkennisnúmeri stöðvarinnar í Evrópuskrá yfir losun og flutning mengandi efna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 ([12]),

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

c) starfsemi í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 166/2006,

d) kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([13]).

VII. KAFLI

KRÖFUR UM UPPLÝSINGATÆKNI

74. gr.

Snið fyrir skipti á rafrænum gögnum

1. Aðildarríki geta farið fram á að rekstraraðili og umráðandi loftfars noti rafræn sniðmát eða sértæk skráasnið við framlagningu vöktunaráætlana og breytinga á vöktunaráætlunum, svo og við framlagningu skýrslna um árlega losun, skýrslna um tonnkílómetra, sannprófunarskýrslna og skýrslna um úrbætur.

Nákvæm skilgreining á þessum sniðmátum eða skráasniðum, sem aðildarríkin koma á, skulu a.m.k. hafa að geyma upplýsingar sem er að finna í nákvæmum skilgreiningum á rafrænum sniðmátum eða skráasniðum sem framkvæmdastjórnin birtir.

2. Við gerð nákvæmra skilgreininga á sniðmáti eða skráasniði, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., geta aðildarríkin valið annan af eftirfarandi kostum eða báða:

a) nákvæma skilgreiningu á skráasniði sem byggir á XML, s.s. skýrslugjafarmáli viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem framkvæmdastjórnin birtir til að nota í tengslum við þróuð sjálfvirk kerfi,

b) sniðmát sem birt eru með sniði sem nothæft er í hefðbundnum skrifstofuhugbúnaði, þ.m.t. skrár í töflureiknum og ritvinnslukerfum.

75. gr.

Notkun sjálfvirkra kerfa

1. Þegar aðildarríki kýs að nota sjálfvirk kerfi fyrir skipti á rafrænum gögnum, sem byggjast á nákvæmri skilgreiningu á skráasniði í samræmi við a-lið 2. mgr. 74. gr., skulu þessi kerfi tryggja á kostnaðarhagkvæman hátt, með framkvæmd tæknilegra ráðstafana í samræmi við núverandi tækni:

a) heilleika gagna, til að koma í veg fyrir breytingar á rafrænum boðum á meðan þau eru send,

b) trúnað um gögn, með notkun öryggistækni, þ.m.t. dulkóðun, þannig að gögn séu aðeins aðgengileg þeim sem þau eru ætluð og að aðilar, sem ekki hafa til þess leyfi, geti ekki komist yfir nein gögn,

c) ósvikni gagna, þannig að auðkenni bæði sendanda og viðtakanda gagna sé þekkt og staðfest,

d) að gögnum sé ekki hafnað, þannig að annar aðilinn að færslu geti ekki neitað að hafa fengið færslu né að hinn aðilinn geti neitað að hafa sent færslu, með því að beita aðferðum eins og undirritunartækni eða óháðri endurskoðun á verndarráðstöfunum kerfisins.

2. Öll sjálfvirk kerfi, sem aðildarríki nota, og byggjast á nákvæmri skilgreiningu á skráasniði í samræmi við a-lið 2. mgr. 74. gr., í samskiptum milli lögbærs yfirvalds, rekstraraðila og umráðanda loftfars, svo og sannprófanda og faggildingarstofu í aðildarríki í skilningi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2067, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur, sem ekki varða virkni, með framkvæmd tæknilegra ráðstafana í samræmi við núverandi tækni:

a) aðgangsstýring, þannig að kerfið sé aðeins aðgengilegt aðilum sem hafa til þess leyfi og að aðilar, sem ekki hafa til þess leyfi, geti ekki lesið, skrifað eða uppfært nein gögn, með innleiðingu tæknilegra ráðstafana til að ná fram eftirfarandi:

   i. takmörkun með áþreifanlegum tálmum á efnislegum aðgangi að vélbúnaði sem sjálfvirk kerfi eru keyrð á,

   ii. takmörkun á röklegum aðgangi að sjálfvirkum kerfum með notkun tækni til að greina, auðkenna og heimila,

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

b) tiltækileiki, þannig að aðgengi að gögnum sé tryggt, jafnvel eftir umtalsverðan tíma og tilkomu hugsanlegs nýs hugbúnaðar,

c) endurskoðunarslóð, þannig að tryggt sé að ávallt sé hægt að finna og greina breytingar á gögnum afturvirkt.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

76. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 601/2012

Reglugerð (ESB) nr. 601/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar þriðju undirgreinar 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„a) að því er varðar stöðvar: gögn fyrir hvern meiri háttar og óverulegan efnisstraum sem sýna fram á að viðmiðunarmörk fyrir óvissu í gögnum um starfsemi og reiknistuðlum, eftir atvikum, séu virt fyrir aðferðarþrepin, sem notuð eru, eins og skilgreint er í II. og IV. viðauka, sem og fyrir hver upptök losunar sem sýna fram á að viðmiðunarmörk fyrir óvissu séu virt fyrir aðferðarþrepin, sem notuð eru, eins og skilgreint er í VIII. viðauka, eftir atvikum,“

2) Í stað undirgreinar a í 4. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„a) að því er varðar vöktunaráætlun um losun:

i. breyting á gildum losunarstuðuls sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,

ii. breyting á milli aðferða við útreikning, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka, eða breyting frá notkun aðferðar við útreikning yfir í notkun á matsaðferð í samræmi við 2. mgr. 55. gr. eða öfugt,

iii. innleiðing nýrra efnisstrauma,

iv. breytingar á stöðu umráðanda loftfars sem smálosanda í skilningi 1. mgr. 55. gr. eða að því er varðar eitt af viðmiðunarmörkunum sem kveðið er á um í 6. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,“

3) Í stað 49. gr. komi eftirfarandi:

„49. gr.

Fluttur koltvísýringur

1. Rekstraraðilinn skal draga frá losun stöðvarinnar magn koltvísýrings sem er úr jarðefnakolefnum í starfsemi, sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem ekki er losað á stöðinni heldur:

a) flutt út af stöðinni á einhvern eftirfarandi stað:

i. föngunarstöð til flutnings og geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

ii. flutninganet til geymslu í jörðu til lengri tíma á geymslusvæði sem hefur fengið til þess leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB,

iii. geymslusvæði sem hefur fengið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB fyrir geymslu í jörðu til lengri tíma,

b) flutt út af stöðinni og notað til að framleiða útfellt kalsíumkarbónat sem notaði koltvísýringurinn er bundinn við með efnatengjum.

2. Rekstraraðili flutningsstöðvarinnar skal í árlegri losunarskýrslu sinni leggja fram auðkenniskóða viðtökustöðvarinnar sem viðurkenndur er í samræmi við gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ef viðtökustöðin fellur undir þá tilskipun. Í öllum öðrum tilvikum skal rekstraraðili flutningsstöðvarinnar leggja fram heiti, heimilisfang og tengiliðaupplýsingar tengiliðar fyrir viðtökustöðina.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um viðtökustöð að því er varðar auðkenniskóða flutningsstöðvarinnar.

3. Við ákvörðun á koltvísýringsmagninu sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita mælimiðaðri aðferð, m.a. í samræmi við 43., 44. og 45. gr. Upptök losunar skulu svara til mælipunktsins og losunina skal gefa upp sem magn flutts koltvísýrings.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal rekstraraðilinn beita reiknimiðaðri aðferð.

4. Við ákvörðun á koltvísýringsmagni sem flutt er af einni stöð til annarrar skal rekstraraðilinn beita hæsta aðferðarþrepi eins og skilgreint er í 1. lið VIII. viðauka.

Rekstraraðilinn getur hins vegar beitt næsta aðferðarþrepi fyrir neðan, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að beiting hæsta aðferðarþreps, eins og það er skilgreint í 1. lið VIII. viðauka, sé tæknilega ógerleg eða stofni til óhóflegs kostnaðar.

Við ákvörðun á koltvísýringsmagni, sem er bundið við útfellt kalsíumkarbónat með efnatengjum, skal rekstraraðilinn nota gagnalindir sem sýna mestu nákvæmni sem unnt er að ná.

5. Rekstraraðilar geta ákvarðað magn koltvísýrings, sem fluttur er út af stöðinni, bæði á flutningsstöðinni og viðtökustöðinni. Í slíkum tilvikum skal 3. mgr. 48. gr. gilda.“

4) Ákvæðum 52. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 5. mgr. falli brott.

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í lítrum, skal umráðandi loftfars umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi eðlismassa. Umráðandi loftfars skal nota eðlismassa eldsneytis (sem getur verið raunverulegt gildi eða staðalgildi sem nemur 0,8 kg á hvern lítra), sem er notað, af ástæðum sem varða rekstur og öryggi.

Aðferðinni til að gera grein fyrir notkun á raunverulegum eðlismassa eða stöðluðum eðlismassa skal lýst í vöktunaráætluninni ásamt tilvísun í gögn viðkomandi umráðanda loftfars.“

c) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Að því er varðar útreikning, sem um getur í 1. mgr., skal umráðandi loftfars nota sjálfgefna losunarstuðla sem settir eru fram í töflu 2 í III. viðauka. Að því er varðar eldsneyti sem ekki er að finna í þeirri töflu skal umráðandi loftfars ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við 32. gr. Að því er varðar slíkar eldsneytistegundir skal ákvarða og tilkynna nettóvarmagildið sem minnisatriði.“

5) Í stað 1. undirgreinar 2. mgr. 54. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 52. gr. geta smálosendur áætlað eldsneytisnotkun með tækjum sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur tekið upp eða önnur viðeigandi stofnun sem getur tekið til meðferðar allar viðeigandi upplýsingar um flugumferð og komist hjá vanmati losunar.“

6) Ákvæðum 55. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Umráðandi loftfars skal taka til athugunar atriði sem valda óvissu og viðkomandi óvissustig þeirra við val á vöktunaraðferð skv. 2. mgr. 52. gr.“

b) Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. falli brott.

7) Í stað 1. mgr. 59. gr. komi eftirfarandi::

Að því er varðar a-lið 3. mgr. 58. gr skal rekstraraðilinn tryggja að allur viðkomandi mælibúnaður sé kvarðaður, stilltur og yfirfarinn með reglulegu millibili, þ.m.t. fyrir notkun, með tilliti til mælistaðla sem hægt er að rekja til alþjóðlegra mælistaðla, þar sem þeir liggja fyrir, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu.

Ef ekki er hægt að kvarða íhluti í mælikerfunum skal rekstraraðilinn tilgreina þá í vöktunaráætluninni og leggja til annars konar eftirlitsstarfsemi.

Ef búnaðurinn uppfyllir ekki kröfur skal rekstraraðilinn þegar í stað grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.“

8) Þriðja undirgrein bætist við 2. mgr. 65. gr.:

Ef fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum koma fyrir, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinunum, fara yfir 5% af árlegum flugferðum sem skýrsla er gefin um skal rekstraraðilinn upplýsa lögbært yfirvald þar um án ástæðulausrar tafar og skal grípa til aðgerða til úrbóta til að bæta vöktunaraðferðina.“

9) Ákvæðum 2. liðar I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar í b-lið 2. liðar komi eftirfarandi:

„ii. aðferðir til að mæla áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, lýsing á mælitækjum sem notuð eru og aðferðir við að skrá, sækja, senda og varðveita upplýsingar varðandi mælingar, eftir því sem við á,“

b) Í stað iii. liðar í b-lið 2. liðar komi eftirfarandi:

„iii. aðferð til að greina eðlismassa, eftir atvikum,“

c) Í stað iv. liðar í b-lið 2. liðar komi eftirfarandi:

„iv. rökstuðningur fyrir vöktunaraðferðinni sem er valin til að tryggja lægstu óvissustigin skv. 1. mgr. 55. gr.,“

d) Ákvæði d-liðar 2. liðar falli brott

e) Í stað f-liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„f) lýsing á verklagsreglum og kerfum til að sanngreina, meta og meðhöndla gagnaeyður skv. 2. mgr. 65. gr.“

10) Ákvæði 2. liðar III. viðauka falli brott.

11) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Fjórði liður í undirlið B í 10. lið falli brott.

b) Þriðji liður í undirlið B í 14. lið falli brott.

12) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Skjöl, þar sem val á vöktunaraðferð er rökstutt, og skjöl, þar sem rökstuddar eru tímabundnar eða varanlegar breytingar á vöktunaraðferðum og, eftir atvikum, aðferðarþrepum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.“

b) Í stað 5. liðar í 3. lið komi eftirfarandi:

„5) Upplýsingaskjöl um aðferðina varðandi eyður í gögnum, ef við á, fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum komu fyrir, gögnin sem notuð eru til að fylla í þessar eyður í gögnum þar sem þær koma fyrir og, ef fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum koma fyrir fóru yfir 5% af flugferðum sem skýrsla er gefin um, ástæður fyrir gagnaeyðunum sem og gögn um aðgerðir til úrbóta sem gripið er til.“

13) Ákvæðum 2. liðar X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7) Heildarfjöldi flugferða á hvert par ríkja sem skýrslan tekur til.“

b) Eftirfarandi liður bætist við fyrir neðan 7. lið:

„7a) Massi eldsneytis (í tonnum) á hverja eldsneytistegund á hvert par ríkja.“

c) Í stað a-liðar í 10. lið komi eftirfarandi:

„a) fjöldi flugferða, gefinn upp sem hundraðshluti árlegra flugferða þar sem eyður í gögnum komu fyrir, og aðstæður og ástæður fyrir eyðum í gögnum,“

d) Í stað a-liðar í 11. lið komi eftirfarandi:

„a) fjöldi flugferða, gefinn upp sem hundraðshluti árlegra flugferða (námundað að næsta 0,1%) þar sem eyður í gögnum komu fyrir, og aðstæður og ástæður fyrir eyðum í gögnum,“

77. gr.

Niðurfelling reglugerðar (ESB) nr. 601/2012

1. Reglugerð (ESB) nr. 601/2012 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XI. viðauka.

2. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 601/2012 skulu gilda áfram um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun losunar og, eftir atvikum, gögn um starfsemi sem á sér stað fyrir 1. janúar 2021.

78. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Ákvæði 76. gr. gilda þó frá 1. janúar 2019 eða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eftir því hvort kemur síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Lágmarksinnihald vöktunaráætlunar (1. mgr. 12. gr.)

1. LÁGMARKSINNIHALD VÖKTUNARÁÆTLUNAR STÖÐVA

Vöktunaráætlun stöðvar skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1) Almennar upplýsingar um stöðina:

a) lýsing á stöðinni og starfsemi stöðvarinnar sem vakta skal, sem inniheldur skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma sem vakta skal fyrir hverja starfsemi sem fram fer á stöðinni og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. lýsingin verður að vera fullnægjandi til að sýna fram á að engar eyður séu í gögnunum og að tvítalning losunar eigi sér ekki stað,

ii. bæta verður við einfaldri skýringarmynd af upptökum losunar, efnisstraumum, sýnatökustöðum og mælibúnaði fari lögbært yfirvald fram á það eða þegar slík skýringarmynd einfaldar lýsingu á stöðinni eða vísanir í upptök losunar, efnisstrauma, mælitæki og sérhverja aðra hluta stöðvarinnar sem skipta máli fyrir vöktunaraðferðina, þ.m.t. starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi,

b) lýsing á ferlinu sem notað er til að stjórna úthlutun ábyrgðar á vöktun og skýrslugjöf á stöðinni og til að stjórna valdheimildum ábyrgðaraðila,

c) lýsing á aðferð við reglulegt mat á því hvort vöktunaráætlunin eigi við, sem tekur a.m.k. til eftirfarandi:

i. athugunar á skrá yfir upptök losunar og efnisstrauma til að tryggja heildstæðni upptaka losunar og efnisstrauma og að allar breytingar á eðli og rekstri stöðvarinnar sem skipta máli verði felldar inn í vöktunaráætlunina,

ii. mats á að óvissumörk séu virt að því er varðar gögn um starfsemi og aðra þætti, eftir atvikum, fyrir þau aðferðarþrep sem eru notuð fyrir hvern efnisstraum og upptök losunar,

iii. mats á mögulegum ráðstöfunum til að bæta vöktunaraðferðina sem beitt er,

d) lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði skv. 58. grein, þ.m.t. skýringarmynd, eftir því sem við á, til skýringar,

e) lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir eftirlitsstarfsemi sem er komið á skv. 59. grein,

f) eftir atvikum, upplýsingar um viðkomandi tengla við starfsemi innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS), sem komið var á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([1]), kerfa, sem samhæfður staðall ISO 14001:2004 nær yfir, og annarra umhverfisstjórnunarkerfa, m.a. upplýsingar um verklagsreglur og eftirlit er varða vöktun og skýrslugjöf vegna gróðurhúsalofttegunda,

g) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar og frá hvaða dagsetningu sú útgáfa vöktunaráætlunarinnar gildir,

h) flokkur stöðvarinnar,

2) Ítarleg lýsing á reiknimiðuðum aðferðum, ef þeim er beitt, þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) ítarleg lýsing á reiknimiðuðu aðferðinni, sem beitt er, þ.m.t. skrá yfir ílagsgögn og útreikningsformúlurnar sem notaðar eru, skrá yfir aðferðarþrepin sem notuð eru að því er varðar gögn um starfsemi og alla viðkomandi reiknistuðla fyrir hvern efnisstraum sem á að vakta,

b) eftir atvikum og ef rekstraraðilinn ætlar að nota einföldun óverulegra og minni háttar efnisstrauma: flokkun efnisstraumanna í meiri háttar, óverulega og minni háttar efnisstrauma,

c) lýsing á mælikerfunum sem notuð eru og á mælingabilinu, tiltekinni óvissu og nákvæmri staðsetningu mælitækjanna sem ber að nota fyrir hvern efnisstraum sem skal vakta,

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

d) eftir atvikum, sjálfgildin sem eru notuð fyrir reiknistuðla sem sýna upptök stuðulsins, eða viðkomandi upptök, þaðan sem sjálfgefinn stuðull verður sóttur reglulega, fyrir hvern efnisstraum,

e) eftir atvikum, skrá yfir greiningaraðferðir, sem nota á við ákvörðun allra viðkomandi reiknistuðla fyrir hvern efnisstraum, og lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir þær greiningar,

f) eftir atvikum, lýsing á aðferðinni, sem rennir stoðum undir sýnatökuáætlunina fyrir sýnatöku úr eldsneyti og efni sem á að greina, ásamt aðferðinni sem nota á til að endurskoða hve viðeigandi sýnatökuáætlunin er,

g) eftir atvikum, skrá yfir rannsóknarstofur sem sinna viðeigandi greiningarferlum og, ef rannsóknarstofan er ekki faggilt eins og um getur í 1. mgr. 34. gr., lýsing á aðferðinni sem notuð er við að sýna fram á að farið sé að jafngildum kröfum í samræmi við 2. og 3. mgr. 34. gr.,

3) Ef varaaðferð er beitt við vöktun í samræmi við 22. gr.: ítarleg lýsing á vöktunaraðferðinni sem beitt er fyrir alla efnisstrauma eða upptök losunar, þar sem aðferðarþrep eru ekki notuð, og lýsing á skriflegum verklagsreglum sem notaðar eru við tengda óvissugreiningu sem þarf að fara fram.

4) Ítarleg lýsing á mælimiðuðum aðferðum, ef þeim er beitt, þar sem eftirfarandi kemur fram:

a) lýsing á mælingaraðferðinni, þ.m.t. lýsingar á öllum skriflegum verklagsreglum sem skipta máli fyrir mælingarnar og eftirfarandi:

i. allar reikniformúlur sem notaðar eru við söfnun gagna og til að ákvarða árlega losun fyrir hver upptök losunar,

ii. aðferðin til að ákvarða hvort hægt sé að reikna út gildar klukkustundir eða styttri viðmiðunartímabil fyrir hvern mæliþátt og fyrir staðgöngu gagna sem vantar í samræmi við 45. gr.,

b) skrá yfir alla viðeigandi losunarpunkta meðan á dæmigerðri starfrækslu stendur og á takmörkunar- og umbreytingartímabilum, t.d. tímabilum þegar bilanir eiga sér stað eða prófun á starfshæfni fer fram, ásamt skýringarmynd yfir vinnsluferlið ef lögbært yfirvald óskar þess,

c) ef útblástursstreymið er reiknað út: lýsing á skriflegum verklagsreglum fyrir þennan útreikning fyrir hver vöktuð upptök losunar með mælimiðaðri aðferð,

d) skrá yfir viðkomandi búnað, þar sem fram kemur tíðni mælinga, vinnusvið og óvissa,

e) skrá yfir þá staðla sem beitt er og öll frávik frá þessum stöðlum,

f) lýsing á skriflegum verklagsreglum við framkvæmd útreikninga til staðfestingar í samræmi við 46. gr., eftir atvikum,

g) lýsing á aðferðinni við að ákvarða koltvísýring frá lífmassa og draga hann frá mældri losun koltvísýrings og á skriflegum verklagsreglum sem notaðar eru í þeim tilgangi, eftir atvikum,

h) eftir atvikum og ef rekstraraðilinn ætlar að nota einföldun óverulegra upptaka losunar: flokkun upptaka losunar í meiri háttar og óveruleg upptök losunar.

5) Auk þeirra þátta sem taldir eru upp í 4. lið: nákvæm lýsing á vöktunaraðferðinni þar sem losun á nituroxíði er vöktuð, eftir því sem við á í formi lýsingar á þeim skriflegu verklagsreglum sem beitt er, þ.m.t. lýsing á eftirfarandi:

a) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða magn efna sem notað er í framleiðsluferlinu og hámarksmagn efnis sem er notað við fulla afkastagetu,

b) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða magn vöru sem framleidd er á klukkustund, gefið upp sem saltpéturssýra (100%), adipínsýra (100%), kaprólaktam, glýoxal og glýoxýlsýra á klukkustund (í sömu röð),

c) aðferð og mæliþáttum sem eru notuð til að ákvarða styrk nituroxíðs í útblæstri frá hverjum upptökum losunar, starfrækslusvið upptakanna og óvissu og upplýsingar um hugsanlegar staðgönguaðferðir sem skal beita, falli styrkurinn utan starfrækslusviðsins, og við hvaða aðstæður slíkt á sér stað,

d) reikniaðferð sem er notuð til að ákvarða losun á nituroxíði frá reglubundnum upptökum án mildunar við framleiðslu á saltpéturssýru, adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru,

e) hvernig viðkomandi stöð starfar undir misjöfnu álagi og hvernig rekstrarstjórnun fer fram,

f) aðferð og reikniformúlum sem eru notaðar til að ákvarða árlega losun nituroxíðs og samsvarandi gildi fyrir jafngildiseiningar koltvísýrings fyrir hver upptök losunar,

g) upplýsingum um vinnsluskilyrði sem eru frábrugðin venjulegri starfrækslu, vísbendingu um hugsanlega tíðni og tímalengd slíkra skilyrða ásamt vísbendingu um umfang losunar á nituroxíði meðan á frávikunum á vinnsluskilyrðum stendur, s.s. vegna bilunar í búnaði til mildunar.

6) Nákvæm lýsing á vöktunaraðferðinni, svo fremi perflúorókolefni úr framleiðslu á hrááli séu vöktuð, ef við á með lýsingu á skriflegu verklagsreglunum sem beitt er, þ.m.t. eftirfarandi:

a) eftir atvikum, dagsetningar mælinga til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir SEF_{CF4} eða OVC og F_{C2F6} og áætlun um hvenær slíkar ákvarðanir verða endurteknar í framtíðinni,

b) eftir atvikum, aðferðarlýsing fyrir ferlið til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6 þar sem kemur einnig fram að mælingar hafa farið fram og munu fara fram í nógu langan tíma til að mæligildin séu samleitin, en a.m.k. í 72 klukkustundir,

c) eftir atvikum, aðferð við að ákvarða söfnunarvirkni fyrir lekalosun á stöðvum fyrir hráálsframleiðslu,

d) lýsing á gerð rafskauta og forskauta,

7) Ítarleg lýsing á vöktunaraðferðinni, þar sem flutningur innifalins koltvísýrings sem hluta af efnisstraumi í samræmi við 48.gr., flutningur koltvísýrings í samræmi við 49. gr. eða flutningur nituroxíðs í samræmi við 50. gr. fer fram, þar sem við á í formi lýsingar á skriflegu verklagsreglunum sem beitt er, þ.m.t. eftirfarandi:

a) eftir atvikum, staðsetning búnaðar fyrir mælingu hita og þrýstings í flutninganeti,

b) eftir atvikum, verklagsreglur til að koma í veg fyrir, greina og magnákvarða lekaatburði frá flutninganetum,

c) ef um er að ræða flutninganet: verklagsreglur sem tryggja á skilvirkan hátt að koltvísýringur sé einungis fluttur til stöðva sem hafa gild leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda eða þangað sem allur losaður koltvísýringur er vaktaður með skilvirkum hætti og gerð grein fyrir honum í samræmi við 49. gr.,

d) auðkenning á viðtökustöðvum og flutningsstöðvum samkvæmt auðkenniskóða stöðvar sem viðurkenndur er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1193/2011,

e) eftir atvikum, lýsing á kerfum fyrir samfelldar mælingar, sem notuð eru á stöðum til flutninga á koltvísýringi eða nituroxíði á milli stöðva sem flytja koltvísýring eða nituroxíð, eða ákvörðunaraðferðinni í samræmi við 48., 49. eða 50. gr.,

f) eftir atvikum, lýsing á varfærnislegri matsaðferð sem notuð er til að ákvarða lífmassahlutann í fluttum koltvísýringi í samræmi við 48. eða 49. gr.,

g) eftir atvikum, magnákvörðunaraðferðir fyrir losun eða sleppingu koltvísýrings í vatnssúluna frá mögulegum leka sem og magnákvörðunaraðferðir, sem hafa verið notaðar og hugsanlega aðlagaðar fyrir raunverulega losun eða sleppingu koltvísýrings í vatnssúluna frá leka, eins og tilgreint er í 23.lið IV. viðauka.

2. LÁGMARKSINNIHALD VÖKTUNARÁÆTLANA VEGNA LOSUNAR FRÁ FLUGSAMGÖNGUM

1. Vöktunaráætlunin skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar fyrir alla umráðendur loftfara:

a) auðkenni umráðanda loftfars, kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, samskiptaupplýsingar umráðanda loftfars og ábyrgs aðila hjá umráðanda loftfars, heimilisfang tengiliðar, ábyrgðaraðildarríki, lögbært yfirvald sem er ábyrgt,

b) upphaflega skrá yfir tegundir loftfara í flugflota sem umráðandinn rekur á þeim tíma þegar vöktunaráætlunin er lögð fram, fjölda loftfara af hverri tegund og viðmiðunarskrá yfir tegundir loftfara til viðbótar sem búast má við að verði notaðar, þ.m.t. áætlaður fjöldi loftfara af hverri tegund, liggi hann fyrir, og efnisstraumar (tegundir eldsneytis) í tengslum við hverja tegund loftfars,

c) lýsingu á aðferðum, kerfum og ábyrgð sem notuð eru til að uppfæra heilleika skrárinnar yfir upptök losunarinnar á vöktunarárinu í þeim tilgangi að tryggja heilleika vöktunarinnar og skýrslugjafarinnar um losun loftfara, sem eru í eigu umráðanda, auk leigðra loftfara,

d) lýsingu á þeim aðferðum, sem notaðar eru til að vakta heilleika skrárinnar yfir flug sem starfrækt eru undir einkvæmu kennimerki flugvallarpars, og aðferðunum, sem notaðar eru til að ákvarða hvort flug falli undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB í þeim tilgangi að tryggja heilleika og koma í veg fyrir tvítalningu,

e) lýsingu á ferlinu sem notað er til að stjórna og úthluta ábyrgð á vöktun og skýrslugjöf og til að stjórna valdheimildum ábyrgðaraðila,

f) lýsingu á verklagsreglum fyrir reglulegt mat á hversu viðeigandi vöktunaráætlunin er, þ.m.t. allar hugsanlegar ráðstafanir til að bæta vöktunaraðferðina og tengdar verklagsreglur sem beitt er,

g) lýsingu á skriflegum verklagsreglum fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði eins og krafist er í 58. grein, þ.m.t. skýringarmynd, eftir því sem við á, til skýringar,

h) lýsingu á skriflegum verklagsreglum fyrir eftirlitsstarfsemi sem er komið á skv. 59. grein,

i) upplýsingar, eftir því sem við á, um viðeigandi tengsl við starfsemi innan ramma umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins, kerfa sem falla undir samhæfðan staðal ISO14001:2004 og annarra umhverfisstjórnunarkerfa, þ.m.t. upplýsingar um aðferðir og eftirlit sem varða vöktun og skýrslugjöf í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda,

j) útgáfunúmer vöktunaráætlunarinnar og frá hvaða dagsetningu sú útgáfa vöktunaráætlunarinnar gildir,

k) staðfesting, ef umráðandi loftfars ætlar sér að nota einföldunina skv. 6. mgr. 28. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

2. Í vöktunaráætluninni skulu vera eftirfarandi upplýsingar fyrir umráðendur loftfara sem teljast ekki vera smálosendur í samræmi við 1. mgr. 55. gr. eða sem ætla ekki að nota tæki fyrir smálosendur í samræmi við 2. mgr. 55. gr.:

a) lýsing á skriflegu verklagsreglunum sem nota á til að skilgreina vöktunaraðferðina fyrir viðbótartegundir loftfara sem umráðandi loftfars gerir ráð fyrir að nota,

b) lýsing á skriflegum verklagsreglum til að vakta eldsneytisnotkun allra loftfara, þ.m.t.:

i. sú aðferð, sem valin er (aðferð A eða aðferð B) til útreiknings á eldsneytisnotkun, og ef sama aðferð er ekki notuð fyrir allar tegundir loftfara: rökstuðningur fyrir þessari aðferð og skrá þar sem tilgreint er hvaða aðferð er notuð og við hvaða aðstæður,

ii. aðferðir til að mæla áfyllt eldsneytismagn og eldsneytismagn í geymum, lýsing á mælitækjum sem notuð eru og aðferðir við að skrá, sækja, senda og varðveita upplýsingar varðandi mælingar, eftir því sem við á,

iii. aðferð til að greina eðlismassa, eftir atvikum,

iv. rökstuðningur fyrir vöktunaraðferðinni sem er valin til að tryggja lægstu óvissustigin skv. 1. mgr. 56. gr.,

c) skrá yfir frávik fyrir tiltekna flugvelli frá almennum vöktunaraðferðum, eins og lýst er í b-lið, ef umráðandi loftfars getur ekki vegna sérstakra aðstæðna lagt fram öll tilskilin gögn fyrir vöktunaraðferðina sem krafist er,

d) losunarstuðlar sem notaðir eru fyrir hverja tegund eldsneytis eða, ef um er að ræða annars konar eldsneyti, aðferðir við að ákvarða losunarstuðla, þ.m.t. aðferðir við sýnatöku, greiningaraðferðir, lýsing á rannsóknarstofum sem notaðar eru og faggildingu þeirra og/eða aðferðir þeirra við gæðatryggingu,

e) lýsing á verklagsreglum og kerfum til að sanngreina, meta og meðhöndla gagnaeyður skv. 2. mgr. 66. gr.

3. LÁGMARKSINNIHALD VÖKTUNARÁÆTLANA FYRIR GÖGN UM TONNKÍLÓMETRA

Vöktunaráætlunin fyrir gögn um tonnkílómetra skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) þættina sem tilgreindir eru í 1. lið 2. liðar í þessum viðauka,

b) lýsingu á skriflegum verklagsreglum við ákvörðun gagna um tonnkílómetra fyrir hvert flug, þ.m.t.:

i. aðferðir, ábyrgð, gagnalindir og reikniformúlur fyrir ákvörðun og skráningu á vegalengd fyrir hvert flugvallarpar,

ii. aðferðarþrepið sem notað er til að ákvarða massa farþega og skráðs farangurs; ef 2. aðferðarþrepið er notað þarf að leggja fram lýsingu á aðferðinni við að komast að massa farþega og farangurs,

iii. lýsing á aðferðum sem notaðar eru til að ákvarða massa farms og pósts, þar sem við á,

iv. lýsing á mælitækjunum, sem notuð eru til að mæla massa farþega, farms og pósts, eftir því sem við á.

———

II. VIÐAUKI

Skilgreiningar á aðferðarþrepum fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem tengjast stöðvum (1. mgr. 12. gr.)

1. SKILGREINING Á AÐFERÐARÞREPUM FYRIR GÖGN UM STARFSEMI

Viðmiðunarmörk fyrir óvissu í töflu 1 skulu gilda um aðferðarþrep sem varða kröfur um gögn um starfsemi í samræmi við a-lið 1. mgr. 28. gr. og fyrstu undirgrein 2. mgr. 29. gr. og IV. viðauka við þessa reglugerð. Viðmiðunarmörk fyrir óvissu skal túlka sem hámark leyfilegrar óvissu við ákvörðun efnisstrauma á skýrslutímabili.

Ef tafla 1 nær ekki yfir starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og massajöfnuður er ekki notaður skal rekstraraðilinn nota aðferðarþrepin sem tilgreind eru í töflu 1 undir „Brennsla eldsneytis og eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag“ fyrir þá starfsemi.

Tafla 1

Aðferðarþrep fyrir gögn um starfsemi (hámark leyfilegrar óvissu fyrir hvert aðferðarþrep)

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðar-þrep	2. aðferðar-þrep	3. aðferðar-þrep	4. aðferðar-þrep
Brennsla eldsneytis og eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag					
Staðlað eldsneyti á markaði	Eldsneytismagn [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Annað loftkennt eða fljótandi eldsneyti	Eldsneytismagn [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Eldsneyti í föstu formi	Eldsneytismagn [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Brennsla gass (í afgaslogum)	Magn gass í afgaslogum [Nm^3]	± 17,5%	± 12,5%	± 7,5%	
Hreinsun: karbónat (aðferð A)	Magn karbónats sem er notað [t]	± 7,5%			
Hreinsun: gifs (aðferð B)	Magn framleidds gifs [t]	± 7,5%			
Hreinsun: þvagefni	Magn þvagefnis sem er notað	± 7,5%			
Hreinsun jarðolíu					
Endurmyndun sundrunarhvata (*)	Óvissukröfur gilda sérstaklega fyrir hver upptök losunar	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%
Koksframleiðsla					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Brennsla og glæðing málmgrýtis					
Ílag karbónats og leifar frá vinnslu	Ílagsefni karbónats og leifar frá vinnslu [t]	± 5%	± 2,5%		
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðar-þrep	2. aðferðar-þrep	3. aðferðar-þrep	4. aðferðar-þrep
Framleiðsla járns og stáls					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Hvert massastreymi til og frá stöðinni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á sementsgjalli					
Ílag ofns (aðferð A)	Hvert viðkomandi ílag ofns [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Frálag gjalls (aðferð B)	Framleitt gjall [t]	± 5%	± 2,5%		
Sementsofnaryk	Sementsofnaryk eða hjárásarryk [t]	á.e.v. (**)	± 7,5%		
Kolefni, annað en karbónat	Hvert hráefni [t]	± 15%	± 7,5%		
Framleiðsla á kalki og glæðing á dólómíti og magnesíti					
Karbónöt og önnur vinnsluefni (aðferð A)	Hvert viðkomandi ílag ofns [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Oxíð jarðalkalímálma (aðferð B)	Framleitt kalk [t]	± 5%	± 2,5%		
Ofnaryk (aðferð B)	Ofnaryk [t]	á.e.v. (**)	± 7,5%		
Gler- og steinullarframleiðsla					
Karbónöt og önnur vinnsluefni (ílag)	Hvert hráefni sem inniheldur karbónat eða aukefni sem tengjast koltvísýringslosun [t]	± 2,5%	± 1,5%		
Framleiðsla á leirvöru					
Kolefnisílag (aðferð A)	Hvert hráefni sem inniheldur karbónat eða aukefni sem tengist koltvísýringslosun [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Oxíð alkalímálma (aðferð B)	Verg framleiðsla, þ.m.t. úrkast og glerbrot frá ofnum og flutningum [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	
Hreinsun	Þurrt $CaCO_3$, notað [t]	± 7,5%			
Framleiðsla á pappírsmauki og pappír					
Viðbætt efni	Magn $CaCO_3$ og Na_2CO_3 [t]	± 2,5%	± 1,5%		
Framleiðsla á kinroki					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%

Tegund starfsemi/efnisstraums	Mæliþáttur sem óvissan er notuð fyrir	1. aðferðar-þrep	2. aðferðar-þrep	3. aðferðar-þrep	4. aðferðar-þrep
Framleiðsla á ammoníaki					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Magn eldsneytis notað í ferlinu [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á vetni og tilbúnu gasi					
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluílag fyrir vetnisframleiðslu [t] eða [Nm^3]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla eða vinnsla járnríkra málma og járnlausra málma, þ.m.t. endurunnið ál					
Losun við vinnslu	Sérhvert ílagsefni eða leifar frá vinnslu sem eru notaðar sem ílagsefni í ferlinu [t]	± 5%	± 2,5%		
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Framleiðsla á hrááli					
Massajöfnuðaraðferð	Hvert ílags- og frálagsefni [t]	± 7,5%	± 5%	± 2,5%	± 1,5%
Perflúorókolefnislosun (hallaaðferð)	framleiðsla á hrááli í [t], mínútur í forskautsrisi (e. *anode effect*) í [fjöldi forskautsrisa/rafskautsdag] og [mínútur í forskautsrisi/tilvik]	± 2,5%	± 1,5%		
Perflúorókolefnislosun (yfirspennuaðferð)	framleiðsla á hrááli í [t], yfirspenna í forskautsrisi [mV] og straumnýtni [-]	± 2,5%	± 1,5%		

(*) Við vöktun losunar frá endurmyndun sundrunarhvata (önnur endurmyndun í hvataferlum og koksurum af gerðinni „Flexi-coker") í hreinsunarstöðvum fyrir jarðolíu er sú óvissa, sem krafist er, tengd heildaróvissunni fyrir alla losun frá þeim upptökum.

(**) Magn [t] sementsofnaryks eða hjárásarryks (ef við á), sem fer út úr ofnakerfinu á skýrslutímabilinu, er metið út frá leiðbeiningum um bestu starfsvenjur í iðnaði.

2. SKILGREINING AÐFERÐARÞREPA FYRIR REIKNISTUÐLA FYRIR LOSUN VIÐ BRENNSLU

Rekstraraðilar skulu vakta losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennsluferla, sem fram fara innan allrar starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða falla undir kerfi Sambandsins skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar, með því að nota skilgreiningar aðferðarþrepa sem mælt er fyrir um í þessum lið. Ef eldsneyti eða brennanleg efni, sem leiða til koltvísýringslosunar, eru notuð sem vinnsluílag gildir 5. liður þessa viðauka. Ef eldsneyti er hluti af massajöfnuði í samræmi við 1. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar gilda skilgreiningar aðferðarþrepa fyrir massajöfnuð í 3. lið þessa viðauka.

Að því er varðar losun við vinnslu frá tengdri hreinsun útblásturslofts skal nota skilgreiningar aðferðarþrepa skv. 4. og 5. lið þessa viðauka, eftir því sem við á.

2.1 **Aðferðarþrep fyrir losunarstuðla**

Þegar lífmassahluti fyrir blandað eldsneyti eða efni er ákvarðaður skulu skilgreind aðferðarþrep tengjast bráðabirgða-losunarstuðlinum. Aðferðarþrepin fyrir jarðefnaeldsneyti og efni skulu tengjast losunarstuðlinum.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í 1. lið í VI. viðauka eða

b) öðrum föstum gildum í samræmi við e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal beita sértækum losunarstuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti eða efni í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 31. gr. eða gildum í samræmi við d-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Rekstraraðilinn skal reikna út losunarstuðla fyrir eldsneytið á grundvelli annarrar af eftirtöldum settum viðmiðunum, ásamt fylgni sem byggist á athugunum sem fram fara a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr. og 39. gr.:

a) mælinga á eðlismassa tiltekinna olía eða lofttegunda, þ.m.t. þær sem eru sameiginlegar fyrir hreinsunar- eða stáliðnaðinn,

b) nettóvarmagildis fyrir tilteknar tegundir kola.

Rekstraraðilinn skal sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt að því er varðar gildi fyrir viðmiðunina sem eru á fyrirhuguðu bili.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) ákvörðun á losunarstuðlinum í samræmi við viðkomandi ákvæði 32. til 35. gr.,

b) fylgni sem byggist á athugunum, eins og tilgreint er fyrir aðferðarþrep 2b, ef rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að óvissa fylgni sem byggist á athugunum fari ekki yfir 1/3 af óvissugildinu sem rekstraraðilinn verður að halda sig við að því er varðar ákvörðun á gögnum um starfsemi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni.

2.2 **Aðferðarþrep fyrir nettóvarmagildi**

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í 1. lið í VI. viðauka eða

b) öðrum föstum gildum í samræmi við e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal beita sértækum stuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr. eða gildum í samræmi við d-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Að því er varðar eldsneyti á markaði skal styðjast við nettóvarmagildið sem er fengið úr innkaupaskrám eldsneytisbirgis fyrir viðkomandi eldsneyti, að því tilskildu að það hafi verið ákvarðað samkvæmt samþykktum landsstöðlum eða alþjóðlegum stöðlum.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða nettóvarmagildið í samræmi við 32. til 35. gr.

2.3 **Aðferðarþrep fyrir oxunarstuðla**

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita oxunarstuðlinum 1.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita oxunarstuðlum fyrir viðkomandi eldsneyti í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal reikna út stuðla fyrir eldsneyti sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi á grundvelli viðeigandi kolefnisinnihalds í ösku, fráveituvatni og öðrum úrgangi og aukaafurðum ásamt öðrum loftkenndum formum af kolefni, sem hefur ekki verið oxað að fullu, sem skipta máli, að undanskildum kolsýringi. Gögn um samsetningu skal ákvarða í samræmi við 32. til 35. gr.

2.4 **Aðferðarþrep fyrir lífmassahluta**

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita viðeigandi gildi, sem lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin birtir, eða gildum í samræmi við 1. mgr. 31. gr.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita matsaðferð sem er samþykkt í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 39. gr.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita greiningum í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 39. gr. og í samræmi við 32. til 35. gr.

Ef rekstraraðili gerir ráð fyrir jarðefnahluta, sem nemur 100%, í samræmi við 1. mgr. 39. gr. skal ekki úthluta aðferðarþrepi fyrir lífmassahlutann.

3. SKILGREINING AÐFERÐARÞREPA FYRIR REIKNISTUÐLA FYRIR MASSAJÖFNUÐ

Ef rekstraraðili notar massajöfnuð í samræmi við 25. gr. skal hann nota skilgreiningar aðferðarþrepa í þessum lið.

3.1 **Aðferðarþrep fyrir kolefnisinnihald**

Rekstraraðilinn skal nota eitt aðferðarþrepanna í þessum lið. Til að reikna kolefnisinnihald út frá losunarstuðli skal rekstraraðilinn nota eftirfarandi jöfnur:

a) fyrir losunarstuðla sem gefnir eru upp sem t CO_2/TJ: $C = (EF \times NCV) / f$

b) fyrir losunarstuðla sem gefnir eru upp sem t CO_2/t: $C = EF / f$

Í þessum formúlum er C kolefnisinnihaldið, gefið upp sem brot (tonn af kolefni fyrir hvert tonn af vöru), EF er losunarstuðullinn, NCV er nettóvarmagildið og f er stuðullinn sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 36. gr.

Þegar lífmassahluti fyrir blandað eldsneyti eða efni er ákvarðaður skulu skilgreind aðferðarþrep tengjast heildarkolefnisinnihaldinu. Lífmassahluti kolefnisins skal ákvarðaður með aðferðarþrepum sem eru skilgreind í lið 2.4 í þessum viðauka.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) kolefnisinnihaldi sem reiknað er út frá stöðluðum stuðlum í 1. og 2. lið VI. viðauka eða

b) öðrum föstum gildum í samræmi við e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í 1. og 2. lið VI. viðauka.

Aðferðarþrep 2a: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihaldið með sértækum losunarstuðlum fyrir hvert land að því er varðar viðkomandi eldsneyti eða efni í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr. eða gildum í samræmi við d-lið 1. mgr. 31. gr.

Aðferðarþrep 2b: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihald með losunarstuðlum fyrir eldsneytið á grundvelli annarrar af eftirtöldum settum viðmiðunum, ásamt fylgni sem byggist á athugunum sem fram fara a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr.:

a) mælinga á eðlismassa tiltekinna olía eða lofttegunda, sem eru sameiginlegar fyrir t.d. hreinsunar- eða stáliðnaðinn,

b) nettóvarmagildis fyrir tilteknar tegundir kola.

Rekstraraðilinn skal sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt að því er varðar gildi fyrir viðmiðunina sem eru á fyrirhuguðu bili.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) ákvörðun á kolefnisinnihaldinu í samræmi við viðkomandi ákvæði 32. til 35. gr.,

b) fylgni sem byggist á athugunum, eins og tilgreint er fyrir aðferðarþrep 2b, ef rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að óvissa fylgni sem byggist á athugunum fari ekki yfir 1/3 af óvissugildinu sem rekstraraðilinn verður að halda sig við að því er varðar ákvörðun á gögnum um starfsemi fyrir viðkomandi eldsneyti eða efni.

3.2 **Aðferðarþrep fyrir nettóvarmagildi**

Nota skal aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.2 í þessum viðauka.

3.3 **Aðferðarþrep fyrir lífmassahluta**

Nota skal aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.4 í þessum viðauka.

4. SKILGREINING AÐFERÐARÞREPA FYRIR REIKNISTUÐLA FYRIR LOSUN VIÐ VINNSLU FRÁ NIÐURBROTI KARBÓNATS

Að því er varðar alla losun við vinnslu, ef hún er vöktuð með staðalaðferðum í samræmi við 2. mgr. 24. gr., skal beita eftirfarandi skilgreiningum aðferðarþrepa fyrir losunarstuðulinn og breytistuðulinn þegar um er að ræða:

a) **Aðferð A:** Byggist á ílagi; losunarstuðullinn og gögnin um starfsemi tengjast magni ílagsefnis í vinnslu.

b) **Aðferð B:** Byggist á frálagi; losunarstuðullinn og gögnin um starfsemi tengjast magni frálagsefnis úr vinnslu.

4.1 **Aðferðarþrep fyrir losunarstuðul með aðferð A:**

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í töflu 2 í 2. lið VI. viðauka,

b) öðrum föstum gildum í samræmi við e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í VI. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita sértækum losunarstuðli fyrir hvert land í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr. eða gildum í samræmi við d-lið 1. mgr. 31. gr.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, þar sem við á.

4.2 **Aðferðarþrep fyrir breytistuðul með aðferð A:**

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Karbónöt og annað kolefni, sem fara úr ferlinu, skulu reiknast út frá breytistuðli sem er á bilinu 0–1. Rekstraraðilinn getur gert ráð fyrir fullkominni umbreytingu að því er varðar eitt eða fleiri ílagsefni og talið óumbreytt efni eða annað kolefni til ílagsefna sem eftir eru. Ákvörðun á öðrum efnafræðilegum þáttum varanna, sem skipta máli, skal vera í samræmi við 32. til 35. gr.

4.3 **Aðferðarþrep fyrir losunarstuðul með aðferð B:**

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal annaðhvort beita:

a) stöðluðu stuðlunum sem tilgreindir eru í töflu 3 í 2. lið VI. viðauka,

b) öðrum föstum gildum í samræmi við e-lið 1. mgr. 31. gr ef ekkert viðeigandi gildi er að finna í VI. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita sértækum losunarstuðli fyrir hvert land í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 31. gr. eða gildum í samræmi við d-lið 1. mgr. 31. gr.

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðulinn í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana, sem um getur í töflu 3 í 2. lið VI. viðauka, til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, að því gefnu að allt viðkomandi málmoxíð sé úr viðkomandi karbónötum. Í þessu skyni skal rekstraraðilinn a.m.k. taka tillit til kalsíumoxíðs (CaO) og magnesíumoxíðs (MgO) og leggja fyrir lögbært yfirvald sannanir fyrir því hvaða málmoxíð í viðbót tengjast karbónötum í hráefnunum.

4.4 **Aðferðarþrep fyrir breytistuðul með aðferð B:**

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Magn efnasambanda, annarra en karbónata, í viðkomandi málmum í hráefnunum, þ.m.t. ryk eða svifaska sem skilar sér inn aftur, eða önnur efni, sem þegar hafa verið glædd, skal endurspeglast með breytistuðlum með gildi á bilinu 0–1 þar sem gildið 1 samsvarar fullkominni umbreytingu karbónata í hráefninu í oxíð. Ákvörðun á öðrum efnafræðilegum þáttum vinnsluílagsins, sem skipta máli, skal vera í samræmi við 32. til 35. gr.

5. SKILGREINING AÐFERÐARÞREPA FYRIR REIKNISTUÐLA VEGNA LOSUNAR KOLTVÍSÝRINGS VIÐ VINNSLU Á ÖÐRUM EFNUM EN KARBÓNÖTUM

Vinnsluefni sem hafa í för með sér koltvísýringslosun, þ.m.t. þvagefni, koks, grafít og efni, önnur en karbónat, sem innihalda kolefni skulu vöktuð með aðferð sem er byggð á ílagi samkvæmt þessum lið, nema þau séu talin með í massajöfnuði.

5.1 **Aðferðarþrep fyrir losunarstuðla**

Nota skal aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.1 í þessum viðauka.

5.2 **Aðferðarþrep fyrir nettóvarmagildi**

Ef vinnsluefnið inniheldur brennanlegt kolefni skal rekstraraðilinn skýra frá nettóvarmagildinu. Nota skal aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.2 í þessum viðauka.

5.3 **Aðferðarþrep fyrir breyti-/oxunarstuðla**

Ef vinnsluefnið inniheldur brennanlegt kolefni skal rekstraraðilinn beita oxunarstuðli. Í þessu skyni skal nota aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.3 í þessum viðauka.

Í öllum öðrum tilvikum skal rekstraraðilinn beita breytistuðli. Í þessu skyni gilda eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa:

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Kolefni, sem fer úr ferlinu, skal reiknast út frá breytistuðli sem er á bilinu 0–1. Rekstraraðilinn getur gert ráð fyrir fullkominni umbreytingu að því er varðar eitt eða fleiri ílagsefni og talið óumbreytt efni eða annað kolefni til ílagsefna sem eftir eru. Ákvörðun á öðrum efnafræðilegum þáttum varanna, sem skipta máli, skal vera í samræmi við 32. til 35. gr.

5.4 **Aðferðarþrep fyrir lífmassahluta**

Nota skal aðferðarþrepin sem eru skilgreind í lið 2.4 í þessum viðauka.

———

III. VIÐAUKI

Vöktunaraðferðir fyrir flugsamgöngur (53. og 57. gr.)

1. REIKNIAÐFERÐIR TIL AÐ ÁKVARÐA GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR Í FLUGSAMGÖNGUGEIRANUM

Aðferð A:

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð [t] = magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir flugið er lokið [t] – magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið [t] + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið [t]

Ef ekki er um áfyllingu eldsneytis að ræða fyrir flugið eða fyrir næsta flug skal magn eldsneytis í geymi loftfarsins ákvarðað við hlaðfarartíma flugsins eða næsta flugs. Í undantekningartilviki þar sem loftfar er notað í annað en flug, t.d. gengst undir meiri háttar viðhald, sem felur í sér að geymar þess eru tæmdir, eftir flugið þar sem fylgst er með eldsneytisnotkun, getur umráðandi loftfars skipt út tölunum fyrir „magn eldsneytis í geymum loftfars eftir að áfyllingu eldsneytis fyrir næsta flug er lokið + áfyllt magn eldsneytis fyrir síðarnefnda flugið“ fyrir „magn eldsneytis sem eftir er í geymum við upphaf síðari notkunar loftfarsins“ samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

Aðferð B:

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi formúlu:

Raunveruleg eldsneytisnotkun í hverri flugferð [t] = magn eldsneytis, sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs [t] + magn áfyllts eldsneytis fyrir flugið [t] – magn eldsneytis í geymum við hlaðkomutíma í lok flugsins [t]

Hlaðkomutími getur talist svara til þess tíma þegar slökkt er á vélunum. Ef loftfar fer ekki í flugferð fyrir flugið, þar sem eldsneytisnotkunin er vöktuð, getur umráðandi loftfars skipt út „magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfars við hlaðkomutíma í lok síðasta flugs“ fyrir „magn eldsneytis sem eftir er í geymum loftfarsins í lok fyrri notkunar loftfarsins“ samkvæmt upplýsingunum í tækniflugbókum.

2. LOSUNARSTUÐLAR FYRIR STAÐLAÐAR ELDSNEYTISTEGUNDIR

Tafla 1

Losunarstuðlar koltvísýrings fyrir flugvélaeldsneyti

Eldsneyti	Losunarstuðull ($t\text{-}CO_2/t\text{-}eldsneyti$)
Flugvélabensín (AvGas)	3,10
Þotubensín (Jet B)	3,10
Steinolía fyrir þotur (Jet A1 eða Jet A)	3,15

3. ÚTREIKNINGUR Á STÓRBAUGSBOGA

vegalengd [km] = stórbaugsbogi [km] + 95 km

Stórbaugsboginn skal vera stysta vegalengdin milli tveggja punkta á yfirborði jarðar, sem skal áætluð með því að nota kerfið sem um getur í grein 3.7.1.1. í 15. viðauka við Chicago-samninginn (WGS 84).

Breiddar- og lengdargráða flugvalla skal annaðhvort fengin úr upplýsingum um staðsetningu flugvallar sem birt eru í flugupplýsingahandbókum (e. *Aeronautical Information Publications*, AIP) í samræmi við 15. viðauka Chicago-samningsins eða frá gagnagjöfum sem styðjast við gögn úr flugupplýsingahandbókum.

Einnig er heimilt að nota vegalengdir sem reiknaðar eru út með hugbúnaði eða af hálfu þriðja aðila, að því tilskildu að reikniaðferðin byggist á formúlunni sem tilgreind er í þessum lið, upplýsingum úr flugupplýsingahandbókum og kröfum WGS 84.

———

IV. VIÐAUKI

Vöktunaraðferðir, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, sem tengjast stöðvum (2. mgr. 20. gr.)

1. SÉRTÆKAR VÖKTUNARREGLUR FYRIR LOSUN FRÁ BRENNSLUFERLUM

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilar skulu vakta losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennsluferla, sem fram fara innan allrar starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB eða falla undir kerfi Sambandsins skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar, þ.m.t. tengdir hreinsunarferlar, með því að nota þær reglur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Öll losun frá eldsneyti, sem notað er sem vinnsluílag, skal teljast til losunar við brennslu að því er varðar aðferðir við vöktun og skýrslugjöf, með fyrirvara um aðra flokkun fyrir losun.

Rekstraraðilinn skal hvorki vakta né gefa skýrslur um losun frá brunahreyflum sem notaðir eru við flutninga. Rekstraraðilinn skal skrifa alla losun við brennslu eldsneytis í stöðinni á stöðina, án tillits til útflutnings varma eða rafmagns til annarra stöðva. Rekstraraðilinn skal ekki skrifa losun, sem tengist framleiðslu á varma eða rafmagni, sem flutt er inn frá öðrum stöðvum, á viðtökustöðina.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi upptök losunar: katla, brennara, hverfla, hitara, bræðsluofna, brennsluofna, glæðingarofna, hitunarofna, þurrkofna, hreyfla, efnarafala, tengibrunaeiningar (e. *chemical looping combustion units*), afgasloga, eftirbrennara eða hvarfakúta og hreinsitæki (losun við vinnslu) og allan annan búnað eða vélar sem nota eldsneyti, að undanskildum búnaði eða vélum með brunahreyfla sem eru notaðir við flutninga.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennsluferlum skal reikna í samræmi við 1. mgr. 24. gr., nema eldsneytið sé talið með í massajöfnuði í samræmi við 25. gr. Aðferðarþrepin, sem skilgreind eru í í 2. lið II. viðauka, skulu gilda. Að auki skal vakta losun við vinnslu frá hreinsun útblásturs samkvæmt þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í undirlið C.

Um losun frá afgaslogum skulu gilda sérstakar kröfur, eins og mælt er fyrir um í undirlið D í þessum lið.

Brennsluferli á gasvinnslustöðvum má vakta með massajöfnuði í samræmi við 25. gr.

C. **Hreinsun útblásturs**

C.1 *Hreinsun brennisteins*

Losun koltvísýrings við vinnslu frá notkun karbónats við hreinsun sýrugass úr útblástursstreymi skal reiknuð í samræmi við 2. mgr. 24. gr. miðað við notað karbónat, aðferð A með eftirfarandi hætti, eða gifs sem framleitt er, aðferð B með eftirfarandi hætti. Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka gildir eftirfarandi.

<u>Aðferð A</u>: Losunarstuðull

1. aðferðarþrep: Ákvarða skal losunarstuðulinn út frá hvarfhlutfallslegum stuðlum eins og mælt er fyrir um í 2. lið VI. viðauka. Fylgja skal leiðbeiningum um bestu starfsvenjur í iðnaði við ákvörðun á magni $CaCO_3$ og $MgCO_3$ eða öðrum karbónötum í viðkomandi ílagsefni.

<u>Aðferð B</u>: Losunarstuðull

1. aðferðarþrep: Losunarstuðullinn skal vera hvarfhlutfallslegur stuðull fyrir þurrt gifs ($CaSO_4 \times 2H_2O$) miðað við koltvísýringinn sem er losaður: 0,2558 t CO_2/t gifs.

Breytistuðull:

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

C.2 *Afoxun fyrir köfnunarefnisoxíð (De-NO_x)*

Þrátt fyrir 5. lið II. viðauka skal reikna losun koltvísýrings við vinnslu frá notkun þvagefnis við hreinsun útblástursstreymis í samræmi við 2. mgr. 24. gr. og nota eftirfarandi aðferðarþrep.

Losunarstuðull:

1. aðferðarþrep: Fylgja skal leiðbeiningum um bestu starfsvenjur í iðnaði við ákvörðun á magni þvagefnis í viðkomandi ílagsefni. Ákvarða skal losunarstuðulinn með því að nota hvarfhlutfallslega stuðulinn 0,7328 t CO_2/t þvagefni.

Breytistuðull:

Einungis 1. aðferðarþrep skal gilda.

D. **Afgaslogar**

Við útreikning á losun frá afgaslogum skal rekstraraðilinn taka með venjubundna brennslu gass í afgaslogum og brennslu gass í afgaslogum vegna reksturs (við keyrslu, ræsingu og stöðvun og í neyðartilvikum). Rekstraraðilinn skal einnig telja með innifalinn koltvísýring í samræmi við 48. gr.

Þrátt fyrir lið 2.1 í II. viðauka skulu 1. aðferðarþrep og aðferðarþrep 2b fyrir losunarstuðulinn skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota viðmiðunarlosunarstuðulinn 0,00393 t CO_2/Nm^3 sem er reiknaður út frá brennslu hreins etans, sem er notað sem varfærnisleg viðmiðun fyrir gas í afgaslogum.

Aðferðarþrep 2b: Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, skulu reiknaðir út frá mati á sameindamassa afgasstraumsins með hjálp vinnslulíkana sem byggjast á staðallíkönum iðnaðarins. Með því að taka mið af hlutfallslegri samsetningu og sameindamassa hvers efnisstraums skal reikna út vegið ársmeðaltal fyrir sameindamassa gassins í afgaslogunum (afgassins).

Þrátt fyrir lið 2.3 í II. viðauka skal aðeins beita 1. og 2. aðferðarþrepi fyrir oxunarstuðulinn ef um er að ræða afgasloga.

2. HREINSUN JARÐOLÍU EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal vakta og tilkynna um alla koltvísýringslosun frá brennslu- og framleiðsluferlum sem fram fara í hreinsunarstöðvum.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: katla, búnað til hitunar við vinnslu og meðhöndlun, brunahreyfla/hverfla, hvata- og varmaoxara, koksglæðingarofna, slökkvidælur, neyðar-/vararafala, afgasloga, brennsluofna, búnað til hvatasundrunar, vetnisframleiðslueiningar, Claus-vinnslueiningar, endurmyndun hvata (sem falla til við hvatasundrun og önnur hvötuð ferli) og koksara (koksun með koksurum af gerðinni „Flexi-coker", seinkuð koksun).

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Vöktun starfsemi í tengslum við hreinsun jarðolíu skal vera í samræmi við 1. lið þessa viðauka um losun við brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs. Rekstraraðilinn getur valið að nota massajöfnuðaraðferðina í samræmi við 25. gr. fyrir alla hreinsunarstöðina eða einstakar vinnslueiningar eins og gösun svartolíu eða glæðingarstöðvar. Þegar notuð er samsetning staðalaðferðar og massajöfnuðaraðferðar skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald gögn sem sýna fram á heildstæði viðkomandi losunar og að losun sé hvergi tvítalin.

Losun frá sérstökum vetnisframleiðslueiningum skal vöktuð í samræmi við 19. lið þessa viðauka.

Þrátt fyrir 24. og 25 gr. skal vakta losun frá endurmyndun sundrunarhvata, annarri endurmyndun hvata og koksurum af gerðinni „Flexi-coker" með massajöfnuði, með tilliti til ástands inntaksloftsins og útblástursins. Gera skal grein fyrir öllum kolsýringi í útblæstri sem koltvísýringi með því að beita massahlutfallinu: t CO_2 = t CO * 1,571. Greining á inntakslofti og útblæstri svo og val á aðferðarþrepi skal vera í samræmi við ákvæði 32. til 35. gr. Lögbært yfirvald skal samþykkja sértæku reikningsaðferðina.

3. KOKSFRAMLEIÐSLA EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hráefni (þ.m.t. kol eða jarð-olíukoks), hefðbundin eldsneyti (þ.m.t. jarðgas), vinnslugas (þ.m.t. háofnagas), annað eldsneyti og hreinsun úrgangslofts.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Við vöktun losunar frá koksframleiðslu getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka.

4. BRENNSLA OG GLÆÐING MÁLMGRÝTIS EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hráefni (glæðing kalksteins, dólómíts og karbónatríks járngrýtis, þ.m.t. $FeCO_3$), hefðbundin eldsneyti (þ.m.t. jarðgas og koks/kokssalli), vinnslugas (þ.m.t. koksofnagas og háofnagas), leifar frá vinnslu, sem eru notaðar sem ílagsefni, þ.m.t. síað ryk frá glæðingarstöð, málmbræðsluofni og háofni, annað eldsneyti og hreinsun útblásturs.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Við vöktun losunar frá brennslu málmgrýtis, glæðingu eða kögglun getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2., 4. og 5. lið II. viðauka.

5. FRAMLEIÐSLA Á HRÁJÁRNI OG STÁLI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök koltvísýringslosunar: hráefni (glæðingu kalksteins, dólómíts og karbónatríks járngrýtis, þ.m.t. $FeCO_3$), hefðbundin eldsneyti (jarðgas, kol og koks), afoxunarefni (þ.m.t. koks, kol og plast), vinnslugas (koksofnagas, háofnagas og súrefnisofnagas), eyðingu grafítrafskauta, annað eldsneyti og hreinsun úrgangslofts.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Við vöktun losunar frá framleiðslu á hrájárni og stáli getur rekstraraðilinn valið á milli þess að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka eða staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka, a.m.k. fyrir hluta efnisstraumanna, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

Þrátt fyrir lið 3.1 í II. viðauka er 3. aðferðarþrep fyrir kolefnisinnihald skilgreint með eftirfarandi hætti:

3. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal reikna út kolefnisinnihald ílags- eða frálagsstraums skv. 32. til 35. gr. að því er varðar dæmigert úrtak úr eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ásamt ákvörðun kolefnisinnihalds þeirra og lífmassahluta. Rekstraraðilinn skal byggja kolefnisinnihald vara eða hálfunninna vara á árlegum greiningum skv. 32. til 35. gr. eða reikna kolefnisinnihaldið út frá meðalgildi fyrir viðkomandi samsetningar eins og tilgreint er í viðeigandi alþjóðlegum stöðlum eða landsstöðlum.

6. FRAMLEIÐSLA EÐA VINNSLA JÁRNRÍKRA MÁLMA EÐA JÁRNLAUSRA MÁLMA EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal ekki beita ákvæðunum í þessum lið að því er varðar vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á koltvísýringi frá framleiðslu á hrájárni, stáli og hrááli.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: hefðbundið eldsneyti, annars konar eldsneyti, þ.m.t. kornað plastefni frá stöðvum þar sem úrgangur er tættur, afoxunarefni, þ.m.t. koks, grafítrafskaut, hráefni, þ.m.t. kalksteinn og dólómít, málmgrýti og hreinsað málmgrýti sem inniheldur kolefni svo og afleidd hráefni.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Ef kolefni úr eldsneyti eða ílagsefnum, sem notuð eru á þessari stöð, er eftir í vörunum eða öðru frálagi framleiðslunnar skal rekstraraðilinn nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið í II. viðauka. Ef þetta á ekki við skal rekstraraðilinn reikna losun við brennslu og vinnslu á aðskilinn hátt með staðalaðferðum í samræmi við 24. gr. og 2. og 4. lið II. viðauka.

Ef massajöfnuður er notaður getur rekstraraðilinn valið að taka með losun frá brennsluferlum í massajöfnuðinn eða notað staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

7. KOLTVÍSÝRINGSLOSUN FRÁ FRAMLEIÐSLU EÐA VINNSLU HRÁÁLS EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal beita ákvæðunum í þessum lið að því er varðar vöktun og skýrslugjöf vegna losunar á koltvísýringi frá framleiðslu rafskauta fyrir bræðslu hrááls, þ.m.t. sjálfstæðar stöðvar fyrir framleiðslu slíkra rafskauta, og eyðingu rafskauta við rafgreiningu.

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: eldsneyti fyrir framleiðslu á varma eða gufu, framleiðslu á rafskautum, afoxun áloxíðs við rafgreiningu sem tengist eyðingu rafskauta og notkun sóda eða annarra karbónata fyrir hreinsun úrgangslofts.

Vakta skal tengda losun perflúorókolefna vegna forskautsriss, þ.m.t. lekalosun, í samræmi við 8. lið þessa viðauka.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Rekstraraðilinn skal ákvarða losun á koltvísýringi frá framleiðslu eða vinnslu hrááls með massajöfnuðaraðferðinni í samræmi við 25. gr. Massajöfnuðaraðferðin skal taka mið af öllu kolefni í ílagi, birgðum, vörum og öðru sem tekið er út við blöndun, mótun, bökun og endurvinnslu rafskauta sem og eyðingu rafskauta í rafgreiningu. Þegar notuð eru forbökuð forskaut má annaðhvort beita aðskildum massajöfnuði fyrir framleiðslu og eyðingu eða einum sameiginlegum massajöfnuði þar sem tekið er tillit til bæði framleiðslu og eyðingar rafskauta. Ef um er að ræða Søderberg-rafskaut skal rekstraraðilinn nota einn sameiginlegan massajöfnuð.

Að því er varðar losun frá brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka, a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður og tvítalningu losunar.

8. PERFLÚORÓKOLEFNISLOSUN FRÁ FRAMLEIÐSLU EÐA VINNSLU HRÁÁLS EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal beita eftirfarandi fyrir losun perflúorókolefnis vegna forskautsriss, þ.m.t. lekalosun perflúoró-kolefnis. Fyrir tengda losun koltvísýrings, þ.m.t. losun frá framleiðslu á rafskautum, skal rekstraraðilinn beita 7. lið þessa viðauka. Rekstraraðilinn skal enn fremur reikna losun perflúorókolefnis, sem tengist ekki forskautsrisi, á grundvelli matsaðferða í samræmi við leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði og hvers konar leiðbeiningar sem framkvæmda-stjórnin birtir í þeim tilgangi.

B. **Ákvörðun á losun perflúorókolefnis**

Losun perflúorókolefnis skal reiknuð út frá mælanlegri losun í stokk eða reykháf („losun frá punktupptökum“) sem og lekalosun út frá söfnunarvirkni stokksins:

Losun perflúorókolefnis (alls) = losun perflúorókolefnis (stokkur)/söfnunarvirkni

Söfnunarvirknin skal mæld þegar losunarstuðlar fyrir hverja stöð eru ákvarðaðir. Við ákvörðunina skal nota nýjustu útgáfu leiðbeininganna sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í viðmiðunarreglum IPCC frá 2006.

Rekstraraðilinn skal reikna losun CF_4 og C_2F_6 sem losað er um stokk eða reykháf með annarri af eftirfarandi aðferðum:

a) Aðferð A þar sem skráðar eru mínútur í forskautsrisi fyrir hvern rafskautsdag (e. *cell-day*),

b) Aðferð B þar sem skráð er yfirspenna í forskautsrisi.

Reikniaðferð A – hallaaðferð:

Rekstraraðilinn skal nota eftirfarandi jöfnur til að ákvarða losun perflúorókolefnis:

$$CF_4\text{-losun [t]} = AEM \times (SEF_{CF4}/1\ 000) \times Pr_{Al}$$

$$C_2F_6\text{-losun [t]} = CF_4\text{-losun} \times F_{C2F6}$$

þar sem:

AEM = mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag,

SEF_{CF4} = hallalosunarstuðull (e. *slope emission factor*) [(kg CF_4/t Al framleitt)/(mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag)]. Þar sem notaðar eru mismunandi tegundir rafskauta má beita mismunandi hallalosunarstuðlum, eftir því sem við á,

Pr_{Al} = árleg framleiðsla hrááls [t],

F_{C2F6} = þyngdarhluti C_2F_6 (t C_2F_6 / t CF_4).

Mínútur í forskautsrisi á hvern rafskautsdag skulu segja til um tíðni forskautsrisa (fjöldi forskautsrisa/rafskautsdag) margfaldað með meðaltímalengd forskautsrisa (mínútur í forskautsrisi/tilvik):

$$AEM = \text{tíðni} \times \text{meðaltímalengd}$$

Losunarstuðull: Losunarstuðullinn fyrir CF_4 (hallalosunarstuðull, SEF_{CF4}) segir til um magn [kg] CF_4 sem er losað fyrir hvert tonn af framleiddu áli fyrir hverja mínútu í forskautsrisi/rafskautsdag. Losunarstuðull (þyngdarhluti F_{C2F6}) C_2F_6 segir til um magn [t] C_2F_6 sem losað er hlutfallslega miðað við magn [t] CF_4 sem er losað.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, úr töflu 1 í þessum lið IV. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6 sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Til að ákvarða þá losunarstuðla skal rekstraraðilinn nota nýjustu útgáfu af leiðbeiningunum sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í IPCC-viðmiðunarreglunum frá 2006 ([1]).
Í losunarstuðli skal einnig taka tillit til losunar sem tengist öðrum áhrifum en forskautsrisi. Rekstraraðilinn skal ákvarða hvern losunarstuðul með ± 15% hámarksóvissu.

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar skulu taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími (e *control algorithm*) sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

([1]) Alþjóðlega álstofnunin: bókun áliðnaðarins um gróðurhúsalofttegundir (e. *The Aluminium Sector Greenhouse Gas Protocol*), október 2006; Umhverfisstofnun Bandaríkjanna og Alþjóðlega álstofnunin: bókun um mælingu á losun tetraflúormetans (CF4) og hexaflúoretans (C2F6) frá framleiðslu á hrááli (e. *Protocol for Measurement of Tetrafluoromethane (CF4) and Hexafluoroethane (C2F6) Emissions from Primary Aluminum Production*), apríl 2008.

Tafla 1

Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast gögnum um starfsemi fyrir hallaaðferðina.

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF_4 (SEF_{CF4}) [(kg CF_4/t Al) / (AE-mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag)]	Losunarstuðull fyrir C_2F_6 (F_{C2F6}) [t C_2F_6/ t CF_4]
CWPB-rafgreiningartækni	0,143	0,121
Søderberg-ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	0,092	0,053

Reikniaðferð B — yfirspennuaðferð:

Þegar yfirspenna í forskautsrisi er mæld skal rekstraraðilinn nota eftirfarandi jöfnur til að ákvarða perflúorókolefnislosun:

$$CF_4\text{-losun [t]} = OVC \times (AEO/CE) \times Pr_{Al} \times 0{,}001$$

$$C_2F_6\text{-losun [t]} = CF_4\text{-losun} \times F_{CF2F6}$$

þar sem:

OVC = reiknistuðull yfirspennu („losunarstuðull“) gefinn upp sem kg CF_4 fyrir hvert tonn af framleiddu áli á mV yfirspennu,

AEO = yfirspenna í forskautsrisi fyrir hvert rafskaut [mV], ákvarðað sem heildi (tími × spenna yfir markspennunni) deilt með tíma (lengd) gagnasöfnunar,

CE = meðalstraumnýtni álframleiðslu [%],

Pr_{Al} = árleg framleiðsla hrááls [t],

F_{CF2F6} = þyngdarhluti C_2F_6 (t C_2F_6 / t CF_4).

Hugtakið AEO/CE (yfirspenna í forskautsrisi/straumnýtni) segir til um tímaþætta meðalyfirspennu í forskautsrisi [mV yfirspennu], tilgreint sem meðalstraumnýtni [%].

Losunarstuðull: Losunarstuðullinn fyrir CF_4 („reiknistuðull yfirspennu“ OVC) skal sýna magn [kg] CF_4 sem er losað fyrir hvert tonn af framleiddu áli fyrir hvert millivolt af yfirspennu [mV]. Losunarstuðull C_2F_6 (þyngdarhluti C_2F_6) skal fela í sér losað magn [t] C_2F_6 í hlutfalli við magn [t] CF_4 sem er losað.

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, úr töflu 2 í þessum lið IV. viðauka.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal nota losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 [(kg CF_4 / t Al) / (mV)] og C_2F_6 [t C_2F_6/ t CF_4] sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Til að ákvarða þá losunarstuðla skal rekstraraðilinn nota nýjustu útgáfu af leiðbeiningunum sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í IPCC-viðmiðunarreglunum frá 2006. Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana með ± 15% hámarksóvissu fyrir hvern stuðul.

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar skulu taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

Tafla 2

Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast gögnum um starfsemi vegna yfirspennu.

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF_4 [(kg CF_4/t Al) / mV]	Losunarstuðull fyrir C_2F_6 [t C_2F_6/ t CF_4]
CWPB-rafgreiningartækni	1,16	0,121
Søderberg-ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	Á.E.V.	0,053

C. **Ákvörðun á losun jafngildiseininga koltvísýrings ($CO_{2(e)}$)**

Rekstraraðilinn skal reikna losun jafngildiseininga koltvísýrings frá losun CF_4 og C_2F_6 með eftirfarandi hætti og nota hnatthlýnunarmáttinn sem tilgreindur er í töflu 6 í 3. lið VI. viðauka:

$$\text{Losun perflúorókolefna [t } CO_{2(e)}\text{]} = CF_4\text{-losun [t]} \times GWP_{CF4} + C_2F_6\text{-losun [t]} \times GWP_{C2F6}$$

9. FRAMLEIÐSLA Á SEMENTSGJALLI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: glæðingu kalksteins í hráefnunum, hefðbundin jarðefnaeldsneyti fyrir ofna, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni fyrir ofna, ofnaeldsneyti í formi lífmassa (lífmassaúrgangur), annað eldsneyti en eldsneyti fyrir ofna, lífrænt kolefnisinnihald kalksteins og leirsteins og hráefni til hreinsunar úrgangslofts.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennslu skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka. Losun við vinnslu frá efnisþáttum hráefnisins skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka út frá karbónatsinnihaldi vinnsluílagsins (reikniaðferð A) eða magni framleidds gjalls (reikniaðferð B). Ef um er að ræða aðferð A skal taka tillit til a.m.k. eftirfarandi karbónata: $CaCO_3$, $MgCO_3$ og $FeCO_3$. Ef um er að ræða aðferð B skal rekstraraðilinn a.m.k. taka tillit til kalsíumoxíðs (CaO) og magnesíumoxíðs (MgO) og skal leggja fyrir lögbært yfirvald gögn sem sýna fram á að hve miklu leyti þurfi að taka tillit til frekari uppspretta karbónata.

Losun á koltvísýringi í tengslum við ryk sem tekið er úr ferlinu ásamt lífrænu kolefni í hráefnunum skal bætt við í samræmi við undirliði C og D í þessum lið IV. viðauka.

Reikniaðferð A: Byggt á ílagi ofns

Ef sementsofnaryk og hjárásarryk fara úr ofnakerfinu skal rekstraraðilinn ekki taka með tengd hráefni sem vinnsluílag en reikna losun frá sementsofnaryki í samræmi við undirlið C.

Ef hráefnið sem slíkt er ekki tilgreint skal rekstraraðilinn beita óvissukröfunum fyrir gögn um starfsemi fyrir hvert viðkomandi ílagsefni ofns, sem inniheldur kolefni, og koma skal í veg fyrir að efni, sem skilar sér inn aftur, eða hjárásarefni verði tvítalið eða að því verði sleppt. Ef gögn um starfsemi eru ákvörðuð á grundvelli framleidds gjalls er hægt að ákvarða hreint magn hráefnis með staðarsértæku hlutfalli hráefnis/gjalls sem byggist á athugunum. Hlutfallið skal uppfært a.m.k. einu sinni á ári með því að nota leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði.

Reikniaðferð B: Byggt á frálagi gjalls

Rekstraraðilinn skal ákvarða gögn um starfsemi sem framleiðslu á gjalli [t] á skýrslutímabilinu annaðhvort með:

a) beinni vigtun gjallsins,

b) á grundvelli þess magns af sementi, sem er afhent, með massavægi að teknu tilliti til þess gjalls, sem er sent og afhent, og breytinga á birgðum gjalls, með eftirfarandi formúlu:

Framleitt gjall [t] = (afhent sement [t] – breyting á sementsbirgðum [t]) × hlutfall milli sements og gjalls [t gjall/t sement]) – (afhent gjall [t]) + (sent gjall [t]) – (breyting á birgðum gjalls [t]).

Rekstraraðilinn skal annaðhvort ákvarða hlutfallið milli gjalls og sements fyrir hverja mismunandi sementsafurð samkvæmt ákvæðunum í 32. til 35. gr. eða reikna hlutfallið út frá mismuninum á afhentu sementi og birgðabreytingum og öllum þeim efnum, sem notuð eru sem aukefni í sementið, þ.m.t. hjárásarryk og sementsofnaryk.

Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skal 1. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn skilgreint með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita losunarstuðlinum 0,525 t CO_2/t gjall.

C. **Losun í tengslum við ryk sem hefur verið fargað**

Rekstraraðilinn skal bæta við losun koltvísýrings frá hjárásarryki eða sementsofnaryki, sem fer úr ofnakerfinu, leiðrétt fyrir hlutglæðingarhlutfall sementsofnaryks, reiknað sem losun við vinnslu í samræmi við 2. mgr. 24. gr. Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skulu 1. og 2. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita losunarstuðlinum 0,525 t CO_2/t ryk.

2. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal ákvarða losunarstuðulinn (EF) a.m.k. einu sinni á ári í samræmi við 32. til 35. gr. og nota eftirfarandi formúlu:

$$EF_{CKD} = \left(\frac{EF_{Cli}}{1 + EF_{Cli}} \cdot d\right) / \left(1 - \frac{EF_{Cli}}{1 + EF_{Cli}} \cdot d\right)$$

þar sem:

$EF_{sementsofnaryk}$ = losunarstuðull (EF) sementsofnaryks (CKD) sem er glætt að hluta til [t CO_2/t CKD],

EF_{gjall} = stöðvarsértækur losunarstuðull gjalls [t CO_2/t gjall],

d = glæðingarstig sementsofnaryks (losaður koltvísýringur sem % af heildarmagni koltvísýrings frá karbónati í hráefninu).

3. aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn á ekki við.

D. **Losun frá kolefni, öðru en karbónati, í hráefni**

Rekstraraðilinn skal ákvarða losunina frá kolefni, öðru en karbónati, a.m.k. frá kalksteini, leirsteini eða öðru hráefni (til dæmis svifösku) sem er notað í hráefni í ofninn í samræmi við 2. mgr. 24. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um losunarstuðulinn:

1. aðferðarþrep: Áætla skal innihald kolefnis, annars en karbónats, í viðeigandi hráefni með því að nota leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði.

2. aðferðarþrep: Ákvarða skal innihald kolefnis, annars en karbónats, í viðkomandi hráefni a.m.k. árlega í samræmi við ákvæði 32. til 35. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um breytistuðulinn:

1. aðferðarþrep: Nota skal breytistuðulinn 1.

2. aðferðarþrep: Breytistuðullinn skal reiknaður út frá bestu starfsvenjum í iðnaði.

10. FRAMLEIÐSLA Á KALKI EÐA GLÆÐING DÓLÓMÍTS EÐA MAGNESÍTS EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: glæðingu kalksteins, dólómíts eða magnesíts í hráefnunum, hefðbundin jarðefnaeldsneyti fyrir ofna, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni fyrir ofna, ofnaeldsneyti í formi lífmassa (lífmassaúrgangur) og annað eldsneyti.

Ef brennt kalk og koltvísýringur frá kalksteininum eru notuð í hreinsunarferli, þannig að u.þ.b. sama magn koltvísýrings er bundið á ný, skal þess ekki krafist að niðurbrot karbónata og hreinsunarferlið séu talin með á aðskilinn hátt í vöktunaráætlun stöðvarinnar.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennslu skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu hráefna skal vöktuð í samræmi við 4. og 5. lið II. viðauka. Ávallt skal tala tillit til kalsíumkarbónats og magnesíumkarbónats. Taka skal tillit til annarra karbónata og lífrænna kolefna í hráefninu þegar þau skipta máli við útreikning á losun.

Að því er varðar aðferðir, sem byggjast á ílagi, skal laga gildi karbónatsinnihalds að viðkomandi raka- og hratinnihaldi efnisins. Við magnesíuframleiðslu verður að taka tillit til annarra steinefna með magnesíum en karbónata, eftir því sem við á.

Koma skal í veg fyrir að efni, sem skilar sér inn aftur, eða hjárásarefni verði tvítalið eða að því verði sleppt. Þegar aðferð B er beitt verður að líta á kalkofnaryk sem aðskilinn efnisstraum þar sem það á við.

11. FRAMLEIÐSLA Á GLERI, GLERTREFJUM EÐA STEINULL TIL EINANGRUNAR EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal einnig beita ákvæðunum í þessum lið að því er varðar stöðvar sem framleiða vatnsgler og steinull.

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: niðurbrot alkalí- og jarðalkalí-karbónata vegna bræðslu hráefnisins, hefðbundin jarðefnaeldsneyti, önnur jarðefnaeldsneyti og hráefni, lífmassaeldsneyti (lífmassaúrgang), önnur eldsneyti, aukefni sem innihalda kolefni, þ.m.t. koks, kolaryk og grafít, eftirbrennslu útblásturs og hreinsun útblásturs.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs, skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu hráefna skal vöktuð í samræmi við 4. lið II. viðauka. Taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi karbónata: $CaCO_3$, $MgCO_3$, Na_2CO_3, $NaHCO_3$, $BaCO_3$, Li_2CO_3, K_2CO_3, og $SrCO_3$. Aðeins skal nota aðferð A. Losun frá öðrum vinnsluefnum, þ.m.t. koksi, grafíti og kolaryki, skal vöktuð í samræmi við 5. lið II. viðauka.

Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skulu eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa eiga við um losunarstuðulinn:

1. aðferðarþrep: Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka. Hreinleiki viðeigandi ílagsefna skal ákvarðaður út frá bestu starfsvenjum í iðnaði.

2. aðferðarþrep: Ákvarða skal magn viðkomandi karbónata í hverju viðkomandi ílagsefni í samræmi við 32. til 35. gr.

Aðeins 1. aðferðarþrep skal gilda um breytistuðulinn.

12. FRAMLEIÐSLA Á LEIRVÖRUM EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: ofnaeldsneyti, glæðingu kalksteins/dólómíts og annarra karbónata í hráefninu, kalkstein og önnur karbónöt sem eru notuð til að draga úr magni loftmengunarefna og aðra hreinsun útblásturs, aukefni úr jarðefni eða lífmassa, sem notuð eru til að auka grop, þ.m.t. pólýstýról, leifar frá pappírsframleiðslu eða sag, lífrænt jarðefni í leirnum og önnur hráefni.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs, skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka. Losun frá vinnslu efnisþátta hráefna og aukefna skal vöktuð í samræmi við 4. og 5. lið II. viðauka. Rekstraraðilinn má nota hvort sem er aðferð A eða B fyrir keramíkvörur sem eru framleiddar úr hreinsuðum eða tilbúnum leir. Rekstraraðilinn skal nota aðferð A fyrir keramíkvörur, sem eru framleiddar úr óunnum leir, og þegar notaður er leir eða aukefni sem innihalda lífræn efni í verulegum mæli. Ávallt skal tala tillit til kalsíumkarbónats. Taka skal tillit til annarra karbónata og lífrænna kolefna í hráefninu þegar þau skipta máli við útreikning á losun.

Heimilt er að ákvarða gögn um starfsemi fyrir ílagsefni að því er varðar aðferð A með hentugum útreikningi til baka sem grundvallast á bestu starfsvenjum í iðnaði og sem lögbært yfirvald hefur samþykkt. Við slíkan útreikning til baka skal taka tillit til þess hvaða mælingar eru tiltækar fyrir þurrkaðar grænar framleiðsluvörur eða brenndar vörur og viðeigandi gagnalinda fyrir rakainnihald leirs og aukefna og glæðitap efniviða sem um ræðir.

Þrátt fyrir 4. lið II. viðauka skulu eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa eiga við um losunarstuðla fyrir losun við vinnslu hráefna sem innihalda karbónöt:

Aðferð A (byggist á ílagi):

1. aðferðarþrep: Í stað þess að nota niðurstöður greininga skal reikna losunarstuðulinn út frá varfærnislegu gildi sem er 0,2 tonn af $CaCO_3$ (samsvarar 0,08794 tonnum af koltvísýringi) fyrir hvert tonn af þurrum leir. Litið skal svo á að allt ólífrænt og lífrænt kolefni í leirefninu sé talið með í þessu gildi. Litið skal svo á að aukefni séu ekki talin með í þessu gildi.

2. aðferðarþrep: Losunarstuðull fyrir hvern efnisstraum skal ákvarðaður og uppfærður a.m.k. einu sinni á ári út frá bestu starfsvenjum í iðnaði með tilliti til sérstakra aðstæðna stöðvarinnar og framleiðslusamsetningar hennar.

3. aðferðarþrep: Samsetning viðkomandi hráefna skal ákvörðuð í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, þar sem við á.

Aðferð B (byggist á frálagi):

1. aðferðarþrep: Í stað þess að nota niðurstöður greininga skal reikna losunarstuðulinn út frá varfærnislegu gildi sem er 0,123 tonn af CaO (samsvarar 0,09642 tonnum af koltvísýringi) fyrir hvert tonn af vöru. Litið skal svo á að allt ólífrænt og lífrænt kolefni í leirefninu sé talið með í þessu gildi. Litið skal svo á að aukefni séu ekki talin með í þessu gildi.

2. aðferðarþrep: Losunarstuðull skal ákvarðaður og uppfærður a.m.k. einu sinni á ári út frá bestu starfsvenjum í iðnaði með tilliti til sérstakra aðstæðna stöðvarinnar og framleiðslusamsetningar hennar.

3. aðferðarþrep: Samsetning hráefna í vörunum skal ákvörðuð í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana, sem um getur í töflu 3 í 2. lið VI. viðauka, til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, að því gefnu að allt viðkomandi málmoxíð sé úr viðkomandi karbónötum, þar sem við á.

Þrátt fyrir 1. lið þessa viðauka skal eftirfarandi aðferðarþrep gilda um losunarstuðul vegna hreinsunar útblásturs:

1. aðferðarþrep: Rekstraraðilinn skal beita hvarfhlutfallslega stuðlinum $CaCO_3$ eins og sýnt er í 2. lið VI. viðauka.

Fyrir hreinsun skal ekki nota neitt annað aðferðarþrep eða breytistuðul. Koma skal í veg fyrir tvítalningu vegna notaðs kalksteins sem er endurnýttur sem hráefni í sömu stöðinni.

13. FRAMLEIÐSLA Á GIFSVÖRUM OG GIFSPLÖTUM EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. losun koltvísýrings frá öllum gerðum brennslustarfsemi.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá brennslu skal vöktuð í samræmi við 1. lið þessa viðauka.

14. FRAMLEIÐSLA Á PAPPÍRSMAUKI OG PAPPÍR EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: katla, gashverfla og annan brennslubúnað sem framleiðir gufu eða orku, endurnýtingarsuðukatla og annan búnað sem brennir notaðan suðuvökva, brennsluofna, kalkofna og glæðingarofna, hreinsun úrgangslofts og þurrkofna sem eru kyntir með eldsneyti (t.d. innrauða þurrkofna).

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Vöktun losunar frá brennslu, þ.m.t. hreinsun útblásturs, skal vera í samræmi við 1. lið þessa viðauka.

Losun frá vinnslu hráefna, sem notuð eru sem viðbætt efni, þ.m.t. að minnsta kosti kalksteinn eða sódi, skal vöktuð með aðferð A í samræmi við 4. lið II. viðauka. Losun koltvísýrings frá endurheimt kalksteinseðju við framleiðslu á pappírsmauki skal teljast koltvísýringur úr endurunnum lífmassa. Einungis skal magn koltvísýrings, sem er hlutfallslegt við ílag viðbættra efna, teljast valda losun á koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

Eftirfarandi skilgreiningar aðferðarþrepa skulu gilda um losunarstuðulinn fyrir losun frá viðbættum efnum:

1. aðferðarþrep: Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka. Hreinleiki viðeigandi ílagsefna skal ákvarðaður út frá bestu starfsvenjum í iðnaði. Fengin gildi skulu aðlöguð í samræmi við raka- og hratinnihald þeirra karbónatefna sem notuð eru.

2. aðferðarþrep: Ákvarða skal magn viðkomandi karbónata í hverju viðkomandi ílagsefni í samræmi við 32. til 35. gr. Nota skal hvarfhlutfallslegu stuðlana sem tilgreindir eru í 2. lið VI. viðauka til að umreikna gögn um samsetningu í losunarstuðla, þar sem við á.

Aðeins 1. aðferðarþrep skal gilda um breytistuðulinn.

15. FRAMLEIÐSLA Á KINROKI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. allt eldsneyti fyrir brennslu og allt eldsneyti, sem er notað sem vinnsluefni, sem upptök losunar á koltvísýringi.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Losun frá framleiðslu kinroks má vakta annaðhvort sem brennsluferli, þ.m.t. hreinsun útblásturs, í samræmi við 1. lið þessa viðauka eða með því að nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. og 3. lið II. viðauka.

16. ÁKVÖRÐUN Á LOSUN NITUROXÍÐS (N_2O) FRÁ FRAMLEIÐSLU Á SALTPÉTURSSÝRU, ADIPÍNSÝRU, KAPRÓLAKTAMI, GLÝOXALI OG GLÝOXÝLSÝRU EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar fyrir hvers kyns starfsemi, sem leiðir til losunar á nituroxíði, öll upptök sem losa nituroxíð frá framleiðsluferlum, þ.m.t. þar sem losun nituroxíðs frá framleiðslu er beint í gegnum búnað til mildunar. Þar með talið er eftirfarandi:

a) framleiðsla á saltpéturssýru — losun á nituroxíði frá hvataðri oxun á ammoníaki og/eða frá mildunareiningum fyrir NO_x/N_2O,

b) framleiðsla á adipínsýru – losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá oxunarhvörfum, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði,

c) framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru – losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði,

d) framleiðsla á kaprólaktami – losun á nituroxíði, þ.m.t. losun frá efnahvörfum við vinnslu, hvers kyns búnaði fyrir beina loftun við vinnslu og/eða mengunarvarnarbúnaði.

Þessi ákvæði skulu ekki gilda um neina losun nituroxíðs frá brennslu eldsneytis.

B. **Ákvörðun á losun nituroxíðs**

B.1. *Árleg losun nituroxíðs*

Rekstraraðilinn skal vakta losun nituroxíðs frá framleiðslu saltpéturssýru með samfelldum mælingum á losun. Rekstraraðilinn skal vakta losun nituroxíðs frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru með mælimiðaðri aðferð fyrir losun með mildun og með reiknimiðaðri aðferð (á grundvelli massajöfnuðaraðferðarinnar) fyrir tímabundin tilvik losunar án mildunar.

Fyrir hver upptök losunar þar sem beitt er samfelldum mælingum á losun skal rekstraraðilinn líta svo á að heildarlosun á ári sé summa allrar losunar á klukkustund og nota jöfnu 1 í 3. lið VIII. viðauka.

B.2. *Losun nituroxíðs á klukkustund*

Rekstraraðilinn skal reikna út árlegt klukkustundarmeðaltal losunar á nituroxíði fyrir hver upptök þar sem samfelldri mælingu á losun er beitt með því að nota jöfnu 2 í 3. lið VIII. viðauka.

Rekstraraðilinn skal ákvarða styrk nituroxíðs á klukkustund í útblæstrinum frá hverjum upptökum losunar með mælimiðaðri aðferð á viðmiðunarpunkti, eftir notkun mildunarbúnaðar fyrir NO_x/N_2O ef mildun er notuð. Rekstraraðilinn skal beita tækni sem gerir kleift að mæla styrk nituroxíðs frá öllum upptökum losunar, bæði þegar mildun fer fram og þegar hún fer ekki fram. Ef óvissa eykst á slíkum tímabilum skal rekstraraðilinn taka tillit til þess við óvissumatið.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt loft, þar sem þess er krafist, og tilgreina þær á samræmdan hátt.

B.3. *Ákvörðun á útblástursstreymi*

Rekstraraðilinn skal beita aðferðunum til að vakta útblástursstreymi sem settar eru fram í 5. mgr. 43. gr. þessarar reglugerðar til að mæla útblástursstreymið fyrir vöktun losunar á nituroxíði. Rekstraraðilinn skal beita aðferðinni í samræmi við a-lið í 5. mgr. 43. gr. að því er varðar framleiðslu á saltpéturssýru, nema það sé ekki tæknilega mögulegt. Í því tilviki og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds skal rekstraraðilinn beita staðgönguaðferð, þ.m.t. massajöfnuaraðferð, sem byggist á mikilvægum mæliþáttum, s.s. ammoníaksílagi, eða ákvörðun á streymi með samfelldum mælingum á losunarstreymi

Útblástursstreymið skal reiknað í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$V_{\text{útblástursstreymi}}\ [Nm^3/h] = V_{\text{loft}} * (1 - O_{2,\ \text{loft}}) / (1 - O_{2,\ \text{útblástur}})$$

þar sem:

V_{loft} = heildarstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$O_{2,\ \text{loft}}$ = rúmmálshluti O_2 í þurru lofti [= 0,2095],

$O_{2,\ \text{útblástur}}$ = rúmmálshluti O_2 í útblæstrinum.

Reikna skal V_{loft} sem summuna af öllu því loftstreymi sem fer inn í framleiðslueininguna fyrir saltpéturssýru.

Rekstraraðilinn skal beita eftirfarandi formúlu, nema annað sé tekið fram í vöktunaráætluninni:

$$V_{\text{loft}} = V_{\text{megin}} + V_{\text{auka}} + V_{\text{innsiglað}}$$

þar sem:

V_{megin} = meginstreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

V_{auka} = aukastreymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði,

$V_{\text{innsiglað}}$ = innsiglað streymi inntakslofts í Nm^3/h við staðalskilyrði.

Rekstraraðilinn skal ákvarða V_{megin} með samfelldri streymismælingu áður en blöndun með ammoníaki fer fram. Rekstraraðilinn skal ákvarða V_{auka} með samfelldri streymismælingu, þ.m.t. ef mælingin er gerð áður en varmaendurheimt fer fram. Fyrir $V_{\text{innsiglað}}$ skal rekstraraðilinn taka til athugunar hreinsað loftstreymi innan framleiðsluferlis saltpéturssýrunnar.

Að því er varðar streymi inntakslofts sem samtals er minna en 2,5% af heildarloftstreyminu er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja matsaðferðir til að ákvarða loftstreymið sem rekstraraðilinn hefur lagt til á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaðinum.

Rekstraraðilinn skal nota mælingar við venjulegar notkunaraðstæður til að færa sönnur á að útblástursstreymið, sem mælt er, sé nægilega stöðugt til að unnt sé að beita fyrirhugaðri mæliaðferð. Ef þessar mælingar sýna óstöðugt streymi skal rekstraraðilinn taka tillit til þess þegar viðeigandi vöktunaraðferðir eru ákvarðaðar og þegar óvissa í tengslum við losun á nituroxíði er reiknuð út.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt loft og tilgreina á samræmdan hátt.

B.4. *Styrkur súrefnis (O_2)*

Rekstraraðilinn skal mæla styrk súrefnis í útblæstrinum þar sem þess er þörf til að reikna út útblásturstreymið í samræmi við undirlið B.3 í þessum lið IV. viðauka. Með því skal rekstraraðilinn fara að kröfum fyrir styrkmælingar í 1. og 2. mgr. 41. gr. Við ákvörðun á óvissu í tengslum við losun nituroxíðs skal rekstraraðilinn taka tillit til óvissu í mælingum á styrk súrefnis.

Rekstraraðilinn skal miða allar mælingar við þurrt loft, þar sem þess er krafist, og tilgreina þær á samræmdan hátt.

B.5. *Útreikningur á losun nituroxíðs*

Fyrir sérstaka, reglubundna losun án mildunar á nituroxíði frá framleiðslu á adipínsýru, kaprólaktami, glýoxali og glýoxýlsýru, þ.m.t. losun án mildunar frá loftun af öryggisástæðum og þegar mildunarbúnaður bilar, og ef samfelld vöktun losunar á nituroxíði er ekki tæknilega möguleg skal rekstraraðilinn, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds fyrir þeirri sértæku aðferð, reikna út losun á nituroxíði með massajöfnuðaraðferðinni. Í þeim tilgangi skal heildaróvissan vera svipuð niðurstöðunni sem fengist með því að beita kröfum um aðferðarþrep í 1. og 2. mgr. 41. gr. Rekstraraðilinn skal byggja reikniaðferðina á mögulegri hámarkslosun á nituroxíði frá efnahvarfinu sem fer fram á þeim tíma og því tímabili sem losunin á sér stað.

Við ákvörðun á árlegu klukkustundarmeðaltali óvissu fyrir tiltekin upptök losunar skal rekstraraðilinn taka tillit til óvissunnar í útreiknaðri losun fyrir upptökin.

B.6. *Ákvörðun á framleiðslugetu starfsemi*

Reikna skal framleiðslugetu með því að nota skýrslur um daglega framleiðslu og fjölda klukkustunda í starfrækslu.

B.7. *Sýnatökutíðni*

Reikna skal út gilt klukkustundarmeðaltal eða gild klukkustundarmeðaltöl fyrir styttri viðmiðunartímabil í samræmi við 44. gr. að því er varðar:

a) styrk nituroxíðs í útblæstrinum,

b) heildarútblástursstreymi ef það er mælt beint og ef þess er krafist,

c) allt loftstreymi og súrefnisstyrk sem er nauðsynlegt til að ákvarða heildarútblástursstreymi með óbeinum hætti.

C. **Ákvörðun á árlegu jafngildi koltvísýrings – $CO_{2(e)}$**

Rekstraraðilinn skal umreikna árlega heildarlosun á nituroxíði frá öllum upptökum losunar, sem er mæld í tonnum með þremur aukastöfum, í árlega jafngildiseiningu koltvísýrings í tonnum og skal hún námunduð að heilli tölu, með eftirfarandi formúlu og gildum hnatthlýnunarmáttar í 3. lið VI. viðauka:

$$CO_{2(e)}\,[t] = N_2O_{árleg}[t] \times GWP_{N2O}$$

þar sem:

$N_2O_{árleg}$ = árleg heildarlosun nituroxíðs, reiknuð út samkvæmt jöfnu 1 í 3. lið VIII. viðauka.

Árlegu heildarmagni $CO_{2(e)}$ frá öllum upptökum losunar og allri beinni losun koltvísýrings frá öðrum upptökum losunar, sem er tilgreind í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda, skal bætt við árlega heildarlosun á koltvísýringi frá viðkomandi stöð og notað til skýrslugjafar og innskila í tengslum við losunarheimildir.

Árleg heildarlosun á nituroxíði skal skráð í tonnum með þremur aukastöfum og sem tonn af $CO_{2(e)}$, námunduð að heilli tölu.

17. FRAMLEIÐSLA Á AMMONÍAKI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: brennslu eldsneytis til að veita varma til umbreytingar eða hlutaoxunar, eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðsluferli ammoníaks (umbreyting eða hlutaoxun), eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, þ.m.t. til að framleiða heitt vatn eða gufu.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Að því er varðar vöktun losunar frá brennsluferlum og frá eldsneyti, sem er notað sem vinnsluílag, skal beita stöðluðum aðferðum í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka.

Ef koltvísýringur frá framleiðslu ammoníaks er notaður sem hráefni við framleiðslu þvagefnis eða annarra íðefna eða er fluttur út úr stöðinni til einhverra nota, sem ekki falla undir 1. mgr. 49. gr., skal tengt magn koltvísýrings teljast losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

18. FRAMLEIÐSLA Á LÍFRÆNUM ÍÐEFNUM Í LAUSU EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi upptök losunar á koltvísýringi: sundrun (hvötuð og óhvötuð), umbreytingu, hlutaoxun eða oxun að fullu, svipuð ferli sem leiða til losunar á koltvísýringi frá kolefni í hráefni úr vetniskolefni, bruna úrgangslofts og brennslu gass í afgaslogum, sem og brennslu eldsneytis í öðrum brunaferlum.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Ef framleiðsla lífrænna íðefna í lausu er tæknilega samþætt í jarðolíuhreinsunarstöð skal rekstraraðili þeirrar stöðvar beita viðkomandi ákvæðum 2. liðar þessa viðauka.

Þrátt fyrir fyrsta undirlið skal rekstraraðilinn vakta losun frá brennsluferlum, þar sem eldsneytið sem er notað er ekki hluti af eða stafar ekki frá efnahvörfum við framleiðslu lífrænna íðefna í lausu, með stöðluðu aðferðinni í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka. Í öllum öðrum tilvikum getur rekstraraðilinn valið að vakta losun frá framleiðslu lífrænna íðefna í lausu með massajöfnuðaraðferð í samræmi við 25. gr. eða staðlaðri aðferð í samræmi við 24. gr. Ef staðlaða aðferðin er notuð skal rekstraraðilinn leggja fyrir lögbært yfirvald gögn þess efnis að aðferðin, sem er valin, taki til allrar viðkomandi losunar sem myndi einnig falla undir massajöfnuðaraðferð.

Við ákvörðun á kolefnisinnihaldi skv. 1. aðferðarþrepinu skal nota viðmiðunarlosunarstuðlana í töflu 5 í VI. viðauka. Að því er varðar efni, sem ekki eru tilgreind í töflu 5 í VI. viðauka eða öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar, skal rekstraraðilinn reikna kolefnisinnihaldið út frá hvarfhlutfallslegu kolefnisinnihaldi í hreinu efni og styrk efnisins í ílags- eða frálagsstreyminu.

19. FRAMLEIÐSLA Á VETNI OG TILBÚNU GASI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Rekstraraðilinn skal telja með a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar koltvísýrings: eldsneyti sem er notað við framleiðsluferli (umbreytingu eða hlutaoxun) vetnis eða tilbúins gass og eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, þ.m.t. til að framleiða heitt vatn eða gufu. Tilbúið gas, sem er framleitt, skal teljast efnisstraumur samkvæmt massa-jöfnuðaraðferðinni.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Að því er varðar vöktun losunar frá brennsluferlum og frá eldsneyti, sem er notað sem vinnsluílag við framleiðslu á vetni, skal beita stöðluðum aðferðum í samræmi við 24. gr. og 1. lið þessa viðauka.

Við vöktun losunar frá framleiðslu á tilbúnu gasi skal nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. Að því er varðar losun frá aðskildum brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr., a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

Ef vetni og tilbúið gas eru framleidd á sömu stöð skal rekstraraðilinn reikna losun á koltvísýringi með annaðhvort aðgreindum aðferðum fyrir vetni og fyrir tilbúið gas, eins og tilgreint er í fyrstu tveimur liðum þessa undirliðar, eða nota einn sameiginlegan massajöfnuð.

20. FRAMLEIÐSLA Á SÓDA OG NATRÍUMBÍKARBÓNATI EINS OG TILGREINT ER Í I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 2003/87/EB

A. **Gildissvið**

Til upptaka losunar og efnisstrauma að því er varðar losun á koltvísýringi frá stöðvum, sem framleiða sóda og natríumbíkarbónat, skal telja:

a) eldsneyti sem er notað fyrir brennsluferli, þ.m.t. eldsneyti til að framleiða heitt vatn eða gufu,

b) hráefni, þ.m.t. loftunarlofttegundir frá glæðingu kalksteins svo fremi þær séu ekki notaðar til kolsýringar,

c) úrgangsloft frá þvotta- eða síunarskrefum eftir kolsýringu svo fremi það sé ekki notað til kolsýringar.

B. **Sértækar vöktunarreglur**

Fyrir vöktun losunar frá framleiðslu á sóda og natríumbíkarbónati skal rekstraraðilinn nota massajöfnuð í samræmi við 25. gr. Að því er varðar losun frá brennsluferlum getur rekstraraðilinn valið að taka hana með í massajöfnuðinn eða nota staðalaðferðir í samræmi við 24. gr., a.m.k. fyrir hluta af efnisstraumunum, en jafnframt skal koma í veg fyrir eyður eða tvítalningu losunar.

Ef koltvísýringur frá framleiðslu á sóda er notaður við framleiðslu á natríumbíkarbónati skal líta svo á að magn koltvísýrings, sem notað er til að framleiða natríumbíkarbónat úr sóda, sé losað frá stöðinni sem framleiðir koltvísýringinn.

21. ÁKVÖRÐUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ STARFSEMI Í TENGSLUM VIÐ FÖNGUN KOLTVÍSÝRINGS TIL AÐ FLYTJA OG GEYMA HANN Í JÖRÐU Á GEYMSLUSVÆÐI SEM HEFUR FENGIÐ TIL ÞESS LEYFI SAMKVÆMT TILSKIPUN 2009/31/EB

A. **Gildissvið**

Föngun koltvísýrings skal annaðhvort fara fram á sérhæfðri stöð, sem tekur við koltvísýringi sem er fluttur frá öðrum stöðvum, eða á sömu stöð, sem annast þá starfsemi sem leiðir til framleiðslu koltvísýringsins, sem skal fanga, samkvæmt sama leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda. Allir hlutar stöðvarinnar sem tengjast föngun koltvísýrings, millistigsgeymslu, flutningi í flutninganet fyrir koltvísýring eða á stað fyrir geymslu koltvísýrings í jörðu skulu teljast með í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda og þeir tilgreindir í viðkomandi vöktunaráætlun. Ef um er að ræða stöð, sem sinnir annarri starfsemi sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, skal losun frá þeirri starfsemi vöktuð í samræmi við aðra viðeigandi liði þessa viðauka.

Rekstraraðili, sem annast starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings, skal a.m.k. telja með eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi:

a) koltvísýring sem er fluttur á föngunarstöð,

b) brennslu og aðra tengda starfsemi í stöðinni sem tengjast fönguninni, þ.m.t. notkun eldsneytis og ílagsefna.

B. **Magnákvörðun á fluttu og losuðu koltvísýringsmagni**

B.1. *Magnákvörðun innan stöðvar*

Hver rekstraraðili skal reikna losunina með því að taka tillit til hugsanlegrar losunar á koltvísýringi frá öllum ferlum í stöðinni, sem skipta máli að því er varðar losun, og þess koltvísýringsmagns sem er fangað og flutt í flutninganetið, með eftirfarandi formúlu:

$$E_{föngunarstöð} = T_{ílag} + E_{án\ föngunar} - T_{til\ geymslu}$$

þar sem:

$E_{föngunarstöð}$ = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í föngunarstöðinni.

$T_{ílag}$= magn koltvísýrings sem er flutt til föngunarstöðvarinnar, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

$E_{án\ föngunar}$ = losun stöðvarinnar ef koltvísýringurinn er ekki fangaður, þ.e. samtala losunarinnar frá allri annarri starfsemi stöðvarinnar, sem vöktuð er í samræmi við viðkomandi liði IV. viðauka.

$T_{til\ geymslu}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganets eða á geymslusvæði, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

Ef koltvísýringurinn er fangaður í sömu stöð og fangaði koltvísýringurinn er upprunalega frá skal rekstraraðilinn nota núll fyrir $T_{ílag}$.

Ef um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar skal rekstraraðilinn líta svo á að $E_{án\ föngunar}$ sé magn losunar sem stafar frá öðrum upptökum en koltvísýringurinn sem er fluttur er til stöðvarinnar til föngunar. Rekstraraðilinn skal ákvarða þá losun í samræmi við þessa reglugerð.

Ef um er að ræða sjálfstæðar föngunarstöðvar skal rekstraraðili stöðvarinnar, sem flytur koltvísýring til föngunarstöðvarinnar, draga magn $T_{ílag}$ frá losun eigin stöðvar í samræmi við 49. gr.

B.2. *Ákvörðun á fluttum koltvísýringi*

Hver rekstraraðili skal ákvarða magn koltvísýringsins sem er flutt til og frá föngunarstöðinni í samræmi við 49 gr. með því að beita mælingaraðferðum í samræmi við 40. til 46. gr.

Einungis ef rekstraraðili stöðvarinnar, sem flytur koltvísýring til föngunarstöðvar, sýnir lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að koltvísýringur, sem er fluttur til föngunarstöðvarinnar, sé fluttur í heild sinni og a.m.k. með sömu nákvæmni getur lögbært yfirvald heimilað þeim rekstraraðila að nota reiknimiðaðar aðferðir í samræmi við 24. eða 25. gr. til að ákvarða magn $T_{ílags}$ í stað mælimiðaðra aðferða í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

22. ÁKVÖRÐUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUTNINGI Á KOLTVÍSÝRINGI UM LEIÐSLUR TIL GEYMSLU Í JÖRÐU Á GEYMSLUSVÆÐI SEM HEFUR FENGIÐ TIL ÞESS LEYFI SAMKVÆMT TILSKIPUN 2009/31/EB

A. **Gildissvið**

Mæla skal fyrir um mörkin fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá flutningi koltvísýrings um leiðslur í leyfi flutninganetsins til losunar gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. allar viðbótarstöðvar, sem eru rekstrarlega tengdar flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar og hitarar. Í hverju flutningakerfi skulu vera a.m.k. einn upphafspunktur og einn endapunktur og skal hver þeirra vera tengdur við aðrar stöðvar sem sinna einni eða fleiri af eftirfarandi starfsemi: föngun, flutningi eða geymslu koltvísýrings í jörðu. Upphafs- og endapunktar geta náð yfir kvíslun í flutninganetinu og landamæri. Mæla skal fyrir um upphafs- og endapunkta og stöðvarnar, sem þeir tengjast, í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda.

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi: brennslu og önnur ferli á stöðvum sem rekstrarlega tengjast flutninganetinu, þ.m.t. þjöppunarstöðvar, lekalosun frá flutninganetinu, loftaða losun frá flutninganetinu og losun frá lekaatvikum í flutninganetinu.

B. **Aðferðir við magnákvörðun koltvísýrings**

Rekstraraðili flutninganeta skal ákvarða losun með því að nota aðra af eftirfarandi aðferðum:

a) Aðferð A (heildarmassajöfnuður allra ílags- og frálagsstrauma) sem mælt er fyrir um í undirlið B.1.

b) Aðferð B (vöktun hverra upptaka losunar fyrir sig) sem mælt er fyrir um í undirlið B.2.

Þegar rekstraraðili velur annaðhvort aðferð A eða B skal hann sýna lögbæru yfirvaldi fram á að valda aðferðin muni leiða til áreiðanlegri niðurstaðna með minni óvissu um heildarlosunina með hjálp bestu fáanlegu tækni og þekkingar hverju sinni þegar sótt er um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og þegar vöktunaráætlunin er samþykkt, án þess að stofna til óhóflegs kostnaðar. Þegar aðferð B er valin skal hver rekstraraðili sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að heildaróvissa að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda fyrir flutninganet rekstraraðilans sé ekki meiri en 7,5%.

Rekstraraðili flutninganets sem notar aðferð B skal ekki bæta koltvísýringi, sem berst frá annarri stöð með leyfi í samræmi við tilskipun 2003/87/EB, við reiknað magn losunar og skal ekki draga frá reiknuðu magni losunar neinn koltvísýring sem fluttur er til annarrar stöðvar með leyfi í samræmi við tilskipun 2003/87/EB.

Hver rekstraraðili flutninganets skal nota aðferð A fyrir fullgildingu niðurstaðna aðferðar B a.m.k. einu sinni á ári. Fyrir þá fullgildingu getur rekstraraðilinn notað lægri aðferðarþrep fyrir beitingu aðferðar A.

B.1. **Aðferð A**

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$Losun[t\ CO_2] = E_{eigin\ starfsemi} + \sum_i T_{INN,i} - \sum_i T_{ÚT,i}$$

þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu [t CO_2],

$E_{eigin\ starfsemi}$= losun frá eigin starfsemi flutninganetsins, þ.e. ekki losun vegna koltvísýringsins, sem er fluttur, heldur losun frá eldsneyti, sem notað er í þjöppunarstöðvum, sem er vöktuð í samræmi við viðkomandi liði IV. viðauka,

$T_{INN,i}$ = magn koltvísýrings sem flutt er til flutninganetsins á inntakspunkti *i*, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

$T_{ÚT,i}$ = magn koltvísýrings sem flutt er úr flutninganetinu á úttakspunkti i, ákvarðað í samræmi við 40. til 46. gr. og 49. gr.

B.2. **Aðferð B**

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun að teknu tilliti til allra ferla, sem skipta máli að því er varðar losun á stöðinni, og magns koltvísýrings sem er fangað og flutt til flutningsaðstöðu, með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Losun [t } CO_2\text{]} = CO_{2\ lekalosun} + CO_{2\ loftuð} + CO_{2\ lekaatvik} + CO_{2\ stöðvar}$$

þar sem:

Losun = Heildarlosun koltvísýrings frá flutninganetinu [t CO_2],

$CO_{2\ lekalosun}$ = magn lekalosunar [t CO_2] frá koltvísýringi sem er fluttur í flutninganetinu, þ.m.t. frá þéttum, lokum, milliþjöppustöðvum og aðstöðu til millistigsgeymslu,

$CO_{2\ loftuð}$ = magn loftaðrar losunar [t CO_2] frá koltvísýringi sem fluttur er í flutninganetinu,

$CO_{2\ lekaatvik}$ = magn koltvísýrings [t CO_2], sem er flutt í flutninganetinu, sem er losað vegna bilunar í einum eða fleiri íhlutum flutninganetsins,

$CO_{2\ stöðvar}$ = magn koltvísýrings [t CO_2] sem er losað frá brennslu eða öðrum ferlum sem tengjast rekstrarlega flutningi um leiðslur flutninganetsins, vaktað í samræmi við viðkomandi liði IV. viðauka.

B.2.1. *Lekalosun frá flutninganetinu*

Rekstraraðilinn skal taka til athugunar lekalosun frá öllum af eftirfarandi gerðum búnaðar:

a) þéttum,

b) mælingabúnaði,

c) lokum,

d) milliþjöppustöðvum,

e) aðstöðu til millistigsgeymslu.

Rekstraraðilinn skal ákvarða meðallosunarstuðla *EF* (gefnir upp sem g koltvísýrings/tímaeiningu) fyrir hvern hluta búnaðar fyrir hvert tilvik þar sem búast má við lekalosun við upphaf reksturs og í síðasta lagi í lok fyrsta skýrslugjafarárs sem flutninganetið er í rekstri. Rekstraraðilinn skal endurskoða þessa stuðla a.m.k. á fimm ára fresti í ljósi bestu fáanlegrar tækni og þekkingar.

Rekstraraðilinn skal reikna lekalosun með því að margfalda fjölda hluta búnaðar í hverjum flokki með losunarstuðlinum og leggja saman niðurstöðurnar fyrir einstaka flokka, eins og sýnt er í eftirfarandi jöfnu:

$$Leka\ losun[t\ CO_2] = \left(\sum_{Flokkur} EF\ [g\ CO_2/tilvik] \cdot N_{tilvik} \right) / 10^6$$

Fjöldi tilvika (N_{tilvik}) skal vera fjöldi tiltekinna hluta búnaðar í hverjum flokki, margfaldað með fjölda tímaeininga á ári.

B.2.2. *Losun frá lekaatvikum*

Rekstraraðili flutninganets skal færa sönnur á heildstæði netsins með dæmigerðum gögnum (tengd tíma og rúmi) um hita og þrýsting. Ef gögnin gefa til kynna að leki hafi átt sér stað skal rekstraraðilinn reikna magn koltvísýrings sem lak með viðeigandi aðferðum, sem skjalfestar eru í vöktunaráætluninni og byggjast á bestu starfsvenjum í iðnaði, sem fela m.a. í sér að nota mismuninn í gögnum um hita og þrýsting samanborið við meðalgildi þrýstings og hita í tengslum við heildstæði.

B.2.3. *Loftuð losun*

Hver rekstraraðili skal leggja fram í vöktunaráætluninni greiningu varðandi mögulegar aðstæður loftaðrar losunar, þ.m.t. vegna viðhalds eða í neyðarástandi, og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna út magn loftaðs koltvísýrings miðað við bestu starfsvenjur í iðnaði.

23. GEYMSLA KOLTVÍSÝRINGS Í JÖRÐU Á GEYMSLUSVÆÐI SEM HEFUR FENGIÐ TIL ÞESS LEYFI SAMKVÆMT TILSKIPUN 2009/31/EB

A. **Gildissvið**

Lögbært yfirvald skal byggja mörkin fyrir vöktun og skýrslugjöf vegna losunar frá geymslu koltvísýrings í jörðu á afmörkun geymslusvæðisins og geymslusamstæðunnar eins og tilgreint er í leyfinu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB. Ef leki greinist frá geymslusamstæðunni sem leiðir til losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna skal rekstraraðilinn tafarlaust grípa til allra eftirfarandi ráðstafana:

a) tilkynna það lögbæru yfirvaldi,

b) telja lekann með sem upptök losunar fyrir viðkomandi stöð,

c) vakta og gefa skýrslu um losunina.

Aðeins þegar gripið hefur verið til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping í vatnssúluna greinist ekki lengur skal rekstraraðilinn eyða viðkomandi leka sem upptökum losunar úr vöktunaráætluninni og hætta að vakta og tilkynna þá losun.

Hver rekstraraðili sem stundar starfsemi í tengslum við geymslu í jörðu skal taka til athugunar a.m.k. eftirfarandi möguleg upptök losunar á koltvísýringi í heildina: notkun eldsneytis í tengdum þjöppunarstöðvum ásamt annarri brennslustarfsemi, þ.m.t. orkuver á staðnum, loftun frá inndælingu eða aukinni endurheimt vetniskolefna, lekalosun frá inndælingu, koltvísýring sem sleppur í gegn (e. *breakthrough* CO_2) frá aukinni endurheimt vetniskolefna, og leka.

B. **Magnákvörðun á losun koltvísýrings**

Rekstraraðili sem stundar starfsemi í tengslum við geymslu í jörðu skal ekki bæta koltvísýringi, sem berst frá öðrum stöðvum, við reiknað magn losunar hans og skal ekki draga frá reiknuðu magni losunar neinn koltvísýring sem er geymdur í jörðu á geymslusvæðinu eða er færður til annarrar stöðvar.

B.1. *Loftuð losun og lekalosun frá inndælingu*

Rekstraraðilinn skal ákvarða losun frá loftun og lekalosun með eftirfarandi hætti:

$$CO_2\text{-losaður}\ [t\ CO_2\ ] = V\ CO_2\ [t\ CO_2] + F\ CO_2\ [t\ CO_2]$$

þar sem:

V CO_2 = magn loftaðs koltvísýrings.

F CO_2 = magn koltvísýrings frá lekalosun.

Hver rekstraraðili skal ákvarða V CO_2 með mælimiðuðum aðferðum í samræmi við 41. til 46. gr. þessarar reglugerðar. Þrátt fyrir fyrsta málslið og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds getur rekstraraðilinn tekið með í vöktunaráætlunina viðeigandi aðferðir til að ákvarða loftaðan koltvísýring á grundvelli bestu starfsvenja í iðnaði ef beiting mælimiðaðra aðferða myndi fela í sér óhóflegan kostnað.

Rekstraraðilinn skal telja F CO_2 sem ein upptök sem þýðir að kröfum um óvissu, sem tengjast aðferðarþrepunum í samræmi við 1. lið VIII. viðauka, er beitt að því er varðar heildargildið í stað einstakra losunarpunkta. Hver rekstraraðili skal leggja fram í vöktunaráætluninni greiningu varðandi möguleg upptök lekalosunar og leggja fram viðeigandi skjalfestar aðferðir til að reikna út eða mæla magn F CO_2 miðað við leiðbeiningar um bestu starfsvenjur í iðnaði. Við ákvörðun á F CO_2 getur rekstraraðilinn notað gögn, sem safnað er í samræmi við 32. til 35. gr. og e- til h-lið í lið 1.1 í II. viðauka við tilskipun 2009/31/EB fyrir inndælingarstöðina, þar sem þau samræmast kröfum þessarar reglugerðar.

B.2. *Loftuð losun og lekalosun frá aukinni endurheimt vetniskolefnis*

Hver rekstraraðili skal taka til athugunar eftirfarandi möguleg viðbótarupptök losunar frá aukinni endurheimt vetniskolefnis:

a) einingarnar fyrir aðskilnað olíu og gass og gasendurvinnslustöðina þar sem lekalosun koltvísýrings gæti átt sér stað,

b) afgaslogareykháf þar sem losun gæti átt sér stað vegna notkunar samfelldra, jákvæðra hreinsunarkerfa og við þrýstiléttingu í stöðinni sem framleiðir vetniskolefni,

c) hreinsunarkerfið fyrir koltvísýring til að koma í veg fyrir að mikill koltvísýringsstyrkur slökkvi afgaslogann.

Hver rekstraraðili skal ákvarða lekalosun eða loftaðan koltvísýring í samræmi við undirlið B.1 í þessum lið IV. viðauka.

Hver rekstraraðili skal ákvarða losun frá afgaslogareykháfi í samræmi við undirlið D í 1. lið þessa viðauka með tilliti til mögulegs innifalins koltvísýrings í afgasloganum í samræmi við 48. gr.

B.3. *Leki frá geymslusamstæðunni*

Losun og sleppingu í vatnssúluna skal magngreina með eftirfarandi hætti:

$$CO_2 losaður\left[t\ CO_2\right] = \sum_{T_{Upphaf}}^{T_{Lok}} L\ CO_2\ \left[t\ CO_2/d\right]$$

þar sem:

L CO_2 = massi koltvísýrings sem er losaður eða sleppt hvern almanaksdag vegna leka í samræmi við öll eftirfarandi atriði:

a) fyrir hvern almanaksdag sem leki er vaktaður skal hver rekstraraðili reikna L CO_2 sem meðaltal massans sem lak á hverri klukkustund [t CO_2/h] margfaldað með 24,

b) hver rekstraraðili skal ákvarða massann sem lak á hverri klukkustund í samræmi við ákvæðin í samþykktu vöktunaráætluninni fyrir geymslusvæðið og lekann,

c) fyrir hvern almanaksdag fyrir upphaf vöktunar skal rekstraraðilinn miða við að massinn, sem lak hvern dag, jafngildi massa lekans hvern dag á fyrsta degi vöktunarinnar og sjá til þess að vantalning eigi sér ekki stað.

T_{upphaf} = það sem á sér síðast stað:

a) síðasti dagurinn er engin losun eða slepping koltvísýrings í vatnssúluna frá þeim upptökum sem um ræðir er skráð,

b) dagurinn er inndæling koltvísýrings hófst,

c) annar dagur þegar liggja fyrir gögn sem sýna lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að losunin eða sleppingin í vatnssúluna geti ekki hafa byrjað fyrir þann dag.

T_{lok} = sá dagur er gripið var til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB og losun eða slepping koltvísýrings í vatnssúluna greinist ekki lengur.

Lögbært yfirvald skal samþykkja og leyfa notkun annarra aðferða við magnákvörðun losunar eða sleppingar koltvísýrings í vatnssúluna vegna leka ef rekstraraðilinn getur sýnt lögbæru yfirvaldi með fullnægjandi hætti fram á að slíkar aðferðir leiði til meiri nákvæmni en þær aðferðir sem tilgreindar eru í þessum undirlið.

Rekstraraðilinn skal magngreina losun, sem hefur lekið frá geymslusamstæðunni, fyrir hvert lekaatvik með heildaróvissu að hámarki 7,5% á skýrslutímabilinu. Ef heildaróvissa þeirra aðferða sem beitt er við magnákvörðun er meiri en 7,5% skal hver rekstraraðili gera aðlaganir með eftirfarandi hætti:

$$CO_{2,tilkynnt}\ [t\ CO_2] = CO_{2,magngreint}\ [t\ CO_2] \times (1 + (Óvissa_{kerfi}\ [\%]/100) - 0{,}075)$$

þar sem:

$CO_{2,tilkynnt}$ = magn koltvísýrings sem telja á með í skýrslu um árlega losun að því er varðar lekaatvikið sem um ræðir,

$CO2,_{magngreint}$ = magn koltvísýrings sem er ákvarðað með þeirri aðferð magnákvörðunar sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir,

$Óvissa_{kerfi}$ = óvissustig sem tengist aðferð við magnákvörðun sem notuð er fyrir lekaatvikið sem um ræðir.

———

V. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um aðferðarþrep fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem taka til stöðva í flokki A og reiknistuðla fyrir staðlað markaðseldsneyti sem stöðvar í flokki B og C nota (1. mgr. 26. gr.)

Tafla 1

Lágmarksaðferðarþrep, sem nota skal í reiknimiðuðum aðferðum ef um er að ræða stöðvar í flokki A, og ef um er að ræða reiknistuðla fyrir staðlað markaðseldsneyti fyrir allar stöðvar í samræmi við a-lið 1. mgr. 26. gr.

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull (*)	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald) (*)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Brennsla eldsneytis						
Staðlað eldsneyti á markaði	2	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	1	á.e.v.
Annað loftkennt eða fljótandi eldsneyti	2	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	1	á.e.v.
Eldsneyti í föstu formi	1	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	1	á.e.v.
Massajöfnuðaraðferð fyrir gasmeðhöndlunarstöðvar	1	á.e.v.	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.
Afgaslogar	1	á.e.v.	1	á.e.v.	1	á.e.v.
Hreinsun (karbónat)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Hreinsun (gifs)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Hreinsun (þvagefni)	1	1	1	á.e.v.	1	á.e.v.
Hreinsun jarðolíu						
Endurmyndun sundrunarhvata	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Koksframleiðsla						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Brennsla og glæðing málmgrýtis						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Karbónatílag	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Framleiðsla járns og stáls						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2a/2b	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull (*)	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald) (*)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Framleiðsla eða vinnsla járnríkra málma og járnlausra málma, þ.m.t. endurunnið ál						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Losun við vinnslu	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Framleiðsla á hrááli						
Massajöfnuður fyrir koltvísýringslosun	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Perflúorókolefnislosun (hallaaðferð)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Perflúorókolefnislosun (yfirspennuaðferð)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á sementsgjalli						
Ílag ofns (aðferð A)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Frálag gjalls (aðferð B)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Sementsofnaryk	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Kolefnisílag, annað en karbónat	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Framleiðsla á kalki og glæðing á dólómíti og magnesíti						
Karbónöt (aðferð A)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Annað vinnsluílag	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Oxíð jarðalkalímálma (aðferð B)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Gler- og steinullarframleiðsla						
Karbónatílag	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Annað vinnsluílag	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Framleiðsla á leirvöru						
Kolefnisílag (aðferð A)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Annað vinnsluílag	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Oxíð alkalímálma (aðferð B)	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	1
Hreinsun	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.

Tegund starfsemi/efnisstraums	Gögn um starfsemi		Losunarstuðull (*)	Upplýsingar um samsetningu (kolefnisinnihald) (*)	Oxunarstuðull	Breytistuðull
	Magn eldsneytis eða efnis	Nettóvarmagildi				
Framleiðsla á gifsi og gifsplötum: sjá brennsla eldsneytis						
Framleiðsla á pappírsmauki og pappír						
Viðbætt efni	1	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á kinroki						
Massajöfnuðaraðferð	1	á.e.v.	á.e.v.	1	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á ammoníaki						
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á vetni og tilbúnu gasi						
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.
Framleiðsla á sóda og natríumkarbónati						
Massajöfnuður	1	á.e.v.	á.e.v.	2	á.e.v.	á.e.v.

(„á.e.v.“ = á ekki við)

(*) Aðferðarþrep fyrir losunarstuðulinn tengjast bráðabirgðalosunarstuðlinum og kolefnisinnihald tengist heildarkolefnisinnihaldinu. Að því er varðar blönduð efni verður að ákvarða lífmassahlutann á aðskilinn hátt. Lágmarksaðferðarþrepið sem nota skal fyrir lífmassahlutann, ef um er að ræða stöðvar í flokki A, er 1. aðferðarþrep og ef um er að ræða staðlað markaðseldsneyti fyrir allar stöðvar í samræmi við a-lið 1. mgr. 26. gr.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðunargildi fyrir reiknistuðla (a-liður 1. mgr. 31. gr.)

1. ELDSNEYTISLOSUNARSTUÐLAR TENGDIR NETTÓVARMAGILDI (NCV)

Tafla 1

Losunarstuðlar eldsneytis í tengslum við nettóvarmagildi og nettóvarmagildi á massa eldsneytis.

Lýsing á eldsneytistegund	Losunarstuðull (t CO_2/TJ)	Nettóvarmagildi (TJ/Gg)	Uppruni
Jarðolía	73,3	42,3	IPCC 2006 GL
Bikolía	77,0	27,5	IPCC 2006 GL
Fljótandi jarðgas	64,2	44,2	IPCC 2006 GL
Hreyfilbensín	69,3	44,3	IPCC 2006 GL
Steinolía (annað en steinolía fyrir þotur)	71,9	43,8	IPCC 2006 GL
Leirsteinsolía	73,3	38,1	IPCC 2006 GL
Gas-/dísilolía	74,1	43,0	IPCC 2006 GL
Eldsneytisolíuleif	77,4	40,4	IPCC 2006 GL
Fljótandi jarðolíugas	63,1	47,3	IPCC 2006 GL
Etan	61,6	46,4	IPCC 2006 GL
Nafta	73,3	44,5	IPCC 2006 GL
Jarðbik	80,7	40,2	IPCC 2006 GL
Smurefni	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Jarðolíukoks	97,5	32,5	IPCC 2006 GL
Hráefni til olíuhreinsunar	73,3	43,0	IPCC 2006 GL
Olíuhreinsunargas	57,6	49,5	IPCC 2006 GL
Paraffínvax	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Terpentína og hreinsað bensín	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Aðrar jarðolíuafurðir	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Harðkol	98,3	26,7	IPCC 2006 GL
Kokskol	94,6	28,2	IPCC 2006 GL
Önnur linkol	94,6	25,8	IPCC 2006 GL
Gljábrúnkol	96,1	18,9	IPCC 2006 GL
Brúnkol	101,0	11,9	IPCC 2006 GL
Olíuleirsteinn og tjörusandur	107,0	8,9	IPCC 2006 GL
Eldsneytiskögglar	97,5	20,7	IPCC 2006 GL
Koksofnakoks og brúnkolakoks	107,0	28,2	IPCC 2006 GL

Lýsing á eldsneytistegund	Losunarstuðull (t CO_2/TJ)	Nettóvarmagildi (TJ/Gg)	Uppruni
Gaskoks	107,0	28,2	IPCC 2006 GL
Koltjara	80,7	28,0	IPCC 2006 GL
Gasvinnslugas	44,4	38,7	IPCC 2006 GL
Koksofnagas	44,4	38,7	IPCC 2006 GL
Háofnagas	260	2,47	IPCC 2006 GL
Gas úr súrefnisstálbræðsluofnum	182	7,06	IPCC 2006 GL
Jarðgas	56,1	48,0	IPCC 2006 GL
Iðnaðarúrgangur	143	á.e.v.	IPCC 2006 GL
Olíuúrgangur	73,3	40,2	IPCC 2006 GL
Mór	106,0	9,76	IPCC 2006 GL
Viður/viðarúrgangur	—	15,6	IPCC 2006 GL
Annar fyrsta stigs lífmassi í föstu formi	—	11,6	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Viðarkol	—	29,5	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Lífbensín	—	27,0	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Lífdísilolíur	—	27,0	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Annað fljótandi lífeldsneyti	—	27,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Hauggas	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Gas úr eðju	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Annað lífgas	—	50,4	IPCC 2006 GL (aðeins nettóvarma-gildi)
Notaðir hjólbarðar	85,0 ([1])	á.e.v.	WBCSD CSI
Kolsýringur	155,2 ([2])	10,1	J. Falbe og M. Regitz, Römpp Chemie Lexikon, Stuttgart, 1995
Metan	54,9 ([3])	50,0	J. Falbe og M. Regitz, Römpp Chemie Lexikon, Stuttgart, 1995

([1]) Þetta gildi er bráðabirgðalosunarstuðullinn, þ.e. fyrir notkun lífmassahlutans, ef við á.
([2]) Byggist á nettóvarmagildinu 10,12 TJ/t
([3]) Byggist á nettóvarmagildinu 50,01 TJ/t

2. LOSUNARSTUÐLAR Í TENGSLUM VIÐ LOSUN VIÐ VINNSLU

Tafla 2

Hvarfhlutfallslegur losunarstuðull vegna losunar við vinnslu frá niðurbroti karbónats (aðferð A)

Karbónat	Losunarstuðull [t CO_2/ t karbónat]
$CaCO_3$	0,440
$MgCO_3$	0,522
Na_2CO_3	0,415

Karbónat	Losunarstuðull [t CO_2/ t karbónat]
$BaCO_3$	0,223
Li_2CO_3	0,596
K_2CO_3	0,318
$SrCO_3$	0,298
$NaHCO_3$	0,524
$FeCO_3$	0,380
Almennt	Losunarstuðull = [$M(CO_2)$] / {Y * [M(x)] + Z *[$M(CO_3^{2-})$]} X = málmur M(x) = sameindamassi X í [g/mól] $M(CO_2)$ = sameindamassi CO_2 í [g/mól] $M(CO_3^{2-})$ = sameindamassi CO_3^{2-} í [g/mól] Y = hvarfhlutfallsleg tala X Z = hvarfhlutfallsleg tala CO_3^{2-}

Tafla 3

Hvarfhlutfallslegur losunarstuðull vegna losunar við vinnslu frá niðurbroti karbónats miðað við oxíð jarðalkalímálma (aðferð B)

Oxíð	Losunarstuðull [t CO_2/ t oxíð]
CaO	0,785
MgO	1,092
BaO	0,287
almennt: X_YO_Z	Losunarstuðull = [$M(CO_2)$] / {Y * [M(x)] + Z * [M(O)]} X = jarðalkalímálmur eða alkalímálmur M(x) = sameindamassi X í [g/mól] $M(CO_2)$ = sameindamassi CO_2 [g/mól] M(O) = sameindamassi O [g/mól] Y = hvarfhlutfallsleg tala X = 1 (fyrir jarðalkalímálma) = 2 (fyrir alkalímálma) Z = hvarfhlutfallsleg tala O = 1

Tafla 4

Losunarstuðlar vegna losunar við vinnslu frá öðrum vinnsluefnum (framleiðslu járns og stáls og vinnslu járnríkra málma) ([1])

Ílags- eða frálagsefni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2/t)
Járn sem er afoxað beint (DRI)	0,0191	0,07
Kolskaut fyrir ljósbogaofna	0,8188	3,00

([1]) Leiðbeiningar IPCC um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 („IPCC 2006 Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories")

Ílags- eða frálagsefni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2/t)
Hleðslukolefni (e. *charge carbon*) fyrir ljósbogaofna	0,8297	3,04
Heitkögglað járn	0,0191	0,07
Gas úr súrefnisstálbræðsluofnum	0,3493	1,28
Jarðolíukoks	0,8706	3,19
Hrájárn	0,0409	0,15
Járn/brotajárn	0,0409	0,15
Stál/brotamálmur úr stáli	0,0109	0,04

Tafla 5

Hvarfhlutfallslegir losunarstuðlar vegna losunar við vinnslu frá öðrum vinnsluefnum (lífræn efnasambönd í lausu) ([1])

Efni	Kolefnisinnihald (t C/t)	Losunarstuðull (t CO_2 / t)
Asetónítríl	0,5852	2,144
Akrýlnítríl	0,6664	2,442
Bútadíen	0,888	3,254
Kolsverta (kinrok)	0,97	3,554
Etýlen	0,856	3,136
Etýlendíklóríð	0,245	0,898
Etýlenglýkól	0,387	1,418
Etýlenoxíð	0,545	1,997
Blásýra	0,4444	1,628
Metanól	0,375	1,374
Metan	0,749	2,744
Própan	0,817	2,993
Própýlen	0,8563	3,137
Vínýlklóríðeinliða	0,384	1,407

([1]) Leiðbeiningar IPCC um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 („IPCC 2006 Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories")

3. HNATTHLÝNUNARMÁTTUR ANNARRA GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA EN KOLTVÍSÝRINGS

Tafla 6

Hnatthlýnunarmáttur

Lofttegund	Hnatthlýnunarmáttur
N_2O	298 t $CO_{2(e)}$ / t N_2O
CF_4	7 390 t $CO_{2(e)}$ / t CF_4
C_2F_6	12 200 t $CO_{2(e)}$ / t C_2F_6

VII. VIÐAUKI

Lágmarkstíðni greininga (35. gr.)

Eldsneyti/efni	Lágmarkstíðni greininga
Jarðgas	A.m.k. vikulega
Annað gas, einkum tilbúið gas og vinnslugas s.s. blandað olíuhreinsunargas, koksofnagas, háofnagas, bræðsluofnagas, olíusvæðagas og jarðgassvæðagas	A.m.k. daglega — með viðeigandi aðferðum á mismunandi tímum dags
Brennsluolía (t.d. léttolía, meðalþung olía og svartolía, jarðbik)	Fyrir hver 20 000 tonn af eldsneyti og a.m.k. sex sinnum á ári
Kol, kokskol, koks, jarðolíukoks, mór	Fyrir hver 20 000 tonn af eldsneyti/efni og a.m.k. sex sinnum á ári
Annað eldsneyti	Fyrir hver 10 000 tonn af eldsneyti og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Ómeðhöndlaður fastur úrgangur (hreint jarðefni eða blandaður lífmassi/jarðefni)	Fyrir hver 5 000 tonn af úrgangi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Fljótandi úrgangur, formeðhöndlaður fastur úrgangur	Fyrir hver 10 000 tonn af úrgangi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Karbónatsteintegundir (t.d. kalksteinn og dólómít)	Fyrir hver 50 000 tonn af efni og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Leir og leirsteinn	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári
Önnur efni (vara á forstigi framleiðslunnar, hálfunnin og fullunnin vara)	Efnismagn sem samsvarar 50 000 tonnum af koltvísýringi og a.m.k. fjórum sinnum á ári, eftir efninu, sem um er að ræða, og breytileikanum

VIII. VIÐAUKI

Mælimiðaðar aðferðir (41. gr.)

1. SKILGREININGAR Á AÐFERÐARÞREPUM FYRIR MÆLIMIÐAÐAR AÐFERÐIR

Mælimiðaðar aðferðir skulu samþykktar í samræmi við aðferðarþrep með eftirfarandi hámarki leyfilegrar óvissu fyrir árlega meðallosun á klukkustund, reiknað í samræmi við jöfnu 2 sem tilgreind er í 3. lið þessa viðauka.

Tafla 1

Aðferðarþrep fyrir kerfi fyrir samfellda mælingu losunar (hámark leyfilegrar óvissu fyrir hvert aðferðarþrep)

Ef um er að ræða koltvísýring á að beita óvissunni á heildarmagn koltvísýrings sem er mælt. Ef lífmassahlutinn er ákvarðaður með því að nota mælimiðaða aðferð skal sama skilgreining aðferðarþrepa eiga við um lífmassahlutann og á við um koltvísýringinn.

	1. aðferðarþrep	2. aðferðarþrep	3. aðferðarþrep	4. aðferðarþrep
Losunarupptök koltvísýrings	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%
Losunarupptök nituroxíðs	± 10%	± 7,5%	± 5%	Á.E.V.
CO_2-flutningur	± 10%	± 7,5%	± 5%	± 2,5%

2. LÁGMARKSKRÖFUR UM AÐFERÐARÞREP FYRIR STÖÐVAR Í FLOKKI A

Tafla 2

Lágmarksaðferðarþrep sem stöðvar í flokki A eiga að nota í mælimiðuðum aðferðum í samræmi við a-lið 1. mgr. 41. gr.

Gróðurhúsalofttegundir	Lágmarksaðferðarþrep sem krafist er
CO_2	2
N_2O	2

3. ÁKVÖRÐUN Á GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDUM (GHG) MEÐ MÆLIMIÐUÐUM AÐFERÐUM

Jafna 1: Útreikningur á árlegri losun í samræmi við 1. mgr. 43. gr.:

$$GHG\ losun_{samtals}[t] = \sum_{i=1}^{Klst\ í\ starfrækslu} GHG\ styrkur_{á\ klst,i} \cdot V_{á\ klst,i} \cdot 10^{-6}[t/g]$$

Jafna 2: Ákvörðun á meðallosun á klukkustund:

$$GHG\ losun_{meðaltal}[kg/h] = \frac{GHG\ Losun_{samtals}}{Klst\ í\ starfrækslu} \cdot 10^{3}[kg/t]$$

Jafna 2a: Ákvörðun á meðalstyrk gróðurhúsalofttegundar á klukkustund vegna skýrslugjafar í samræmi við b-lið 9. liðar í 1. lið X. viðauka:

$$GHG\ styrkur_{meðaltal}[g/Nm^3] = \frac{GHG\ losun_{samtals}}{\sum_{i=1}^{Klst\ í\ starfrækslu} V_{á\ klst,i}} \cdot 10^{6}[g/t]$$

Jafna 2b: Ákvörðun á meðaltali útblástursstreymis á klukkustund vegna skýrslugjafar í samræmi við b-lið 9. liðar í 1. lið X. viðauka:

$$Streymi_{meðaltal}[Nm^3/h] = \frac{\sum_{i=1}^{Klst\ í\ starfrækslu} V_{á\ klst,i}}{Klst\ í\ starfrækslu}$$

Jafna 2c: Útreikningur á árlegri losun að því er varðar skýrslu um árlega losun í samræmi við b-lið 9. liðar í 1. lið X. viðauka:

$$GHG\ Losun_{samtals}\ [t] = GHG\ styrkur_{meðaltal} \cdot Streymi_{meðaltal} \cdot Klst\ í\ starfrækslu \cdot 10^{-6}[t/g]$$

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í jöfnum 1 til 2c:

Stuðullinn i vísar til einstakrar klukkustundar í starfrækslu. Ef rekstraraðilinn notar styttri viðmiðunartímabil í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skal þetta viðmiðunartímabil notað í þessum útreikningum í stað klukkustunda.

GHG losun$_{samtals}$ = árleg heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í tonnum

GHG-styrkur$_{á\ klst,\ i}$. = styrkur losunar gróðurhúsalofttegunda á klukkustund í g/Nm^3 í útblástursstreymi sem er mælt við starfrækslu á klukkustund *i*,

$V_{á\ klst,\ i}$ = útblástursrúmmál í Nm^3 á klukkustund *i (þ.e. samþætt streymi á klukkustund eða styttra viðmiðunartímabili)*,

GHG losun$_{meðaltal}$ = árleg meðallosun á klukkustund í kg/h frá upptökunum.

Klst í starfrækslu: heildarfjöldi klukkustunda sem mælimiðaðri aðferð er beitt, þ.m.t. klukkustundir þar sem gögnum hefur verið skipt út í samræmi við 2. til 4. mgr. 45. gr.

GHG styrkur$_{meðaltal}$ = árlegur meðalstyrkur losunar gróðurhúsalofttegunda á klukkustund í g/Nm^3.

Streymi$_{meðaltal}$ = ársmeðaltal útblástursstreymis í Nm^3/h.

4. ÚTREIKNINGUR Á STYRK MEÐ ÓBEINNI STYRKMÆLINGU

Jafna 3: Útreikningur á styrk

$$GHG\ styrkur[\%] = 100\% - \sum_i Styrkur\ efnisþáttarins\ i[\%]$$

5. STAÐGANGA VEGNA GAGNA UM STYRK SEM VANTAR Í MÆLIMIÐUÐUM AÐFERÐUM

Jafna 4: Staðganga vegna gagna sem vantar í mælimiðuðum aðferðum

$$C_{staðg.} = \bar{C} + 2C$$

þar sem:

$\bar{C}$ = meðaltal styrks tiltekna mæliþáttarins yfir allt skráningartímabilið eða, ef sérstakar aðstæður giltu þegar gögnin töpuðust, viðeigandi tímabil sem endurspeglar sérstöku aðstæðurnar,

$\sigma_{C\_}$ = besta mat á staðalfráviki styrks tiltekna mæliþáttarins yfir allt skráningartímabilið eða, ef sérstakar aðstæður giltu þegar gögnin töpuðust, viðeigandi tímabil sem endurspeglar sérstöku aðstæðurnar.

———

IX. VIÐAUKI

Lágmarksgögn og -upplýsingar sem skal varðveita í samræmi við 1. mgr. 67. gr.

Rekstraraðilar og umráðendur loftara skulu varðveita a.m.k. eftirfarandi:

1. SAMEIGINLEGIR ÞÆTTIR FYRIR STÖÐVAR OG UMRÁÐENDUR LOFTFARA

   1) Vöktunaráætlunin sem lögbært yfirvald samþykkir.

   2) Skjöl, þar sem val á vöktunaraðferð er rökstutt, og skjöl, þar sem rökstuddar eru tímabundnar eða varanlegar breytingar á vöktunaraðferðum og, eftir atvikum, aðferðarþrepum sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

   3) Allar viðkomandi uppfærslur á vöktunaráætlunum, sem tilkynntar hafa verið lögbæra yfirvaldinu í samræmi við 15. gr., ásamt svörum lögbæra yfirvaldsins.

   4) Allar skriflegar verklagsreglur sem vísað er til í vöktunaráætluninni, þ.m.t. sýnatökuáætlunin þar sem við á, verklagsreglur vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit.

   5) Skrá yfir allar útgáfur vöktunaráætlunarinnar sem notaðar hafa verið og allar tengdar verklagsreglur.

   6) Gögn um skyldur í tengslum við vöktun og skýrslugjöf.

   7) Áhættumatið sem rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars vinnur, þar sem við á.

   8) Skýrslur um úrbætur í samræmi við 69. gr.

   9) Sannprófuð skýrsla um árlega losun.

   10) Sannprófunarskýrsla.

   11) Allar aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við sannprófun skýrslunnar um árlega losun.

2. SÉRTÆKIR ÞÆTTIR FYRIR STAÐBUNDNAR STÖÐVAR:

   1) Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og allar uppfærslur á því.

   2) Allt óvissumat þar sem við á.

   3) Fyrir reiknimiðaðar aðferðir sem beitt er í stöðvum:

      a) gögn um starfsemi, sem eru notuð við útreikninga á losun fyrir hvern efnisstraum, flokkuð eftir vinnslu og tegund eldsneytis eða efnis,

      b) skrá yfir öll sjálfgildi sem eru notuð sem reiknistuðlar, þar sem við á,

      c) heildarsafn sýnatöku- og greiningarniðurstaðna til að ákvarða reiknistuðla,

      d) skjöl um allar óskilvirkar aðferðir sem eru leiðréttar og ráðstafanir til leiðréttingar sem eru gerðar í samræmi við 64. gr.,

      e) allar niðurstöður kvarðana ásamt viðhaldi mælitækja.

   4) Fyrir mælimiðaðar aðferðir í stöðvum skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

      a) gögn til réttlætingar á vali á mælimiðaðri aðferð,

      b) gögn, sem notuð eru til óvissugreiningar á losun frá hverjum upptökum losunar, flokkuð eftir vinnslu,

      c) gögn sem notuð eru vegna útreikninga til staðfestingar og niðurstöður útreikninganna,

      d) ítarlega tæknilýsingu á kerfinu fyrir samfelldar mælingar, þ.m.t. staðfesting á samþykki frá lögbæru yfirvaldi,

e) óunnin og samantekin gögn frá kerfinu fyrir samfelldar mælingar, þ.m.t. gögn um breytingar á tilteknum tíma, færslubók yfir prófanir, niðritími, kvarðanir, þjónusta og viðhald,

f) gögn um breytingar á kerfinu fyrir samfelldar mælingar,

g) allar niðurstöður kvarðana ásamt viðhaldi mælitækja,

h) þar sem við á, massa- og orkujöfnuðarlíkan sem er notað til að ákvarða staðgöngugögn í samræmi við 4. mgr. 45. gr. og undirliggjandi forsendur.

5) Ef varaaðferð er beitt eins og um getur í 22. gr.: öll nauðsynleg gögn til að ákvarða losun fyrir upptök losunar og efnisstrauma, sem aðferðinni er beitt á, sem og öll óbein gögn fyrir gögn um starfsemi, reiknistuðla og aðra mæliþætti sem skráð væru samkvæmt þrepaaðferð.

6) Fyrir framleiðslu hrááls skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

a) skjöl með niðurstöðum úr mælingaherferðum til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6,

b) skjöl með niðurstöðum ákvörðunar á söfnunarvirkni fyrir lekalosun,

c) öll viðkomandi gögn um framleiðslu hrááls, tíðni og lengd forskautsrisa eða gögn um yfirspennu.

7) Fyrir starfsemi í tengslum við föngun koltvísýrings, flutning og geymslu í jörðu, þar sem við á, skal varðveita eftirfarandi viðbótarþætti:

a) skjöl þar sem fram kemur magn koltvísýrings sem stöðvar, sem sinna geymslu koltvísýrings í jörðu, hafa dælt inn í geymslusamstæðuna,

b) lýsandi uppsöfnuð gögn um þrýsting og hitastig frá flutninganeti,

c) afrit af geymsluleyfinu, þ.m.t. samþykkt vöktunaráætlun, skv. 9. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

d) skýrslurnar sem lagðar eru fram í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

e) skýrslur um niðurstöður skoðana sem fram fara í samræmi við 15. gr. tilskipunar 2009/31/EB,

f) skjöl um ráðstafanir til úrbóta sem gripið hefur verið til í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2009/31/EB.

3. SÉRTÆKIR ÞÆTTIR FYRIR FLUGSTARFSEMI:

1) Skrá yfir eigin loftför, leigð loftför eða loftför sem eru leigð út, ásamt nauðsynlegri staðfestingu á heilleika skrárinnar, hvaða dag hverju loftfari var bætt við eða það tekið úr flota umráðanda loftfaranna.

2) Skrá yfir flug á hverju skýrslutímabili og nauðsynleg staðfesting á heilleika skrárinnar.

3) Viðeigandi gögn sem eru notuð til að ákvarða eldsneytisnotkun og losun.

4) Gögn sem notuð eru til að ákvarða farmþunga og vegalengd flugs á þeim árum sem skýrslur eru gefnar um gögn um tonnkílómetra.

5) Upplýsingaskjöl um aðferðina varðandi eyður í gögnum, ef við á, fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum komu fyrir, gögnin sem notuð eru til að fylla í þessar eyður í gögnum þar sem þær koma fyrir og, ef fjöldi flugferða þar sem eyður í gögnum koma fyrir fóru yfir 5% af flugferðum sem skýrsla er gefin um, ástæður fyrir gagnaeyðunum sem og gögn um aðgerðir til úrbóta sem gripið er til.

———

X. VIÐAUKI

Lágmarksinnihald ársskýrslna (3. mgr. 68. gr.)

1. SKÝRSLUR UM ÁRLEGA LOSUN STÖÐVA MEÐ KYRRSTÆÐ UPPTÖK LOSUNAR

Skýrsla um árlega losun stöðvar skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Auðkennisgögn um stöðina, sem tilgreind eru í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, ásamt sérstöku leyfisnúmeri stöðvarinnar.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í síðustu, samþykktu vöktunaráætlunina og útgáfunúmer hennar og frá hvaða dagsetningu hún gildir sem og tilvísun í sérhverjar aðrar vöktunaráætlanir, sem skipta máli fyrir skýrslugjafarárið, og útgáfunúmer þeirra.

5) Viðkomandi breytingar á rekstri stöðvar ásamt breytingum og tímabundnum frávikum frá vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem hafa átt sér stað á skýrslutímabilinu, þ.m.t. tímabundnar eða varanlegar breytingar á aðferðarþrepum, ástæður fyrir breytingunum, dag sem breytingarnar tóku gildi og upphafs- og lokadagsetning tímabundinna breytinga.

6) Upplýsingar fyrir öll upptök losunar og efnisstrauma sem fela í sér a.m.k.:

   a) heildarlosun, gefin upp sem t $CO_{2(e)}$,

   b) ef aðrar gróðurhúsalofttegundir en koltvísýringur eru losaðar: heildarlosun gefin upp sem t,

   c) hvort beitt er mælimiðaðri eða reiknimiðaðri aðferð sem um getur í 21. gr.,

   d) aðferðarþrep sem notuð eru,

   e) gögn um starfsemi:

      i. ef um er að ræða eldsneyti: magn eldsneytis (gefið upp í tonnum eða Nm^3) og nettóvarmagildið (GJ/t eða GJ/Nm^3), tilgreint hvert fyrir sig,

      ii. fyrir alla aðra efnisstrauma: magnið í tonnum eða Nm^3,

   f) losunarstuðla, sem eru tilgreindir í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 36. gr., lífmassahluta, oxunar- og breytistuðla, gefnir upp sem einingarlaus brot,

   g) ef losunarstuðlar fyrir eldsneyti eru tengdir massa eða rúmmáli í stað orku: gildi sem eru ákvörðuð skv. 5. mgr. 26. gr. fyrir nettóvarmagildi viðkomandi efnisstraums.

7) Ef massajöfnuðaraðferð er beitt: massastreymið og kolefnisinnihald fyrir hvern efnisstraum til og frá stöðinni; lífmassahluti og nettóvarmagildi, þar sem við á.

8) Upplýsingar sem skal skrá sem minnisatriði, a.m.k.:

   a) magn brennds lífmassa, gefið upp sem TJ, eða notað í ferlum, gefið upp í t eða Nm^3,

   b) koltvísýringslosun frá lífmassa, gefin upp í t CO_2, þar sem notaðar eru mælimiðaðar aðferðir til að ákvarða losun,

   c) staðgöngugildi fyrir nettóvarmagildi efnisstrauma lífmassa sem notaður er sem eldsneyti, þar sem við á,

   d) magn og orkuinnihald fljótandi lífeldsneytis og lífeldsneytis sem brennt er, gefið upp í t og TJ,

   e) koltvísýring eða nituroxíð sem er flutt til stöðvar eða berst frá stöð, þar sem 49. eða 50. gr. á við, gefið upp í t $CO_{2(e)}$,

   f) innifalinn koltvísýring sem er fluttur til stöðvar eða berst frá stöð, þar sem 48. gr. á við, gefinn upp í t CO_2,

g) þar sem við á, heiti stöðvar og auðkenniskóða hennar sem er viðurkenndur í samræmi við gerðir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB:

i. stöðva(r) sem koltvísýringur eða nituroxíð er flutt til í samræmi við e- og f-lið í þessum 8. lið,

ii. stöðva(r) sem koltvísýringur eða nituroxíð berst frá í samræmi við e- og f-lið í þessum 8. lið.

Ef stöðin ber ekki slíkan auðkenniskóða skal leggja fram heiti og heimilisfang stöðvarinnar sem og viðeigandi tengiliðaupplýsingar tengiliðar.

h) fluttan koltvísýring úr lífmassa, gefinn upp í t CO_2.

9) Ef mælimiðaðri aðferð er beitt:

a) ef koltvísýringur er mældur: árleg losun koltvísýrings úr jarðefnaeldsneyti og árleg losun koltvísýrings frá notkun lífmassa,

b) klukkustundir í rekstri kerfis fyrir samfellda mælingu á losun, mældur styrkur gróðurhúsalofttegunda og útblásturs-streymið, gefið upp sem árlegt klukkustundarmeðaltal og sem árlegt heildargildi.

10) Ef beitt er aðferð sem um getur í 22. gr.: öll nauðsynleg gögn til að ákvarða losun fyrir upptök losunar og efnisstrauma, sem aðferðinni er beitt á, sem og öll óbein gögn fyrir gögn um starfsemi, reiknistuðla og aðra mæliþætti sem skráð væru samkvæmt þrepaaðferð.

11) Ef eyða hefur myndast í gögnum og fyllt hefur verið upp í hana með staðgöngugögnum í samræmi við 1. mgr. 66. gr.:

a) efnisstraumur eða upptök losunar sem hver eyða í gögnum á við,

b) ástæður fyrir hverri eyðu í gögnum,

c) upphafs- og lokadagur og tími hverrar eyðu í gögnum,

d) losun sem er reiknuð á grundvelli staðgöngugagna,

e) ef matsaðferð fyrir staðgöngugögn hefur ekki enn verið sett í vöktunaráætlun: ítarleg lýsing á matsaðferðinni, þ.m.t. gögn þess efnis að aðferðin sem notuð er leiði ekki til vanmats á losun fyrir viðkomandi tímabil.

12) Allar aðrar breytingar á stöðinni á skýrslutímabilinu sem skipta máli fyrir losun stöðvarinnar á gróðurhúsalofttegundum á skýrslugjafarárinu.

13) Þar sem við á, framleiðslumagn hrááls, tíðni og meðallengd forskautsriss á skýrslutímabilinu, eða gögn um yfirspennu í forskautsrisi á skýrslutímabilinu, sem og niðurstöður nýjustu ákvörðunar á losunarstuðlum, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 og C_2F_6, eins og tilgreint er í IV. viðauka, og nýjustu ákvörðunar á söfnunarvirkni stokkanna.

Losun frá mismunandi upptökum eða efnisstraumum sömu tegundar í einni stöð, sem tengist sams konar starfsemi, má tilkynna sameiginlega fyrir þá tegund starfsemi.

Ef aðferðarþrepum hefur verið breytt á skýrslutímabili skal rekstraraðilinn reikna og tilkynna losun sem aðskilda hluta ársskýrslunnar fyrir hvern viðkomandi hluta skýrslutímabilsins.

Rekstraraðilar geymslusvæða fyrir koltvísýring geta notað einfaldaðar skýrslur um losun eftir lokun geymslusvæðis í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2009/31/EB sem hafa að geyma a.m.k. þá þætti sem tilgreindir eru í 1. til 5. lið, að því tilskildu að í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda séu engin upptök losunar.

2. SKÝRSLUR UM ÁRLEGA LOSUN FRÁ UMRÁÐENDUM LOFTFARA

Skýrsla um losun fyrir umráðanda loftfars skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Upplýsingar til sanngreiningar á umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru við flugumferðarstjórn, ásamt viðeigandi samskipta-upplýsingum.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í síðustu, samþykktu vöktunaráætlunina og útgáfunúmer hennar og frá hvaða dagsetningu hún gildir, tilvísun í aðrar vöktunaráætlanir, sem skipta máli fyrir skýrslugjafarárið, og útgáfunúmer þeirra.

5) Breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu.

6) Skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er á vegum umráðandans.

7) Heildarfjöldi flugferða á hvert par ríkja sem skýrslan tekur til.

8) Massi eldsneytis (í tonnum) á hverja eldsneytistegund á hvert par ríkja.

9) Heildarlosun koltvísýrings í tonnum af koltvísýringi, aðgreint eftir brottfarar- og komuaðildarríki.

10) Ef losun er reiknuð með losunarstuðli eða eftir kolefnisinnihaldi í tengslum við massa eða rúmmál: óbein gögn um nettóvarmagildi eldsneytisins.

11) Ef eyða hefur myndast í gögnum og fyllt hefur verið upp í hana með staðgöngugögnum í samræmi við 2. mgr. 66. gr.:

   a) fjöldi flugferða, gefinn upp sem hundraðshluti árlegra flugferða (námundað að næsta 0,1%) þar sem eyður í gögnum komu fyrir, og aðstæður og ástæður fyrir eyðum í gögnum,

   b) matsaðferð sem beitt er fyrir staðgöngugögn,

   c) losun sem er reiknuð á grundvelli staðgöngugagna,

12) Minnisatriði:

   a) magn lífmassa, sem notað er sem eldsneyti á skýrslugjafarárinu (í tonnum eða m^3), tilgreint eftir eldsneytistegund,

   b) nettóvarmagildi annars konar eldsneytis.

13) Rekstraraðilinn skal láta fylgja, sem viðauka við skýrsluna um árlega losun, upplýsingar um árlega losun og árlegan fjölda flugferða fyrir hvert flugvallarpar. Að beiðni rekstraraðila skal lögbært yfirvald fara með þessar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar.

3. SKÝRSLUR UM GÖGN UM TONNKÍLÓMETRA FRÁ UMRÁÐENDUM LOFTFARA

Skýrsla um gögn um tonnkílómetra fyrir umráðanda loftfars skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

1) Upplýsingar um umráðanda loftfars eins og sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og kallmerki eða önnur einkvæm kennimerki, sem notuð eru í tengslum við flugumferðarstjórn, ásamt þeim samskiptaupplýsingum sem máli skipta.

2) Heiti og heimilisfang sannprófanda skýrslunnar.

3) Skýrslugjafarárið.

4) Tilvísun í síðustu, samþykktu vöktunaráætlunina og útgáfunúmer hennar og frá hvaða dagsetningu hún gildir, tilvísun í aðrar vöktunaráætlanir, sem skipta máli fyrir skýrslugjafarárið, og útgáfunúmer þeirra.

5) Breytingar á starfseminni, sem máli skipta, og frávik frá samþykktu vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu.

6) Skráningarnúmer loftfaranna og tegundir þeirra loftfara, sem notuð eru á tímabilinu, sem skýrslan tekur til, til flugstarfseminnar sem fellur undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er á vegum umráðandans.

7) Aðferð sem notuð er við útreikning á massa farþega og skráðs farangurs, svo og farms og pósts.

8) Heildarfjöldi farþegakílómetra og tonnkílómetra fyrir allt flug á árinu sem skýrslan tengist og fellur undir flugstarfsemina sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

9) Fyrir hvert flugvallarpar: kennimerki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir báða flugvellina, vegalengd (stórbaugsbogi + 95 km) í kílómetrum, heildarfjöldi flugferða fyrir hvert flugvallarpar á skýrslutímabilinu, heildarmassi farþega og skráðs farangurs (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, heildarfjöldi farþega, margfaldaður með kílómetrum fyrir hvert flugvallarpar, heildarmassi vöru og pósts (tonn) á skýrslutímabilinu fyrir hvert flugvallarpar, tonnkílómetrar samtals fyrir hvert flugvallarpar (t km).

———

XI. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012	Þessi reglugerð
1. gr. til 49. gr.	1. gr. til 49. gr.
—	50. gr.
50. gr. til 67. gr.	51. gr. til 68. gr.
68. gr.	—
69. gr. til 75. gr.	69. gr. til 75. gr.
—	76. gr.
76. gr. til 77. gr.	77. gr. til 78. gr.
I. til X. viðauki	I. til X. viðauki
—	XI. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2067 **2020/EES/5/52**

frá 19. desember 2018

um sannprófun á gögnum og um faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum þriðju málsgrein 15. gr. og annarri málsgrein 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (e. *Carbon Offsetting and Reduction Scheme for International Aviation* (CORSIA)) (IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018, sem er ætlað að koma til framkvæmda frá og með 2019.

2) Heildarrammi um reglur fyrir faggildingu sannprófenda er nauðsynlegur til að tryggja að sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðenda loftfara, innan ramma kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem leggja skal fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 ([2]), sé unnin af sannprófendum sem búa yfir tæknilegri færni til að inna af hendi, með óháðum og óhlutdrægum hætti, þau verkefni sem þeim eru falin og í samræmi við þær kröfur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

3) Reynslan af beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 ([3]) hefur sýnt að nauðsynlegt er að bæta, skýra nánar og einfalda faggildingar- og sannprófunarreglurnar til að stuðla að frekari samræmingu og auka skilvirkni kerfisins. Því þarf að gera fjölda breytinga á reglugerð (ESB) nr. 600/2012. Til glöggvunar ætti að skipta þeirri reglugerð út.

4) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ([4]) var komið á fót almennum ramma til að greiða fyrir frjálsu flæði þjónustu og þjónustuveitenda innan Sambandsins og viðhalda samtímis háu gæðastigi þjónustu. Samhæfing innan Sambandsins á reglum um faggildingu og sannprófun, sem varða viðskiptakerfi Sambandsins fyrir losunarheimildir, ætti að stuðla að samkeppni á markaði fyrir sannprófendur og tryggja um leið gagnsæi og upplýsingar fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara.

5) Við framkvæmd 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB er nauðsynlegt að tryggja samvirkni milli heildarrammans um faggildingu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([5]) og tengdum ákvæðum í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([6]), annars vegar og sérkenna kerfis Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og krafna, sem eru nauðsynlegar til að hrinda megi í framkvæmd tilskipun 2003/87/EB á skilvirkan hátt, hins vegar. Reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að gilda áfram um þá þætti sem varða faggildingu sannprófenda sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Einkum ætti að tryggja að í þeim tilvikum þar sem landsyfirvald, sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008 á grundvelli

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 94. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012 frá 21. júní 2012 um sannprófun á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslum um tonnkílómetra og faggildingu sannprófenda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 181, 12.7.2012, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([6]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

eigin starfsvenja, viðhefur annars konar aðferð við faggildingu, þ.e. vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar, skuli hlutaðeigandi aðildarríki leggja fram skrifleg sönnunargögn fyrir því að slíkt yfirvald njóti sama trúverðugleika og faggildingarstofur aðildarríkis sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, skipuleggur.

6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([7]) er kveðið á um óháð og hlutlaust faggildingar- eða leyfisveitingarkerfi fyrir umhverfissannprófendur. Með skírskotun til samræmis og til að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríkin og rekstraraðila þykir rétt að hafa hliðsjón af samvirkni milli framangreinds og þessarar reglugerðar.

7) Komast ætti hjá því að sannprófunar- og faggildingarkerfið feli í sér óþarfa tvítekningu á aðferðum og stofnunum sem komið er á fót samkvæmt öðrum lagagerningum Sambandsins sem myndi valda aðildarríkjum eða rekstraraðilum auknum byrðum. Þess vegna þykir rétt að líta til bestu starfsvenja sem tilkomnar eru við beitingu samhæfðra staðla sem Staðlasamtök Evrópu samþykktu á grundvelli beiðni frá framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([8]), s.s. samhæfða staðalsins sem varðar almennar kröfur til faggildingarstofa, sem sinna faggildingu aðila sem annast samræmismat, og samhæfða staðalsins, sem varðar kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, sem og skjals EA-6/03 og annarra tækniskjala sem Evrópusamtök um faggildingu eða aðrir aðilar hafa þróað.

8) Þegar settar eru samræmdar reglur um sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfara og faggildingu sannprófenda er nauðsynlegt að tryggja að sú byrði, sem lögð er á rekstraraðila sem losa lítið magn af koltvísýringi (CO_2) á ári, á umráðendur loftfara sem taldir eru smálosendur í skilningi framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 sem og á tiltæk tilföng aðildarríkjanna, sé hófleg í ljósi þeirra markmiða sem stefnt er að.

9) Til þess að nýta samlegðaráhrif sem best og með hliðsjón af mikilvægi þess að sannprófa gögn, sem eru notuð til að uppfæra fyrirframákveðnar viðmiðanir og ákvarða úthlutun án endurgjalds til stöðva, er rétt að fella reglur um sannprófun á skýrslum um grunngögn og skýrslum með gögnum um nýja aðila, sem krafist er samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar …/… frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([9]), inn í samræmdar reglur um sannprófun og faggildingu sannprófenda.

10) Í 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja litlar stöðvar, með fyrirvara um jafngildar ráðstafanir, frá kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að skilyrðin sem fram koma í greininni séu uppfyllt. Í 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er aðildarríkjum gert kleift að undanskilja stöðvar, sem losa minna en 2500 tonn, frá kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að skilyrðin sem fram koma í greininni séu uppfyllt. Þessi reglugerð ætti ekki að gilda beint um þær stöðvar, sem undanskildar eru skv. 27. gr. eða 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, nema aðildarríkið ákveði að reglugerðin skuli gilda.

11) Sannprófandinn ætti að fara í vettvangsheimsóknir, í samræmi við meginreglurnar í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, til að kanna mörk hlutaðeigandi stöðvar eða umráðanda loftfars, til þess að meta virkni mælibúnaðar og vöktunarkerfa, til þess að taka viðtöl og til þess að sinna öðrum störfum. Einungis ætti að veita undanþágu frá vettvangsheimsókn sannprófandans samkvæmt sérstökum skilyrðum.

12) Í samræmi við meginreglurnar í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB ætti sannprófandinn að beita áhættumiðaðri nálgun með það að markmiði að skila sannprófunaráliti sem veitir fullnægjandi áreiðanleika um að ekki séu verulegar rangfærslur um heildarlosun eða tonnkílómetra og að hægt sé að staðfesta skýrsluna sem fullnægjandi. Áreiðanleikastigið ætti að vera í samræmi við það hversu ítarleg og nákvæm sannprófunarstörfin eru, sem innt eru af hendi við sannprófunina, og orðalag í yfirlýsingu um sannprófunarálit. Ef niðurstöður og upplýsingar sem aflað er

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([9]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

meðan á sannprófunarferlinu stendur útheimta slíkt ætti sannprófanda að vera skylt að aðlaga eina eða fleiri aðgerð í sannprófunarferlinu til að uppfylla kröfur um að ná fram fullnægjandi áreiðanleika.

13) Til þess að halda megi hlutverkum lögbærs yfirvalds og sannprófanda aðskildum ættu skyldur sannprófanda við framkvæmd sannprófunar að vera skýrt skilgreindar. Sannprófandi ætti að líta á vöktunaráætlunina, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sem viðmiðunarpunkt og meta hvort áætluninni og aðferðunum, sem lýst er í áætluninni, hafi verið hrint í framkvæmd á réttan hátt. Ef sannprófandi greinir vanefndir á því að farið sé að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 ætti það að vera á ábyrgð sannprófandans að tilkynna um þessi vanefndaratriði í sannprófunarskýrslunni.

14) Fullur skilningur á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars er nauðsynlegur fyrir framkvæmd skilvirkrar sannprófunar á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars. Sannprófandi ætti einungis að inna af hendi umbeðin sannprófunarstörf eftir að fengist hefur fullvissa um, eftir bráðabirgðamat, að hann sé hæfur til þess. Til þess að ná fram háu gæðastigi í sannprófunarstörfum ætti að móta samræmdar reglur um bráðabirgðamat til þess að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur, óháður og óhlutdrægur þegar hann annast umbeðin sannprófunarstörf í samræmi við þær reglur og meginreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

15) Það er mjög mikilvægt að rekstraraðili eða umráðandi loftfars og sannprófandi miðli viðeigandi upplýsingum sín á milli á öllum stigum sannprófunarferlisins, einkum í þeim hluta þess sem á sér stað áður en samningur er gerður, við framkvæmd skipulegrar greiningar af hendi sannprófandans og á meðan á allri sannprófuninni stendur. Það er nauðsynlegt að koma á samhæfðum kröfum sem ættu ætíð að gilda um þessa tilhögun upplýsingamiðlunar milli rekstraraðila eða umráðanda loftfars og sannprófanda.

16) Öll sannprófunarstörf í sannprófunarferlinu eru samtengd og þeim ætti að ljúka með því að sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrslu sem inniheldur sannprófunaryfirlýsingu sem er í réttu samræmi við niðurstöðurnar úr sannprófunarmatinu. Koma ætti á samhæfðum kröfum um sannprófunarskýrslur og um framkvæmd sannprófunarstarfa til þess að tryggja að sannprófunarskýrslur og sannprófunarstörf í aðildarríkjunum uppfylli sömu kröfur.

17) Mikilvægur hluti í sannprófunarferlinu, sem ákvarðar hvernig sannprófandi ætti að haga sannprófunarstörfum, er að greina hversu viðkvæm uppgefin gögn eru fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar. Sérhver þáttur í sannprófunarferlinu skal því vera nátengdur niðurstöðum greiningar á þessari áhættu á rangfærslum.

18) Kveða ætti á um sértæk ákvæði sem varða sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara og rekstraraðila svæða sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ([10]).

19) Nákvæm og skilvirk skýrslugjöf um losun gróðurhúsalofttegunda af hálfu rekstraraðila eða umráðanda loftfars er mjög mikilvæg fyrir framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB. Til þess að tryggja að vöktunar- og skýrslugjafarferlið virki sem skyldi ætti stöðugt betri frammistaða rekstraraðila eða umráðanda loftfars að vera hluti af þeim sannprófunarstörfum sem sannprófandi annast.

20) Einungis sannprófendur og hæft starfsfólk þeirra ættu að annast sannprófunarstörf og útgáfu sannprófunarskýrslna. Sannprófendur ættu að koma á innri ferlum og bæta þá stöðugt til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem tekur þátt í sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. Viðmiðanir til að ákvarða hvort sannprófandi sé hæfur ættu að vera þær sömu í öllum aðildarríkjunum og ættu að vera sannprófanlegar, hlutlægar og gagnsæjar.

21) Faggildingarstofa aðildarríkis, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008, ætti að hafa heimild til að faggilda og gefa út opinbera yfirlýsingu varðandi hæfni sannprófanda til að annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð, samþykkja stjórnsýsluráðstafanir og sinna eftirliti með sannprófendum.

22) Sniðmát og sértæk skráasnið, sem sannprófendur eiga að nota, stuðla að samhæfingu milli aðildarríkjanna og því að komist sé hjá mismunandi nálgunum. Sannprófendur ættu að nota sniðmát eða sértæk skráasnið sem framkvæmdastjórnin þróar. Ef aðildarríki hefur þróað landsbundin sniðmát eða forskriftir að skráasniðum ættu þau að innihalda a.m.k. það sama og sniðmátin sem framkvæmdastjórnin þróar til að tryggja samhæfða nálgun.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr 1013/2006 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

23) Aðildarríki, sem álítur það hvorki fjárhagslega hagkvæmt né sjálfbært að koma á fót landsbundinni faggildingarstofu eða annast faggildingarstarfsemi, ætti að geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis. Einungis faggildingarstofur aðildarríkis, sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat af hálfu stofnunarinnar sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, ættu að hafa heimild til að annast faggildingarstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð.

24) Faggildingarstofur aðildarríkis, sem geta sýnt fram á samræmi við þessa reglugerð og sem hafa þegar gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hefur skipulagt, ættu að teljast hafa uppfyllt kröfur um málsmeðferð sem faggildingarstofur aðildarríkis þurfa að uppfylla, s.s. kröfur um uppbyggingu faggildingarstofu aðildarríkis, kröfur um að koma á hæfnisferli, kröfur um að koma á nauðsynlegum verklagsreglum og stjórnunarkerfi og fyrirkomulagi við að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál og þær ættu að vera undanþegnar því að þurfa að gangast undir nýtt jafningjamat við gildistöku þessarar reglugerðar. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([11]) ætti að gera umhverfisupplýsingar, sem er að finna í sannprófuðum skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars og opinber yfirvöld hafa í sinni vörslu, opinberar til að tryggja gagnsæi, með fyrirvara um tilteknar trúnaðarkvaðir.

25) Skilvirk samvinna milli faggildingarstofa aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, annarra landsyfirvalda, og lögbærra yfirvalda er mjög mikilvæg til að tryggja að kerfi um heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem og eftirlit með gæðum sannprófunar virki sem skyldi. Með skírskotun til gagnsæis er nauðsynlegt að tryggja að faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, önnur landsyfirvöld, og lögbær yfirvöld komi á skilvirkum aðferðum við upplýsingaskipti. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda og faggildingarstofa aðildarríkjanna eða annarra landsyfirvalda ættu að falla undir ströngustu trúnaðarkvaðir og þagnarskyldu og skal þeim háttað í samræmi við gildandi landslög og lög Sambandsins.

26) Þessi reglugerð inniheldur umbætur á faggildingu og sannprófun, sem taka til greina, að hluta til, fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -skerðingar í alþjóðaflugi (CORSIA)) (IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn), sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á tíunda fundi 214. fundar þess 27. júní 2018. Einnig er verið að breyta reglugerðinni um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, til að taka til greina fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum, og til viðbótar við þessa tvo gerninga er framseld gerð skv. 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB.

27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um sannprófun á skýrslum, sem lagðar eru fram samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, sem og um faggildingu á og eftirlit með sannprófendum.

Í þessari reglugerð eru einnig tilgreind, með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 765/2008, ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á sannprófendum og jafningjamat á faggildingarstofum aðildarríkjanna skv. 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð skal gilda um sannprófun á gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda og tonnkílómetra frá 1. janúar 2019, sem tilkynnt er um skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og um sannprófun á gögnum sem skipta máli fyrir uppfærslur á fyrirframákveðnum viðmiðunum og til að ákvarða úthlutun án endurgjalds til stöðva.

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar auk þeirra skilgreininga sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066:

1) „uppgötvunaráhætta": sú áhætta sem er á því að sannprófandi uppgötvi ekki verulegar rangfærslur,

2) „faggilding": staðfesting faggildingarstofu aðildarríkis þess efnis að sannprófandi uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í samhæfðum stöðlum í skilningi 9. liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, og kröfurnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, til að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars samkvæmt þessari reglugerð,

3) „sannprófandi": lögaðili eða annar lögformlegur aðili sem annast sannprófunarstörf samkvæmt þessari reglugerð og faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 og þessari reglugerð eða einstaklingur, sem hefur fengið til þess heimild með öðrum hætti, með fyrirvara um 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, á þeim tíma þegar sannprófunarskýrsla er gefin út,

4) „sannprófun": störf sem sannprófandi annast í þeim tilgangi að gefa út sannprófunarskýrslu samkvæmt þessari reglugerð,

5) „rangfærsla": vanræksla, röng staðhæfing eða skekkja í uppgefnum gögnum rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þó án tillits til þeirrar óvissu sem er leyfileg skv. a-lið 1. mgr. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

6) „veruleg rangfærsla": rangfærsla sem að mati sannprófandans, annaðhvort ein og sér eða uppsöfnuð með öðrum rangfærslum, vegur þyngra en mikilvægisstigið eða gæti haft áhrif á meðhöndlun lögbærs yfirvalds á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

7) „skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars": árleg skýrsla um losun sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skýrsla um tonnkílómetra sem umráðandi loftfars skal leggja fram í þeim tilgangi að sækja um úthlutun losunarheimilda skv. 3. gr. e og 3. gr. f í þeirri tilskipun, skýrsla um grunngögn sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/… eða skýrsla um gögn sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar,

8) „gildissvið faggildingar": sú tegund starfsemi sem um getur í I. viðauka sem sótt er um faggildingu fyrir eða sem faggilding hefur verið veitt fyrir,

9) „hæfni": geta til að beita þekkingu og hæfileikum til þess að inna starf af hendi,

10) „mikilvægisstig": megindleg mörk eða lokapunktur sem rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, þurfa að fara yfir til þess að sannprófandi telji þær verulegar,

11) „eftirlitskerfi": áhættumat og öll eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. viðvarandi stjórnun, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur innleitt, skjalfest, framkvæmt og viðhaldið skv. 59. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða skv. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…, eins og við á,

12) „eftirlitsstarfsemi": allar þær athafnir eða ráðstafanir sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að draga úr eðlislægri áhættu,

13) „ósamræmi" merkir eitt af eftirtöldu:

   a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðila sem er í andstöðu við leyfið til losunar gróðurhúsalofttegunda og kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

   b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: sérhver athöfn eða vanræksla umráðanda loftfars sem er í andstöðu við kröfurnar í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

   c) að því er varðar sannprófun á skýrslu um grunngögn sem rekstraraðili leggur fram skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/… eða skýrslu með gögnum um nýja aðila sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar: sérhver athöfn eða vanræksla rekstraraðilans sem er í andstöðu við kröfurnar í áætluninni um aðferðafræði við vöktun,

   d) að því er varðar faggildingu skv. IV. kafla: sérhver athöfn eða vanræksla sannprófanda sem er í andstöðu við kröfur þessarar reglugerðar,

14) „staður“: að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: staðir þar sem vöktunarferlið er skilgreint og því stjórnað, þ.m.t. staðir þar sem haft er eftirlit með viðeigandi gögnum og upplýsingum og þau geymd,

15) „eftirlitsumhverfi“: umhverfi þar sem innra eftirlitskerfi er virkt svo og allar aðgerðir í stjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars til að tryggja vitund um þetta innra eftirlitskerfi,

16) „eðlislæg áhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, áður en tillit er tekið til áhrifa tengdrar eftirlitsstarfsemi,

17) „eftirlitsáhætta“: næmleiki mæliþáttar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir rangfærslum sem gætu verið verulegar, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir eða greina og leiðrétta tímanlega með eftirlitskerfinu,

18) „sannprófunaráhætta“: áhætta, sem er afleiðing af eðlislægri áhættu, eftirlitsáhættu og uppgötvunaráhættu, á því að sannprófandi láti frá sér óviðunandi sannprófunarálit ef skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars er ekki laus við verulegar rangfærslur,

19) „fullnægjandi áreiðanleiki”: hátt en ekki fullkomið áreiðanleikastig, sem er tilgreint á skýran hátt í sannprófunarálitinu, er varðar það að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem á að sannprófa, sé laus við verulegar rangfærslur,

20) „greiningarferli“: greining á sveiflum og tilhneigingum í gögnunum, þ.m.t. greining á tengslum sem eru í ósamræmi við aðrar viðkomandi upplýsingar eða sem sýna frávik frá þeim gildum sem búist var við,

21) „innri sannprófunargögn“: öll innri gögn sem sannprófandi hefur tekið saman til að skrá öll skrifleg sönnunargögn og rök fyrir starfsemi sem er innt af hendi við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

22) „yfiráttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“: úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem sér um að stjórna og hafa eftirlit með sannprófunarhóp og ber ábyrgð á framkvæmd og skýrslugjöf varðandi sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

23) „úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir“: einstaklingur í sannprófunarhóp, sem ber ábyrgð á að annast sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, annar en yfiráttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir,

24) „tæknisérfræðingur“: einstaklingur sem lætur í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á við framkvæmd sannprófunarstarfa að því er varðar III. kafla og við framkvæmd faggildingarstarfsemi að því er varðar V. kafla,

25) „áreiðanleikastig“: það stig áreiðanleika sem sannprófandi veitir varðandi sannprófunarskýrsluna á grundvelli þess markmiðs að minnka sannprófunaráhættuna í ljósi aðstæðna við sannprófunarverkefnið,

26) „matsmaður“: einstaklingur sem faggildingarstofa aðildarríkis hefur falið að annast mat á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð, annaðhvort sérstaklega eða sem þátttakandi í matshóp,

27) „yfirmatsmaður“: matsmaður sem hefur verið falin heildarábyrgð á mati á sannprófanda samkvæmt þessari reglugerð,

28) „skýrsla um grunngögn“: skýrsla sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…,

29) „skýrsla með gögnum um nýja aðila“: skýrsla sem rekstraraðili leggur fram skv. 2. mgr. 5. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/….

4. gr.

Fyrirframætlað samræmi

Ef sannprófandi sýnir fram á að hann uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum, eins og skilgreint er í 9. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skal hann teljast uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í II. og III. kafla í þessari reglugerð, að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur.

5. gr.

Almennur rammi um faggildingu

Ef ekki er í þessari reglugerð mælt fyrir um sértæk ákvæði um samsetningu faggildingarstofa aðildarríkjanna eða um starfsemi og kröfur sem tengjast faggildingu skulu viðeigandi ákvæði í reglugerð (EB) nr. 765/2008 gilda.

II. KAFLI

SANNPRÓFUN

6. gr.

Áreiðanleiki sannprófunar

Sannprófuð losunarskýrsla, skýrsla um grunngögn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila skal vera áreiðanleg fyrir notendur. Í henni skal koma fram raunsönn mynd af því sem fjallað er um eða því sem ætla mætti með sanngjörnum hætti að hún sýni.

Ferlið við að sannprófa skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars skal vera skilvirkt og áreiðanlegt tæki til stuðnings við gæðatryggingar- og gæðaeftirlitsaðferðir þar sem koma fram upplýsingar sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars getur nýtt sér til að bæta skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf er varðar losun eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

7. gr.

Almennar skyldur sannprófanda

1. Sannprófandi skal annast sannprófunina og þau störf sem krafist er samkvæmt þessum kafla með það að markmiði að leggja fram sannprófunarskýrslu þar sem komist er að þeirri niðurstöðu með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

2. Sannprófandi skal skipuleggja og annast sannprófun með faglegri gagnrýni með hliðsjón af því að aðstæður geta verið þannig að þær verði til þess að upplýsingar í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars innihaldi verulegar rangfærslur.

3. Sannprófanda ber að annast sannprófunina í þágu almannahagsmuna og vera óháður rekstraraðila eða umráðanda loftfars og lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á tilskipun 2003/87/EB.

4. Meðan á sannprófun stendur skal sannprófandi meta hvort:

a) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé fullgerð og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í X. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) …/…, eins og við á,

b) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi farið að kröfunum í leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda og vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun og kröfunum í vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra,

c) að því er varðar skýrslu rekstraraðilans um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, að rekstraraðilinn hafi farið að kröfunum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

d) gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars séu laus við verulegar rangfærslur,

e) hægt sé að útvega upplýsingar til stuðnings starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnaflæði, eftirlitskerfi þeirra og verklagsreglur sem þessu tengjast til að bæta megi skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf.

Þrátt fyrir c-lið skal sannprófandinn meta hvort áætlun rekstraraðilans um aðferðafræði við vöktun sé í samræmi við kröfurnar í framseldri reglugerð (ESB) …/… ef áætlunin um aðferðafræði við vöktun er ekki háð samþykki lögbærs yfirvalds fyrir framlagningu skýrslu um grunngögn. Ef sannprófandinn uppgötvar að áætlun um aðferðafræði við vöktun er ekki í samræmi við framselda reglugerð (ESB) …/… skal rekstraraðilinn breyta áætluninni um aðferðafræði við vöktun þannig að hún sé í samræmi við þá reglugerð.

Að því er varðar d-lið í þessari málsgrein skal sannprófandi afla skýrra og hlutlægra sannana hjá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem styðja uppgefna uppsafnaða losun, tonnkílómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, að teknu tilliti til allra annarra upplýsinga sem veittar eru í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

5. Ef sannprófandi uppgötvar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars fer ekki eftir ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða framseldrar reglugerðar (ESB) …/… skal greint frá því fráviki í sannprófunarskýrslunni, jafnvel þótt lögbært yfirvald hafi samþykkt vöktunaráætlunina eða áætlunina um aðferðafræði við vöktun sem um ræðir.

6. Ef lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina skv. 12. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða ef hún er ófullgerð eða ef gerðar hafa verið á henni mikilvægar breytingar á skýrslutímabilinu, sem um getur í 3. eða 4. mgr. 15. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt í framhaldinu, skal sannprófandi ráðleggja rekstraraðila eða umráðanda loftfars að afla sér nauðsynlegs samþykkis frá lögbæra yfirvaldinu.

Ef áætlun um aðferðafræði við vöktun er háð samþykki lögbærs yfirvalds fyrir framlagningu skýrslu um grunngögn skv. 4. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/… og áætlunin um aðferðafræði við vöktun hefur ekki verið samþykkt eða er ófullgerð eða ef gerðar hafa verið á henni mikilvægar breytingar, sem um getur í 5. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, sem lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt skal sannprófandinn ráðleggja rekstraraðilanum að afla sér nauðsynlegs samþykkis frá lögbæra yfirvaldinu.

Að fengnu samþykki frá lögbæra yfirvaldinu skal sannprófandinn halda áfram sannprófunarstörfum sínum, endurtaka þau eða aðlaga, til samræmis við það.

Ef samþykkis hefur ekki verið aflað áður en sannprófunarskýrslan er gefin út skal sannprófandinn geta þess í sannprófunarskýrslunni.

8. gr.

Skuldbindingar áður en samningur er gerður

1. Áður en sannprófandi tekur að sér sannprófunarverkefni skal hann afla sér tilhlýðilegrar þekkingar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars og meta hvort hann geti tekið að sér sannprófunina. Í þessu skyni skal sannprófandinn a.m.k.:

a) meta áhættuna sem fylgir því að taka að sér sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

b) taka að sér að fara yfir upplýsingar, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafa lagt fram, til þess að geta metið umfang sannprófunarinnar,

c) meta hvort verkefnið falli innan gildissviðs faggildingar hans,

d) meta hvort hann búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að geta valið sannprófunarhóp sem er fær um að fást við flókin atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans sem og meta hvort honum sé fært að ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er,

e) meta hvort hann sé fær um að tryggja að hugsanlegur sannprófunarhópur, sem hann hefur á sínum snærum, hafi yfir að búa þeirri hæfni og mannafla sem krafist er til að inna af hendi sannprófunarstörf fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

f) ákvarða þann tíma sem nauðsynlegur er til að framkvæma sannprófunina á tilhlýðilegan hátt, að því er varðar hvert umbeðið sannprófunarverkefni fyrir sig.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal útvega sannprófanda allar viðeigandi upplýsingar sem gera sannprófandanum kleift að sinna þeirri starfsemi sem um getur í 1. mgr.

9. gr.

Ráðstöfun á tíma

1. Þegar metið er hversu mikinn tíma þarf fyrir sannprófunarverkefni eins og um getur í f-lið 1. mgr. 8. gr. skal sannprófandi a.m.k. taka tillit til:

a) flókinna atriði í tengslum við stöðvar eða starfsemi umráðanda loftfars og flugflota hans,

b) upplýsingastigsins og hversu flókin vöktunaráætlunin er sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,

c) þess mikilvægisstigs sem krafist er,

d) þess hversu flókin eða heildstæð starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars er í tengslum við gagnaflæði, sem og eftirlitskerfi hans,

e) staðsetningar upplýsinga og gagna sem varða losun gróðurhúsalofttegunda, gagna um tonnkílómetra eða gagna sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

2. Sannprófandi skal tryggja að í samningi um sannprófun sé kveðið á um möguleika á aukatíma til viðbótar við þann tíma sem samið er um í samningnum ef þörf er á slíkum viðbótartíma í tengslum við skipulega greiningu, áhættugreiningu eða önnur sannprófunarstörf. Aðstæður þar sem getur reynst þörf á viðbótartíma skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) á meðan á sannprófun stendur kemur í ljós að starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitsstarfsemi eða birgðastjórnun rekstraraðila eða umráðanda loftfars virðist flóknari en í upphafi var búist við,

b) ef sannprófandinn hefur uppgötvað rangfærslur, ósamræmi, ófullnægjandi gögn eða skekkjur í gagnasöfnum á meðan á sannprófun stendur.

3. Sannprófandi skal skrá þann tíma sem ráðstafað er í innri sannprófunargögnum.

10. gr.

Upplýsingar frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars

1. Áður en skipuleg greining á sér stað og á öðrum tímapunktum meðan á sannprófuninni stendur skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega sannprófanda allar eftirfarandi upplýsingar:

a) leyfi rekstraraðila til losunar gróðurhúsalofttegunda ef það varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun,

b) nýjustu útgáfu af vöktunaráætlun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og allar aðrar viðeigandi útgáfur af vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þ.m.t. sannanir fyrir samþykki hennar,

c) nýjustu útgáfu af áætlun rekstraraðila um aðferðafræði við vöktun, sem og allar aðrar viðeigandi útgáfur af áætluninni um aðferðafræði við vöktun, þ.m.t., eftir atvikum, sannanir fyrir samþykki hennar,

d) lýsingu á starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við gagnaflæði,

e) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem um getur í a-lið 2. mgr. 59. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…, eins og við á, og lýsingu á heildareftirlitskerfinu,

f) eftir atvikum, einfaldaða óvissumatið sem um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…,

g) aðferðir sem getið er í vöktunaráætluninni eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun, þ.m.t. verklagsreglur vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit,

h) árlega losun rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skýrslu um tonnkílómetra, skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, eins og við á,

i) skýrslur um grunngögn frá fyrri úthlutunartímabilum fyrir fyrri úthlutunaráfanga og ársskýrslur um starfsemisstig frá fyrri árum, sem lagðar voru fyrir lögbært yfirvald vegna 21. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, ef við á,

j) eftir atvikum, úrtaksáætlun rekstraraðila eins og um getur í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 og lögbært yfirvald hefur samþykkt,

k) ef vöktunaráætluninni hefur verið breytt á skýrslutímabilinu, skýrslu þar sem tilgreindar eru allar breytingar í samræmi við 3. mgr. 16. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

l) eftir atvikum, skýrsluna sem um getur í 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

m) sannprófunarskýrslu frá næstliðnu ári eða næstliðnu grunntímabili, eins og við á, ef sannprófandinn annaðist ekki sannprófun fyrir þennan tiltekna rekstraraðila eða umráðanda loftfars á því sama ári eða sama grunntímabili, eins og við á,

n) öll viðeigandi bréfaskipti við lögbært yfirvald, einkum upplýsingar sem varða tilkynningu um breytingar á vöktunaráætluninni eða á áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,

o) upplýsingar um gagnagrunna og gagnalindir sem notaðar eru við vöktun og skýrslugjöf, þ.m.t. þær sem koma frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða annarri viðeigandi stofnun,

p) þegar sannprófunin varðar skýrslu um losun frá stöð sem gegnir því hlutverki að geyma gróðurhúsalofttegundir í jörðu á geymslusvæði eins og heimilað er samkvæmt tilskipun 2009/31/EB: vöktunaráætlunina sem krafist er í þeirri tilskipun og skýrslurnar sem krafist er skv. 14. gr. þeirrar tilskipunar, sem ná a.m.k. yfir skýrslutímabil skýrslunnar um losun sem skal sannprófa,

q) eftir atvikum, samþykki lögbærs yfirvalds fyrir því að vettvangsheimsókn til stöðva skv. 1. mgr. 31. gr. þurfi ekki að fara fram,

r) sönnunargögn rekstraraðilans sem sýna fram á að óvissumörk séu virt að því er varðar aðferðarþrepin sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni,

s) allar aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir skipulag og framkvæmd sannprófunarinnar.

2. Áður en sannprófandi gefur út sannprófunarskýrslu skal rekstraraðili eða umráðandi loftfars útvega honum viðurkennda lokaskýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hlutaðeigandi aðili hefur sjálfur fullgilt.

11. gr.

Skipuleg greining

1. Við upphaf sannprófunar skal sannprófandi meta líklegt eðli og umfang sannprófunarverkefnanna og hversu flókin þau kunna að reynast með því að framkvæma skipulega greiningu á allri starfsemi sem viðkemur stöðinni eða umráðanda loftfars.

2. Til þess að hafa skilning á starfsemi sem fer fram hjá stöð eða umráðanda loftfars skal sannprófandi safna upplýsingum sem þörf er á og fara yfir þær til að meta hvort sannprófunarhópurinn sé tilhlýðilega hæfur til að annast sannprófunina, hvort gert hafi verið ráð fyrir raunhæfum tíma til verksins í samningnum og til að tryggja að hann sé fær um að framkvæma nauðsynlega áhættugreiningu. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr.,

b) það mikilvægisstig sem krafist er,

c) upplýsingarnar sem fengist hafa úr sannprófunum á næstliðnum árum ef sannprófandinn annast sannprófun fyrir sama rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

3. Við yfirferð á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. skal sannprófandinn a.m.k. meta eftirfarandi:

a) að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun: flokkun stöðvarinnar sem um getur í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 og starfseminnar sem fram fer á þeirri stöð,

b) að því er varðar sannprófun á skýrslu umráðanda loftfars um losun eða tonnkílómetra: umfang og eðli umráðanda loftfarsins, dreifing upplýsinga á mismunandi stöðum sem og fjöldi fluga og tegund þeirra,

c) vöktunaráætlun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlun um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem og nákvæma útlistun á vöktunaraðferðunum sem mælt er fyrir um í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á,

d) eðli, umfang og samsetningu á upptökum losunar og efnisstraumum, sem og búnað og ferli sem hafa leitt af sér losunina, gögn um tonnkílómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, þ.m.t. mælibúnaður sem lýst er í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, grundvöll og beitingu reiknistuðla og aðrar upprunalegar gagnalindir,

e) starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitskerfi og eftirlitsumhverfi.

4. Við framkvæmd skipulegrar greiningar skal sannprófandi athuga eftirfarandi:

a) hvort vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem lögð er fyrir hann sé nýjasta útgáfan og, ef þess er krafist, samþykkt af lögbæru yfirvaldi,

b) hvort gerðar hafi verið einhverjar breytingar á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu eða á áætluninni um aðferðafræði við vöktun á grunntímabilinu, eins og við á,

c) eftir atvikum, hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um breytingarnar, sem um getur í b-lið, skv. 1. mgr. 15. gr. eða 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 2. mgr. 15. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar,

d) eftir atvikum, hvort lögbæru yfirvaldi hafi verið tilkynnt um breytingarnar, sem um getur í b-lið, skv. 3. mgr. 9. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/… eða lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

12. gr.

Áhættugreining

1. Sannprófandi skal auðkenna og greina eftirfarandi þætti til þess að geta hannað, skipulagt og framkvæmt sannprófun með skilvirkum hætti:

a) eðlislæga áhættu,

b) eftirlitsstarfsemi,

c) ef eftirlitsstarfseminni, sem um getur í b-lið, hefur verið hrint í framkvæmd: eftirlitsáhættu varðandi skilvirkni þessarar eftirlitsstarfsemi.

2. Þegar þeir þættir sem um getur í 1. mgr. hafa verið auðkenndir og greindir skal sannprófandi a.m.k. taka til athugunar:

a) niðurstöður skipulegrar greiningar sem um getur í 1. mgr. 11. gr.,

b) upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og c-lið 2. mgr. 11. gr.,

c) mikilvægisstigið sem um getur í b-lið 2. mgr. 11. gr.

3. Ef sannprófandi ákvarðar að rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi vanrækt að tilgreina viðeigandi eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu í áhættumati sínu skal sannprófandinn upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um það.

4. Í ljósi upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur skal sannprófandi endurskoða áhættugreininguna, eftir því sem við á, og breyta sannprófunarstörfunum sem á að vinna eða endurtaka þau.

13. gr.

Sannprófunaráætlun

1. Sannprófandi skal gera drög að sannprófunaráætlun í réttu samræmi við þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér og áhættu sem hann hefur greint meðan á skipulegri greiningu og áhættugreiningu stóð og skal hún a.m.k. innihalda:

a) sannprófunarskipulagsáætlun þar sem eðli og umfangi sannprófunarstarfanna er lýst sem og með hvaða hætti og á hve löngum tíma þau verði innt af hendi,

b) prófunaráætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við prófun á eftirlitsstarfsemi sem og verklagsreglum vegna eftirlitsstarfseminnar,

c) gagnaúrtaksáætlun þar sem greint er frá umfangi og aðferðum við úrtöku á gögnum sem varða þá gagnapunkta sem liggja til grundvallar uppsafnaðri losun í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun, gögnum um uppsafnaða tonnkílómetra í skýrslu umráðanda loftfars um tonnkílómetra eða uppsöfnuðum gögnum, sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds, í skýrslu rekstraraðilans um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila.

2. Sannprófandi skal skipuleggja prófunaráætlunina sem um getur í b-lið 1. mgr. með þeim hætti að mögulegt sé að ákvarða að hve miklu marki hægt er að reiða sig á viðkomandi eftirlitsstarfsemi í þeim tilgangi að meta hvort kröfurnar, sem getið er í b, c- eða d-lið 4. mgr. 7. gr. eða í annarri undirgrein 4. mgr.7. gr., hafi verið uppfylltar.

Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna prófunar á eftirlitsstarfseminni skal sannprófandinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:

a) eðlislæga áhættu,

b) eftirlitsumhverfið,

c) viðeigandi eftirlitsstarfsemi,

d) þá kröfu að skila sannprófunaráliti með fullnægjandi áreiðanleika.

3. Við ákvörðun á umfangi úrtöku og úrtökustarfsemi vegna úrtöku á gögnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. skal sannprófandinn taka eftirfarandi þætti til athugunar:

a) eðlislæga áhættu og eftirlitsáhættu,

b) niðurstöður úr greiningarferlum,

c) kröfuna um að gera sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika,

d) mikilvægisstigið,

e) mikilvægi áhrifa af völdum einstakra gagnastaka á heildargagnasafnið.

4. Sannprófandi skal skipuleggja og framkvæma sannprófunaráætlun þannig að dregið sé úr sannprófunaráhættu að viðunandi marki til þess að hægt sé að ná fram fullnægjandi áreiðanleika um að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

5. Sannprófandi skal uppfæra áhættugreininguna og sannprófunaráætlunina og aðlaga sannprófunarstörf sín meðan á sannprófun stendur ef hann uppgötvar viðbótaráhættu sem nauðsynlegt er að draga úr eða ef áhættan er minni en upphaflega var búist við.

14. gr.

Sannprófunarstörf

Sannprófandi skal framkvæma sannprófunaráætlunina og hafa eftirlit með því, á grundvelli áhættugreiningarinnar, að vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sé framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.

Í því skyni skal sannprófandi a.m.k. framkvæma umfangsmikla prófun sem samanstendur af greiningarferlum, sannprófun á gögnum og athugun á vöktunaraðferðum og athuga eftirfarandi:

a) starfsemi í tengslum við gagnaflæði og kerfi sem notuð eru við gagnaflæðið, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi,

b) hvort eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé skjalfest, framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt og skilvirk til að draga úr eðlislægri áhættu,

c) hvor þær aðferðir sem taldar eru upp í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, séu skilvirkar til að draga úr eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu og hvort aðferðirnar séu framkvæmdar, nægilega skjalfestar og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt.

Að því er varðar a-lið annarrar málsgreinar skal sannprófandi fylgja gagnaflæðinu eftir og fylgja röð og samspili starfsemi í tengslum við gagnaflæðið frá grunngögnunum til gagnasafnsins sem fram kemur í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

15. gr.

Greiningarferli

1. Sannprófandi skal nota greiningarferli til að meta sennileika og heilleika gagna ef eðlislæg áhætta, eftirlitsáhætta og réttleiki að því er varðar eftirlitsstarfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars sýnir að þörf sé á slíkum greiningarferlum.

2. Við framkvæmd greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófandi meta uppgefin gögn til að greina hugsanleg áhættusvið og í framhaldi af því fullgilda fyrirhuguð sannprófunarstörf og aðlaga þau eftir þörfum. Sannprófandi skal a.m.k.:

a) meta sennileika að því er varðar sveiflur og þróunarhorfur á lengra tímabili eða milli sambærilegra liða,

b) greina bein frávik (e. *immediate outliers*), óvænt gögn og eyður í gögnum,

3. Við beitingu greiningarferlanna, sem um getur í 1. mgr., skal sannprófandinn framkvæma eftirfarandi:

a) bráðabirgðagreiningarferli á samanteknum gögnum áður en starfsemin, sem um getur í 14. gr., fer fram til þess að skilja eðli uppgefinna gagna, hversu flókin þau eru og mikilvægi þeirra,

b) umfangsmikil greiningarferli á samanteknum gögnum og gagnapunktum sem liggja þessum gögnum til grundvallar í þeim tilgangi að greina hugsanlegar kerfislægar skekkjur og bein frávik,

c) lokagreiningarferli á samanteknum gögnum til að tryggja að leyst hafi verið úr öllum skekkjum, sem greindar voru meðan á sannprófunarferlinu stóð, á réttan hátt.

4. Ef sannprófandi greinir frávik, sveiflur, tilhneigingar, eyður í gögnum eða gögn sem eru í ósamræmi við aðrar viðeigandi upplýsingar eða eru umtalsvert frábrugðin því magni eða þeim hlutföllum sem búist var við skal sannprófandinn afla sér útskýringa, sem studdar eru viðbótarsönnunum sem máli skipta, frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Á grundvelli þessara útskýringa og viðbótarsannana sem veitt eru skal sannprófandi meta áhrifin á sannprófunaráætlunina og þau sannprófunarstörf sem á að inna af hendi.

16. gr.

Sannprófun á gögnum

1. Sannprófandi skal sannprófa gögnin í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars með ítarlegum prófunum á þeim, þ.m.t. með því að rekja gögnin aftur til upprunalegrar gagnalindar, bera gögn saman við utanaðkomandi gagnalindir, framkvæma afstemmingar, athuga viðmiðunarmörk varðandi viðeigandi gögn og framkvæma endurútreikninga.

2. Hluti sannprófunar á gögnunum, sem um getur í 1. mgr. og að teknu tilliti til samþykktrar vöktunaráætlunar eða áætlunar um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, þ.m.t. aðferðir sem lýst er í þeirri áætlun, skal felast í því að sannprófandi athugi:

a) mörk stöðvar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun,

b) mörk stöðvar og undirstöðva hennar, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila,

c) heilleika efnisstrauma og upptök losunar eins og þeim er lýst í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila,

d) að flug sem heyra undir flugstarfsemi sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem umráðandi loftfars ber ábyrgð á, sem og gögn um losun og gögn um tonnkílómetra, eftir því sem við á, séu heildstæð, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnkílómetra,

e) samræmi milli uppgefinna gagna og massaskráa og jafnvægisskráa, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun og skýrslu um tonnkílómetra,

f) samræmi milli uppsafnaðrar eldsneytisnotkunar og gagna um eldsneytiskaup eða eldsneyti sem er útvegað með öðrum hætti á flugvélar sem sinna flugstarfsemi, í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu umráðanda loftfars um losun,

g) samræmi milli uppsafnaðra uppgefinna gagna í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og upprunalegra gagnalinda,

h) mæligildi með því að nota niðurstöður útreikninga, sem rekstraraðili framkvæmir í samræmi við 46. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, ef rekstraraðilinn notar mælimiðaða aðferð sem um getur í 1. mgr. 21. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar,

i) áreiðanleika og nákvæmni gagnanna.

3. Til þess að athuga hvort flug séu heildstæð, eins og um getur í d-lið 2. mgr., skal sannprófandinn nota flugumferðargögn frá umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem aflað er frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu eða öðrum viðeigandi stofnunum sem geta unnið úr upplýsingum um flugumferð eins og þeim sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur aðgang að.

17. gr.

Sannprófun á réttri beitingu á vöktunaraðferðum

1. Sannprófandi skal hafa eftirlit með því hvort vöktunaraðferð sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt í vöktunaráætluninni, þ.m.t. sértækar upplýsingar í þeirri vöktunaraðferð.

2. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandi hafa eftirlit með því hvort úrtaksáætluninni, sem um getur í 33. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, sé beitt á réttan hátt og hún framkvæmd eins og lögbært yfirvald hefur samþykkt hana.

3. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu rekstraraðilans um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn athuga hvort aðferðinni til að safna gögnum og vakta þau, sem er skilgreind í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, sé beitt á réttan hátt, þ.m.t.:

a) hvort öll gögn um losun, ílag, frálag og orkuflæði séu rakin rétt til undirstöðva í samræmi við kerfismörkin eins og um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) …/…,

b) hvort gögnin séu fullgerð og hvort eyður í gögnum eða tvítalning hafi átt sér stað,

c) hvort starfsemisstig fyrir vöruviðmiðanir byggist á réttri beitingu vöruskilgreininga sem eru tilgreindar í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) …/…,

d) hvort starfsemisstig hafi verið rakin rétt til undirstöðva með varmaviðmiðun, undirstöðvar með fjarhitun, undirstöðva með eldsneytisviðmiðun og undirstöðvar með losun við vinnslu samkvæmt þeim vörum sem voru framleiddar og samkvæmt framseldum gerðum sem voru samþykktar skv. 5. mgr. 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB.

4. Þegar fluttur koltvísýringur er dreginn frá í samræmi við 49. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða flutt niturоxíð er ekki talið í samræmi við 50. gr. þeirrar reglugerðar og koltvísýringurinn eða niturоxíðið er mælt, bæði hjá stöðinni þaðan sem það er flutt og stöðinni sem tekur við því, skal sannprófandinn athuga hvort hægt sé að útskýra mismun milli mæligilda beggja stöðvanna með óvissuþáttum í mælikerfum og hvort rétt meðalgildi mældra gilda hafi verið notuð í skýrslum um losun hjá báðum stöðvum.

Ef ekki er hægt að útskýra mismun milli mæligilda hjá stöðvunum með óvissuþáttum í mælikerfum skal sannprófandinn athuga hvort gerðar hafa verið breytingar til að samræma mismuninn milli mæligilda, hvort þessar breytingar hafi verið hófsamar og hvort lögbært yfirvald hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkum breytingum.

5. Ef þess er krafist af rekstraraðilum, skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, að vöktunaráætlunin feli í sér fleiri þætti sem skipta máli við að uppfylla kröfur 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ([12]) skal sannprófandinn hafa eftirlit með því að verklagsreglunum, sem um getur í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012, sé beitt og þær framkvæmdar á réttan hátt. Í þessu samhengi skal sannprófandinn einnig athuga hvort rekstraraðilinn hafi lagt fram upplýsingar um áætlaðar eða orðnar breytingar á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar fyrir lögbæra yfirvaldið fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu.

([12]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

18. gr.

Sannprófun á aðferðum sem beitt er ef gögn vantar

1. Ef aðferðir, sem mælt er fyrir um í vöktunaráætlun sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, hafa verið notaðar til að fullgera gögn sem vantar skv. 66. gr framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófandinn athuga hvort aðferðirnar sem voru notaðar hafi verið viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur fengið samþykki frá lögbæru yfirvaldi fyrir því að nota aðrar aðferðir en þær sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 66. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófandinn athuga hvort samþykktri aðferð hafi verið réttilega beitt og hún tilhlýðilega skjalfest.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars er ekki fær um að afla slíks samþykkis tímanlega skal sannprófandinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars nota til að fullgera gögn sem vantar, tryggi að losun sé ekki vanmetin og að aðferðin leiði ekki af sér verulegar rangfærslur.

2. Sannprófandinn skal athuga skilvirkni eftirlitsstarfsemi sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars framkvæmir til að koma í veg fyrir að gögn vanti sem um getur í 66. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

3. Ef gagnaeyður hafa myndast í skýrslum um grunngögn eða skýrslum með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn athuga hvort mælt er fyrir um aðferðir til að fást við eyður í gögnum skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/… í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, hvort þessar aðferðir voru viðeigandi í þeim tilteknu aðstæðum og hvort þeim hafi verið beitt á réttan hátt.

Ef ekki er mælt fyrir um viðeigandi aðferð varðandi eyður í gögnum í áætluninni um aðferðafræði við vöktun skal sannprófandinn athuga hvort aðferðin, sem rekstraraðilinn notaði til að bæta upp fyrir gögnin sem vantaði, byggist á réttmætum sönnunargögnum og tryggi að gögnin, sem krafist er með framseldri reglugerð (ESB) …/…, séu hvorki vanmetin né ofmetin.

19. gr.

Mat á óvissu

1. Þegar þess er krafist í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að rekstraraðili sýni fram á að hann fari eftir ákvæðum um óvissumörk í gögnum um starfsemi og reiknistuðla, skal sannprófandinn staðfesta réttmæti upplýsinganna sem notaðar eru til að reikna út óvissustig í samræmi við samþykkta vöktunaráætlun.

2. Ef rekstraraðili beitir vöktunaraðferðum sem ekki byggjast á aðferðarþrepum, eins og um getur í 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófandinn athuga eftirfarandi upplýsingar:

a) hvort rekstraraðili hafi látið fara fram mat og mælingu á óvissuþáttum sem sýna fram á að heildaróvissumörkin, sem krafist er að því er varðar árlega losun gróðurhúsalofttegunda skv. c-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, séu virt,

b) sannprófun á upplýsingunum sem notaðar eru við mat og mælingu á óvissu,

c) hvort heildarstefnan sem notuð er við mat og mælingu á óvissu sé í samræmi við b-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

d) hvort lagðar séu fram sannanir fyrir því að skilyrði fyrir vöktunaraðferðunum, sem um getur í a-lið 22. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, hafi verið uppfyllt.

3. Ef þess er krafist í framseldri reglugerð (ESB) …/… að rekstraraðilinn framkvæmi einfaldað óvissumat skal sannprófandinn staðfesta gildi upplýsinganna sem eru notaðar í því mati.

20. gr.

Úrtaka

1. Þegar samkvæmni eftirlitsstarfsemi og aðferða, sem um getur í b- og c- lið 14. gr., er athuguð eða þegar gerðar eru athuganir, sem um getur í 15. og 16. gr., getur sannprófandinn notað úrtökuaðferðir sem eru sérsniðnar að tiltekinni stöð eða umráðanda loftfars, að því tilskildu að úrtakan sé réttlætanleg á grundvelli áhættugreiningar.

2. Ef sannprófandi greinir ósamræmi eða rangfærslur meðan á úrtöku stendur skal hann krefja rekstraraðila eða umráðanda loftfars um útskýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslnanna, með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar hafa á uppgefin gögn. Sannprófandinn skal ákveða, á grundvelli niðurstöðu úr því mati, hvort þörf sé á viðbótarsannprófunarstörfum, hvort stækka þurfi úrtakið og hvaða hluta gagnanna rekstraraðili eða umráðandi loftfars þarf að leiðrétta.

3. Sannprófandinn skal gera grein fyrir niðurstöðum athugananna sem um getur í 14. til 17. gr., þ.m.t. upplýsingar úr viðbótarúrtökum, í innri sannprófunargögnum.

21. gr.

Vettvangsheimsóknir

1. Á einum eða fleiri viðeigandi tímapunktum meðan á sannprófunarferlinu stendur skal sannprófandinn fara í vettvangsheimsókn til þess að meta virkni mælibúnaðar og vöktunarkerfa, til þess að taka viðtöl, til þess að sinna þeim störfum sem honum er skylt að annast samkvæmt þessum kafla sem og til þess að safna fullnægjandi upplýsingum og sönnunum svo hann geti ákvarðað hvort skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal veita sannprófanda aðgang að svæðum sínum.

3. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun skal sannprófandinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta mörk stöðvarinnar, sem og heilleika efnisstrauma og upptök losunar.

4. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn einnig nýta sér vettvangsheimsóknina til að meta mörk stöðvarinnar og undirstöðva hennar sem og heilleika efnisstrauma, upptök losunar og tæknilegar tengingar.

5. Að því er varðar sannprófun á skýrslu rekstraraðila um losun, skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal sannprófandinn ákveða, á grundvelli áhættugreiningar, hvort þörf sé á að heimsækja aðra staði, þ.m.t. ef mikilvægir þættir í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi fara fram annars staðar, s.s. í höfuðstöðvum fyrirtækis eða öðrum skrifstofum fjarri vettvangi.

22. gr.

Viðbrögð við rangfærslum, ósamræmi og vanefndum

1. Ef sannprófandinn greinir rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/…, eins og við á, við sannprófunina skal hann upplýsa rekstraraðilann eða umráðanda loftfars um það tímanlega og fara fram á viðeigandi leiðréttingar.

Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leiðrétta allar rangfærslur og ósamræmi sem honum er tilkynnt um.

Ef vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/… hafa greinst skal rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars tilkynna það lögbæru yfirvaldi og lagfæra vanefndirnar eins og við á án ástæðulausrar tafar.

2. Allar rangfærslur, ósamræmi eða vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/…, eins og við á, sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur leiðrétt meðan á sannprófuninni stóð, skal sannprófandinn skjalfesta í innri sannprófunargögnum og geta þess að leyst hafi verið úr þeim.

3. Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars leiðréttir ekki rangfærslurnar eða ósamræmið sem sannprófandi hefur tilkynnt þeim um í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófandinn krefja rekstraraðilann eða umráðanda loftfarsins um skýringar á meginorsökum ósamræmisins eða rangfærslnanna með það fyrir augum að meta þau áhrif sem ósamræmið eða rangfærslurnar hafa á uppgefin gögn.

Sannprófandinn skal ákvarða hvort óleiðréttar rangfærslur, einar sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, hafi veruleg áhrif á uppgefna heildarlosun, gögn um tonnkílómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds. Við mat á mikilvægi rangfærslna skal sannprófandinn líta á umfang og eðli rangfærslnanna, sem og þær tilteknu aðstæður sem ollu þeim.

Sannprófandinn skal meta hvort óleiðrétt ósamræmi, eitt og sér eða uppsafnað með öðru ósamræmi, hafi áhrif á uppgefin gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars lagfærir ekki vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/… í samræmi við 1. mgr. áður en sannprófandinn gefur út sannprófunarskýrsluna skal sannprófandinn meta hvort ólagfærðu vanefndirnar hafi áhrif á uppgefin gögn og hvort þetta leiði til verulegra rangfærslna.

Sannprófanda er heimilt að líta á rangfærslur sem verulegar jafnvel þótt þær rangfærslur, einar og sér eða uppsafnaðar með öðrum rangfærslum, séu fyrir neðan það mikilvægisstig sem sett er fram í 23. gr., ef slíkt er rökstutt út frá umfangi og eðli rangfærslnanna, sem og þeim tilteknu aðstæðum sem ollu þeim.

23. gr.

Mikilvægisstig

1. Í þeim tilgangi að sannprófa losunarskýrslur skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

a) stöðvar í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og stöðvar í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð,

b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er jöfn eða minni en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

2. Í þeim tilgangi að sannprófa losunarskýrslur skal mikilvægisstigið vera 2% af uppgefinni heildarlosun á skýrslutímabilinu sem fellur undir sannprófunina, fyrir eitthvert af eftirfarandi atriðum:

a) stöðvar í flokki C sem um getur í c-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

b) umráðendur loftfara með árlega losun sem er meiri en sem nemur 500 kílótonnum af koltvísýringi úr jarðefnaeldsneyti.

3. Að því er varðar sannprófun á skýrslum umráðenda loftfara um tonnkílómetra skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnum heildargögnum um tonnkílómetra á skýrslutímabilinu sem sannprófunin nær til.

4. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila skal mikilvægisstigið vera 5% af uppgefnu heildargildi eftirfarandi:

a) heildarlosunar stöðvarinnar, ef gögnin eiga við um losun,

b) summu innflutnings og framleiðslu á hreinum mælanlegum varma, ef við á, ef gögnin eiga við um mælanleg varmagögn,

c) summunnar af magni úrgangslofts sem er innflutt og framleitt innan stöðvarinnar, ef við á,

d) starfsemisstigs hverrar undirstöðvar, sem skiptir máli, með vöruviðmiðun.

24. gr.

Ályktanir um niðurstöður sannprófunar

Við lok sannprófunar og að teknu tilliti til upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur skal sannprófandinn:

a) athuga lokagögn frá rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. gögn sem hafa verið aðlöguð á grundvelli upplýsinga sem aflað er meðan á sannprófun stendur,

b) fara yfir ástæður rekstraraðila eða umráðanda loftfars fyrir hvers kyns mismun milli lokagagna og gagna sem áður voru lögð fram,

c) fara yfir niðurstöður matsins til að ákvarða hvort vöktunaráætluninni, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, þ.m.t. aðferðirnar sem lýst er í viðkomandi áætlun, hafi verið hrint í framkvæmd með réttum hætti,

d) meta hvort sannprófunaráhætta sé á ásættanlega lágu stigi til að ná fram fullnægjandi áreiðanleika,

e) tryggja að nægilegum sönnunum hafi verið safnað til að hann geti veitt sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,

f) tryggja að sannprófunarferlið sé nákvæmlega skjalfest í innri sannprófunargögnum og að hægt sé að leggja fram lokaálit í sannprófunarskýrslunni.

25. gr.

Óháð endurskoðun

1. Sannprófandi skal leggja innri sannprófunargögnin og sannprófunarskýrsluna fyrir óháðan rýni, áður en hann gefur sannprófunarskýrsluna út.

2. Óháði rýnirinn skal ekki hafa annast nein þeirra sannprófunarstarfa sem falla undir endurskoðun hans.

3. Umfang óháðu endurskoðunarinnar skal ná yfir allt sannprófunarferlið sem lýst er í þessum kafla og skrásett í innri sannprófunargögnunum.

Óháði rýnirinn skal framkvæma endurskoðun með þeim hætti sem tryggir að sannprófunarferlið fari fram í samræmi við þessa reglugerð, að verklagsreglunum við sannprófunarstörfin, sem um getur í 41. gr., hafi verið beitt á réttan hátt og að tilhlýðileg fagleg gaumgæfni og dómgreind hafi verið viðhöfð.

Óháði rýnirinn skal einnig meta hvort þær sannanir sem aflað hefur verið nægi til þess að gera sannprófanda kleift að gefa út sannprófunarskýrslu með fullnægjandi áreiðanleika.

4. Ef þær aðstæður verða sem geta leitt til breytinga í sannprófunarskýrslunni eftir endurskoðunina skal óháði rýnirinn einnig endurskoða þær breytingar og sannanir fyrir þeim.

5. Sannprófandinn skal veita einhverjum aðila tilhlýðilega heimild til að sannvotta sannprófunarskýrsluna á grundvelli niðurstaðna óháða rýnisins og sannana í innri sannprófunargögnunum.

26. gr.

Innri sannprófunargögn

1. Sannprófandi skal undirbúa og taka saman innri sannprófunargögn sem innihalda a.m.k.:

a) niðurstöður þeirra sannprófunarstarfa sem unnin hafa verið,

b) skipulega greiningu, áhættugreiningu og sannprófunaráætlun,

c) fullnægjandi upplýsingar til stuðnings við sannprófunarálitið, þ.m.t. rök fyrir mati á því hvort greindar rangfærslur hafi veruleg áhrif á uppgefna losun, gögn um tonnkílómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

2. Innri sannprófunargögnum, sem um getur í 1. mgr., skal hagað með þeim hætti að óháður rýnir, sem um getur í 25. gr., og faggildingarstofa aðildarríkis geti metið hvort sannprófunin hafi farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

Eftir sannvottun á sannprófunarskýrslunni skv. 5. mgr. 25. gr. skal sannprófandinn láta niðurstöður úr óháðu endurskoðuninni fylgja með innri sannprófunargögnunum.

3. Sannprófandi skal, ef um það er beðið, veita lögbæru yfirvaldi aðgang að innri sannprófunargögnunum til að auðvelda lögbæra yfirvaldinu að meta sannprófunina.

27. gr.

Sannprófunarskýrsla

1. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er við sannprófunina skal sannprófandi gefa út sannprófunarskýrslu til rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi sérhverja skýrslu um losun, skýrslu um tonnkílómetra, skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila sem sannprófunin náði til. Í sannprófunarskýrslunni skal komist að a.m.k. einni af eftirfarandi niðurstöðum:

a) skýrslan er metin sem fullnægjandi eftir sannprófun,

b) skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars inniheldur verulegar rangfærslur sem voru ekki leiðréttar áður en sannprófunar-skýrslan var gefin út,

c) gildissvið sannprófunarinnar er of takmarkað skv. 28. gr. og sannprófandinn gat ekki aflað nægilegra sannana til að geta gefið út sannprófunarálit með fullnægjandi áreiðanleika um að skýrslan sé laus við verulegar rangfærslur,

d) ósamræmi, eitt og sér eða uppsafnað með öðru ósamræmi, tekur ekki af öll tvímæli og kemur í veg fyrir að sannprófandinn sýni fram á með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars sé laus við verulegar rangfærslur,

e) ef áætlun um aðferðafræði við vöktun er ekki háð samþykki lögbærs yfirvalds: vanefndir á því að farið sé að framseldri reglugerð (ESB) …/… taka ekki af öll tvímæli og koma í veg fyrir að sannprófandinn sýni fram á með fullnægjandi áreiðanleika að skýrsla um grunngögn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila sé laus við verulegar rangfærslur.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar er einungis heimilt að meta skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars fullnægjandi eftir sannprófun ef skýrslan er laus við verulegar rangfærslur.

2. Rekstraraðili eða umráðandi loftfars skal leggja sannprófunarskýrsluna fyrir lögbært yfirvald ásamt skýrslu rekstraraðila eða flugrekanda sem um ræðir.

3. Í sannprófunarskýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi þættir:

a) heiti rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem sannprófunin náði til,

b) markmið sannprófunarinnar,

c) gildissvið sannprófunarinnar,

d) tilvísun til skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem hefur verið sannprófuð,

e) viðmiðanir sem voru notaðar við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars, þ.m.t. leyfið, eins og við á, og útgáfur vöktunaráætlunar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða áætlunar um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, sem og gildistími hverrar áætlunar,

f) ef um er að ræða sannprófun á grunnskýrslu sem krafist er vegna úthlutunar fyrir tímabilið 2021–2025 og lögbært yfirvald hefur ekki gert kröfu um að áætlunin um aðferðafræði við vöktun sé samþykkt: staðfesting á því að sannprófandinn hafi athugað áætlunina um aðferðafræði við vöktun og að þessi áætlun sé í samræmi við framselda reglugerð (ESB) …/…,

g) ef þeir varða sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars um losun: uppsöfnuð losun eða tonnkílómetrar fyrir hverja starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og fyrir hverja stöð eða umráðanda loftfars,

h) ef þeir varða sannprófun á skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila: samantekin, sannprófuð árleg gögn fyrir hvert ár á grunntímabilinu fyrir hverja undirstöð fyrir árlegt starfsemisstig og losunina sem rakin er til undirstöðvarinnar,

i) skýrslutímabilið eða grunntímabilið sem sannprófunin nær til,

j) ábyrgðarsvið rekstraraðila eða umráðanda loftfars, lögbærs yfirvalds og sannprófanda,

k) yfirlýsing um sannprófunarálit,

l) lýsing á öllum greindum rangfærslum og ósamræmi sem ekki voru leiðrétt áður en sannprófunarskýrslan var gefin út,

m) dagsetningar vettvangsheimsókna og hver annaðist þær,

n) upplýsingar um hvort einhverjar vettvangsheimsóknir féllu niður, sem og ástæður þess að þær féllu niður,

o) öll atriði sem sýna vanefndir á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/…, sem komið hafa fram meðan á sannprófun stóð,

p) ef ekki er hægt að afla samþykkis frá lögbæru yfirvaldi tímanlega fyrir aðferðinni sem notuð er til að fylla upp í eyður í gögnum samkvæmt síðustu undirgrein 1. mgr. 18. gr.: staðfesting á því hvort aðferðin, sem beitt er, sé hófsöm og hvort hún leiði til verulegra rangfærslna eða ekki,

q) yfirlýsing ef aðferðin, sem er notuð til að fylla upp í eyður í gögnum skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…, leiðir til verulegra rangfærslna,

r) ef sannprófandinn hefur tekið eftir breytingum á afkastagetu, starfsemisstigi og rekstri stöðvar, sem gætu haft áhrif á úthlutun losunarheimilda til stöðvar og sem lögbæru yfirvaldi hefur ekki verið tilkynnt um fyrir 31. desember á skýrslutímabilinu í samræmi við 1. mgr. 24. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB: lýsing á þessum breytingum og athugasemdir sem þær varða,

s) tillögur um umbætur, eftir atvikum,

t) nöfn yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðs rýnis, og, ef við á, úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðings sem tóku þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

u) dagsetning og undirskrift fulltrúa sannprófanda sem hefur til þess heimild, þ.m.t. nafn hans.

4. Sannprófandinn skal í sannprófunarskýrslunni lýsa rangfærslum, ósamræmi og vanefndum á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/… með nægilega ítarlegum hætti til að rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem og lögbæru yfirvaldi, sé gert kleift að átta sig á eftirfarandi:

a) umfangi og eðli rangfærslunnar, ósamræmisins eða vanefndanna á því að farið sé að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/…,

b) hvers vegna rangfærslan hefur veruleg áhrif, eða ekki,

c) hvaða þætti í skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars rangfærslan á við um eða hvaða þætti í vöktunaráætluninni eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun ósamræmið á við um,

d) hvaða grein í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða framseldri reglugerð (ESB) …/… vanefndirnar tengjast.

5. Í þeim tilgangi að sannprófa skýrslur um losun eða skýrslur um tonnkílómetra, ef aðildarríki biður sannprófandann að leggja fram upplýsingar um sannprófunarferlið til viðbótar við þættina sem lýst er í 3. mgr. og þær upplýsingar eru ekki nauðsynlegar til að skilja sannprófunarálitið, er rekstraraðila eða umráðanda loftfars heimilt, fyrir skilvirkni sakir, að leggja þær viðbótarupplýsingar fyrir lögbært yfirvald á öðrum degi en sannprófunarskýrsluna, en eigi síðar en 15. maí sama árs.

28. gr.

Takmörkun gildissviðs

Sannprófandi kann að komast að þeirri niðurstöðu að gildissvið sannprófunarinnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr., sé of takmarkað við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) gögn vantar, sem kemur í veg fyrir að sannprófandi geti aflað þeirra sannana sem nauðsyn krefur til að draga úr sannprófunaráhættu að því marki sem þörf er á til að ná fram viðunandi áreiðanleikastigi,

b) lögbært yfirvald hefur ekki samþykkt vöktunaráætlunina,

c) vöktunaráætlunin eða áætlunin um aðferðafræði við vöktun, eins og við á, gerir ekki ráð fyrir viðunandi umfangi eða skýrleika til að ljúka megi sannprófuninni,

d) rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur látið hjá líða að koma fullnægjandi upplýsingum á framfæri til að sannprófanda sé kleift að framkvæma sannprófunina,

e) ef þess er krafist samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) …/… eða af hálfu aðildarríkis að lögbært yfirvald samþykki áætlunina um aðferðafræði við vöktun fyrir framlagningu skýrslunnar um grunngögn og lögbæra yfirvaldið hefur ekki samþykkt þessa áætlun áður en sannprófunin hefst.

29. gr.

Viðbrögð við eftirstandandi ósamræmi sem ekki er verulegt

1. Sannprófandi skal meta hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leiðrétt ósamræmi, sem tilgreint er í sannprófunarskýrslunni, í tengslum við næstliðinn vöktunartíma í samræmi við kröfur til rekstraraðila sem um getur í 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, þar sem við á.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki leiðrétt þetta ósamræmi, skv. 4. mgr. 69. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, skal sannprófandinn íhuga hvort vanrækslan auki eða gæti aukið hættu á rangfærslum.

Sannprófandi skal upplýsa í sannprófunarskýrslunni hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi leyst úr slíku ósamræmi.

2. Sannprófandi skal skrá upplýsingar um það í innri sannprófunargögn hvenær og hvernig rekstraraðili eða umráðandi loftfars leysir úr greindu ósamræmi meðan á sannprófun stendur.

30. gr.

Úrbætur á vöktunar- og skýrslugjafarferli

1. Ef sannprófandi hefur greint svið, sem þarfnast úrbóta í framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars í tengslum við a-til e-lið í þessari málsgrein, skal hann leggja fram tillögur til úrbóta í sannprófunarskýrslunni sem varða framkvæmd rekstraraðila eða umráðanda loftfars varðandi þessa liði:

a) áhættumat rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

b) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlit, sem og mat á eftirlitskerfinu,

c) þróun, skjalahald, framkvæmd og viðhald á verklagsreglum vegna starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi, sem og aðrar verklagsreglur sem rekstraraðili eða umráðandi loftfars verður að koma á samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 eða 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/…,

d) vöktun og skýrslugjöf varðandi losun eða tonnkílómetra, þ.m.t. í tengslum við að ná fram hærra aðferðarþrepi, draga úr áhættu og auka skilvirkni við vöktun og skýrslugjöf,

e) vöktun og skýrslugjöf varðandi gögn fyrir skýrslur um grunngögn og skýrslur um nýja aðila.

2. Meðan á sannprófun stendur á næsta ári eftir það ár sem tillögur til úrbóta voru lagðar fram í sannprófunarskýrslu skal sannprófandinn athuga hvort rekstraraðili eða umráðandi loftfars hafi hrint þessum tillögum til úrbóta í framkvæmd og með hvað hætti það hefur verið gert.

Ef rekstraraðili eða umráðandi loftfars hefur ekki hrint þessum tillögum í framkvæmd eða hefur ekki framkvæmt þær á réttan hátt skal sannprófandinn meta áhrifin sem það hefur á áhættu á rangfærslum og ósamræmi.

31. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir stöðvar

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. er sannprófanda heimilt að ákveða, að fengnu samþykki frá lögbæru yfirvaldi í samræmi við aðra undirgrein þessarar greinar, að fara ekki í vettvangsheimsóknir til stöðva. Þessi ákvörðun skal grundvallast á niðurstöðu úr áhættugreiningu og eftir að sannprófandinn hefur ákvarðað að hægt sé að nálgast öll viðeigandi gögn með fjaraðgangi og að skilyrðin fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir séu uppfyllt. Sannprófandinn skal upplýsa rekstraraðilann um þetta án ástæðulausrar tafar.

Rekstraraðilinn skal leggja fram umsókn til lögbærs yfirvalds þar sem lögbært yfirvald er beðið um að samþykkja ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn.

Lögbært yfirvald skal ákveða út frá umsókninni, sem viðkomandi rekstraraðili leggur fram, hvort það samþykkir ákvörðun sannprófanda um að fara ekki í vettvangsheimsókn, að teknu tilliti til allra eftirfarandi þátta:

a) upplýsinga sem sannprófandi leggur fram varðandi niðurstöður áhættugreiningar,

b) upplýsinga um að hægt sé að nálgast viðkomandi gögn með fjaraðgangi,

c) sannana fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., gildi ekki um stöðina,

d) sannana fyrir því að skilyrðin fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum séu uppfyllt.

2. Ekki er þörf á samþykki lögbæra yfirvaldsins, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir því að sleppa vettvangsheimsóknum til stöðva með litla losun sem um getur í 2. mgr. 47. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

3. Sannprófandi skal ávallt fara í vettvangsheimsókn við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar sannprófandinn sannprófar skýrslu rekstraraðila um losun í fyrsta sinn,

b) ef sannprófandinn hefur ekki farið í vettvangsheimsókn í tvö skýrslutímabil næst á undan núverandi skýrslutímabili,

c) ef mikilvægar breytingar hafa orðið á vöktunaráætluninni á skýrslutímabilinu, þ.m.t. þær sem um getur í 3. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

d) ef skýrsla rekstraraðila um grunngögn eða skýrsla með gögnum um nýja aðila er sannprófuð.

4. Ákvæði c-liðar 3. mgr. gilda ekki ef einungis hafa verið gerðar breytingar á sjálfgildinu fyrir reiknistuðulinn, eins og um getur í h-lið 3. mgr. 15. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, á skýrslutímabilinu.

32. gr.

Skilyrði fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir

Skilyrðin fyrir því að fara ekki í vettvangsheimsóknir, sem um getur í 1. mgr. 31. gr., eru einhver af eftirfarandi:

1) sannprófunin varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:

   a) stöðin er einungis með einn efnisstraum, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, sem er jarðgas, eða einn eða fleiri minni háttar efnisstrauma sem fara samanlagt ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir minni háttar efnisstrauma sem mælt er fyrir um í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

   b) jarðgasið er vaktað með fjármatsmælingu sem fellur undir viðeigandi lagareglur um eftirlit með fjármatsmælum og uppfyllir tilskilin óvissustig sem tengjast viðeigandi aðferðarþrepi,

   c) einungis eru notuð sjálfgildi fyrir reiknistuðla jarðgass,

2) sannprófunin varðar stöð í flokki A, sem um getur í a-lið 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, eða stöð í flokki B, sem um getur í b-lið 2. mgr. 19. gr. í sömu framkvæmdarreglugerð, þar sem:

   a) stöðin er einungis með einn efnisstraum sem er eldsneyti án losunar frá vinnslu og þetta eldsneyti er annaðhvort eldsneyti í föstu formi, sem er brennt beint í stöðinni án millistigsgeymslu, eða fljótandi eða gaskennt eldsneyti sem er e.t.v. sett í millistigsgeymslu,

   b) gögn um starfsemi, sem tengjast efnisstraumnum, eru vöktuð með því að nota eina af eftirtöldum aðferðum:

      i. fjármatsmæliaðferð sem fellur undir viðeigandi lagareglur um eftirlit með fjármatsmælum og uppfyllir tilskilin óvissustig sem tengjast viðeigandi aðferðarþrepi,

      ii. aðferð sem byggist eingöngu á reikningsfærðum gögnum, að teknu tilliti til birgðabreytinga, ef við á,

   c) einungis eru notuð sjálfgildi fyrir reiknistuðlana,

   d) lögbært yfirvald hefur heimilað stöðinni að nota einfaldaða vöktunaráætlun í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066,

3) sannprófunin varðar stöð með litla losun, eins og um getur í 2. mgr. 47. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og ákvæði a- til c-liðar í 2. lið gilda,

4) sannprófunin varðar stöð sem er staðsett á mannlausu svæði þar sem:

   a) fjarmæld gögn frá mannlausa staðnum eru send beint á annan stað þar sem öll gögn eru unnin, þeim stjórnað og þau geymd,

   b) sami aðilinn er ábyrgur fyrir allri gagnastjórnun og skráningu fyrir staðinn,

   c) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælana á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd,

5) sannprófunin varðar stöð sem er staðsett á afskekktu eða óaðgengilegu svæði, einkum stöð á hafi úti, þar sem:

   a) miklu magni upplýsinga er safnað miðlægt af staðnum og sent beint á annan stað þar sem öll gögnin eru unnin, þeim stjórnað og þau geymd með góðri tryggingu fyrir gæðum,

   b) rekstraraðilinn eða rannsóknarstofa hefur þegar skoðað mælana á staðnum, í samræmi við 60. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, og undirritað skjal eða gögn í formi ljósmynda, stimpluð með dagsetningu, sem rekstraraðilinn leggur fram sýna fram á að engar breytingar á mælingum eða rekstri hafa átt sér stað á stöðinni síðan sú skoðun var framkvæmd.

Einnig er heimilt að beita 2. lið ef stöðin notar, til viðbótar við efnisstraum eins og um getur í a-lið þess liðar, einn eða fleiri minni háttar efnisstrauma sem fara samanlagt ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir minni háttar efnisstrauma sem mælt er fyrir um í 19. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

33. gr.

Einfölduð sannprófun fyrir umráðendur loftfara

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar getur sannprófandi ákveðið að fara ekki í vettvangsheimsókn til smálosanda, sem um getur í 1. mgr. 55. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, ef sannprófandinn hefur gengið úr skugga um, á grundvelli áhættugreiningar, að hann geti nálgast öll viðeigandi gögn með fjaraðgangi.

2. Ef flugrekandi notar einfölduðu tækin, sem um getur í 2. mgr. 55. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066, til að ákvarða eldsneytisnotkun, og uppgefin gögn eru til komin með því að nota þessi tæki, óháð innfærslu frá umráðanda loftfarsins, getur sannprófandi ákveðið, á grundvelli áhættugreiningar, að sleppa því að framkvæma athuganirnar sem um getur í 14. og 16. gr., 17. gr. (1. og 2. mgr.) og 18. gr. þessarar reglugerðar.

34. gr.

Einfaldaðar sannprófunaráætlanir

Ef sannprófandi notar einfaldaða sannprófunaráætlun skal hann halda skrá yfir röksemdir fyrir því að nota slíkar áætlanir í innri sannprófunargögnum, þ.m.t. sannanir fyrir því að skilyrði fyrir notkun á einfölduðum sannprófunaráætlunum hafi verið uppfyllt.

III. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA SANNPRÓFENDUR

35. gr.

Gildissvið faggildinga innan geira

Sannprófandi skal eingöngu gefa út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, sem stundar starfsemi sem fellur undir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka, sem sannprófandinn hefur öðlast faggildingu fyrir í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og þessarar reglugerðar.

36. gr.

Stöðugt hæfnisferli

1. Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda hæfnisferli til þess að tryggja að allt starfsfólk, sem falið er að sinna sannprófunarstörfum, sé hæft til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin.

2. Hluti af hæfnisferlinu, sem um getur í 1. gr., felst í því að sannprófandinn skal a.m.k. ákvarða, skjalfesta, framkvæma og viðhalda eftirfarandi:

a) almennum hæfnisviðmiðunum fyrir allt starfsfólk sem fæst við sannprófunarstörf,

b) sértækum hæfnisviðmiðunum fyrir hvert verk sannprófanda sem fæst við sannprófunarstörf, einkum fyrir úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, óháðan rýni og tæknisérfræðing,

c) aðferð til að tryggja stöðuga hæfni og reglulegt mat á frammistöðu alls starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,

d) ferli til að tryggja reglubundna þjálfun starfsfólks sem fæst við sannprófunarstörf,

e) ferli til að meta hvort sannprófunarverkefni falli innan gildissviðs faggildingar sannprófanda og hvort sannprófandi búi yfir hæfni, starfsfólki og úrræðum sem þörf er á til að velja sannprófunarhóp og ljúka sannprófunarstörfum með góðum árangri innan þeirra tímamarka sem krafist er.

Hæfnisviðmiðanirnar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skulu vera sértækar fyrir hvert gildissvið faggildingar sem viðkomandi einstaklingar starfa á við sannprófunarstörf.

Við mat á hæfni starfsfólks samkvæmt c-lið fyrstu undirgreinar skal sannprófandi meta þá hæfni út frá hæfnisviðmiðunum sem um getur í a- og b-lið.

Ferlið, sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar, skal einnig fela í sér ferli til að meta hvort sannprófunarhópurinn hafi yfir að búa allri þeirri hæfni og starfsfólki sem þörf er á til að annast sannprófunarstörf fyrir tiltekinn rekstraraðila eða umráðanda loftfars.

Sannprófandinn skal þróa almennar og sértækar hæfnisviðmiðanir sem eru í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 37. gr. (4. mgr.) og í 38., 39. og 40. gr.

3. Sannprófandinn skal fylgjast reglulega með frammistöðu alls starfsfólks sem annast sannprófunarstörf til að staðfesta stöðuga hæfni starfsfólksins.

4. Sannprófandinn skal fara reglulega yfir hæfnisferlið, sem um getur í 1. mgr., til að tryggja að:

a) hæfnisviðmiðanir, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., séu þróaðar í samræmi við hæfniskröfurnar samkvæmt þessari reglugerð,

b) brugðist sé við öllum atriðum sem kunna að koma fram í tengslum við setningu á almennum og sértækum hæfnisviðmiðunum skv. a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,

c) allar kröfur að því er viðkemur hæfnisferlinu séu uppfærðar og þeim viðhaldið eins og við á.

5. Sannprófandinn skal búa yfir kerfi til að skrá niðurstöður þeirrar starfsemi sem fer fram í tengslum við hæfnisferlið sem um getur í 1. mgr.

6. Tilhlýðilega hæfur matsaðili skal meta hæfni og frammistöðu úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir.

Hæfi matsaðilinn skal fylgjast með viðkomandi úttektarmönnum meðan á sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars stendur, á staðnum þar sem stöðin er eða umráðandi loftfars, eins og við á, til þess að ákvarða hvort þeir uppfylli hæfnisviðmiðanirnar.

7. Ef starfsmaður er ófær um að sýna fram á að hann uppfylli að fullu hæfnisviðmiðanir varðandi tiltekið verkefni sem honum hefur verið falið skal sannprófandinn skilgreina og skipuleggja viðbótarþjálfun eða starfsþjálfun undir eftirliti. Sannprófandinn skal fylgjast með viðkomandi starfsmanni þar til starfsmaðurinn sýnir sannprófandanum fram á að hann uppfylli hæfnisviðmiðanirnar.

37. gr.

Sannprófunarhópar

1. Fyrir sérhvert sannprófunarverkefni skal sannprófandi setja saman sannprófunarhóp sem er fær um að sinna sannprófunarstörfunum sem um getur í II. kafla.

2. Í sannprófunarhópnum skulu a.m.k. vera yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og, ef niðurstöður sannprófanda úr matinu sem um getur í e-lið 1. mgr. 8. gr. og skipulegri greiningu útheimta það, hæfilegur fjöldi af úttektarmönnum viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og tæknisérfræðingum.

3. Að því er varðar óháða endurskoðun á sannprófunarstörfum sem varða tiltekið sannprófunarverkefni skal sannprófandinn tilnefna óháðan rýni sem skal ekki vera hluti af sannprófunarhópnum.

4. Sérhver þátttakandi í hópnum skal:

a) hafa nákvæman skilning á eiginlegu hlutverki sínu í sannprófunarferlinu,

b) vera fær um að tjá sig á skilvirkan hátt á því tungumáli sem nauðsynlegt er til að sinna sértækum verkefnum sínum.

5. Í sannprófunarhópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku þætti sem varða tæknivöktun og skýrslugjöf í tengslum við þá starfsemi, sem um getur í I. viðauka, sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars. Í sannprófunarhópnum skal einnig vera a.m.k. einn einstaklingur sem er fær um að tjá sig á því tungumáli sem er nauðsynlegt við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars í því aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófunina.

Ef sannprófandinn annast sannprófun á skýrslum um grunngögn og skýrslum með gögnum um nýja aðila skal vera a.m.k. einn einstaklingur til viðbótar í sannprófunarhópnum sem býr yfir tæknilegri færni og skilningi sem þarf til að meta þá sértæku tæknilegu þætti sem varða söfnum, vöktun og skýrslugjöf um gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

6. Ef sannprófunarhópurinn er einn einstaklingur skal sá einstaklingur uppfylla allar hæfniskröfur sem gerðar eru til úttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr.

38. gr.

Hæfniskröfur til úttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmanna viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir

1. Úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal búa yfir hæfni til að annast sannprófunina. Í þessu skyni skal úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir a.m.k. búa yfir:

a) þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og reglugerð (ESB) …/…, ef um er að ræða sannprófun á skýrslu um grunngögn eða skýrslu með gögnum um nýja aðila, þessari reglugerð, viðkomandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, gildandi viðmiðunarreglum sem og viðeigandi viðmiðunarreglum og löggjöf sem aðildarríkið, þar sem sannprófandinn annast sannprófun, gefur út,

b) þekkingu og reynslu af úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t.:

i. aðferðir við úttekt á gögnum og upplýsingum, þ.m.t. beiting mikilvægisstigs og mat á mikilvægi rangfærslna,

ii. greining á eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu,

iii. úrtökuaðferðir í tengslum við úrtöku á gögnum og athugun á eftirlitsstarfsemi,

iv. mat á gagna- og upplýsingakerfum, upplýsingatæknikerfum, starfsemi í tengslum við gagnaflæði, eftirlitsstarfsemi, eftirlitskerfum og aðferðum vegna eftirlitsstarfsemi,

c) getu til að sinna störfum í tengslum við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eins og krafist er í II. kafla,

d) þekkingu og reynslu innan tiltekins geira að því er varðar atriði við tæknivöktun og skýrslugjöf sem skipta máli fyrir svið þeirrar starfsemi sem um getur í I. viðauka sem úttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir annast sannprófun á.

2. Yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gilda um úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og skal hafa sýnt í verki hæfni sína til að stýra sannprófunarhóp og bera ábyrgð á framkvæmd sannprófunarstarfa í samræmi við þessa reglugerð.

39. gr.

Hæfniskröfur um óháða rýna

1. Óháður rýnir skal hafa viðeigandi heimildir til að fara yfir drög að sannprófunarskýrslu og innri sannprófunargögn skv. 25. gr.

2. Óháður rýnir skal uppfylla hæfniskröfur fyrir yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

3. Óháður rýnir skal búa yfir nauðsynlegri hæfni til að greina uppgefnar upplýsingar til að staðfesta heilleika og heildstæði upplýsinganna, til að vefengja upplýsingar sem vantar eða mótsagnakenndar upplýsingar sem og að athuga gagnaslóðir í þeim tilgangi að meta hvort innri sannprófunargögn séu fullfrágengin og veiti fullnægjandi upplýsingar til stuðnings drögunum að sannprófunarskýrslunni.

40. gr.

Notkun tæknisérfræðinga

1. Við framkvæmd sannprófunarstarfa er sannprófanda heimilt að nota tæknisérfræðinga til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir við sannprófunarstörf sín.

2. Ef óháði rýnirinn hefur ekki hæfni til að meta tiltekið atriði í endurskoðunarferlinu skal sannprófandinn biðja um stuðning frá tæknisérfræðingi.

3. Tæknisérfræðingurinn skal búa yfir þeirri hæfni og sérþekkingu sem þörf er á til að aðstoða úttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og yfirúttektarmann viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir eða óháða rýninn, ef nauðsyn krefur, á skilvirkan hátt að því er varðar það viðfangsefni þar sem þekkingar hans og sérþekkingar er óskað. Auk þess skal tæknisérfræðingurinn búa yfir fullnægjandi skilningi á þeim atriðum sem lýst er í a-, b-, og c-lið 1. mgr. 38. gr.

4. Tæknisérfræðingurinn skal taka að sér tiltekin verkefni undir stjórn og á fullri ábyrgð yfirúttektarmanns viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir í sannprófunarhópnum sem tæknisérfræðingurinn eða óháði rýnirinn starfar í.

41. gr.

Aðferðir við sannprófunarstörf

1. Sannprófandi skal koma á fót, skjalfesta, framkvæma og viðhalda einni eða fleiri verklagsreglum vegna sannprófunarstarfa eins og lýst er í II. kafla, sem og þeim verklagsreglum og ferlum sem krafist er skv. II. viðauka. Þegar þessum verklagsreglum og ferlum er komið á og hrint í framkvæmd skal sannprófandinn annast störf sín í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

2. Sannprófandi skal hanna, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda gæðastjórnunarkerfi til þess að tryggja samræmda þróun, framkvæmd, framfarir og endurskoðun á verklagsreglum og ferlum sem um getur í 1. mgr. í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

42. gr.

Skrár og boðskipti

1. Sannprófandi skal halda skrár, þ.m.t. skrár um hæfni og óhlutdrægni starfsfólks, til þess að sýna fram að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Sannprófandi skal með reglubundnu millibili koma á framfæri upplýsingum til rekstraraðila eða umráðanda loftfars og annarra hlutaðeigandi aðila í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka.

3. Sannprófandi skal tryggja að upplýsingar, sem aflað er meðan á sannprófun stendur í samræmi við samhæfða staðalinn sem um getur í II. viðauka, séu trúnaðarmál.

43. gr.

Óhlutdrægni og óhæði

1. Sannprófandi skal vera óháður rekstraraðila eða umráðanda loftfars og óhlutdrægur við sannprófunarstörf sín.

Til að tryggja óhæði og óhlutdrægni mega sannprófandi og aðrir sem tilheyra sama lögaðila hvorki vera rekstraraðili né umráðandi loftfars, eigandi rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða í eigu slíkra aðila né heldur skal sannprófandinn hafa tengsl við rekstraraðila eða umráðanda loftfars sem gæti haft á áhrif á óhæði hans og óhlutdrægni. Sannprófandinn skal einnig vera óháður aðilum sem stunda viðskipti með losunarheimildir samkvæmt kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á skv. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Sannprófandi skal vera skipulagður þannig að hlutlægni hans, óhæði og óhlutdrægni sé tryggð. Að því er varðar þessa reglugerð gilda viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

3. Sannprófandi skal ekki annast sannprófunarstörf fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það felur í sér óviðunandi áhættu fyrir óhlutdrægni hans eða veldur hagsmunaárekstri. Sannprófandinn skal ekki nota starfsfólk eða verktaka við sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars þar sem það hefur í för með sér raunverulegan eða hugsanlegan hagsmunaárekstur. Sannprófandinn skal einnig tryggja að störf starfsfólks eða stofnana hafi ekki áhrif á trúnaðarkvöð, hlutlægni, óhæði og óhlutdrægni sannprófunarinnar.

Litið skal svo á að óviðunandi áhætta fyrir óhlutdrægni eða hagsmunaárekstur, sem um getur í fyrsta málslið fyrstu undirgreinar, hafi einkum komið fram í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

a) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita ráðgjafarþjónustu til að þróa hluta af vöktunar- og skýrslugjafarferlinu sem lýst er í vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, eða í áætluninni um aðferðafræði við vöktun, eftir því sem við á, þ.m.t. þróun á vöktunaraðferðum, drög að skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars og drög að vöktunaráætluninni eða áætluninni um aðferðafræði við vöktun,

b) þegar sannprófandi eða aðrir sem tilheyra sama lögaðila veita tækniaðstoð til að þróa eða viðhalda kerfi sem komið var á til að vakta og tilkynna um losun, gögn um tonnkílómetra eða gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds.

4. Litið skal svo á að hagsmunaárekstur að því er varðar sannprófanda, sem snertir tengsl milli hans og rekstraraðila eða umráðanda loftfars, hafi einkum komið fram í öðru hvoru eftirfarandi tilvika:

a) þegar tengsl á milli sannprófanda og rekstraraðila eða umráðanda loftfars byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum og sameiginlegum samningum eða markaðssetningu,

b) þegar ráðgefandi aðili, tækniaðstoðaraðili eða önnur stofnun, sem hefur tengsl við sannprófandann og ógnar óhlutdrægni hans, hefur veitt rekstraraðila eða umráðanda loftfars ráðgjafarþjónustu sem um getur í a-lið 3. mgr. eða tækniaðstoð sem um getur í b-lið sömu málsgreinar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal litið svo á að óhlutdrægni sannprófanda sé stofnað í hættu ef tengsl milli sannprófandans og ráðgefandi aðila, tækniaðstoðaraðila eða annarrar stofnunar byggjast á sameiginlegu eignarhaldi, sameiginlegum stjórnunarháttum, sameiginlegri stjórnun eða starfsfólki, sameiginlegum tilföngum, sameiginlegum fjármálum, sameiginlegum samningum eða markaðssetningu og sameiginlegri greiðslu á sölulaunum eða öðrum hvötum fyrir nýja viðskiptavini.

5. Sannprófandi skal ekki útvista óháðu endurskoðuninni eða útgáfu sannprófunarskýrslunnar. Að því er varðar þessa reglugerð skal sannprófandinn, við útvistun á öðrum sannprófunarstörfum, uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

Samt sem áður skulu samningar við einstaklinga um að taka að sér sannprófunarstörf ekki teljast til útvistunar að því er varðar fyrstu undirgrein ef sannprófandinn, þegar hann semur við þessa aðila, uppfyllir viðeigandi kröfur í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

6. Sannprófandi skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sannprófandans, aðila sem tilheyra sama lögaðila og sannprófandinn, annarra stofnana sem um getur í 4. mgr. og alls starfsfólks og verktaka sem taka þátt í sannprófuninni. Hluti af þessu ferli skal felast í kerfi til að standa vörð um óhlutdrægni og óhæði sannprófandans og skal uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í II. viðauka.

7. Ef yfirúttektarmaður viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir tekst á hendur sex árlegar sannprófanir fyrir tiltekinn umráðanda loftfars skal yfirúttektarmaðurinn taka sér hlé í þrjú ár samfleytt frá því að veita sama umráðanda loftfars sannprófunarþjónustu. Sex ára hámarkstímabilið tekur til allra sannprófana á losun gróðurhúsalofttegunda sem gerð er fyrir umráðanda loftfars og hefst eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

IV. KAFLI

FAGGILDING

44. gr.

Faggilding

Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars, skal vera faggiltur fyrir það svið starfsemi sem um getur í I. viðauka sem skýrsla rekstraraðila eða umráðanda loftfars fellur undir og hann annast sannprófun á.

Sannprófandi, sem gefur út sannprófunarskýrslu fyrir rekstraraðila, skal þar að auki vera faggiltur fyrir starfsemisflokk nr. 98, sem um getur í I. viðauka, að því er varðar að sannprófa skýrslur um grunngögn eða skýrslur með gögnum um nýja aðila.

45. gr.

Markmið faggildingar

Meðan á faggildingarferli og vöktun á faggiltum sannprófendum stendur skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis meta hvort sannprófandinn og starfsfólk hans sem annast sannprófunarstörf:

a) búi yfir hæfni til að annast sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

b) framkvæmi sannprófun á skýrslum rekstraraðila og umráðanda loftfars í samræmi við þessa reglugerð,

c) uppfylli kröfurnar sem um getur í III. kafla.

46. gr.

Beiðni um faggildingu

1. Sérhver lögaðili eða annar lögformlegur aðili getur beðið um faggildingu skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ákvæðum þessa kafla.

Beiðnin skal innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal umsækjandi einnig, áður en matið hefst skv. 45. gr., útvega faggildingarstofu aðildarríkisins eftirfarandi:

a) allar upplýsingar sem faggildingarstofa aðildarríkisins biður um,

b) verklagsreglur og upplýsingar varðandi ferlin sem um getur í 1. mgr. 41. gr og upplýsingar um gæðastjórnunarkerfið sem um getur í 2. mgr. 41. gr.,

c) hæfnisviðmiðanir sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 36. gr., niðurstöður hæfnisferlisins sem um getur í 36. gr. sem og önnur viðeigandi gögn um hæfni alls starfsfólksins sem tekur þátt í sannprófunarstörfum,

d) upplýsingar um ferli til að tryggja stöðuga óhlutdrægni og óhæði sem um getur í 6. mgr. 43. gr., þ.m.t. viðkomandi skrár um óhlutdrægni og óhæði umsækjanda og starfsfólks hans,

e) upplýsingar um tæknisérfræðinga og starfsmenn í lykilstöðum sem taka þátt í sannprófun á skýrslum rekstraraðila eða umráðanda loftfars,

f) kerfi og ferli til að tryggja viðeigandi innri sannprófunargögn,

g) aðrar viðeigandi skrár sem um getur í 1. mgr. 42. gr.

47. gr.

Undirbúningur á mati

1. Við undirbúning á matinu, sem um getur í 45. gr., skal sérhver faggildingarstofa aðildarríkis taka tillit til hversu margþætt gildissviðið er, sem umsækjandi óskar faggildingar á, sem og hversu flókið gæðastjórnunarkerfið er sem um getur í 2. mgr. 41. gr., ásamt verklagsreglunum og upplýsingunum um ferlin sem um getur í 1. mgr. 41. gr. og á hvaða landsvæði umsækjandi annast sannprófun eða hyggst annast sannprófun.

2. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

48. gr.

Mat

1. Matshópurinn, sem um getur í 58. gr., skal a.m.k. framkvæma eftirfarandi aðgerðir í þeim tilgangi að vinna matið sem um getur í 45. gr.:

a) yfirferð á öllum viðeigandi skjölum og skrám sem um getur í 46. gr.,

b) heimsókn á athafnasvæði umsækjanda til að fara yfir dæmigert úrtak af innri sannprófunargögnum og til að meta framkvæmdina á gæðastjórnunarkerfi umsækjanda og verklagsreglurnar eða ferlið sem um getur í 41. gr.,

c) staðfestingu á dæmigerðum hluta á því gildissviði sem óskað er eftir faggildingu á og frammistöðu og hæfni dæmigerðs úrtaks starfsfólks umsækjanda sem tekur þátt í sannprófun á skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars til þess að tryggja að starfsfólkið starfi í samræmi við þessa reglugerð.

Við framkvæmd á þessum aðgerðum skal matshópurinn uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

2. Matshópurinn skal upplýsa umsækjanda um niðurstöður sínar og ósamræmi sem hann finnur, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, og skal gera þá kröfu að umsækjandi bregðist við uppgefnum niðurstöðum og ósamræmi í samræmi við þau ákvæði.

3. Umsækjandi skal grípa til aðgerða til úrbóta til að bregðast við hvers kyns ósamræmi sem honum var tilkynnt um skv. 2. mgr. og skal hann tilgreina í svari sínu við tilkynntum niðurstöðum matshópsins og því ósamræmi sem hann fann hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til að leysa úr tilgreindu ósamræmi innan þeirra tímamarka sem faggildingarstofa aðildarríkis setur.

4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal fara yfir viðbrögð umsækjanda við niðurstöðum og ósamræmi sem lögð eru fram skv. 3. mgr

Ef faggildingarstofa aðildarríkis álítur svör umsækjanda ófullnægjandi eða ábótavant skal hún krefja umsækjanda um frekari upplýsingar eða aðgerðir. Faggildingarstofa aðildarríkis getur einnig gert kröfu um sannanir fyrir skilvirkri framkvæmd á aðgerðum, sem gripið var til, eða framkvæmt mat á eftirfylgni til að meta skilvirka framkvæmd á aðgerðum til úrbóta.

49. gr.

Ákvörðun um faggildingu og faggildingarvottorð

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal taka tillit til krafnanna, sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka, við undirbúning og ákvarðanatöku varðandi það hvort hún veitir, framlengir eða endurnýjar faggildingu umsækjanda.

2. Þegar faggildingarstofa aðildarríkis hefur ákveðið að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu umsækjanda skal hún gefa út faggildingarvottorð þess efnis.

Faggildingarvottorðið skal a.m.k. innihalda þær upplýsingar sem krafist er á grundvelli samhæfða staðalsins sem um getur í III. viðauka.

Faggildingarvottorð skal hafa ákveðinn gildistíma sem má mest vera fimm ár frá þeim degi sem faggildingarstofa aðildarríkis gefur vottorðið út.

50. gr.

Eftirlit

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma árlegt eftirlit með hverjum þeim sannprófanda sem hún hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir.

Eftirlitið skal a.m.k. samanstanda af eftirfarandi:

a) heimsókn á athafnasvæði sannprófandans með það í huga að framkvæma þær aðgerðir sem um getur í b-lið 1. mgr. 48. gr.,

b) að fylgst sé með frammistöðu og hæfni dæmigerðs fjölda starfsfólks sannprófanda í samræmi við c-lið 1. mgr. 48. gr.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal framkvæma fyrsta eftirlitið með sannprófanda í samræmi við 1. mgr., eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem faggildingarvottorðið fyrir þann sannprófanda var gefið út.

3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um eftirlit með sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

4. Á grundvelli niðurstaðna úr eftirlitinu, sem um getur í 1. mgr., skal faggildingarstofa aðildarríkis ákveða hvort staðfesta skuli áframhaldandi faggildingu.

5. Þegar sannprófandi annast sannprófun í öðru aðildarríki getur faggildingarstofa aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófandann, beðið landsbundna faggildingarstofu aðildarríkisins þar sem sannprófunin á sér stað um að sinna eftirlitsstörfum fyrir sína hönd og á sína ábyrgð.

51. gr.

Endurmat

1. Áður en faggildingarvottorð rennur út skal faggildingarstofa aðildarríkis annast endurmat á sannprófandanum, sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gefið út faggildingarvottorð fyrir, til þess að ákvarða hvort framlengja megi gildistíma faggildingarvottorðsins.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal undirbúa áætlun sína um endurmat á sérhverjum sannprófanda með þeim hætti sem tekur til dæmigerðs úrtaks innan gildissviðs faggildingarinnar sem meta skal. Við skipulag og framkvæmd endurmatsins skal faggildingarstofa aðildarríkis uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

52. gr.

Sérstakt aukamat

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur hvenær sem er látið gera sérstakt aukamat á sannprófanda til að tryggja að sannprófandinn uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

2. Til þess að faggildingarstofa aðildarríkis geti metið þörfina á sérstöku aukamati skal sannprófandinn upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins þegar í stað um allar umtalsverðar breytingar viðkomandi faggildingu hans sem varða þætti í tengslum við stöðu hans eða rekstur. Umtalsverðar breytingar skulu fela í sér þær breytingar sem getið er í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

53. gr.

Rýmkun gildissviðs

Faggildingarstofa aðildarríkis skal, eftir að henni hefur borist umsókn frá sannprófanda um rýmkun á gildissviði faggildingar sem þegar hefur verið veitt, takast á hendur nauðsynlegar aðgerðir til að ákvarða hvort sannprófandinn uppfylli kröfurnar í 45. gr. varðandi umbeðna rýmkun á gildissviði faggildingar hans.

54. gr.

Stjórnsýsluráðstafanir

1. Faggildingarstofa aðildarríkis getur fellt faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkallað hana eða þrengt gildissvið hennar ef sannprófandinn uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu sannprófanda úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar ef sannprófandinn fer fram á það.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda málsmeðferð varðandi tímabundna niðurfellingu á faggildingu, afturköllun á faggildingu og þrengingu á gildissviði faggildingar.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal fella faggildingu úr gildi tímabundið eða þrengja gildissvið faggildingar í öllum eftirfarandi tilvikum:

a) sannprófandi hefur brotið alvarlega gegn kröfum þessarar reglugerðar,

b) sannprófanda hefur þrálátlega og endurtekið mistekist að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar,

c) sannprófandi hefur brotið gegn öðrum tilteknum skilmálum og skilyrðum faggildingarstofu aðildarríkisins.

3. Faggildingarstofa aðildarríkis skal afturkalla faggildingu í eftirfarandi tilvikum:

a) sannprófanda hefur mistekist að ráða bót á þeim atriðum sem urðu til þess að ákveðið var að fella faggildingarvottorðið tímabundið úr gildi,

b) einstaklingur í yfirstjórn sannprófanda eða starfsmenn sannprófanda, sem taka þátt í sannprófunarstörfum samkvæmt þessari reglugerð, hafa verið fundnir sekir um svik,

c) sannprófandi hefur viljandi lagt fram rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum.

4. Unnt skal að áfrýja ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar í samræmi við 2. og 3. mgr.

Aðildarríkin skulu koma á málsmeðferðarreglum til að leiða slíkar áfrýjanir til lykta.

5. Ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að fella faggildingu úr gildi tímabundið, afturkalla hana eða þrengja gildissvið hennar skal taka gildi um leið og sannprófanda hefur verið tilkynnt um hana.

Faggildingarstofa aðildarríkis skal binda enda á tímabundna niðurfellingu faggildingarvottorðs þegar hún hefur fengið í hendur fullnægjandi upplýsingar og er sannfærð um að sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FAGGILDINGARSTOFUR FYRIR FAGGILDINGU Á SANNPRÓFENDUM KERFIS FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ LOSUNARHEIMILDIR

55. gr.

Faggildingarstofa aðildarríkis

1. Faggildingarstofur aðildarríkis, sem til þess hafa verið tilnefndar skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu annast verkefni sem varða faggildingu samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þegar aðildarríki ákveður að heimila vottun á sannprófendum, sem eru einstaklingar, samkvæmt þessari reglugerð skulu verkefni, sem varða vottun á slíkum sannprófendum, falin öðru landsyfirvaldi en faggildingarstofu aðildarríkisins sem tilnefnd er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

3. Ef aðildarríki ákveður að nýta sér möguleikann, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., skal það tryggja að landsyfirvaldið sem um ræðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. þær sem mælt er fyrir um í 71. gr. þessarar reglugerðar, og leggi fram þau skriflegu sönnunargögn sem krafist er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

4. Faggildingarstofa aðildarríkis skal vera aðili að stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

5. Faggildingarstofu aðildarríkis skal falin umsjá faggildingar sem skal teljast starfsemi opinbers yfirvalds og skal hljóta til þess formlega viðurkenningu aðildarríkisins ef opinber yfirvöld sinna ekki faggildingu með beinum hætti.

6. Að því er varðar þessa reglugerð skal faggildingarstofa aðildarríkis sinna störfum sínum í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

56. gr.

Faggilding yfir landamæri

Ef aðildarríki álítur að það sé ekki fjárhagslega hagkvæmt eða sjálfbært að tilnefna landsbundna faggildingarstofu eða veita faggildingarþjónustu í skilningi 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal viðkomandi aðildarríki geta leitað til faggildingarstofu annars aðildarríkis.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

57. gr.

Óhæði og óhlutdrægni

1. Faggildingarstofa í aðildarríki skal vera skipulögð með þeim hætti að tryggt sé að hún sé að öllu leyti óháð þeim sannprófendum sem hún sér um að meta og óhlutdræg við framkvæmd faggildingarstarfsemi sinnar.

2. Í þessu skyni skal faggildingarstofa í aðildarríki ekki bjóða eða veita neina þjónustu eða starfsemi sem sannprófandi veitir né heldur skal hún veita ráðgjafarþjónustu, eiga hlut í eða á annan hátt eiga fjárhagslegra eða stjórnunarlegra hagsmuna að gæta hjá sannprófanda.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. 55. gr. skulu skipulag, ábyrgðarsvið og verkefni faggildingarstofu í aðildarríki vera skýrt aðgreind frá skipulagi, ábyrgðarsviði og verkefnum lögbærs yfirvalds og annarra landsyfirvalda.

4. Faggildingarstofa í aðildarríki skal taka allar endanlegar ákvarðanir sem varða faggildingu á sannprófendum.

Hins vegar er faggildingarstofu í aðildarríki heimilt að fela undirverktökum tiltekin störf, með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í samhæfða staðlinum sem um getur í III. viðauka.

58. gr.

Matshópur

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal tilnefna matshóp fyrir hvert og eitt mat.

2. Matshópurinn skal samanstanda af yfirmatsmanni og, ef nauðsyn krefur, viðeigandi fjölda matsmanna eða tæknisérfræðinga fyrir tiltekið gildissvið faggildingar.

Í matshópnum skal vera a.m.k. einn einstaklingur, sem hefur þekkingu á vöktun og skýrslugjöf varðandi losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, sem skipta máli fyrir gildissvið faggildingarinnar, og býr yfir hæfni og skilningi sem þörf er á til að meta þá sannprófunarstarfsemi sem fer fram á stöð eða hjá umráðanda loftfars innan sama gildissviðs, og a.m.k. einn einstaklingur sem hefur þekkingu á viðkomandi landslöggjöf og leiðbeiningum.

Ef faggildingarstofa í aðildarríki metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, skal vera a.m.k. einn einstaklingur til viðbótar í matshópnum sem býr yfir þekkingu sem varðar söfnun, vöktun og skýrslugjöf um gögn sem skipta máli fyrir úthlutun án endurgjalds samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) …/… sem og hæfni og skilningi sem þörf er á til að meta sannprófunarstörfin fyrir þetta gildissvið.

59. gr.

Hæfniskröfur um matsmenn

1. Matsmaður skal búa yfir hæfni til að sinna þeirri starfsemi sem krafa er gerð um skv. IV. kafla við mat á sannprófanda. Í því skyni skal matsmaðurinn:

a) uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í samhæfða staðlinum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem um getur í III. viðauka,

b) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066, framseldri reglugerð (ESB) …/… þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum,

c) hafa þekkingu á úttekt á gögnum og upplýsingum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 38. gr. þessarar reglugerðar, sem fengist hefur með þjálfun, eða geta ráðfært sig við einhvern sem hefur þekkingu og reynslu af slíkum gögnum og upplýsingum.

2. Yfirmatsmaður skal uppfylla hæfniskröfurnar sem um getur í 1. mgr., hafa sýnt í verki hæfni til að stjórna matshóp og bera ábyrgð á að vinna mat í samræmi við þessa reglugerð.

3. Til viðbótar við hæfniskröfurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innri rýnar og einstaklingar, sem taka ákvarðanir um að veita, framlengja eða endurnýja faggildingu, búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu til að meta faggildinguna.

60. gr.

Tæknisérfræðingar

1. Faggildingarstofu aðildarríkis er heimilt að hafa tæknisérfræðinga með í matshópnum til að láta í té ítarlega þekkingu og sérþekkingu á tilteknu viðfangsefni sem þörf er á til að aðstoða yfirmatsmann eða matsmann við að sinna matsstarfsemi.

2. Tæknisérfræðingur skal búa yfir þeirri hæfni sem nauðsynleg er til að aðstoða yfirmatsmann og matsmann á skilvirkan hátt við viðfangsefni þar sem þekkingar og sérþekkingar slíks sérfræðings er óskað. Að auki skal tæknisérfræðingur:

a) hafa þekkingu á tilskipun 2003/87/EB, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 og framseldri reglugerð (ESB) …/… þegar hann metur hæfni sannprófanda og frammistöðu vegna gildissviðs nr. 98, sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, þessari reglugerð, viðeigandi stöðlum og annarri viðkomandi löggjöf, sem og á gildandi viðmiðunarreglum,

b) hafa fullnægjandi skilning á sannprófunarstörfum.

3. Tæknisérfræðingur skal takast á hendur sérstök verkefni undir leiðsögn og með fullri ábyrgð yfirmatsmanns í hlutaðeigandi matshóp.

61. gr.

Verklagsreglur

Faggildingarstofa aðildarríkis skal fara að kröfunum sem komið var á skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

62. gr.

Kvartanir

Ef kvartanir berast faggildingarstofu aðildarríkis varðandi sannprófanda frá lögbæru yfirvaldi, rekstraraðila eða umráðanda loftfars eða öðrum hagsmunaaðilum skal faggildingarstofa aðildarríkisins, innan hæfilegs frests en eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku:

a) ákveða hvort kvörtunin sé réttmæt,

b) tryggja að viðkomandi sannprófandi fái tækifæri til að leggja fram athugasemdir,

c) grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við kvörtuninni,

d) skrá kvörtunina og þær aðgerðir sem gripið er til, og

e) svara þeim sem kvartaði.

63. gr.

Skrár og skjalahald

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal varðveita skrár um hvern þann einstakling sem tekur þátt í faggildingarferlinu. Meðal þessara skráa skulu vera skrár sem varða viðeigandi menntun og hæfi, þjálfun, reynslu, óhlutdrægni og hæfni sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal halda skrár yfir sannprófandann í samræmi við samhæfða staðalinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem um getur í III. viðauka.

64. gr.

Aðgangur að upplýsingum og upplýsingaleynd

1. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, með reglulegu millibili, gera upplýsingar um sig og faggildingarstarfsemi sína aðgengilegar öllum og uppfæra þær.

2. Faggildingarstofa aðildarríkis skal, í samræmi við 4. lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, gera fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja, eins og við á, að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál.

65. gr.

Jafningjamat

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna skulu reglulega gangast undir jafningjamat.

Jafningjamatið skal skipulagt af stofnuninni sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal koma á viðeigandi viðmiðunum fyrir jafningjamat og skilvirku og óháðu jafningjamatsferli með það fyrir augum að meta hvort:

a) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi annast faggildingarstarfsemi í samræmi við IV. kafla,

b) landsbundna faggildingarstofan, sem skal gangast undir jafningjamatið, hafi uppfyllt þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

Viðmiðanirnar skulu fela í sér hæfniskröfur til einstaklinga og hópa sem framkvæma jafningjamatið sem eru sértækar fyrir kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB.

3. Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal birta niðurstöður jafningjamats á faggildingarstofu aðildarríkis og koma þeim á framfæri við framkvæmdastjórnina, landsyfirvöld, sem bera ábyrgð á faggildingarstofum í aðildarríkjunum, og lögbært yfirvald í aðildarríkjunum eða miðstöðina sem um getur í 2. mgr. 70. gr.

4. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur gengist undir og staðist jafningjamat sem stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skipulagði áður en þessi reglugerð öðlaðist gildi, skal sú landsbundna faggildingarstofa, með fyrirvara um 1. mgr., undanþegin því að gangast undir nýtt jafningjamat eftir gildistöku þessarar reglugerðar ef hún getur sýnt fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

Í því skyni skal viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis leggja fram beiðni, ásamt nauðsynlegum gögnum, fyrir stofnunina sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal ákveða hvort skilyrði fyrir veitingu undanþágu hafi verið uppfyllt.

Undanþágan skal gilda í ákveðinn tíma sem má mest vera þrjú ár frá þeim degi sem landsbundnu faggildingarstofunni var tilkynnt um ákvörðunina.

5. Landsyfirvaldið sem skv. 2. mgr. 55. gr. ber ábyrgð á verkefnum sem varða vottun á sannprófendum sem eru einstaklingar samkvæmt þessari reglugerð skal uppfylla sömu kröfur um trúverðugleika og landsbundnar faggildingarstofur sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat.

Í því skyni skulu hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust, eftir að hafa tekið ákvörðun um að heimila landsyfirvaldi að annast vottun, útvega framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum öll viðeigandi skrifleg sönnunargögn. Ekkert landsyfirvald skal votta sannprófendur að því er varðar þessa reglugerð fyrr en hlutaðeigandi aðildarríki hefur útvegað þessi skriflegu sönnunargögn.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal reglulega endurskoða hlutverk landsyfirvaldsins til að tryggja að það haldi áfram að uppfylla fyrrnefndar kröfur um trúverðugleika og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

66. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Aðildarríkin skulu fylgjast með faggildingarstofum á sínum vegum með reglulegu millibili í þeim tilgangi að tryggja að þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar með samfelldum hætti, að teknu tilliti til niðurstaðna jafningjamatsins sem unnið var í samræmi við 65. gr.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis uppfyllir ekki kröfurnar eða rækir ekki skyldur sínar eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hlutaðeigandi aðildarríki grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða og skal upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

67. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á sannprófendum

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna jafngildi þjónustu sem veitt er hjá landsbundnum faggildingarstofum sem hafa gengist undir og staðist jafningjamat. Aðildarríkin skulu taka faggildingarvottorð sannprófenda, sem þessar faggildingarstofur aðildarríkjanna hafa faggilt, gild og virða rétt sannprófenda til að annast sannprófun á gildissviði faggildingar sinnar.

2. Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur ekki gengist undir fullnaðarferli jafningjamats skulu aðildarríkin viðurkenna faggildingarvottorð sannprófenda, sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt, að því tilskildu að stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hafi hafið jafningjamat á viðkomandi landsbundinni faggildingarstofu og hafi ekki greint neinar vanefndir á því að landsbundna faggildingarstofan hafi farið að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Ef landsyfirvald, sem um getur í 2. mgr. 55. gr., annast vottun sannprófenda skulu aðildarríkin viðurkenna vottorð sem slíkt yfirvald hefur gefið út og virða rétt vottaðra sannprófenda til að annast sannprófun á gildissviði vottunar sinnar.

68. gr.

Vöktun á veittri þjónustu

Ef aðildarríki hefur komist að þeirri niðurstöðu, við skoðun sem gerð er í samræmi við 4. mgr. 31. gr. tilskipunar 2006/123/EB, að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald eða faggildingarstofa viðkomandi aðildarríkis upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur faggilt sannprófandann, um það.

Landsbundna faggildingarstofan, sem hefur faggilt sannprófandann, skal líta á slíkar upplýsingar sem hún móttekur sem kvörtun í skilningi 62. gr. og skal grípa til viðeigandi aðgerða og svara lögbæru yfirvaldi eða faggildingarstofu aðildarríkisins í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 73. gr.

69. gr.

Skipti á rafrænum gögnum og notkun á sjálfvirkum kerfum

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera þá kröfu að sannprófendur noti rafræn sniðmát eða sértæk skráasnið fyrir sannprófunarskýrslur í samræmi við 1. mgr. 74. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066 eða í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) …/….

2. Heimilt er að gera stöðluð rafræn sniðmát eða forskriftir að skráasniðum aðgengileg fyrir annars konar boðskipti milli rekstraraðila, umráðanda loftfars, sannprófanda, lögbærs yfirvalds og faggildingarstofu aðildarríkis í samræmi við 2. mgr. 74. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/2066.

VI. KAFLI

UPPLÝSINGASKIPTI

70. gr.

Upplýsingaskipti og miðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu koma á skilvirkum skiptum á viðeigandi upplýsingum og skilvirkri samvinnu milli landsbundinna faggildingarstofa sinna eða, eftir atvikum, landsyfirvalds, sem falin er ábyrgð á vottun sannprófenda, og lögbærs yfirvalds.

2. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur verið tilnefnt í aðildarríki skv. 18. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal aðildarríkið veita einu þessara lögbæru yfirvalda heimild til að vera miðstöð upplýsingaskipta sem sér um samræmingu á samvinnunni sem um getur í 1. mgr. og starfseminni sem um getur í þessum kafla.

71. gr.

Vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrsla framkvæmdastjórnar

1. Eigi síðar en 31. desember ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma á framfæri við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki vinnuáætlun fyrir faggildingu sem inniheldur skrá yfir sannprófendur sem viðkomandi landsbundin faggildingarstofa hefur faggilt og sem hafa tilkynnt faggildingarstofunni skv. 77. gr. að þeir hafi í hyggju að annast sannprófanir í þessum aðildarríkjum. Í vinnuáætluninni fyrir faggildingu skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar varðandi sérhvern sannprófanda:

a) staður og stund sem áætlað er að sannprófun fari fram,

b) upplýsingar um starfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur áætlað varðandi viðkomandi sannprófanda, einkum eftirlits- og endurmatsstarfsemi,

c) dagsetningar fyrir fyrirhugaðar úttektir til staðfestingar, sem faggildingarstofa aðildarríkisins skal gera til að meta sannprófandann, þ.m.t. heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara sem verða heimsóttir við staðfestingarúttektina,

d) upplýsingar um hvort faggildingarstofa aðildarríkisins hafi beðið faggildingarstofuna í því aðildarríki þar sem sannprófandinn annast sannprófun um að sinna eftirlitsstörfum.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, breytast skal faggildingarstofa aðildarríkisins senda lögbæru yfirvaldi uppfærða vinnuáætlun eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

2. Eftir að vinnuáætlun fyrir faggildingu hefur verið lögð fram í samræmi við 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið útvega faggildingarstofu aðildarríkisins allar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. um viðkomandi landslöggjöf eða viðmiðunarreglur.

3. Eigi síðar en 1. júní ár hvert skal faggildingarstofa aðildarríkis koma skýrslu framkvæmdastjórnar á framfæri við lögbæra yfirvaldið. Í skýrslu framkvæmdastjórnar skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar í tengslum við sérhvern sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkisins hefur faggilt:

a) upplýsingar um faggildingu á sannprófendum sem sú faggildingarstofa aðildarríkis hefur nýlega faggilt, þ.m.t. gildissvið faggildingar fyrir þessa sannprófendur,

b) allar breytingar sem orðið hafa á gildissviði faggildingar fyrir þessa sannprófendur,

c) samantekt á niðurstöðum eftirlits- og endurmatsstarfsemi sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur framkvæmt,

d) samantekt á niðurstöðum úr sérstöku aukamati sem hefur verið unnið, þ.m.t. ástæður þess að ákveðið var að vinna slíkt aukamat,

e) allar kvartanir sem hafa verið lagðar fram gegn sannprófanda síðan síðasta skýrsla framkvæmdastjórnar var gerð og þær aðgerðir sem faggildingarstofa aðildarríkisins hefur gripið til,

f) nákvæmar upplýsingar um aðgerðir sem faggildingarstofa aðildarríkis hefur gripið til, til að bregðast við þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald hefur deilt, nema faggildingarstofa aðildarríkisins hafi litið á upplýsingarnar sem kvörtun í skilningi 62. gr.

72. gr.

Upplýsingaskipti um stjórnsýsluráðstafanir

Ef faggildingarstofa aðildarríkis hefur lagt stjórnsýsluráðstafanir á sannprófanda skv. 54. gr. eða ef tímabundin niðurfelling faggildingar hefur verið afturkölluð eða úrskurður eftir áfrýjun hefur fellt úr gildi ákvörðun faggildingarstofu aðildarríkis um að leggja á stjórnsýsluráðstafanirnar sem um getur í 54. gr. skal faggildingarstofa aðildarríkisins upplýsa eftirfarandi aðila um það:

a) lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem sannprófandinn er faggiltur,

b) lögbært yfirvald og landsbundna faggildingarstofu í hverju því aðildarríki þar sem sannprófandinn annast sannprófanir.

73. gr.

Upplýsingaskipti af hálfu lögbærs yfirvalds

1. Lögbært yfirvald í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun skal á hverju ári koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingum á framfæri við faggildingarstofu aðildarríkisins sem hefur faggilt viðkomandi sannprófanda:

a) viðeigandi niðurstöðum athugana á skýrslu rekstraraðila og umráðanda loftfars og sannprófunarskýrslum, einkum ef komið hafa í ljós vanefndir hjá viðkomandi sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) niðurstöðum skoðunar á rekstraraðila eða umráðanda loftfars ef þær niðurstöður skipta máli fyrir faggildingarstofu aðildarríkisins að því er varðar faggildingu sannprófanda og eftirlit með honum eða þar sem niðurstöðurnar fela í sér að komið hafa í ljós vanefndir hjá viðkomandi sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar,

c) niðurstöðum úr mati á innri sannprófunargögnum viðkomandi sannprófanda ef lögbært yfirvald hefur metið innri sannprófunargögnin skv. 3. mgr. 26. gr.,

d) kvörtunum sem lögbæru yfirvaldi hafa borist varðandi viðkomandi sannprófanda.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., sýna fram á að lögbært yfirvald hafi greint vanefndir hjá sannprófanda á því að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar skal faggildingarstofa aðildarríkisins líta á slíkar upplýsingar sem hún móttekur sem kvörtun frá lögbæra yfirvaldinu varðandi viðkomandi sannprófanda í skilningi 62. gr.

Faggildingarstofa aðildarríkisins skal grípa til viðeigandi aðgerða til að bregðast við slíkum upplýsingum og svara lögbæra yfirvaldinu innan hæfilegs frests en eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku. Faggildingarstofa aðildarríkisins skal upplýsa lögbært yfirvald í svari sínu um þær aðgerðir sem hún hefur gripið til og þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófandann.

74. gr.

Upplýsingaskipti varðandi eftirlit

1. Ef landsbundinni faggildingarstofu í aðildarríki þar sem sannprófandi annast sannprófun hefur borist beiðni skv. 5. mgr. 50. gr. um að sinna eftirlitsstörfum skal sú landsbundna faggildingarstofa upplýsa faggildingarstofu aðildarríkisins, sem hefur faggilt sannprófandann, um niðurstöður sínar nema samkomulag sé um annað milli beggja landsbundnu faggildingarstofanna.

2. Landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, skal taka tillit til niðurstaðnanna sem um getur í 1. mgr. þegar hún metur hvort sannprófandi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

3. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í 1. mgr., sýna að sannprófandi fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, grípa til viðeigandi aðgerða samkvæmt þessari reglugerð og upplýsa landsbundnu faggildingarstofuna, sem hefur sinnt eftirlitsstörfum, um eftirfarandi:

a) til hvaða aðgerða landsbundna faggildingarstofan, sem faggilti sannprófandann, hefur gripið,

b) eftir því sem við á, hvernig sannprófandinn brást við niðurstöðunum,

c) þar sem við á, hvaða stjórnsýsluráðstafanir hafa verið lagðar á sannprófandann.

75. gr.

Upplýsingaskipti við aðildarríki þar sem sannprófandinn hefur staðfestu

Ef sannprófandi hefur hlotið faggildingu hjá landsbundinni faggildingarstofu í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem hann hefur staðfestu skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem sannprófandinn hefur staðfestu einnig fá vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 71. gr., sem og upplýsingarnar sem um getur í 72. gr.

76. gr.

Gagnagrunnur um faggilta sannprófendur

1. Faggildingarstofur aðildarríkjanna eða, eftir atvikum, landsyfirvöld sem um getur í 2. mgr. 55. gr. skulu setja upp og hafa umsjón með gagnagrunni og veita öðrum landsbundnum faggildingarstofum, landsyfirvöldum, sannprófendum, rekstraraðilum, umráðendum loftfara og lögbærum yfirvöldum aðgang að þessum gagnagrunni.

Stofnunin, sem er viðurkennd skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skal greiða fyrir og samræma aðgang að gagnagrunnunum til að auðvelda skilvirk og kostnaðarhagkvæm boðskipti milli landsbundinna faggildingarstofa, landsyfirvalda, sannprófenda, rekstraraðila, umráðenda loftfara og lögbærra yfirvalda og stofnuninni er heimilt að sameina þessa gagnagrunna í einn miðlægan gagnagrunn.

2. Í gagnagrunninum, sem um getur í 1. mgr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn og heimilisfang hvers sannprófanda sem viðkomandi faggildingarstofa aðildarríkis hefur faggilt,

b) aðildarríkin þar sem sannprófandi annast sannprófun,

c) gildissvið faggildingar hvers sannprófanda,

d) hvaða dag faggildingin var veitt og hvaða dag hún fellur úr gildi,

e) upplýsingar um stjórnsýsluráðstafanir sem hafa verið lagðar á sannprófandann.

Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar öllum.

77. gr.

Tilkynning frá sannprófendum

1. Í því skyni að gera faggildingarstofu aðildarríkis kleift að taka saman drög að vinnuáætlun fyrir faggildingu og skýrslu framkvæmdastjórnar, sem um getur í 71. gr., skal sannprófandi, eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, senda landsbundnu faggildingarstofunni, sem faggilti viðkomandi sannprófanda, eftirfarandi upplýsingar:

a) áætlaðan stað og stund sannprófana sem sannprófandinn á að annast samkvæmt áætlun,

b) heimilisfang og samskiptaupplýsingar rekstraraðila eða umráðenda loftfara þar sem hann á að sannprófa skýrslur um losun, skýrslur um tonnkílómetra, skýrslur um grunngögn eða skýrslur með gögnum um nýja aðila,

c) nöfn aðila í sannprófunarhópnum og gildissvið faggildingarinnar sem starfsemi rekstraraðila eða umráðanda loftfars fellur undir.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., breytast skal sannprófandinn tilkynna faggildingarstofunni um breytingarnar innan þess tímaramma sem samið hefur verið um við viðkomandi landsbundna faggildingarstofu.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

78. gr.

Niðurfelling reglugerðar (ESB) nr. 600/2012 og umbreytingarákvæði

1. Reglugerð (ESB) nr. 600/2012 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2019 eða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eftir því hvort kemur síðar.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

2. Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 600/2012 skulu gilda áfram um sannprófun losunar og, eftir atvikum, gögn um starfsemi sem á sér stað fyrir 1. janúar 2019.

79. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019 eða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, eftir því hvort kemur síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur

Gildissvið faggildingar fyrir sannprófendur skal tilgreint í faggildingarvottorðinu með því að nota eftirfarandi flokka starfsemi skv. I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og aðra starfsemi skv. 10. gr. a og 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Þessi ákvæði skulu gilda á sama hátt um sannprófendur sem landsyfirvald hefur faggilt í samræmi við 2. mgr. 55. gr. þessarar reglugerðar.

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
1a	Bruni eldsneytis í stöðvum þar sem einungis er notað staðlað eldsneyti á markaði, eins og skilgreint er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066, eða þar sem jarðgas er notað í stöðvum í flokki A eða flokki B.
1b	Bruni eldsneytis í stöðvum, án takmarkana
2	Hreinsun jarðolíu
3	— Koksframleiðsla — Brennsla eða glæðing, einnig kögglun, málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýti) — Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa
4	— Framleiðsla eða vinnsla á járnríkum málmi (þ.m.t. járnblendi) — Framleiðsla á endurunnu áli — Framleiðsla eða vinnsla á járnlausum málmum, þ.m.t. framleiðsla á málmblendi
5	Framleiðsla á hrááli (losun á koltvísýringi og perflúorókolefni)
6	— Framleiðsla á sementsgjalli — Framleiðsla á kalki eða glæðing á dólómíti eða magnesíti — Framleiðsla á gleri, þ.m.t. glertrefjar — Framleiðsla á leirvörum með brennslu — Framleiðsla á einangrunarefni úr steinull — Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifsplötum og öðrum gifsvörum
7	— Framleiðsla á pappírsdeigi úr viði eða öðrum trefjaefnum — Framleiðsla á pappír eða pappa
8	— Framleiðsla á kinroki — Framleiðsla á ammoníaki — Framleiðsla á lífrænum íðefnum í lausu með sundrun, umbreytingu, oxun að hluta eða til fulls, eða með svipuðum ferlum — Framleiðsla á vetni (H_2) og tilbúnu gasi með umbreytingu eða hlutaoxun — Framleiðsla á sóda (Na_2CO_3) og natríumbíkarbónati ($NaHCO_3$)
9	— Framleiðsla á saltpéturssýru (losun á CO_2 og N_2O) — Framleiðsla á adipínsýru (losun á CO_2 og N_2O) — Framleiðsla á glýoxali og glýoxýlsýru (losun á CO_2 og N_2O)
10	— Föngun gróðurhúsalofttegunda frá stöðvum sem falla undir tilskipun 2003/87/EB í því skyni að flytja þær til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB — Flutningur gróðurhúsalofttegunda eftir leiðslum til geymslu í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB

Númer starfsemisflokks	Gildissvið faggildingar
11	Geymsla gróðurhúsalofttegunda í jörðu á stað sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB
12	Flugstarfsemi (gögn um losun og tonnkílómetra)
98	Önnur starfsemi skv 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB
99	Önnur starfsemi, sem aðildarríki tilgreinir skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem er nánar skilgreind í faggildingarvottorðinu

II. VIÐAUKI

Kröfur til sannprófenda

Að því er varðar kröfur til sannprófenda gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 um kröfur til fullgildingar- og sannprófunaraðila í tengslum við gróðurhúsalofttegundir til notkunar við faggildingu eða annars konar viðurkenningu. Að auki gilda eftirfarandi verklagsreglur, ferli og tilhögun sem um getur í 1. mgr. 41. gr.:

a) ferli og viðmiðunarreglur varðandi boðskipti við rekstraraðila eða umráðendur loftfara og aðra viðkomandi aðila,

b) fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem aflað er, séu trúnaðarmál,

c) ferli til að bregðast við áfrýjunum,

d) ferli til að bregðast við kvörtunum (þ.m.t. leiðbeinandi tímaáætlun),

e) ferli við að gefa út endurskoðaða sannprófunarskýrslu ef skekkja hefur komið í ljós í sannprófunarskýrslunni eða skýrslu rekstraraðila eða umráðanda loftfars eftir að sannprófandi hefur lagt sannprófunarskýrsluna fyrir rekstraraðila eða umráðanda loftfars til áframhaldandi framlagningar til lögbærs yfirvalds,

f) verklagsreglur eða ferli við útvistun á sannprófunarstörfum til annarra stofnana.

———

III. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur varðandi faggildingarferli og kröfur til faggildingarstofa

Að því er varðar lágmarkskröfur fyrir faggildingu og kröfur til faggildingarstofa gildir samhæfði staðallinn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 varðandi almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.

———

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2012	Þessi reglugerð
1. gr. til 31. gr.	1. gr. til 31. gr.
—	32. gr.
32. gr. til 78. gr.	33. gr. til 79. gr.
I. til III. viðauki	I. til III. viðauki
—	IV. viðauki

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/986 **2020/EES/5/53**

frá 7. mars 2019

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr. og fjórðu undirgrein 6. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frá 1. september 2019 munu öll létt ökutæki falla undir nýja, lögboðna prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun léttra ökutækja, prófunaraðferðina fyrir létt ökutæki, sem er samræmd á heimsvísu (e. *World Harmonised Light Vehicles Test Procedure* (WLTP)), sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([2]) og kemur í stað nýju, evrópsku akursturslotunnar (e. *New European Test Cycle* (NEDC)) sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([3]). Því ætti að koma á fót nýrri aðferðafræði til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækja í flokki N_1 sem eru gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli („fjölþrepa ökutæki“).

2) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 skal úthluta framleiðanda grunnökutækisins sértæka losun koltvísýrings fjölþrepa ökutækis. Til þess að gera framleiðanda grunnökutækisins kleift að skipuleggja með skilvirkum hætti og með nægilegri vissu uppfyllingu markmiða sinna um sértæka losun, ætti að koma á aðferðafræði sem tryggir að sú koltvísýringslosun og sá massi ófullbúinna grunnökutækja sem viðkomandi framleiðanda verður úthlutað, sé þekkt á þeim tíma sem framleiðsla og sala ófullbúna grunnökutækisins á sér stað og ekki aðeins á þeim tíma þegar framleiðandi lokaþreps setur ökutækið, sem er fullbúið í áföngum, á markaðinn.

3) Þegar ákvarða skal koltvísýringslosun ófullbúna grunnökutækisins þykir rétt að nota brúunaraðferðina, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1151, og ætti að fastsetja sértæku ílagsgildin þannig að gildin fyrir koltvísýringslosun og massa verði eins dæmigerð og hægt er fyrir þau gildi sem síðar eru ákvörðuð fyrir endanlega fullbúið ökutæki í áföngum. Til að tryggja samkvæmni ætti, við útreikning á markmiði framleiðanda grunnökutækisins um sértæka losun, að taka tillit til þeirra massagilda sem ákvörðuð eru í þeim tilgangi.

4) Framleiðandi grunnökutækisins ætti að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau ílagsgildi, sem notuð eru fyrir brúunaraðferðina, sem og um koltvísýringslosunargildin fyrir ófullbúna grunnökutækið og massagildi þess. Á sama tíma ættu aðildarríkin að halda áfram að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um sértæka losun koltvísýrings og um massa endanlegra fullbúinna ökutækja í áföngum.

5) Á grundvelli þessara gagna ætti framkvæmdastjórnin að meta stöðugt hversu dæmigerð koltvísýringslosunargildi grunnökutækisins eru og upplýsa framleiðendur um öll frávik sem greinast. Ef um er að ræða veruleg og viðvarandi frávik á milli sértækrar meðaltalslosunar koltvísýrings fyrir endanlega fullbúna ökutækið í áföngum, og meðaltals vöktunargilda fyrir koltvísýringslosun sem ákvörðuð eru fyrir framleiðanda grunnökutækisins, ætti að nota gildin fyrir endanlega fullbúin ökutæki í áföngum til að ákvarða hvort framleiðendur uppfylli markmið sín um sértæka losun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 324/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

6) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í c-lið 1. liðar í I. viðauka bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Ef um er að ræða ófullbúin fjölþrepa ökutæki, sem um getur í lið 1a í A-hluta II. viðauka, skal nota vöktunargildi fyrir massa (M_{mon}) í stað gildisins M. Vöktunargildið fyrir massa skal reiknað út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$M_{mon} = MRO_{base} \times B_0$$

þar sem:

MRO_{base} og B_0 eru skilgreind í a-lið liðar 1a.1 í A-hluta II. viðauka.“

2) Ákvæðum A-hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) ákvæði liðar 1.2 falli brott frá og með 1. janúar 2021,

b) eftirfarandi liðir 1a, 1a.1, 1b og 1c bætast við:

„1a. **Sértæk losun koltvísýrings fyrir fjölþrepa ökutæki í flokki N_1 sem ákvörðuð er samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151**

Frá og með 1. september 2019 skal framleiðandi, fyrir hvert ófullbúið grunnökutæki í flokki N_1 sem er látið gangast undir fjölþrepa gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 2007/46/EB, ákvarða sértæka losun koltvísýrings fyrir þetta grunnökutæki, hér á eftir nefnt „vöktunargildi fyrir koltvísýringslosun“, í samræmi við aðferðafræðina, sem sett er fram í lið 1a.1, og tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.

Framkvæmdastjórnin skal nota vöktunargildið fyrir koltvísýringslosun ófullbúna grunnökutækisins, sem hún hefur fengið tilkynningu um samkvæmt fyrstu málsgrein, til að reikna út sértæka meðaltalslosun fyrir framleiðanda grunnökutækisins á því almanaksári sem fullbúna ökutækið í áföngum var skráð, nema skilyrðin sem um getur í lið 1b séu uppfyllt.

Fyrir fullbúin grunnökutæki skal nota koltvísýringslosun og massa viðkomandi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, til að vakta losun koltvísýrings.

1a.1 **Útreikningur á sértækri losun koltvísýrings fyrir ófullbúna grunnökutækið**

Framleiðandi grunnökutækisins skal reikna út vöktunargildið fyrir koltvísýringslosun fyrir hvert einstakt ófullbúið grunnökutæki í samræmi við brúunaraðferðina, sem um getur í liðum 3.2.3.2 eða 3.2.4 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem beitt er við gerðarviðurkenningu fyrir losun grunnökutækisins þar sem hugtökin skulu vera eins og skilgreint er í þeim lið með eftirfarandi undanþágum:

a) Massi einstaks ökutækis

Í stað hugtaksins „TM_{ind}“ sem um getur í lið 3.2.3.2.2.1 eða 3.2.4.1.1.1 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 komi staðalmassinn fyrir grunnökutækið, DM_{base}, eða eftir atvikum prófunarmassinn fyrir láglosandi ökutæki, TM_L, eða prófunarmassinn fyrir hálosandi ökutæki, TM_H.

Ákvarða skal DM_{base} í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$DM_{base} = MRO_{base} \times B_0 + 25\ kg + M_{VL}$$

þar sem:

MRO_{base} er massi grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, eins og skilgreint er í lið 3.2.5 í XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151

B_0 er massagildi yfirbyggingarinnar sem nemur 1.375

M_{VL} er sá massi sem er dæmigerður fyrir hleðslu ökutækisins, sem þýðir 28% af hámarkshleðslu ökutækis, þar sem hámarkshleðsla ökutækis er skilgreind sem tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að frádregnum massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, margfaldað með B_0, að frádregnum 25 kg.

Talan B_0 er reiknuð sem vegið meðaltal af hlutfallinu milli summu massa ófullbúinna grunnökutækja, sem eru tilbúin til aksturs, fyrir öll fjölþrepa ökutæki skráð á almanaksárinu og summu sjálfgefins, viðbætts massa, sem reiknaður er í samræmi við 5. lið XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, og massa grunnökutækis, sem er tilbúið til aksturs, fyrir öll fjölþrepa ökutæki sem skráð eru á almanaksárunum 2015, 2016 og 2017.

Talan B_0 skal aðlöguð, eigi síðar en 31. október 2021, á grundvelli viðeigandi massagilda fyrir fjölþrepa ökutæki, sem skráð eru á almanaksárunum 2018, 2019 og 2020, og skal hún reiknuð í samræmi við eftirfarandi reiknireglur:

Reikniregla 1:

$$A_y = \frac{\sum_{i=1}^{n} Mf_i}{\sum_{i=1}^{n} Mb_i}$$

þar sem:

A_y er vegið meðaltal hlutfallsins milli M_{fi} og M_{bi}

M_{fi} er massi grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum sjálfgefnum, viðbættum massa, eins og skilgreint er í 5. lið XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

M_{bi} er massi grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs

n er fjöldi grunnökutækja fyrir öll fjölþrepa ökutæki sem skráð eru á almanaksárinu

Reikniregla 2:

$$B_0 = \frac{\sum_{i=2018}^{2020} A_i n_i}{\sum_{i=2018}^{2020} n_i}$$

þar sem:

A_i er vegið meðaltal eins og reiknað er út í reiknireglu 1

n_i er fjöldi grunnökutækja fyrir fjölþrepa ökutæki sem skráð eru á almanaksári

Ef sjálfgefinn massi grunnökutækisins, DM_{base}, er lægri en prófunarmassi láglosandi ökutækis, TM_L, í brúnarhópnum, skal TM_L koma í stað TM_{ind}.

Ef sjálfgefinn massi grunnökutækisins, DM_{base}, er hærri en prófunarmassi hálosandi ökutækis, TM_H, í brúnarhópnum, skal TM_H koma í stað TM_{ind}.

b) Snúningsmótstaða einstaks ökutækis

Nota skal snúningsmótstöðu grunnökutækis að því er varðar lið 3.2.3.2.2.2 eða 3.2.4.1.1.2 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

c) Framhlið

Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki, sem tilheyrir ökumótstöðufylkjahópi, skal framleiðandinn ákvarða hugtakið „Af“, sem um getur í lið 3.2.3.2.2.3 í 7. undirviðauka við XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, í samræmi við einn af eftirfarandi valkostum:

i. framhlið dæmigerðs ökutækis í ökumótstöðufylkjahópi, í m^2,

ii. meðalgildi framhliðar fyrir hálosandi ökutæki og láglosandi ökutæki í brúnarhópnum, í m^2,

iii. framhlið hálosandi ökutækis í brúnarhópnum ef brúnaraðferðin er ekki notuð, í m^2.

Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki, sem tilheyrir ekki ökumótstöðufylkjahópi, skal nota gildið fyrir framhlið hálosandi ökutækis í brúnarhópnum.

1b. **Mat á því hversu dæmigert vöktunargildið fyrir koltvísýringslosun er**

Á hverju ári frá og með almanaksárinu 2020 skal framkvæmdastjórnin meta að hvaða marki meðaltal þeirra vöktunargilda fyrir koltvísýringslosun, sem framleiðandi grunnökutækisins gefur upp, er dæmigert með tilliti til meðaltals sértækrar losunar koltvísýrings fyrir þau fullbúnu ökutæki í áföngum, sem skráð eru á viðkomandi almanaksári, og skal hún upplýsa framleiðanda grunnökutækisins um það.

Ef matið sýnir fram á frávik upp á 4% eða meira á milli meðaltals sértækrar losunar koltvísýrings fyrir öll fullbúin ökutæki í áföngum og meðaltals vöktunargilda fyrir koltvísýringslosun fyrir öll samsvarandi grunnökutæki framleiðanda tvö almanaksár í röð, skal framkvæmdastjórnin nota meðaltal sértækrar losunar koltvísýrings fyrir fullbúna ökutækið í áföngum á næsta almanaksári til að reikna út sértæka meðaltalslosun koltvísýrings fyrir framleiðanda grunnökutækisins eða samlagsins á því ári. Ef um er að ræða viðvarandi frávik skal þessi útreikningur endurtekinn þriðja hvert ár.

1c. **Skýrslugjöf framleiðenda grunnökutækja um gögn**

Framleiðendur grunnökutækja skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu eigi síðar en 28. febrúar ár hvert um eftirfarandi gögn fyrir hvert ófullbúið eða fullbúið grunnökutæki, sem lagt er fram til fjölþrepa viðurkenningar og þeir hafa selt á næstliðnu almanaksári í Sambandinu:

a) verksmiðjunúmer ökutækis,

b) auðkenni brúunarhóps,

c) sértæka losun koltvísýrings fyrir grunnökutækið,

d) framhlið (tilgreina skal viðeigandi valkost),

e) snúningsmótstöðu grunnökutækisins,

f) vöktunargildið fyrir massa,

g) massa grunnökutækisins, sem er tilbúið til aksturs,

h) massa, sem er dæmigerður fyrir hleðslu ökutækis, eins og skilgreint er í lið 1a.1 í þessum viðauka.“

c) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, skulu koma úr samræmisvottorðinu eða vera í samræmi við samræmisvottorðið sem framleiðandi viðkomandi, létts atvinnuökutækis gefur út. Hinar upplýsingarnar skulu koma úr gerðarviðurkenningarskjölunum eða þeim upplýsingum sem framleiðandi grunnökutækisins veitir samkvæmt lið 1c. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja nægilega nákvæmni í verklagsreglunum um vöktun. Ef samræmisvottorðið inniheldur bæði hámarksmassa og lágmarksmassa fyrir létt atvinnuökutæki skal aðildarríkið aðeins notast við gildið fyrir hámarksmassa að því er þessa reglugerð varðar. Þegar um er að ræða tvíeldsneytisökutæki (bensín/gas) þar sem gildi fyrir losun koltvísýrings vegna beggja tegunda eldsneytis eru tilgreind í samræmisvottorðinu skulu aðildarríki einungis nota það gildi sem mælist fyrir gas.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/987 **2020/EES/5/54**

frá 29. maí 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 ([2]) er gerð krafa um að aðildarríkin sem og framleiðendur gefi skýrslu um tiltekin gögn um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011.

2) Prófunaraðferð fyrir létt ökutæki, sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([3]), er ný, lögboðin prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun léttra ökutækja sem mun, frá og með 1. september 2019, koma í stað nýju, evrópsku akstursloturnar (NEDC), sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([4]). Sú breyting mun einnig hafa áhrif á aðferðafræðina til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækja í flokki N1 sem eru gerðarviðurkenndar í fjölþrepa ferli (hér á eftir nefnd „fjölþrepa ökutæki“).

3) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 skal sértækri losun koltvísýrings frá fjölþrepa ökutæki úthlutað framleiðanda grunnökutækisins. Til þess að gera framleiðanda grunnökutækis kleift að skipuleggja með skilvirkum hætti og með nægilegri vissu uppfyllingu markmiða sinna um sértæka koltvísýringslosun, tryggir aðferðafræðin að sú koltvísýringslosun og sá massi sem úthlutaður er þeim framleiðanda séu þekkt á þeim tíma sem framleiðslan og sala grunnökutækisins á sér stað og ekki aðeins á þeim tíma þegar framleiðandi lokaþreps setur fullbúna ökutækið í áföngum á markaðinn.

4) Framleiðandi grunnökutækisins ætti að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau ílagsgildi sem notuð eru fyrir brúunarútreikninginn, sem um getur í lið 1a.1 í A-hluta II. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, sem og koltvísýringslosunargildi og massagildi ófullbúna grunnökutækisins. Nota ætti þessi gildi til að reikna út sértæka meðaltalslosun framleiðanda grunnökutækisins og markmið hans um sértæka losun.

5) Framleiðendur ófullbúinna grunnökutækja, sem voru seld á næstliðnu almanaksári í því skyni að framleiðandi á seinna þrepi geti lokið við smíði þeirra, ættu að færa inn þau gögn sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 í viðskiptagagnasafn Umhverfisstofnunar Evrópu.

6) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 324/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð ESB L 98, 4.4.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 3. og 4. mgr. bætast við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 293/2012:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út bráðabirgðamarkmiðin um sértæka losun og sértæka meðaltalslosun koltvísýrings til bráðabirgða og í þeim tilgangi að sannprófa ílagsgildin, sem notuð eru samkvæmt lið 1a.1 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011, skulu framleiðendur senda framkvæmdastjórninni, með rafrænum gagnaflutningi til gagnasafnsins sem Umhverfisstofnun Evrópu rekur, gögnin fyrir hvert grunnökutæki, sem fellur undir fjölþrepa gerðarviðurkenningu, sem þeir seldu á næstliðnu almanaksári í Sambandinu, eins og tilgreint er í lið 1c í A-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

Senda skal gögnin með rafrænum gagnaflutningi til gagnasafnsins sem Umhverfisstofnun Evrópu rekur.

4. Leggi framleiðendur ekki fram ítarlegu gögnin, sem um getur í 3. mgr., skal reikna út bráðabirgðamarkmiðin um sértæka losun og sértæka meðaltalslosun til bráðabirgða á grunni ítarlegu gagnanna sem aðildarríkin leggja fram.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 29. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1091 **2020/EES/5/55**

frá 18. júlí 2018

um samþættar hagskýrslur um landbúnað og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1166/2008 og (ESB) nr. 1337/2011 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1166/2008 ([2]) er komið á ramma um evrópskar hagskýrslur um framleiðsluskipan á bújörðum fram til 2016. Því ætti að fella þá reglugerð úr gildi.

2) Halda ætti áfram með áætlun um evrópska könnun um framleiðsluskipan á bújörðum, sem farið hefur fram í Sambandinu frá 1966, til að rannsaka horfur á framleiðsluskipan á bújörðum í Sambandinu og láta í té hagskýrslur sem verða nauðsynlegur þekkingargrunnur fyrir hönnun, framkvæmd, vöktun, mat og endurskoðun á tengdri stefnu, einkum sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (e. common agricultural policy (CAP)), þ.m.t. ráðstafanir um dreifbýlisþróun, sem og umhverfisstefnu, stefnu fyrir aðlögun og mildun loftslagsbreytinga og landnotkunarstefnu Sambandsins og nokkur markmið sjálfbærrar þróunar. Slíks þekkingargrunns er einnig krafist til að meta áhrif þessara stefna á vinnuafl kvenna á bújörðum.

3) Söfnun hagskýrslugagna, einkum varðandi framleiðsluskipan bújarða, ætti að miða að því, meðal annarra markmiða, að fá fram uppfærð gögn til að nota í ákvarðanatökuferlinu með það fyrir augum að síðar verði gerðar endurbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

4) Alþjóðlegt mat á landbúnaðarskýrslum leiddi til þess að sett var fram heildarstefna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) til að bæta hagskýrslur um landbúnað og dreifbýli sem hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna (UNSC) samþykkti árið 2010. Evrópskar landbúnaðarskýrslur ættu, eftir því sem við á, að fylgja tilmælunum í heildarstefnunni um að bæta hagskýrslur um landbúnað og dreifbýli og einnig þeim sem falla undir Heimsáætlun FAO um landbúnaðarkönnunina 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 200, 7.8.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. júlí 2018.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 (Stjtíð. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14).

5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([3]) er kveðið á um ramma fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, sem er byggður á sameiginlegum meginreglum um hagskýrslur. Í henni er komið á fót gæðaviðmiðunum og vísað til þarfarinnar á að lágmarka svarbyrði svarenda könnunarinnar og lagt af mörkum til almennari markmiða um að draga úr stjórnsýsluálagi.

6) Setja ætti fram margþætta hagskýrsluáætlun um bú fyrir næsta áratug til að kveða á um ramma fyrir samræmdar, sambærilegar og samfelldar hagskýrslur. Þessar hagskýrslur ættu að beinast að þörfum fyrir stefnumótun.

7) Í stefnuáætlun um landbúnaðarskýrslur fyrir 2020 og áfram, sem nefnd um evrópska hagskýrslukerfið setti fram í nóvember 2015, er gert ráð fyrir samþykkt tveggja rammareglugerða sem ná yfir alla þætti landbúnaðarskýrslna, að undanskildum hagreikningum landbúnaðarins. Reglugerð þessi er önnur þessara rammareglugerða.

8) Til samhæfingar og sambærileika upplýsinga um framleiðsluhorfur á bújörðum og til að uppfylla núverandi þarfir hins almenna skipulags sameiginlega markaðarins, einkum ávaxta- og víngeirans, ætti að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 ([4]) inn í skipulagsupplýsingar á stigi bújarða frá 2013 og áfram og kemur þessi reglugerð í stað hennar. Því er nauðsynlegt að fella þá reglugerð úr gildi.

9) Samanburðarhæfar hagtölur frá öllum aðildarríkjum um framleiðsluskipan á bújörðum eru mikilvægar til að ákvarða þróun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu. Því ber að nota staðlaða flokkun og breytur fyrir könnunaratriði, að því leyti sem það er hægt.

10) Hagskýrslugagnaskrár um bújarðir greiða fyrir að kjarnagögn og gagnaeiningar verði settar í töfluþversnið og heimila þannig að hægt sé að sækja upplýsingar á grunni breyta á borð við kynferði stjórnanda bújarðar, aldur hans, skipulag eignarhalds og stærð bújarðarinnar og upptöku ráðstafana í umhverfismálum. Aðgreining niðurstaðna verður möguleg fyrir viðmiðanir í kjarnagögnum og fyrir samsetningu viðmiðana.

11) Söfnun upplýsinga um fæðingarár, árið þegar viðkomandi var flokkaður sem stjórnandi bújarðar og kyn gæti látið í té gögn fyrir þróun aðgerða að því er varðar kynslóðaskipti og kyntengda þætti.

12) Talning á bújörðum ætti að fara fram í Sambandinu eigi sjaldnar en á tíu ára fresti meðal annars í þeim tilgangi að uppfæra grundvallarskrár um bújarðir og aðrar upplýsingar sem krafist er fyrir lagskiptingu úrtaka. Síðasta talning fór fram 2009 til 2010.

13) Aðildarríki þar sem tímabil gagnasöfnunar fyrir könnunina viðmiðunarárið 2020 skarast við vinnuna sem áætluð var fyrir 10 ára manntalið ættu að geta fært búskaparkönnunina fram um ár til að forðast mikið álag sem hlytist af því að framkvæma tvær meiriháttar gagnasafnanir á sama tíma.

14) Koma ætti á fót viðmiðunarmörkum til þess að forðast að setja óþarfa byrðar á bújarðir og innlend stjórnvöld. Til að geta greint skipan evrópsks landbúnaðar á tilhlýðilegan hátt ættu hagskýrslurnar að taka til 98% hagnýts landbúnaðarsvæðis og búfénaðar á búum. Þetta þýðir að viðmiðunarmörkin sem skráð eru í þessari reglugerð eru of há í sumum aðildarríkjum. Bújarðirnar sem þó eru undir þessum viðmiðunarmörkum eru svo litlar að nægjanlegt er að afla úrtaka gagna einu sinni á hverjum áratug til að greiða fyrir mati á skipan þeirra og áhrifum á framleiðslu, og leiða þannig til lækkunar kostnaðar og álags en gera jafnframt kleift að hanna skilvirka stefnuaðgerð til að styðja og viðhalda skipan lítilla bújarða.

15) Svæði sem notuð eru til landbúnaðarframleiðslu ættu að falla undir samþættar hagskýrslur um landbúnað, þ.m.t. gildir það um landnotkun tveggja eða fleiri bújarða með sameiginleg réttindi.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1337/2011 frá 13. desember 2011 um evrópskar hagskýrslur um fjölærar nytjaplöntur og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 357/79 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/109/EB (Stjtíð. ESB L 347, 30.12.2011, bls. 7).

16) Nauðsynlegt er að taka við upplýsingum um tengsl bújarðar við fyrirtækjasamstæðu þegar einingar hennar lúta stjórn móðurfélags.

17) Hagstofur aðildarríkja og önnur innlend yfirvöld ættu að hafa aðgang að stjórnsýslugögnum að því marki sem gögn þessi eru nauðsynleg hvað varðar þróun, framleiðslu og miðlun evrópskra hagskýrslna, í samræmi við 17. gr. a reglugerðar (EB) nr. 223/2009, í því skyni að draga úr svarbyrði.

18) Aðildarríki eða ábyrg innlend yfirvöld ættu að leitast við að nútímavæða leiðir við gagnasöfnum um bújarðir eins mikið og hægt er. Hvetja ætti til notkunar á stafrænum lausnum í því skyni.

19) Úthluta ætti breytum sem safnað verður til mismunandi söfnunarhópa (kjarnagögn og einingar) með mismunandi tíðni eða eins og dæmigert er, eða hvorttveggja, að því er varðar sveigjanleika evrópskra landbúnaðarskýrslukerfisins og til einföldunar og nútímavæðingar landbúnaðarskýrslna.

20) Heimilt er að lækka svarbyrði og kostnað frekar með því að endurnýta gögn frá árinu beint á undan viðmiðunarári eða næst á eftir því. Þetta yrði sérstaklega viðeigandi um þætti þar sem engra meiriháttar breytinga er að vænta á milli ára.

21) Aðildarríkin ættu að hafa heimild til að nota tölfræðilegar kannanir, opinberar skrár og aðrar heimildir, aðferðir eða nýstárlegar aðferðir, þ.m.t. vísindalegar grundvallaðar og vel skjalfestar aðferðir á borð við tilreikning, áætlun og líkanagerð, að því er varðar sveigjanleika og til að draga úr byrði á svarendur, hagstofur aðildarríkja og önnur innlend yfirvöld.

22) Bæta ætti söfnun upplýsinga um næringarefni og vatnsnotkun og aðferðir við landbúnaðarframleiðslu sem beitt er á bújarðir í því skyni að setja fram viðbótarhagskýrslur fyrir þróun umhverfisstefnu í landbúnaði og bæta gæði umhverfisvísa í landbúnaði.

23) Nota ætti þema hagskýrslueininga í samræmi við III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ([5]) fyrir landkóðun bújarða.

24) Framkvæmdastjórnin skal virða trúnað gagna sem send eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 223/2009. Tryggja ætti nauðsynlega vernd trúnaðargagna, m.a. með því að takmarka notkun mæliþátta á staðsetningum við svæðisgreiningar upplýsinga og með viðeigandi samsöfnun gagna þegar hagskýrslur eru gefnar út. Af þessum sökum ætti að þróa samhæfða nálgun við vernd trúnaðarkvaðar og gæðaþátta varðandi miðlun gagna um leið og sýnd er viðleitni til að gera rafrænan aðgang að opinberum hagskýrslum bæði auðveldan og notendavænan.

25) Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([6]) og ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við þá reglugerð og/eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([7]), eftir því sem við á.

26) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([8]) er komið á fót atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem um getur í þessari reglugerð að því er varðar skilgreiningu á viðeigandi þýði bújarða.

27) Skilgreina ætti svæðiseiningar í samræmi við flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([9]).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls.1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90, sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

28) Krefjast ætti fjármögnunar bæði frá aðildarríkjunum og Sambandinu í nokkur ár í því skyni að framkvæma gagnasöfnunina. Því ætti að setja ákvæði um styrk frá Sambandinu til að styðja þá áætlun fyrir milligöngu Ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1306/2013 ([10]).

29) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan viðeigandi fjárhagsrammi til margra ára varir og á að vera helsta viðmiðunarfjárhæðin fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ([11]). Í reglugerð þessari er kveðið á um að komið verði á fót fjárhagsáætlun fyrir frekari gagnasafnanir í tengslum við næsta fjárhagsramma til margra ára.

30) Endurskoða ætti efnahagslega þætti þessarar reglugerðar fyrir tímabilið eftir 2020 og taka tillit til nýs fjárhagsramma til margra ára og annarra viðeigandi breytinga á fjármögnunarleiðum Sambandsins. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar ætti framkvæmdastjórnin að velta fyrir sér hvort leggja ætti fram viðeigandi breytingar við þessa reglugerð.

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á kerfisbundinni samantekt á evrópskum hagskýrslum um bújarðir í Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna samræmis og samanburðarhæfis er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

32) Í reglugerð (EB) nr. 223/2009 er kveðið á um viðmiðunarramma fyrir evrópskar hagskýrslur og er þess krafist að aðildarríkin hlíti tölfræðilegum meginreglum og gæðaviðmiðunum sem tilgreind eru í þeirri reglugerð. Gæðaskýrslur eru undirstaða fyrir mat á gæðum evrópskra hagskýrsla og þess að bæta þær og miðla. Nefndin um evrópska hagskýrslukerfið hefur stutt staðal evrópska hagskýrslukerfisins varðandi skipulag gæðaskýrslna í samræmi við 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 223/2009. Staðall evrópska hagskýrslukerfisins ætti að stuðla að samhæfingu gæðaskýrslugjafar samkvæmt þessari reglugerð.

33) Mat á áhrifum hefur farið fram í samræmi við meginregluna um trausta fjármálastjórnun til að í áætluninni sé lögð áhersla í hagskýrsluáætluninni sem komið er á fót með þessari reglugerð um þörfina á skilvirkni við að ná markmiðum hennar og til að tekið sé tillit fjárhagslegra takmarkana hennar frá og með hönnunarfasanum.

34) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni að fara með framkvæmd að því er varðar að tilgreina lýsingar á breytum sem skráðar eru í þessar reglugerð og tæknilega þætti gagna sem verða afhent og koma þannig á fót lýsingum á breytum og öðrum nytsömum ráðstöfunum við söfnun sérstakra gagna eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð og einnig að setja fram nytsamar ráðstafanir fyrir gæðaskýrslurnar og um efni þeirra. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]). Framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til þátta á borð við kostnað og stjórnsýsluálag á bújarðir og aðildarríki þegar hún beitir þessu valdi.

35) Framselja ætti til framkvæmdastjórnarinnar vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingar á ítarlegum efnisatriðum sem skráð eru í þessari reglugerð og við þá bætt viðeigandi gagnaeiningum með því að tilgreina upplýsingarnar sem veittar voru á sértækum grunni, eins og sett er fram í þessari reglugerð, til að taka tillit til nýlega tilkominna gagnaþarfa sem einkum koma til af nýrri þróun í landbúnaði, endurskoðaðri löggjöf og breyttri forgangsröðun við stefnumótun. Framselja ætti framkvæmdastjórninni heimildina til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á breytum sem skráðar eru í þessari reglugerð til að kveða á um samhæfi og greiða fyrir notkun annarra gagnagjafa. Framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til þátta á borð við kostnað og stjórnsýsluálag á bújarðir og aðildarríki þegar hún

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1306/2013 frá 17. desember 2013 um fjármögnun, stjórnun og eftirlit með sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 352/78, (EB) nr. 165/94, (EB) nr. 2799/98, (EB) nr. 814/2000, (EB) nr. 1290/2005 og (EB) nr. 485/2008 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 549).

([11]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

beitir þessu valdi. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í stofnanasamstarfssamningnum frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([13]). Einkum fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja, og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða.

36) Evrópska persónuverndarstofnunin var höfð með í ráðum og samþykkti álit hinn 20. nóvember 2017 ([14]).

37) Samráð hefur verið haft við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Reglugerð þessi kemur á fót ramma fyrir evrópskar hagskýrslur varðandi bújarðir og kveður á um samþættingu upplýsinga um skipulag þar að lútandi um framleiðsluaðferðir, ráðstafanir í dreifbýlisþróun, umhverfisþætti í landbúnaði og aðrar tengdar upplýsingar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „bú“ eða „bújörð“: sérstök eining, bæði tæknilega og efnahagslega, sem býr við sérstaka stjórnun og stundar efnahagslega starfsemi í landbúnaði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1893/2006 og tilheyrir hópum A.01.1, A.01.2, A.01.3, A.01.4, A.01.5 eða fellur undir „viðhald í góðu landbúnaðar- og umhverfisástandi“ í hópi A.01.6. innan efnahagssvæðis Sambandsins, annaðhvort sem aðal- eða aukastarfsemi. Varðandi starfsemi í hópi A.01.49 telst einungis með starfsemin „Ræktun og undaneldi hálftaminna eða annarra lifandi dýra“ (að undanskilinni ræktun á skordýrum) og „Býrækt og framleiðsla hunangs og bývax“,

b) „bú á sameiginlegu landi“: landeining þar sem almenn réttindi gilda og sem ein eða fleiri bújarðir nota til landbúnaðarframleiðslu en er ekki skipt milli þeirra,

c) „svæði“: svæðisbundin eining í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS), skilgreint í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1059/2003,

d) „búfjáreining“: stöðluð mælieining sem greiðir fyrir samsöfnun ýmissa flokka búfjár til að hægt sé að bera þá saman; reiknistuðlar til að koma á fót búfjáreiningum fyrir einstaka búfjárflokka eru skráðir í I. viðauka,

e) „hagnýtt landbúnaðarsvæði“ (e. UAA): landsvæði sem notað er til búskapar, þ.m.t. akurland, fastagraslendi, land undir fjölærar nytjaplöntur og annað land sem notað er til landbúnaðar,

f) „viðmiðunarár“: almanaksár sem viðmiðunartímabilin vísa til,

g) „matjurtagarður“: svæði sem notuð eru til matvælaframleiðslu og ætluð eru til eigin neyslu,

h) „eining“: eitt eða fleiri gagnasöfn sem skipulögð eru í því skyni að ná yfir efnisatriði,

i) „efnisatriði“: innihald upplýsinga sem safna á um hagskýrslueiningar, hvert atriði nær yfir nokkur ítarleg efnisatriði,

j) „ítarlegt efnisatriði“: ítarlegt inntak upplýsinga sem verður safnað um hagskýrslueiningar sem varða tiltekið efnisatriði, hvert ítarlegt efnisatriði nær yfir nokkrar breytur,

k) „breyta“: einkenni eininga sem fylgst er með og gætu tekið á sig margs konar gildi.

([13]) Stjtíð. ESB L123, 12.5.2016, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB C 14, 16.1.2018, bls. 6.

3. gr.

Umfang

1. Gögnin sem krafist er í þessari reglugerð skulu ná yfir 98% af heildarumfangi hagnýts landbúnaðarsvæðis (að undanskildum matjurtagörðum) og 98% búfjáreininga hvers aðildarríkis.

2. Til að uppfylla þessi skilyrði skulu aðildarríki láta í té gögn sem standa fyrir bújarðir og sameiginlegt landsvæði í landbúnaðareiningum sem uppfylla að minnsta kosti ein af þeim efnislegu viðmiðunarmörkum sem skráð eru í II. viðauka að því er varðar stærð landbúnaðarlands eða fjölda búfjáreininga.

3. Þrátt fyrir þetta er aðildarríkjum heimilt, með fyrirvara um fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), að koma á fót hærri efnislegum eða samsvarandi efnahagslegum viðmiðunarmörkum til að minnka rammann þegar ramminn sem tilgreindur er í 2. mgr. stendur fyrir yfir 98% af innlendri landbúnaðarframleiðslu sem mæld er út frá meðalframleiðslu í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1198/2014 ([15]), svo fremi 98% heildarumfangs hagnýts landsbúnaðarsvæðis (að undanskildum matjurtagörðum) og 98% af búfjáreiningum aðildarríkja sé náð.

4. Þegar ramminn sem tilgreindur er skv. 2. mgr. þessarar greinar nær ekki yfir 98% umfangs hagnýts landbúnaðarsvæðis og 98% búfjáreininga skulu aðildarríki víkka rammann í samræmi við 6. gr. með því að koma á lægri viðmiðunarmörkun en þeim sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eða með því að koma á viðbótar viðmiðunarmörkum eða hvoru tveggja.

4. gr.

Gagnagjafar og aðferðir

1. Aðildarríki skulu nota eina af eftirfarandi heimildum eða aðferðum til að komast yfir gögnin sem um getur í þessari reglugerð, að því tilskildu að upplýsingar heimili samantekt hagskýrslna sem uppfylla gæðakröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr.:

a) tölfræðilegar kannanir,

b) stjórnsýslugagnagjafar sem tilgreindir eru í 2. mgr. þessarar greinar,

c) aðrar heimildir, aðferðir eða nýstárlegar aðferðir.

2. Aðildarríkjum er heimilt að nota upplýsingar frá samþættu stjórnunar- og eftirlitskerfi (IACS) sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 ([16]), kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ([17]) og kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár eða geita sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ([18]), skrá yfir vínekrur sem framkvæmd er í samræmi við 145. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([19]) og skrárnar yfir lífrænan búskap sem settar eru fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([20]). Aðildarríkjum er einnig heimilt að nota stjórnsýsluheimildir sem tengjast sértækum ráðstöfnunum í dreifbýlisþróun.

3. Aðildarríki sem ákveða að nota heimildir, aðferðir eða nýstárlegar aðferðir sem um getur í c-lið 1. mgr. skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) árið á undan viðmiðunarárinu og láta í té upplýsingar sem varða gæði gagna úr þeirri heimild, aðferða eða nýstárlegra aðferða, og gagnasöfnunaraðferðir sem notaðar verða.

([15]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1198/2014 frá 1. ágúst 2014, um viðbætur við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1217/2009 um að koma upp kerfi til söfnunar bókhaldsgagna um tekjur og rekstur bújarða í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB L 321, 7.11.2014, bls. 2).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013 frá 17. desember 2013 um að koma á reglum um beingreiðslur til bænda samkvæmt stuðningskerfum innan ramma sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 637/2008 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 608).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

([18]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

([20]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

4. Innlend yfirvöld sem bera ábyrgð á að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar skulu hafa rétt til aðgangs að og notkunar á gögnum, án tafar og endurgjaldslaust, þ.m.t. einstaka gögnum um bújarðir og persónuupplýsingar um eigendur þeirra sem geymdar eru í opinberum skrám sem safnað er á innlendu yfirráðasvæði þeirra skv. 17. gr. a reglugerðar (EB) nr. 223/2009. Innlend yfirvöld og eigendur opinberra skráa skulu koma á fót nauðsynlegu samstarfsfyrirkomulagi.

5. gr.

Kjarnaskipulagsgögn

1. Aðildarríki skulu safna og láta í té kjarnaskipulagsgögn („kjarnagögn“) sem varða bújarðirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr., fyrir viðmiðunarárin 2020, 2023 og 2026, eins og skráð er í III. viðauka. Kjarnagagnasöfnunin fyrir viðmiðunarárið 2020 skal framkvæma eins og talningu.

2. Framkvæma má kjarnagagnasöfnunina fyrir viðmiðunarárin 2023 og 2026 með úrtökum. Í því tilviki skulu aðildarríki tryggja að vegnar niðurstöður kannana séu tölfræðilega dæmigerðar fyrir bújörð innan hvers svæðis og að þær uppfylli nákvæmniskröfur sem settar eru fram í V. viðauka.

3. Þegar breyta sem skráð er í III. viðauka hefur lágt eða ekkert algengi í aðildarríki má undanskilja hana frá gagnasöfnuninni með fyrirvara um að hlutaðeigandi aðildarríki afhendi framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) upplýsingar sem réttlæta á viðeigandi hátt undanþágu þess á almanaksárinu á undan viðmiðunarárinu.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina lýsingar á breytum sem skráðar eru í III. viðauka.

Samþykkja skal framkvæmdargerðir þessar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. eigi síðar en 28. febrúar 2019 fyrir viðmiðunarárið 2020, eigi síðan er 31. desember 2021 fyrir viðmiðunarárið 2023 og eigi síðar en 31. desember 2014 fyrir viðmiðunarárið 2026.

5. Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 16. gr. varðandi lagfæringar á breytunum sem skráðar eru í III. viðauka þegar nauðsyn krefur að því er varðar samræmingu við gagnagjafana sem tilgreindir eru í 2. mgr. 4. gr. fyrir árin 2023 og 2026. Framkvæmdastjórnin skal, þegar hún beitir valdi sínu, tryggja að slíkar framseldar gerðir komi aðeins í stað breytanna sem skráðar eru í III. viðauka og ekki er lengur hægt að leiða frá tilteknum gagnagjöfum. Þegar breytum er skipt út skal framkvæmdastjórnin tryggja að leiða megi nýju breyturnar frá gagnagjöfunum sem tilgreindir eru í 2. mgr. 4. gr. Hún skal enn fremur tryggja að slíkar framseldar gerðir séu rökstuddar á viðeigandi hátt og leggi hvorki umtalsverðar viðbótarbyrðar eða kostnað á aðildarríkin né svarendur.

6. Samþykkja skal þessar framseldu gerðir eigi síðar en 30. september 2021 fyrir viðmiðunarárið 2023 og eigi síðar en 30. september 2024 fyrir viðmiðunarárið 2026.

6. gr.

Útvíkkun ramma

1. Aðildarríki sem útvíkka rammann í samræmi við 4. mgr. 3. gr. skulu afhenda kjarnagögn um bújarðir sem eru taldar með í þeirri útvíkkun ramma fyrir viðmiðunarárið 2020 og ná yfir upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka.

2. Framkvæma má gagnasöfnunina um bújarðir í útvíkkaða rammanum með úrtökum. Í því tilviki skulu aðildarríkin tryggja að vegnar niðurstöður kannana séu tölfræðilega dæmigerðar fyrir bújarðir innan hvers svæðis og að þær uppfylli nákvæmniskröfur sem settar eru fram í V. viðauka.

7. gr.

Gagnaeining

1. Aðildarríki skulu safna og láta í té einingarnar um efnisatriði og ítarleg efnisatriði sem skráðar eru í IV. viðauka fyrir eftirfarandi viðmiðunarár:

a) Einingin „Vinnuafl og önnur tekjuskapandi starfsemi“ fyrir 2020, 2023 og 2026,

b) Einingin „Dreifbýlisþróun“ fyrir 2020, 2023 og 2026,

c) Einingin „Gripahýsing og meðhöndlun húsdýraáburðar“ fyrir 2020 og 2026,

d) Einingin „Áveita“ fyrir 2023,

e) Einingin „Jarðvegsstjórnunarhættir“ fyrir 2023,

f) Einingin „Vélbúnaður og tæki“ fyrir 2023,

g) Einingin „Aldingarður“ fyrir 2023,

h) Einingin „Vínekra“ fyrir 2026.

2. Umfang þessarar gagnasöfnunar skal innihalda bújarðirnar sem um getur í 2. og 3. mgr. 3. gr.

3. Framkvæma má gagnasöfnun eininga með úrtökum bújarða. Í því tilviki skulu aðildarríkin tryggja að vegnar niðurstöður kannana séu tölfræðilega dæmigerðar fyrir bújarðir innan hvers svæðis og að þær uppfylli nákvæmniskröfur sem settar eru fram í V. viðauka.

4. Safna skal einingunum úr hlutaúrtökum bújarða sem kjarnagögnum er safnað frá. Einingarnar skulu endurspegla stöðuna á viðmiðunarárinu en geta grundvallast á árunum beint fyrir eða eftir viðmiðunarárið fyrir einingarnar sem um getur í f-, g- og h-lið 1. mgr. þessarar greinar. Í öllum tilvikum skulu kjarnagögn sem skráð eru í III. viðauka fylgja hverri skrá þar sem látnar eru í té upplýsingar um einingar.

5. Aðildarríki, sem eru með a.m.k. 1000 hektara af einstaka plöntum sem um getur samkvæmt ítarlegum efnisatriðum í einingunni „Aldingarður“ í IV. viðauka og framleiða að öllu eða mestu leyti fyrir markað, skulu framkvæma einunguna „Aldingarður“ fyrir þá tilteknu plöntu.

6. Aðildarríki, sem eru með a.m.k. 1000 hektara af vínekrum sem gróðursettar eru með vínviði með vínþrúgum og framleiða að öllu eða mestu leyti fyrir markað, skulu framkvæma eininguna „Vínekra“.

7. Aðildarríki með minna en 2% áveitusvæði á hagnýtu landbúnaðarsvæði og með engin svæði á 2. stigi NUTS með að minnsta kosti 5% hagnýts landbúnaðarsvæðis skulu fá undanþágu frá því að framkvæma eininguna „Áveita“.

8. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) um tilvik sem um getur í 5., 6. og 7. mgr. fyrir lok júní á árinu á undan hlutaðeigandi viðmiðunarári.

9. Þegar breyta hefur lágt eða ekkert algengi í aðildarríki má undanskilja þá breytu frá gagnasöfnuninni með fyrirvara um að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) fái í hendur upplýsingar sem rökstyðja á viðeigandi hátt undanþágu þess á almanaksárinu á undan viðmiðunarárinu.

8. gr.

Tækniforskrift varðandi gagnaeininguna

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerð sem tilgreinir eftirfarandi tækniatriði um gögnin sem afhent verða fyrir hverja einingu og samsvarandi efnisatriði og ítarlegt efnisatriði sem skráð er í IV. viðauka:

a) skrá yfir breytur,

b) lýsingar á breytum.

Samþykkja skal framkvæmdargerðir þessar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. eigi síðar en 28. febrúar 2019 fyrir viðmiðunarárið 2020, eigi síðan er 31. desember 2021 fyrir viðmiðunarárið 2023 og eigi síðar en 31. desember 2024 fyrir viðmiðunarárið 2026.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að heildarfjöldi kjarna- og einingabreyta verði ekki hærri en 300 breytur árið 2020, 470 árið 2023 og 350 árið 2026, þegar samþykktar verða framkvæmdargerðir sem tilgreina skrár yfir breytur í samræmi við 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 16. gr. um breytingar á ítarlegum efnisatriðum sem skráð eru í IV. viðauka fyrir árin 2023 og 2026. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að þessar framseldu gerðir auki ekki verulega byrðina sem er lögð á með fjölda breyta þegar hún beitir valdi sínu. Einkum skal framkvæmdastjórnin tryggja að

framseldar gerðir sem leiða ekki til fjölgunar breyta sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og að hámark 20% ítarlegra efnisatriða, sem skráð eru í IV. viðauka, sé breytt með framseldum gerðum fyrir hverja einingu. Þó má engu að síður breyta einu ítarlegu efnisatriði ef 20% er minna en eitt ítarlegt efnisatriði.

4. Samþykkja skal þessar framseldu gerðir eigi síðar en 30. september 2021 fyrir viðmiðunarárið 2023 og eigi síðar en 30. september 2024 fyrir viðmiðunarárið 2026.

5. Framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. og framseldu gerðirnar sem um getur í 3. mgr. skulu ekki leggja á umtalsverðan aukakostnað sem leiðir til óhóflegra og óréttmætra byrða á bújarðir og á aðildarríki.

9. gr.

Sérstök gögn

1. Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 16. gr. og bæta við gagnamengis-eininguna sem sett er fram í IV. viðauka, ef söfnun viðbótarupplýsinga er talin nauðsynleg. Þessar framseldu gerðir skulu tilgreina:

a) efnisatriði og ítarleg efnisatriði sem láta á í té í sérstöku einingunni og ástæður slíkra viðbótar hagskýrsluþarfa,

b) viðmiðunarárið.

2. Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 1. mgr. og byrja á viðmiðunarárinu 2023 og á þriggja ára fresti. Hún skal ekki leggja til sérstakar einingar fyrir viðmiðunarárin þegar gagnasöfnun fer fram sem talning.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að láta í té:

a) skrá yfir breytur sem eru ekki fleiri en 20 breytur og senda á til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og samsvarandi mælieiningar,

b) lýsingar á breytum,

c) nákvæmniskröfur,

d) viðmiðunartímabil,

e) sendingardaga.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. eigi síðar en 12 mánuðum fyrir upphaf viðmiðunarársins.

4. Framseldu gerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr. skulu ekki leggja á umtalsverðan aukakostnað sem leiðir til óhóflegra og óréttmætra byrða á bújarðir og á aðildarríki.

10. gr.

Viðmiðunartímabil

Upplýsingar sem safnað er skulu vísa til einstaks viðmiðunarárs, sem er sameiginlegt öllum aðildarríkjum, með því að vísa til aðstæðna innan ákveðins tímaramma eða dagsetningar eins og hér segir:

a) Fyrir landbreytur skal notkun lands vísa til viðmiðunarársins. Sé um að ræða skiptiræktun frá sömu landspildu skal landnotkun vísa til uppskeru á landi á viðmiðunarárinu, óháð því hvenær sáð er í landið.

b) Fyrir breytur um áveitu og jarðvegsstjórnunarhætti er viðmiðunartímabilið 12 mánaða tímabil sem lýkur innan viðmiðunarársins og skal hvert aðildarríki koma því á fót með það í huga að ná yfir tengd framleiðsluferli.

c) Fyrir breytur um búfé, gripahýsingu og meðhöndlun húsdýraáburðar skal hvert aðildarríki koma á viðmiðunardegi innan viðmiðunarársins. Breyturnar um meðhöndlun húsdýraáburðar skulu vísa til 12 mánaða tímabils sem felur í sér þá dagsetningu.

d) Fyrir breytur um vinnuafl skal hvert aðildarríki koma á 12 mánaða viðmiðunartímabili sem lýkur á viðmiðunardegi innan viðmiðunarársins.

e) Fyrir breytur um ráðstafanir í dreifbýlisþróun sem framkvæmdar eru hvað varðar einstakar bújarðir skal viðmiðunartímabilið vera þriggja ára tímabil sem lýkur 31. desember á viðmiðunarárinu.

f) Fyrir allar aðrar breytur skal hvert aðildarríki koma á sameiginlegum viðmiðunardegi innan viðmiðunarársins.

11. gr.

Gæði

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði gagna og lýsigagna sem þau afhenda.

2. Í þessari reglugerð gilda gæðaviðmiðanirnar eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði sendra gagna og lýsigagna.

4. Þess vegna skulu aðildarríki senda gæðaskýrslu sem lýsir hagskýrsluferli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir hvert viðmiðunarár sem fellur undir þessa reglugerð og einkum:

a) lýsigögn sem lýsa aðferðafræðinni sem notuð er og hvernig tækniforskriftir náðust með vísun í þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) upplýsingar um reglufylgni við lágmarkskröfur fyrir notaða úrtaksramma, þ.m.t. við þróun og uppfærslu á þeim, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem hagnýtar ráðstafanir um gæðaskýrslur og innihald þeirra er sett fram. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. og ekki leggja umtalsverðar viðbótarbyrðar eða kostnað á aðildarríkin.

5. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) eins fljótt og auðið er um viðkomandi upplýsingar eða breytingar að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar sem gæti haft áhrif á gæði afhentra gagna.

6. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins), veita að auki allar nánari útlistanir sem nauðsynlegar eru til að meta gæði tölfræðilegra upplýsinga.

12. gr.

Afhending og afhendingarfrestur á gögnum og lýsigögnum

1. Aðildarríki skulu, fyrir viðmiðunarárið 2020, afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) fullgild kjarnagögn og gagnaeiningar og gæðaskýrslu innan 15 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

2. Aðildarríki skulu, fyrir viðmiðunarárin 2023 og 2026, afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) fullgild kjarnagögn og gagnaeiningar innan 12 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

3. Gögnin, sem send eru framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), skulu vera um einstök bú. Tengja skal gagnaeiningar og sérstök gögn við kjarnagögn sem skráð eru í III. viðauka við einstaka bújarðir fyrir sama viðmiðunarár. Skrárnar sem látnar eru í té skulu fela í sér framreikningarþætti og upplýsingar um lagskiptingu.

4. Aðildarríki skulu afhenda gögn og lýsigögn og nota til þess tækniforskriftina sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Gögn og lýsigögn skulu send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir milligöngu miðlægrar gagnagrunnsþjónustu.

13. gr.

Framlag Sambandsins

1. Sambandið skal láta í té styrki til hagstofa aðildarríkja og annarra innlendra yfirvalda sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 vegna framkvæmdar á þessari reglugerð til að:

a) þróa eða framkvæma gagnakröfur, eða hvort tveggja,

b) þróa aðferðafræði til að nútímavæða hagskýrslukerfi sem miða að meiri gæðum og lægri kostnaði og draga úr stjórnsýsluálagi við framleiðslu samþættra hagskýrslna um landbúnað og nota til þess heimildir og aðferðir sem um getur í 4. gr.

2. Aðildarríki skulu taka við styrkjum frá Sambandinu til að greiða upp í kostnað við gagnasöfnun sem tilgreindur er í 5., 6. og 7. gr. sem eru innan gildissviðs fjárhagsrammans sem tilgreindur er í 14. gr.

3. Fjárframlag Sambandsins sem um getur í 2. mgr. skal ekki vera hærra en 75% af aðstoðarhæfum kostnaði, með fyrirvara um hámarksfjárhæð sem tilgreind er í 4. og 5. mgr.

4. Fjárframlag Sambandsins skal vera takmarkað við hámarksfjárhæðirnar sem tilgreindar eru, fyrir samanlagðan kostnað af söfnun kjarnagagna og gagnaeininga fyrir árið 2020, hér að neðan:

a) 50 000 evrur fyrir Lúxemborg og Möltu, hvort um sig,

b) 1 000 000 evrur fyrir Austurríki, Króatíu, Írland og Litáen, hvert um sig,

c) 2 000 000 evrur fyrir Búlgaríu, Þýskaland, Ungverjaland, Portúgal og Bretland, hvert um sig,

d) 3 000 000 evrur fyrir Grikkland, Spán og Frakkland, hvert um sig,

e) 4 000 000 evrur fyrir Ítalíu, Pólland og Rúmeníu, hvert um sig og

f) 300 000 evrur fyrir öll önnur aðildarríki, hvert um sig.

5. Lækka skal hámarksfjárhæðina, sem tilgreind er í 4. mgr. fyrir söfnun kjarnagagna og gagnaeiningar árið 2023 og 2026, um 50% með fyrirvara um ákvæði samkvæmt fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabil eftir 2020.

6. Sambandið skal veita styrki til hagstofa aðildarríkjanna og annarra innlendra yfirvalda til að safna sérstökum gögnum sem tilgreind eru í 9. gr., og um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 til að greiða upp í kostnað við framkvæmd sérstöku gagnasöfnunarinnar. Fjárframlag Sambandsins má ekki fara yfir 90% af aðstoðarhæfum kostnaði.

7. Ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar skal greiða fjárframlag Sambandsins fyrir styrkina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar samkvæmt d-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1306/2013.

14. gr.

Fjárhagsrammi

1. Fjárhagsrammi Sambandsins til að framkvæma gagnasöfnunaráætlunina fyrir viðmiðunarárið 2020, þ.m.t. nauðsynlegar fjárveitingar til stjórnunar, viðhalds og þróunar gagnagrunnskerfa sem notuð eru innan framkvæmdastjórnarinnar til að vinna gögnin sem aðildarríkin afhenda samkvæmt þessari reglugerð, skal vera 40 000 000 evrur fyrir tímabilið 2018–2020 og skal felast í fjárhagsrammanum fyrir árin 2014–2020.

2. Í kjölfar gildistökudags fjárhagsramma til margra ára eftir 2020 skal Evrópuþingið og ráðið festa fjárhæðina fyrir tímabilið eftir 2020 að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

15. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita stöðugu og skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, hjá öllum styrkþegum, verktökum, undirverktökum og þriðju aðilum sem hafa, beint eða óbeint, fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt áætlun þessari.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur framkvæmt athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir um hlutaðeigandi rekstraraðila beint eða óbeint á vettvangi, með slíkri fjármögnun, í samræmi við verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([21]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([22]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður beint eða óbeint samkvæmt ramma þessar reglugerðar.

4. Samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir og styrksamningar og styrkákvarðanir sem leiða af framkvæmd þessarar reglugerðar, skulu veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýra heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir, vettvangseftirlit og athuganir.

5. Þegar framkvæmd aðgerðar er útvistuð eða öðrum veitt umboð þar að lútandi, að fullu eða að hluta til, eða þegar gera þarf innkaupasamning eða láta í té fjárstyrk til þriðja aðila skal samningur, styrktarsamningur eða ákvörðun um styrk innihalda skuldbindingu verktakans eða styrkþegans til að krefja hlutaðeigandi þriðju aðila um skilmerkilegt samþykki á yfirvaldi framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum gagnvart hlutaðeigandi þriðju aðilum.

6. Ákvæði 4. og 5. mgr. gilda með fyrirvara um ákvæði 1., 2. og 3. mgr.

16. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 5. gr. (6. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 9. gr. (1. mgr.) í fimm ár frá 27. ágúst 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framlengja skal valdaframsalið með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 5. gr. (6. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og í 9. gr. (1. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún þegar í stað tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. gr. (6. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 9. gr. (1. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([22]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

17. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagkerfið sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 223/2009. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

18. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd og árangur markmiða þessarar reglugerðar fyrir 31. desember 2024.

19. gr.

Undanþágur

Viðmiðanirnar fyrir árið 2019 skulu, þrátt fyrir 5. gr., 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), 8. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. mgr.), 13. gr. (4. mgr.) og 14. gr. (1. mgr.) V. viðauka, koma í stað viðmiðana fyrir árið 2020 fyrir Grikkland og Portúgal, ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (ESB) nr. 1337/2011 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2022.

2. Reglugerð (EB) nr. 1166/2008 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2019.

3. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. Tajani	J. BOGNER-STRAUSS
forseti.	*forseti.*

———

I. VIÐAUKI

Reiknistuðlar búfjáreininga

Dýrategund	Einkenni dýrs	Reiknistuðull
Nautgripir	Undir eins árs aldri	0,400
	Eins árs en yngri en tveggja ára	0,700
	Naut, tveggja ára og eldri	1,000
	Kvígur, tveggja ára og eldri	0,800
	Mjólkurkýr	1,000
	Kýr aðrar en mjólkurkýr	0,800
Sauðfé og geitur		0,100
Svín	Grísir, minni lífþyngd en 20 kg	0,027
	Gyltur til undaneldis með 50 kg lífþyngd og meiri	0,500
	Önnur svín	0,300
Alifuglar	Holdakjúklingar	0,007
	Varphænur	0,014
	Aðrir alifuglar	
	Kalkúnar	0,030
	Endur	0,010
	Gæsir	0,020
	Strútar	0,350
	Aðrir alifuglar ót. a.	0,001
Kanínur, kvendýr til undaneldis		0,020

II. VIÐAUKI

Skrá yfir efnisleg viðmiðunarmörk (1)

Liður	Viðmiðunarmörk
Hagnýtt landbúnaðarsvæði (UAA)	5 ha
Akurland	2 ha
Kartöflur	0,5 ha
Nýtt grænmeti og jarðarber	0,5 ha
Ilmjurtir, lækningajurtir og matjurtir, blóm og skrautjurtir, fræ og ungplöntur, gróðrarstöðvar	0,2 ha
Ávaxtatré, ber, hnetutré, sítrusávaxtatré, aðrar fjölærar nytjaplöntur að undanskildum gróðrarstöðvum, vínekrur og ólífutré	0,3 ha
Vínekrur	0,1 ha
Ólífutré	0,3 ha
Gróðurhús	100 m^2
Ræktaðir ætisveppir	100 m^2
Búfé	1,7 búfjáreiningar

(1) Viðmiðunarmörkin gilda um hóp skráðra liða.

III. VIÐAUKI

Kjarnaskipulagsgögn Breytur

Almennar breytur					Einingar eða flokkar verðgilda
Upplýsingar um könnun					
–	Kennimerki búrekstrareiningar				Auðkennismerki búrekstrareiningar
Staðsetning búrekstrareiningarinnar					
–	Landfræðileg staðsetning				Reitakóði hagskýrslueininganets grunngerðar landupplýsinga í Evrópubandalaginu (INSPIRE) til samevrópskrar notkunar.
–	Flokkun hagskýrslusvæða, svæði 3 (NUTS 3)				Kóði flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS 3)
–	Bújörðin er með svæði sem eru tiltekin með náttúrulegar takmarkanir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1305/2013.				L/M/O/N (1)
Lögformleg staða búrekstrareiningar					
–	Lagaleg og efnahagsleg ábyrgð búrekstrareiningar er í umsjá:				
–	Einstaklings sem er eini eigandi bújarðarinnar með sjálfstæðan rekstur				já/nei
–	–	Ef já, er eigandinn einnig bústjóri			já/nei
–	–	–	Ef svarið er nei, er bústjóri í fjölskyldu eiganda?		já/nei
–	–	–	–	Ef svarið er já, er bústjóri maki eiganda?	já/nei
–	Sameiginlegt eignarhald				já/nei
–	Tveir eða fleiri einstaklinga sem eru samstarfsaðilar ef eignarhald bújarða er í eigu eignarhaldsfélags				já/nei
–	Lögaðili				já/nei
–	–	Ef já, er bújörðin hluti af fyrirtækjasamstæðu?			já/nei
–	Er bújörðin á sameiginlegu landi?				já/nei
–	Eigandinn er haghafi stuðnings ESB vegna lands eða dýra á bújörðinni og fellur því undir samþætt stjórnunar- og eftirlitskerfi				já/nei
	Eigandinn er ungur bóndi eða nýr aðili í búskap sem hefur fengið fjárstuðning af þeim sökum samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni á síðustu þremur árum.				já/nei
Bústjóri bújarðar					
–	Fæðingarár				ár
–	Kyn				karl eða kona

Almennar breytur		Einingar eða flokkar verðgilda
–	Bústörf á bújörð (önnur en heimilisstörf)	Flokkur ársverka ([2])
	Árið þegar bústjóri bújarðar var flokkaður sem slíkur	ár
–	Búfræðimenntun bústjóra	þjálfunarkóðar
–	Starfsþjálfun á síðustu 12 mánuðum	já/nei
Tegund ábúðar á hagnýttu landbúnaðarsvæði (í tengslum við eiganda)		
–	Búskapur á eigin landi	ha
–	Búskapur á leigðu landi	ha
–	Samvinnubúskapur eða annars konar ábúð	ha
–	Sameiginlegt land	ha
Lífrænn búskapur		já/nei
–	Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem lífrænum framleiðsluaðferðum er beitt og þær vottaðar í samræmi við innlendar reglur eða reglur Evrópusambandsins	ha
–	Hagnýtt landbúnaðarsvæði á bújörðinni í heild sinni þar sem verið er að hverfa til lífrænna framleiðsluaðferða sem votta skal samkvæmt innlendum reglum eða reglum Evrópusambandsins	ha
	Þátttaka í öðrum umhverfisvottuðum áætlunum	já/nei

([1]) L–svæði: önnur svæði en fjalllendi með umtalsverðar náttúrulegar takmarkanir; M–svæði: harðbýl fjallasvæði; O–svæði: önnur svæði með tilteknar takmarkanir; N-svæði: hefðbundin svæði (ekki harðbýl landbúnaðarsvæði). Síðar má breyta þessari flokkun í ljósi þróunar sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar.

([2]) Ársverk, hundraðshlutaflokkur 2: (> 0–< 25), (≥ 25–< 50), (≥ 50–< 75), (≥ 75–< 100), (100).

Landsbreytur				Heildarmeginsvæði	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
Hagnýtt landbúnaðarsvæði (UAA)				ha	ha
–	Akurland			ha	ha
–	–	Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn)		ha	ha
–	–	–	Hveiti og spelt	ha	ha
–	–	–	Harðhveiti	ha	ha
–	–	–	Rúgur og vetrarkornblöndur (meslín)	ha	
–	–	–	Bygg	ha	
–	–	–	Hafrar og vorkornblöndur (kornblanda, önnur en meslín)	ha	
–	–	–	Maískorn og maískólfablanda	ha	

Landsbreytur					Heildarmeginsvæði	Þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
–	–	–	Rúghveiti		ha	
–	–	–	Dúrra		ha	
–	–	–	Aðrar kornvörur, ót. a. (bókhveiti, hirsi, kanarífræ, o.s.frv.)		ha	
–	–	–	Hrísgrjón		ha	
–	–	Þurrkaðar belgjurtir og prótínjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. fræ og blöndur úr korni og belgjurtum)			ha	ha
–	–	–	Fóðurertur, baunir og sætar úlfabaunir		ha	
–	–	Rótarávextir			ha	ha
–	–	–	Kartöflur (þ.m.t. útsæðiskartöflur)		ha	ha
–	–	–	Sykurrófur (þó ekki fræ)		ha	ha
–	–	–	Aðrir rótarávextir ót. a.		ha	
–	–	Iðnaðarplöntur			ha	ha
–	–	–	Olíufræ		ha	ha
–	–	–	–	Repjufræ og arfanæpufræ	ha	
–	–	–	–	Sólblómafræ	ha	
–	–	–	–	Soja	ha	ha
–	–	–	–	Hörfræ (olíuhör)	ha	
–	–	–	–	Önnur uppskera olíufræja, ót. a.	ha	
–	–	–	Trefjaplöntur		ha	
–	–	–	–	Spunalín	ha	
–	–	–	–	Hampur	ha	
–	–	–	–	Baðmull	ha	
–	–	–	–	Aðrar trefjaplöntur, ót. a.	ha	
–	–	–	Tóbak		ha	
–	–	–	Humlar		ha	
–	–	–	Ilmjurtir, lækningajurtir og matjurtir		ha	
–	–	–	Orkuplöntur ót. a.		ha	
–	–	–	Aðrar iðnaðarplöntur, ót. a.		ha	

Landsbreytur				Heildarmeginsvæði	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
–	–	Plöntur sem eru uppskornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska		ha	ha
–	–	–	Skammæ grös og beitarjurtir	ha	ha
–	–	–	Belgjurtir sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroska	ha	ha
–	–	–	Grænfóðurmaís	ha	
–	–	–	Aðrar kornjurtir sem eru uppskornar áður en þær verða fullþroska (þó ekki grænfóðurmaís)	ha	
–	–	–	Aðrar plöntur sem eru uppskornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska, ót.a.	ha	
–	–	Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber		ha	ha
–	–	–	Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber sem vaxa í skiptirækt með nytjaplöntum í garðyrkju (garðyrkja í atvinnuskyni)	ha	
–	–	–	Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur) og jarðarber sem vaxa í skiptirækt með öðrum jurtum en nytjaplöntum í garðyrkju (opið ræktunarland)	ha	
–	–	Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum)		ha	
–	–	Fræ og ungplöntur		ha	ha
–	–	Aðrar akurplöntur á akurlandi, ót. a.		ha	
–	–	Hvíldarland		ha	
–	Fastagraslendi			ha	ha
–	–	Beitiland og engi, þó ekki rýrt beitiland		ha	ha
–	–	Rýrt beitiland		ha	ha
–	–	Fastagraslendi sem ekki er lengur notað í framleiðsluskyni og fellur undir reglur um greiðslur styrkja		ha	
–	Land undir fjölærar nytjaplöntur (þ.m.t. ungar og niðurlagðar plantekrur um stundarsakir, að undanskildum svæðum þar sem aðeins er framleitt til eigin neyslu)			ha	ha
–	–	Ávextir, ber og hnetur (þó ekki sítrusávextir, þrúgur og jarðarber)		ha	ha
–	–	–	Kjarnaávextir	ha	
–	–	–	Steinaldin	ha	
–	–	–	Ávextir frá heittempruðum beltum og svæðum með hitabeltisloftslag	ha	
–	–	–	Ber (þó ekki jarðarber)	ha	
–	–	–	Hnetur	ha	

Landsbreytur						Heildarmeginsvæði	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
–	–	Sítrusávextir				ha	ha
–	–	Þrúgur				ha	
–	–	–	Þrúgur fyrir víngerð			ha	ha
–	–	–	–	Þrúgur fyrir víngerð með verndaðri upprunatáknun (VUT)		ha	
–	–	–	–	Þrúgur fyrir víngerð með verndaðri, landfræðilegri merkingu (VLM):		ha	
–	–	–	–	Þrúgur fyrir önnur vín, ót. a. (án VUT/VLM)		ha	
–	–	–	Þrúgur til átu			ha	
–	–	–	Þrúgur til framleiðslu rúsína			ha	
–	–	Ólífur				ha	ha
–	–	Gróðrarstöðvar				ha	
–	–	Aðrar fjölærar nytjaplöntur, þ.m.t. aðrar fjölærar nytjaplöntur til manneldis				ha	
–	–	–	Jólatré			ha	
–	Matjurtagarðar					ha	
Annað landbúnaðarland						ha	
–	Landbúnaðarland sem ekki er hagnýtt					ha	
–	Skóglendi					ha	
–	–	Stuttur skiptiræktunartími				ha	
–	Annað land (með byggingum, bæjarhlöðum, vegum, tjörnum og öðrum landsvæðum án framleiðslu)					ha	
Sérstök búsvæði							
–	Ræktaðir ætisveppir					ha	
Hagnýtt landbúnaðarsvæði undir gleri eða háu aðgengilegu skýli						ha	
–	Grænmeti, þ.m.t. melónur og jarðarber, undir gleri eða háu aðgengilegu skýli					ha	ha
–	Blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum), undir gleri eða háu aðgengilegu skýli					ha	
–	Önnur ræktun á akurlandi undir gleri eða háu aðgengilegu skýli					ha	
–	Varanleg ræktun undir gleri eða háu aðgengilegu) skýli					ha	
–	Annað hagnýtt landbúnaðarsvæði undir gleri eða háu aðgengilegu skýli, ót. a.					ha	

Landsbreytur		Heildarmeginsvæði	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
Áveita á ræktuðu landi utanhúss			
–	Heildaráveitusvæði	ha	

Breytur búfénaðar				Heildarfjöldi dýra	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
Nautgripir					haus
–	Nautgripir yngri en ársgamlir			haus	
–	Nautgripir eldri en eins árs og yngri en tveggja ára			haus	
–	–	Naut eldri en eins árs og yngri en tveggja ára		haus	
–	–	Kvígur, eldri en eins árs og yngri en tveggja ára		haus	
–	Naut tveggja ára og eldri			haus	
–	Kvígur tveggja ára og eldri			haus	
–	–	Kvígur tveggja ára og eldri		haus	
–	–	Kýr		haus	
–	–	–	Mjólkurkýr	haus	haus
–	–	–	Kýr aðrar en mjólkurkýr	haus	haus
–	–	–	Buffalakýr	haus	já/nei
Sauðfé og geitur					
–	Sauðfé (á öllum aldri)			haus	haus
–	–	Kvendýr til undaneldis		haus	
–	–	Annað sauðfé		haus	
–	Geitur (á öllum aldri)			haus	haus
–	–	Kvendýr til undaneldis		haus	
–	–	Aðrar geitur		haus	
Svín					haus
–	Grísir, minni lífþyngd en 20 kg			haus	
–	Gyltur til undaneldis með 50 kg lífþyngd og meiri			haus	
–	Önnur svín			haus	

Breytur búfénaðar			Heildarfjöldi dýra	þar sem lífrænn búskapur er vottaður og/eða á aðlögunartímabili
Alifuglar				haus
–	Holdakjúklingar		haus	haus
–	Varphænur		haus	haus
–	Aðrir alifuglar		haus	
–	–	Kalkúnar	haus	
–	–	Endur	haus	
–	–	Gæsir	haus	
–	–	Strútar	haus	
–	–	Aðrir alifuglar ót. a.	haus	
Kanínur				
–	Kvendýr til undaneldis		haus	
Býflugur			býkúpur	
Hjartardýr			já/nei	
Loðdýr			já/nei	
Búfé ót. a.			já/nei	

IV. VIÐAUKI

Efnisatriði og ítarleg efnisatriði innan gagnaeininga

Eining	Atriði	Ítarleg efnisatriði
Vinnuafl og önnur tekjuskapandi starfsemi	Bústjórnun	Eigandi
		Vinnuaflsnotkun
		Jafnt hlutfall kynjanna
		Öryggisráðstafanir, þ.m.t. öryggisáætlun fyrir býli
	Vinnuafl fjölskyldu	Vinnuaflsnotkun
		Fjöldi einstaklinga sem taka þátt
		Jafnt hlutfall kynjanna
	Vinnuafl sem ekki tekur til fjölskyldumeðlima	Vinnuaflsnotkun
		Fjöldi starfsmanna
		Jafnt hlutfall kynjanna
		Óreglulegt vinnuafl sem starfar á býlinu
		Vinnuaflsnotkun í verktöku
	Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni beint	Tegund starfsemi
		Mikilvægi fyrir bújörðina
		Vinnuaflsnotkun
	Önnur tekjuskapandi starfsemi sem tengist bújörðinni ekki beint	Vinnuaflsnotkun
Dreifbýlisþróun	Bújarðir sem styðjast við ráðstafanir í dreifbýlisþróun	Ráðgjafa-, bústjórnunar og afleysingarþjónusta
		Landbúnaðar- og fyrirtækjaþróun
		Gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli
		Fjárfestingar í efnislegum eignum
		Að koma að nýju á framleiðslugetu í landbúnaði þar sem tjón hefur orðið af völdum náttúruhamfara og hamfara og að taka upp viðeigandi forvarnir
		Fjárfestingar í þróun skógarsvæða og bættum lífvænleika skóga
		Greiðslur fyrir umhverfis- og loftslagsvænan landbúnað
		Lífrænn búskapur
		Greiðslur sem tengjast Evrópuneti verndarsvæða og rammatilskipun um vatn

Eining	Atriði	Ítarleg efnisatriði
		Greiðslur til svæða með náttúrulegar takmarkanir eða aðrar sértækar takmarkanir
		Velferð dýra
		Áhættustýring
Gripahýsing og meðhöndlun húsdýraáburðar	Gripahýsing	Nautgripahýsing
		Svínahýsing
		Hýsing varphæna
	Notkun næringarefna og húsdýraáburðar á býlinu	Hagnýtt landbúnaðarsvæði sem borið er á
		Húsdýraáburður sem er fluttur frá og til bújarðar
		Lífrænn áburður og annar áburður úr úrgangi en húsdýraáburður
	Tækni við dreifingu húsdýraáburðar	Upptökutími á hverja dreifingartegund
	Búnaður fyrir húsdýraáburð	Geymsluaðstaða og rými fyrir húsdýraáburð
Vökvun	Vökvunarhættir	Aðgengileiki vökvunar
		Vökvunaraðferðir
		Vatnslindir til vökvunar
		Tæknibreytur fyrir vökvunarbúnaðinn
	Vökvaðar nytjaplöntur á 12 mánaða tímabili	Kornjurtir til kornframleiðslu
		Þurrar belgjurtir og prótínjurtir til framleiðslu á korni
		Rótarávextir
		Iðnaðarplöntur
		Plöntur sem eru skornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska
		Aðrar nytjaplöntur á akurlandi
		Fastagraslendi
		Land undir fjölærar nytjaplöntur
Jarðvegsstjórnunarhættir	Jarðvegsstjórnunarhættir á landi utanhúss	Jarðvinnsluaðferðir
		Þekjandi jarðlag á akurlandi
		Skiptiræktun á akurlandi
		Vistfræðilegt áherslusvæði

Eining	Atriði	Ítarleg efnisatriði
Vélar og tæki	Vélbúnaður	Netþjónusta
		Grundvallarvélbúnaður
		Nákvæmnisrækt
		Vélbúnaður fyrir hirðingu og fóðrun dýra
		Geymsla fyrir landbúnaðarafurðir
	Búnaður	Búnaður sem notaður er til framleiðslu á endurnýjanlegri orku á bújörðum
Aldingarður	Kjarnaávextir	Epli: Svæði eftir aldri plantekra
		Epli: Svæði eftir þéttleika trjáa
		Perur: Svæði eftir aldri plantekra
		Perur: Svæði eftir þéttleika trjáa
	Steinaldin	Ferskjur: Svæði eftir aldri plantekra
		Ferskjur: Svæði eftir þéttleika trjáa
		Nektarínur: Svæði eftir aldri plantekra
		Nektarínur: Svæði eftir þéttleika trjáa
		Apríkósur: Svæði eftir aldri plantekra
		Apríkósur: Svæði eftir þéttleika trjáa
	Sítrusávextir	Appelsínur: Svæði eftir aldri plantekra
		Appelsínur: Svæði eftir þéttleika trjáa
		Litlir sítrusávextir: Svæði eftir aldri plantekra
		Litlir sítrusávextir: Svæði eftir þéttleika trjáa
		Sítrónur: Svæði eftir aldri plantekra
		Sítrónur: Svæði eftir þéttleika trjáa
	Ólífur	Svæði eftir aldri plantekra
		Svæði eftir þéttleika trjáa
	Þrúgur til átu og rúsínur	Þrúgur til átu: Svæði eftir aldri plantekra
		Þrúgur til átu: Svæði eftir þéttleika vínviðar
		Þrúgur til framleiðslu rúsína: Svæði eftir aldri plantekra
		Þrúgur til framleiðslu rúsína: Svæði eftir þéttleika vínviðar

Eining	Atriði	Ítarleg efnisatriði
Vínekra	Þrúgur fyrir víngerð	Svæði og aldur
	Þrúguyrki	Fjöldi yrkja
		Kóði og svæði

V. VIÐAUKI

Nákvæmniskröfur

Kjarnagögn (fyrir árin 2023 og 2026) og gagnaeiningar skulu vera tölfræðilega dæmigerðar fyrir viðeigandi þýði bújarða eins og þær eru skilgreindar í nákvæmnitöflunni hér að neðan á stigi svæða á 2. stigi NUTS með tilliti til stærðar og tegundar bújarða, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1217/2009 ([1]), framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1198/2014 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/220 ([2]).

Nákvæmniskröfur gilda um breyturnar í töflunni hér að neðan.

Gögnin í útvíkkaða rammanum fyrir árið 2020 skulu vera tölfræðilega dæmigerð fyrir viðeigandi þýði á stigi svæða á 2. stigi NUTS eins og þau eru skilgreind í nákvæmnistöflunni hér að neðan.

Jafnframt gilda nákvæmniskröfurnar, sem eru skilgreindar í töflunni, um öll svæðin á 2. stigi NUTS með að minnsta kosti:

— 5 000 bújarðir í viðeigandi þýði fyrir einingarnar „aldingarður“ og „vínekrur“,

— 10 000 bújarðir í viðeigandi þýði fyrir kjarnagögn, allar aðrar einingar og fyrir gögn í útvíkkaða rammanum.

Nákvæmniskröfurnar fyrir svæðin á 2. stigi NUTS með færri bújarðir eru skilgreindar í töflunni og gilda um tengd svæði á 1. stigi NUTS með að minnsta kosti:

— 500 bújarðir í viðeigandi þýði fyrir einingarnar „aldingarður“ og „vínekrur“,

— 1 000 bújarðir í viðeigandi þýði fyrir kjarnagögn, allar aðrar einingar og gögn í útvíkkaða rammanum.

Krafist er innlendrar samkvæmni að hámarki 5% hlutfallslegrar staðalskekkju fyrir breytur um einingar „aldingarðs“ og „vínekru“ sem ekki eru með neina gildandi nákvæmniskröfu fyrir svæði í NUTS 2 og NUTS 1.

Krafist er innlendrar samkvæmni að hámarki 7,5% hlutfallslegrar staðalskekkju fyrir allar breytur annarra eininga með enga gildandi nákvæmniskröfu fyrir svæði í NUTS 2 og NUTS 1 fyrir ákveðna breytu.

Nákvæmnitafla

Viðeigandi þýði	Breytur sem nákvæmniskröfurnar gilda um	Tíðni í viðeigandi þýði	Hlutfallsleg staðalskekkja
Kjarnagögn árin 2023 og 2026 og Vinnuaflseining og önnur tekjuskapandi eining			
Eins og hún er skilgreind í 5. gr. fyrir kjarnagögn og í 7. gr. fyrir „Vinnuafls-einingu og aðrar tekjuskapandi einingar“.	Landbreytur — Kornjurtir til kornframleiðslu (þ.m.t. sáðkorn) — Olíufræ — Plöntur sem eru skornar á akurlandi áður en þær verða fullþroska — Ferskt grænmeti (þ.m.t. melónur), jarðarber, blóm og skrautjurtir (þó ekki í gróðrarstöðvum) — Fastagraslendi, nema rýrt beitiland	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á lands-væðinu	< 5%

([1]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1217/2009 frá 30. nóvember 2009 um að koma á kerfi til söfnunar bókhaldsgagna um tekjur og rekstur bújarða í Evrópubandalaginu (Stjtíð. ESB L. 328, 15.12.2009, bls. 27).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/220 frá 3. febrúar 2015 þar sem mælt er fyrir um reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1217/2009 um að koma á kerfi til söfnunar bókhaldsgagna um tekjur og rekstur bújarða í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB L 46, 19.2.2015, bls. 1).

Viðeigandi þýði	Breytur sem nákvæmniskröfurnar gilda um	Tíðni í viðeigandi þýði	Hlutfallsleg staðalskekkja
	— Ávextir, ber, hnetur og sítrusávextir (þó ekki þrúgur og jarðarber) — Þrúgur — Ólífur		
	Búfjárbreytur — Mjólkurkýr — Kýr aðrar en mjólkurkýr — Aðrir nautgripir (nautgripir yngri en eins árs, nautgripir eldri en eins árs en yngri en tveggja ára, naut tveggja ára og eldri, kvígur tveggja ára og eldri) — Gyltur til undaneldis með 50 kg lífþyngd og meiri — Smágrísir með minni en 20 kg lífþyngd og önnur svín — Sauðfé og geitur — Alifuglar	7,5% eða fleiri búfjáreiningar á landsvæðinu og 5% eða meira af breytum í landinu	< 5%

Kjarnagögn fyrir útvíkkaða rammann árið 2020

Eins og hann er skilgreindur í 6. gr.	Landbreytur — Akurland — Fastagraslendi, nema rýrt beitiland — Land undir fjölærar nytjaplöntur	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%
	Búfjárbreytur — Heildarbúfjáreiningar	5% eða meira af breytum í landinu	< 7,5%

Eining dreifbýlisþróunar og
Eining vélar og tækja

Eins og hún er skilgreind í 7. gr.	Landbreytur sem eru fyrir einininguna „Vinnuafl og önnur tekjuskapandi starfsemi“	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%
	Búfjárbreytur sem eru fyrir einininguna „Vinnuafl og önnur tekjuskapandi starfsemi“	7,5% eða fleiri búfjáreiningar á landsvæðinu og 5% eða fleiri breytur í landinu	< 7,5%

Eining gripahýsingar og meðhöndlun húsdýraáburðar

Hlutmengi þýðis bújarða sem skilgreindar eru í 7. gr. með að minnsta kosti einu af eftirfarandi: nautgripir, svín, sauðfé, geitur og alifuglar	Búfjárbreytur sem eru fyrir einininguna „Vinnuafl og önnur tekjuskapandi starfsemi“	7,5% eða fleiri búfjáreiningar á landsvæðinu og 5% eða fleiri breytur í landinu	< 7,5%

Viðeigandi þýði	Breytur sem nákvæmniskröfurnar gilda um	Tíðni í viðeigandi þýði	Hlutfallsleg staðalskekkja
Vökvunareining			
Hlutmengi þýðis bújarða sem skilgreint er í 7. gr. með áveitusvæði	Landbreytur — Heildaráveitusvæði	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%
Eining jarðvegsstjórnunarhátta			
Hlutmengi þýðis bújarða sem skilgreint er í 7. gr. með akurlandi	Landbreytur — Akurland	7,5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%
Eining aldingarðs			
Hlutmengi þýðis bújarðar sem skilgreind er í 7. gr. með einni af einstökum aldingarðsbreytum sem uppfylla viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í 5. mgr. 7. gr.	Aldingarðsbreytur — Aldingarðsbreytur hvað varðar epli, perur, apríkósur, ferskjur, nektarínur, appelsínur, litla sítrusávexti, sítrónur, ólífur, þrúgur til átu, þrúgur fyrir rúsínur sem uppfylla viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í 5. mgr. 7. gr.	5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%
Vínekrueining			
Hlutmengi þýðis bújarða sem skilgreint er í 7. gr. með þrúgum fyrir víngerð	Vínekrubreytur — Þrúgur fyrir víngerð	5% eða meira af hagnýtu landbúnaðarsvæði á landsvæðinu	< 7,5%

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/237 **2020/EES/5/56**

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 12. október 2017 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út Langtímahlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri (breytingar á IAS-staðli 28) innan rammans um reglulegt endurbótaferli sitt sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmiðið með breytingunum er að skýra nánar að kröfur um virðisrýrnun í alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, gilda um langtímahlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri.

3) Eftir samráð við Evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingarnar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 11.2.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 328/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Langtímahlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri

(Breytingar á IAS-staðli 28)

Breytingar á IAS-staðli 28, *fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri*

Liðum 14A og 45G-45K er bætt við og 41. liður er felldur brott.

HLUTDEILDARAÐFERÐ

14A Eining beitir einnig IFRS-staðli 9 gagnvart öðrum fjármálagerningum í hlutdeildarfélagi eða samrekstri þar sem hlutdeildaraðferðinni er ekki beitt. Þar með er talin langtímahlutdeild sem í raun myndar hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í hlutdeildarfélagi eða samrekstri (sjá 38. lið). Eining beitir IFRS-staðli 9 gagnvart slíkri langtímahlutdeild áður en hún beitir 38. lið og 40.-43. lið í þessum staðli. Við beitingu IFRS-staðals 9 tekur einingin ekki tillit til leiðréttinga á bókfærðu verði langtímahlutdeildar sem stafa af beitingu þessa staðals.

BEITING HLUTDEILDARAÐFERÐARINNAR

…

41. [Felldur brott]

…

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTING

…

45G *Langtímahlutdeild í hlutdeildarfélögum og samrekstri*, útgefið í október 2017, bætti við lið 14A og felldi brott 41. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar, að frátöldu því sem tilgreint er í liðum 45H-45K. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

45H Eining, sem beitir breytingunum í lið 45G í fyrsta sinn á sama tíma og hún beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn, skal beita umbreytingarkröfum IFRS-staðals 9 gagnvart langtímahlutdeildinni sem lýst er í lið 14A.

45I Eining, sem beitir breytingunum í lið 45G í fyrsta sinn eftir að hún beitir IFRS-staðli 9 í fyrsta sinn, skal beita þeim umbreytingarkröfum í IFRS-staðli 9 sem nauðsynlegar eru til að beita kröfunum, sem settar eru fram í lið 14A, gagnvart langtímahlutdeild. Í því skyni skal lesa tilvísanir í upphafsdag beitingar í IFRS-staðli 9 sem vísun í upphaf þess árlega reikningsskilatímabils þegar einingin beitir breytingunum í fyrsta sinn (upphafsdagur beitingar breytinganna). Einingunni er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu breytinganna. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa.

45J Þegar breytingunum í lið 45G er beitt í fyrsta sinn er einingu, sem beitir tímabundinni undanþágu frá IFRS-staðli 9 í samræmi við IFRS-staðal 4, *vátryggingasamningar*, ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu breytinganna. Einingin getur endurgert fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa.

45K Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil, með því að beita lið 45I eða lið 45J, skal hún á upphafsdegi beitingar breytinganna færa í óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) hvers kyns mismun milli:

a) fyrra bókfærðs verðs langtímahlutdeildar, sem lýst er í lið 14A, á þeim degi og

b) bókfærðs verðs þeirrar langtímahlutdeildar á þeim degi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR0 (ESB) 2019/402 **2020/EES/5/57**

frá 13. mars 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 7. febrúar 2018 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út Kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör (breytingar á IAS-staðli 19) innan rammans um reglulegt endurbótaferli sitt sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmiðið með breytingunum er að skýra nánar að eftir að réttindatengd kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör á sér stað ætti eining að beita uppfærðum forsendum úr endurmati á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) sinni það sem eftir er reikningsskilatímabilsins.

3) Eftir samráð við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, *starfskjör*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, *starfskjör*, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 72, 14.3.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 329/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör

(Breytingar á IAS-staðli 19)

Breytingar á IAS-staðli 19, *starfskjör*

Liðum 101A, 122A, 123A og 179 er bætt við og 57., 99., 120., 123., 125., 126. og 156. lið er breytt. Fyrirsögn er bætt við á undan lið 122A.

EFTIRLAUNAKJÖR: RÉTTINDATENGD KERFI

…

Færsla og mat

…

57. Færsla einingar vegna réttindatengdra kerfa felur í sér eftirfarandi skref:

…

c) ákvörðun fjárhæða sem skal færa í rekstrarreikning:

i) kostnaðar við réttindaávinnslu tímabilsins (sjá 70.–74. lið og lið 122A).

…

…

Kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila og hagnaður og tap við uppgjör

99. Þegar kostnaður vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, eða hagnaður eða tap við uppgjör, er ákvarðaður skal eining endurmeta hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) með gangvirði eigna til greiðslu lífeyris og gildandi tryggingafræðilegum forsendum (þ.m.t. gildandi markaðsvextir og önnur markaðsverð) sem endurspegla:

a) kjörin sem standa til boða samkvæmt kerfinu og eignum til greiðslu lífeyris fyrir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör og

b) kjörin sem standa til boða samkvæmt kerfinu og eignum til greiðslu lífeyris eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör.

…

101A Þegar kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör á sér stað skal eining færa og meta allan kostnað vegna réttindaávinnslu fyrri tímabila, eða hagnað eða tap við uppgjör, í samræmi við 99.–101. lið og 102.–112. lið. Í því sambandi skal eining ekki taka tillit til áhrifa efri marka eigna. Eining skal síðan ákvarða áhrif efri marka eigna eftir kerfisbreytinguna, réttindaskerðinguna eða uppgjörið og skal færa allar breytingar á þeim áhrifum í samræmi við d-lið 57. liðar.

…

Þættir réttindatengds kostnaðar

120. Eining skal færa þætti réttindatengds kostnaðar, nema að því marki sem gerð er krafa um það í öðrum alþjóðlegum reikningsskilastaðli eða það heimilað að þeir séu meðtaldir í kostnaðarverði eignar, eins og hér segir:

a) kostnað vegna réttindaávinnslu (sjá 66.–112. lið og lið 122A) í rekstrarreikning,

…

Kostnaður vegna réttindaávinnslu tímabilsins

122A Eining skal ákvarða kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins með því að nota tryggingafræðilegar forsendur sem ákvarðaðar voru við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða kostnað vegna réttindaávinnslu tímabilsins fyrir

það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota þær tryggingafræðilegu forsendur sem notaðar voru til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar.

Hreinir vextir af hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign)

123. Eining skal ákvarða hreina vexti af hreinni réttindatengdri skuld (eign) með því að margfalda hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í 83. lið.

123A Til að ákvarða hreina vexti í samræmi við 123. lið skal eining nota hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) og afvöxtunarstuðulinn sem ákvörðuð voru við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða hreina vexti fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota:

a) hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) sem ákvörðuð var í samræmi við b-lið 99. liðar og

b) afvöxtunarstuðulinn sem notaður var til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar.

Við beitingu liðar 123A skal einingin einnig taka tillit til allra breytinga á hreinu réttindatengdu skuldbindingunni (eigninni) á tímabilinu sem rekja má til iðgjalda- eða kjaragreiðslna.

…

125. Vaxtatekjur af eignum til greiðslu lífeyris eru þáttur í ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris og eru ákvarðaðar með því að margfalda gangvirði eigna til greiðslu lífeyris með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í lið 123A. Eining skal ákvarða gangvirði eigna til greiðslu lífeyris við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða vaxtatekjur fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að nota þær eignir til greiðslu lífeyris sem notaðar voru til að endurmeta hreinu réttindatengdu skuldbindinguna (eignina) í samræmi við b-lið 99. liðar. Við beitingu 125. liðar skal einingin einnig taka tillit til allra breytinga á eignum til greiðslu lífeyris, í eigu einingarinnar á tímabilinu, sem rekja má til iðgjalda- eða kjaragreiðslna. Mismunurinn milli vaxtatekna af eignum til greiðslu lífeyris og ávöxtunar eigna til greiðslu lífeyris er tekinn með í endurmatinu á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

126. Vextir af áhrifum efri marka eigna eru hluti af heildarbreytingu á áhrifum efri marka eigna og eru ákvarðaðir með því að margfalda áhrif efri marka eigna með afvöxtunarstuðlinum sem tilgreindur er í lið 123A. Eining skal ákvarða áhrif efri marka eigna við upphaf árlega reikningsskilatímabilsins. Ef eining endurmetur hreina réttindatengda skuldbindingu (eign) í samræmi við 99. lið skal hún þó ákvarða vexti af áhrifum efri marka eigna fyrir það sem eftir er af árlega reikningsskilatímabilinu eftir kerfisbreytingu, réttindaskerðingu eða uppgjör með því að taka tillit til allra breytinga á áhrifum efri marka eigna sem ákvarðaðar eru í samræmi við lið 101A. Mismunurinn milli vaxta af áhrifum efri marka eigna og heildarbreytingar á áhrifum efri marka eigna er tekinn með í endurmatinu á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign).

…

ÖNNUR LANGTÍMASTARFSKJÖR

…

Færsla og mat

…

156. Að því er varðar önnur langtímastarfskjör skal eining færa hreina samtölu eftirfarandi fjárhæða í rekstrarreikning, nema að því marki sem gerð er krafa um það í öðrum IFRS-staðli eða það heimilað að þær séu meðtaldar í kostnaðarverði eignar:

a) kostnaðar við réttindaávinnslu (sjá 66.–112. lið og lið 122A),

…

UMBREYTING OG GILDISTÖKUDAGUR

…

179. *Kerfisbreyting, réttindaskerðing eða uppgjör* (breytingar á IAS-staðli 19), útgefið í febrúar 2018, bætti við liðum 101A, 122A og 123A og breytti 57., 99., 120., 123., 125., 126. og 156. lið. Eining skal beita þessum breytingum á kerfisbreytingar, réttindaskerðingar eða uppgjör sem eiga sér stað við eða eftir upphaf fyrsta árlega reikningsskilatímabilsins sem hefst 1. janúar 2019 eða síðar. Heimilt er að beita breytingunum fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum fyrr skal hún greina frá því.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1618 **2020/EES/5/58**

frá 12. júlí 2018

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða ([1]), einkum 17. mgr. 21 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vegna mismunandi landslaga um verðbréf og ógjaldfærni, sem eru ekki samræmd á vettvangi Sambandsins, þá er munur á vernd fjármálagerninga í vörslu þriðju aðila fyrir viðskiptavini sem eru sérhæfðir sjóðir (AIF), gegn hættu af ógjaldfærni. Til að tryggja öfluga vernd eigna viðskiptavina eins og kveðið er á um í tilskipun 2011/61/ESB en jafnframt heimila strangari kröfur í landslögum á þessum sviðum sem ekki eru samræmd er nauðsynlegt að skýra skuldbindingarnar sem varða varðveislu eigna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2011/61/ESB.

2) Sem stendur beita lögbær yfirvöld og aðilar í starfsgreininni kröfunum um aðgreiningu eigna, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 231/2013 ([2]), með mismunandi hætti. Þar eð vörsluaðilar, sem eru fyrsti liðurinn í vörslukeðju eru skyldugir til að hafa aðgreindan reikning til að geyma fjármálagerninga fyrir hvern viðskiptavin sem er sérhæfður sjóður, er nauðsynlegt að skýra að þegar þriðja aðila er framseld vörsluaðgerð ætti sá síðarnefndi að geta geymt eignir eins viðskiptavinar vörsluaðilans, þ.m.t. eignir fyrir sérhæfða sjóði og verðbréfasjóði (UCITS), á safnreikningi. Á þessum safnreikningi ætti aldrei að geyma eigin eignir vörsluaðilans og eigin eignir þriðja aðilans, né heldur eignir sem tilheyra öðrum viðskiptavinum þriðja aðilans. Á sama hátt ætti undirvörsluaðilinn, í þeim tilvikum sem vörsluaðgerð er framseld áfram, að geta geymt eignir viðskiptavina vörsluaðilans sem framselur aðgerðina, á safnreikningi. Á þessum safnreikningi ætti aldrei að geyma eigin eignir undirvörsluaðila og eigin eignir vörsluaðilans sem framselur aðgerðina, né heldur eignir sem tilheyra öðrum viðskiptavinum undirvörsluaðilans. Þetta er nauðsynlegt til að gott jafnvægi náist milli skilvirkni markaðarins og fjárfestaverndar.

3) Til að lágmarka hættu á tapi á eignum sem geymdar eru á safnreikningum þriðja aðila fyrir fjármálagerninga, sem vörsluaðgerðin hefur verið framseld til, ætti tíðni afstemminga milli reikninga fyrir fjármálagerninga og skráa vörsluaðilans um viðskiptavin sem er sérhæfður sjóður og þriðja aðilans eða milli þriðju aðilanna, ef vörsluaðgerðin hefur verið framseld lengra niður vörslukeðjuna, að tryggja tímanlega sendingu viðeigandi upplýsinga til vörsluaðilans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 271, 30.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1).

Tíðni þessara afstemminga ætti þar að auki að vera háð hreyfingum á þessum safnreikningi, þ.m.t. viðskiptum í tengslum við eignirnar sem tilheyra öðrum viðskiptavinum vörsluaðilans sem geymdar eru á sama safnreikningi og eignir sérhæfða sjóðsins.

4) Vörsluaðilinn ætti að geta haldið áfram að sinna skyldum sínum af skilvirkni þegar varsla eigna sem tilheyra viðskiptavinum sem eru sérhæfðir sjóðir er framseld til þriðja aðila. Því er nauðsynlegt að krefjast þess að vörsluaðili haldi skrá yfir reikninga fyrir fjármálagerninga, sem hann hefur stofnað í nafni viðskiptavinar sem er sérhæfður sjóður eða í nafni rekstraraðila sérhæfðs sjóðs, sem kemur fram fyrir hönd sérhæfða sjóðsins, sem sýnir að eignirnar sem eru í vörslu þriðja aðila tilheyri þeim tiltekna sérhæfða sjóði.

5) Til að styrkja stöðu vörsluaðila í tengslum við þriðju aðila sem varsla eigna hefur verið framseld til, ætti að skjalfesta slíkt samband með skriflegum framsalssamningi. Þessi samningur ætti að gera vörsluaðilanum kleift að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að eignir í vörslu njóti fullnægjandi verndar og að þriðji aðilinn fari ávallt að framsalssamningnum og kröfunum í tilskipun 2011/61/ESB og framseldri reglugerð (ESB) 231/2013. Enn fremur ættu vörsluaðilinn og þriðji aðilinn að koma sér formlega saman um það hvort þriðja aðilanum sé heimilt að framselja vörsluaðgerðirnar áfram. Í því tilviki ætti fyrirkomulagið eða samningurinn á milli þriðja aðilans sem framselur og þriðja aðilans sem vörsluaðgerðunum er framselt áfram til að falla undir réttindi og skyldur sem eru jafngildar þeim sem komið hefur verið á á milli vörsluaðilans og þriðja aðilans sem framselur aðgerðina.

6) Til að gera vörsluaðila kleift að gegna störfum sínum er nauðsynlegt að styrkja eftirlit vörsluaðila með þriðju aðilum, án tillits til þess hvort þeir eru staðsettir innan eða utan Sambandsins. Krefja ætti vörsluaðila um að sannreyna hvort fjármálagerningar sérhæfðra sjóða eru rétt skráðir í bókum þriðja aðila og að skrárnar séu nægjanlega nákvæmar til að hægt sé að tilgreina eðli, staðsetningu og eignarhald á eignum sem haldið er í vörslu. Til að auðvelda skilvirkar efndir á skyldum vörsluaðila ættu þriðju aðilar að láta þeim í té yfirlýsingu um allar breytingar sem áhrif hafa á eignirnar sem eru í vörslu fyrir viðskiptavini vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir.

7) Með hliðsjón af skyldum sínum til að sýna aðgát og kostgæfni við framsal á vörsluaðgerðum ættu vörsluaðilar að fá óháð lögfræðiálit áður en aðgerðin er framseld til þriðja aðila sem staðsettur er utan Sambandsins, þar sem lagt er mat á lög um ógjaldfærni þess þriðja lands þar sem sá þriðji aðili er staðsettur, þ.m.t. úttekt á verndinni sem aðgreindir reikningar fyrir fjármálagerninga fá í þeirri lögsögu. Álitið sem viðkomandi starfsgreinasamtök eða lögmannastofur veita um hverja lögsögu í þágu fleiri vörsluaðila ætti að vera ásættanlegt. Vörsluaðilinn ætti enn fremur að tryggja að þriðji aðilinn sem staðsettur er utan Sambandsins upplýsi hann um sérhverja breytingu á aðstæðum eða á lögum um ógjaldfærni þess þriðja lands sem áhrif geta haft á stöðu eigna viðskiptavina vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir.

8) Til að gera vörsluaðilum kleift að aðlagast nýjum kröfum í þessari reglugerð ætti að fresta upphafsdagsetningunni, þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, um 18 mánuði frá birtingu hennar í Stjórnartíðindunum Evrópusambandsins.

9) Ráðstafanirnar sem gerðar eru með þessari reglugerð eru í samræmi við álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. ([3])

10) Ráðstafanirnar sem gerðar eru með þessari reglugerð eru í samræmi við álit sérfræðingahóps evrópsku verðbréfanefndarinnar.

11) Því ber að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 89. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) afstemmingar séu framkvæmdar eins oft og þörf krefur á milli innra bókhalds og skráa vörsluaðilans og sérhvers þriðja aðila sem hefur fengið vörsluaðgerðir framseldar í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.“

([3]) Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar 20.7.2017, 34 45 277.

ii. eftirfarandi önnur undirgrein bætist við:

„Í tengslum við c-lið fyrstu undirgreinar skal hafa eftirfarandi þætti til grundvallar við ákvörðun á tíðni afstemminga:

a) hefðbundna viðskiptastarfsemi sérhæfða sjóðsins,

b) öll viðskipti sem eiga sér stað utan hefðbundinnar viðskiptastarfsemi,

c) öll viðskipti sem eru fyrir hönd annars viðskiptavinar, sem þriðji aðili varðveitir eignir fyrir á sama reikningi fyrir fjármálagerninga og eignir sérhæfða sjóðsins.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Vörsluaðili sem hefur framselt vörsluaðgerðir sínar til þriðja aðila í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB skal áfram falla undir kröfurnar í a- til e-lið 1. mgr. þessarar greinar. Hann skal einnig tryggja að þriðji aðili fullnægi kröfunum í b- til g-lið 1. mgr. og aðgreiningarskyldunum sem mælt er fyrir um í 99. gr.“

2) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við 98. gr.:

„2a. Samningur, þar sem vörsluaðilinn tilnefnir þriðja aðila til að varsla eignir þeirra viðskiptavina vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir, skal innihalda a.m.k. eftirfarandi ákvæði:

a) tryggingu fyrir rétti vörsluaðila til upplýsinga, eftirlits og aðgengis að viðkomandi skrám og reikningum hjá þriðja aðila sem hefur eignir í vörslu, til að gera vörsluaðilanum kleift að uppfylla skyldur sínar til eftirlits og áreiðanleikakönnunar og einkum til að gera vörsluaðila kleift að:

i. tilgreina allar einingar innan vörslukeðjunnar,

ii. sannreyna að magn tilgreindra fjármálagerninga sem skráðir eru á reikninga fyrir fjármálagerninga sem stofnaðir eru í bókum vörsluaðila í nafni sérhæfða sjóðsins eða í nafni rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem kemur fram fyrir hönd sérhæfða sjóðsins, stemmi við magn tilgreindra fjármálagerninga í vörslu þriðja aðila fyrir þann sérhæfða sjóð eins og skráð er á reikninginn fyrir fjármálagerningana sem stofnaður er í bókum þriðja aðila,

iii. sannreyna að magn tilgreindra fjármálagerninga, sem eru skráðir og varðveittir á reikningi fyrir fjármálagerninga sem stofnaður er í miðlægri verðbréfamiðstöð (CSD) útgefanda eða umboðsaðila hans, í nafni þriðja aðila fyrir hönd viðskiptavina hans, stemmi við magn tilgreindra fjármálagerninga sem færðir eru á reikningana fyrir fjármálagerninga sem stofnaðir eru í bókum vörsluaðila í nafni hvers viðskiptavinar hans sem er sérhæfður sjóður eða í nafni rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem kemur fram fyrir hönd sérhæfða sjóðsins,

b) upplýsingar um jafngild réttindi og skyldur sem samkomulag er um á milli þriðja aðila og annars þriðja aðila, ef um er að ræða frekara framsal á vörsluaðgerðum.“

3) Ákvæðum 99. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þegar vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til þriðja aðila að öllu leyti eða að hluta skal vörsluaðilinn tryggja að þriðji aðilinn sem hefur fengið vörsluaðgerðirnar framseldar til sín skv. 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB starfi í samræmi við aðgreiningarskylduna, sem mælt er fyrir um í iii. lið d-liðar 11. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar með því að tryggja og sannreyna að þriðji aðilinn:

a) skrái rétt alla tilgreinda fjármálagerninga sem eru á reikningnum fyrir fjármálagerninga, sem stofnaður er í bókum þriðja aðila, til að hafa í vörslu fjármálagerninga fyrir viðskiptavini vörsluaðila, sem undanskilur fjármálagerninga í eigu vörsluaðila og þriðja aðila og annarra viðskiptavina þriðja aðila, til að gera vörsluaðilanum kleift að stemma af magn tilgreindra fjármálagerninga sem skráðir eru á reikningana sem stofnaðir eru í bókum vörsluaðilans í nafni hvers viðskiptavinar hans sem er sérhæfður sjóður eða í nafni rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem kemur fram fyrir hönd sérhæfða sjóðsins,

b) haldi allar nauðsynlegar skrár og reikninga fyrir fjármálagerninga til að gera vörsluaðila kleift, hvenær sem er og án tafar, að greina eignir viðskiptavina vörsluaðilans frá eigin eignum þriðja aðila, eignum annarra viðskiptavina þriðja aðila og eignum sem varðveittar eru fyrir vörsluaðilann fyrir hans eigin reikning,

c) haldi skrár sínar og reikninga fyrir fjármálagerninga þannig að tryggt sé að þeir séu áreiðanlegir, einkum að þeir samsvari eignum í vörslu fyrir viðskiptavini vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir og sem vörsluaðili getur stuðst við hvenær sem er til að sannreyna nákvæmt eðli, staðsetningu og eignarhald á þessum eignum,

d) leggi reglulega fram yfirlit til vörsluaðilans, og í öllu falli hvenær sem breyting á aðstæðum á sér stað, sem tilgreinir eignir viðskiptavina vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir,

e) framkvæmi eins oft og þörf krefur afstemmingar á milli reikninga sinna fyrir fjármálagerninga og innra bókhalds síns og þriðja aðilans sem hefur fengið vörsluaðgerðir framseldar í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.

Tíðni afstemminga skal ákvarða í samræmi við 1. mgr. 89. gr.,

f) innleiði fullnægjandi skipulagsráðstafanir til að lágmarka hættuna á að tapa fjármálagerningum eða að þeir rýrni, eða réttindum í tengslum við þessa fjármálagerninga vegna misnotkunar á fjármálagerningunum, svika, slakrar umsjónar, ófullnægjandi skráningar eða vanrækslu,

g) þegar þriðji aðilinn er eining sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/73/EB, sem lýtur skilvirkum varfærnireglum og -eftirliti sem hafa sömu áhrif og lög Sambandsins og er framfylgt á skilvirkan hátt, skal vörsluaðilinn grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að reiðufé sérhæfða sjóðsins sé í vörslu á reikningi eða reikningum í samræmi við 7. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.“

b) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við:

„2a. Þegar vörsluaðili framselur vörsluaðgerðir sínar til þriðja aðila sem staðsettur er í þriðja landi, í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, skal vörsluaðilinn, í viðbót við kröfurnar í 1. mgr. þessarar greinar, tryggja eftirfarandi:

a) vörsluaðilinn fái lögfræðiráðgjöf frá óháðum einstaklingi eða lögaðila sem staðfesti að í gildandi lögum um ógjaldfærni sé eftirfarandi viðurkennt:

i. að eignum viðskiptavina vörsluaðilans sé haldið aðskildum frá eigin eignum þriðja aðila, frá eignum annarra viðskiptavina þriðja aðilans og frá eignum sem þriðji aðili varðveitir fyrir eigin reikning vörsluaðilans,

ii. að eignir viðskiptavina vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir myndi ekki hluta af búi þriðja aðilans komi til ógjaldfærni,

iii. að eignir viðskiptavina vörsluaðilans sem eru sérhæfðir sjóðir séu ekki tiltækar til úthlutunar meðal, eða innlausnar til hagsbóta, lánveitenda þriðja aðila sem vörsluaðgerð hefur verið framseld til í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2009/65/ESB,

b) þriðji aðilinn geri eftirfarandi ráðstafanir:

i. hann tryggir að skilyrðin sem mælt er fyrir um í a-lið séu uppfyllt þegar gengið er frá framsalssamningnum við vörsluaðilann og á meðan hann er í gildi,

ii. hann upplýsir vörsluaðilann tafarlaust hvenær sem einhver af skilyrðunum sem um getur í i. lið eru ekki lengur uppfyllt,

iii. hann upplýsir vörsluaðilann um sérhverjar breytingar á gildandi lögum um ógjaldfærni og skilvirkri beitingu þeirra.“

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði 1. og 2. mgr. og 2. mgr. a skulu gilda að breyttu breytanda þegar þriðji aðilinn, sem fær vörsluaðgerðir framseldar til sín í samræmi við 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, hefur ákveðið að framselja vörsluaðgerðir sínar, að öllu leyti eða að hluta, áfram til annars þriðja aðila samkvæmt þriðju undirgrein 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1686 **2020/EES/5/59**

frá 8. október 2019

um leyfi fyrir rýmkun á notkun basísks mysuprótíneinangurs úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/247 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]) um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.

3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 ([3]) var leyft að setja á markað basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283 og skrá Sambandsins yfir nýfæði breytt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 23).

5) Hinn 10. október 2018 fór fyrirtækið Armor Protéines S.A.S. þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að rýmka notkunina á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Breytingarnar, sem óskað var eftir, varða notkun á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([4]) og í fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/467/EB ([5]) fyrir ungbörn allt að 12 mánaða aldri.

6) Hinn 24. janúar 2019 ráðfærði framkvæmdastjórnin sig við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og bað hana um að framkvæma viðbótarmat á rýmkun á notkun basísks mysuprótíneinangurs úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Hinn 14. mars 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of whey basic protein isolate for extended uses in foods for special medical purposes and food supplements for infants pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([6]). Þetta vísindalega álit er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Í þessu vísindalega áliti voru tilgreindar nægar forsendur til að ákvarða að við tillagða, rýmkaða notkun og notkunarmagn í matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og í fæðubótarefni fyrir ungbörn allt að 12 mánaða sé basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í því áliti að rýmkuð notkun myndi ekki auka hugsanlegt magn nýfæðisins sem tekið er inn í samanburði við það sem metið var í áliti hennar frá 2018 ([7]). Því er rétt að breyta skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði til að leyfð notkun á basísku mysuprótíneinangri úr mjólk úr nautgripum nái yfir þessa rýmkun á notkun.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, sem var fastsett samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 og á við um efnið basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum, skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. Leyfið, sem kveðið er á um í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 609/2013 og tilskipunar 2002/46/EB.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5659.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5360.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar um „Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) kemur eftirfarandi:

„Leyft nýfæði	**Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið**		**Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu**	**Aðrar kröfur**	**Gagnavernd**
Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum	**Tilgreindur matvælaflokkur**	**Hámarksgildi**	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „mysuprótíneinangur úr mjólk“. Á fæðubótarefnum sem innihalda basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum skal vera eftirfarandi yfirlýsing: „Ungbörn/börn/unglingar yngri en eins/þriggja/átján (*) ára skulu ekki neyta þessa fæðubótarefnis“ (*) Með hliðsjón af aldursflokknum sem fæðubótarefnið er ætlað fyrir.		Leyft 20. nóvember 2018. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandi: Armor Protéines S.A.S., 19 bis, rue de la Libération 35460 Saint-Brice-en- Coglès, France. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Armor Protéines S.A.S. leyfilegt að setja nýfæðið basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Armor Protéines S.A.S. Lokadagur gagnaverndar: 20. nóvember 2023.”
	Ungbarnablöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013. Stoðblöndur eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013. Þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB	30 mg/100g (duft) 3,9 mg/100 ml (endurgerðar með því að bæta vatni í þær) 30 mg/100g (duft) 4,2 mg/100 ml (endurgerðar með því að bæta vatni í þær) 300 mg/dag 30 mg/100 g (blanda í duftformi fyrir ungbörn á fyrstu mánuðum ævinnar uns byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu) 3,9 mg/100 ml (blanda, sem er endurgerð með því að bæta í hana vatni, fyrir ungbörn á fyrstu mánuðum ævinnar uns byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu) 30 mg/100 g (blanda í duftformi fyrir ungbörn þegar byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu) 4,2 mg/100 ml (blanda, sem er endurgerð með því að bæta vatni í hana, fyrir ungbörn þegar byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu) 58 mg/dag fyrir smábörn 380 mg/dag fyrir 3 til 18 ára gömul börn og unglinga 610 mg/dag fyrir fullorðna 25 mg/dag fyrir ungbörn 58 mg/dag fyrir smábörn 250 mg/dag fyrir 3 til 18 ára gömul börn og unglinga 610 mg/dag fyrir fullorðna			

2) Í stað færslunnar um „Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum“ í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) kemur eftirfarandi:

„Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum	**Lýsing** Basískt mysuprótíneinangur úr mjólk úr nautgripum er gulgrátt duft sem er fengið úr undanrennu úr nautgripum með röð af einangrunar- og hreinsunarþrepum. **Eiginleikar/samsetning** Heildarprótín (þyngd/vöruþyngd): ≥ 90% Laktóferrín (þyngd/vöruþyngd): 25–75% Laktóperoxídasi (þyngd/vöruþyngd): 10–40% Önnur prótín (þyngd/vöruþyngd): ≤ 30% TGF-β2: 12–18 mg/100 g Raki: ≤ 6,0% pH-gildi (5% lausn, massi miðað við rúmmál): 5,5–7,6 Laktósi: ≤ 3,0% Fita: ≤ 4,5% Aska: ≤ 3,5% Járn: ≤ 25 mg/100 g **Þungmálmar** Blý: < 0,1 mg/kg Kadmíum: < 0,2 mg/kg Kvikasilfur: < 0,6 mg/kg Arsen: < 0,1 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Fjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 10 000 CFU/g Iðrabakteríur: ≤ 10 CFU/g *Escherichia coli*: Ekkert/g Kóagúlasajákvæðir klasakokkar: Ekkert/g Salmonella: Ekkert/25 g Listeria: Ekkert/25 g *Cronobacter* spp.: Ekkert/25 g Myglusveppir: ≤ 50 CFU/g Gersveppir: ≤ 50 CFU/g

CFU: Þyrpingamyndandi einingar“